Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands með það að markmiði að stuðla að kröftugu vísindastarfi sem stenst alþjóðlegan samanburð og samkeppni. Markið hefur verið sett hátt fyrir Háskóla Íslands og skólinn eflst gríðarlega sem rannsóknaskóli undanfarin ár og vöxtur doktorsnámsins er eðlilegur hluti af þeirri þróun. Skráðir nemendur í doktorsnám eru nú tæplega sex hundruð talsins. Brautskráðir doktorar voru 63 talsins á árinu 2015.

Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á framhaldsnámi við skólann. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með deildum, fræðasviðum og stjórnsýslu, auk þess að vera tengiliður við ýmsa samstarfsaðila innan lands og utan. Miðstöðin hefur aðsetur í Aðalbyggingu háskólans. Formaður stjórnar er Jón Atli Benediktsson háskólarektor. Eiríkur Stephensen og Guðlaug Þóra Kristjánsdóttir voru ráðin til starfa við miðstöðina í september 2015. Tók Eiríkur við stöðu skrifstofustjóra miðstöðvarinnar af Magnúsi Lyngdal Magnússyni, sem ráðinn var aðstoðarmaður rektors. Guðlaug Þóra er verkefnastjóri, auk Péturs Ástvaldssonar, og eru fastir starfsmenn því þrír. Miðstöðin hefur eigin vefsíðu þar sem er að finna ýmsar upplýsingar um doktorsnám við Háskóla Íslands, svo sem tölfræði námsins, nýjar doktorsvarnir, reglur um doktorsnám, námskeið á framhaldsstigi o.fl.

## Hlutverk og verkefni

Hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms er að vinna að söfnun og greiningu tölulegra upplýsinga um doktorsnám við Háskóla Íslands og að sinna því að öllum almennum reglum sé framfylgt. Þar koma til umfjöllunar gæðakröfur til leiðbeinenda, svo og þeirra sem veljast til setu í doktorsnefndir. Miðstöðin sinnir upplýsingagjöf til leiðbeinenda um skyldur, réttindi og hlutverk þeirra, auk þess að leggja mat á hæfi tilnefndra andmælenda við doktorsvarnir. Hún gegnir einnig staðfestingarhlutverki við að samþykkja nýjar námsleiðir í framhaldsnámi í samvinnu við kennslusvið. Ný viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands voru samþykkt 2012 og er þar m.a. lögð áhersla á að gera verkferla miðstöðvarinnar enn markvissari en áður. Með skýrari reglum um framhaldsnámið hefur skapast meiri formfesta, sem er mikilvægt þegar horft er til þess hve umfangsmikið doktorsnám við Háskóla Íslands er orðið.

Meðal verkefna miðstöðvarinnar er að halda utan um sértæka samstarfssamninga um framhaldsnám og doktorsgráður sem sameiginlegar eru með erlendum háskólum og leiðbeina um gerð slíkra samninga. Slíkir samningar eru orðnir meira en 40 talsins, einkum við evrópska háskóla. Sömuleiðis sér miðstöðin um að auglýsa og úthluta aðstoðarkennarastyrkjum sem skólinn hefur veitt doktorsnemum árlega frá 2007, í samvinnu við vísinda- og nýsköpunarsvið. Miðstöðin hefur enn fremur staðið fyrir því að efla samvinnu við nemendafélög doktorsnema á fræðasviðum Háskóla Íslands og hún gengst einnig fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum er varða framhaldsnám við skólann. Í samstarfi við Kennslumiðstöð hefur Miðstöð framhaldsnáms unnið að því að koma á fót námskeiðum fyrir leiðbeinendur doktorsnema.

Fullveldisdagurinn, 1. desember, er nú tileinkaður doktorsnámi og brautskráðum doktorum frá Háskóla Íslands. Miðstöð framhaldsnáms hefur frá 2011 staðið að hátíð brautskráðra doktora 1. desember en þar eru þeir sem luku doktorsprófi frá skólanum undanfarið ár heiðraðir. Hátíðin hefur mælst afar vel fyrir og er nú fastur viðburður á dagskrá háskólans.

## Rannsóknir

Umsýslu verkefna er tengjast rannsóknum og þjónustu við akademíska starfsmenn Háskóla Íslands hefur vísinda- og nýsköpunarsvið í miðlægri stjórnsýslu skólans með höndum. Vísinda- og nýsköpunarsvið er til húsa í Aðalbyggingu skólans og Halldór Jónsson er áfram sviðsstjóri sviðsins. Rannsóknir við Háskóla Íslands eru í örum vexti. Háskólinn hefur á öllum fræðasviðum sínum á að skipa metnaðarfullum vísindamönnum á heimsmælikvarða og er því vel í stakk búinn til ná enn betri árangri en þegar hefur náðst.

Í maí 2006 setti Háskóli Íslands sér metnaðarfulla stefnu til ársins 2011. Stefnan hefur verið mikilvægt skref að því langtímamarkmiði háskólans að komast í raðir bestu háskóla heims. Í anda þessarar stefnu hyggst háskólinn á næstu árum efla enn frekar hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Tekist hefur fjölga gífurlega brautskráðum doktorum, auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna, m.a. með því að fjölga greinum sem starfsmenn skólans birta í ritrýndum, alþjóðlegum tímaritum, auka skipulegt samstarf við erlenda háskóla, sækja í auknum mæli í samkeppnissjóði rannsókna, stórefla aðstöðu til rannsókna og auka þverfræðilegar rannsóknir. Síðast en ekki síst hyggst háskólinn áfram efla nýsköpun og tengsl við rannsóknastofnanir, atvinnulíf og landsbyggðina.

Annar áfangi að langtímamarkmiðinu er Stefna Háskóla Íslands 2011–2016. Í henni er lögð áhersla á að efla gæði og styrkja innviði allra þátta háskólastarfsins. Í því skyni hefur háskólinn sett sér markmið um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannauð og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Helstu stef stefnunnar eru áhersla á gæðarannsóknir og alþjóðlegt samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum, eflingu mannauðs og starfsánægju stúdenta og starfsmanna og samfélagslega og hnattræna ábyrgð á 21. öld.

Til að meta árangur af stefnu Háskóla Íslands um rannsóknir og nýsköpun verða eftirfarandi lykilmælikvarðar notaðir:

- Brautskráningarhlutfall doktorsnema, þ.e. hlutfall doktorsnema sem ljúka námi á tilsettum tíma (e. graduation rate).
- Brautskráningarhlutfall meistaranema.
- Fjöldi námskeiða á framhaldsstigi sem stendur nemendum á hverri námsleið til boða.
- Árleg fjölgun gæðabirtinga á hverju fræðasviði, þ.e. í ERIH-tímaritum, ISI-tímaritum og á öðrum ritrýndum vettvangi þar sem gerðar eru strangar fræðilegar gæðakröfur, s.s. í bókum og bókarköflum.
- Árleg aukning tekna úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi þverfræðilegra rannsóknaverkefna vísindamanna Háskóla Íslands sem hljóta styrk úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi samninga við öfluga innlenda og erlenda samstarfsaðila.
- Fjöldi einkaleyfaumsókna, veittra einkaleyfa og sprotafyrirtækja, sem orðið hafa til fyrir starf innan skólans.

# Markaðs- og samskiptamál

## Markaðs- og samskiptasvið

Markaðs- og samskiptasvið er eitt af sex þjónustu- og stoðsviðum sameiginlegrar stjórnsýslu Háskóla Íslands. Sviðið hefur heildarumsjón með markaðs-, kynningar- og samskiptastarfi innan allra eininga

háskólans og skilgreinir stefnu háskólans að þessu leyti í samvinnu við yfirstjórn hans, fræðasviðin fimm og sérstakt markaðs- og kynningarráð skólans. Markaðs- og samskiptasvið stýrir einnig gerð hönnunarstaðals háskólans í samvinnu við sömu aðila og gefur hann út. Sviðið stuðlar að því að ytri og innri hagsmunahópar hafi skýra mynd af hlutverki Háskóla Íslands, starfi hans, stefnu og stöðu.

## Kennslumiðstöð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var formlega stofnuð 31. ágúst 2001 og heyrir undir kennslusvið. Kennslumiðstöð fluttist að Aragötu 9 í maí 2014 en var áður til húsa á annarri hæð Íþróttahúss háskólans. Kennslumiðstöð er opin alla virka daga frá kl. 8.30 til 16.00. Á þeim tíma geta kennarar og starfsmenn Háskóla Íslands litið inn eða haft samband símleiðis, s. 525 4447, en fyrirspurnir má einnig senda á netfang miðstöðvarinnar: kemst@hi.is.

### Námskeið, vinnustofur og kynningar

Markmið og hlutverk Kennslumiðstöðvar er að stuðla að þróun kennsluhátta við skólann með því að veita kennurum, deildum, fræðasviðum og stjórnendum skólans faglega aðstoð. Að þessu markmiði er unnið á ýmsan hátt, s.s. með ráðgjöf og föstum námskeiðum.

## Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa

Matsskrifstofa kennslusviðs sér um mat á prófvottorðum. Skrifstofan fer yfir allar umsóknir erlendra námsmanna sem óska eftir inngöngu í Háskóla Íslands og umsóknir þeirra sem óska eftir undanþágum frá inntökuskilyrðum skólans. Þá gegnir skrifstofan hlutverki ENIC-/NARICupplýsingaskrifstofu Íslands samkvæmt samningi Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meginhlutverk ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofunnar er að leiðbeina bæði einstaklingum og stofnunum um mat á námi erlendis frá og veita erlendum aðilum upplýsingar um íslenskt menntakerfi og íslensk próf. Skrifstofan tekur þátt í samstarfi ENIC-/NARICupplýsingaskrifstofa og samstarfi norrænna ENIC-/NARIC-skrifstofa sem kallast NORRIC. Þá tekur annar starfsmaður skrifstofunnar þátt í NUAS-samstarfi.

## Náms- og starfsráðgjöf

Þjónusta Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands er miðlæg, staðsett á Háskólatorgi og ætluð nemendum allra fræðasviða Háskóla Íslands. Markmið starfsfólks er að veita háskólastúdentum fjölbreytta ráðgjöf og stuðning meðan á námi stendur og stuðla þannig að árangri og vellíðan í námi og draga úr brotthvarfi. Leitast er við að veita heildræna náms- og starfsráðgjöf með skipulagðri þjónustu, ráðgjöf og upplýsingamiðlun frá því að einstaklingar íhuga nám við Háskóla Íslands þar til þeir brautskrást og stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Til að mæta fjölgun nemenda á undanförnum misserum og ásókn í þjónustu Náms- og starfsráðgjafar hefur verið lögð áhersla á hópráðgjöf, námskeiðahald og fyrirlestra. Í sama tilgangi hefur miðlun hagnýtra upplýsinga og fræðsluefnis á vefsíðu Náms- og starfsráðgjafar aukist. Opnir viðtalstímar eru alla daga vikunnar þar sem fólk getur fyrirvaralaust fengið viðtal við náms- og starfsráðgjafa, auk þess sem nemendur skólans geta bókað viðtöl eftir samkomulagi. Nemendur í fjarnámi geta fengið ráðgjöf í síma og tölvupósti.

# Matskerfi opinberra háskóla

## Forsendur

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur að mati á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félag háskólakennara, Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands og Félag háskólakennara á Akureyri). Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur skýrslan einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilsskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrr en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

## Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi þar sem gerðar eru strangar fræðilegar kröfur hafi þegar verið metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

## Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslustig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilsskrá hafi verið uppfærð samhliða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

## Stjórnun, þjónusta og annað

Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfisins, og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fræðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning sem háskólafólk sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.

# Kennslumál, stúdentar og brautskráningar

Í megindráttum annast kennslusvið málefni er lúta að kennslu og námi annars vegar og stjórnsýslu hins vegar. Helstu verkefni kennslusviðs eru yfirumsjón og eftirlit með kennslu- og nemendamálum háskólans, inntöku- og skráningu nemenda, prófahaldi, mati á námi frá öðrum skólum, innlendum sem erlendum, jafnréttismálum, reglusetningu og samningagerð, stjórnum og nefndum og undirbúningi og afgreiðslu mála fyrir háskólaráð. Á vegum kennslusviðs eru, auk skrifstofu sviðsins, jafnframt starfræktar sem sérstakar starfseiningar: Kennslumiðstöð, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá, Þjónustuborð í Háskólatorgi og Matsskrifstofa. Kennslusvið starfrækir jafnframt ENIC-

/NARIC-upplýsinga- og matsskrifstofu, skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem annast upplýsingar um mat- og viðurkenningu náms frá öðrum löndum. Þá starfar jafnréttisfulltrúi háskólans innan kennslusviðs í nánu samstarfi við jafnréttisnefnd háskólaráðs.

## Skrifstofa kennslusviðs

Á skrifstofu kennslusviðs er eitt meginverkefnið umsjón með undirbúningi funda háskólaráðs og umsjón með að ákvörðunum ráðsins og rektors sé framfylgt í samræmi við gildandi lög og reglur. Þá hefur skrifstofan umsjón með samningagerð í mörgum málefnum f.h. Háskóla Íslands, breytingum á lögum og reglum háskólans og setningu nýrra reglna. Sviðsstjóri hefur umsjón með framkvæmd verkefna- og stýrihóps Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss og umsjón með tengslum háskólans við EUA (Samtök evrópskra háskóla), IMHE (OECD Programme on Institutional Management in Higher Education) og UNICA (Samtök háskóla í höfuðborgum Evrópu). Skrifstofan hefur umsjón með ráðningarmálum allra eininga kennslusviðs í tengslum við heildarfjárhagsáætlun sviðsins og skiptingu fjárveitingar á milli starfseininga þess.

## Starfsmanna- og starfsþróunarmál

Meginhlutverk starfsmannasviðs Háskóla Íslands er að vinna að fagmennsku að starfsmannamálum við skólann og tryggja að lögum og reglum sé framfylgt við meðferð starfsmannamála. Verkefni starfsmannasviðs tekur mið af starfsmannastefnu háskólans. Leitast er við að gera háskólann að góðum vinnustað þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Tryggja á starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Starfsmannasvið leggur áherslu á eitt af grunngildum Háskóla Íslands um heilindi og virðingu.

**Mynd 1. Heildarrannsóknastig Háskóla Íslands 2011–2014**




Á myndum 1 og 2 er að finna yfirlit yfir heildarrannsóknastig akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana hans árin 2011–2014. Á mynd 3 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum 2014. Á mynd 4 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum árið 2014, reiknað á fjölda starfsmanna í hverri deild annars vegar og á fjölda starfsígilda hins vegar. Eins og sjá má er mjög mismunandi eftir fræðasviðum hve mikill munurinn er en almennt má segja að fjöldi hlutastarfa hafi mest áhrif þar á.

**Mynd 2. Meðaltal rannsóknastiga 2011–2014. Allir starfsmenn**



**Mynd 3. Meðaltal rannsóknastiga 2014 eftir fræðasviðum**




**Mynd 4. Meðaltal rannsóknastiga 2014 á hvern starfsmann/starfsígildi eftir fræðasviðum**



**Mynd 5. Meðaltal rannsóknastiga 2011–2014 á hvern starfsmann á stofnunum tengdum Háskóla Íslands**




**Skil á rannsóknaskýrslum**

Á myndum 6 og 7 má sjá hversu mismunandi skil eru á rannsóknaskýrslum eftir fræðasviðum og stofnunum. Tölurnar fyrir fræðasviðin á mynd 6 eiga einungis við skil á árinu 2014.

**Mynd 6. Skil á rannsóknaskýrslum 2014 eftir fræðasviðum**




**Mynd 7. Skil á rannsóknaskýrslum 2014 hjá stofnunum tengdum Háskóla Íslands**




## Ritvirkni greind eftir flokkum ritverka

Á mynd 8 sést að um 40% rannsóknastiga háskólans árið 2014 eru til komin vegna greina sem birtust í alþjóðlegum tímaritum skráðum í ISI-gagnagrunnum, ERIH-A- og B-listunum og íslenskum, ritrýndum tímaritum. Þar af eru 19% stiga til komin vegna greina sem birtust í tímaritum með hæsta áhrifastuðulinn (20%) og í tímaritum skráðum á ERIH-A-listanum.

ISI-gagnagrunnarnir eru þrír: á sviði félagsvísinda, hugvísinda og heilbrigðis- og raunvísinda. ERIH-listarnir eru þrír og skiptast í A-, B- og C-lista. Þeir eru evrópskir gæðalistar.

Fyrirlestrar og veggspjöld gefa rúmlega 20 % rannsóknastiga en aðrir flokkar koma alllangt á eftir. Bókarkaflar gefa 12%, ráðstefnugreinar 4% og bækur gefa 6% rannsóknastiga. Aðrir hlutar matskerfisins standa fyrir 18% rannsóknastiga. Á mynd 9 má sjá hlutfall ritrýndra greina í heildarritvirkni fræðasviða.

**Mynd 8. Ritvirkni 2014, greind eftir birtingarflokkum**




**Mynd 9. Hlutfall ritrýndra greina 2011–2014 eftir fræðasviðum**



# Rannsóknatengdir sjóðir

## Vinnumatssjóður

Sjóðurinn var stofnaður 1989 og byggist á kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Allir akademískir starfsmenn sem eru í Félagi háskólakennara og í meira en 50% starfi eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum. Vinnumatssjóður greiðir félagsmönnum sem sýnt hafa árangur í rannsóknum í samræmi við mat á ritverkum. Birtar greinar og rit eru metin og fari afköst yfir tiltekin mörk öðlast viðkomandi hlutdeild í Vinnumatssjóði í samræmi við stigafjölda. Á árinu 2015 voru akademískum starfsmönnum við Háskóla Íslands greiddar 158 m.kr., auk launatengdra gjalda, úr Vinnumatssjóði fyrir rannsóknaafköst á árinu 2014.

## Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Prófessorar fá greiðslu úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora fyrir vinnu við rannsóknir umfram tiltekið lágmark. Greitt er fyrir birtar greinar og önnur ritverk í samræmi við stigafjölda sem grundvallast á mati á þessum verkum.

## Rannsóknasjóður

Vísindanefnd háskólans fer með stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Úr Rannsóknasjóði geta kennarar og sérfræðingar fengið styrki til vel skilgreindra verkefna ef þau teljast hafa álitlegt vísindagildi að mati sérfróðra umsagnaraðila, ef fyrri störf umsækjanda sýna að hann sé líklegur til að ná árangri og full skil hafa verið gerð með framvinduskýrslum um nýtingu fyrri styrkja sem sjóðurinn hefur veitt umsækjanda. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir eða undirsjóði, þ.e. almennan sjóð, skráningarsjóð og lausn frá kennslu. Fyrir árið 2016 var úthlutað 248 m.kr. til 274 verkefna, eða að meðaltali 904 þús.kr. á hverja umsókn sem hlaut styrk (sjá myndir 10–12).

Þá veitir Rannsóknasjóður doktorsnemum launastyrki en nánar er fjallað um þá í sérkafla um framhaldsnám. Engir styrkir voru veittir til nýdoktora á árinu enda eru nýdoktorum veittir sérstakir launastyrkir úr Nýliðunarsjóði (sjá sérstakan kafla um hann).

**Mynd 10. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Heildarupphæð umsókna og styrkja 2013–2016 (m.kr. á verðlagi hvers árs)**




**Mynd 11. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Meðalupphæð styrkja (þús.kr.) og hlutfall úthlutunar af umbeðnu fé 2013–2016 (%)**



**Mynd 12. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Fjöldi umsókna og styrkja og hlutfall styrktra umsókna 2013–2016 (%)**




## Tækjakaupasjóður

Háskólinn fær ekki fjárveitingu úr ríkissjóði til tækjakaupa en aflar fjár til þeirra með Happdrætti Háskóla Íslands. Markmið Tækjakaupasjóðs er að gera kennurum og sérfræðingum kleift að kaupa nauðsynleg tæki til rannsókna. Fræðasviðin raða umsóknum í forgangsröð. Sjóðurinn hafði á árinu 2015 rúmlega 40 m.kr. til ráðstöfunar. Á árinu var umsóknafresti í sjóðinn breytt og rann fresturinn fyrir úthlutun 2016 út þann 15. nóvember 2015. Úthlutunarvinna fer svo fram eftir áramót 2015-2016.

Þá eru einnig veittir svokallaðir mótframlagastyrkir sem eru háðir því að umsækjandi hljóti styrk frá Innviðasjóði Vísinda- og tækniráðs. Alls voru átta slíkir veittir styrkir á árinu, að upphæð um 33,1 m.kr.

**Mynd 13. Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2012–2015 (m.kr. á verðlagi hvers árs)**



**Mynd 14. Mótframlagastyrkir 2012–2015 (m.kr. á verðlagi hvers árs)**




## Rannsóknatengt framhaldsnám

Mikilvægasta stefnumál Háskóla Íslands og helsti vaxtarbroddurinn í starfi hans er rannsóknatengt framhaldsnám: meistara- og doktorsnám. Þótt allt háskólanám hvíli að nokkru leyti á rannsóknavinnu nemenda greinir framhaldsnámið sig frá grunnnáminu að því leyti að í því er lögð höfuðáhersla á rannsóknir sem nemendur vinna undir handleiðslu leiðbeinenda. Framhaldsnámið er því einnig nefnt rannsóknanám. Í öllum deildum háskólans er nú í boði framhaldsnám eða rannsóknanám eftir fyrsta háskólapróf. Hvatt er til þess að hluti námsins fari fram við erlenda háskóla. Þangað eru einkum sótt sérhæfð námskeið sem háskólinn getur ekki boðið en rannsóknaverkefni eru yfirleitt unnin hér á landi, stundum í samvinnu við erlenda aðila.

Í stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 segir m.a. í kafla um stefnu um rannsóknir og nýsköpun:

Öflugt framhaldsnám sem hvílir á traustum grunni er forsenda þess að Háskóli Íslands geti rækt hlutverk sitt og náð langtímamarkmiðum sínum. Gróskumikið rannsóknanám gerir háskólanum kleift að laða til sín bestu innlendu og erlendu framhaldsnemana og færustu kennarana.

- Stefnt er að því að árlegur fjöldi brautskráðra doktora verði hlutfallslega sambærilegur við fjölda þeirra í nágrannalöndum okkar, eða 60–70 á ári.
- Háskólinn beiti sér fyrir því að ríkisvaldið komi að heildstæðri fjármögnun doktorsnámsins með skýrar gæðakröfur að leiðarljósi.
- Hlutfall brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands sem hafa sameiginlega doktorsgráðu með erlendum rannsóknaháskólum verði a.m.k. 10% árlega.
- Virkni doktorsnema í námi verði tryggð með því að styrkja umgjörð þess, bæta aðstöðu til námsins og skýra ábyrgð leiðbeinenda. Við upphaf doktorsnáms verði gerð krafa um raunhæfa áætlun um fjármögnun og framvindu. Fylgst verði reglulega með virkni og árangri doktorsnema, m.a. með árlegum framvinduskýrslum.
- Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands verði efld og fest í sessi, m.a. með því að fá henni ríkara eftirlits- og samræmingarhlutverk í tengslum við framkvæmd doktorsnámsins. Gildandi viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands verði endurskoðuð, m.a. með hliðsjón af hlutverki Miðstöðvar framhaldsnáms. Skilgreind verði hliðstæð formleg viðmið og kröfur fyrir rannsóknatengt meistaranám.

- Meistaranám verði eflt, m.a. með fullnægjandi framboði námskeiða og skipulegu samstarfi við erlenda háskóla.

## Doktorsstyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands hefur sérstökum doktorsstyrkjum verið úthlutað úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Umsóknarferli og faglegt matsferli er sameiginlegt fyrir báða sjóðina en úthlutunarnefnd Háskólasjóðs úthlutar styrkjum úr Háskólasjóði en vísindanefnd háskólaráðs doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs. Alls bárust 146 umsóknir í sjóðina, flestar fyrir verkefni þar sem samstarf leiðbeinanda og stúdents er hafið en 38 umsóknir fóru eftir svokallaðri b-leið þar sem leiðbeinandi sækir um á grundvelli rannsóknaverkefnis til að ráða doktorsnema. Samtals voru veittir styrkir til 25 nemenda úr sjóðunum tveimur á árinu 2015.

**Mynd 15. Doktorsstyrkir 2010–2015**




**Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs**

Í mars 2015 var úthlutað doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands í níunda sinn. Alls voru veittir 20 styrkir.

Eftirtaldir hlutu styrk eftir svokallaðri b-leið (til að ráða doktorsnema): Elín Soffía Ólafsdóttir, Ingileif Jónsdóttir, Jón Tómas Guðmundsson, Jukka Heinonen, Magnús Örn Úlfarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Steffen Mischke.

Eftirtaldir kennarar hlutu styrk til handa doktorsnemum sem þeir hafa þegar hafið samstarf við:

- Styrkur til þriggja ára: Agnar Helgason, Benedikt Hjartarson, Etienne Berthier/Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Helga Gottfreðsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson/Steinunn Helga Lárusdóttir, Jón Karl Helgason, Krishna Kumar Damodaran, Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir, Sif Ríkharðsdóttir, Sigurður Erlingsson og Sigurður Yngvi Kristinsson.
- Styrkur til tveggja ára: Kristján Árnason og Snæbjörn Pálsson.

**Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands**
Í mars var úthlutað í áttunda sinn úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Úthlutað var styrkjum til fimm verkefna.

- Styrkur til tveggja ára: Eiríkur Steingrímsson, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Vilhjálmur Árnason.
- Styrkur til eins árs: Guðrún Marteinsdóttir **og** Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

## Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs

Á árinu voru doktorsnemum veittir styrkir til ráðstefnuferða. Ferðastyrkirnir eru ætlaðir til þess að styrkja nema til þess að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum, fyrst og fremst erlendis, en ekki til námsferða eða þátttöku í námskeiðum. Skilyrði fyrir styrkveitingu var að fyrir lægi staðfest framlag nemandans á ráðstefnunni. Farið er eftir gæðum ráðstefna og framlagi doktorsnemans til að forgangsraða styrkjum, svo og námsframvindu doktorsnemans. Alls bárust 147umsóknir og reyndist unnt að styrkja 81 þeirra. Styrkupphæð hvers styrks var 75.000 kr.

**Mynd 16. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Ferðastyrkir 2013–2015**




## Aðstoðarkennarastyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands var sett á fót styrkjakerfi aðstoðarkennara. Markmið styrkjanna er að gera meistara- og doktorsnemum kleift að annast hóflega kennslu á sama tíma og þeir vinna að rannsóknaverkefni sínu. Við fjármögnun styrkjanna er gert ráð fyrir sameiginlegri fjármögnun af kennslu- og rannsóknafjárveitingum. Alls voru veittir 21 styrkur á árinu samtals að upphæð rúmlega 36 m.kr.

**Mynd 17. Aðstoðarkennarastyrkir 2013–2016**




## Nýliðunarsjóður

Á árinu voru auglýstir til umsóknar úr Nýliðunarsjóði Aldarafmælissjóðs styrkir ætlaðir nýdoktorum. Um er að ræða fimmtán nýdoktorastyrki. Nýdoktorastyrkirnir eru ætlaðir vísindamönnum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum og eru veittir til allt að þriggja ára. Sérstök stjórn, skipuð af rektor, með fulltrúum allra fræðasviða, annast mat og forgangsröðun umsókna.

Mynd 18. Nýdoktorastyrkir Nýliðunarsjóðs 2013–2015




Eftirtaldir hlutu styrk en alls barst 101 umsókn.

- Félagsvísindasvið: Eva H. Önnudóttir, og Kjartan P. Sveinsson.
- Hugvísindasvið: Anita Sauckel, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Íris Ellenberger og Susanne M. Arthur.
- Heilbrigðisvísindasvið: Marianne E. Klinke, Stefanía P. Bjarnarson og Valerie Fock.
- Menntavísindasvið: Anh-Dao Katrín Tran og Þórdís Lilja Gísladóttir.
- Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Marion Benetti, Jakob Sigurðsson og Marta Galynska.

## Aðstoðarmannasjóður

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Sjóðurinn veitir mjög hóflega styrki sem ætlaðir eru til greiða aðstoðarmanni laun á viðkomandi misseri. Frá árinu 2010 hafa fræðasviðin séð um að úthluta styrkjum úr sjóðnum.

## Ritaskrá Háskóla Íslands

Ritaskrá Háskóla Íslands tekur til rita sem samin eru af háskólakennurum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum háskólans og byggist hún á upplýsingum sem starfsmenn senda til vísinda- og nýsköpunarsviðs vegna framtals starfa. Skráin endurspeglar hversu gróskumikið og fjölbreytt starf er við Háskóla Íslands. Efni ritaskrárinnar er flokkað í samræmi við matsreglur, sbr. mynd 8 hér að ofan í kaflanum um ritvirkni.

## Sjóðasókn

Ríkustu hagsmunir Háskóla Íslands hvað varðar sókn í samkeppnissjóði felast í rannsóknaáætlun Evrópusambandsins. Við upphaf rannsóknaáætlunar Evrópusambandsins um rannsóknir, Horizon 2020 (H2020), voru sett markmið um að efla sókn í erlenda sjóði enn frekar. Með stuðningi frá aldarafmælissjóði Háskóla Íslands var ákveðið að veita styrki til undirbúnings umsókna í erlenda sjóði

og hefur það reynst vel sem hvatning, auk þess sem yfirsýn yfir erlendar umsóknir hefur batnað til muna. Í árslok 2015 voru umsóknir í H2020 orðnar 119,ellefu verkefni höfðu verið styrkt og þremur þeirra er stjórnað af vísindamönnum við Háskóla Íslands. Alls nema styrkir til Háskóla Íslands vegna þessara 11 verkefna um 4,5 milljón evra en þó hafa ekki borist svör við öllum umsóknum. Þá var einnig ákveðið að hvetja unga vísindamenn við Háskóla Íslands sérstaklega til að sækja um styrki frá evrópska rannsóknarráðinu (ERC) og veita þeim bæði sérstaka styrki og þjálfun til umsóknarskrifa. Erlendir sérfræðingar voru fengnir til að halda námskeið fyrir valda umsækjendur og auk þess aðstoðuðu þeir við yfirlestur umsókna. Átakið mæltist vel fyrir. Árangurshlutfall er almennt mjög lágt en til mikils er að vinna og því verða ungir vísindamenn áfram hvattir til að sækja um ERC-styrki og þeim veittur stuðningur við það.

Auk umsókna í H2020-áætlun Evrópusambandsins hefur sókn í aðrar Evrópuáætlanir og norræna sjóði einnig verið mikil og árangur góður. Af norrænum styrkjum má t.d. nefna NordForsk-styrk til þverfaglegs öndvegisseturs, NORDRESS, sem Guðrún Gísladóttir, prófessor í Líf- og umhverfisdeild, og Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða, stýra í sameiningu. Fjölmargar verkefnisumsóknir hafa einnig verið unnar í samstarfi við þær þjóðir sem njóta styrkja úr uppbyggingarsjóðum EFTA.

**Samstarf við fræðasvið og stjórnsýslu**

Starfsfólk vísinda- og nýsköpunarsviðs stýrir samstarfi rannsóknastjóra á fræðasviðum skólans. Samstarfið gengur vel, fundir eru haldnir á tveggja vikna fresti, auk þess sem hópurinn fundar með stærri hópi sem í sitja rekstrarstjórar fræðasviðanna, fjármálastjóri Háskóla Íslands, forstöðumenn skrifstofu alþjóðasamskipta, vísinda- og nýsköpunarsviðs, Miðstöðvar um framhaldsnám og fulltrúar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Aldarafmælissjóður hefur styrkt rannsóknastjóra fræðasviða til endurmenntunar og eru þeir hvattir til að sækja ráðstefnur og námskeið, jafnt innanlands sem utan, sem sérstaklega eru ætluð rannsóknastjórum og öðru starfsfólki sem aðstoðar vísindamenn við umsóknir og rekstur verkefna.

Þá hefur einnig verið settur á laggirnar vinnuhópur um fjármálaumsjón erlendra verkefna, sem í sitja fulltrúar fjármálasviðs, launadeildar og rekstrarstjóra og stýrt er af starfsmanni vísinda- og nýsköpunarsviðs.

Í öllu samstarfi hefur undanfarið ár verið lögð mikil áhersla á gerð verkferla og gátlista sem tengjast umsóknum, undirritun og rekstri erlendra verkefna í því skyni að samræma vinnuaðferðir á öllum fræðasviðum við umsóknir í erlenda sjóði og umsjón með verkefnum. Tilgangur þessarar vinnu er sá að Háskóli Íslands er ein stofnun þegar kemur að sókn í rannsóknasjóði og því mikilvægt að samræma vinnubrögð.

**Starfsmenn**

Tveir starfsmenn sinna sjóðasókn og stuðningi við rekstur erlendra verkefna í fullu starfi en fleiri koma að skilgreindum verkefnum. Annar þessara starfsmanna er einnig fulltrúi Íslands í stjórn Marie Skłodovska Curie áætlunarinnar, en þar eru fjölmörg tækifæri fyrir vísindamenn háskólans.

## Hagnýting rannsókna

**Hugverkanefnd**
Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala var stofnuð árið 2002 en tók formlega til starfa árið 2003. Hugverkanefnd starfar á grundvelli erindisbréfs og starfsreglna sem samþykkt voru í febrúar 2013 af háskólaráði og forstjóra Landspítala. Í nóvember voru staðfestar breytingar á erindisbréfinu og starfsreglunum sem miðuðu að auknum skýrleika tiltekinna greina.
Hlutverk nefndarinnar er að aðstoða starfsmenn við hagnýtingu rannsókna. Hagnýting getur verið fólgin í því að veitt sé nytjaleyfi á uppfinningu, hún seld, fyrirtæki sé stofnað í kringum hana eða farið sé í samstarf um hagnýtingu tiltekinna rannsókna.

Hugverkanefnd bárust sex ný erindi árið 2015. Þrjú erindi vörðuðu aðkomu Háskóla Íslands að sprotafyrirtækjum og þrjú erindi tengdust einkaleyfishæfum uppfinningum.

Á árinu 2015 hafði Hugverkanefnd aðkomu að átta verkefnum er varða hagnýtingu uppfinninga. Það eru eftirfarandi verkefni:
- Verkefni Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í Lyfjafræðideild, „frásogshvati", en Háskóli Íslands og Sveinbjörn fá nú leyfistekjur af því einkaleyfi. Verkefnið er frá árinu 2007.
- Verkefni Halldórs Þormars og samstarfsmanna hans, Hilmars Hilmarssonar og Guðmundar Bergssonar, „monocaprin". Verkefnið er frá árinu 2007.
- Verkefni Sigríðar Suman, dósents við Raunvísindadeild „meðferð gegn blásýrueitrun". Verkefnið er frá árinu 2013.
- Verkefni Egils Skúlasonar, lektors við Raunvísindadeild, „efnahvatar til að framleiða ammóníak" frá árinu 2013.
- Verkefni Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í Lyfjafræðideild, og Stefáns Jóns Sigurðssonar, MS-nemanda, „stöðgandi lausnir fyrir prótín og peptíð" frá árinu 2014.
- Verkefni Kristjáns Leóssonar, vísindamanns hjá Raunvísindastofnun, á sviði örljóstækni sem unnið var í samstarfi við Harvard háskóla og barst nefndinni árið 2015.
- Verkefni Sveins Ólafssonar, vísindamanns hjá Raunvísindastofnun, á sviði kalds samruna, barst nefndinni árið 2015.
- Verkefni Peter Holbrook, Þórdísar Kristmundsdóttur og Venu Gopal Reddy Patlolla, „stöðgun lyfja", barst nefndinni árið 2015.

Í öllum tilvikum er um að ræða einkaleyfishæfar uppfinningar og hafa umsóknir um einkaleyfi verið lagðar inn eða eru í vinnslu. Aðkoma hugverkanefndar að verkefnum er mismunandi eftir eðli og stöðu þeirra.

Háskóli Íslands á hlut í 14 sprotafyrirtækjum en gengið var frá samningum við þrjú sprotafyrirtæki á árinu. Það eru fyrirtækin:

- Grein Research ehf., stofnað af Unnari Bjarna Arnalds, fræðimanni hjá Raunvísindastofnun og samstarfsmönnum hans.
- Taramar ehf. stofnað af Guðrúnu Marteinsdóttur, prófessor í fiski og fiskavistfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
- Capretto ehf., stofnað í tengslum við rannsóknir Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í lyfjafræðideild, Þórdísar Kristmundsdóttur, prófessors í lyfjafræðideild og Halldórs Þormars, prófessors emeritus í líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Þar til viðbótar á Háskóli Íslands hlut í Lífeind, Oxymap, Akthelia, Oculis, Lipid Pharmaceuticals, Risk, Þróunarfélagið Stika, Hugarheill, iMonIT, Marsýn og Fiix-greining.

Á árinu voru unninn drög að „Handbók starfsmanna um tækniyfirfærslu í Háskóla Íslands og Landspítala“. Handbókin er byggð á riti Michigan háskóla „Inventor's Guide to Technology Transfer“ og er Hugverkanefnd afar þakklát Michigan háskóla fyrir góðfúslegt leyfi til að nýta efnið.

Fyrri hluta árs var lokið við að þýða vefsíðu Hugverkanefndar,www.hugverkanefnd.hi.is yfir á ensku en á síðunni má finna upplýsingar um hlutverk nefndarinnar, verkefni, sprotafyrirtæki, samstarfsaðila o.fl.

## Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands

Samkeppni um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands hefur verið haldin með einum eða öðrum hætti í nærri tvo áratugi og er markmið hennar að hvetja starfsmenn og stúdenta til að þróa áfram hugmyndir og rannsóknarniðurstöður sem hagnýta má samfélaginu til góða. Að þessu sinni bárust tólf hugmyndir í samkeppnina frá flestum fræðasviðum skólans. Þrenn verðlaun voru veitt að þessu sinni, en verðlaunafé í samkeppninni var tvöfalt meira en á síðasta ári.

Fyrstu verðlaun að upphæð tvær milljónir króna hlaut verkefnið „Icelandic Saga Map“. Það er hugarfóstur Emily Diönu Lethbridge, nýdoktors við Miðaldastofu Háskóla Íslands, en ásamt henni hafa þau Trausti Dagsson þjóðfræðingur, forritari og hönnuður, Hjördís Erna Sigurðardóttir, meistaranemi í sagnfræði við Háskóla Íslands og aðstoðarmaður við Stofnun Árna Magnússonar, Gísli Pálsson, doktorsnemi í fornleifafræði við Háskólann í Umeå og starfsmaður Fornleifastofnunar Íslands, og Logi Ragnarsson, forritari hjá Qlik, unnið að verkefninu. Um er að ræða rafrænt kort sem öllum er aðgengilegt á netinu þar sem textar allra Íslendingasagnanna eru kortlagðir, hnitsettir og tengdir landakorti.

Önnur verðlaun hlaut verkefnið „Aðferð við að þróa seltukæra þörunga til vaxtar í sjó og aukinnar framleiðslu á andoxunarefnum“. Verðlaunafé nam einni milljón króna. Að baki verkefninu standa Sigurður Brynjólfsson, prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, Weiqi Fu, gestadósent við Háskóla Íslands og rannsóknavísindamaður við New York háskóla í Abu Dhabi, Freyr Sverrisson, BS í verkfræðilegri eðlisfræði, og Kristófer Þór Magnússon, BS í vélaverkfræði. Verkefnið felst í því að þróa seltukæra þörunga þannig að þeir geti vaxið í vatni með lægra seltuinnihaldi en venjulega, þ.e. í sjó. Með því móti er hægt að draga úr kostnaði og losun óæskilegs úrgangs við framleiðsluna.

Þriðju verðlaun að upphæð hálf milljón króna hlaut verkefnið „Barneignir og erfiðar áskoranir. Þróun meðferðarþjónustu fyrir ungt fólk er tekst á við lífsbreytingar og erfiðar áskoranir vegna barneignareynslu“. Að verkefninu stendur Hildur Sigurðardóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og ljósmóðir hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi.Hildur vinnur að þróun mælitækja sem kanna annars vegar viðhorf kvenna til brjóstagjafar og hins vegar til fæðingarinnar sjálfrar, svo sem fæðingarótta og áfallastreitueinkenna.



# Rekstur og framkvæmdir

Framkvæmda- og tæknisvið hefur yfirumsjón með málefnum er lúta að skipulagi háskólasvæðisins, rekstri bygginga Háskóla Íslands og byggingarframkvæmdum á hans vegum. Umhverfisstjórnun skipar æ stærri sess í starfsemi sviðsins.

Helstu samstarfsaðilar sviðsins utan háskólans eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðneytið, Framkvæmdasýsla ríkisins, Ríkiskaup og Reykjavíkurborg.

Sviðsstjóri er Guðmundur R. Jónsson og skrifstofustjóri er Sigurlaug I. Lövdahl.

Eftirfarandi starfseiningar heyra undir sviðið:

- **Bygginga- og tæknideild** hefur umsjón með viðhaldi fasteigna, umhirðu lóða Háskóla Íslands og rekstri verkstæðis. Árlega er unnið að fjölmörgum viðhaldsverkefnum innanhúss sem utan. Hjá deildinni starfa 15 fastráðnir menn og leitað er til verktaka eftir þörfum. Umfang verkefna hefur aukist eftir því sem skólinn hefur stækkað. Byggingarmagn háskólans er um 100 þúsund $m^2$. Framkvæmdir vegna viðhalds háskólabygginga eru almennt fjármagnaðar af fjárveitingu skólans en kostnaður við meiriháttar viðhaldsverkefni og nýbyggingar er borinn af Happdrætti Háskóla Íslands og er umfang verkefna hverju sinni háð árlegu fjárframlagi happdrættisins. Byggingastjóri er Ingólfur B. Aðalbjörnsson.
- **Rekstur fasteigna** sér um almennan rekstur á húsnæði Háskóla Íslands. Stærstu verkefnin eru almenn umsjón með húsnæðinu, aðgangs- og öryggiskerfum, ræstingu og sorphirðumálum. Rekstur fasteigna hefur yfirumsjón og eftirlit með bókunum í stofur og reglum þar að lútandi. Þá heyrir tæknibúnaður í kennslustofum, ýmsir leigu- og verksamningar, tryggingamál, fasteignagjöld, rafmagn og hiti undir starfseininguna. Fastir starfsmenn eru 23. Rekstrarstjóri fasteigna er Laufey Sigurðardóttir.
- **Íþróttahús háskólans**. Þar er nemendum og starfsfólki boðið upp á aðstöðu til heilsuræktar í leikfimissal og tækjasal. Rekin eru tvö íþróttahús við Háskóla Íslands sem opin eru nemendum og starfsfólki skólans gegn vægu gjaldi. Annað þeirra er við Sæmundargötu en hitt er á Laugarvatni þar sem Íþróttafræðasetur Menntavísindasviðs er til húsa.
- **Póst- og sendilsþjónusta**. Einn starfsmaður í fullu starfi hefur umsjón með almennum póstsendingum og innanhússpósti.

## Helstu viðhalds- og framkvæmdaverkefni framkvæmda- og tæknisviðs á árinu:

**Aðalbygging**
Skrifstofa rektors, móttaka og skrifstofa starfsmannasviðs voru málaðar og þar settar upp nýjar sólvarnargardínur.

**Askja**
Veggur í kennslustofu á annarri hæð hússins var fjarlægður og ný stofnlögn fyrir neysluvatn lögð upp á aðra hæð.

**Árnagarður**
Útitröppur voru endurnýjaðar og snjóbræðslulögn lögð í þær.

**Eirberg**
Nýrri drenlögn var lögð og dúk, brunnum og möl komið fyrir í kringum „eldra“ húsið. Snjóbræðslulögn var lögð í tröppur. Fyllt var í sprungur og suðurgafl málaður. Settur var upp glerveggur á deildarskrifstofu og hljóðvistarplötur settar í loft. Nokkrar skrifstofur voru málaðar.

**Hagi**
Utanhússviðgerðir fóru fram og nýtt járn var sett á þak. Breytingar voru gerðar á skrifstofum og lesrýmum. Útbúin var aðstaða fyrir kennslu í töflugerð o.fl. í bakhúsi.

**Háskólabíó**
Fram fóru nokkrar breytingar og málningarvinna í rými Vísindasmiðjunnar.

**Háskólatorg**
Tvær skrifstofur fyrir kennslusvið voru útbúnar, sem og nýtt rými fyrir þjónustuborð Reiknistofnunar á annarri hæð. Tveimur skrifstofum á þriðju hæð var breytt í fundarherbergi. Nýjar dælur voru settar í frárennslisbrunn.

**Íþróttahús við Sæmundargötu**
Gufubað var endurnýjað og hitakerfi og salerni lagfærð.

**Laugarvatn**
Íbúðarhúsið Grund var málað að innan og frárennslislagnir við það endurnýjaðar. Lokið var við að endurnýja baðherbergi á heimavist. Aðstaða í eldhúsi heimavistar var endurnýjuð og þak Íþróttahússins málað.

**Læknagarður**
Dælur í kjallara voru lagfærðar og kennslustofa tannlæknadeildar máluð og sólvarnargardínur settar þar upp. Rými fyrir rafeindasmásjá var breytt.

**Lögberg**
Ný lyfta var sett í húsið. Settar voru upp hljóðvistarplötur og skipt um loftljós í skrifstofum og í almenningi.

**Oddi**
Skipt var um loftljós í opnum rýmum og innihurðir á salernum yfirfarnar.

**Neshagi 16**
Gagngerar breytingar voru gerðar á öllum hæðum hússins til að koma til móts við þarfir Reiknistofnunar sem fluttist í húsið á haustmánuðum.

**Stakkahlíð – íþróttahús**
Gert var við glugga og nýtt járn sett á hluta af þaki hússins.

**Stakkahlíð – skólahús**
Ný innrétting var sett upp í kaffistofu og útbúið rými fyrir emeritusa.

**Tæknigarður**
Gert var við glugga í suðvestur- og suðausturhluta hússins. Hitablásara var komið fyrir í anddyri og ofn settur í matsal. Ný rafdrifin hurð var sett upp við aðalinngang.

**VR II**
Utanhússviðgerðir fóru fram á gluggum á hluta annarrar og þriðju hæðar.

**VR III**
Ofnalagnir voru lagfærðar.

# Ársreikningur Háskóla Íslands 2015

## Innri endurskoðun

Innri endurskoðun vinnur fyrir háskólaráð og á hún að bæta rekstur háskólans með því að aðstoða stjórnendur við að ná settum rekstrarmarkmiðum, meta árangur og bæta áhættustýringu, eftirlit og stjórnun. Aðaláhersla innri endurskoðunar er því að kanna og meta hvort innra eftirlit sé virkt svo að starfsemi háskólans sé í eðlilegum farvegi. Innri endurskoðun er sjálfstæð eining sem heyrir faglega undir háskólaráð og stjórnsýslulega undir rektor. Á árinu 2015 var Ingunn Ólafsdóttir ráðin í starf innri endurskoðanda og tók hún til starfa 1. nóvember 2015. Helstu verkefni ársins voru að vinna áhættumiðaða endurskoðunaráætlun og verklagsreglur og verkferla innri endurskoðunar.

Samkvæmt erindisbréfi eru helstu verkefni innri endurskoðunar eftirfarandi:

- Að aðstoða stjórnendur við að greina og meta áhættuþætti í rekstri háskólans.
- Að meta hvort innri stjórntæki háskólans, upplýsingakerfi, vinnuferlar, skipulag og stjórnun séu árangursrík, hæfi markmiðum skólans og séu örugg.
- Að meta hvort reikningshald, uppgjör og ársreikningar séu í samræmi við innri og ytri lög og reglur.
- Að meta hvort rekstur háskólans stefni að sameiginlegu markmiði og enn fremur að háskólaráð og stjórnendur skólans fái réttar og nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvarðanir.
- Að ráðleggja um málefni er varða rekstur og fjármál og málefni er varða innri stjórnun og stýringu.
- Að leggja til breytingar sem geta bætt rekstur og stjórnun háskólans og breytt verklagi og stjórnkerfum til hins betra.
- Að gera ýmsar úttektir á starfsemi skólans í samráði við háskólaráð og rektor skólans.

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins þarf að fylgja vottorð frá endurskoðanda um að fjárhagsleg uppgjör á rannsóknaverkefnum séu í samræmi við bókhald Háskóla Íslands og reglur sambandsins. Innri endurskoðun vottar reglulega uppgjör til Evrópusambandsins, svo og norrænu ráðherranefndarinnar, vegna verkefna sem unnin hafa verið innan skólans.

## Skýrsla stjórnenda Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fimmtíu og fimm sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrirtækið PwC og fyrir hönd þess Ljósbrá Baldursdóttir, löggiltur endurskoðandi. PwC hefur jafnframt séð um bókhald sjóðanna frá árinu 2008.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir nú undir fjármál og rekstur í miðlægri stjórnsýslu Háskóla Íslands og hefur gert það frá því í ársbyrjun 2012 en hún tilheyrði áður markaðs- og samskiptasviði skólans. Með umsjón Styrktarsjóðanna fer Helga Brá Árnadóttir, verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands.

Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, hefur komið til liðs við Helgu Brá við fjárumsýslu sjóðanna frá því að hún tók við starfi sínu í ágúst 2012. Jenný Bára fer einnig með prókúru sjóðanna.

Stjórnarmenn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson,

viðskiptafræðingur. Varamaður er Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur við Hagfræðistofnun. Stjórnin var skipuð árið 2014. Skipunartími stjórnar er þrjú ár og rennur út 31. desember 2016.

## Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2015

Töluvert var um úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu, einkum árlegar úthlutanir úr stöndugum sjóðum.

Einn nýr sjóður, Ingjaldssjóður, var stofnaður undir hatti Styrktarsjóða Háskóla Íslands árið 2015. Sjóðurinn var stofnaður af Háskóla Íslands til minningar um Ingjald Hannibalsson (f. 17. nóvember 1951, d. 27. október 2014), prófessor við Viðskiptafræðideild skólans en Ingjaldur arfleiddi háskólann að öllum eigum sínum. Tilgangur Ingjaldssjóðs helgast af fyrirmælum sem sett voru fram í erfðaskrá Ingjalds og skal sjóðurinn styrkja efnilega nemendur Háskóla Íslands til framhaldsnáms erlendis í rekstrarstjórnun, alþjóðlegum viðskiptum eða nemendur í tónlist.

- Í febrúar fór fram árleg úthlutun úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar en þá var tveimur styrkjum úthlutað til dokorsnema í lyfjafræði. Styrkhafar voru Chutimon Muankaew og Ingólfur Magnússon. Heildarupphæð styrkja var kr. 600.000.
- Í febrúar var veittur styrkur úr Almanakssjóði vegna flutnings á vefsetri. Einnig fékk Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor emeritus í eðlisfræði og vísindasögu, styrk úr sjóðnum í apríl fyrir útgáfu bókarinnar með vinnuheitið „Einstein – eindir og afstæði“, sem samanstendur af greinum eftir Albert Einstein frá árinu 1905. Heildarupphæð styrkja var kr. 2.596.000.
- Í apríl voru veittir sjö styrkir úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands. Þetta var í fimmta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum, sem var stofnaður árið 2008 af Toshizo, „Tom“, Watanabe. Styrkhafar voru: Eggert Örn Sigurðsson, BA-nemi í japönsku máli og menningu við Háskóla Íslands, hlýtur styrk til skiptináms við Kyushu-háskóla í Fukuoka í Japan, Karítas Hrundar Pálsdóttir, BA-nemi í íslensku við Háskóla Íslands með japönsku sem aukagrein, hlýtur styrk til skiptináms við Waseda-háskóla í Japan, Magdalena Schmid, doktorsnemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands, fær styrk til námsdvalar við Tokyo Metropolitan University í Japan, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, sérfræðingur í áfallastjórnun við Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði, hlýtur styrk til rannsóknardvalar við Rannsóknamiðstöð um hamfarastjórnun (DPRI) við Kyoto-háskóla í Japan, Anna Katoka, BA-nemi í enskum og bandarískum bókmenntum við Ritsumeikan-háskóla í Japan, hlýtur styrk til skiptináms við Háskóla Íslands, Shotaro Yamamoto, BA-nemi í þýðingarfræðum við Waseda-háskóla, hlýtur styrk til að nema íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands, Yuki Masami, umhverfisrýnir og prófessor í ensku og umhverfisfræðum við Kanazawa-háskóla, hlýtur styrk til eins mánaðar dvalar á Íslandi þar sem hún hyggst leita samstarfs við vísindamenn bæði við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði og í höfuðstöðvum Háskóla Íslands í Reykjavík. Heildarstyrkupphæð styrkja var samtals um 8 milljónir króna.
- Í maí voru veittir fjórir styrkir úr Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur í fyrsta skipti. Auglýst var eftir styrkjum úr sjóðnum í janúar. Styrkhafar voru Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, Höskuldur Þráinsson prófessor, Kristján Jóhann Jónsson dósent og Jón G. Friðjónsson, prófessor emeritus. Heildarupphæð styrkja var 7,5 milljónir króna.
- Í maí voru veittir 25 styrkir til doktorsnema og vísindamanna við öll fimm fræðasvið Háskóla Íslands. Styrkirnir voru m.a. veittir til rannsókna í læknisfræði, safnafræði, lyfjafræði, mannfræði, heimspeki, bókmenntafræði, efnafræði, hagfræði, lýðheilsuvísindum, íslenskum miðaldabókmenntum, líffræði, íþrótta- og heilsufræði, umhverfis- og byggingarverkfræði, jöklafræði, rafmagns- og tölvuverkfræði og eðlisfræði.
- Í maí var í áttunda sinn auglýst eftir umsóknum um styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands. Í júní fengu tuttugu og sjö afburðanemendur, sem hófu nám við Háskóla Íslands haustið 2016, styrk úr sjóðnum.

- Í júní hlutu fimm ungir vísindamenn við Háskóla Íslands styrk úr Eggertssjóði til rannsókna og tækjakaupa er tengjast rannsókum. Styrkirnir námu samtals 5 milljónum króna. Styrkhafar voru: Bryndís Marteinsdóttir, nýdoktor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, hlýtur styrk til rannsókna á því hvaða áhrif létt beitarálag sauðfjár og skordýraafrán hefur á uppbyggingu plöntusamfélaga í frumframvindu, Guðrún Valdimarsdóttir, lektor í sameinda- og frumulíffræði við Læknadeild Háskóla Íslands, hlýtur styrk til rannsóknaverkefnis þar sem markmiðið er að varpa ljósi á samspil mikilvægra vaxtarþátta í nýæðamyndun manna, Kirsten Marie Westfall, nýdoktor við Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands, fær styrk til rannsókna á stórþara og hrossaþara þar sem ætlunin er að afla betri upplýsinga um aðgreiningu stofna innan tegundanna við Ísland og dreifigetu þeirra, Stefán Sigurðsson, dósent í lífefnafræði við Læknadeild Háskóla Íslands, hlýtur styrk til rannsóknaverkefnis þar sem hlutverk prótínsins ALKBH3 verður skoðað í viðgerð á DNA og Sæmundur Ari Halldórsson, nýdoktor við Norræna eldfjallasetrið við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, hlýtur styrk til þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarleiðangi til jarðefnafræðirannsókna á eldfjöllum í austurhluta Úganda í Afríku. Heildarupphæð styrkja var 5 milljónir króna.
- Í júní var veittur styrkur úr Verðlaunasjóði Óskars þórðarsonar til rannsókna á sviði barnalækninga. Styrkhafar voru: Ragnar Bjarnason, yfirlæknir barnalækninga á Landspítala og prófessor við Læknadeild, og Tryggvi Helgason, sérfræðingur í barnalækningum og Sigurveig Þóra Sigurðardóttir, klínískur dósent við Háskóla Íslands og sérfræðingur í barnalækningum og ofnæmis- og ónæmislækningum, og Michael Clausen, barnalæknir og sérfræðingur í ofnæmissjúkdómum barna. Heildarupphæð styrkja var kr. 800.000.
- Í júní var veittur styrkur úr Sjóði Selmu og Kays Langvads. Til að efla samskipti og rannsóknarsamstarf HÁSKÓLA ÍSLANDS við danskar vísindastofnanir og háskóla. Styrkhafinn var: Anna Helga Jónsdóttir, aðjunkt í tölfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands. Styrkupphæð 75 þúsund danskar krónur (tæplega 1,5 milljón).
- Í október voru veittir tveir styrkir til doktorsnema í hjúkrunarfræði úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur en styrkirnir voru auglýstir til umsóknar á vormánuðum. Styrkhafar voru: Jóna Ingibjörg Jónsdóttir hjúkrunrafræðingur og Margrét Gísladóttir hjúkrunarfræðingur. Heildarupphæð styrkja var kr. 700.000. Veittur var styrkur úr Styrktarsjóði Þorbergs og Margrétar Jónsdóttur í október til Bókaútgáfunnar Opnu. Styrkupphæð var kr. 500.000.
- Í október var veittur einn styrkur úr Sjóði Sigríðar Lárusdóttur til rannsókna á sviði bæklunarlækninga með áherslu á stoðkerfissjúkdóma. Styrkurinn var auglýstur til umsóknar í mars. Styrkhafi var: Stefán Ólafsson, sjúkraþjálfari MTc. Styrkupphæð var kr. 500.000.
- Tveir styrkir voru veittir doktorsnemum í ljósmóðurfræðum við Háskóla Íslands í desember úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda. Auglýst var eftir styrknum í október og var þetta í þriðja skipti sem úthlutað var úr sjóðnum. Styrkhafa voru: Emma Marie Swift og Valgerður Lísa Sigurðardóttir. Heildarupphæð styrkja var kr. 680.000.
- Í nóvember var stofnaður ný sjóður undir hatti Styrktarsjóða Háskóla Íslands, Ingjaldssjóður. Sjóuðrinn var stofnaðu af háskóla Íslands til minningar um Ingjald Hannibalsson, prófessor við Viðskiptafræðideild skólans (f. 17. nóvember 1951, d. 27. október 2014). Stofnfé sjóðsins var 70 milljónir króna og þar af eru 50 milljónir króna í bundnum höfuðstól og 20 milljónir til ráðstöfunar.
- Í desember hlutu fimm blindir og sjónskertir nemendur við Háskóla Íslands styrk til náms úr Þórsteinssjóði. Styrkhafarnir voru: Ásdís Lilja Guðmundsdóttir, Hekla Dögg Ásmundsdóttir, Helga Theódóra Jónasdóttir, Rósa María Hjörvar og Snædís Rán Hjartardóttir. Heildarupphæð styrkja nam kr. 1.200.000.
- Í desember var auglýst eftir umsóknum um doktorsstyrki við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir úthlutun á vormánuðum 2016.
- Í desember fór fram árleg úthlutun úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Afburðanemandi, sem hlaut hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í námi við verkfræðideildir skólans, hlaut viðurkenningu fyrir námsárangur. Styrkhafi var Snorri Tómasson, BS-nemi í iðnaðarverkfræði. Upphæð styrksins var kr. 300.000.
- Í sameiginlegum ársreikningi Styrktarsjóða Háskóla Íslands árið 2015 eru ársreikningar 56 sjálfstæðra sjóða og hefur því fjölgað um einn frá fyrra ári. Sjóður Selmu og Kays Langvads er ekki

hluti af ársreikningnum í ár þar sem fjárhagsupplýsingar bárust ekki tímanlega og hafa samanburðarfjárhæðir verið leiðréttar til samræmis við það.

Veittir voru samtals 447 styrkir úr sjóðum Háskóla Íslands á árinu, 361ferðastyrkur úr Sáttmálasjóði, 25 doktorsstyrkir þar af 5 styrkir úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins og 20 styrkir úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, 25 nýnemastyrkir voru veitir úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands og 36 styrkir úr öðrum sjóðum sem heyra undir Styrktarsjóði Háskóla Íslands.

Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu sjóðanna á árinu 2015.

## Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2015

Hrein eign Styrktarsjóða Háskóla Íslands í árslok 2015 nam kr. 2.229.565.127 og voru tekjur umfram gjöld á árinu kr. 17.275.462 . Hrein eign Styrktarsjóðanna hækkaði á árinu um 132.325.726 kr., úr kr. 2.097.329.401 í kr. 2.229.565.127. Heildareignir Styrktarsjóðanna í vörslu Íslandsbanka voru kr. 1.321.615.219. Íslandsbanki náði að uppfylla kröfu fjárfestingarstefnu Styrktarsjóðanna um 3,5% langtímaraunávöxtun. Ávöxtun safnsins í vörslu Íslandsbanka var jákvæð um 5,79% að nafnvirði frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2015. Raunávöxtun fyrir sama tímabil var 3,64%.

Bókfærður hagnaður sjóðanna árið 2015 var kr. 17.275.462, saman borið við kr. 118.648.140 kr. hagnað árið 2014. Munur milli ára skýrist helst af áhrifum Háskólabíós á árinu 2014.

- Heildareign allra sjóða 31. desember 2015, samkvæmt reikningsskilunum, nam kr. 2.309.256.398.
- Nafnávöxtun eigna styrktarsjóðanna sem voru í umsjón Íslandsbanka var jákvæð um 5,79%.
- Ávöxtun heildareigna var jákvæð um 2,74%.

**Hrein eign sundurliðuð eftir sjóðum**

**Veittir styrkir sundurliðaðir eftir sjóðum 2014 og 2015**

**Sameiginlegur rekstrarreikningur ársins 2015**

**Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2015**


VITS ER ÞÖRF
A

# Fræðasvið

# Félagsvísindasvið

## Almennt yfirlit og stjórn

Á Félagsvísindasviði eru sex deildir: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórnmálafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Daði Már Kristófersson var áfram forseti Félagsvísindasviðs. Deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðsins ásamt forseta og þeir voru:

• Helgi Gunnlaugsson var forseti Félags- og mannvísindadeildar,
• Sigurveig H. Sigurðardóttir var forseti Félagsráðgjafardeildar,
• Tór Einarsson var forseti Hagfræðideildar,
• Eyvindur G. Gunnarsson var forseti Lagadeildar,
• Baldur Þórhallsson, forseti Stjórnmálafræðideildar,
• Runólfur Smári Steinþórsson, forseti Viðskiptafræðideildar.
Egill Þór Jónsson var fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins á vormisseri og Matthildur Þórðardóttir á haustmisseri.

## Starfsfólk og stjórnsýsla

Skrifstofa Félagsvísindasviðs veitir nemendum og kennurum alla almenna þjónustu og starfsfólk skrifstofunnar sér einnig um margvísleg verkefni fyrir hönd sviðsins, s.s. fjármál, kennslumál, þjónustu við nemendur, markaðs- og kynningarmál, umsjón með upplýsingatæknimálum, starfsmannamál, þjónustu við rannsóknir kennara og skjalavistun. Á skrifstofu sviðsins störfuðu, auk forseta, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir rekstrarstjóri, Aðalbjörg Lúthersdóttir fjármálastjóri, Ásdís Magnúsdóttir, verkefnisstjóri og skjalavörður, Guðrún Alda Elísdóttir mannauðsstjóri, Kolbrún Eggertsdóttir kennslustjóri, Ragnheiður Hulda Proppé, rannsóknastjóri (ráðin 1. september) og Sif Sigfúsdóttir markaðs- og vefstjóri.

Á skrifstofunni störfuðu einnig deildarstjórar og verkefnastjórar sem sáu um nærþjónustu við deildir sviðsins (sjá nánar umfjöllun um deildir).

Haldnir voru reglubundnir starfsmannafundir, auk vikulegra samráðsfunda rekstrarstjóra með deildarstjórum. Forseti hélt einnig upplýsingafundi með starfsfólki á skrifstofu sviðsins og sendi upplýsingapistla til allra starfsmanna sviðsins vikulega.

## Stefna og starfsumhverfi

Unnið var áfram að bættu starfsumhverfi og ýmsum umbótaverkefnum og m.a. voru samþykktir verkferlar og gerðir nokkrir samningar vegna vinnu starfsmanna eftir að formlegu starfi lýkur. Þá voru settar vinnureglur um ráðningarferli, kjör og upplýsingagjöf til stundakennara í deildum sviðsins og gefin út samræmd handbók fyrir stundakennara. Gerð var heildstæð fræðsluáætlun fyrir starfsmenn sviðsins.

Lögð var áhersla á að auka enn stuðning við rannsóknir kennara. Ragnheiður Hulda Proppé var ráðin rannsóknastjóri sviðsins í byrjun haustmisseris. Þá var endurnýjaður samningur við Félagsvísindastofnun um ráðgjöf og aðstoð við rannsóknir og styrkjaumsóknir. Gerður var samningur við Verkfræði- og náttúruvísindasvið um samstarf um rekstur verkefnastofu um umsýslu og ráðgjöf við umsóknir um erlenda styrki.

Jafnframt úthlutaði sviðið tvisvar úr Aðstoðarmannasjóði (en úthlutanir eru á vegum fræðasviða skólans síðan 2010) og fór meginhluti úthlutananna til ráðningar aðstoðarmanna við rannsóknir kennara.

## Upplýsingaborð í Gimli

Félagsvísindasvið sá um rekstur upplýsinga- og þjónustuborðs í Gimli fyrir sviðið og var þar einnig veitt þjónusta fyrir Hugvísindasvið og Sálfræðideild Heilbrigðisvísindasviðs. Þar fá nemendur svör við almennum fyrirspurnum er varða námið. Jafnframt fer þar fram öll umsýsla verkefna, skil til kennara og afhending til nemenda. Auk þess eru þar pósthólf kennara og annarra starfsmanna.

## Þing Félagsvísindasviðs

Níunda þing Félagsvísindasviðs var haldið 27. mars. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs, setti þingið og fór yfir dagskrá þess og hlutverk. Að því loknu fór hann yfir það sem efst var á baugi í starfi sviðsins og skólans.

Þá var fjallað um stuðning sviðsins við rannsóknir kennara. Kynnt var sú rannsóknaþjónusta sem fyrir hendi er í háskólanum og unnið í hópum að tillögum að auknum stuðningi. Á þinginu kom m.a. fram hugmynd um að kanna möguleika á því að fjölga kennslutímabilum úr tveimur í fjögur og skapa kennurum þannig meira rými til rannsókna.

Síðan kynnti Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri starfsmannasviðs háskólans, niðurstöður starfsánægjukönnunar Háskóla Íslands frá haustinu 2014.

Að lokinni dagskrá sviðsins hófst vorfagnaður starfsfólks Félagsvísindasviðs á Litla torgi.

Tíunda þing Félagsvísindasviðs var haldið þann 26. nóvember. Daði Már Kristófersson, forseti sviðsins setti þingið og fór yfir dagskrá þess og hlutverk. Að því loknu fór hann yfir það sem efst var á baugi í starfi sviðsins og skólans.

Aðalbjörg Lúthersdóttir, formaður jafnréttisnefndar sviðsins, kynnti tillögu nefndarinnar að jafnréttisáætlun Félagsvísindasviðs 2015–2018 og var hún samþykkt.

Þá fjallaði Ragnheiður Hulda Proppé, rannsóknastjóri Félagsvísindasviðs, um rannsóknaþjónustu sviðsins og skólans í heild.

Að lokum kynnti Ómar H. Kristmundsson, formaður skipulagsnefndar Félagsvísindasviðs, skýrslu nefndarinnar.

## Skólasetning

Starf Félagsvísindasviðs á skólaárinu var sett við sérstaka athöfn 10. september og hófst hún á því að Daði Már Kristófersson, forseti sviðsins, fjallaði um starfið fram undan og bauð starfsfólk velkomið til starfa að loknu sumarleyfi. Guðrún Alda Elísdóttir, mannauðsstjóri sviðsins, kynnti fræðsluáætlun starfsmanna fyrir háskólaárið 2015–2016. Þá var boðið upp á léttar veitingar.

## Nefndir og stjórnir

Fulltrúar Félagsvísindasviðs í stjórnum og nefndum:

- Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands fyrir hönd sviðsins.

- Stefán Hrafn Jónsson, dósent við Félags- og mannvísindadeild, sat í háskólaráði sem fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Trausti Fannar Valsson, lektor við Lagadeild, var formaður kærunefndar háskólans í málefnum nemenda.
- Aðalbjörg Lúthersdóttir fjármálastjóri var formaður starfshóps háskólans um kynjaða fjárlagagerð. Auk þess var hún fulltrúi sviðsins í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.
- Inga Jóna Jónsdóttir, dósent í Viðskiptafræðideild, sat í námsstjórn fyrir menntun framhaldsskólakennara fyrir hönd sviðsins.
- Sigurbjörg Sigurgeirsdóttur, lektor í Stjórnmálafræðideild, sat í stjórn Nýliðunarsjóðs Háskóla Íslands fyrir hönd sviðsins.
- Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild, var í vísindasiðanefnd háskólans fyrir hönd sviðsins og Jónína Einarsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild, var tilnefnd af rektor í vísindasiðanefndina og var varaformaður hennar.
- Terry A. Gunnell, prófessor í Félags- og mannvísinindadeild, sat í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar fyrir hönd sviðsins.
- Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, var í stjórn Stofnunar Sæmundar fróða fyrir hönd sviðsins.
- Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor í Viðskiptafræðideild, sat í stjórn Reiknistofnunar Háskóla Íslands fyrir hönd sviðsins.
- Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við Stjórnmálafræðideild, sat fyrir hönd sviðsins í kennslumálanefnd Háskóla Íslands.
- Ólafur Þ. Harðarson prófessor og Silja Bára Ómarsdóttir aðjunkt, bæði við Stjórnmálafræðideild, sátu í stjórn Alþjóðamálastofnunar fyrir hönd sviðsins og var Ólafur formaður stjórnar.
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor í Hagfræðideild, sat fyrir hönd sviðsins í gæðanefnd Háskóla Íslands.
- Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, átti sæti fyrir hönd sviðsins í framgangsnefnd Háskóla Íslands.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti í ráði Háskóla Íslands um málefni fatlaðs fólks.
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, og Ólafur Rastrick, lektor við Félags- og mannvísindadeild, voru tilnefnd í starfshóp háskólans um endurskoðun málstefnu skólans.
- Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, átti sæti í heiðursdoktoranefnd Háskóla Íslands.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti í vísindanefnd Háskóla Íslands.

Eftirtaldir áttu sæti í dóm- og framgangsnefnd Félagsvísindasviðs: Jón Gunnar Bernburg, prófessor við Félags- og mannvísindadeild, og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri.

**Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum:**
- Gyða Margrét Pétursdóttir, fulltrúi Stjórnmálafræðideildar og formaður til 30. júní,
- Aðalbjörg Lúthersdóttir, fjármálastjóri sviðsins, settist í nefndina 1. júlí og tók þá við formennsku,
- Sigurjón B. Hafsteinsson, varaformaður, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar,
- Þóra Christiansen, fulltrúi Viðskiptafræðideildar,
- Guðbjörg Ottósdóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar,
- Helgi Áss Grétarsson, fulltrúi Lagadeildar
- Ragnar Karlsson, fulltrúi Stjórnmálafræðideildar (frá 1. júlí),
- Sif Sigfúsdóttir, markaðs- og vefstjóri sviðsins,
- Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna,
- Ívar Vincent Smárason, fulltrúi nemenda.

**Kennslunefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum:**
• Sif Einarsdóttir, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar og formaður til 30. júní,
• Kristjana Stella Blöndal, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar frá 1. júlí,
• Silja Bára Ómarsdóttir, fulltrúi Stjórnmálafræðideildar,
• Hersir Sigurgeirsson, fulltrúi Viðskiptafræðideildar og formaður frá 1. júlí,
• Anni Haugen, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar á vormisseri en Hervör Alma Árnadóttir tók við af henni á haustmisseri,
• Trausti Fannar Valsson, fulltrúi Lagadeildar,
• Ragnar Árnason, fulltrúi Hagfræðideildar,
• Bjarni Þóroddsson, fulltrúi nemenda á vormisseri en Tryggvi Másson við af honum á haustmisseri.
Kolbrún Eggertsdóttir kennslustjóri sviðsins starfaði með nefndinni.

**Vísindanefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum:**
• Ingi Rúnar Eðvarðsson, fulltrúi Viðskiptafræðideildar og formaður á vormisseri,
• Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, fulltrúi Hagfræðideildar og formaður á haustmisseri,
• Terry Gunnell, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar,
• Steinunn Hrafnsdóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar á vormisseri en Guðný B. Eydal á haustmisseri,
• Eiríkur Jónsson, fulltrúi Lagadeildar,
• Hulda Þórisdóttir, fulltrúi Stjórnmálafræðideildar,
• Ása Guðný Ásgeirsdóttir, fulltrúi nemenda.
Kolbrún Eggertsdóttir kennslustjóri sviðsins starfaði með nefndinni.

**Fulltrúar Félagsvísindasviðs á háskólaþingi voru eftirtaldir:**
• Gylfi Dalmann, Aðalsteinsson, Viðskiptafræðideild,
• Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Félags- og mannvísindadeild,
• Björg Thorarensen, Lagadeild,
• Hulda Þórisdóttir, Stjórnmálafræðideild,
• Hervör Alma Árnadóttir, Félagsráðgjafardeild,
• Ásgeir Jónsson, Hagfræðideild.
Auk þeirra á forseti sviðsins sæti á háskólaþingi, sem og forsetar deilda.

## Kennslumál

Unnið var áfram eftir framkvæmdaáætlun um kennslustefnu sem samþykkt var árið 2012. Lagadeild lauk við sjálfsmat og höfðu þá allar deildir sviðsins lokið við sjálfsmatsskýrslur vegna úttekta. Kennslunefndin ræddi hvernig mætti nýta þessar skýrslur til að vinna að úrbótum í kennslu. Ljóst er að þær kannanir sem unnar voru í tengslum við úttektirnar munu nýtast vel í gæðastarfi deilda og sviðs.

Á árinu var haldið áfram að vinna að samræmingu og samstarfi um aðferðafræðikennslu. Haldinn var fundur þar sem fulltrúar af öllum sviðum Háskóla Íslands nema Hugvísindasviði mættu ásamt fulltrúum frá öllum hinum opinberu háskólunum. Ákveðið var að vinna saman að því að búa til efni til kennslu á netinu og verkefni sem hægt væri að deila með hópnum. Samið var um að efnið yrði vistað í Kennslubankanum en það er kerfi sem verið er að þróa á Verkfræði- og náttúruvísindasviði fyrir skólann allan. Þessi fundur gaf fyrirheit um bætta og aukna samvinnu aðferðafræðikennara. Á árinu réð sviðið Sólrúnu Sigvaldadóttur sem verkefnisstjóra í hlutastarf til að sjá um þessa samvinnu.

Skipulag móttöku nýnema var á árinu komið í gott horf en enn frekar var unnið að því að samræma og aðlaga viðburði sem skipulagðir eru miðlægt við háskólann viðburðum Félagsvísindasviðs. Unnið var áfram að innleiðingu mentorakerfis fyrir nýnema í öllum deildum á sviðinu.

Í kjölfar þess að á þingi sviðsins 27. mars kom fram sú hugmynd að breyta kennslutímabilum á sviðinu úr tveimur misserum í fjögurkennslutímabil í því skyni að skapa kennurum aukið rými til rannsókna. Kennslunefnd sviðsins hóf vinnu við að kanna hvort hægt væri að hrinda þessari breytingu í framkvæmd. Auknu fé hefur verið varið í að ráða aðstoðarkennara við sviðið en það er gert í ljósi þess að mörg námskeið á sviðinu eru mjög fjölmenn.

## Doktorsnám og doktorsvarnir

Félagsvísindasvið stóð fyrir námskeiðinu Málstofa um doktorsnám fyrir doktorsnema á sviðinu. Kennt var aðra hverja viku. Umsjónarkennari á vormisseri var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor en Þorgerður Einarsdóttir prófessor hafði umsjón á haustmisseri. Námskeiðið var byggt upp á fyrirlestrum og umræðum ásamt því að doktorsnemarnir kynntu verkefni sín. Námskeiðið hófst í byrjun september með ráðstefnu doktorsnemanna.

Félagsvísindasvið stóð fyrir námskeiði fyrir doktorsnema á sviðinu í nóvember og desember um gerð rannsóknaráætlana og umsókna um styrki. Kennari var Gunnar Þór Jóhannesson lektor.

Vísindanefnd sviðsins vann að endurskoðun á doktorsreglum og voru tillögur hennar samþykktar í sviðsstjórn í desember.

**Doktorsvarnir**

- Í júní varði Axel Hall doktorsritgerð við Hagfræðideild.
- Í nóvember Eva Marín Hlynsdóttir doktorsritgerð við Stjórnmálafræðideild.
- Í desember varði Ásta Snorradóttir doktorsritgerð við Félags- og mannvísindadeild

## Húsnæðismál

Félagsvísindasvið hefur nú fengið framtíðarhúsnæði í þremur samtengdum byggingum, Odda, Gimli og Lögbergi, sem einnig tengjast Háskólatorgi. Skrifstofur Félagsvísindasviðs og deilda þess eru allar á neðstu hæðinni í Gimli. Kennarar Lagadeildar hafa aðsetur í Lögbergi, Viðskiptafræðideildar í Gimli, Félagsráðgjafardeildar, Hagfræðideildar og Stjórnmálafræðideildar í Odda, en kennarar Félags- og mannvísindadeildar eru bæði til húsa í Gimli og Odda. Í öllum þremur byggingunum er jafnframt aðstaða fyrir rannsóknastofnanir á Félagsvísindasviði og vinnuaðstaða fyrir stundakennara, doktorsnema, meistaranema og grunnnema. Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, og þverfræðilegar rannsóknastofnanir nýta til bráðabirgða hluta húsnæðisins í Gimli og Odda. Félagsvísindasvið á þannig góða vaxtarmöguleika á næstu árum í byggingunum þremur, þegar starfsemi annarra sviða flyst í aðrar byggingar á háskólasvæðinu.

## Markaðs- og kynningarmál

Þann 14. janúar hélt Félagsvísindasvið móttöku fyrir nýnema en margar deildir sviðsins taka á móti nýnemum á vormisseri. Í janúar fór fram Erasmus-kynning fyrir nemendur sviðsins.

Í janúar og febrúar fóru fram myndatökur af nemendum fyrir bæklinga og auglýsingaefni.

Þann 11. febrúar voru haldnir framadagar við háskólann þar sem Félagsvísindasvið tók þátt í að kynna skólann sem vinnustað.

Þann 28. febrúar var háskóladagurinn haldinn þar sem öll svið skólans komu saman og kynntu námsframboð sitt í helstu byggingum skólans. Félagsvísindasvið var með aðstöðu á Háskólatorgi.

Í mars fór fram kynning á Háskóla Íslands um allt land. Félagsvísindasvið tók þátt í kynningum á Selfossi, Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Þá var einnig tekið upp kynningarmyndband fyrir nám í

félagsfræði og mannfræði. Félagsvísindasvið var enn fremur kynnt í Menntaskólanum í Reykjavík, Verslunarskóla Íslands, Menntaskólanum við Hamrahlíð og Borgarholtsskóla á sama tíma.

Í mars voru námsleiðir á Félagsvísindasviði kynntar á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

Í júní tóku kennarar og starfsmenn á Félagsvísindasviði þátt í Háskóla unga fólksins. Nemendur í Háskóla unga fólksins geta valið milli fjölmargra námskeiða og raða sjálfir saman stundatöflu sinni. Háskóli unga fólksins er opinn grunnskólanemendum sem eru fæddir á árunum 1996–2000 (eru í 6.–10. bekk grunnskóla).

Í ágúst hélt sviðið móttöku fyrir framhaldsnema og grunnnema í Háskólabíói og síðan var móttaka fyrir þá í deildum sviðsins.

Í ágúst hélt sviðið móttöku fyrir erlenda nemendur sviðsins í kjölfar almennrar móttöku alþjóðaskrifstofu fyrir alla nemendur háskólans.

Í október var ráðstefnan Þjóðarspegillinn – Rannsóknir í félagsvísindum haldinn í 15. sinn, nú með 180 erindum.

Í október var tekið á móti nemendum við Kvennaskólann í Reykjavík í samvinnu við kennara og námsráðgjafa í skólanum.

## Innsetningarathafnir

Þann 22. janúar var Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræðum, sett í starf prófessors við hátíðlega athöfn. Við athöfnina var flutt yfirlit yfir starfsferil Brynhildar, auk þess sem Brynhildur flutti erindi í tilefni framgangs síns. Hilmar Bragi Janusson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, stjórnaði athöfninni, en umhverfis- og auðlindafræði, og þar með starf Brynhildar, heyra undir bæði sviðin.

Þann 1. apríl var Bradley Thayer, prófessor við Stjórnmálafræðideild, settur í starf sitt við hátíðlega athöfn. Flutt var yfirlit yfir starfsferil Bradleys, auk þess sem Bradley flutti erindi í tilefni framgangs síns. Athöfnin fór fram á ensku. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs, stjórnaði athöfninni.

Þann 21. september var Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor við Hagfræðideild, sett í starf sitt við hátíðlega athöfn. Flutt var yfirlit yfir starfsferil Tinnu Laufeyjar, auk þess sem Tinna flutti erindi í tilefni framgangs síns. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs, stjórnaði athöfninni.

Þann 17. nóvember var Hrefna Friðriksdóttir, prófessor við Lagadeild, sett í starf sitt við hátíðlega athöfn. Flutt var yfirlit yfir starfsferil Hrefnu, auk þess sem Hrefna flutti erindi í tilefni framgangs síns. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs, stjórnaði athöfninni.

Þann 10. desember var Eiríkur Jónsson, prófessor við Lagadeild, settur í starf sitt við hátíðlega athöfn. Flutt var yfirlit yfir starfsferil Eiríks, auk þess sem Eiríkur flutti erindi í tilefni framgangs síns. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs, stjórnaði athöfninni.

## Skipurit Félagsvísindasviðs og stofnana þess




# Félags- og mannvísindadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Félags- og mannvísindadeildar var í höndum deildarforseta, deildarráðs og deildarfundar. Helgi Gunnlaugsson var deildarforseti og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir var varaforseti.

Haldnir voru tólf deildarráðsfundir á árinu og fimm deildarfundir.

Félags- og mannvísindadeild skiptist í sex námsbrautir í lok ársins 2015, námsbraut í félagsfræði, námsbraut í fötlunarfræði, námsbraut í mannfræði, námsbraut í náms- og starfsráðgjöf, námsbraut í upplýsingafræði og námsbraut í þjóðfræði og safnafræði. Formenn námsbrauta eiga sæti í deildarráði ásamt deildarforseta og varadeildarforseta. Formenn námsbrauta voru eftirtaldir á árinu:

- Námsbraut í félagsfræði: Stefán Hrafn Jónsson,
- Námsbraut í mannfræði: Sveinn Eggertsson á vormisseri og Kristín Loftsdóttir á haustmisseri,
- Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf: Kristjana Stella Blöndal,
- Námsbraut í fötlunarfræði: Snæfríður Egilson á vormisseri og Hanna Björg Sigurjónsdóttir á haustmisseri,
- Námsbraut í upplýsingafræði: Ágústa Pálsdóttir,
- Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði: Terry Gunnell.

Vísindanefnd deildarinnar skipuðu:
- Ágústa Pálsdóttir, prófessor í upplýsingafræði,
- Sif Einarsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf,
- Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði og formaður nefndarinnar,
- Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í þjóðfræði,

• Viðar Halldórsson, lektor í félagsfræði.

Fulltrúi deildarinnar í kennslunefnd fræðasviðsins var Kristjana Stella Blöndal, dósent í náms- og starfsráðgjöf.

Fulltrúi deildarinnar í jafnréttisnefnd fræðasviðsins var Sigurjón B. Hafsteinsson, dósent í safnafræði. Hann var jafnframt varaformaður.

Fulltrúi deildarinnar í vísindanefnd fræðasviðsins er Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði.

## Starfsfólk

Í lok ársins 2015 voru fastráðnir kennarar alls 31 sem skiptust þannig: 20 prófessorar, fimm dósentar og sex lektorar. Fjórir aðjunktar voru í 49% starfi og einn í minna starfshlutfalli. Í hópi fastráðinna kennara voru 15 konur og 16 karlar. Auk fastráðinna kennara kenndu fjölmargir gesta- og stundakennarar við deildina.

Einn prófessor, Geir Gunnlaugsson, var nýráðinn í námsbraut í mannfræði. Tveir kennarar við deildina, Ingólfur V. Gíslason og Kristjana Stella Blöndal, fengu framgang í stöðu dósents og tveir kennarar, Sigurjón B. Hafsteinsson og Stefán Hrafn Jónsson, í stöðu prófessors. Einn dósent lét af störfum við deildina.

Þrír verkefnisstjórar, auk deildarstjóra, starfa á skrifstofu deildarinnar, í samtals 3,55 stöðugildum.

## Nám og kennsla

Í lok ársins stunduðu tæplega 1.000 nemar nám í deildinni.

**Grunnnám**

Í námsbrautum Félags- og mannvísindadeildar var boðið upp á fjölbreytt grunnnám sem lýkur með BA-prófi. Til BA-prófs voru kenndar eftirfarandi námsgreinar: Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði. Hægt var að taka 120e í aðalgrein og 60e í aukagrein innan og utan deildar. Auk framangreindra námsgreina voru atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, líffræðileg mannfræði og safnafræði kenndar sem aukagreinar.

**Framhaldsnám**

Fjölbreytt framhaldsnám var í boði við deildina, rannsóknatengt og starfsmiðað. Boðið var upp á diplómanám á meistarastigi í eftirfarandi námsgreinum: afbrotafræði, atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, fötlunarfræði, hnattrænum tengslum, rannsóknaraðferðum félagsvísinda, safnafræði, þróunarfræði og upplýsingafræði. Í meistaranámi er bæði boðið upp á hefðbundin námskeið og einstaklingsmiðuð námskeið, s.s. lesnámskeið. Boðið er upp á meistaranám (120e) í aðferðafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, hnattrænum tengslum, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, norrænni trú, safnafræði, upplýsingafræði, þjóðfræði og þróunarfræði. Doktorsnám er hægt að stunda í öllum námsgreinum deildarinnar. Tæplega 60 doktorsnemar voru skráðir í nám við deildina.

**Fjarnám**

Boðið var upp á öflugt fjarnám í deildinni. Allt nám í mannfræði, hnattrænum tengslum, þróunarfræði, safnafræði og þjóðfræði mátti taka sem fjarnám. Aðrar námsbrautir bjóða einstök námskeið í fjarnámi.

**Doktorsvarnir**

Ein doktorsvörn fór fram á árinu. Þann 16. desember varði Ásta Snorradóttir ritgerðina Hrunið – Heilsa og líðan starfsfólks íslenskra banka í kjölfar bankahruns (Hrunið – The Health and Well-Being of

Bank Employees in Iceland Following the Collapse of Their Workplace During an Economic Recession). Leiðbeinandi hennar var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði. Í doktorsnefndinni sátu Kristinn Tómasson, yfirlæknir hjá Vinnueftirliti ríkisins, Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, og Birgit Aust, vísindamaður við rannsóknamiðstöð Danmerkur í vinnuvernd (Det Nationale Forskningscenter for Arbejdsmiljø). Andmælendur voru Arne Kalleberg, prófessor við Háskólann í Norður-Karólínu í Chapell Hill í Bandaríkjunum, og Guðmundur Ævar Oddsson, lektor við Northern Michigan University í Bandaríkjunum.

## Kynningarmál

Deildin tók þátt í árlegri námskynningu Háskóla Íslands, háskóladeginum, í febrúar ásamt öðrum deildum fræðasviðsins. Flestar námsbrautirnar endurgerðu kynningarbæklinga sína á árinu. Unnið var markvisst að endurskoðun og uppfærslu heimasíðu deildarinnar á árinu.

## Rannsóknir og alþjóðasamskipti

Kennarar við deildina reka öflugt rannsóknastarf, bæði sem einyrkjar og í samstarfi við aðra aðila, innlenda sem erlenda. Mörg þessara rannsóknaverkefna hafa hlotið styrki, bæði erlenda og innlenda.

Í tengslum við rannsóknir sínar reka fjölmargir rannsóknasetur/-stofur sem heyra undir Félagsvísindastofnun. Félags- og mannvísindadeild er ein af þremur deildum fræðasviðsins sem á aðild að Félagsvísindastofnun.

Deildin hélt sitt árlega málþing 10. apríl. Umfjöllunarefnið að þessu sinni var: Er ójöfnuður í háskólasamfélaginu? Stefán Hrafn Jónsson og Snæfríður Þóra Egilson héldu erindi og kennarar deildarinnar sátu í pallborði. Fundarstjóri var Helgi Gunnlaugsson deildarforseti.



## Námsbraut í félagsfræði

Helstu rannsóknasvið námsbrautar í félagsfræði eru m.a. atvinnulífsfræði, afbrotafræði, birtingarmyndir valds, frávikshegðun, fátækt, félagsleg lagskipting, félagslegt hlutverk fjölmiðla, kynjafræði, lífskjör og lífshættir, lýðheilsa, margbreytileiki, námsárangur, neysla, ofbeldi, staða eldra fólks, ungt fólk, vinnuskipulag og vinnutengd líðan, vinnumarkaður, þróun velferðar og þjóðfélagsbreytingar.

Þann 21. maí var haldin var málstofa þar sem nýdoktorar í félagsfræði kynntu niðurstöður doktorsritgerða sinna.

Erik Olin Wright, prófessor við Wisconsin háskóla í Bandaríkjunum, hélt fyrirlestur 22. október á vegum námsbrautarinnar.

Kennarar tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum.

## Námsbraut í fötlunarfræði

Helstu rannsóknasvið námsbrautar í fötlunarfræði varða mannréttindi, menningu, börn og ungmenni, fjölskyldur, sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð, valdatengsl, kynferði, ofbeldi, fjölmenningu, atvinnumál, aðgengi og algilda hönnun. Áhersla er á þverfræðilega nálgun í rannsóknum.

Kennarar námsbrautarinnar tóku þátt í fjölmörgum alþjóðlegum og innlendum samstarfsverkefnum. Námsbrautin er í samstarfi við nokkra erlenda háskóla um nemenda- og kennaraskipti.

## Námsbraut í mannfræði

Helstu rannsóknasvið námsbrautar í mannfræði tengjast hnattvæðingu, fjölmenningarlegum samfélögum, hugmyndum um kynþætti og þjóðerni, mannfræði stjórnmála, kynjamannfræði, fjölskyldutengslum og börnum, mannfræði skynjunar, efnismenningar og lista, vistfræðilegri mannfræði, heilsumannfræði, líffræðilegri mannfræði og alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Rannsóknir snúa aðallega að Íslandi, Afríku, norðurslóðum og Eyjaálfu.

Gestir námsbrautarinnar á árinu voru m.a. Dimitrios Dalakoglou, lekor við University of Sussex í Englandi, Kelvin E.Y. Low, dósent og varadeildarforseti félagsvísindadeildar við National University of Singapore, Irina Kucherova, nýdoktor við þjóð- og mannfræðistofnun vísindaakademíu Rússlands.

Kennarar tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Má þar nefna verkefnin COST – Action Disaster Bioethics, verkefnið The European Humanitarian Action Partnership Project (EUHAP), MOCHA – Models of Child Health Appraised, vald- og lýðræðisverkefni Félagsvísindasviðs, Domestication in the Arctic, Arctic Encounters – Contemporary Travel/Writing in the European High North, Leisure Practices and Perception of Nature – Polish Tourists and Migrants og Íslensk sjálfsmynd í kreppu.

Námsbrautamenn birtu m.a. greinar í virtum innlendum og erlendum tímaritum, t.d. Ritinu, Stjórnmálum og stjórnsýslu, Social Anthropology, National Identities, NORA og Nordic Journal of Feminist and Gender Research.

Kristín Loftsdóttir var á árinu gestafræðimaður við Háskólann í Graz í Austurríki og mannfræðistofnun austurrísku vísindaakademíunnar.

## Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf

Helstu rannsóknaverkefni námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf beindust að starfsáhuga og persónuleikaþróun, námsferli og námsgengi ungmenna og samanburði á skólakerfum, lífshönnun (life design) unglinga, félagslegum áhrifum á starfsferil út frá ólíkum kenningum og greiningu á starfshyggjuviðtölum (career construction interviews).

Kennarar við námsbrautina tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Námsbrautin er þátttakandi í samstarfsneti háskóla á Norðurlöndunum um nám í náms- og starfsráðgjöf.

Uppskeruhátíð námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf og Félags náms- og starfsráðgjafa var haldin í október. Yfirskriftin var: Lykill að farsælli skólagöngu fjölbreytts nemendahóps.

Raimo Vuorinen frá Háskólanum í Jyväskylä í Finnlandi var gestadósent við námsbrautina.

## Námsbraut í upplýsingafræði

Helstu rannsóknasvið námsbrautar í upplýsingafræði voru á árinu þróun í upplýsingahegðun, rafræn miðlun upplýsinga og þekkingar, hindranir við öflun og miðlun upplýsinga, upplýsingalæsi, upplýsingafræði og heilsuefling, upplýsingahegðun eldri borgara, stuðningur aðstandenda við upplýsingahegðun eldri borgara, upplýsingahegðun aðstandenda fólks með heilabilun, upplýsinga- og skjalastjórn, rafræn skjalastjórnarkerfi, gæðastjórnun, þekkingarstjórnun, rafræn samskipti, flokkunarvísindi og flokkunarkenningar.

Kennarar tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Auk innlendra rannsóknaverkefna, sem kennara greinarinnar sinna, tók Ágústa Pálsdóttir, prófessor og námsbrautarstjóri, þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni, Ageism – A Multi-National, Interdisciplinary Perspective (Action IS1402), á vegum COST-áætlunar Evrópusambandsins. Einnig tók Ágústa þátt í kennaraskiptaáætlun Erasmus-áætlunarinnar og fékk styrk til að fara í tvær heimsóknir, til Háskólans í Riga í Lettlandi og til Transilvaníuháskóla í Brasov í Rúmeníu.

Námsbrautin er þátttakandi í NORSLIS (Nordic Research School in Information Studies), sem er samstarfsnet um doktorsnám í greininni við háskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

## Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði

Helstu rannsóknasvið námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði eru hversdagsmenning, þjóðfræði samtímans, menningararfur, menningarpólitík, höfundarréttur á höfundarlausu efni, leiklist, sviðslistafræði, þjóðsagnir, norræn trú, hátíðir, söfn, samfélag og safnkenningar, fjölmiðlun frumbyggja, dauðinn, sjónræn menning og sjónrænar kenningar.

Tvær bækur komu út á árinu í ritstjórn kennara námsbrautarinnar. Á haustmánuðum voru opnaðir tveir stórir vefir, annars vegar vefur um Sigurð Guðmundsson málara og Kveldfélagið (https://sigurdurmalari.hi.is/) og hins vegar aðgangur að Sagnagrunninum á ensku (http://sagnagrunnur.com/en/). Rannsóknasetur í safnafræði stóð að málþingi í febrúar undir yfirskrifinni Torfhús sem menningararfur.

Á vormisseri var Valdimar Tr. Hafstein gestaprófessor við deild menningarverndar við Gautaborgarháskóla. Hann var endurkjörinn forseti SIEF, Evrópusamtaka þjóðfræðinga, sem stóð að stórri fjölþjóðlegri ráðstefnu í Zagreb í Króatíu í júní.

Tveir erlendir kennarar komu á vegum Erasmus-áætlunarinnar og kenndu námskeið í þjóðfræði á árinu. Pernille Hermann, dósent við Árósarháskóla, kenndi námskeiðið Minnisfræði og munnlegar

frásagnir í janúar og Anneli Palmsköld, dósent við Gautaborgarháskóla, kenndi í ágúst námskeiðið Retró, antík, sjabbísjík: Hvernig hlutir ganga aftur og öðlast/tapa gildi. Þá var þjóðfræðingurinn Mateja Habinc, frá Háskólanum í Ljubljana í Slóveníu, gestur námsbrautarinnar í október. Á haustmisseri kenndi Tok Thompson, prófessor í mannfræðideildinni og yfirmaður aukagreinar í þjóðfræði og alþýðumenningu við University of Southern California í Los Angeles og ritstjóri tímaritsins Western Folklore, tvö námskeið í þjóðfræði fyrir milligöngu Fullbright-áætlunarinnar: námskeiðin voru Goðsagnir mannkyns og Stafrænt samfélag: Alþýðumenning á Internetinu.

# Félagsráðgjafardeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var í höndum deildarforseta og deildarfundar. Á árinu gegndi Sigurveig H. Sigurðardóttir dósent starfi deildarforseta og Steinunn Hrafnsdóttir dósent starfi varadeildarforseta.

Haldnir voru sjö deildarráðsfundir á árinu og sex deildarfundir.

Deildarstjóri var Stella Vestmann en starfi verkefnisstjóra gegndu Fríða Björk Arnardóttir og Kristín Una Friðjónsdóttir fram í byrjun október en þá var Helga J. Kristjánsdóttir ráðin nýr verkefnastjóri. Deildarskrifstofa er í Gimli en skrifstofur kennara eru í Odda. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er starfrækt af Félagsráðgjafardeild í samvinnu við samstarfsaðila á vettvangi og heyrir undir Félagsvísindastofnun. Deildin er einn stofnaðila Fræðaseturs þriðja geirans og er einnig ein þriggja deilda á Félagsvísindasviði sem standa að Félagsvísindastofnun.

Félagsráðgjafardeild átti aðila í eftirfarandi nefndum, til viðbótar við nefndir Félagsvísindasviðs: stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands og sérfræðinefnd og matsnefnd um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf (sem báðar starfa skv. reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf nr. 555/1999).

## Starfsmenn

Við lok ársins störfuðu einn prófessor, þrír dósentar og átta lektorar við deildina í alls 10,6 stöðugildum, auk átta aðjunkta í hlutastarfi í samtals 2,0 stöðugildum. Á skrifstofu deildarinnar störfuðu deildarstjóri og tveir verkefnisstjórar í alls rúmlega tveimur og hálfu stöðugildi. Auk þessa störfuðu við deildina fjölmargir stunda- og starfsþjálfunarkennarar.

Breytingar á starfsmannahaldi á árinu voru þessar: Guðbjörg Ottósdóttir var ráðin í 100% stöðu lektors frá 1. september.

## Nám og kennsla

Við Félagsráðgjafardeild voru í boði eftirfarandi námsleiðir á árinu: félagsráðgjöf til BA-prófs, félagsráðgjöf til starfsréttinda til MA-prófs, félagsráðgjöf til MA-prófs, fjölskyldumeðferð til MA-prófs, öldrunarfræði til MA-prófs, samnorrænt nám í öldrunarfræði til MA-prófs (NordMaG), diplómanám í öldrunarþjónustu, diplómanám í áfengis- og vímuefnamálum og diplómanám í barnavernd, ásamt doktorsnámi í félagsráðgjöf.

Í árslok voru skráðir nemendur við deildina 435 talsins, þar af voru 276 grunnnemar og 159 framhaldsnemar.

Móttaka nýnema í grunn- og framhaldsnámi var haldin í upphafi beggja kennslumissera. Sveinbjörg María Dagbjartsdóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda, stýrði mentorakerfi til stuðnings

nýnemum við deildina. Deildin bauð öllum nýnemum deildarinnar að nýta sér þjónustu mentora sem aðstoða nýnema við að fóta sig í háskólanum fyrsta árið.

### Doktorsnám

Við deildina voru skráðir 3 doktorsnemar á árinu. Haldnar voru reglulegar málstofur doktorsnema og annarra framhaldsnema í tengslum við rannsóknaverkefni þeirra og komu erlendra sérfræðinga til landsins.

### Rannsóknir

Kennarar Félagsráðgjafardeildar stunda rannsóknir á ýmsum sviðum, s.s. á sviði aðferða- og matsfræða, barnaverndar, skólafélagsráðgjafar, velferðar- og fjölskyldurannsókna, öldrunarfræða og þriðja geirans. Þeir eru virkir þátttakendur í rannsóknastarfi bæði hérlendis og á alþjóðlegum vettvangi, m.a. norrænum öndvegissetrum á sviði velferðarrannsókna: REASSESS og Nordwell. Félagsráðgjafardeild er einnig aðili að ÍSFORSA, sem er félag um rannsóknir á sviði félagsráðgjafar á sviði félagsráðgjafar á Íslandi. Loks voru kennarar við deildina þátttakendur í ýmsum alþjóðlegum rannsóknaverkefnum.

### Alþjóðasamskipti

Tveir grunnnemar í félagsráðgjöf fóru til skiptináms á árinu, annar til Þýskalands og hinn til Svíþjóðar. Félagsráðgjafardeild er aðili að átta samstarfsnetum Nordplus-áætlunarinnar. Deildin er aðili að Nordisk Organisasjon for Utdanninger i Sosialt Arbeid (NOUSA), European Association of Schools of Social Work (EASSW) og International Association of Schools of Social Work (ISSAW). Þá er deildin aðili að FORSA (Samtökum um rannsóknir í félagsráðgjöf á Norðurlöndum).

### Gæðamál

Árið 2013 var viðamikil gæðaúttekt unnin á námsleiðum deildarinnar þar sem áhersla var lögð á sjónarhorn nemenda. Á árinu 2015 var áfram unnið að ýmsum úrbótum á grundvelli niðurstaðna gæðaúttektarinnar. Að auki hélt deildin reglulega málstofur með grunnnemum annars vegar og hins vegar með framhaldsnemum deildarinnar. Þá eru jafnframt haldin námskeið á hverju ári fyrir starfsþjálfunarkennara deildarinnar.

Á árinu fóru fram starfsmannasamtöl við akademíska starfsmenn deildarinnar.

### Ráðstefnur og málstofur

Félagsráðgjafardeild stendur að málstofum í samvinnu við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd sem haldnar eru að jafnaði einu sinni í mánuði. Sjá nánar í yfirlitskafla um Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

## Hagfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var í höndum deildarforseta og deildarfunda. Tór Einarsson var forseti Hagfræðideildar og Gylfi Zoëga varaforseti.

Haldnir voru átta deildarfundir á árinu.

## Skrifstofa

Á skrifstofu deildarinnar, sem er rekin sameiginlega með Viðskiptafræðideild, störfuðu á árinu deildarstjóri í 100% starfi, þrír verkefnastjórar í 100% starfi og einn í 50% starfi, auk verkefnastjóra kynningarmála.

## Starfsmenn

Marías H. Gestsson lektor fékk launalaust leyfi á tímabilinu 1. ágúst 2015 til 31. júlí 2016 frá 50% starfi við Hagfræðideild og 50% starfi við Hagfræðistofnun. Á tímabilinu stundar Marías kennslu og rannsóknir við Árósaháskóla.

Aðrar breytingar voru ekki á kennaraliði deildarinnar.

## Nám og kennsla

Engar veigamiklar breytingar urðu á kennslufyrirkomulagi í deildinni frá fyrra ári. Inntökupróf (A-próf) var haldið í júní og ágúst, auk sérstaks stærðfræðiprófs. Heldur færri hófu nám í deildinni en árið áður.

Kennarar deildarinnar birtu reglulega greinar í alþjóðlegum tímaritum á árinu.

## Doktorsvörn

Ein doktorsvörn fór fram á árinu við deildina. Annan júní varði Axel Hall doktorsritgerð sína Taxes and Employment in the Nordic Countries (Skattar og atvinna á Norðurlöndunum). Leiðbeinandi hans var Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði. Í doktorsnefndinni voru, auk Gylfa, Þórólfur Matthíasson, prófessor við Hagfræðideild, og Vidar Christiansen, prófessor í hagfræði við Oslóarháskóla. Andmælendur voru Torben M. Andersen, prófessor við Árósaháskóla, og Per A. H. Lundborg, prófessor við Stokkhólmsháskóla.

## Ráðstefnur og fyrirlestrar

**Málstofur Hagfræðideildar 2015**
Vormisseri

- 23. janúar. Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands: Sjúkratryggingar – Fjármögnun og hagkvæmni heilbrigðisþjónustunnar.
- 30. janúar. Viðar Ingason, hagfræðingur hjá VR: Neysla og kaupmáttarvísitölur.
- 6. febrúar. Hersir Sigurgeirsson: Mistök í skiptiútboði Íbúðalánasjóðs.
- 13. febrúar. Vilhjálmur Egilsson, rektor á Bifröst: Framtíð háskólanna.
- 20. febrúar. Magnús Pétursson, ríkissáttasemjari og fyrrverandi forstjóri Landspítalans: Á hvaða forsendum byggja stjórnvöld stefnu sína í heilbrigðisþjónustu?
- 27. febrúar. María Heimisdóttir, fjármálastjóri Landspítalans: Framleiðni í heilbrigðisþjónustu – Skiptir nýtt húsnæði máli?
- 6. mars. Gylfi Magnússon, dósent við Viðskiptafræðideild: Fleygur fjárhirðanna.
- 27. mars. Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar: Deilihagkerfið – Tækifæri og ógnanir.

- 10. apríl. Anna Gunnþórsdóttir, prófessor við hagfræðideild Vínarháskóla: Eru Íslendingar samvinnuþýðari en aðrar þjóðir?
- 17. apríl. Sveinn Valfells eðlisfræðingur: „Myntslátta úr megavöttum“.
- 8. maí. Helgi Tómasson, prófessor við Hagfræðideild: Bayesískar nálganir á tímaraðalíkönum í samfelldum tíma
- 22. maí. Neal Stoughton, prófessor við Hagfræði- og viðskiptafræðiháskólann í Vín: Hegðun sjóðstjóra þriggja sjóða.

Haustmisseri

- 4. september. Hallgrímur Snorrason: Grískar hagtölur og efnahagsframvinda undanfarin ár.
- 18. september. Vidar Christiansen: Endogenous Wages and Optimal Taxation with Emphasis on a Unionised Economy.
- 9. október. Katrín Anna Guðmundsdóttir: Kynjuð fjárlagagerð.
- 22. október. Ásdís Kristjánsdóttir: Hvert liggur leiðin? Fjármálastefna hins opinbera.
- 6. nóvember. Ólafur Klemensson og Ögmundur Knútsson: Umbreytingar og endurskipulagning í íslenskum sjávarútvegi seinustu 25 árin.
- 13. nóvember. Helgi Tómasson: Hugleiðing um orsakasambönd.
- 27. nóvember. Erna Bjarnadóttir: Hvað segja bændur?

# Hagfræðistofnun

## Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Hagfræðistofnun sinnir rannsóknum og þjónustuverkefnum á sviði hagfræði. Í stjórn stofnunarinnar voru á árinu: Ragnar Árnason prófessor, formaður fram í desembermánuð, Brynhildur Davíðsdóttir prófessor, Ásgeir Jónsson dósent, Óttar Guðjónssoon framkvæmdastjóri og Kristófer Már Maronsson, fulltrúi Ökonomíu, félags hagfræðinema við Háskóla Íslands. Í desember tók Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs, við stjórnarformennsku af Ragnari. Gunnar Haraldsson gegndi starfi forstöðumanns á árinu. Aðrir fastir starfsmenn voru Anna Guðrún Ragnarsdóttir, Jónas Hlynur Hallgrímsson, sem hætti um mitt ár, Marías H. Gestsson, sem fór í leyfi um mitt ár, Sigurður Jóhannesson og Þráinn Eggertsson prófessor. Þá starfaði á stofnuninni á seinni hluta ársins Ásgeir Friðrik Heimisson, sem lauk BS-prófi í hagfræði á árinu. Fastir kennarar við Hagfræðideild hafa einnig iðulega tekið þátt í ýmsum verkefnum stofnunarinnar.

## Rannsóknir

Hagfræðistofnun á aðild að alþjóðlegum rannsóknaverkefnum á sviði auðlindamála, auk þess sem hún hefur unnið að ýmsum innlendum rannsóknaverkefnum. Á árinu var unnið að stórum verkefnum á sviði loftslagsmála. Lokið var við úttekt á mjólkurframleiðslu á Íslandi og haldið áfram að kanna svæðisbundinn hagvöxt hér á landi. Könnuð voru efnahagsleg áhrif af styttingu framhaldsnáms og þjóðhagsleg staða áliðnaðar var skoðuð. Þá tók stofnunin þátt í kostnaðar- og ábatagreiningu á gerð flugvallar í Hvassahrauni.

# Lagadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var í höndum deildarforseta og deildarfundar. Í upphafi árs var Eyvindur G. Gunnarsson prófessor forseti Lagadeildar og Hrefna Friðriksdóttir dósent varaforseti deildarinnar.

Haldnir voru níu deildarfundir á árinu.

## Starfsmenn

Við deildina voru 25 fastráðnir kennarar í árslok: níu prófessorar, þar af átta í fullu starfi, tíu dósentar, þar af sex í fullu starfi og fjórir lektorar í hlutastarfi. Þá voru fjórtán aðjunktar við deildina samkvæmt „gamla“ aðjunktakerfinu.

Hrefna Friðriksdóttir fékk framgang í starf prófessors við Lagadeild frá 1. júlí 2015. Hafsteinn Þór Hauksson, Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson fengu framgang í starf dósents við deildina frá sama tíma.

Á skrifstofu Lagadeildar störfuðu þrír starfsmenn, deildarstjóri og tveir verkefnastjórar.

## Nám og kennsla

Í Lagadeild er boðið upp á þriggja ára nám til BA-prófs í lögfræði (180e). Að loknu BA-prófi er boðið upp á 120 eininga framhaldsnám til meistaraprófs í lögfræði og útskrifast nemendur með lærdómstitilinn Magister Juris.

Meistaranemar sinna umræðu- og verkefnatímum í öllum BA-námskeiðum við deildina og geta fengið aðstoðarkennsluna metna til allt að 6 eininga í meistaranámi sínu.

LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law er sérhæft 90 eininga meistaranám í alþjóðlegum umhverfisrétti og auðlindarétti. Námið fer fram á ensku.

Lagadeild og Viðskiptafræðideild standa saman að þverfaglegu meistaranámi í skattarétti og reikningshaldi. Námið veitir fræðilega menntun á sviðum er snerta skattamál og reikningsskil. Námið er til 90 eða 120 eininga.

## Doktorsnám

Lagadeild býður upp á 180 eininga doktorsnám í lögfræði og við lok árs 2015 voru átta nemendur skráðir í doktorsnám við deildina.

Lagadeild Háskóla Íslands og Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla standa að sameiginlegri doktorsgráðu í lögfræði. Boðið er upp á þriggja ára doktorsnám á ensku. Þeir doktorsnemar sem valdir eru í námið sinna rannsóknum í tvö ár við annan háskólann og eitt ár við hinn. Nemendur eru valdir á grundvelli alþjóðlegrar auglýsingar og mats sérstakrar matsnefndar á vegum deildanna.

**Doktorsvarnir**
Engin doktorsvörn fór fram á árinu við deildina.

## Samstarf um sumarskóla

Haldinn var fimm vikna sumarskóli á vegum Lagadeildar og og Ohio Northern University á grundvelli samtarfssamnings frá 2014 en námið er viðurkennt af American Bar Association. Fyrirlestra héldu bæði íslenskir og amerískir fyrirlesarar og kennd voru þrjú námskeið, þar af eitt í umsjón kennara við Lagadeild. Alls sóttu 15 nemendur sumarskólann, þar af fimm íslenskir.

## Nefndir og ráð

Við Lagadeild starfa bæði rannsóknanámsnefnd og námsnefnd. Í rannsóknanámsnefnd eru þrír fastir kennarar deildarinnar og í námsnefnd tveir, auk eins fulltrúa nemenda.

## Gæðamál

Í júní 2015 var öðru sinn haldið inntökupróf (aðgangspróf) fyrir umsækjendur um nám við deildina.

Nýnemum Lagadeildar býðst, eins og öðrum nýnemum á Félagsvísindasviði, að taka þátt í mentoraverkefni sem felst í því að nemendur á 3.–5. ári taka að sér hóp nýnema að hausti og veita þeim leiðsögn við upphaf laganáms.

Lagadeild fundar árlega með meistaranemum sem brautskrást frá deildinni, aðstoðar þá við atvinnuleit og virkjar þá til þátttöku í Hollvinafélagi deildarinnar.

## Rannsóknir

Lagastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr eru vísindalegar rannsóknastofnanir sem heyra undir Lagadeild.

Kennarar deildarinnar voru afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Þeir tóku þátt í fjölmörgum málstofum, fundum og ráðstefnum á vegum deildarinnar og Lagastofnunar. Þá voru kennarar deildarinnar framsögumenn á ýmsum málstofum annarra deilda Háskóla Íslands, á lagadegi Lögfræðingafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands, á vegum Orators, félags laganema og á ráðstefnum erlendis.

## Alþjóðasamskipti

Lagadeild starfar í þremur samstarfsnetum um lögfræðileg efni, Nordplus-laganetinu og tveimur netum lagadeilda innan Erasmus-áætlunarinnar, þ.e. ELPIS (European Legal Practice Intergrated Studies) og Rotterdam Law Net. Alþjóðafulltrúi Lagadeildar sækir árlega fundi á þeirra vegum.

Lagadeildin er í samstarfi við lagadeild Háskólans í Árósum og koma árlega þaðan gestakennarar í námskeiðinu Alþjóðlegur skattaréttur. Þá koma kennarar frá bæði Árósum og Kaupmannahöfn og kenna í meistaranámskeiðum í refsirétti.

Á árinu stunduðu 24 íslenskir laganemar skiptinám við erlenda háskóla, auk þess sem deildin tók á móti 38 erlendum skiptinemum.

## Málstofur, málþing, fræðafundir og ráðstefnur

Í tengslum við Lagadeild starfa eftirtaldar stofnanir: Lagastofnun, Mannréttindastofnun og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Stofnanirnar halda árlega málþing og ráðstefnur.

# Lagastofnun

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð árið 2015: Ragnheiður Bragadóttir prófessor, formaður, Maria Elvira Mendez Pinedo prófessor, Hrefna Friðriksdóttir prófessor, Helgi Áss Grétarsson dósent og Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson laganemi, meðstjórnendur. Hafsteinn Þór Hauksson var varamaður.

Forstöðumaður í fullu starfi var María Thejll hdl. og Arnaldur Hjartarson lögfræðingur var í 100% stöðu sérfræðings í fjármálarétti við stofnunina til 1. september en í 50% stöðu frá þeim tíma út árið.

Megináhersla í starfi stofnunarinnar á árinu var lögð á:

- að treysta endurmenntunarnámskeið í lögfræði í sessi til að styrkja tekjugrundvöll stofnunarinnar,
- fræðslu, aðstoð, hvatningu og styrki til að auka sókn í rannsóknastyrki,
- að vinna að því að koma á fót rannsóknastöðu í hugverkarétti um áramótin 2015–2016.

## Fjármál

Lagastofnun er að hluta til fjármögnuð af sjálfsaflafé: námskeiðsgjöldum, samstarfssamningum, lögfræðilegum þjónusturannsóknum, útgáfu, styrkjum sem stofnunin aflar, ráðstefnuhaldi og öðrum tilfallandi framlögum. Árið 2015 var velta Lagastofnunar og rannsóknaverkefna sem undir hana heyra um 29,3 milljónir króna.

## Rannsóknir og verkefni

Árið 2015 var seinna ár tveggja ára samstarfssamnings Lagastofnunar og Fjármálaeftirlitsins um rannsóknir á sviði fjármálaréttar og veitti Fjármálaeftirlitið styrk til verkefnisins að upphæð um 8 millj.kr. hvort ár. Var samningnum breytt þannig að starfshlutfall starfsmanns breyttist í 50% frá og með 1. september 2015 til og með 30. apríl 2016.

Þrjár rannsóknastofur heyra undir Lagastofnun en þær eru í Evrópurétti, refsirétti og umhverfis- og auðlindarétti.

## Kynningarstarfsemi

Stofnunin lagði áherslu á að viðhalda nýrri heimasíðu sem opnuð var formlega í nóvember 2014. Lögð var áhersla á að gera rannsóknaverkefni fræðimanna Lagadeildar, sem um leið eru allir starfsmenn Lagastofnunar, aðgengilegri og sýnilegri en áður. Heimasíða stofnunarinnar er: http://lagastofnun.hi.is/.

## Málstofur, fræðafundir og ráðstefnur

Haldnir voru þrír opnir fundir á vegum stofnunarinnar á árinu, þar af einn í samvinnu við Heimspekistofnun og annar í samvinnu við Advel – lögmenn. Tveir erlendir fyrirlesarar komu til landsins í tilefni fundanna.

- 4. mars. Kristinn M. Reynisson, doktorsnemi við lagadeild Háskólans í Árósum: Stjórnarhættir fyrirtækja. Kristinn fjallaði um hvar mörk löggjafarvaldsins liggja við innleiðingu góðra stjórnarhátta í fyrirtækjum og velti upp spurningunni hvort þess sjáist merki, þ.m.t. utan Íslands, að handhafar löggjafarvaldsins hafi gefið til kynna hvaða stjórnarhættir geti talist „góðir“!

- 15. apríl. Christoph Van der Elst, prófessor við Tilburg-háskóla í Hollandi og Gent-háskóla í Belgíu: Shareholder activism and corporate response – Virkt eftirlit hluthafa. Van des Elst fjallaði m.a. um að eftirlit hluthafa í evrópskum hlutafélögum hefur verið að aukast. Hvaða hluthafar eru það sem helst virkja slíkan rétt til að verja hagsmuni sína? Hvernig geta hluthafar komið á framfæri óánægju sinni með stjórn og framkvæmdastjórn og hvernig geta fyrirtæki brugðist við? Fundurinn var haldinn í samvinnu við Advel – lögmenn.
- 13. maí. Andrei Marmor, prófessor í heimspeki og lögum við Cornell University: Um handahófskennt endurskoðunarvald dómstóla. Marmor fjallaði um ein meginrökin fyrir endurskoðunarvaldi dómstóla, að slíkt vald sé nauðsynlegt svo að setja megi skorður því lagalega og pólitíska valdi sem lýðræðisleg löggjafarferli veita meirihlutanum. Marmor lýsti yfir efasemdum um ágæti slíkra raka og færði rök fyrir því að eins og málum er í reynd háttað, að minnsta kosti í Bandaríkjunum, sé siðferðilega séð lítill sem enginn munur á fyrirkomulagi endurskoðunarvalds dómstóla og eins konar happdrættisfyrirkomulagi sem setti valdi meirihlutans skorður með algjörlega handahófskenndum hætti. Sé það rétt, stenst ein meginréttlætingin fyrir endurskoðunarvaldi dómstóla á endanum ekki, í það minnsta ekki í reynd. Fundurinn var haldinn í samvinnu við Heimspekistofnun Háskóla Íslands.

### Rekstur Mannréttindastofnunar

Samkvæmt samningi Lagastofnunar við Mannréttindastofnun Háskóla Íslands sinnir Lagastofnun almennri framkvæmdastjórn fyrir Mannréttindastofnun og forstöðumaður Lagastofnunar er jafnframt forstöðumaður Mannréttindastofnunar. Gerð er grein fyrir starfsemi Mannréttindastofnunar í sérstökum kafla um hana.

### Annað

Lagastofnun hélt ellefu endurmenntunarnámskeið fyrir lögfræðinga og sjálfstætt starfandi lögmenn, dómara og aðra sérfræðinga á árinu, þar af voru tvö námskeiðanna tveggja daga námskeið. Heildarfjöldi námskeiðsdaga var því sá sami og árið á undan, eða þrettán. Miðað við hversu aðsókn hefur verið góð er greinilegt að áfram er þörf á námskeiðum af þessu tagi.

## Rannsóknastofa í Evrópurétti

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í Evrópurétti hefur starfað innan Lagastofnunar frá 2009. Í stjórn stofunnar eru: M. Elvira Mendez Pinedo prófessor, formaður, Stefán Már Stefánsson prófessor og Dóra Guðmundsdóttir aðjunkt. Hlutverk stofunnar er m.a. að skipuleggja og framkvæma vísindalegar rannsóknir á öllum sviðum Evrópuréttar og EES-réttar.

### Rannsóknir

Á árinu lauk eftirgreindum rannsóknaverkefnum:

M. Elvira Mendez Pinedo:

- Tras la crisis financiera y económica: la precariedad de deudores hipotecarios desde una perspectiva de Derecho europeo.
- Country report Iceland. Verkefnið var unnið með Irinu Domurath.

- Crisis, sobre-endeudamiento y exclusión social de deudores hipotecarios: luces y sombras del Derecho europeo.

Dóra Guðmundsdóttir:
- A Renewed Emphasis on the Charter's Distinction Between Rights and Principles: Is a Doctrine of Judicial Restraint More Appropriate?
- Speaking the Same Language? Comparing Judicial Restraint at the ECtHR and the ECJ . Verkefnið var unnið með Oddnýju Mjöll Arnardóttur.

Stefán Már Stefánsson:
- Frjálsar fjármagnshreyfingar innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

# Rannsóknastofa í refsirétti

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í refsirétti var stofnuð á árinu 2014. Á vegum rannsóknastofunnar eru stundaðar fræðilegar rannsóknir í refsirétti, með tengslum við afbrotafræði og refsipólitík.

Í stjórn stofunnar voru á árinu: Ragnheiður Bragadóttir prófessor, formaður, Jónatan Þórmundsson prófessor emeritus og Jón Þór Ólason hdl. og lektor.

## Rannsóknir

Á árinu lauk eftirgreindum rannsóknaverkefnum:
Ragnheiður Bragadóttir:
- Nauðgun. Birtist í Ritröð Lagastofnunar Háskóla Íslands nr. 14.
- Nye lovændringer og strafudmåling for seksualforbrydelser mod børn. Birtist í Kriminalistiske pejlinger – Festskrift til Flemming Balvig.

Verkefni sem unnið var að á árinu en er ólokið:
Ragnheiður Bragadóttir:
- Norræn refsilögsaga – Samnorrænt rannsóknarverkefni sem fjallar um réttarreglur um refsilögsögu á Norðurlöndum.
- Norrænn refsiréttur frá sjónarhóli kvenna – Óformlegt rannsóknarsamstarf norrænna kvenna í refsirétti, stofnað 2011, að frumkvæði sænskra fræðikvenna.
- Kynferðisbrot – Löggjöf og dómaframkvæmd. Rannsóknin beinist að ákvæðum íslensks réttar um kynferðisbrot og refsingum fyrir brotin með samanburði við norrænan rétt.
- Umhverfisrefsiréttur. Rannsóknin beinist að réttarreglum sem veita umhverfinu refsivernd og viðurlögum fyrir brot á reglunum.

# Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti hóf starfsemi vorið 2010. Hlutverk stofunnar er m.a. að stunda fræðilegar rannsóknir á sviði innlends og alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. á rétti Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Í stjórn stofunnar voru á árinu: Helgi Áss Grétarsson dósent, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Harpa Þórunn Pétursdóttir, lögmaður hjá BBA.

## Rannsóknir

Verkefni sem unnið var að á árinu en er ólokið:
Aðalheiður Jóhannsdóttir:

- Inngangur að skipulagsrétti, lagarammi og réttarframkvæmd. Útgáfa áætluð 2016.
- Íslenskur umhverfis- og náttúruauðlindaréttur. Útgáfa áætluð 2017.
- Legal Frameworks for Fish Farming in Iceland. Birting áætluð 2016 (samevrópskt verkefni).

Helgi Áss Grétarsson:

- Í ársbyrjun 2015 fékkst styrkur frá Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar til að skrifa meistararitgerð um íslenskar og evrópskar meginreglur um flutningskerfi raforku. Verkefnið verður unnið undir umsjón Helga Áss Grétarssonar. Áætlað er að ritgerðin verði varin vorið 2016.

## Annað

Alexander N. Vylegzhanin, prófessor og deildarforseti alþjóðadeildar Moscow State Institute of International Relations, heimsótti Lagastofnun í boði Rannsóknastofu í umhverfis- og auðlindarétti föstudaginn 16. október sl. Vylegzhanin fjallaði um stefnu Rússlands í norðurskautsmálum en hann var staddur á landinu til að taka þátt í ráðstefnunni Arctic Circle 15.–18. október 2015 – The Arctic High Seas Sessions.

# Mannréttindastofnun

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Mannréttindastofnunar var þannig skipuð á árinu: Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Lagadeild, formaður, Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild, Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri við héraðsdóm Reykjaness, og Ásgerður Ragnarsdóttir hdl., meðstjórnendur. Varamenn í stjórn voru Hilmar Magnússon hrl. og Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild.

Forstöðumaður í hlutastarfi var María Thejll hdl., forstöðumaður Lagastofnunar.

Megináhersla í starfi stofnunarinnar á árinu var lögð á að:

- vinna að fjármögnun nýrra rannsóknaverkefna,
- fjármagna og undirbúa endurútgáfu ritsins Mannréttindasáttmáli Evrópu – Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt,
- ný heimasíða stofnunarinnar yrði tekin í notkun.

## Rannsóknir

**Rannsóknin LAWMEDIA Network**
Á árinu fékkst styrkur til þátttöku í Nordplus-netinu LAWMEDIA NETWORK, þar sem fjallað er um tjáningarfrelsi og er það unnið í samvinnu við háskólana í Tallinn, Tampere og Lettlandi. Um er að ræða samstarfsverkefni fræðimanna og sérfræðinga á sviði löggjafar og fjölmiðla til að rannsaka þá þætti sem mestu máli skipta varðandi tjárningarfrelsi og koma með tillögur sem miða að því að vernda tjáningarfrelsi og rétt fólks til einkalífs í hinu nýja alþjóðlega fjölmiðlaumhverfi. Eiríkur Jónsson, prófessor við Lagadeild, leiðir teymi íslensku þátttakendanna.

**Rannsókn á réttindum sjúklinga**
Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu og markmiðið með því er að kortleggja réttindi sjúklinga í aðildarríkjum ESB, í Noregi og á Íslandi. Áhersla var ekki einungis á lögfest réttindi til heilbrigðis-þjónustu heldur einnig réttindi sjúklinga sem neytenda, svo sem reglur um upplýsingagjöf, val, kvörtunarferli og rétt til bóta. Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Lagadeild, stýrði verkefninu.

**Hælisleitendur og flóttamenn – Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu**
Rannsókn, sem unnin var með styrk frá ERASMUS+ áætluninni, á lagalegri stöðu innflytjenda á Íslandi og því hvernig íslensk löggjöf samrýmist alþjóðlegum skuldbindingum á þessu sviði lauk á árinu. Starfsneminn Tomasz Szewczyk vann rannsóknina og hafa rannsóknarniðurstöður verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

## Útgáfa

**Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu**
Að vanda eru reifanir valinna dóma Mannréttindadómstólsins, sem taldir eru hafa sérstakt gildi fyrir íslenskan rétt, birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Þótt samningur við innanríkisráðuneytið kveði aðeins á um birtingu dómareifana á heimasíðu stofnunarinnar í stað prentaðra hefta, sem áður var dreift til allra áskrifenda Tímarits lögfræðinga, er engu að síður gleðiefni að áfram verði mögulegt fyrir íslenska lögfræðinga og aðra sem áhuga hafa á mannréttindum að kynna sér á íslensku mikilvægustu dóma dómstólsins. Þá er einnig mikilvægt að laganemar fái tækifæri til að vinna við reifanirnar.

**Endurútgáfa ritsins Mannréttindasáttmáli Evrópu – Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt**
Á árinu aflaði stofnunin styrks frá utanríkisráðuneytinu til að hefja vinnu við endurútgáfu ritsins Mannréttindasáttmáli Evrópu – Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt, sem kom út árið 2005. Dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins hefur þróast og breyst mikið á þeim 10 árum sem liðin eru frá útgáfunni og mikilvægir viðaukar verið samþykktir við mannréttindasáttmálann. Áfram er samvinna um útgáfuna við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Stefnt er að útgáfu um áramótin 2016/2017.

Rafrænar reifanir má sjá á: http://stofnanir.hi.is/mannrettindastofnun/domareifanir_pdf.

## Fundir og ráðstefnur

28. janúar. Rafrænt eftirlit – Hvað má og hvað ekki? Á evrópska persónuverndardaginn, þann 28. janúar, var haldið málþing í samvinnu við Persónuvernd. Dagskrá var sem hér segir:

- Alma Tryggvadóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd: Rafrænt eftirlit og friðhelgi einkalífs – Hvar liggja mörkin?
- Bryndís Guðnadóttir, sérfræðingur á kjaramálasviði VR: Umkvörtunarefni starfsmanna sem sæta rafrænni vöktun í störfum sínum.

- Lárus M.K. Ólafsson, lögfræðingur hjá Samtökum verslunar og þjónustu: Rafræn vöktun með augum verslunarinnar.
- Ævar Einarsson, liðsstjóri UT-ráðgjafar hjá Deloitte: Nýir skilmálar Facebook – Persónuverndar-sjónarmið.
- Hjálmar Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra: Myndavélaeftirlit lögreglu á almannafæri – Hver er ávinningurinn með eftirlitinu og hvers má vænta í þágu almennings?
- Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri Seltjarnarnesbæjar: Reynsla og framkvæmd sveitarfélags af rafrænu eftirliti.
- Richard Yeo, hópstjóri fjarkönnunar hjá Veðurstofu Íslands: Drónar – Tækifæri og ógnir.

27. maí. Marie-Bénédicte Dembour, prófessor í lögfræði og mannfræði við Háskólann í Brighton í Englandi: Hverja er Mannréttindadómstól Evrópu ætlað að vernda? Erindið var haldið í samvinnu við innanríkisráðuneytið.

8. júní. Thorbjørn Jagland, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins: Öryggi í lýðræðisríkjum, eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans og áskoranir Evrópu. Erindið var haldið í samvinnu við utanríkisráðuneytið og Lögfræðingafélag Íslands.

## Annað

**Námskeið**
Dagana 26.–27. maí stóð Mannréttindastofnun fyrir námskeiðinu Methods of Human Rights Law Research fyrir doktorsnema í samvinnu við iCourts (the Danish National Research Foundation´s Centre of Excellence for International Courts) við Kaupmannahafnarháskóla. Færri komust að en vildu og þátttakendur komu víða að úr Evrópu. Kennarar voru Marie-Bénédicte Dembour, prófessor í lögfræði og mannfræði við Háskólann í Brighton, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við Lagadeild og fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, Mikael Rask Madsen, prófessor og forstöðumaður iCourts við lagadeild Kaupamannahafnarháskóla og Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Lagadeild og stjórnarformaður Mannréttindastofnunar.

**Vinnustofa – Glæpavæðing hælisleitenda**
Nokkrir fremstu sérfræðingar Norðurlandanna í flóttamannarétti komu saman á vinnustofu 8. október í Háskóla Íslands á vegum Mannréttindastofnunar og óstofnaðrar norrænnar stofnunar um málefni innflytjenda og flóttamanna. Fundurinn var styrktur af norræna sakfræðiráðinu.

# Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni

## Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni fram í september árið 2015 sátu: Hrefna Friðriksdóttir frá Lagadeild, formaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir frá Heilbrigðisvísindasviði, Gunnar E. Finnbogason frá Menntavísindasviði, Sigrún Júlíusdóttir frá Félagsráðgjafardeild og Vilhjálmur Árnason frá Hugvísindasviði.

Ný stjórn var skipuð í september 2015 og í henni sitja: Hrefna Friðriksdóttir frá Lagadeild, formaður, Vilhjálmur Árnason frá Hugvísindasviði, Jörgen Leonhard Pind frá Heilbrigðisvísindasviði, Annadís Gréta Rudolfsdóttir frá Menntavísindasviði og Sigurveig H. Sigurðardóttir frá Félagsráðgjafardeild.

Forstöðumaður í 50% starfi til 31. júlí var Þórhildur Líndal lögfræðingur, sem þá lét af störfum að eigin ósk. Gengið var frá samningi milli Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr og Lagastofnunar um að forstöðumaður Lagastofnunar tæki að sér framkvæmdastjórn Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr frá þeim tíma.

## Rannsóknir

Áfram var unnið að rannsóknaverkefninu Staða barna innan heilbrigðiskerfisins – Með áherslu á sjálfræði þeirra til þátttöku og ákvarðana í eigin málum. Stefnt er að því að ljúka verkinu haustið 2016.

Hrefna Friðriksdótir og Anni G. Haugen tóku þátt í norrænu rannsóknasamstarfi um barnahús á Norðurlöndum. Stefnt er að útgáfu bókar um efnið árið 2016 þar sem Hrefna og Anni munu skrifa kafla byggðan á rannsókninni sem lá til grundvallar ritinu Kynferðisofbeldi gegn börnum – Málsmeðferð innan réttarkerfisins og réttarvernd barna, sem kom út árið 2014. Hrefna Friðriksdóttir tók þátt í seminari sem haldið var til undirbúnings rannsókninni í Svíþjóð í október.

## Þátttaka í ráðstefnum og fleira

- Hrefna Friðriksdóttir og Anni G. Haugen héldu erindið Sexual Abuse and Child Friendly Justice – Challenges in Practice and Procedures hinn 13. apríl í málstofu á ráðstefnunni BASPCAN Congress 2015: New Directions in Child Protection and Wellbeing – Making a Real Difference to Children´s Lives, sem haldin var í Edinborg í Skotlandi. Erindið þær byggðu á ritinu Kynferðisofbeldi gegn börnum – Málsmeðferð innan réttarkerfisins og réttarvernd barna.
- 2. september. Tilgang til børn udsat for seksuelle overgreb. Hrefna Friðriksdóttir hélt hálfsdagsseminar fyrir starfsmenn réttarkerfisins í Grænlandi á semínari í Nuuk. Semínarið var haldið í samstarfi við NFBO – Nordisk Forening mot barnemishandling og omsorgssvikt. Hrefna byggði erindi sitt á ritinu Kynferðisofbeldi gegn börnum – Málsmeðferð innan réttarkerfisins og réttarvernd barna. Þátttakendur í semínarinu voru um 50 talsins.
- 11. nóvember. Rakel Þráinsdóttir, lögfræðingur hjá sýslumanninum á Suðurnesjum og starfsmaður starfshóps innanríkisráðherra hélt erindið Jöfn búseta barna sem búa á tveimur heimilum. Rakel fjallaði um nýlega skýrslu starfshóps sem innanríkisráðherra skipaði í samræmi við þingsályktunar-tillögu Alþingis. Starfshópnum var falið að kanna með hvaða leiðum mætti jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna með tilliti til réttinda, skyldna og skráningar sem fylgir lögheimili barns. Pallborðsumræður voru haldnar að loknu erindi og í þeim tóku þátt: Bóas Valdórsson, Guðríður Bolladóttir og Pálmi Þór Másson, sem voru í starfshópnum, auk Lilju Borg Viðarsdóttur, sem var starfsmaður hópsins.

## Annað

**Námskeið**

Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr skipulagði námskeið um vinnubrögð barnaverndarstarfs-manna í kynferðisbrotamálum í samstarfi við Barnaverndarstofu. Kennarar voru Hrefna Friðriksdóttir og Anni G. Haugen og voru þátttakendur um 30 talsins.


Oddi
GERONTOLOGICAL SOCIAL WORK
Second Edition
Brooks/Cole
SOCIAL WORK AND CHILD WELFARE POLITICS · Edited by Forsberg and Kröger
THE SOCIAL WORKER AS MANAGER
A PRACTICAL GUIDE TO SUCCESS
PEARSON
HEILBRIGÐI OG HEILDARSÝN
Social Work with Older People
McDonald
polity
VALUES AND ETHICS IN SOCIAL WORK
2E
BECKETT AND MAYNARD
RUBIN BABBIE
RESEARCH METHODS FOR SOCIAL WORK
THIRD EDITION
Brooks/Cole
Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson
The Social Work Skills Workbook
Barry Cournoyer

# Stjórnmálafræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var í höndum deildarforseta og deildarfundar. Baldur Þórhallson prófessor gegndi starfi deildarforseta og Þorgerður Einarsdóttir prófessor starfi varadeildarforseta.

Haldnir voru níu deildarfundir á árinu.

Deildarstjóri var Elva Ellertsdóttir, verkefnisstjóri var Anna Margrét Eggertsdóttir og verkefnisstjóri í 35% starfi var Margrét S. Björnsdóttir. Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og kennarar hennar hafa aðsetur í Odda. Stofnun stjórnmála og stjórnsýslufræða starfar undir Stjórnmálafræðideild. Deildin er aðili að Félagsvísindastofnun.

## Starfsfólk

Við deildina eru sextán fastráðnir kennarar, átta prófessorar, tveir lektorar, þrír dósentar og þrír aðjunktar með rannsóknarskyldu. Alls eru þetta átta konur og átta karlar. Auk fastráðinna kennara, einn verkefnisstjóri og aðjunkt í tímabundnu 49% starfshlutfalli, þrír aðjunktar (III) og fjölmargir stundakennarar. Maximilian Conrad og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir hlutu framgang í stöðu dósents 1. júlí.

Ómar H. Kristmundsson prófessor fór í tveggja ára leyfi frá og með 1. september 2015.

## Nám og kennsla

**Grunnnám**
Í Stjórnmálafræðideild er unnt að stunda þriggja ára nám í stjórnmálafræði sem lýkur með BA-prófi. Kynjafræði er kennd sem aukagrein í grunnnámi. Til BA-prófs er krafist minnst 180 eininga og skal nemandi ljúka annaðhvort 180 einingum í aðalgrein eða 120 einingum í aðalgrein og 60 einingum í aukagrein.

**Framhaldsnám**
Að loknu BA-prófi er hægt að stunda tveggja ára meistaranám í eftirfarandi námsgreinum: alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, kynjafræði, opinberri stjórnsýslu og stjórnmálafræði. Hægt er að stunda diplómanám (30e) í alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, hagnýtri jafnréttisfræði, opinberri stjórnsýslu og smáríkjafræðum. Einnig er hægt að stunda doktorsnám í kynjafræði og stjórnmálafræði. Í lok árs voru átta doktorsnemar við nám í deildinni.

Meistaranám í blaða- og fréttamennsku var fært undir Stjórnmálafræðideild þann 1. janúar 2015 úr Félags- og mannvísindadeild. Helstu rök fyrir tilflutningnum var fyrirhugað meistaranám í fjölmiðla- og boðskiptafræði í samvinnu við Félags- og mannvísindadeild og Háskólann á Akureyri og þau samlegðaráhrif við kennslu og rannsóknir sem sú samvinna skapar. Í Stjórnmálafræðideild urðu breytingar á starfsliði við námið en Ólafur Þ. Harðarson prófessor, sem var formaður námsstjórnar um árabil og stundaði rannsóknir á sviðinu og var með doktorsnema á sviði fjölmiðlafræði, sneri aftur til starfa eftir að hafa verið forseti Félagsvísindasviðs á árunum 2008–2013. Við meistaranámið starfar einnig Baldur Þórhallsson prófessor, sem hefur kennt blaða- og fréttamennsku og setið í námsnefnd fyrir námið, og mun hann kenna þar áfram. Námskeið í blaða- og fréttamennsku henta meistaranemum í Stjórnmálafræðideild vel sem valnámskeið.

Kennsla í nýja meistaranáminu í fjölmiðla- og boðskiptafræði í samvinnu við Félags- og mannvísindadeild og Háskólann á Akureyri hófst á haustmisseri 2015.

Jafnframt var samþykkt að hefja kennslu í meistaranámi í samanburðarstjórnmálum en vegna ónógrar þátttöku var ekki farið af stað með námið.

## Doktorsnám

**Doktorsvörn**
Þann 6. nóvember varði Eva Marín Hlynsdóttir doktorsritgerð sína The Icelandic Mayor – A Comparative Analysis of Political and Administrative Leadership Roles at the Icelandic Local Government Level (Íslenskir bæjar- og sveitarstjórar – Samanburðargreining á hlutverkum þeirra í stjórnmálum og stjórnsýslu). Andmælendur við vörnina voru Hilde Bjørnå, prófessor við Háskólann í Tromsø í Noregi, og Nirmala Rao, prófessor við University of London. Leiðbeinandi Evu Marínar var Gunnar Helgi Kristinsson prófessor. Auk hans sátu í doktorsnefndinni Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, og Colin Copus, prófessor við De Montfort-háskóla í Leicester í Englandi.

**Erlendir gestakennarar**
Nokkur fjöldi erlendra gestakennara heimsótti deildina á árinu, m.a. á vegum Fulbright, Erasmus og Evrópska efnahagssvæðisins (EES Scholarship Programme Slovakia).

Rebecca Harbster Pincus, frá U.S. Coast Guard Academy, var Fulbright-kennari við deildina á haustmisseri 2015. Hún kenndi námskeiðið Superpowers in the Arctic (ASK116F) og tók í að kenna námskeiðið Small States and Governance in International and Regional Organizations (ASK113F). Ásamt kennslu sinnti hún rannsóknum á sínu sérsviði.

**Erasmus-gestakennarar**
- Christina Stanus, lektor við Lucian Blaga University of Sibiu í Rúmeníu, var við deildina vikuna 1.–8. mars.
- Joanna Dyduch, lektor við Wroclaw University í Póllandi, var við deildina vikuna 14.–18. september.
- Kaye B.K. Carl, dósent við Sheffield-háskóla í Bretlandi, var við deildina vikuna 2.–8. febrúar.
- Małgorzata Michalewska-Pawlak, dósent við Wroclaw University í Póllandi, var við deildina vikuna 14.–18. september.
- Petr Just, lektor við Metropolitan-háskólann í Prag, var við deildina vikuna 8.–15. febrúar.
- Daša Adašková og Eva Jančíková, báðar lektorar við University of Economics in Bratislava í Slóvakíu, voru við deildina vikuna 12.–16. október. Þær komu á vegum samstarfsáætlunarinnar EEA Scholarship Programme Slovakia, sem nýtur stuðnings styrktarsjóðs Evrópska efnahagssvæðisins.
- Maria Stömvik, lektor í stjórnmálafræði við Háskólann í Lundi í Svíþjóð, kenndi tvær vikur í námskeiðinu The Power Potential of Small States in the European Union (STJ303M).

## Heiðursdoktorsnafnbót

Þann 18. júní hlaut Anna Guðrún Jónasdóttir, prófessor í stjórnmála- og kynjafræði við Háskólann í Örebro í Svíþjóð, heiðursdoktorsnafnbót við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hún er fyrsti heiðursdoktorinn við deildina og sannkallaður brautryðjandi í kynjafræði.

Anna Guðrún tók við heiðursdoktorsnafnbótinni við athöfn í Hátíðasal Háskóla Íslands sem haldin var í tengslum við ráðstefnuna Vald og lýðræði á Íslandi – 100 árum síðar. Efnt var til ráðstefnunnar til þess að minnast þess að 100 ár voru liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt en að ráðstefnunni stóðu fjölmargir aðilar á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

## Rannsóknir

Kennarar deildarinnar hafa verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á árinu. Helstu rannsóknasvið kennara eru: íslensk stjórnmál, alþjóðastjórnmál, lýðræði, opinber stjórnsýsla, mannauðsstjórnun hins opinbera, smáríki og samrunaþróunin í Evrópu, öryggis- og varnarmál, pólitísk sálfræði og kynja- og margbreytileikafræði.

## Alþjóðasamskipti og kennsla á ensku

Á árinu var boðið upp á 19 námskeið kennd á ensku, samtals 118 einingar. Meðal þeirra var viðbótardiplóma í smáríkjafræðum, 30e námsleið. Erlendir nemendur komu víða að. Þá stóð Rannsóknasetur um smáríki fyrir tveggja vikna alþjóðlegum sumarskóla í samvinnu við Stjórnmálafræðideild dagana 22. júní – 4. júlí þar sem öll kennsla fór fram á ensku.

## Gæðamál

Á árinu fóru fram starfsmannasamtöl við akademíska starfsmenn deildarinnar.

## Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar tók þátt í háskóladeginum 28. febrúar ásamt öðrum deildum skólans. Að venju var nýr bæklingur um BA-nám gefinn út af því tilefni og nýr bæklingur um diplómanám í smáríkjafræðum. Einnig voru gefnir út nýir bæklingar um nám í blaða- og fréttamennsku og fjölmiðla- og boðskiptafræði. Þá var unnið að því að kynna fjölmiðlum áhugaverð lokaverkefni. Deildin heldur einnig úti Facebook-síðu þar sem m.a. er vakin athygli á formlegum og óformlegum viðburðum er tengjast deildinni.

# Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

## Almennt yfirlit og stjórn

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er rannsókna-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er á vegum Stjórnmálafræðideildar sem sjálfstæð stofnun í tengslum við Félagsvísindastofnun. Í stjórn stofnunarinnar árið 2015 sátu eftirfarandi: Þorgerður Einarsdóttir, prófessor og formaður stjórnar, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Baldur Þórhallsson prófessor, Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari og Trausti Fannar Valsson dósent. Stofnunin er rekin af sjálfsaflafé.

## Starfsmenn

Sjöfn Vilhelmsdóttir tók við sem nýr forstöðumaður stofnunarinnar í maí. Áður hafði Gestur Páll Reynisson gegnt starfinu tímabundið í fjarveru Ástu Möller frá því í febrúar 2014 en Ásta sagði starfi sínu sem forstöðumaður stofnunarinnar lausu í árslok 2014. Guðrún Eysteinsdóttir starfaði í hlutastarfi sem verkefnastjóri og leysti Hrefnu Ástmarsdóttur af, en hún var í leyfi árið 2015. Ásta Hlín Magnúsdóttir starfaði sem sumarstarfsmaður hjá stofnuninni í gegnum átak Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn.

## Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórnmálafræðum og starfa þeir þar með fjölmörgum aðilum sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórnmála, utan sem innan háskólasamfélagsins. Má þar m.a. nefna Alþingi, ráðuneyti, opinberar stofnanir, samtök eins og Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, stéttarfélög og stjórnmálaflokka. Veigamikill hluti af starfsemi stofnunarinnar og mikilvæg tekjulind er skipulagning á málþingum, ráðstefnum og námskeiðum í samstarfi við ýmsa aðila um efni er tengjast starfsemi hins opinbera. Markhópurinn er m.a. stjórnendur og starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu. Einnig ber að geta að ýmsum úttektarverkefnum stofnunarinnar sem eru unnin í samvinnu við fræðimenn Stjórnmálafræðideildar og aðra sérfræðinga. Stofnunin stendur fyrir opnum fyrirlestrum og fundum um stjórnmál og stjórnsýslu í samstarfi við marga aðila. Stofnunin starfar náið með kennurum og fræðimönnum í Stjórnmáladeild. Hún heldur utan um rannsóknaverkefni sem kennarar við deildina leiða og tekur þátt í þróun rannsóknaverkefna og aðstoðar við gerð styrkumsókna. Að auki stendur stofnunin fyrir rannsóknarborðsfundum, sem eru samstarfsvettvangur kennara og doktorsnema við Stjórnmálafræðideild. Rannsóknarborðsfundir eru haldnir tvisvar til þrisvar á misseri og þar gefst fræðimönnum og doktorsnemum við deildina kostur á að leggja fram verkefni, rannsóknir eða greinar í vinnslu til gagnrýnnar umræðu á jafningjagrunni. Fundirnir hafa einnig verið nýttur fyrir upplýsingagjöf og fræðslu um hagnýt atriði sem snúa að birtingu fræðigreina og styrkjamöguleikum.

## Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsókna- og þróunarverkefni voru veigamest í starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála á árinu:

- Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs hefur verið vistuð hjá stofnuninni síðan í maí 2015. Um er að ræða rannsóknaverkefni til fjögurra ára (2014–2017) þar sem athyglinni er beint að megingerendum í valds- og lýðræðiskerfum íslensks samfélags, svo sem að löggjafanum, framkvæmdavaldinu, stjórnsýslunni, stjórnmálaflokkum, hagsmunasamtökum, fjölmiðlum og almenningi. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórnmálafræðideild, stýrir rannsókninni en um 30 fræðimenn úr ólíkum deildum Félagsvísindasviðs taka þátt í verkefninu. Á árinu stóð rannsóknaverkefnið fyrir opinni ráðstefnu, sem og vinnustofu og tveimur málstofum fyrir þátttakendur í rannsóknaneti verkefnisins.
- Stofnunin hefur frá því í ágúst 2015 unnið með íslenskum hluta rannsóknateymisins GARICA og hefur umsjón með skipulagi og framkvæmd viðburða á vegum verkefnisins og aðstoðar stjórnendur við ákveðna þætti þess. GARCIA (Gendering the Academy and Research – Combating Career Instability and Asymmetries) er þriggja ára samstarfsverkefni háskóla í sjö Evrópulöndum og stýra Þorgerður Einarsdóttir prófessor og Gyða Margrét Pétursdóttir lektor hinum íslenska hluta rannsóknarinnar. Verkefnið felst í ítarlegum rannsóknum á einni háskólastofnun í hverju þátttökulandanna með það að markmiði að stuðla að jafnréttismenningu og vinna gegn mismunun og staðalímyndum.
- Stofnunin vann úttekt á verkefnunum Betri Reykjavík og Betri hverfi fyrir Reykjavíkurborg á árinu en niðurstöðurnar verða kynntar í byrjun ársins 2016. Úttekin var unnin samkvæmt samstarfssamningi stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar.
- Nýsköpun í opinberum rekstri. Verkefnið er samstarfsverkefni stofnunarinnar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rannís og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmiðið með verkefninu er m.a. að styðja við og stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri og styðja við rannsóknir á þróun nýsköpunar á Íslandi. Afrakstur verkefnisins er m.a. ráðstefna um nýsköpun í opinberri þjónustu og rekstri ásamt afhendingu nýsköpunarverðlauna og viðurkenninga 2012 til byrjunar árs 2015. Fyrirkomulag verkefnisins og

afrakstur þess eru í endurskoðun og liggja fyrir hugmyndir um breytingar á fyrirkomlagi verðlaunasamkeppninnar og ráðstefnunni.

- Transnational Cooperation for Research Consolidation Through Knowledge and Innovation Transfer – KnowReset er verkefni sem stofnunin þróaði í samstarfi við Þjóðhagsstofnun Rúmeníu (Romanian Academy – Institute for Economic Forecasting) og Hagfræðistofnun Timisoara-háskóla í Rúmeníu (West University of Timisoara – East-European Center for Research in Economics and Business). Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu og meginmarkmið þess er að skapa grunn fyrir þverfræðilegt samstarf um rannsóknir á félags- og hagfræðilegum viðfangsefnum. Verkefnið kom að mestu til framkvæmda árið 2015 og stóð stofnunin m.a. fyrir sumarskóla í Reykjavík fyrir nemendur frá Háskólanum í Timisoara. Ábyrgðaraðilar verkefnisins eru Ómar H. Kristmundsson, Gestur Páll Reynisson og Erla Hlín Hjálmarsdóttir og lauk aðkomu stofnunarinnar að verkefninu í júlí 2015.

## Útgáfa og kynningar

Veftímaritið Stjórnmál og stjórnsýsla er gefið út tvisvar á ári, í júní og desember, í opnum aðgangi á vefsíðunni www.irpa.is (einnig www.stjornmalogstjornsysla.is) en prentuð útgáfa ritrýndra greina kemur út einu sinni á ári. Á árinu komu út tvö tölublöð á vefnum og í þeim birtust samtals 19 ritrýndar greinar en prentuð útgáfa með ritrýndum greinum í vefútgáfum ársins 2014 kom út í október.

## Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, www.stjornsyslustofnun.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, svo og upplýsingar um þær rannsóknir sem fræðimenn deildarinnar leggja helst áherslu á. Vefur stofnunarinnar var endurnýjaður á árinu með breyttu útliti og víðtækari efnistökum en áður. Stofnunin nýtir samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og heldur úti Facebook-síðu og Twitter-síðu og svo rekur stofnunin tímaritsvefinn www.irpa.is eins og kemur fram hér á undan. Að auki hefur stofnunin haldið úti vef um nýsköpun í opinberum rekstri og þjónustu í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið: www.nyskopunarvefur.is.

## Ráðstefnur, málþing og opnir fundir

- 23. janúar. Skapandi þjónustu forsenda velferðar – Samvinna, hönnun og þekking. Ráðstefna og veiting nýsköpunarverðlauna og viðurkenninga í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2015. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Rannís, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- 30. janúar. Er íbúalýðræði leiðin til betri stjórnhátta í íslenskum sveitarfélögum? Opið málþing, haldið í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga í tilefni útkomu bókar Gunnars Helga Kristinssonar Hin mörgu andlit lýðræðisins – Þátttaka og vald á sveitarstjórnarstiginu.
- 10. febrúar. Umbætur í opinberri stjórnsýslu og árangur þeirra – Hvernig stendur Ísland í samanburði við önnur Evrópuríki? Morgunverðarfundur haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og fjármála- og efnhagsráðuneytið.
- 27. apríl. Einkarekstur í heilbrigðiskerfinu – Samtal milli stjórnvalda og akademíu. Morgunverðarfundur í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stjórnmálafræðideild.
- 18. júní. Vald og lýðræði á Íslandi – 100 árum síðar. Ráðstefna, vinnustofur fræðimanna og veiting doktorsnafnbótar, viðburðirnir voru haldnir í tengslum við 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Vald- og lýðræðisrannsóknin stóð fyrir viðburðunum í samstarfi við stofnunina, Stjórnmálafræðideild, jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs og MARK.
- 23. júní. Kynning og útgáfuboð veftímaritsins Stjórnmál og stjórnsýsla.

- 16. september. Fjárlagafrumvarpið 2016 og ný heildarlög um stofnanakerfi ríkisins. Morgunverðarfundur með fjármálaráðherra, haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og fjármála- og efnahagsráðuneytið.
- 29. september. Málstofa um vernd uppljóstrara, haldin í samstarfi við Gagnsæi, samtök gegn spillingu.
- 20. október. Áhrif gerðardóms og nýlegra kjarasamninga á stofnanasamninga. Morgunverðarfundur haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Félag mannauðsstjóra ríkisins.
- 2. nóvember. Réttur til hælis á Íslandi – Flóttamaður eða hælisleitandi, skiptir það máli? Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Alþjóðamálastofnun.
- 5. nóvember. Hannes H. Gissurarson prófessor: Sköpunargleði í stað sníkjulífs – Siðferðileg vörn Ayns Rands fyrir kapítalismann. Opinn fyrirlestur.
- 12. nóvember. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir: Samspil menningar og áfallastjórnunar – Hvaða áhrif hafa menningarsjónarmið á hegðun stjórnenda í viðbúnaði og viðbrögðum vegna áfalla? Opinn fyrirlestur um nýútkomna bók sem er byggð á doktorsrannsókn frummælanda við Stjórnmálafræðideild. Fyrirlesturinn var haldinn í samstarfi við Alþjóðamálastofnun.
- 17. nóvember. Fyrirhuguð heildarlög um stofnanakerfi ríkisins. Morgunverðarfundur haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana.
- 27. nóvember. Spilling í íslensku viðskipta- og stjórnmálalífi. Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga og Félag stjórnsýslufræðinga.
- 17. desember. 10 ára starfsafmæli og útgáfuboð veftímaritsins Stjórnmál og stjórnsýlsa.

## Námskeið

- 21.–22. janúar. Framsækinn vinnustaður með heilsueflandi stjórnun (2 x ½ dagur).
- 26. janúar – 4. mars. Stjórnsýsluréttur fyrir starfsmenn í stjórnsýslu ráðuneyta, opinberra stofnana og sveitarfélaga (12 x ½ dagur).
- 6.–7. október. Opinber innkaup, haldið í samstarfi við Ríkiskaup (2 x ½ dagur).
- 27.–28. október. Opinber innkaup, haldið í samstarfi við Ríkiskaup (2 x ½ dagur).
- 5. nóvember. Upplýsingarréttur almennings – Úrlausn lagalegra álitaefna (½ dagur).
- 11. nóvember. Hvernig á að ráða starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum? (½ dagur).

# Viðskiptafræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var í höndum deildarforseta og deildarfundar. Runólfur Smári Steinþórsson var deildarforseti árið 2015 og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson varaforseti deildarinnar.

Haldnir voru níu deildarfundir á árinu.

Á skrifstofu deildarinnar, sem er rekin sameiginlega með Hagfræðideild, störfuðu deildarstjóri í 100% starfi, þrír verkefnastjórar í 100% starfi og einn í 50% starfi og einn í 25% starfi, auk verkefnastjóra kynningarmála.

Á árinu var Ágúst Ólafur Ágústsson ráðinn í 49% starf aðjunkts frá 1. september til tveggja ára. Ásgeir Brynjar Torfason fór í lækkað starfshlutfall (51%) frá 1. janúar í þrjú ár vegna rannsóknastarfa við Gautaborgarháskóla.

## Nám og kennsla

Á árinu voru engar breytingar gerðar á kennslu í deildinni frá árinu áður. Fjöldi stundakennara var svipaður og 2014, sem og nemendafjöldi. Í BS-námi voru sem fyrr fjórar námsleiðir: BS-próf með áherslu á markaðsfræði, BS-próf með áherslu á stjórnun, BS-próf með áherslu á fjármál og BS-próf með áherslu á reikningshald og voru nemendur á sviði markaðsfræði fjölmennastir eins og undanfarin ár. Fjöldi nemenda í MS-námi var svipaður og fyrri ár í flestum námsleiðunum, sem og í doktorsnámi. Svipaður fjöldi hóf MBA-nám og árið áður.

## Doktorsvarnir

Engar doktorsvarnir fóru fram við deildina á árinu.

## Rannsóknir

Góður gangur var í rannsóknum í Viðskiptafræðideild og kennarar deildarinnar birtu fjölmargar greinar erlendis á árinu. Einnig birtu kennarar deildarinnar reglulega greinar í innlendum tímaritum. Þátttaka deildarmanna í ráðstefnum og fyrirlestrahaldi, bæði innanlands og erlendis, var mikil.

## Alþjóðasamstarf og erlendir gestafyrirlesarar

## Ráðstefnur og fyrirlestrar

**Málstofur Viðskiptafræðideildar 2015**

- 20. janúar. Eðvald Möller aðjunkt: Kostir Scrum í rekstri.
- 24. febrúar. Einar Guðbjartsson dósent: Um kostnaðarstjórnun og kostnaðargreiningu.
- 14. apríl. Ásmundur G. Vilhjálmsson aðjunkt: Heimilisfesti manna og skattskylda.
- 28. apríl. Ásmundur G. Ásmundsson aðjunkt: Skattlagning vegna tímabundinnar vinnu erlendis.
- 26. maí. Eðvald Möller aðjunkt: Þekkingarstjórnun við hugbúnaðargerð.
- 9. júní. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson dósent: Af hverju eru opinberir starfsmenn svona verkfallshneigðir?
- 24. nóvember. Eðvald Möller aðjunkt: Scrum-best nýtt samhliða notkun á öðrum verkfærum.
- 10. nóvember. Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors: Atvinnulífsmálstofa.
- 27. október. Einar Guðbjartsson dósent: Kostnaðarstjórnun og kostnaðargreining.
- 13. október. Eðvald Möller aðjunkt: Innleiðing og upplifun stjórnenda.
- 15. september. Tan Ygitcanlar, dósent við Brisbane-háskóla í Ástralíu: Þekkingarmiðuð þróun borga.

Að auki tóku kennarar Viðskiptafræðideildar að venju þátt í ráðstefnu Félagsvísindasviðs, Þjóðarspeglinum, sem haldin var í október.

# Viðskiptafræðistofnun

## Almennt yfirlit

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er fræðslu- og rannsóknastofnun sem er starfrækt í umboði Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Stofnunin styður rannsóknastarf í deildinni á ýmsa vegu, m.a. með ráðstefnuhaldi og rannsóknamálstofum, auk þess sem rannsóknir eru stundaðar í rannsóknamiðstöðvum innan stofnunarinnar.

## Stjórn

Í stjórn Viðskiptafræðistofnunar á árinu voru Elmar Hallgríms Hallgrímsson formaður, Svala Guðmundsdóttir, Lára Jóhannsdóttir, Sveinn Agnarsson og Snjólfur Ólafsson. Starfsmenn Viðskiptafræðistofnunar voru Ester Rós Gústavsdóttir og Lena Heimisdóttir verkefnisstjórar. Forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar er Magnús Pálsson.

## Ráðstefnur

Undanfarin ár hefur Viðskiptafræðistofnun staðið fyrir vorráðstefnu um rannsóknir í viðskiptafræði. Tilgangurinn er m.a. að skapa eftirsóknarverðan vettvang fyrir kynningu rannsóknaverkefna og faglegar umræður um framlag rannsóknaaðila. Á ráðstefnunni vorið 2015 voru haldin 32 erindi í níu málstofum en alls hafa um 108 erindi verið flutt á þeim undanförnu sex árum síðan ráðstefnunni var hleypt af stokkunum. Í tengslum við þessar ráðstefnur hafa verið gefin út rafræn ráðstefnurit. Þau má sjá á síðunni www.ibr.hi.is.

### Málstofur

Á árinu stóð Viðskiptafræðistofnun fyrir sex rannsóknamálstofum. Þær eru vettvangur rannsakenda til að kynna rannsóknir sem komnar eru mislangt á veg og fjalla með fræðilegum hætti um viðfangsefni viðskiptafræðinnar.

## Rannsóknamiðstöðvar

Innan Viðskiptafræðistofnunar starfa rannsóknamiðstöðvar sem eru vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs þar sem meginmarkmið er að miðla aukinni þekkingu til fræðaheimsins sem og til íslensks þjóðlífs.

Nú starfa fimm rannsóknamiðstöðvar:
- Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði,
- Rannsóknamiðstöð skapandi greina,
- Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni,
- Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti,
- Rannsóknarmiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís.

## Viðskiptafræði með vinnu

Boðið er upp á fjölbreytt námsframboð í viðskiptafræði utan hefðbundins vinnutíma. Námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem vilja leggja stund á háskólanám með vinnu og sér Viðskiptafræðistofnun um það. Boðið er upp á fjölda stakra námskeiða í viðskiptafræði, sem og þrjár stuttar námsbrautir (diplóma): í reikningshaldi og fjármálum, stjórnun markaðsmála og stjórnun og stefnumótun. Námið er m.a. hugsað fyrir fólk á vinnumarkaði sem vill sérhæfa sig á ákveðnu sviði viðskiptafræðinnar, fólk á vinnumarkaði sem vill ljúka BS-gráðu eða 60 eða 120 eininga diplóma frá Viðskiptafræðideild, nemendur sem vantar grunn fyrir framhaldsnám í viðskiptafræði og nemendur í reglubundnu námi í viðskiptafræði sem vilja flýta fyrir sér í námi. Haustið 2015 var 126 nemandi skráður í VMV-námið (viðskiptafræði með vinnu).

## MBA-nám

MBA-nám (Master of Business Administration) við Háskóla Íslands er tveggja ára hagnýtt meistaranám, ætlað fyrir þá sem hafa reynslu af stjórnunarstörfum og vilja auka þekkingu sína og færni til að takast á við forystuhlutverk í atvinnulífinu. Skipulagið er miðað við að hægt sé að stunda nám samhliða starfi. MBA-námið færir nemendum í hendur verkfæri til að ná árangri á sviði rekstrar

og stjórnunar, veitir þeim tækifæri til að efla persónulega færni og þróa leiðtogahæfileika sína. MBA-námið við Háskóla Íslands fékk nýverið alþjóðlega viðurkenningu (accreditation) frá Association of MBA´s (AMBA). AMBA eru óháð samtök sem hafa það að markmiði að efla gæði menntunar á sviði stjórnunar og reksturs. Um er að ræða mikilvæga viðurkenningu en rúmlega 200 skólar í heiminum hafa hlotið slíka viðurkenningu. Hlutverk námsins hefur frá upphafi verið að þjóna íslensku atvinnulífi og bjóða upp á metnaðarfullt stjórnendanám. Það er því einkar ánægjulegt fyrir Háskóla Íslands, núverandi MBA-nemendur og þá 350 sem hafa brautskráðst með MBA-gráðu á undanförnum 12 árum, að námið hafi formlega hlotið þessa viðurkenningu. Haustið 2015 hófu 42 nemendur MBA-nám við Háskóla Íslands og á seinna námsárinu var 31 nemandi.

# Félagsvísindastofnun

## Almennt yfirlit

Félagsvísindastofnun er rannsókna- og fræðastofnun innan Háskóla Íslands og heyrir undir þrjár af deildum skólans: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild og Stjórnmálafræðideild. Stofnunin sinnir rannsóknum, ráðgjöf og þjónustuverkefnum sem tengjast viðfangsefnum félagsvísinda. Undir hatti Félagsvísindastofnunar voru á árinu 2015 starfrækt 16 rannsóknasetur og rannsóknastofur á fræðasviðum deildanna þriggja sem að stofnuninni standa. Auk þess er stofnunin í nánu samstarfi við fræðimenn við deildirnar og aðrar rannsóknastofnanir innan Háskóla Íslands og utan. Stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1985.

Megináhersla í starfi stofnunarinnar árið 2015:

- áframhaldandi uppbygging á netpanel Félagsvísindastofnunar sem í voru í lok árs um það bil 7.000 manns sem valdir hafa verið með slembiaðferð úr þjóðskrá og hafa samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Mikil verðmæti liggja í slíkum panel. Bæði skapar hann tækifæri til að gera aðferðafræðilegar rannsóknir og gefur fræðimönnum kost á að afla gagna sem uppfylla strangar aðferðafræðilegar kröfur á tiltölulega ódýran hátt,
- áframhaldandi vinna við undirbúning gagnasafna fyrir opinn aðgang í gagnagátt Félagsvísinda-stofnunar (http://fel.hi.is/gagnagatt),
- alþjóðlegt rannsóknasamstarf og ráðstefnuhald.

## Stjórn

Stjórn Félagsvísindastofnunar er skipuð til þriggja ára. Í henni sitja deildarforsetar deildanna þriggja sem að stofnuninni standa en þeir skipa jafnframt framkvæmdastjórn. Auk þeirra eiga að sitja í stjórninni þrír fulltrúar til viðbótar, kjörnir af deildunum, tveir úr Félags- og mannvísindadeild og einn úr Stjórnmálafræðideild og einnig áheyrnarfulltrúar námsbrauta og starfsmanna stofnunarinnar. Árið 2015 sátu í framkvæmdastjórn: Helgi Gunnlaugsson, forseti Félags- og mannvísindadeildar, Baldur Þórhallsson, forseti Stjórnmálafræðideildar, og Sigurveig H. Sigurðardóttir, forseti Félagsráðgjafardeildar. Hinir fulltrúarnir sem eiga að sitja í stjórn stofnunarinnar voru ekki skipaðir árið 2015.

## Starfsfólk

Starfslið Félagsvísindastofnunar í reglubundnu starfi, að hluta eða allt árið 2015, var sem hér segir: Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður og Andrea Gerður Dofradóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Björn Rafn Gunnarsson, Guðlaug Júlía Sturludóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hafsteinn Birgir Einarsson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Helgi Guðmundsson, Hrafnhildur

S. Gunnarsdóttir, Hugrún Björnsdóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Sigrún Birna Sigurðardóttir og Vala Jónsdóttir, öll verkefnastjórar. Þessir 15 starfsmenn skiluðu 11,9 ársverkum en auk þeirra vann Daði Heiðar Kristinsson sumarstarfsmaður að undirbúningi alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var í júlí 2015. Sumarið 2015 kom ung kona frá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar í starfsprófun og í lok árs störfuðu einnig tveir einstaklingar á stofnuninni sem ráðnir voru í gegnum IPS-starfsendurhæfingu (Individual Placement Support) við Landspítala – háskólasjúkrahússem ætluð er ungu fólki með geðrofssjúkdóma. Að auki komu að starfi stofnunarinnar á annað hundrað aðrir einstaklingar, sem spyrlar í rannsóknaverkefnum eða í öðrum störfum fyrir stofnunina.

## Fjármál

Félagsvísindastofnun er alfarið fjármögnuð af sjálfsaflafé, rannsókna- og tölfræðiráðgjöf, gagnaöflun og úrvinnslu fyrir kennara háskólans, hagnýtum þjónusturannsóknum fyrir aðila utan háskólans, styrkjum sem hún aflar, fundum, námskeiðum og útgáfu. Stofnunin fær ekki fjármuni frá Háskóla Íslands til rekstrar, rannsóknastarfa, stöðuheimilda eða tækjakaupa. Skv. 10. gr. e-lið reglna um stofnunina segir að hún fái framlög frá deildunum sem standa að henni ef „þörf krefur“. Árið 2015 var velta Félagsvísindastofnunar og rannsóknastofa sem starfa undir henni rúmar 255 milljónir kr.

## Rannsóknir og verkefni

Rannsóknasjóður Rannís veitti styrk til verkefnisins International Social Survey Programme (ISSP) árin 2012 og 2013. Sú rannsókn fjallaði um fjölskyldur, breytt hlutverk kynjanna og þjóðernisvitund. Gagnaöflun lauk árið 2014 og voru gögn um fjölskyldur og breytt hlutverk kynjanna gerð opinber það ár en gögn um þjóðernisvitund voru birt í opnum aðgangi hjá GESIS Data Archive for the Social Sciences (http://www.gesis.org/en/institute/gesis-scientific-departments/data-archive-for-the-social-sciences/) á árinu 2015. Verkefnisstjóri var Sigrún Ólafsdóttir og meðumsækjendur um styrkinn voru Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Catherine I. Bolzendahl og Tom Smith.

Gagnaöflun vegna ISSP 2014 – Borgaravitund (Citizenship) fór fram á árinu. Rannsóknin var fjármögnuð með styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til Gunnars Helga Kristinssonar prófessors og með úthlutun úr Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs til Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur og Þorgerðar Einarsdóttur prófessora.

Undirbúningur hófst að umsókn Íslands að European Social Survey (ESS ERIC). Í nóvember 2013 veitti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ESS formlega stöðu evrópskra rannsóknainnviða, ERIC (European Research Infrastructure Consortium). Í því felst að ráðuneyti menntamála og vísinda í hverju þátttökulandi eiga fulltrúa í stjórn og greiða aðildargjald til þess að standa undir miðlægum rekstri og birtingu gagna í opnum aðgangi en opinn aðgangur að gögnum eykur mjög gildi slíkra rannsókna. Menntamálaráðuneytið samþykkti að veita Félagsvísindastofnun styrk til að greiða aðildargjald að rannsóknasamstarfinu. Forstöðumaður Félagsvísindastofnunar var tilnefndur fulltrúi Íslands á aðalfund ESS ERIC.

Tveir EEA-styrkir fengust á árinu 2015. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir fékk EEA-styrk í samstarfi við University of Thessaly, University of Athens, University of Western Macedonia and Hellenic League for Human Rights í Grikklandi. Verkefnið ber heitið Teacher suppOrt Confronting Social Inequalities (TOCSIN) og felst hlutverk Félagsvísindastofnunar einkum í ráðgjöf við þá sem vinna við rannsóknina og þátttöku í að kynna niðurstöður á málþingum og lokaráðstefnu. Þá fékk Guðbjörg ásamt Guðnýju Björk Eydal prófessor styrk til að taka þátt í verkefninu Work-Life Balance in the Context of Changing

Families and Labour Market in Greece í samstarfi við Family and Childcare Centre, National Centre for Social Research og Greek League for Women's Rights í Grikklandi.

Kannanir meðal núverandi og fyrrverandi nemenda við Háskóla Íslands á viðhorfi þeirra til gæða námsins hafa verið árlegt verkefni Félagsvísindastofnunar frá árinu 2011. Þessarar kannanir eru liður í sjálfsmati háskólans, sbr. rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi.

Stofnunin vann á árinu að gagnasöfnun í rannsókninni Heilsa og lífshættir Íslendinga, fyrir Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, þar sem ítarlegur spurningalisti var sendur til 3.000 manns um allt land.

Nokkur verkefni voru unnin fyrir velferðarráðuneytið á árinu. Þar má nefna mat á tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur, mat á flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga og mat á tilraunaverkefninu NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð) og voru þau tvö síðarnefndu unnin í samstarfi við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum.

Í samstarfi við Jón Ólafsson prófessor og Salvöru Nordal forstöðumann hefur Félagsvísindastofnun unnið að því að þróa og prófa aðferðafræði rökræðukannana sem byggjast á hugmyndafræði James Fishkin, prófessors við Stanford-háskóla um „deliberative polling“. Einfaldri útgáfu af þeirri aðferðafræði var beitt á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Þjórsá, sem Félagsvísindastofnun skipulagði fyrir faghóp 3 í rammaáætlun. Fyrir faghóp 1 í rammaáætlun vann stofnunin einnig rýnihópagreiningu um mat á viðhorfum til íslensks landslags og gildi þess, auk eigindlegrar rannsóknar á upplifun ólíkra útivistarhópa af víðernum og viðhorfum þeirra til afmörkunar og stýringar á miðhálendinu.

Að auki gerði stofnunin rannsókn á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg ásamt fjölda annarra launakannana, smærri kannana og verkefna fyrir ýmsa aðila, sem og þjónustu- og viðhorfskannana fyrir stofnanir og fyrirtæki.

## Alþjóðasamskipti

Frá árinu 2011 hefur forstöðumaður Félagsvísindastofnunar tekið þátt í COST-verkefninu IS1004: WEBDATANET: web-based data-collection – Methodological Challenges, Solutions and Implementations. Því lauk með lokaráðstefnu í Salamanca á Spáni í maí 2015 þar sem forstöðumaðurinn flutti erindið Who Are Active Panel Members? Representativeness at Different Stages of Panel Recruitment in a Probability Based Online Panel in Iceland.

Félagsvísindastofnun er meðlimur í samtökunum ENSR (European Network for Social and Economic Research) og hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum tengdum vinnumarkaði. Forstöðumaður stofnunarinnar er einnig félagi í ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðs- og viðhorfsrannsakenda og ESRA (European Survey Research Association).

Stofnunin er virkur þátttakandi í starfi alþjóðlegu samstarfshópanna sem standa að rannsóknunum European Values Study (http://www.europeanvaluesstudy.eu/) og International Social Survey Programme (http://www.issp.org/).

## Ráðstefnur og útgáfa

Eins og fyrri ár hélt Félagsvísindastofnun utan um framkvæmd og útgáfu í tengslum við einn stærsta viðburð félagsvísindanna á Íslandi, Þjóðarspegilinn. Þjóðarspegill 2015 – Rannsóknir í félagsvísindum XVI var haldinn föstudaginn 30. október 2015. Alls voru 177 erindi skráð í dagskrá á ráðstefnudaginn

31. október í 48 málstofum, sem er nokkur fækkun frá árinu áður. Þrjátíu veggspjöld voru til sýnis á veggspjaldasýningu Þjóðarspegilsins á Háskólatorgi og í Gimli í ráðstefnuvikunni. Í veggspjaldamálstofum voru skráðir 26 örfyrirlestrar sem fluttir voru í þremur málstofum. Alls voru 36 greinar birtar í Skemmunni og í fyrsta skipti var gefin út bók með ágripi af fyrirlestrum ráðstefnunnar.

Félagsvísindastofnun hafði umsjón með ráðstefnunni European Survey Research Association 2015 (ESRA) sem var haldin við Háskóla Íslands 13.–17. júlí 2015. Er þetta langstærsta ráðstefna á sviði aðferðafræði sem haldin hefur verið hér á landi. Þátttakendur voru um 750 og haldin voru 800 erindi og 7 námskeið um rannsóknaraðferðir félagsvísinda.

Stofnunin heldur áfram að leggja áherslu á að auka aðgengi nemenda, fræðimanna og almennings að upplýsingum um íslenskt samfélag, viðhorf og lífsgildi Íslendinga. Nokkur gagnasöfn eru nú aðgengileg í NESSTAR-forriti Félagsvísindastofnunar, sem gefur áhugasömum kost á að skoða niðurstöður einstakra spurninga á netinu án þess að nýta til þess sérstök tölfræðiforrit.

### Vefur stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar má finna allar helstu upplýsingar um starfsemina, rannsóknastofur og upplýsingar um aðgengi að opnum gagnasöfnum um íslenskt samfélag sem stofnunin og aðrir hafa átt þátt í að afla. Veffang Félagsvísindastofnunar er: www.felagsvisindastofnun.is.

## Fræðasetur þriðja geirans

### Almennt yfirlit

Fræðasetur um þriðja geirann var stofnað í nóvember 2010 og er það rekið af Félagsráðgjafardeild og Stjórnmálafræðideild. Meginhlutverk fræðasetursins er að efla rannsóknir, þróunarverkefni og fræðslu á sviði þriðja geirans, og almennra félaga sem starfa án hagnaðarvonar. Sá rekstur sem hvorki fellur undir opinberan rekstur eða einkarekstur hefur verið nefndur þriðji geirinn, þ.e. rekstur t.d. félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Markmið fræðasetursins eru:

- að bæta grunn- og þjónusturannsóknir á sviði þriðja geirans á Íslandi í samstarfi við erlenda háskóla,
- að vinna að þróunarverkefnum sem miða að því að auka nýsköpun og framþróun í þriðja geiranum í samvinnu við félagasamtök og hið opinbera,
- að miðla vísindalegri og hagnýtri þekkingu um þriðja geirann,
- að taka þátt í opinberri stefnumörkun um málefni þriðja geirans í samvinnu viðopinbera aðila og félagasamtök,
- að veita nemendum í rannsóknatengdu framhaldsnámi tækifæri og aðstoð við rannsóknir á sviði þriðja geirans.

### Stjórn

Stjórn setursins skipa Ómar Kristmundsson, Steinunn Hrafnsdóttir og Þórólfur Þórlindsson.

### Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður vann við fræðasetrið á árinu 2015 og var starfsemi þess lítil.

### Ráðstefnur og málþing
Í samstarfi við Almannaheill var Erla Þrándardóttir, gestafræðimaður við City University í London, fengin til að halda fyrirlestur um regluverk og lagaumhverfi félagasamtaka í Bretlandi á málþingi á við Háskóla Íslands 13. maí 2015.

## Mannfræðistofnun

### Almennt yfirlit
Mannfræðistofnun var stofnuð 1974. Skv. reglum stofnunarinnar frá 1997 er hlutverk stofnunarinnar að efla rannsóknir á sviði mannfræði, bæði félagslegrar og líffræðilegar m.a. með því að:

- gangast fyrir rannsóknum á þessu sviði hérlendis og erlendis,
- stuðla að samstarfi aðila á þessu sviði,
- gefa út og kynna niðurstöður mannfræðirannsókna,
- halda ráðstefnur, námskeið og fyrirlestra á þessu sviði,
- veita framhaldsnemum í mannfræði rannsóknaaðstöðu,
- annast varðveislu rannsóknagagna.

### Stjórn
Ekki hafa verið kjörnir fulltrúar í stjórn stofnunarinnar um nokkurra ára skeið.

### Starfsemi
Enginn fastur starfsmaður vann við fræðasetrið á árinu 2015 og lá öll starfsemi niðri.

## Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna – MARK

### Almennt yfirlit
Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna (MARK) var stofnuð í janúar 2011 og heyrir undir Félagsvísindastofnun. Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna er vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða í víðum skilningi. Að miðstöðinni standa kennarar og fræðafólk á Félagsvísindasviði sem stunda rannsóknir á ofangreindum rannsóknasviðum. Hlutverk og markmið miðstöðvarinnar er að stuðla að rannsóknum á fræðasviðinu með því að efna til samstarfs við innlent og erlent fræðafólk og rannsóknastofnanir, veita nemum aðstöðu og þjálfun til rannsóknastarfa, efla tengsl rannsókna og kennslu, sinna ráðgjöf og rannsóknatengdum þjónustuverkefnum og efla yfirsýn yfir fræðasviðið. Enn fremur hefur miðstöðin það hlutverk að miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna með útgáfu, fyrirlestrum, fræðslufundum, málþingum og ráðstefnum. Þá hefur miðstöðin að markmiði að stuðla að marktækri og markvissri stefnumótun, umræðu og framþróun á sviðinu í samstarfi við opinbera aðila, atvinnulíf og þjóðlíf. Heimasíða miðstöðvarinnar er www.mark.hi.is.

## Stjórn og ráðgjafaráð

Aðalfundur Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna var haldinn 12. nóvemvber 2015. Í stjórn hennar voru kosnir: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði, og Birgir Hermannsson, aðjunkt í stjórnmálafræði. Brynhildur G. Flóvenz, dósent í lögfræði, Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði, og Ólafur Rastrick, lektor í þjóðfræði, voru endurkosin. Guðbjörg Ottósdóttir, lektor í félagsráðgjöf, og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræði, voru kosnar sem varamenn. Auk þess var tekin upp sú nýlunda að fá fulltrúa doktorsnema í stjórn og völdust til þess þau Sveinn Guðmundsson og Ólöf Júlíusdóttir. Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði, og Sigurjón B. Hafsteinsson, dósent í safnafræði, gengu úr stjórn. Á fyrsta fundi stjórnar var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir kosin formaður. Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna hefur verið rekin undir hatti Félagsvísindastofnunar frá og með áramótum 2015.

Við Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna starfar ráðgjafaráð sem skipað er áhugafólki og hagsmunaaðilum á starfssviði miðstöðvarinnar. Hlutverk þess er að vera stjórn til ráðgjafar og stuðnings við starfsemi hennar. Ráðgjafaráð var skipað: Halldóru Gunnarsdóttur, sérfræðingi við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Margréti Steinarsdóttur, framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands, Hugrúnu Hjaltadóttur, sérfræðingi á Jafnréttisstofu, Atla Viðari Thorstensen, sérfræðingi hjá Rauða krossi Íslands, og Tatjönu Lationvic, varaformanni innflytjendaráðs.

## Starfsemi

Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur er forstöðumaður Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna og gegnir hálfu starfi. Forstöðumaður sinnir daglegri starfsemi miðstöðvarinnar og hefur á starfsárinu átt samstarf við fjölmarga aðila, bæði innan og utan Háskóla Íslands, um málþing og fyrirlestra, umsóknir og verkefni. Þá hefur Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna tekið þátt í innlendum og alþjóðlegum umsóknum um rannsóknarstyrki. Nokkur rannsóknaverkefni fræðafólks á Félagsvísindasviði voru unnin undir hatti miðstöðvarinnar, bæði innlend verkefni og vekrefni í samstarfi við erlenda aðila.

## Viðburðir

Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna stendur fyrir hádegisfyrirlestrum og málþingum, ýmist í eigin nafni eða í samstarfi við aðra. Árið 2015 voru haldnir 25 viðburðir í nafni miðstöðvarinnar. Meðal þeirra voru atburðir á jafnréttisdögum Háskóla Íslands og málstofur á ráðstefnunni Þjóðarspegli 2015 – Rannsóknir í félagsvísindum XVI.

## Fyrirlestrar og málstofur

- 14. janúar 2015. Alyssa M. Grahame, doktorsnemi í stjórnmálafræði við Massachusetts-háskóla og Fullbright-skiptinemi við Háskóla Íslands: From Economic Crisis to Democratic Crisis – Recent Transformations in European Politics (Frá efnahagskreppu til lýðræðiskreppu – Nýlegar umbyltingar í evrópskum stjórnmálum).
- 28. janúar 2015. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, doktorsnemi í mannfræði við Háskóla Íslands: Mótun landamæra og mæra – Upplifanir og ólík staða innflytjenda.
- 25. febrúar 2015. Íris Ellenberger sagnfræðingur og Auður Magndís Auðardóttir verkefnastjóri: Samstaða eða sundrung? Um margþætta mismunun og jafnréttisbaráttu.
- 4. mars 2015. Arna Hauksdóttir, dósent við Miðstöð í lýðheilsuvísindum: Hrun, kreppa, heilsa – Efnahagsþrengingar og heilsufarsleg áhrif út frá kynjasjónarmiði.
- 11. mars 2015. Guðbjörg Ottósdóttir, aðjunkt í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands: Félagsráðgjöf, hælisleitendur og flóttafólk – Áskoranir.

- 18. mars. Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands: Hælisleitendur og flóttafólk á tímum öryggisvæðingar landamæra.
- 8. apríl. ROMA-menning í sögu og samtíð (ROMA Culture – Past and Present). Málþing og ljósmyndasýning, sem voru samstarfsverkefni milli Fræðasetursins Minority Studies Society Studii Romani við Háskólann í Sofíu í Búlgaríu og campUSCulturae-samstarfsnetsins með styrk frá Menningaráætlun Evrópusambandsins, Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna við Háskóla Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands.
- 15. apríl. Kristjana Fenger, laganemi við Háskóla Íslands: Árangursrík vernd og kynbundnar ofsóknir – Skiptir kyn máli við málsmeðferð og niðurstöðu hælisveitinga á Íslandi?
- 22. apríl. Guðbjört Guðjónsdóttir, doktorsnemi í mannfræði við Háskóla Íslands: Fyrirvinnur á faraldsfæti – Kynjaðir flutningar Íslendinga til Noregs.
- 29. apríl. Iðunn Ása Óladóttir, táknmálstúlkur hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra: Meaning of Deaf Empowerment – Exploring Development and Deafness in Namibia (Valdefling Döff – Rannsókn á áhrifum valdeflingar á hóp heyrnarlausra).
- 6. maí. Agnes Gísladóttir, doktorsnemi við Miðstöð í lýðheilsuvísindum: Fæðingarútkomur kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.
- 9. september. Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, doktorsnemi í mannfræði við Háskóla Íslands: Er íslam lykillinn að sanngjörnu samfélagi? Orðræða um kynjajafnrétti í Katar við Arabíuflóa.
- 16. september. Kristján Þór Sigurðsson, doktorsnemi í mannfræði við Háskóla Íslands: Hverjir og hvað eru múslímar?
- 23. september. Kelvin E.Y. Low, dósent í félagsfræði við National University of Singapore: Sensory Socialities – Theoretical and Methodological Propositions.
- 30. september. Svanhildur Bogadóttir, doktorsnemi í upplýsingafræði við Háskóla Íslands: Í leit að skjölum kvenna.
- 7. október. Andri Snær Magnason rithöfundur: Sjálfbærni og jafnrétti kynslóðanna. Í samvinnu við jafnréttisdaga Háskóla Íslands.
- 7. október. Auður H Ingólfsdóttir, doktorsnemi í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands: Femínismi og loftslagsbreytingar – Áhrif ríkjandi gilda á stefnumörkun í loftslagsmálum.
- 14. október. Ásta Jóhannsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði við Háskóla Íslands. Kynverund ungra kvenna.
- 28. október. Guðný Gústafsdóttir, doktorsnemi í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands: „Ég er sjálfstæð og frökk“ – Ímyndir kvenleika í íslenskum samtíma.
- 30. október. Elítur, fagfólk og fjölmiðlar. Málstofa á vegum Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna með fjórum fyrirlestrum, haldin á ráðstefnunni Þjóðarspegli.
- 4. nóvember. Árdís K. Ingvarsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði við Háskóla Íslands: Aktívismi, aðgengi og kyngervi rannsakanda – Hugleiðingar um siðferðisleg álitamál í rannsóknum meðal hælisleitanda og flóttafólks.
- 11. nóvember. Jóna Ingólfsdóttir, doktorsnemi í fötlunarfræði við Háskóla Íslands: Þjónusta við ung fötluð börn á Íslandi í ljósi félagslegra tengslakenninga.
- 18. nóvember. Arndís Bergsdóttir, doktorsnemi í safnafræði við Háskóla Íslands: Sérðu þig, kona? (Ó)sýnileiki kvenna á sýningum íslenskra menningarminjasafna.
- 25. nóvember. Júlíana Þóra Magnúsdóttir, doktorsnemi í þjóðfræði við Háskóla Íslands: Sögukonur, söfnun og samfélag – Um sagnaskemmtun kvenna í gamla bændasamfélaginu.
- 9. desember. Guðrún Helga Jóhannsdóttir, doktorsnemi í þróunarfræðum við Háskóla Íslands: Afríka sunnan Sahara og ný þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Í samvinnu við Afríka 20:20 – Félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara.

# Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi

## Almennt yfirlit

Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi var stofnuð árið 2011. Miðstöðin hefur tvíþætt meginmarkmið, annars vegar að fræða með fyrirlestrum, námskeiðahaldi, útgáfu, nemendasamstarfi og upplýsingamiðlun á netinu og hins vegar með því að vinna að einstökum brýnum rannsóknaverkefnum þar sem stefnt er að birtingum í hefðbundnum miðlum á Íslandi sem og erlendis og með birtingu á vefsvæði samtakanna.

## Stjórn

Í stjórn miðstöðvarinnar eru Kristinn Hrafnsson, formaður stjórnar, Jóhannes Kr. Kristjánsson ritari, Helga Arnardóttir, Ingi R. Ingason og Valgerður Anna Jóhannsdóttir.

## Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður vann við miðstöðina á árinu 2015 og lá öll starfsemi niðri.

# Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði

## Almennt yfirlit

Markmið Rannsóknamiðstöðvar í þjóðfræði, sem stofnuð var árið 2008, er að stunda sjálfstæðar rannsóknir á hversdagsmenningu, lífsháttum og lífssýn á okkar dögum og áður fyrr. Meginstoðir starfseminnar eru verkefni á fjórum sviðum: munnmælum, efnismenningu, trúarlífi og menningararfi. Hlutverk Rannsóknamiðstöðvar í þjóðfræði er að auka og efla rannsóknir á ofangreindu sviði, m.a. með því að:

- eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum á tilgreindu sviði,
- taka að sér verkefni fyrir aðila utan sem innan Háskóla Íslands, hafa samstarf við innlendar stofnanir, fyrirtæki og samtök og leita eftir samstarfi við erlenda fræðimenn og stofnanir á skyldu sviði,
- efla tengsl rannsókna og kennslu á starfssviði sínu,
- veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa og þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf á vegum rannsóknamiðstöðvarinnar eftir því sem unnt er,
- kynna niðurstöður rannsókna, m.a. með útgáfu fræðirita, fræðilegum námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum á starfssviðinu.

## Stjórn

Rannsóknamiðstöðinni er ekki formlega skipuð stjórn en kennarar í þjóðfræði stýra starfi hennar.

## Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður hefur verið við rannsóknamiðstöðina og hefur virkni verið lítil undanfarin misseri.

# Rannsóknasetur í fötlunarfræðum

## Almennt yfirlit

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum var formlega stofnað þann 3. mars 2006. Með Rannsóknasetri í fötlunarfræðum varð til þverfaglegur vettvangur rannsókna á sviði fötlunarfræða en setroð var fyrsta stofnunin á þessu fræðasviði hér á landi. Þar starfa fastir kennarar í fötlunarfræðum, verkefnisstjórar, nýdoktorar og nemendur í MA- og doktorsnámi en þeim síðarnefndu gefst þar tækifæri til að öðlast reynslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Erlendir nýdoktorar og doktorsnemar hafa sóst eftir og fengið rannsóknaaðstöðu hjá setrinu með erlendum styrkjum en starfsemi setursins er vel þekkt utan landsteinanna.

## Stjórn

Forstöðumaður rannsóknasetursins er Rannveig Traustadóttir prófessor og aðstoðarforstöðumaður er Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum. Stjórn setursins er þriggja manna, tveir eru kennarar og fræðimenn í fötlunarfræðum en forstöðumaður Félagsvísindastofnunar er þriðji stjórnarmaðurinn.

## Starfsemi

Fimm starfsmenn unnu við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum á árinu 2015, öll hluta úr ári. Þau voru Eiríkur Karl Ólafsson Smith, Eva Þórdís Ebenezersdóttir, Hugrún Björnsdóttir, Kristjana Jokumsen og Hrafnhildur S. Gunnarsdóttir.

## Rannsóknir

Í lok janúar 2015 lauk stóru rannsóknaverkefni sem bar yfirskriftina Access to Specialised Victim Support Services for Women with Disabilities Who Have Experienced Violence (Ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum). Auk Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum tóku rannsóknastofnanir og háskólar í Austurríki, Englandi og Þýskalandi þátt í verkefninu. Rannsóknin var styrkt af Daphne III áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Megináherslur verkefnisins voru að afla upplýsinga um ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að félagasamtökum og stofnunum sem styðja brotaþola. Jafnframt var markmiðið með rannsókninni að vinna úr niðurstöðum hagnýtt efni sem nýst gæti við skipulag aðgerða í þágu fatlaðra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi og bætt stuðning við þær. Því voru útbúin viðmið og grundvallaratriði er varða árangursríkan stuðning við fatlaðar konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi og tillögur að aðgerðum til að bæta þann stuðning.

Rannsóknasetrið hefur unnið að Evrópuverkefninu The Academic Network of European Disability Experts (ANED) síðan það var stofnað af Evrópusambandinu í desember 2007. Verkefnið hófst árið 2008 og taka 30 Evrópuþjóðir þátt í því. Markmið ANED er safna upplýsingum sem lagðar eru til grundvallar stefnumótun sambandsins í málefnum fatlaðs fólks. Verkefninu er stýrt af Human European Consultancy í Hollandi og University of Leeds í Bretlandi og er Mark Priestley prófessor faglegur verkefnisstjóri. ANED tengist rannsóknarsetrum í fötlunarfræði í hverju landi fyrir sig. Þar er farið yfir ólík málefni og staða hvers lands sett fram í skýrslum sem aðgengilegar eru á netsvæði ANED. Rannveig Traustadóttir og James G. Rice hafa séð um skýrslur frá Íslandi um þau málefni sem unnið er að hverju sinni.

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum hefur unnið fjölda rannsókna á málefnum og stöðu fatlaðs fólks á Íslandi, ýmist eitt eða í samstarfi við Félagsvísindastofnun.

# Rannsóknasetur í safnafræðum

## Almennt yfirlit

Rannsóknasetur í safnafræðum var stofnað árið 2010. Hlutverk Rannsóknaseturs í safnafræðum er að auka og efla rannsóknir í safnafræðum með því að:

- eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum á sviði safnafræða,
- sinna rannsóknatengdum þjónustuverkefnum á sviði safnafræða,
- efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði safnafræða,
- hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn í safnafræðum og efla tengsl við atvinnu- og þjóðlíf,
- veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa og veita nemum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf á vegum setursins eftir því sem unnt er,
- kynna niðurstöður rannsókna, m.a. með útgáfu fræðigreina, gangast fyrir faglegum námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum á sviði safnafræða,
- vera ráðgefandi á sviði safnafræða, hvort sem það er til hagsmunaaðila, stofnana, fyrirtækja eða annarra,
- stuðla að útgáfu fræðilegra verka á sviði safnafræða.

## Stjórn

Í stjórn sitja Bergsveinn Þórsson, Borgarsögusafni, fulltrúi Félags íslenskra safna og safnmanna, Guðbrandur Benediktsson, Borgarsögusafni, fulltrúi Safnaráðs, Rakel Pétursdóttir, deildarstjóri Listasafns Íslands, fulltrúi Félags íslenskra safnafræðinga, Þóroddur Bjarnason prófessor, fulltrúi University College London, Terry Gunnell prófessor, fulltrúi námsbrautar í safnafræðum, Sigurjón Baldur Hafsteinsson prófessor, fulltrúi námsbrautar í safnafræðum og formaður stjórnar Rannsóknaseturs í safnafræðum, og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar.

## Starfsemi

Framkvæmdastjóri setursins er Sigurjón Baldur Hafsteinsson. Auk hans vann Marta Guðrún Jóhannesdóttir að verkefnum fyrir setrið á árinu 2015.

## Ráðstefnur og málþing

Rannsóknasetur í safnafræðum hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í að skipuleggja alþjóðlega vinnustofu í vistvænum arkitektúr með áherslu á færni og skilning á verklegri og hugmyndafræðilegri nálgun í byggingatæknilegri og fagurfræðilegri notkun náttúrulegra hráefna og endurunninna byggingarefna. Markhópar vinnustofunnar eru háskólanemar, fagaðilar, fræðimenn og aðrir áhugasamir um vistvænar lausnir í arkitektúr og vistvænni hugmyndafræði. Vinnustofan er samstarfsverkefni Íslenska bæjarins, Listaháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólans í Aberdeen og Háskólafélags Suðurlands.

# Rannsóknasetur í stjórnmálum og efnahagsmálum

## Almennt yfirlit

Rannsóknasetur í stjórnmálum og efnahagsmálum hét áður Rannsóknasetur í skatta- og velferðarmálum og var stofnað árið 2007. Tilgangur þess er að stunda rannsóknir á sviði stjórnmála og efnahagsmála og miðla upplýsingum um þær.

## Stjórn

Rannsóknasetrinu er ekki formlega skipuð stjórn en Hannes Hólmsteinn Gissurarson er forstöðumaður hennar.

## Rannsóknir

Á árinu 2015 vann setrið að skrifum skýrslu um mat á erlendum áhrifaþáttum bankahrunsins 2008 fyrir fjármálaráðuneytið.

## Ráðstefnur og málþing

Fjögur erindi voru flutt árið 2015 í tengslum við rannsókn á mati á erlendum áhrifum bankahrunsins 2008. Þau voru:

- Hannes H. Gissurarson: Hvað verður ráðið af nýjum heimildum um bankahrunið? Fyrirlestur í Háskóla Íslands 14. janúar 2015.
- Guðni Th. Jóhannesson: Vitnisburður, aðgangur og mat heimilda – Bresk skjöl og bandarísk um bankahrunið á Íslandi 2008. Fyrirlestur í Háskóla Íslands 14. janúar 2015.
- Hannes H. Gissurarson: Sweden, Iceland and the 2008 Bank Collapse. Fyrirlestur á ráðstefnu í Stokkhólmi 9. apríl 2015.
- Hannes H. Gissurarson: Meðferð íslenskra eigna erlendis eftir bankahrun. Fyrirlestur á ráðstefnu í Háskóla Íslands 21. apríl 2015.

# Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti er fyrst og fremst rannsóknastofnun tengd starfi og rannsóknum Þorbjörns Broddasonar kennara á sviði fjölmiðlafræði og samstarfsmanna hans. Verkefnin eru tímabundin og m.a. unnin skv. samningum við opinbera aðila. Jafnframt hefur setrið staðið að skipulagningu á alþjóðlegri ráðstefnu á sínu sviði. Setrið hefur ekki stjórn.

## Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður vann við setrið á árinu 2015 og lá öll starfsemi niðri.

# Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu

## Almennt yfirlit

Markmið Rannsóknaseturs um fólksflutninga og fjölmenningu, sem stofnað var árið 2010, er að stuðla að og kynna rannsóknir á málefnum tengdum fjölmenningu, innflytjendum og farandverkafólki. Einnig beinir það sjónum sínum að þjóðerni, kynþáttahyggju, samlögun og samþættingu, í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi.

## Stjórn

Rannsóknasetrinu er ekki formlega skipuð stjórn en kennarar í mannfræði stýra starfi þess.

## Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður hefur verið við rannsóknasetrið og hefur virkni verið lítil undanfarin misseri.

# Rannsóknastofa í afbrotafræði

## Almennt yfirlit

Rannsóknastofa í afbrotafræði er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stofan annast fyrst og fremst margvíslegar rannsóknir er lúta að afbrotum. Í þeim málaflokki eru m.a. tíðni og félagslegt mynstur brota, viðhorf og reynsla af afbrotum, ótti við afbrot og öryggi borgaranna, auk alþjóðlegs samanburðar og fjölþjóðlegrar samvinnu.

## Stjórn og starfsfólk

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, og Rannveig Þórisdóttir, aðjunkt í félagsfræði og sérfræðingur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hafa stýrt stofunni frá upphafi. Snorri Örn Árnason, sérfræðingur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, og Jón Óttar Ólafsson, hjá sérstökum saksóknara, hafa einnig unnið að verkefnum stofunnar, auk þeirra Jónasar Orra Jónassonar og Sædísar Jönu Jónsdóttur, sem hafa aðstoðað við rannsóknir stofunnar.

## Rannsóknir

Árleg rannsókna á viðhorfum til þjónustu lögreglu og reynslu almennings af afbrotum og ótta við afbrot var gerð í maí til júlí 2015 í samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra.



# Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

## Almennt yfirlit

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er rannsókna- og fræðslustofnun. Stofnuninni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði félagsráðgjafar, einkum öllu því er lýtur að stefnumörkun, þróun og þjónustu í barna- og fjölskylduvernd sem spannar allt lífsskeiðið frá æsku til efri ára. Markmið Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd er jafnframt að miðla vísindalegri þekkingu um félagsráðgjöf og laða fræðimenn til starfa á þessu sviði. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd var formlega stofnuð þann 12. maí 2006. Samstarfsaðilar stofnunarinnar eru sjö talsins: Barnaverndarstofa, Hafnarfjarðarbær, Reykjanesbær, velferðarráðuneytið og velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

## Starfslið

Á árinu starfaði Elísabet Karlsdóttir sem framkvæmdastjóri í 100% starfi. Fleiri starfsmenn komu að starfseminni í styttri eða lengri tíma í mismunandi verkefnum. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar í nánu samstarfi við framkvæmdanefnd hennar, sem í eru formaður stjórnar og fulltrúi Félagsráðgjafardeildar. Þá starfar Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í nánu samstarfi við sérfræðinga Félagsráðgjafardeildar og Félagsvísindastofnunar. Sum verkefni eru einnig unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun eða með aðkeyptri þjónustu frá henni. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er alfarið rekin með styrkjum og tekjum af þjónustuverkefnum.

## Stjórn

Stjórn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd skipuðu á árinu:

- Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emeritus, Félagsráðgjafardeild, formaður stjórnar,
- Sigurveig H. Sigurðardóttir, deildarforseti og dósent, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar,
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar,
- Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri Skrifstofu velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar,
- Þór G. Þórarinsson, velferðarráðuneytinu,
- María Rúnarsdóttir, Félagsráðgjafafélagi Íslands.

## Rannsóknir og þjónustuverkefni

- Gegn ofbeldi. Fræðsla til handa ungu fólki sem er að stíga fyrstu skrefin í parasamböndum og foreldrahlutverki. Bæklingur gefinn út með styrk frá Forvarnarsjóði Reykjavíkur.
- Mat á tilraunaverkefninu: Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi. Viðtöl voru tekin við þolendur, mæður og börn og við lögregluþjóna og félagsráðgjafa barnaverndarnefnda.
- Staða barna við andlát foreldris. Skyldur og réttindi aðstandenda. Verkefnið var m.a. styrkt af innanríkisráðuneytinu.
- Rannsókn á húsnæðisstöðu innflytjenda í Reykjavík unnin fyrir Rauða kross Íslands.

## Málstofur, ráðstefnur og námskeið

**Málstofuröð vorið 2015**

**Fjölskyldan og vímuefni – Hvað er til ráða?**
- 26. febrúar 2015. Kristín Lilja Dirðriksdóttir, félagsráðgjafi og verkefnisstjóri, og Ragnheiður Elfa Arnardóttir, félagsráðgjafi og hópstjóri: Grettistak – Lífsgæði án vímu.
- 19. mars 2015. Valgerður Rúnarsdóttir, læknir SÁÁ: Hvaða ráð má finna fyrir foreldra, unglinga og börn Hjá SÁÁ?
- 16. apríl 2015. Unnur Helga Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og MST-þerapisti: MST-fjölkerfameðferð sem vímuefnaúrræði.

Nýtt af nálinni í rannsóknum og bókaútgáfu í samstarfi við Félagsráðgjafardeild:

- 22. janúar 2015. Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, LSH: Lífsgæði fólks með geðrænan vanda í síbreytilegu samfélagi innri og ytri áhrif stofnana á enduhæfingu.
- Guðrún Kristinsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði: Ofbeldi á heimili – Með augum barna.
- Guðný Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild: Fatherhood in the Nordic Welfare States – Comparing Care Policies and Practice.
- Sigrún Júlíusdóttir, ritstjóri: Um aðstæður ungs fólks – Tengsl foreldra, skóla og vinnu. Tímarit félagsráðgjafa.
- Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir: Jaðarstaða foreldra – Arfur barna. Ritröð Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd.
- 30. janúar 2015. Vinna með börnum og unglingum sem alast upp við erfiðar/óheilbrigðar aðstæður. Námskeið haldið af Lausninni í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- 27. mars 2015. Master Class námskeið um faghandleiðslu. Handleiðslufélag Íslands í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- 2. október 2015. Erna Kristín Blöndal, doktorsnemi í lögfræði og sérfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu: Flóttinn frá Sýrlandi – Hvers vegna og hvernig? Sameiginleg málstofa Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd og Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna.
- 9. október 2015. Sólveig Björk Sveinbjörnsdóttir, félagsráðgjafi og sérfræðingur í friðar- og átakafræðum: Líf flóttamanna, störf og stuðningur alþjóðlegra hjálparsamtaka. Sameiginleg málstofa Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd og Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna.
- Október 2015. Sérfræðingur í áfalla- og uppeldisfræðum Piu Mellody. Námskeið haldið af Lausninni í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

## Útgáfa

Eftirfarandi rit voru gefin út á vegum stofnunarinnar á árinu:

Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. Jaðarstaða foreldra – Velferð barna. Ritröð Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar, 8. hefti. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í samstarfi við Ís-Forsa.

Sigrún Júlíusdóttir, Gunnjóna Una Guðmundsdóttir og Edda Jóhannsdóttir (2015). „Það skiptir bara öllu máli hvernig við undirbúum börnin." Greinargerð um rýnihópasamræðu fagfólks. Fyrsti hluti rannsóknar um stöðu barna við andlát foreldris. Ritröð Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar, 9. hefti. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í samstarfi við Ís-Forsa.

# Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf

## Almennt yfirlit

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, sem er rannsókna- og þróunarsetur við Háskóla Íslands, var stofnað árið 2009. Helsta hlutverk setursins er að auka og efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi með því að:

- eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum á sviði náms- og starfsráðgjafar,
- sinna rannsóknatengdum þjónustuverkefnum,
- efla tengsl rannsókna og kennslu,
- eiga samstarf við hagsmunaaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki, stéttarfélög og fleiri,
- kynna samstarfsverkefni og niðurstöður rannsókna,
- vera ráðgefandi um náms- og starfsráðgjöf í samfélaginu, taka þátt í umræðu um náms- og starfsráðgjöf og hvetja til umræðu um hana.

## Stjórn

Stjórn Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf er skipuð fjórum mönnum skv. 4. gr. reglna um setrið. Í henni voru á árinu:

- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf, formaður,
- Helga Helgadóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa,
- María Dóra Björnsdóttir, forstöðumaður Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands,
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar.

## Rannsóknir og námskeið

Könnun á aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli (Career Adapt-Ability Inventory) er alþjóðlegt mælitæki sem sérfræðisetrið hefur staðfært og aðlagað fyrir Ísland. Fyrsta námskeiðið fyrir náms- og starfsráðgjafa um notkun mælitækisins var haldið í mars 2015 og tóku 12 náms- og starfsráðgjafar þátt í því.

# Sundstofa – Rannsóknamiðstöð um sundlaugar og samfélag

## Almennt yfirlit

Sundstofa – Rannsóknarmiðstöð um sundlaugar og samfélag var stofnuð árið 2013. Að Sundstofu standa námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við Félags- og mannvísindadeild og Viðskiptafræðideild. Sundstofu er ætlað að vera víðtækur vettvangur þverfaglegra rannsókna á sundmenningu og samfélagi þeirra sem nýta jarðvarma. Stofan leggur áherslu á fræðilegt sjálfstæði í þeim verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur. Hlutverk Sundstofu er að auka og efla rannsóknir á sundlaugum og samfélagi með því að:

- eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum um gildi heits vatns fyrir daglegt líf með sérstakri áherslu á sundmenningu,
- sinna þverfaglegum rannsóknum um sundmenningu og samfélagslegt gildi jarðvarma,
- hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn,

- veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa, sem og þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf á vegum rannsóknarmiðstöðvarinnar eftir því sem unnt er,
- kynna niðurstöður rannsókna, m.a. með útgáfu fræðigreina, gangast fyrir faglegum námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum á sviði safnafræða,
- stuðla að útgáfu fræðilegra verka um sundmenningu og félagslega þýðingu jarðvarma.

### Stjórn

Stjórn Sundstofu er skipuð þremur mönnum til þriggja ára í senn. Viðskiptafræðideild og námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við Félags- og mannvísindadeild tilnefna hvor sinn fulltrúa í stjórn og skal annar þeirra vera formaður. Valdimar Tr. Hafstein, prófessor í þjóðfræði, er í forsvari fyrir stofuna.

### Rannsóknir

Í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands hefur Sundstofa stundað rannsóknir á reynslu Íslendinga og viðhorfum til sundlauga.

## Þjóðmálastofnun

### Almennt yfirlit

Þjóðmálastofnun var stofnuð árið 2005. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir og upplýsingamiðlun á sviði vinnu, velferðar og þjóðfélags. Stofnunin hefur verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi og hluti af norrænu öndvegissetri í velferðarrannsóknum (NCoE - Nordic Center of Excellence in Welfare Research).

### Stjórn

Þjóðmálastofnun hefur ekki formlega skipaða stjórn en Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, er forstöðumaður hennar.

### Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður vann við stofnunina á árinu 2015 og lá öll starfsemi niðri.

## Alþjóðamálastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókna-, fræðslu- og þjónustustofnun og vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf í alþjóðamálum. Stofnunin tilheyrir Félagsvísindasviði og Hugvísindasviði en er hýst á Félagsvísindasviði. Alþjóðamálastofnun hefur verið starfrækt við Háskóla Íslands frá árinu 1990 en var endurskipulögð árið 2002 og hefur í kjölfarið staðið fyrir fjölbreyttum rannsóknum, útgáfustarfsemi, málstofum og fyrirlestrum. Helstu rannsóknasvið eru smáríki, norðurslóðir, íslensk utanríkismál, Evrópumál og öryggis- og varnarmál. Rannsóknasetur um smáríki og Rannsóknasetur um norðurslóðir starfa undir hatti Alþjóðamálastofnunar. Vefsíða stofnunarinnar er: www.ams.hi.is.

## Stjórn og starfslið

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, er stjórnarformaður Alþjóðamálastofnunar en auk hans sitja í stjórn Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði, sem jafnframt er varaformaður stjórnar, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við Stjórnmálafræðideild, Guðmundur Ragnarsson, fyrir hönd Alþýðusambands Íslands, Andri Lúthersson, deildarstjóri skrifstofu upplýsingamála í utanríkisráðuneytinu, og Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki er Pia Hansson. Auður Örlygsdóttir og Jóna Sólveig Elínardóttir eru verkefnastjórar við Alþjóðamálastofnun, Margrét Cela er verkefnastjóri við Rannsóknasetur um norðurslóðir og Tómas Joensen er verkefnastjóri við Rannsóknasetur um smáríki. Jón Gunnar Ólafsson, sem var verkefnastjóri við Alþjóðamálastofnun fram í ágúst á þessu ári, fékk veglegan doktorsstyrk og er nú í námi við Goldsmiths-háskólann í London. Kristinn Schram, fyrrverandi forstöðumaður Rannsóknaseturs um norðurslóðir, starfar nú sem lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

## Undirbúningur friðarseturs

Þann 7. janúar 2015 skrifuðu Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands undir formlegan samstarfssamning í Höfða um undirbúning stofnunar friðarseturs en Alþjóðamálastofnun hafði skömmu áður hlotið styrk frá Reykjavíkurborg til þess að hefja undirbúningsvinnu að stofnun setursins. Setrið kemur til með að starfa undir hatti Alþjóðamálastofnunar líkt og hin setrin tvö, þ.e. Rannsóknasetur um smáríki og Rannsóknarsetur um norðurslóðir. Undirbúningsvinnu er nú lokið og standa vonir til þess að friðarsetrið geti tekið til starfa á komandi starfsári.

Alþjóðamálastofnun, Reykjavíkurborg og Norræna húsið stóðu að opnum fundi undir yfirskriftinni Hvernig geta borgir stuðlað að friði? sem fram fór á „fundi fólksins“ – þriggja daga hátíð um samfélagsmál í Vatnsmýrinni í byrjun júní. Þar var sjónum sérstaklega beint að framlagi Reykjavíkurborgar og friðarsetursins til aukins friðar og hvernig efla mætti tengsl við virka þátttakendur í friðarstarfi á borð við samtök, stofnanir og einstaklinga og hvernig nýta mætti framlag þeirra og tengsl í þágu friðar.

Markmið fyrirhugaðs friðarseturs er að styrkja Reykjavík sem borg friðar og vera til ráðgjafar um hvernig Reykjavík geti unnið að friði hér heima og að heiman. Friðarsetrinu er ætlað að vera vettvangur fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf, skipulag viðburða, ráðgjöf og fræðslu á sviði friðarmála, með áherslu á hlutverk borga og smáríkja við að stuðla að friði, friðarmenningu, afvopnun og friðarfræðslu.

## Fræði og fjölmenning

Háskóli Íslands fór af stað með nýja fundaröð á árinu sem ber yfirskriftina Fræði og fjölmenning. Fundaröðinni er ætlað að stuðla að fræðslu, rannsóknum og upplýstri umræðu um fjölmenningar-samfélagið, málefni innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda. Alþjóðamálastofnun tekur þátt í verkefninu og hefur, í samstarfi við skrifstofu rektors, yfirumsjón með undirbúningi og skipulagningu þess. Tveir fundir hafa þegar verið haldnir en fleiri fundir eru fyrirhugaðir árið 2016.

Fyrsti fundurinn fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands 25. nóvember 2015 þar sem sjónum var beint að þætti stjórnmála og fjölmiðla í umræðu um fjölmenningarsamfélagið. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, setti fundinn en Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði við skólann, Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, og Helga Ólafs, aðjunkt í fjölmiðlafræði, fluttu erindi.

Menntun í fjölmenningarsamfélagi var viðfangsefni síðari fundar ársins þar sem athyglinni var einkum beint að börnum og ungmennum af erlendum uppruna í íslensku menntakerfi. Fundurinn fór fram á Alþjóðlega mannréttindadeginum, 10. desember, en framsögumenn voru Hanna Ragnarsdóttir, prófessor í fjölmenningarfræði við Menntavísindasvið, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Kristrún Sigurjónsdóttir, deildarstjóri móttökudeildar Lækjarskóla í Hafnarfirði.

Fundaröðin heldur áfram á nýju ári en þann 11. janúar munu sérfræðingar frá Norwegian Refugee Council (NRC), sem eru alþjóðleg frjáls félagasamtök á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar, koma hingað til lands og ræða flóttamannastrauminn frá Sýrlandi til Evrópu og Norðurlandanna.

Þann 6. febrúar 2016 er síðan fyrirhugað að halda ráðstefnu á vegum Háskóla Íslands undir yfirskriftinni Fræði og fjölmenning 2016: Uppbygging og þróun íslensks fjölmenningarsamfélags. Ráðstefnunni er ætlað að miðla og byggja upp frekari þekkingu á sviði fjölmenningar. Fjallað verður um það hvernig íslenskt fræða- og fagsamfélag getur unnið nánar saman að aukinni þekkingu á málaflokknum og hvernig Háskóli Íslands getur lagt sitt af mörkum til almennrar samfélagsumræðu.

## Opnir fundir um Evrópumál

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Evrópustofa stóðu fyrir opnum fundum síðastliðið vor um þau málefni sem voru ofarlega í umræðunni í Evrópu. Sjónum var sérstaklega beint að EES-samningnum, dýravelferð, heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, utanríkismálum og stjórnmálaástandinu í Evrópu.

3. mars. Terence Cassidy og Þóra Jóhanna Jónasdóttir: Dýravelferð á Íslandi og í Evrópu. Pallborðsumræður í kjölfarið með Ernu Bjarnadóttur, Dominique Plédel Jónssyni og Sif Traustadóttur.

18. mars. Sverrir Haukur Gunnlaugsson: Staða og horfur EES-samningsins. Pallborðsumræður í kjölfarið með Árna Páli Árnasyni, Bjarna Benediktssyni, Birgittu Jónsdóttur, Frosta Sigurjónssyni, Guðmundi Steingrímssyni og Katrínu Jakobsdóttur.

Aðrir opnir fundir um Evrópumál:
- 26. mars. Indulis Abelis: Lettland – lítið ríki með stórt hlutverk.
- 31. mars. John Rowan og Þórunn Oddný Steinsdóttir: Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri í Evrópu.
- 10. apríl. Andreas Schwab, John Erik Fossum og Jóhanna Jónsdóttir: EES – Ástand og áskoranir. Auk frummælenda tók Birgir Ármannsson þátt í pallborðsumræðum.
- 8. maí. Stefán Haukur Jóhannesson, Ingvild Næss Stub og Gianluca Grippa: Framtíð EES-samningsins. Í kjölfarið voru pallborðsumræður sem Guðlaugur Þór Þórðarson, Gylfi Arnbjörnsson, Pétur Reimarssson og Svana Helen Björnsdóttir tóku þátt í.
- 11. maí. Michael Roth: Evrópusýn Þýskalands: Áskoranir og tækifæri.
- 21. maí. Steven Blockmans: Í átt að varnarbandalagi Evrópu.
- 2. júní. Kelly Rigg, Attilio Gambardella, Haukur Þór Hauksson og Philippe O´Quin: Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki sjávar.

Fleiri samstarfsaðilar komu að stökum fundum í fundaröð Evrópustofu og Alþjóðamálastofnunar og má þar nefna Náttúruverndarsamtök Íslands, franska sendiráðið, þýska sendiráðið, sendiherra Lettlands á Íslandi og sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi.

## Fleiri opnir viðburðir á árinu

Alþjóðamálastofnun, Rannsóknasetur um norðurslóðir og Rannsóknasetur um smáríki stóðu fyrir og tóku virkan þátt í fjölda annarra opinna viðburða í samstarfi við ýmsa aðila á árinu. Þar má meðal annars nefna:

- 12. janúar. Caroline Kennedy: Skuggar kalda stríðsins?
- 3. febrúar. Magnús Þorkell Bernharðsson og Gérard Lemarquis: Hryðjuverk í Evrópu.

- 9. apríl. Mads Gilbert: Nótt í Gaza.
- 10. apríl. Borgþór Kjærnested og Valtteri Hirvonen: Kosningar í Finnlandi.
- 4. maí. Michael Byers: Stríð eða friður á norðurslóðum.
- 5. maí. Eva Bjarnadóttir, Ólafur Þ. Harðarson og Bogi Ágústson: Bresku kosningarnar 2015.
- 12. maí. Heiðar Guðjónsson, Lára Jóhannsdóttir og Auður H. Ingólfsdóttir ásamt fulltrúum stjórnmálaflokkanna: Olíuríkið Ísland: Liggur framtíðin í olíuvinnslu á norðurslóðum?
- 15. maí. Hugo Brady: Flóttamannavandinn í Miðjarðarhafinu.
- 19. maí. John Andreas Olsen og Cecilie Landsverk: Öryggisáskoranir á Norðursjó frá sjónarhorni Norðmanna.
- 3. júní. Sigurður Ólafsson: Kosið í Danmörku. Martin Søvang, Mikkel Harder og Rósa Erlingsdóttir tóku þátt í pallborðsumræðum í kjölfarið.
- 12. júní á fundi fólksins í Norræna húsinu. Ungt fólk á norðurslóðum. Fulltrúar alþjóðlegs vinnuhóps.
- 5. ágúst. Veronika Tudhope: Baráttan gegn Trident-kjarnorkuvopnunum í Skotlandi og áhrif hennar á umheiminn.
- 31. ágúst. Petur Petersen: Kosningar í Færeyjum.
- 4. september. Mike Small: Skotland og Ísland – Kreppan, hræringar og stjórnarskrárbreytingar.
- 7. september. Dunja Mijatovic: Ógnir við tjáningarfrelsi í fjölmiðlum og á internetinu.
- 22. september. Rolf Tamnes og Valur Ingimundarson: Sameiginlegt átak – Áskoranir í varnarmálum í Norður-Evrópu.
- 28. september. Yumie Hirano: Kjarnorkusaga Hiroshima.
- 6. október. Vijay Rangarajan: Bretland og Evrópusambandið – Viðfangsefnin framundan.
- 17. október. Kristinn Schram, Katla Kjartansdóttir, Sumarliði Ísleifsson og Robert Wheelersburg: Realities and Perceptions, Challenges to Society and the Media and how They Can Be Overcome. Málstofa á Arctic Circle. Auk frummælenda voru í pallborði Sigríður Hagalín Björnsdóttir, Kevin McGwin og Martin Breum.
- 19. október. Robin Grimes og Magnús Tumi Guðmundsson: Vísindi áfallastjórnunar.
- 28. október. Christian Friis Bach og Guðrún Helga Jóhannsdóttir: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- 2. nóvember. Hrefna Dögg Gunnarsdóttir og Skúli Á. Sigurðsson: Rétturinn til hælis á Íslandi – Flóttamaður eða hælisleitandi, skiptir það máli? Auk frummælenda tóku Líneik Anna Sævarsdóttir, Arndís A. K. Gunnarsdóttir og Guðbjörg Ottósdóttir þátt í pallborðsumræðum.
- 9. nóvember. Orlando Luis Pardo Lazo: Tímamót á Kúbu?
- 12. nóvember. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir: Samspil menningar og áfallastjórnunar.
- 13. nóvember. Alyson Bailes, Alexander Trigona, Baldur Þórhallsson, Jan Plešinger, Raimonds Oškalns og Ursula Froese: Helsinki-sáttmálinn 40 árum síðar – ÖSE og smáríki.
- 18. nóvember. Andrew Cottey: Vesturlönd og Rússland – Nýtt kalt stríð?
- 20. nóvember. Bill Browder: Rússland Pútíns – Frásögn um morð, spillingu og misnotkun valds.
- 3. desember. Anne Husebekk, Rasmus Bertelsen, Berit Kristoffersen, Cévile Pelaudeix, Peter Sköld, Ilona Mettiäinen og Brynhildur Davíðsdóttir: Arctic Lessons – A COP21 Side Event.
- 17. desember. Opinn fundur með Amal Jadou, yfirmanni Evrópudeildar palestínska utanríkisráðuneytisins í Ramallah.

## Rannsóknasetur um smáríki – Jean Monnet öndvegissetur

Rannsóknasetur um smáríki er faglega sjálfstæð eining sem starfar undir hatti Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og deilir stjórn og forstöðumanni með stofnuninni. Forstöðumaður er Pia Hansson. Rannsóknasetrið var stofnað árið 2002 og hefur allt frá stofnun sett mark sitt á háskólasamfélagið með fjölbreyttu starfi. Meginmarkmið setursins er að efla rannsóknir og kennslu í smáríkjafræðum. Rannsóknasetrið stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, ráðstefnum, málstofum og kennslu um smáríki og heldur úti öflugri ritröð um rannsóknir í smáríkjafræðum. Setrið hefur hlotið fjölda styrkja frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. Ber þar helst að nefna öndvegissetursstyrk frá

menntaáætlun Evrópusambandsins árið 2013 en setrið starfar nú sem Jean Monnet öndvegissetur (Jean Monnet Centre of Excellence). Í tengslum við styrkinn hefur öndvegissetrið eflt sýnileika þverfaglegra rannsókna um smáríki og stöðu þeirra í alþjóðasamfélaginu. Þá hlaut setrið stóran styrk úr nýrri menntaáætlun Evrópusambandsins árið 2014, Erasmus+.

## Samstarfsverkefni á háskólastigi

Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands hlaut á síðastliðnu ári styrk úr nýrri menntaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+. Styrkurinn hljóðar upp á samtals 36 milljónir íslenskra króna en um er að ræða tveggja ára stefnumiðað samstarfsverkefni á háskólastigi. Háskóli Íslands leiðir verkefnið en fimm aðrir háskólar taka þátt í því: Kaupmannahafnarháskóli, St. Andrews-háskóli í Skotlandi, Háskólinn í Vilnius, Háskólinn í Tallinn og Háskólinn á Möltu.

Skólarnir sex hafa unnið að því að þróa nánara samstarf á sviði smáríkjafræða, meðal annars með því að halda sumarskóla, ráðstefnur, standa að stúdentaskiptum og þróa samstarf í kennslu.

Háskólinn á Möltu, í samstarfi við Rannsóknasetur um smáríki, skipulagði fyrstu ráðstefnuna á vegum verkefnisins í maí 2015. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki, og Jón Gunnar Ólafsson, verkefnisstjóri hjá Rannsóknasetri um smáríki, sóttu hana fyrir hönd Háskóla Íslands. Næsta ráðstefna í verkefninu verður haldin í Tallinn 15. apríl næstkomandi. Háskólarnir skipuleggja nú vetrarskóla sem haldinn verður í janúar 2016 í Vilníus þar sem áhersla verður lögð á breytt umhverfi í öryggismálum Evrópu í kjölfar innlimunar Krímskaga í Rússland og þau áhrif sem aukin hernaðarumsvif Rússa í nágrenni sínu hafa á smáríki í Evrópu.

## Alþjóðlegur sumarskóli hlýtur gæðaviðurkenningu Rannís

Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki hlaut gæðaviðurkenningu menntaáætlunar Evrópusambandsins í ár, ásamt níu öðrum verkefnum. Verkefnin tíu sem hlutu viðurkenningarnar eiga það sammerkt að hafa hlotið styrk frá menntaáætlun ESB og fékk Rannsóknasetur um smáríki styrk í gegnum Erasmus+ áætlunina fyrir sumarskólann sem haldinn var við Háskóla Íslands 2014.

Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki hefur verið starfræktur frá því árið 2003 og í ár var haldinn í þrettánda sinn, dagana 22. júní – 4. júlí. Í þetta sinn kenndu níu þekktir fræðimenn á sviði smáríkjarannsókna, Evrópumála, þróunarsamvinnu og öryggismála við skólann. Alls kom 21 erlendur nemandi til Íslands til að sækja skólann en að auki tóku BA- og MA-nemar frá Háskóla Íslands þátt í honum. Á þessu tveggja vikna hraðnámskeiði er boðið upp á úrval kennslustunda, málstofa og heimsókna í opinberar stofnanir.

## Kennslubók um Evrópumál

Fyrsta heildstæða kennslubókin á íslensku um Evrópusamrunann og samskipti Íslands við Evrópusambandið leit dagsins ljós í lok ársins eftir þrotlausa vinnu á undanförnum tveimur árum. Rannsóknasetur um smáríki gefur bókina út í samstarfi við Háskólaútgáfuna en bókin er hugsuð fyrir nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi og er styrkt af Þróunarsjóði námsgagna. Bókin skiptist í átta kafla sem eru skrifaðir af sjö sérfræðingum á sviði Evrópumála. Ásamt almennri umfjöllun um samrunaþróun Evrópu er einnig lögð áhersla á að skoða þátttöku Íslands í Evrópusamrunanum og stöðu smáríkja innan Evrópusambandsins.

## Þátttaka í nýju Jean Monnet Networks verkefni

Rannsóknasetur um smáríki tekur þátt í rannsóknaverkefni sem hlaut nýverið styrk úr Jean Monnet Networks sjóðnum. Háskólinn á Möltu og Maastricht-háskóli leiða verkefnið en markmið þess er að rannsaka þær áskoranir og tækifæri sem felast í stefnumótun á sviði heilbrigðismála fyrir smáríki, jafnt innanlands sem og á evrópskum vettvangi. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu og stefnumótun við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, hefur yfirumsjón með rannsókninni fyrir hönd Rannsóknaseturs um smáríki.

## Útgáfa – Rannsóknasetur um smáríki

Rannsóknasetur um smáríki hóf árið 2014 útgáfu á ritröð um smáríki þar sem nýjar rannsóknir fræðimanna í smáríkjafræðum eru kynntar á stuttan og hnitmiðaðan hátt. Smáritin eru ætluð blaðamönnum, embættismönnum, starfsmönnum sendiráða og öllum þeim sem vilja kynna sér það sem efst er á baugi í smáríkjarannsóknum.

Sex fyrstu smáritin eru nú aðgengileg á vef Rannsóknaseturs um smáríki, www.csss.hi.is, undir *útgáfa*. Fyrrverandi nemandi við sumarskóla Rannsóknaseturs um smáríki árið 2013, Urban Jaksa, er höfundar nýjasta smáritsins sem ber heitið South Caucasus: Nagorno-Karabakh Between a Contested Territory and a Small State. Hann stundar nú doktorsnám við Háskólann í York.

Ný útgáfa í ritröð Rannsóknaseturs um smáríki árið 2015:

- Alyson J.K. Bailes: Nordic and Arctic Affairs: Small States in the Arctic – What Impact from Russia-West Tensions?
- Urban Jaksa: South Caucasus: Nagorno-Karabakh Between a Contested Territory and a Small State.

Útgáfan er hluti af nýrri ritröð um smáríki, Small State Briefs, á vegum setursins þar sem nýjar rannsóknir fræðimanna í smáríkjafræðum eru kynntar á stuttan og hnitmiðaðan hátt. Smáritin eru ætluð blaðamönnum, embættismönnum, starfsmönnum sendiráða og öllum þeim sem vilja kynna sér það sem efst er á baugi í smáríkjarannsóknum. Þau eru aðgengileg á vef Rannsóknaseturs um smáríki, www.csss.hi.is, undir „útgáfa“.

# Rannsóknasetur um norðurslóðir

Rannsóknasetur um norðurslóðir er vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði norðurslóðarannsókna með áherslu á hlutverk og stefnu ríkja og stofnana, og stjórnarhætti á norðurslóðum. Hlutverk setursins er að vinna að rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, að auka samstarf milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila og vera leiðandi í rannsóknum á þessu sviði. Auk þess stendur setrið fyrir ráðstefnum, umræðufundum, fyrirlestrum, vinnustofum og námskeiðum um efni sem varða starfssvið þess og útgáfu rita um málefni norðurslóða. Setrið vinnur einnig þjónustuverkefni fyrir atvinnulífið og opinbera aðila og styður við kennslu í norðurslóðamálefnum.

## Nýtt norðurslóðaverkefni hlaut styrk á árinu

Nýtt tengslanet sem mun rannsaka félags- og menningarleg áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum hlaut styrk frá Norrænu samstarfsnefndinni um hug- og félagsvísindarannsóknir (NOS-HS) á árinu. Tengslanetið, sem kallað er Northgate, sameinar bæði reynda og nýja fræðimenn frá fjölmörgum norrænum háskólum. Samstarfsverkefnið mun stuðla að rannsóknum og auknum tengslum fræðimanna við stefnumótunaraðila og samfélög sem finna í auknum mæli fyrir hröðum umhverfisbreytingum og hreyfanleika fólks á svæðinu. Rannsóknasetur um norðurslóðir mun halda

utan um verkefnið næstu tvö árin en umsjón með verkefninu hefur Kristinn Schram, lektor í þjóðfræði og fyrrverandi forstöðumaður Rannsóknaseturs um norðurslóðir.

## Vestnorræni höfuðborgarsjóðurinn

Rannsóknasetur um norðurslóðir hlaut styrk frá Vestnorræna höfuðborgasjóðnum fyrir verkefni sem snýr að því að rannsaka og setja á fót sýningu um vestnorræn samskipti í gegnum aldirnar og inn í nútímann. Styrkurinn nýtist fyrst og fremst í undirbúningsvinnu fyrir frekari rannsóknir og styrkumsóknir. Fyrsta sýningin er fyrirhuguð í Færeyjum árið 2017 en markmiðið er að varpa ljósi á tengsl Íslands, Grænlands og Færeyja með sýningum í öllum löndunum þremur, auk Danmerkur, þar sem aðaláhersla verður lögð á myndir og myndbrot. Rannsóknir og undirbúningsvinna er í höndum Kristins Schram, Kötlu Kjartansdóttur og Sumarliða R. Ísleifssonar.

## Ráðstefnan Efst á heimskautsbaugi haldin í þriðja sinn

Dagana 14. og 15. október stóð Rannsóknasetur um norðurslóðir í þriðja sinn að árlegu ráðstefnunni Efst á heimskautsbaugi (The Trans-Arctic Agenda). Þetta árið var ráðstefnan haldin í samstarfi við Rannsóknarþing norðursins og áttunda opna þing þess. Ráðstefnan var haldin á Radisson Blu Hótel Sögu og bar undirtitilinn Til móts við menningararf og aukna viðbragðsgetu. Hún heppnaðist í alla staði vel og var sótt af fjölda fólks úr fræðasamfélaginu, opinbera geiranum og sendifulltrúum erlendra ríkja.

Ráðstefnan var styrkt af Letterstedtska sjóðnum, Arctic Studies sjóðnum, sendinefnd ESB á Íslandi, utanríkisráðuneyti Íslands og skrifstofu rektors Háskóla Íslands. Nemendur við Háskóla Íslands héldu veggspjaldasýningu í tengslum við ráðstefnuna og nemendur á vegum Rannsóknaþings norðursins og frá Norðurslóðaháskóla Noregs í Tromsø (UiT) tóku saman erindi ráðstefnunnar. Samantektir þeirra verða birtar í lokaskýrslu sem mun koma út á næstu vikum.

Myndir frá ráðstefnunni er að finna á heimasíðu Rannsóknaseturs um norðurslóðir: http://ams.hi.is/myndir/ og dagskrá ráðstefnunnar má nálgast hér: http://ams.hi.is/wp-content/uploads/2014/03/The-Trans-Arctic-Programme-2015.pdf.

## Nýtt meistaranám í vestnorrænum fræðum

Nýtt nám í vestnorrænum fræðum, West Nordic Studies: Governance and Sustainable Management, hóf göngu sína í haust en undirbúningur að náminu hefur staðið yfir frá því vorið 2013. Rannsóknasetur um norðurslóðir hefur haft yfirumsjón með undirbúningnum en námið er samstarfsverkefni fimm háskóla, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskólans í Færeyjum, Háskólans á Grænlandi og Nordland-háskóla í Norður-Noregi. Stjórnmálafræðideild sér um framkvæmd námsins fyrir hönd Háskóla Íslands en Rannsóknasetur um norðurslóðir á fulltrúa í námsnefnd. Vefsíðu um námið er að finna hér: http://westnordicstudies.net.

## Green Growth Dialogue

Í tengslum við hið nýja nám í vestnorrænum fræðum er nú unnið að því að koma á fót tengslaneti samstarfsskólana fimm og samstarfsaðila þeirra í Kanada, undir formerkjum Green Growth Dialogue. Haldnar voru tvær vinnustofur á árinu með það að leiðarljósi að skapa samstarfs- og umræðuvettvang fyrir fræðasamfélagið, nemendur, embættismenn, fulltrúa atvinnulífs og ráðamanna um grænt hagkerfi og mögulegar leiðir til þess að færa efnahagslífið í grænna horf en nú. Fyrsta vinnustofan var haldin í Færeyjum 27.–28. apríl og dagana 24.–25. ágúst var önnur vinnustofan haldin hér á landi. Yfirumsjón með verkefninu er í höndum Fróðskapasetursins í Færeyjum.

## Útgáfa – Rannsóknasetur um norðurslóðir

Ný útgáfa í ritröð Rannsóknasetur um norðurslóðir árið 2015:

- Bjarki Þórðarson, Ingibjörg Jónsdóttir, Johannes Wolf, Josefin Johansson, Karen Marie Lamont, Kelly DeForest, Kjellfrid Totland Hesthamar, Maaru Moilanen og Olga Árnadóttir: Arctic Circle Assembly 2015 Student Briefings.
- Jesse Hastings, Edward H. Huijbens, Gustav Pétursson og Jennifer Smith: Chinese Chess in the Wild West – How Icelanders view the growing Iceland-China relationship.
- Lára Jóhannsdóttir og David Cook: Trans-Arctic Agenda Summary Report 2014 – An Insurance Perspective on Arctic Opportunities and Risks – Hydrocarbon Exploration and Shipping.
- Anja Allabar, Joel Zushman, Sindri Snær Jónsson, Susanne Claudia Möckel, Nicolas Stoll, Evan Alexander Adamic, Jónas Þór Markússon, Sarah Løhr, Josephine Dagmar Munch, Raphael Hagen og Omar Berbar: Arctic Circle Assembly 2014 Student Briefings.


NÝSKÖPUN Á HEILBRIGÐISVÍSIN

# Heilbrigðisvísindasvið

## Almennt yfirlit, stjórn og stefna

Á Heilbrigðisvísindasviði eru sex deildir: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild. Forseti Heilbrigðisvísindasviðs er Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði, úr Matvæla- og næringarfræðideild. Auk forseta sviðsins sitja deildarforsetar í stjórn þess og einn fulltrúi nemenda. Rekstrarstjóri situr stjórnarfundi.

Stjórn Heilbrigðisvísindasviðs 1. janúar 2015 – 30. júní 2015:

- Helga Jónsdóttir prófessor (fyrir Hjúkrunarfræðideild)
- Már Másson prófessor (fyrir Lyfjafræðideild)
- Magnús Karl Magnússon prófessor (fyrir Læknadeild)
- Þórhallur Ingi Halldórsson dósent (fyrir Matvæla- og næringarfræðideild)
- Sigurður J. Grétarsson prófessor (fyrir Sálfræðideild)
- Bjarni Elvar Pjetursson dósent (fyrir Tannlæknadeild)
- Fríða Brá Pálsdóttur, námsbraut í sjúkraþjálfun (fulltrúi nemenda)

Stjórn Heilbrigðisvísindasviðs 1. júlí 2015 – 31. desember 2015

- Helga Jónsdóttir prófessor (fyrir Hjúkrunarfræðideild)
- Hákon Hrafn Sigurðsson prófessor (fyrir Lyfjafræðideild)
- Magnús Karl Magnússon prófessor (fyrir Læknadeild)
- Guðjón Þorkelsson prófessor (fyrir Matvæla- og næringarfræðideild)
- Sigurður J. Grétarsson prófessor (fyrir Sálfræðideild)
- Bjarni Elvar Pjetursson dósent (fyrir Tannlæknadeild)
- Elín Dröfn Jónsdóttir, Lyfjafræðideild (fulltrúi nemenda)

Rekstrarstjóri: Vilborg Lofts.

Á árinu voru haldnir sautján stjórnarfundir. Viðfangsefni stjórnar sviðsins voru m.a. ráðningarbeiðnir, fjármál, húsnæðismál, styrkjamál, bókasafnsmál, rannsóknamisseri, starfsnefndir, erindisbréf nefnda, stefnumótun Háskóla Íslands og Heilbrigðisvísindasviðs, klínískt rannsóknasetur, klínískt færnisetur, klínískar nafnbætur, framtíðarskipulag sviðsskrifstofu, breytingar á reglum deilda og sviðs, stjórnunartímar, viðhorfskannanir starfsmanna og nema, fjöldatakmarkanir, skjalamál, alþjóðamál Heilbrigðisvísindasviðs, skipulag og starfsemi rannsóknastofnana, sjálfsmatsskýrslur deilda, málefni stundakennara, þing Heilbrigðisvísindasviðs o.fl. Fjölmargir gestir komu inn á fundi stjórnar, s.s. margir fulltrúar frá miðlægri stjórnsýslu Háskóla Íslands, sviðsráð nemenda og fulltrúar frá Landsbókasafni og Landspítala.

## Þing Heilbrigðisvísindasviðs

Þing Heilbrigðisvísindasviðs var haldið í hátíðasal Háskóla Íslands 22. apríl. Fundarstjóri var Helga Jónsdóttir, forseti Hjúkrunarfræðideildar. Birgir Jakobsson landlæknir flutti erindi og fjallaði um heilbrigðiskerfið og áherslur embættis landlæknis. Sviðsforseti flutti skýrslu um helstu starfsemi sviðsins á sl. ári. Margrét Unnarsdóttir, formaður sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs í Stúdentaráði Háskóla Íslands, kom sjónarmiðum nemenda á framfæri. Kjarabarátta og verkföll heilbrigðisstétta

hafa haft mikil áhrif á námið. Þá minntist Margrét á húsnæðismál en dreifð staðsetning bygginga sviðsins á háskólasvæðinu dregur úr samskiptum og samvinnu nemenda úr mismunandi greinum. Guðmundur R. Jónsson, prófessor og framkvæmdastjóri fjármála og reksturs Háskóla Íslands, fór yfir stöðu húsnæðismála Heilbrigðisvísindasviðs. Sóley S. Bender, prófessor og formaður stýrihóps Heilsutorgs, flutti erindi um Heilsutorg sem þverfræðilegt námskeið við sviðið, sem kennt var í fyrsta sinn í vetur. Síðasta erindi þingsins fluttu Þorvarður Löve, lektor við Læknadeild, og Ásta Thoroddsen, prófessor við Hjúkrunarfræðideild. Þau greindu frá Heilsubrunni Háskóla Íslands sem er miðstöð gagnarannsókna.

## Starfsfólk

Úrvinnsla tölulegra gagna um starfsmannafjölda á Heilbrigðisvísindasviði tók nokkrum breytingum á árinu 2015 og bera töflur í árbókinni þess merki. Gögnin eru greind ýtarlegar en áður og sem dæmi má nefna að aðstoðarmenn og starfsfólk í klínik var áður flokkað sem starfsfólk í stjórnsýslu en er nú komið í sér flokk sem nefnist klíník, aðstoðarmenn og aðrir. Einnig er starfsfólk sem þiggur laun sín af sjálfsaflaféi flokkað sér.

**Fjöldi starfsfólks við Heilbrigðisvísindasvið árið 2015**

| Kyn | Fjöldi starfsmanna | Fjöldi stöðugilda |
|---|---|---|
| Karl | 137 | 90,1 |
| Kona | 188 | 141,3 |
| **Samtals** | **325** | **231,5** |

| Kyn | Fjöldi starfsmanna | Fjöldi stöðugilda |
|---|---|---|
| Karl | 115 | 72,3 |
| Kona | 127 | 91,8 |
| **Samtals** | **242** | **164,1** |

Í vinstri töflunni er starfsfólk sem þiggur laun sín af sjálfsaflafé talið með en ekki í hægri töflunni.

**Fjöldi starfsfólks eftir starfsheitum við Heilbrigðisvísindasvið árið 2015**



Árið 2015 störfuðu 85 prófessorar, 54 dósentar, 38 lektorar og 20 aðjunktar með kennsluskyldu á Heilbrigðisvísindasviði. Í heild voru stöðugildi þeirra 128,2.

Stundakennarar voru alls um 940. Starfsmenn við rannsóknir, þjónustu og nýdoktorar voru alls 83 í 67 stöðugildum.

## Stoðþjónusta og stjórnsýsla

Á skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs störfuðu, auk forseta, rekstrarstjóri, upplýsinga- og vefstjóri, starfsmannastjóri, rannsóknarstjóri og tveir verkefnastjórar. Á árinu unnu 29 starfsmenn við stjórnsýslu í deildum og á sviðsskrifstofu í 24,6 stöðugildum. Aðrir starfsmenn við stoðþjónustu, í klíník í Tannlæknadeild og við ýmsar rannsóknastofnanir voru 9 í 6,9 stöðugildum. Tekið skal fram að enginn karlmaður var í þessum hópi þetta árið.

**Stjórnsýsla og stoðþjónusta Heilbrigðisvísindasviðs – fjöldi starfsfólks og stöðugilda árið 2015.**

| | Klíník, aðstoðarmenn og aðrir | | Stjórnsýsla | |
|---|---|---|---|---|
| Deild | Starfsmenn | Stöðugildi | Starfmenn | Stöðugildi |
| Sviðsskrifstofa | 0 | 0 | 7 | 6,5 |
| Hjúkrunarfræðideild | 1 | 0,6 | 5 | 4,5 |
| Lyfjafræðideild | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Læknadeild | 2 | 1,3 | 11 | 9 |
| Matvæla- og næringarfræðideild | 0 | 0 | 1 | 0,5 |
| Sálfræðideild | 0 | 0 | 2 | 1,8 |
| Tannlæknadeild | 5 | 4,5 | 2 | 1,3 |
| **Samtals** | **9** | **6,9** | **29** | **24,6** |

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun stoðþjónustunnar í samráði við forseta sviðsins. Innan hverrar deildar er deildarskrifstofa.

Reglulegir fundir voru haldnir með öllum starfsmönnum í stjórnsýslu og stoðþjónustu. Rekstrarstjóri og aðrir starfsmenn á sviðsskrifstofu funda mánaðarlega með deildarstjórum og verkefnastjórum námsbrauta.

Árlegur fræðslu- og vinnudagur stjórnsýslu og stoðþjónustu starfsmanna sviðsins var haldinn í Sjóminjasafninu þann 2. október eftir hádegi. Umfjöllunarefni dagsins voru streita, núvitund og vellíðan í starfi.

## Nefndir

Fulltrúar deilda í fastanefndum sviðsins eru skipaðir til þriggja ára og fulltrúar nemenda til eins árs í senn. Nefndir heyra undir stjórn Heilbrigðisvísindasviðs.

Í kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs á vormisseri voru Björn Guðbjörnsson, fulltrúi Læknadeildar og formaður, Þórdís K. Þorsteinsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Hákon H. Sigurðsson, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Ólöf G. Geirsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Guðmundur B. Arnkelsson, fulltrúi Sálfræðideildar, og Karl Ö. Karlsson, fulltrúi Tannlæknadeildar. Áheyrnarfulltrúar voru Þórarinn Sveinsson, frá námsbraut í sjúkraþjálfun, og Martha Hjálmarsdóttir, frá námsbraut í lífeindafræði. Starfsmaður nefndarinnar var Heiður Reynisdóttir, verkefnisstjóri framhaldsnáms. Fulltrúi nemenda var Margrét Unnarsdóttir. Á haustmisseri tóku eftirfarandi sæti í

stað fulltrúa sem hættu: Lárus S. Guðmundsson sem fulltrúi Lyfjafræðideildar, Sólveig Á. Árnadóttir sem áheyrnarfulltrúi námsbrautar í sjúkraþjálfun og Sunneva B. Gunnarsdóttir sem fulltrúi nemenda. Aðrir nefndarmenn voru þeir sömu á báðum misserum.

Í vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Árni Kristjánsson, fulltrúi Sálfræðideildar og formaður, Guðrún Kristjánsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Elín Soffía Ólafsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Helga Zoëga, fulltrúi Læknadeildar, Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, og Inga B. Árnadóttir, fulltrúi Tannlæknadeildar. Ása Guðrún Kristjánsdóttir, rannsóknastjóri í afleysingum, var starfsmaður nefndarinnar fyrri hluta ársins og Ása Vala Þórisdóttir rannsóknastjóri seinni hluta þess.

Í doktorsnámsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Þórdís Kristmundsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar og formaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Helga Ögmundsdóttir, fulltrúi Læknadeildar, Bryndís Eva Birgisdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Fanney Þórsdóttir, fulltrúi Sálfræðideildar, Teitur Jónsson, fulltrúi Tannlæknadeildar og Thor Aspelund, fulltrúi Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Ása Guðrún Kristjánsdóttir, rannsóknastjóri í afleysingum, var starfsmaður nefndarinnar fyrri hluta ársins og Ása Vala Þórisdóttir rannsóknastjóri seinni hluta þess.

Í jafnréttisnefnd Heilbrigðisvísindasviðs árið 2015 sátu Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, formaður, Pétur Henry Petersen, dósent við Læknadeild, Erna Sigurðardóttir, deildarstjóri í Læknadeild, Guðbjörg Bragadóttir, fulltrúi í Læknadeild, og Þórana Dietz, starfsmannastjóri og starfsmaður nefndarinnar.

## Doktorsvarnir

Við deildir Heilbrigðisvísindasviðs fóru 13 doktorsvarnir fram á árinu: ein við Hjúkrunarfræðideild, ein við Lyfjafræðideild, tíu við Læknadeild og ein við Matvæla- og næringarfræðideild.

## Húsnæðismál

Heilbrigðisvísindasvið hefur aðstöðu í átta húsum sem dreifast á svæði sem nær frá Vínlandsleið í Grafarholti í austri að Hofsvallagötu í vestri. Stjórnsýslu- og stoðþjónustan er á þrettán mismunandi stöðum. Þetta setur töluvert mark á starfsemi sviðsins. Ljóst er að starfsemin mun ekki komast undir eitt þak fyrr en með tilkomu nýs Landspítala. Þar er gert ráð fyrir að allar deildir sviðsins fái aðstöðu fyrir skrifstofur, kennslu og rannsóknir.

## Samstarf við Landspítala – háskólasjúkrahús

Heilbrigðisvísindasvið á í nánu samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús. Árið 2012 var undirritaður nýr samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og spítalans í því skyni að skapa umgjörð og sérhæfða aðstöðu fyrir þau svið háskólans sem byggja kennslu, þjálfun og rannsóknir á efnivið og starfsemi háskólasjúkrahússins. Samningurinn gildir í fimm ár frá undirritun hans.

Samstarfið er margþætt og er fyrst og fremst fólgið í eftirfarandi þáttum:

- Kennsla og menntun
  Landspítali – háskólasjúkrahús er vettvangur klínískrar kennslu og þjálfunar í grunn-, framhalds- og sérnámi í heilbrigðisvísindagreinum. Vísinda-, mennta- og nýsköpunarsvið spítalans hefur yfirumsjón með þjónustu hvað varðar kennslu og rannsóknir á spítalanum í nánu samstarfi við forstöðumenn fræðigreina og forsvarsmenn fræðasviða háskólans, svo og framkvæmdastjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss, yfirlækna, deildarstjóra og aðra þá starfsmenn spítalans sem að háskólastarfinu koma.

- Vísindasamstarf
  Háskóli Íslands og Landspítali – háskólasjúkrahús reka klínísk rannsóknasetur og sameiginlegar rannsóknastofur og -stofnanir. Enn fremur er rekið heilbrigðisvísindabókasafn fyrir nemendur og starfsmenn.
- Sameiginlegir starfsmenn
  Sameiginlegir starfsmenn Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss teljast þeir sem hafa ráðningarsamning við báðar stofnanirnar. Þeir geta verið í fullu starfi við aðra stofnunina og í hlutastarfi við hina eða í hlutastarfi við báðar. Kennsla er hluti af starfi allra klínískra starfsmanna háskólaspítala. Stjórnendur fræðasviða og fræðigreina við háskólann geta í samráði við framkvæmdastjóra sviða, yfirlækna, deildarstjóra og aðra ábyrgðarmenn (klínískrar) þjónustu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi leitað til starfsmanna spítalans og óskað eftir að þeir leiðbeini nemendum í námi á spítalanum.

## Markaðs- og kynningarmál

Háskóladagurinn var haldinn 28. febrúar. Á háskóladeginum kynna flestir háskólar á Íslandi námsframboð sitt í grunn- og framhaldsnámi. Allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs, auk Heilsutorgs, tóku þátt í dagskránni og voru kynningarbásar sviðsins á Háskólatorgi (Litla-Torgi). Námsframboð sviðsins var einnig kynnt í framhaldsskólum á landsbyggðinni. Grunnnám var enn fremur kynnt í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og nemendur úr tveimur framhaldsskólum komu í Læknagarð og kynntu sér nám við sviðið.

Rannsóknum vísindamanna úr öllum deildum sviðsins voru gerð góð skil í Tímariti Háskóla Íslands sem kom út í febrúar. Fréttabréf Heilbrigðisvísindasviðs, HeilbrigðisVísir, var gefið út tvisvar á árinu.

Nýir bæklingar voru gerðir fyrir fjórar námsleiðir, geislafræði, hjúkrunarfræði, lyfjafræði og sálfræði.

Ytri vefur Heilbrigðisvísindasviðs gegnir hlutverki upplýsingamiðlunar og kynningar á starfsemi sviðsins. Þar er ávallt finna nýjustu upplýsingar um nám, auk frétta og upplýsinga um viðburði. Vefurinn er í sífelldri þróun enda í eðli sínu síbreytilegur og lifandi og þarfnast stöðugs viðhalds og vinnu. Á árinu var lögð sérstök vinna í að uppfæra og bæta upplýsingar um doktorsnám og umsóknarferlið á vefnum. Heimasvæði Heilbrigðisvísindasviðs í Uglu er í sífelldri þróun. Á árinu var lögð sérstök á áhersla á að endurskoða veftré og efla forsíðu svæðisins.

Háskóli unga fólksins var haldinn 10.–13. júní þar sem mörg námskeið af Heilbrigðisvísindasviði voru í boði. Þemadagurinn Heilsa og heilbrigði fór fram í Læknagarði samhliða Háskóla unga fólksins.

## Aðrir viðburðir

Sautjánda ráðstefna Heilbrigðisvísindasviðs um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands fór fram á Háskólatorgi dagana 5. og 6. janúar 2015. Yfir 800 manns voru skráðir á ráðstefnuna og var hún sú fjölsóttasta frá upphafi. Rúmlega 160 erindi voru flutt á ráðstefnunni og um 130 veggspjöld voru til sýnis.

Heilsudagur sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs í Stúdentaráði Háskóla Íslands fór fram í fyrsta sinn þann 19. mars. Sviðsráðið stóð fyrir ýmsum viðburðum, fyrirlestrum og kynningum um heilsutengd málefni fyrir háskólasamfélagið.

Önnur nýsköpunarráðstefna Heilbrigðisvísindasviðs var haldin á Hótel Sögu þann 12. nóvember þar sem um 100 gestir fengu að kynnast 30 spennandi verkefnum í nýsköpun í heilbrigðisvísindum.

Ráðstefna doktorsnema fór fram í Læknagarði 9. desember. Á ráðstefnunni gefst doktorsnemum við Heilbrigðisvísindasvið tækifæri til þess að kynna rannsóknir. Að þessu sinni tóku 63 doktorsnemar þátt í ráðstefnunni sem fór að venju fram á ensku.

Kennsludagur Heilbrigðisvísindasviðs var haldinn í Læknagarði þann 11. desember, þar sem flutt voru margvísleg erindi um kennslutengd málefni. Jólagleði starfsfólks Heilbrigðisvísindasviðs fór fram að lokinni dagskrá kennsludags.

Sex kynningarfyrirlestrar nýrra prófessora við Heilbrigðisvísindasvið voru haldnir yfir á árinu. Á kynningarfyrirlestrum nýrra prófessor er haldið upp á framgang starfsfólk í stöðu prófessors. Þar flytur hinn nýi prófessor stutt erindi um rannsóknir sínar og störf, eftir erindið er svo boðið upp á léttar veitingar.

## Skipurit Heilbrigðisvísindasviðs og stofnana þess




# Miðstöð í lýðheilsuvísindum

## Almennt yfirlit og stjórn

Miðstöð í lýðheilsuvísindum er rannsóknastofnun Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum og sér miðstöðin jafnframt um þverfræðilegt nám á meistara- og doktorsstigi í þeim fræðum.

Í stjórn þverfræðilega námsins sátu árið 2015: Haraldur Briem, sóttvarnalæknir og dósent við Læknadeild, formaður námsstjórnar, Lárus Steinþór Guðmundsson, lektor við Lyfjafræðdeild, Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti Læknadeildar, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor við Hagfræðideild, og Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Fastir kennarar námsins hafa áheyrn á stjórnarfundum.

## Starfsfólk

Unnur Anna Valdimarsdóttir prófessor gegndi starfi forstöðumanns Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Auk hennar voru í upphafi árs þrír fastráðnir kennarar við miðstöðina, Arna Hauksdóttir dósent, Helga

Zoëga dósent og Thor Aspelund, sem fékk framgang í starf prófessors á árinu. Um mitt árið bættust tveir lektorar í hópinn, þær Sigrún Helga Lund og Kristjana Einarsdóttir. Sigrún gegndi starfi rannsóknasérfræðings í líftölfræði við miðstöðina fram að akademískri ráðningu. Dóra R. Ólafsdóttir var skrifstofustjóri við miðstöðina.

Í árslok kenndu einnig þrír aðjunktar við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, þeir Gunnar Tómasson, Héðinn Svarfdal Björnsson og Tryggvi Þorgeirsson.

Einnig höfðu þeir Sigurður Yngvi Kristinsson og Þorvarður Jón Löve, prófessorar við Læknadeild, aðstöðu við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, sem og doktorsnemendur Sigurðar Yngva. Þá var Vilhjálmur Rafnsson, prófessor emeritus frá og með september 2015, með starfsaðstöðu við Miðstöð í lýðheilsuvísindum ásamt doktorsnemum sínum.

Að jafnaði höfðu um 18 doktorsnemar, aðjunktar, gestanemar og nýdoktorar aðstöðu við Miðstöð í lýðheilsuvísindum og tóku flestir þeirra þátt í stunda- og dæmatímakennslu, sem og handleiðslu meistaranema.

Fjölmargir gesta- og stundakennarar voru fyrirlesarar í skyldunámskeiðum og auk þess voru starfsmenn ýmissa samstarfsstofnana Háskóla Íslands gjarnan skipaðir í meistara- og doktorsnefndir. Kennarar frá fimm deildum og námsbrautum við Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið tóku þátt leiðsögn við rannsóknaverkefni nemenda.

## Nám og kennsla

Megináhersla í meistaranámi í lýðheilsu (MPH, Master of Public Health) er lögð á rannsóknaraðferðir (faralds- og líftölfræði), undirbúning rannsókna, heilsueflingu og forvarnir. Þróaðar hafa verið þrjár námsleiðir innan námsins þar sem í fyrsta lagi er lögð áhersla á sérþekkingu á megindlegum aðferðum lýðheilsuvísinda og framkvæmd rannsókna, í öðru lagi á heilbrigðisstjórnun og forvarnir og loks á heilsueflingu. Auk kennara í lýðheilsufræðum taka gestafyrirlesarar úr öðrum deildum Háskóla Íslands og samstarfsstofnunum innanlands og utan þátt í kennslu í skyldunámskeiðum.

Við árslok voru 37 nemendur skráðir í meistaranám og 40 nemendur í diplómanám. Á árinu brautskráðust 12 nemendur með meistarapróf í lýðheilsufræðum og 23 nemendur með diplómagráðu. Doktorsnemar í lýðheilsuvísindum voru 13 í desember 2015. Þrjár doktorsvarnir í lýðheilsuvísindum fóru fram á árinu, allar við Læknadeild.

Námskeiðin Almenn aðferðafræði A, Faraldsfræði og Líftölfræði I eru samkennd með Læknadeild.

Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Raunvísindadeild Háskóla Íslands hófu á árinu samstarf um kennslu í hagnýttri tölfræði á meistarastigi.

## Rannsóknir

Rannsóknaverkefni meistara- og doktorsnema sneru flest að einhverju á ofangreindum sviðum. Helstu samstarfsaðilar í verkefnum nemenda eru Hjartavernd, Krabbameinsskrá, embætti landlæknis, Íslensk erfðagreining og Landspítali – háskólasjúkrahús.

Nemendur og kennarar í lýðheilsuvísindum hlutu á árinu styrki til rannsóknaverkefna sinna m.a. frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands, embætti landlæknis, Rannís og Vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss.




Umfangsmestu rannsóknir við Miðstöð í lýðheilsuvísindum árið 2015 voru:

- Stress Response to a Lung-Cancer Diagnosis. Unnur Anna Valdimarsdóttir fer fyrir þessu rannsóknarteymi en Rannís veitti þriggja ára styrk til verkefnisins árið 2014. Helstu samstarfsaðilar eru Landspítali – háskólasjúkrahús og vísindamenn við Læknadeild háskólans, Harvard School of Public Health, Karolinska Institutet og Technische Universität í Dresden.
- Öndvegissetur um náttúruvá og öryggi samfélaga. Arna Hauksdóttir og einn nýdoktor við Miðstöð í lýðheilsuvísindum eru hluti af þessu rannsóknarteymi. Öndvegissetrið hlaut 420 milljón króna rannsóknastyrk frá NordForsk árið 2014.
- Heilsusögubankinn (SAGA Cohort). Helstu samstarfsaðilar í verkefninu eru Krabbameinsfélag Íslands, Lífsýnabanki Landspítala – háskólasjúkrahúss, Íslensk erfðagreining og ýmsar erlendar vísindastofnanir. Heilsusaga Íslendinga er hluti af Global Cohort Initiative, sem er alþjóðleg samvinna nokkurra áþekkra ferilrannsókna sem skipulagðar eru víðs vegar í heiminum.
- v-ATPase, pH and Cancer. Helga Zoëga er í rannsóknarteymi við Lífvísindasetur í þessu verkefni en til þess veitti Rannsóknarsjóður Vísinda- og tækniráðs (Rannís) öndvegisstyrk á árinu.

Af öðrum styrkjum má nefna að embætti landlæknis styrkti stöðu nýdoktors við Miðstöð í lýðheilsuvísindum til 12 mánaða. Nýdoktorinn vann með teymi á vegum embættis landlæknis við rannsóknir á áhrifum eldgossins sem hófst í Holuhrauni í ágúst 2014.

Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og umsjónarmaður námsins, var skipuð gestaprófessor við faralds- og líftölfræðideild við Karolinska Institutet síðla árs 2015.

Sigrún Helga Lund, lektor við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, kom verkefninu Málstofa ungra fræðimanna við Háskóla Íslands á fót á árinu. Málstofan er þverfræðileg málstofa fyrir unga fræðimenn af öllum sviðum Háskóla Íslands og vettvangur fyrir nýja rannsakendur við skólann til að kynna rannsóknir sínar, kynnast rannsóknum annarra og finna sameiginlega fleti á verkefnum og samstarfsvettvang. Málstofan er haldin mánaðarlega að jafnaði, í hvert sinn eru flutt tvö erindi, hvort að hámarki 20 mínútur, auk þess sem tími gefst til umræðna.

Starfsfólk og nemendur Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum fengu um 50 greinar birtar eða samþykktar á árinu í erlendum ritrýndum tímaritum.

## Markaðs- og kynningarmál

Nám í lýðheilsuvísindum var kynnt á sameiginlegri námskynningu háskólans og einnig var boðið upp á kynningarfund í tengslum við umsóknarfrest á vormisseri. Opnar málstofur á vegum Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum voru haldnar reglulega. Meistara- og doktorsnemar voru mjög virkir í kynningum á eigin verkefnum á ráðstefnum og málþingum innanlands og erlendis. Miðstöð í lýðheilsuvísindum á einnig í traustu samstarfi við Faralds- og líftölfræðifélagið og heldur með því sameiginlegar málstofur.

# Hjúkrunarfræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Í Hjúkrunarfræðideild er í boði grunn- og framhaldsnám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Áhersla er lögð á að efla klíniskar rannsóknir og fjölga framhaldsnemendum.

Forseti var Hjúkrunarfræðideildar var Helga Jónsdóttir prófessor og varaforseti Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor.

## Starfsfólk

Í lok árs störfuðu níu prófessorar, sjö dósentar, sjö lektorar og sex aðjunktar með kennsluskyldu við deildina, auk 19 aðjunkta án kennsluskyldu í deildinni og eins nýdoktors. Að auki voru átján manns með klíníska lektorsnafnbót við deildina í ársbyrjun. Á þriðja hundrað stundakennara tóku að sér kennslu við deildina. Þrír fræðimenn voru með gestastöður kennara og tveir með heiðursdoktorsnafnbót við deildina.

Í stjórnsýslu störfuðu fimm manns á skrifstofu, auk verkefnisstjóra við verknámsstofu. Alls voru þetta 4,95 stöðugildi. Stöðugildi fastráðinna kennara voru 23,4.

## Nám og kennsla

Nám til BS-prófs í hjúkrunarfræði er 240 einingar og prófið gefur leyfi til að sækja um hjúkrunarleyfi á Íslandi. Embættispróf í ljósmóðurfræði er 120 eininga nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði. Meistaranám í hjúkrunarfræði er 120 einingar og meistaranám í ljósmóðurfræði sömuleiðis. MS-nám er með áherslu ýmist á klíníska sérhæfingu, rannsóknaþjálfun eða stjórnun. Á árinu var einnig í boði viðbótardiplómanám á meistarastigi í skurðhjúkrun til 84 eininga, í öldrunarhjúkrun til 30 eininga, í geðhjúkrun til 30 eininga og þverfræðilegt diplómanám á meistarastigi í kynfræði til 30 eininga. Doktorsnám er til 180 eininga. Alls stunduðu 484 nemendur nám við deildina í árslok.

Innleidd var endurskoðuð námskrá fyrir BS-nám í hjúkrunarfræði á haustmisseri fyrsta árs. Samhliða endurskoðaðri námskrá breyttust inntökuskilyrði til ákvörðunar fjölda nemenda sem öðlast rétt til náms við deildina. Numerus clausus próf voru lögð niður og tekin upp inntökupróf. Inntökupróf byggist á árangri nemenda á aðgangsprófi fyrir háskólastig, A-prófi (70%), og vegnu meðaltali í ensku, íslensku og stærðfræði á stúdentsprófi (30%). Alls 100 nemendur þáðu boð um að hefja grunnnám við deildina og 91 þeirra þreyttu öll haustpróf.

Í lok árs stunduðu 59 nemendur MS-nám, þar af þrír í ljósmóðurfræði. Alls voru 20 nemendur í kandídatsnámi í ljósmóðurfræði. Alls voru 18 nemendur í diplómanámi í skurðhjúkrun, 15 í diplómanámi í öldrun, 13 í diplómanámi í geðhjúkrun og átta nemendur lögðu stund á þverfræðilegt diplómanám í kynfræði.

Haustið 2015 hófu átta nemendur MS-nám: sjö í hjúkrunarfræði og einn í ljósmóðurfræði. Að venju hófu 10 nemendur kandídatsnám í ljósmóðurfræði.

Á árinu luku átta nemendur MS-námi í hjúkrunarfræði og tveir í ljósmóðurfræði. 10 nemendur luku kandídatsprófi í ljósmóðurfræði. Alls luku 19 nemendur diplómanámi í skurðhjúkrun, 10 luku diplómanámi í svæfingahjúkrun og sex luku þverfræðilegu diplómanámi í kynfræði.

## Doktorsnám

Á árinu voru þrír nýir doktorsnemar teknir inn í nám við Hjúkrunarfræðideild og einn nemandi varði doktorsritgerð sína. Í árslok voru 13 nemendur í doktorsnámi við deildina.

## Alþjóðasamskipti

Hjúkrunarfræðideild er aðili að nokkrum norrænum samstarfsnetum, svo sem Norlys, Nordsne, Nordinnet, Nordannet, Medico og Midwives of the North. Norlys er samstarfsnet um grunnnám í hjúkrun og nýttist bæði til klínísks skiptináms og til alþjóðlegs námskeiðahalds. Hjúkrunarfræðideild tók þátt í skipulagningu og kennslu á þriggja námseininga hraðnámskeiði á vegum Norlys-netsins um viðbótarmeðferð í hjúkrun (Complementary Care and Ethics in Nursing Practice: Curriculum Development). Þóra Jenný Gunnarsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild, tók þátt í undirbúningi námskeiðsins og kenndi á því. Alls tóku fjórir nemendur Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands þátt í þessu námskeiði, sem var haldið í Tallinn í Eistlandi. Á framhaldsnámsstigi tók deildin þátt í fagmiðuðum samstarfsnetum, til dæmis Nordannet (svæfingahjúkrun), Nordinnet (gjörgæsluhjúkrun), Midwives of the North (ljósmóðurfræði) og Nordsne (þverfaglegu neti á framhaldsstigi í hjúkrun). Í tengslum við Nordsne-netið tók deildin þátt í alþjóðlegu námskeiði á sviði geðhjúkrunar, sem haldið var af samstarfsskóla deildarinnar, Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Alls tóku þátt tveir kennarar Hjúkurnarfræðideildar þátt í því, Hildur Sigurðardóttir og Jóhanna Bernharðsdóttir, og þrír nemendur úr framhaldsnámi. Að lokum má nefna þverfaglega netið Nordlys sem Háskóli Íslands er aðili að og nýst hefur nemendum Hjúkrunarfræðideildar til klínísks skiptináms og fóru m.a. 8 nemendur frá Hjúkrunarfræðideild í skiptinám á sviði bráðahjúkrunar til Háskólans í Lundi. Hafa þessi norrænu samstarfsnet því bæði nýst nemendum og kennurum. Deildin tók á móti 10 skiptinemum í klínískt skiptinám frá samstarfsskólum okkar: á sviði geðhjúkrunar, taugalækninga og bráðahjúkrunar.

Hjúkrunarfræðideild hefur umsjón með rússnesk-norræna verkefninu Project to Promote Multifaceted Collaboration in the Field of Nursing Education and Research, sem er hluti af áætluninni The Nordic-Russian Cooperation Programme in Higher Education and Research 2012–2016. Þessi áætlun er samstarfsverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar og menntamálaráðuneytis Rússlands og er verkefnið kostað af Norrænu ráðherranefndinni. Megintilgangur þess er tvíþættur. Í fyrsta lagi er markmiðið að efla rannsóknafærni hjúkrunarfræðikennara í samstarfsskólunum í Rússlandi, sem eru ríkisháskólarnir í Pétursborg og Novgorod, en auk Háskóla Íslands og þessara tveggja skóla tekur Háskólinn í Turku í Finnlandi þátt í verkefninu. Í öðru lagi er tilgangurinn að leggja grunn að framtíðarrannsóknasamstarfi rússnesku og norrænu skólanna. Páll Biering er umsjónar- og ábyrgðarmaður verkefnisins en auk hans tekur Þóra Jenný Gunnarsdóttir þátt í því.

## Rannsóknir

Rannsóknastarfsemi við deildina er öflug. Fjórtán doktorsnemar störfuðu með kennurum að verkefnum sínum. Einn doktorsnemandi varði ritgerð sína á árinu: Marianne E. Klinke vann að rannsókninni Gaumstol eftir slag í hægri heilahveli, undir leiðsögn Helgu Jónsdóttur og meðleiðbeinendanna Hauks Hjaltasonar og Björns Þorsteinssonar.

Deildin hlaut þriggja ára styrk frá NordForsk til þátttöku í norrænu þverfaglegu rannsóknaverkefni sem ber heitið ActivABLES: Einfaldur tæknibúnaður til að stuðla að árangursríkri endurhæfingu heima fyrir fólk með heilablóðfall. Heildarupphæð styrksins er 91 milljón íslenskra króna. Verkefnið felur í sér þróun á einfaldri tæknilegri aðstoð við endurhæfingu fólks sem fengið hefur heilablóðafall með það að markmiði að aðstoða það og aðstandendur þess við að viðhalda starfrænni getu og lífsgæðum heima hjá sér. Fulltrúar Hjúkrunarfræðideildar í verkefninu eru Þóra B. Hafsteinsdóttir, Helga Jónsdóttir og Ingibjörg Hjaltadóttir.

Guðrún Kristjánsdóttir prófessor er meðrannsakandi í verkefni sem norska vísindaráðið styrkir með styrk að upphæð 1,2 milljónir evra á tímabilinu 2015–2018. Verkefnið nefnist Persónuleg áhersla í heilbrigðisþjónustu – Nýjar leiðir til framfara í hjúkrun í samvinnu sjúklinga, klínískra sviða og menntasetra. Ábyrgðarmaður er Lisbeth M. Fagerström prófessor og alls eru með henni sex meðrannsakendur að verkefninu frá fjórum löndum en vinnan fer að megninu til fram í Noregi. Styrkurinn fer meðal annars í að styrkja doktorsnemendur og standa straum af kostnaði við gagnasöfnun o.fl.

## Markaðs- og kynningarmál

Grunn- og meistaranám í hjúkrunarfræði og nám í ljósmóðurfræði var kynnt á háskóladeginum 28. febrúar. Nemendur buðu gestum upp á blóðsykurs- og blóðþrýstingsmælingar við góðar undirtektir. Jafnframt buðu nemendur gestum upp á fræðslu um grunnþætti í endurlífgun og fengu gestir að prófa að beita hjartahnoði á endurlífgunardúkku. Nemendur á 3. og 4. námsári í BS-námi fóru í framhaldsskóla og kynntu breytt inntökuskilyrði í námið og endurskoðaða námskrá sem tekin var upp á haustmisseri. Áhersla hefur verið lögð á að fjölga karlkynsnemendum í námi í hjúkrunarfræði og hefur kynningarefni og markaðssetning í tengslum við aðgangspróf (A-próf) við deildina tekið mið af því. Framboð á framhaldsnámi var auk þess kynnt í sérstakri blaðaauglýsingu.

## Viðburðir

„Á krossgötum“, kynningardagur nemenda á lokaári BS-náms í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild, fór fram í sjötta sinn í Eirbergi þann 23. janúar. Kynntu nemendur meðal annars hjúkrun í tengslum við endurhæfingu, hjálparstarf erlendis, nýburagjörgæslu, hunda sem notaðir eru til hjúkrunarmeðferðar og Frú Ragnheiði – skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins. Á kynningardeginum var framhaldsnám í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði einnig kynnt og fulltrúar heilbrigðisstofnana og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga lýstu sinni starfsemi. Verðlaun voru veitt fyrir besta kynningarbásinn en þar var hópur sem kynnti starfsemi vökudeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss hlutskarpastur. Hluti sigurliðsins hefur verið í verknámi á vökudeild Barnaspítala Hringsins en þar er starfrækt nýburagjörgæsla. Að auki stóðu nemendur fyrir kaffisölu til styrktar útskriftarferð þeirra um vorið.

Lokaverkefnisdagur BS-nema við Hjúkrunarfræðideild var haldinn 15. maí í Eirbergi. Alls kynntu 68 nemendur 37 lokaverkefni í tíu málstofum. Helga Jónsdóttir, prófessor og deildarforseti, hóf dagskrána. Fulltrúar afmælisárganga hjúkrunarfræðinga, Anna Guðrún Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á bráðadeild Landspítala, og Elínborg Ingólfsdóttir, hjúkrunarfræðingur frá Hjúkrunarskóla Íslands, fluttu ávörp. Þá flutti Katla Marín Berndsen, BS-nemi í hjúkrunarfræði, ávarp

fyrir hönd útskriftarnema. Tveir nemendur fengu viðurkenningu fyrir sérlega vel unnið verkefni, þær Soffía Scheving Thorsteinsson og Unnur Kjartansdóttir. Verkefnið ber heitið Verkir eftir heilablóðfall – Fræðilegt yfirlit yfir áhrif langvinnra verkja eftir heilablóðfall og hagnýtar upplýsingar fyrir sjúklinga. Leiðbeinendur við verkefnið voru Marianne E. Klinke, doktorsnemi í hjúkrunarfræði, Ingibjörg Bjartmarz, sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala, og Helga Jónsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.

Við sama tilefni hlutu sex nemendur viðurkenningar fyrir framlag sitt sem öflugir talsmenn Hjúkrunarfræðideildar veturinn 2014–2015. Katla Marín Berndsen, Ólína Dröfn Ólafsdóttir, Unnur Kjartansdóttir og Tinna Lind Hallsdóttir fengu verðlaun fyrir kynningarstörf en hópurinn hefur staðið fyrir vel heppnuðu kynningarátaki um nám í hjúkrunarfræði víða um landið í vetur með góðum árangri. Auk þess fengu Abigail Jean Róbertsdóttir í stjórn Skjaldar, félags hjúkrunarfræðinema sem vinnur að forvörnum og fræðslu fyrir ungt fólk, og Anna Kristín B. Jóhannesdóttir, í stjórn Hlífar, áhugafélags hjúkrunarnema um skaðaminnkun og jaðarsetta hópa, viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu deildarinnar.

Ljósmóðurnemar kynntu lokaverkefni sín til kandídatsprófs föstudaginn 29. maí í sérstakri málstofu í Eirbergi. Alls voru þeir nemendur tíu talsins. Dagskráin hófst með ávarpi Ólafar Ástu Ólafsdóttur, lektors við Hjúkrunarfræðideild. Esther Ósk Ármannsdóttir flutti ávarp tíu ára afmælisárgangs og að því loknu hófust kynningar nemenda. Einn nemandi, Steinunn Rut Guðmundsdóttir, hlaut viðurkenningu fyrir góða frammistöðu í námi. Að formlegri dagskrá lokinni buðu námsbraut í ljósmóðurfræði við Hjúkrunarfræðideild, Landspítali og Ljósmæðrafélagið til samfagnaðar með ljósmóðurnemum.

## Annað

**Sjálfsmatsskýrsla og endurskoðun námskrár**
Lokið var við vinnslu sjálfsmatsskýrslu deildarinnar í júní. Í samvinnu kennara og nemenda voru dregnir fram styrkleikar starfseminnar og lögð áhersla á þá þætti sem efla þyrfti sérstaklega. Meginatriði úrbóta felast í endurskoðun námskráa og var samtímis unnið að þeim á öllum stigum. Ein meginforsenda breytinga á grunnnámi í hjúkrunarfræði var að skerpa á skipulagningu og áherslum í námi á forsendum hjúkrunar sem starfsmiðaðrar fræðigreinar með áherslu á að samþætta þekkingu úr grunnvísindum við hjúkrunarfræðilega þekkingu og innbyrðis að samþætta hjúkrunarfræðilega þekkingu í útfærslu hjúkrunar skjólstæðinga undir handleiðslu klínískra leiðbeinenda. Sérstök áhersla var lögð á færni í upplýsingatækni, að nota rafræn gagnasöfn og beita gagnreyndum starfsháttum.

Deildarráð hefur samþykkt að frá og með skólaárinu 2019–2020 verði nám til starfsréttinda í ljósmóðurfræði og meistaragráðu samhliða. Með því styttist nám til meistaragráðu í ljósmóðurfræði um eitt ár. Einnig var meistaranámi í hjúkrunarfræði breytt í þá veru að nú fást 30 einingar metnar úr grunnnámi í hjúkrunarfræði í meistaranáminu og með því styttist nám til meistaragráðu um hálft ár.

**Endurskoðun kennsluhátta og stuðningur í námi**
Endurskoðun kennsluhátta er verkefni sem Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir stýrir með reglulegum hádegisfundum kennara. Úrbætur á leiðsögn í klínísku námi og almennt skipulag þarfnast sérstakra úrbóta sem unnið er að. Sett var á stofn námskeið, Hjúkrunarrannsóknir „Honors program", sem veitir framúrskarandi nemendum sérstakt tækifæri til að kynnast og taka þátt í fræðistörfum í deildinni. Einnig hófst verkefnið „Stuðningur í námi" sem felst í reglulegum fundum kennara með hópi nýnema til að efla upplýsingagjöf og samskipti nemenda og kennara.

# Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala vinnur samkvæmt reglum nr. 542 frá 15. júní 2010 um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala. Aðalviðfangsefni stofnunarinnar er að styðja við rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og efla þær. Vefsíða stofnunarinnar er: www.rsh.hi.is og stofnunin heldur einnig úti síðu á Facebook.

## Stjórn og starfslið

Í stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði árið 2015 sátu:

- Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, formaður, til 1. ágúst 2015.
- Jóhanna Bernharðsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild, formaður, frá 1. ágúst 2015.
- Oddný S. Gunnarsdóttir, tilnefnd af framkvæmdarstjóra hjúkrunar við Landspítala – háskólasjúkrahús (frá 1. janúar 2015).
- Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild til 1. ágúst 2015.
- Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild frá 1. ágúst 2015.
- Ólöf Ásta Ólafsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild, tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild frá 1. ágúst 2015.

Alls voru haldnir sjö stjórnarfundir á starfsárinu og fjórir vinnufundir.

Starfsmaður Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er Margrét Björnsdóttir, verkefnastjóri daglegs reksturs, og er hún í 50% stöðugildi.

## Húsnæði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði hefur aðstöðu í Eirbergi við Eiríksgötu. Verkefnastjóri daglegs reksturs er með skrifstofu á þriðju hæð í B-álmu hússins. Á annarri hæð í A-álmu er lesaðstaða fyrir nemendur í meistaranámi. Á þriðju hæð í A-álmu er vinnuaðstaða fyrir nemendur í doktorsnámi. Verkefnastjóri daglegs reksturs heldur utan um vinnuaðstöðuna og sér um úthlutun í upphafi hvers misseris. Á fyrstu hæð í C-álmu er Rannsóknasetur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (Mörgustofa). Markmið setursins er að auðvelda kennurum Hjúkrunarfræðideildar og samstarfsfólki þeirra á Landspítala að stunda meðferðarrannsóknir.

## Rannsóknir

Markmið Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er að styðja við rannsóknir kennara við Hjúkrunarfræðideild, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala. Einnig leitast stofnunin við að koma rannsóknum á framfæri með ráðstefnum, málstofum og fyrirlestrum og með því að birta upplýsingar um þær á vefsíðu stofnunarinnar.

Í stefnu Hjúkrunarfræðideildar 2012–2017 er meðal annars lögð áhersla á frjótt rannsóknaumhverfi og árangur af rannsóknum. Rannsóknir í Hjúkrunarfræðideild taka mið af alþjóðlegum viðurkenndum mælikvörðum og gæðaviðmiðum. Lögð er áhersla á árangur, áhrif og gæði rannsókna og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Í því skyni ætlar Hjúkrunarfræðideild meðal annars að auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna. Því til viðbótar vill deildin fjölga birtum greinum, sérstaklega í virtum ritrýndum tímaritum. Heildarrannsóknastig voru 760 sem er svipað og undanfarin ár. Meðaltal rannsóknastiga á starfsmann miðað við fullt starf er 33,4. Ekki liggja fyrir tölur fyrir árið 2015. Á árinu 2014 var

meðaltal rannsóknastiga á starfsmann við Háskóla Íslands 32,5 stig og á Heilbrigðisvísindasviði í heild var meðaltalið 30,9 stig. Meðaltal rannsóknastiga á starfsmann í Hjúkrunarfræðideild var 28,1 stig.

## Viðburðir

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði leggur áherslu á að fylgjast með þeim rannsóknum sem verið er að vinna að og koma þeim á framfæri. Það er gert með því að halda ráðstefnur, málstofur, fyrirlestra, vinnusmiðjur og málþing þar sem greint er frá rannsóknum og rannsóknaniðurstöðum. Á árinu tók Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði þátt í skipulagningu ráðstefnunnar 1st International Integrative Nursing Symposium, sem var haldin dagana 18.–25 maí.

Rannsóknastofnun í Hjúkrunarfræði hélt tvö málþing á árinu. Vísindadagur geðhjúkrunar var haldinn 30. janúar í samstarfi við Fagráð í geðhjúkrun og Fagdeild í geðhjúkrun. Alls voru haldin þrettán erindi og þrjú veggspjöld sýnd. Þann 5. október var málþingið Stuðningur við fjölskyldur á Landspítala haldið. Alls voru flutt tíu erindi á þinginu, auk þess sem fjögur veggspjöld voru sýnd.

Á árinu voru auk þess haldin tvö opinber erindi og fimm sinnum fóru fram rannsóknasamræður.

Ársfundur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði var haldinn 6. mars. Yfirskrift fundarins var: Efling rannsókna í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði.

## Rannsóknasjóðir

**Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur**
Markmið Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Styrkir eru veittir til rannsóknaverkefna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi, sem falla að markmiði sjóðsins. Sjóðurinn veitti styrk að upphæð 700.000 krónur árið 2015. Styrkþegar voru Jóna Ingibjörg Jónsdóttir og Margrét Gísladóttir. Þetta var í áttunda skipti sem úthlutað var úr sjóðinum.

**Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar**
Hinn 22. desember 2008 var Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda stofnaður. Stofnfé var 25 milljónir króna. Tilgangur sjóðsins og markmið er að styrkja ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms. Sjóðurinn er í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Á árinu 2015 var 680.000 krónum úthlutað úr sjóðnum. Styrkþegar voru Emma Maríe Swift og Valgerður Lísa Sigurðardóttir. Þetta er í fjórða sinn sem úthlutað er úr sjóðinum.

# Lyfjafræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Sesselja S. Ómarsdóttir prófessor var forseti Lyfjafræðideildar frá 1. janúar 2015 til 30. júní 2015 og Hákon Hrafn Sigurðsson prófessor var varaforseti deildarinnar sama tímabil. Frá 1. júlí 2015 tók Hákon Hrafn Sigurðsson prófessor sæti deildarforseta og Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor sæti varaforseta deildarinnar.

Í deildarráði sátu eftirtaldir frá 1. janúar til 30. júní:

- Sesselja S. Ómarsdóttir prófessor, deildarforseti,
- Hákon Hrafn Sigurðsson prófessor, varadeildarforseti,

- Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor,
- Margrét Þorsteinsdóttir dósent.

Í deildarráði sátu eftirtaldir frá frá 1. júlí til 31. desember:

- Hákon Hrafn Sigurðsson prófessor, deildarforseti,
- Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor, varadeildarforseti,
- Sveinbjörn Gizurarson prófessor,
- Margrét Þorsteinsdóttir dósent,
- Lárus Steinþór Guðmundsson dósent.

## Starfsfólk

Fyrri hluta árs störfuðu hjá Lyfjafræðideild sjö prófessorar, einn dósent og þrír lektorar í hlutastarfi. Síðari hluta árs störfuðu hjá Lyfjafræðideild sjö prófessorar, tveir dósentar og þrír lektorar, þar af tveir í hlutastarfi. Við deildina starfaði einnig deildarstjóri, sérfræðingur sem var umsjónarmaður Lyfjafræðiseturs í 60% stöðu og 40% stöðu við rannsóknir, og aðstoðarmaður á rannsóknastofum. Fjöldi stundakennara kenndi við deildina og þrír nýdoktorar störfuðu við hana. Einar Mäntylä gestadósent kenndi við deildina á haustmisseri.

Lárus S. Guðmundsson lektor fékk framgang í stöðu dósents seinni hluta árs og var sá framgangur afturvirkur til 1. júlí 2013. Bergþóra Sigríður Snorradóttir sérfræðingur var ráðin tímabundið í ár. Berglind Eva Benediktsdóttir lektor var ráðin í 100% stöðu við deildina frá 15. október.

Kristín Ingólfsdóttir prófessor var í leyfi.

## Nám og kennsla

Í Lyfjafræðideild fara fram rannsóknir, kennsla, fræðsla og þjónusta. Starfsemi deildarinnar miðast við að sinna þessum fjórum þáttum en aðaláherslan er lögð á kennslu og rannsóknir í lyfjafræði og lyfjavísindum. Við deildina eru lyfjafræðingar menntaðir og markmið háskólanáms í lyfjafræði er að nemendur séu að námi loknu hæfir til að stunda öll almenn lyfjafræðistörf: í lyfjabúðum, við lyfjagerð, í lyfjaiðnaði og lyfjaheildverslunum, á sjúkrahúsum og við rannsóknir.

Við Lyfjafræðideild er boðið upp á 180 eininga, þriggja ára, BS-nám í lyfjafræði og 120 eininga, tveggja ára, MS-nám í lyfjafræði. Að loknu tveggja ára meistaranámi í lyfjafræði og sex mánaða starfsnámi í lyfjabúðum geta nemendur sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til embættis landlæknis.

Við Lyfjafræðideild er einnig boðið upp á 120 eininga meistaranám í lyfjavísindum fyrir þá sem hafa lokið BS-prófi í efnafræði, lífefnafræði, líffræði, lyfjafræði eða skyldum greinum.

Að loknu meistaranámi býður Lyfjafræðideild upp á þriggja ára doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum, sem er 180 eininga nám.

Á haustmisseri 2015 voru 214 nemendur innritaðir í nám í Lyfjafræðideild, þar af voru 141 í BS-námi, 54 í meistaranámi og 19 í doktorsnámi.

### Doktorsnám

Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er í stöðugri sókn.

### Doktorsvarnir

Einn doktorsnemi varði doktorsritgerð sína við Lyfjafræðideild á árinu, Priyanka Sahariah, sem varði doktorsritgerð sína í lyfjavísindum þann 9. júní. Verkefnið nefndist Kítósanafleiður sem líkja eftir

byggingareinkennum örverudrepandi peptíða – Efnasmíð og bakteríudrepandi eiginleikar (Chitosan Derivatives Mimicking Structural Motifs Present in Antimicrobial Peptides – Synthesis and Antibacterial Properties).

## Alþjóðasamskipti

Skiptinemar við deildina voru á árinu þau Dorota Zielinska frá Póllandi, Christiane Dings frá Þýskalandi, Ana Vilardell og Francisco José Vala Pires frá Spáni og Katarína Bányiová frá Tékklandi.

## Rannsóknir

Í deildinni er mikil áhersla lögð á rannsóknir og góður árangur á því sviði einkennir starf hennar. Allir fastráðnir kennarar eru virkir í rannsóknum, eins og sjá má á vef deildarinnar þar sem kennarar birta m.a. ritsmíðalista sína. Fjöldi greina sem birtur er í svokölluðum ISI-tímaritum er almennt viðurkenndur mælikvarði á rannsóknavirkni og þar er árangur kennara í Lyfjafræðideild með því besta sem gerist við Háskóla Íslands. Þessi mikla rannsóknavirkni endurspeglast í fjölda doktors- og meistaranema við deildina. Kennarar í deildinni eru iðnir við að sækja um rannsóknastyrki og fá þá oft, úr bæði innlendum og erlendum samkeppnissjóðum, til að standa straum af launum doktorsnema og rekstri rannsóknastofa.

## Viðurkenning

Þorsteinn Loftsson prófessor hlaut viðurkenningu Ásusjóðs (Verðlaunasjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright) sem vísindamaður ársins 2015. Stjórn sjóðsins afhenti honum verðlaun að upphæð þrjár milljónir króna. Verðlaunin voru veitt að viðstöddum forseta Íslands, stjórn Vísindafélags Íslendinga, sem sér um sjóðinn, rektorum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, þjóðminjaverði og fulltrúum fræðasamfélagsins og hollvina sjóðsins, auk ása og ásynja, en svo nefnast þeir sem áður hafa hlotið viðurkenningu sjóðsins.

Á árinu 2014 var Þorsteinn Loftsson prófessor valinn á lista fyrirtækisins Thomson Reuters yfir áhrifamestu vísindamenn samtímans. Á listanum eru rúmlega 3000 vísindamenn sem, að mati Thomson Reuters, hafa mest áhrif á sínu vísindasviði í heiminum í dag. Listinn nær til allra greina vísinda og fræða en hugvísindi eru þó undanskilin. Thomson Reuters er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að halda utan um og túlka gögn um árangur í vísindarannsóknum. Listi Times Higher Education University Rankings yfir 300 fremstu háskóla heims byggist t.d. á gögnum frá þessu fyrirtæki. Árið 2015 var svo listi Thomson Reuters uppfærður og var Þorsteinn Loftsson prófessor áfram á listanum.

Sesselja S. Ómarsdóttir, prófessor og forstöðumaður gæðarannsókna hjá Alvotech, hlaut hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs 2015 en þau voru afhent á sérstöku afmælisþingi Rannsóknaráð Íslands (Rannís) fimmtudaginn 26. nóvember á Hilton-hóteli. Rannsóknaráð Íslands var stofnað með lögum árið 1940 og varð því 75 ára á árinu.

## Markaðs- og kynningarstarf

Lyfjafræðinám var kynnt á háskóladeginum 28. febrúar. Lyfjafræðinemar tóku enn fremur að sér að kynna námið í nokkrum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Doktorsnemar, meistaranemar og kennarar Lyfjafræðideildar, auk erlendra og innlendra gestafyrirlesara, hafa kynnt rannsóknir sínar á málstofum Lyfjafræðideildar.

## Annað

Lyfjafræðideild veitir árlega þeim nemendum sem hljóta hæstu einkunn á BS- og MS-prófi viðurkenningu, sem og þeim nema sem nær bestum árangri á prófum á fyrsta ári í BS-námi.

Þann 7. nóvember voru veittar viðurkenningar vegna háskólaársins 2014–2015. Viðurkenningarnar hlutu Ása Guðrún Guðmundsdóttir, fyrir besta árangur á MS-prófi, Freydís Selma Guðmundsdóttir og Inga Sæbjörg Magnúsdóttir, fyrir besta árangur á BS-prófi, og Brynja Gunnarsdóttir, fyrir besta árangur í prófum á fyrsta ári í BS-námi.

Þann 11. mars var tveimur doktorsnemum veittur styrkur úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala. Styrkþegarnir voru Chutimon Muankaew og Ingólfur Magnússon.

# Lyfjafræðisetur

## Almennt yfirlit

Lyfjafræðisetur Háskóla Íslands er rannsóknasetur í lyfjafræði og lyfjavísindum (Centre of Research in Pharmacy and Pharmaceutical Sciences). Það var stofnað í janúar 2011. Lyfjafræðisetur heyrir undir Lyfjafræðideild og er regnhlíf yfir rannsóknastarfsemi deildarinnar. Að jafnaði stunda u.þ.b. 10 fræðimenn, 20 doktorsnemar og 14 meistaranemar deildarinnar rannsóknir sínar undir þeirri hlíf. Lyfjafræðisetur hefur aðsetur í húsnæði Lyfjafræðideildar í Haga við Hofsvallagötu.

Hlutverk Lyfjafræðiseturs er að stunda rannsóknir á sviði lyfjafræði og lyfjavísinda við Háskóla Íslands. Markmið setursins er að styrkja og hafa umsjón með aðstöðu og tækjabúnaði til rannsókna í lyfjafræði og lyfjavísindum við skólann og efla vísindalega þjálfun ungs fólks á þessu sviði. Jafnframt leggur Lyfjafræðisetur áherslu á að miðla rannsóknaniðurstöðum og kynna störf vísindamanna og nemenda deildarinnar með málstofum og fundum og kynningu á vef setursins. Rannsóknastarfsemi setursins er skipað í þrjá kjarna hvað skipulag varðar: kjarna í lyfjaefnafræði, kjarna í lyfjagerðarfræði og kjarna í klínískri lyfjafræði og félagslyfjafræði. Rannsóknahópum sem starfa innan deildarinnar er jafnframt skipað í þessa þrjá kjarna.

## Stjórn og starfsmenn

Lyfjafræðisetur hefur þriggja manna stjórn, skipaða akademískum starfsmönnum Lyfjafræðideildar. Fyrri hluta árs, eða frá 1. janúar – 30. júní, sátu í stjórn Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor (formaður), Hákon Hrafn Sigurðsson prófessor og Margrét Þorsteinsdóttir dósent. Seinni hluta árs, eða frá 1. júlí – 31. desember, tók Sveinbjörn Gizurarson, prófessor, sæti formanns. Stjórn vinnur náið með umsjónarmanni setursins og deildarforseta. Lyfjafræðisetur hefur ekki sérstakan fjárhag og er alfarið undir fjárhagslegri stjórn Lyfjafræðideildar.

Bergþóra Sigríður Snorradóttir var ráðin tímabundið á árinu sem umsjónarmaður Lyfjafræðiseturs. Hún sér um gæðamál og daglegan rekstur rannsóknaraðstöðunnar, viðhald og viðgerðir á tækjabúnaði. Einnig leiðbeinir hún nýjum starfsmönnum og stundar jafnframt eigin rannsóknir. Þá sér hún um að afla styrkja og halda við heimasíðu setursins. Umsjónarmaður setursins er jafnframt starfsmaður Lyfjafræðideildar.

# Rannsóknastofnun um lyfjamál

Stofnunin starfaði ekki á árinu. Stofnunin hefur þó ekki formlega verið lögð niður.

# Læknadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Í Læknadeild fer fram kennsla og rannsóknir í læknisfræði en að auki heyra undir deildina námsbraut í sjúkraþjálfun, námsbraut í geislafræði og námsbraut í lífeindafræði, Miðstöð í lýðheilsuvísindum (sem sér um þverfaglegt meistara- og doktorsnám í þeim fræðum) og þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði. Námsbrautirnar hafa sérstakar námsbrautarstjórnir og situr deildarforseti stjórnarfundi þeirra (sjá sérstaka kafla um námsbrautirnar).

Deildarráð Læknadeildar var þannig skipað árið 2015:

- Magnús Karl Magnússon prófessor, deildarforseti,
- Unnur Anna Valdimarsdóttir prófessor, varadeildarforseti,
- Tómas Guðbjartsson prófessor,
- Jórunn Erla Eyfjörð prófessor,
- Runólfur Pálsson dósent,
- Reynir Arngrímsson dósent,
- Guðlaug Björnsdóttir aðjunkt, námsbrautarstjóri í geislafræði,
- Martha Ásdís Hjálmarsdóttir lektor, námsbrautarstjóri í lífeindafræði,
- Þórarinn Sveinsson prófessor, námsbrautarstjóri í sjúkraþjálfun.

Auk þeirra sátu fundi deildarráðs Kristján Erlendsson kennslustjóri og tveir fulltrúar nema.

Varamenn í deildarráði voru:

- Arna Hauksdóttir dósent,
- Bryndís Benediktsdóttir prófessor,
- Eiríkur Steingrímsson prófessor til 30. júní og Pétur Henry Petersen dósent eftir það,
- Karl K. Andersen prófessor,
- Ragnar G. Bjarnason prófessor.

## Starfsfólk

Í ársbyrjun störfuðu 89 fastráðnir starfsmenn við kennslu og rannsóknir í læknisfræði, þar af voru 50 prófessorar í hópi fastráðinna kennara, 24 dósentar og 11 lektorar, að auki voru 3 rannsóknarsérfræðingar og 1 vísindamaður. Aðjunktar voru 11. Læknadeild starfar náið með Landspítala og fleiri heilbrigðisstofnunum og eru hlutastörf klínískra kennara við deildina yfirleitt í tengslum við a.m.k. 50% starf á sama fræðasviði á þeim stofnunum. Á árinu hlutu nokkrir starfsmenn framgang í starfi og nýráðið var í tvær stöður. Hér að neðan er gerð grein fyrir þessum breytingum.

Eftirtaldir starfsmenn hlutu framgang í starfi á árinu:

- Hjalti Már Þórisson hlaut framgang í starf dósents í myndgreiningu.
- Kristín Briem hlaut framgang í starf prófessors í sjúkraþjálfun.
- Reynir Arngrímsson hlaut framgang í starf prófessors í klínískri erfðafræði.
- Thor Aspelund hlaut framgang í starf prófessors í líftölfræði.
- Þorvarður Jón Löve hlaut framgang í starf dósents.

Eftirtaldir starfsmenn voru nýráðnir á árinu:

- Halldóra Jónsdóttir, 25% starf lektors í geðlæknisfræði.

• Þorvarður Jón Löve, 50% starf lektors í heilbrigðisupplýsingafræði.
• Inga Sif Ólafsdóttir, 25% starf lektors í samskiptafræði.
• Davíð O. Arnar, 5% starf gestaprófessors í Læknadeild.

Eftirtaldir starfmenn létu af störfum á árinu:

• Reynir Tómas Geirsson, prófessor í fæðinga- og kvensjúkdómum.
• Vilhjálmur Rafnsson, prófessor í heilbrigðisfræði.

## Nám og kennsla

Inntökupróf í læknisfræði og sjúkraþjálfun fóru fram 11. og 12. júní. Í fyrsta sinn var aðgangspróf fyrir háskólastig (A-próf) notað í stað hluta af eldra prófi og reyndist það vel. Samtals þreyttu 270 stúdentar próf, þar af þreytti 221 stúdent próf í læknisfræði og 49 próf í sjúkraþjálfun. Um haustið hófu 49 stúdentar nám í læknisfræði og 35 stúdentar í sjúkraþjálfun. Kynjaskipting þeirra sem hófu nám í læknisfræði var 17 karlar og 32 konur og í sjúkraþjálfun 12 karlar og 23 konur. Árið 2015 voru 46 læknanemar brautskráðir með BS-gráðu, þar af 20 karlar og 26 konur, og alls luku 42 nemendur embættisprófi í læknisfræði á árinu, 18 karlar og 24 konur.

Mikil gróska er í rannsóknatengdu framhaldsnámi deildarinnar. Formaður rannsóknanámsnefndar er sem fyrr Helga M. Ögmundsdóttir prófessor og Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir gegnir starfi kennslustjóra rannsóknatengds framhaldsnáms. Breyting hefur orðið á starfsemi rannsóknanáms-nefndar þar sem umsjón með doktorsnámi í Læknadeild var á árinu færð frá doktorsnámsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs til rannsóknanámsnefndar Lækna- og Tannlæknadeildar. Dagleg umsýsla með doktorsnámi í Læknadeild er einnig í höndum deildarinnar. Handbækur fyrir meistara- og doktorsnám voru gefnar út á árinu. Málstofur fyrir MS-nema í formi dagslangrar ráðstefnu voru haldnar bæði á haust- og vormisseri. Skyldumæting er á málstofur og allir nemar flytja þar erindi um verkefni sín. Einkunnir eru ekki lengur gefnar fyrir MS-próf heldur fá nemendur skriflegt mat fyrir ritgerðir og frammistöðu á MS-prófi. Sams konar breytingar á mati BS-verkefna voru teknar upp árið 2015. Á árinu voru 164 nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi í Læknadeild, 78 í meistaranámi og 86 í doktorsnámi. Alls hófu 13 nemendur meistaranám á árinu og 28 nemendur luku meistaraprófi í Læknadeild.

**Doktorsnám**
Í doktorsnám voru innritaðir 13 nemendur og 10 doktorsnemar luku doktorsprófi á árinu, þar af 4 karlar og 6 konur. Nánari upplýsingar um brautskráða doktora og verkefni þeirra er að finna á öðrum stað í þessu riti. Frá upphafi hefur Læknadeild nú brautskráð samtals 108 nemendur með doktorspróf, 52 karla og 56 konur.

## Alþjóðasamskipti

Nemendur á 6. ári í læknisfræði þreyttu að venju alþjóðlegt próf, CCSE (Comprehensive Clinical Science Examination). Gildi prófsins er margþætt. Alþjóðlegt viðmið fyrir námið er afar þýðingarmikið, skoða má árangur í einstökum greinum og nemendur fá upplýsingar um stöðu sína í samanburði við erlenda nemendur.

Nemendaskipti við erlenda háskóla árið 2015 voru með þeim hætti að 6 erlendir skiptinemar stunduðu nám við deildina. Þeir komu frá Þýskalandi, Danmörku, Svíþjóð og Slóveníu. Enginn íslenskur læknanemi fór utan í skiptinám á árinu.

Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild, var skipuð gestaprófessor við Medical Epidemiology and Biostatistics (MEB) við Karolinska Institutet í Svíþjóð frá 1. október.

Afar sterk hefð er fyrir alþjóðlegu rannsóknasamstarfi í deildinni og einnig koma margir læknar erlendis frá að kennslu í Læknadeild. Þá er að skapast hefð fyrir því að erlendir andmælendur við doktorsvarnir haldi fyrirlestra í heimsóknum sínum í tengslum við doktorsvarnir í deildinni.

## Rannsóknir

Kennarar og aðrir vísindamenn Læknadeildar eru afar öflugir á sviði rannsókna. Auk sjálfstæðra verkefna, innlendra og erlendra, tengjast kennarar deildarinnar mörgum helstu rannsóknastofnunum landsins, Keldum, Íslenskri erfðagreiningu, Hjartavernd og Krabbameinsfélagi Íslands. Landspítali – háskólasjúkrahús er síðan vettvangur rannsókna allra þeirra kennara sem gegna samhliða störfum við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús. Vísindanefnd er starfsfólki deildarinnar til ráðgjafar um mál er lúta að rannsóknum og aðstöðu til þeirra, auk þess sem hún stendur fyrir árlegri rannsóknaráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum í samstarfi við aðrar deildir sviðsins. Rannsóknavirkni er sem fyrr afar háð styrkveitingum og á árinu hlutu starfsmenn Læknadeildar fjölda styrkja til hinna ýmsu rannsóknaverkefna.

Helstu styrki til rannsókna á árinu hlutu eftirtaldir:

- Eiríkur Steingrímsson, Margrét Helga Ögmundsdóttir, Helga M. Ögmundsdóttir og Helga Zoëga til verkefnisins v-ATPase, pH and Cancer (öndvegisstyrkur).
- Þórarinn Guðjónsson til verkefnisins The Endothelial Niche in Breast Morphogenesis and Cancer (öndvegisstyrkur).
- Björn Rúnar Lúðvíksson til verkefnisins Learning from IgA Deficiency – Aiming for a Personalised Cure of Autoimmune Disease.
- Guðmundur Þorgeirsson til verkefnisins Effects of Thrombin and Other PAR-1 Agonists on Vascular Endothelium – Role of AMP-Activated Kinase and Biased Signaling.
- Gunnsteinn Ægir Haraldsson til verkefnisins Genetic Diversity of Haemophilus Influenza in Iceland Following a Natioanl Vaccination Program.
- Stefán Þórarinn Sigurðsson til verkefnisins DNA Repair Defects and Drug Response in Breast and Ovarian Cancer.
- Ólöf Birna Ólafsdóttir til verkefnisins Scanning Laser Ophthalmoscope Choroidal Oximetry in Glaucoma and Age-Related Macular Degeneration – A New Approach (5.960 þús.kr.).
- Sonal Kumari til verkefnisins Defining the Metabolic Alterations that Underlie the Epithelial to Mesenchymal Transition (7.440 þús.kr.).

## Markaðs- og kynningarmál

Læknadeild kynnti námsframboð á háskóladeginum í febrúar. Auk hefðbundinnar kynningar þar sem kennarar og nemar kynntu gestum námsframboð, var sett upp líkan af skurðstofu þar sem gestir fengu að spreyta sig á saumaskap og mæltist það afar vel fyrir. Grunnnám deildarinnar var einnig kynnt í nokkrum framhaldsskólum sem höfðu sérstaklega óskað eftir því.

## Viðurkenningar

Á árshátíð Félags læknanema var tilkynnt að Elías Ólafsson, prófessor í taugalæknisfræði, hlyti kennsluverðlaun skólaárið 2014–2015. Kennsluverðlaununum er ætlað að vera kennurum hvatning ásamt því að veita nemendum tækifæri til að þakka fyrir vel unnin störf í þeirra þágu.

Pálmi V. Jónsson, prófessor við Læknadeild og yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, var útnefndur heiðursvísindamaður Landspítala árið 2015.

Sigurður Yngvi Kristinsson, sérfræðilæknir og prófessor í Læknadeild, hlaut vegleg verðlaun úr verðlaunasjóði í læknisfræði og skyldum greinum. Verðlaunasjóðinn stofnuðu læknarnir Árni Kristinsson og Þórður Harðarson en þeir voru báðir yfirlæknar á Landspítala og prófessorar við Háskóla Íslands.

Vilmundur Guðnason, prófessor í Læknadeild og forstöðulæknir Hjartaverndar, og Albert Vernon Smith, erfðafræðingur hjá Hjartavernd og gestaprófessor í Læknadeild, komust í hóp 3000 áhrifamestu vísindamanna heims á lista Thomson Reuters. Fyrir á þessum lista voru sex vísindamenn hjá Íslenskri erfðagreiningu, þar á meðal Kári Stefánsson, forstjóri fyrirtækisins og prófessor við Læknadeild, og Unnur Þorsteinsdóttir, rannsóknastjóri og gestaprófessor við deildina. Það er einstakt afrek að komast á þennan eftirsótta lista því að á hann kemst einungis eitt prósent þeirra vísindamanna sem mest er vitnað til á heimsvísu í hverri fræðigrein.

Afmælismálþing til heiðurs Vilhjálmi Rafnssyni prófessor, sem varð sjötugur á árinu, var haldið í september.



# Námsbraut í geislafræði

## Stjórn og starfsfólk

Fram á mitt ár voru í hlutastarfi við námsbraut í geislafræði fjórir fastráðnir kennarar, sem samhliða voru í starfi á rannsóknastofum eða myndgreiningardeildum. Frá maí fækkaði þeim í þrjá. Auk þeirra kenna stundakennarar við námsbrautina. Díana Óskarsdóttir var námsbrautarstjóri til 1. mars en þá tók Guðlaug Björnsdóttir aðjunkt við því starfinu. Eitt 50% stöðugildi er við stjórnsýslu námsbrautarinnar, sem rekið er í samvinnu við námsbraut í lífeindafræði.

## Kennsla

Kennsla í geislafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-gráðu vorið 2008. Haustið 2008 hófst kennsla á framhaldsstigi og fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifuðust vorið 2009 en það próf veitir réttindi til að sækja um starfsleyfi sem geislafræðingur. Fyrsti meistaranemandinn í geislafræði útskrifaðist með meistaragráðu vorið 2011. Enn er unnið að uppbyggingu framhaldsnámsins, sem og áframhaldandi þróun á kennslu í grunnnámi.

## Rannsóknir

Rannsóknir þær sem kennarar við námsbrautina stunduðu fóru að mestu fram á Landspítalanum, hjá Röntgen Domus og hjá Hjartavernd. Rannsóknir snerust um beinþéttnimælingar, geislameðferð, tölvusneiðmyndun, segulómun og ómskoðun.

## Markaðs- og kynningarstarf

Nemendur og kennarar við námsbrautina unnu saman að því að kynna nám í geislafræði á háskóladeginum 28. febrúar. Félag lífeinda- og geislafræðinema, FLOG, skipulagði kynninguna af hálfu nemenda. Enn fremur tóku nemendur þátt í kynningum ætluðum framhaldsskólanemum á höfuðborgarsvæðinu.

# Námsbraut í lífeindafræði

## Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í lífeindafræði störfuðu sjö fastráðnir kennarar, flestir í hlutastarfi, þar eð þeir störfuðu samhliða á rannsóknastofum Landspítalans. Auk þess kenndi fjöldi stundakennara við námsbrautina. Martha Ásdís Hjálmarsdóttir var námsbrautarstjóri.

## Nám og kennsla

Kennsla og nám í lífeindafræði miðast við að diplómapróf á framhaldstigi sé nægilegur grunnur til að geta starfað sem lífeindafræðingur á öllum gerðum rannsóknastofa við heilbrigðisstofnanir og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem stunda lífvísindi. Diplómanám er jafnframt fyrra árið í meistaranámi og velur meirihluti nemenda við námsbrautina að ljúka meistaraprófi.

Námsbrautin tekur þátt í samstarfsnetinu BIOnord, sem er samstarfsnet átján skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, styrkt af Nordplus. Meginviðfangsefni þessa samstarfsnets eru nemenda- og kennaraskipti, samskiptanet kennara innan sérgreina lífeindafræðinnar og aðferðir við námsmat.

### Rannsóknir

Rannsóknir sem kennarar og nemendur stunda fóru að mestu fram á rannsóknadeildum Landspítalans og sneru að flestum sviðum lífeindafræðinnar. Nemendur búa vel að því að mikil hefð er fyrir rannsóknum í faginu og unnið er að fjölbreyttum rannsóknum.

### Markaðs- og kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í lífeindafræði á háskóladeginum 28. febrúar og tóku nemendur enn fremur þátt í kynningum í framhaldsskólunum.

## Námsbraut í sjúkraþjálfun

### Stjórn og starfsfólk

Í byrjun árs 2015 störfuðu sex fastráðnir kennarar við námsbrautina, einn prófessor, þrír dósentar í 100% stöðu, einn lektor í 75% stöðu og annar í 50% stöðu. Á árinu lét einn lektor af störfum og einn dósent fékk framgang í prófessorsstöðu. Að auki var aðjunkt ráðinn í 25% starf og annar í 50% starf í lok árs. Þórarinn Sveinsson gegndi formennsku námsbrautarinnar. Guðlaug Kristjánsdóttir var ráðin í 50% stöðugildi í stjórnsýslu til viðbótar við 100% stöðugildi sem Ásta J. Guðjónsdóttir hefur gegnt. Stjórn námsbrautarinnar var skipuð öllum fastráðnum kennurum námsbrautarinnar, auk þriggja fulltrúa nemenda. Deildarforseti Læknadeildar, Magnús Karl Magnússon, var áheyrnarfulltrúi á námsbrautarfundum.

### Nám og kennsla

Á árinu voru starfræktar tvær námsleiðir í grunnnámi: fjögurra ára nám (240 einingar) til BS-gráðu, sem veitir rétt til starfsleyfis, og þriggja ára nám (180 einingar) til BS-gráðu. Til viðbótar seinni námsleiðinni er boðið upp á tveggja ára nám (120 einingar) til viðbótar til MS-gráðu (meistaraprófs í hreyfivísindum), sem veitir rétt til starfsleyfis. Síðast voru nemendur teknir inn í fyrstnefndu námsleiðina (til 240 eininga) haustið 2013 og verður hún ekki starfrækt eftir að þeir nemendur hafa lokið námi (vorið 2017). BS-nám til 180 eininga leysir gamla BS-námið af hólmi og var nýja námsleiðin fyrst kennd haustið 2014 og því voru nemendur teknir í annað sinn inn á hana haustið 2015.

Inntökupróf var haldið í júní og að því loknu fengu 35 nemendur sæti á fyrsta ári. Í maí kynntu brautskráningarkandídatar BS-verkefni sín, 19 nemendur kynntu 13 verkefni. Meistaranám í hreyfivísindum er skipulagt af námsbraut í sjúkraþjálfun í tengslum við annað framhaldsnám Læknadeildar. Fastráðnir kennarar námsbrautarinnar voru leiðbeinendur í alls 12 meistaraprófs-verkefnum og fimm doktorsverkefnum á árinu. Af þeim voru fimm MS-nemar brautskráðir á árinu.

Tekið var á móti tveimur erlendum skiptinemum í verknám á vormisseri.

### Kynningarstarf

Nemendur og kennarar við námsbraut í sjúkraþjálfun unnu saman að því að kynna nám í sjúkraþjálfun á námskynningu á háskóladeginum 28. febrúar mars. Þar var m.a. dreift bæklingi um nám í sjúkraþjálfun og starf að námi loknu. Hreyfingur, sem stofnaður var árið 2006, er fræðslu- og kynningarverkefni þar sem nemar í sjúkraþjálfun fara í framhaldsskóla og fræða nemendur. Verkefnið er hugsað til forvarna gegn álagseinkennum hjá framhaldsskólanemum þar sem hvatning til aukinnar hreyfingar og bættra lífshátta vegur þungt.

### Rannsóknir

Á árinu rannsökuðu kennarar námsbrautarinnar og nemendur þeirra í BS-námi og framhaldsnámi m.a. hreyfiferla og áhættuþætti barna og unglinga á krossbandameiðslum, hreyfingu og þrek barna, hreyfingu fullorðinna og meiðsl í handknattleik og knattspyrnu. Nokkur verkefni voru unnin í samstarfi við stoðtækjafyrirtækið Össur og það samstarf var þróað áfram á árinu. Unnið er að nýsköpunarverkefninu Gönguhermirinn, sem er unnið í samstarfi eins kennara við námsbraut í sjúkraþjálfun og verkfræðingateymis hjá verkfræðifyrirtækinu Samey. Kennarar við námsbrautina fluttu á árinu nokkra fyrirlestra á erlendum vísindaráðstefnum, auk fjölda fyrirlestra fyrir ýmsar stofnanir og samtök á Íslandi.

### Rannsóknastofa í hreyfivísindum

Rannsóknastofa í hreyfivísindum er rannsóknavettvangur kennara við námsbraut í sjúkraþjálfun. Hún er til í húsa í Stapa þar sem námsbraut í sjúkraþjálfun hefur einnig aðsetur. Þar er góð aðstaða til ýmiss konar rannsókna á sviði hreyfivísinda, auk þess sem rannsóknastofan er notuð til kennslu í grunn- og framhaldsnámi við námsbraut í sjúkraþjálfun. Flestar rannsóknir við námsbrautina fara fram við Rannsóknastofuna. Námbrautin hefur einnig átt samstarf við aðrar deildir Háskóla Íslands og fyrirtæki um notkun rannsóknastofunnar til rannsókna, kennslu og þróunar.

## Lífeðlisfræðistofnun

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands var komið á fót árið 1995 og tók þá við hlutverki Rannsóknastofu í lífeðlisfræði sem starfrækt hafði verið í þrjá áratugi. Stofnunin er til húsa í Læknagarði en aðstaða til rannsókna á lífeðlisfræði öndunar og endurhæfingu er á Reykjalundi. Meginhlutverk stofnunarinnar er tvíþætt: annars vegar að stunda rannsóknir í lífeðlisfræði og hins vegar að veita aðstöðu til verklegrar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Stofnunin heyrir undir Læknadeild en veitir engu að síður öllum fastráðnum kennurum og sérfræðingum Háskóla Íslands í lífeðlisfræði rannsóknaraðstöðu, í hvaða deild sem þeir eru. Einnig getur stjórn stofnunarinnar veitt vísindamönnum á öðrum fræðasviðum aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og efni standa til. Á stofnuninni er unnið að undirstöðurannsóknum á margvíslegum sviðum lífeðlisfræðinnar. Með þessum rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem kemur að notum við lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði fræðilegum og hagnýtum.

Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og leggur stofnunin til aðstöðu og tækjabúnað til verklegrar kennslu. Að auki hefur stofnunin tekið að sér að annast kennslu í lífeðlisfræðinámskeiðum í þeim námsleiðum við skólann sem ekki hafa fastráðinn kennara í greininni. Þannig hefur tekist að halda nær allri starfsemi á sviði lífeðlisfræði innan háskólans á einum stað. Auk þess annast stofnunin kennslu í tveimur námskeiðum í lífeðlisfræði í heilbrigðisverkfræði samkvæmt samningi við Háskólann í Reykjavík.

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands var komið á fót árið 1995 og tók þá við hlutverki Rannsóknastofu í lífeðlisfræði sem starfrækt hafði verið í þrjá áratugi. Stofnunin er til húsa í Læknagarði en aðstaða til rannsókna . lífeðlisfræði öndunar og endurhæfingu er á Reykjalundi. Meginhlutverk stofnunarinnar er tvíþætt: annars vegar rannsóknir í lífeðlisfræði og hins vegar að veita aðstöðu til verklegrar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Stofnunin veitir öllum fastráðnum kennurum og sérfræðingum Háskóla Íslands í lífeðlisfræði rannsóknaraðstöðu, í hvaða deild sem þeir eru. Einnig getur stjórn stofnunarinnar veitt vísindamönnum á öðrum fræðasviðum aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og efni standa til. Á stofnuninni er unnið að undirstöðurannsóknum á margvíslegum sviðum lífeðlisfræðinnar. Með þessum rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem kemur að notum við lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði fræðilegum og hagnýtum.

Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og leggur stofnunin til aðstöðu og tækjabúnað til verklegrar kennslu. Að auki hefur stofnunin tekið að sér að annast kennslu . lífeðlisfræðinámskeiðum í þeim námsleiðum við skólann sem ekki hafa fastráðinn kennara í greininni. Þannig hefur tekist að halda nær allri starfsemi á sviði lífeðlisfræði innan háskólans á einum stað. Auk þess annast stofnunin kennslu í tveimur námskeiðum í lífeðlisfræði í heilbrigðisverkfræði samkvæmt samningi við Háskólann í Reykjavík.

# Lífvísindasetur

## Almennt yfirlit og stjórn

Lífvísindasetur Háskóla Íslands tók formlega til starfa í nóvember 2011. Lífvísindasetur er samstarfsvettvangur rannsóknahópa í sameindalíffræði við Háskóla Íslands, Landspítala, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri, en hefur heimilisfesti við Læknadeild Háskóla Íslands. Rannsóknir vísindamanna við Lífvísindasetur eru afar fjölbreyttar og snúa meðal annars að ýmsum tegundum krabbameina, stofnfrumum, taugalíffræði, ónæmisfræði, örverufræði, þroskunarfræði og lífeðlisfræði. Hópstjórar sem tengjast setrinu voru 65 í lok árs 2015 og nemendur á meistara- og doktorsstigi sem þeim tengjast vel á annað hundrað. Í þessum hópi fjölgar erlendum doktorsnemum og nýdoktorum stöðugt.

Stjórn Lífvísindaseturs árið 2015:

- Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, formaður,
- Arnar Pálsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands,
- Bylgja Hilmarsdóttir, doktorsnemi við Læknadeild Háskóla Íslands,
- Guðrún Valdimarsdóttir, lektor við Læknadeild Háskóla Íslands
- Inga Reynisdóttir, vísindamaður við Meinafræðideild Landspítala – háskólasjúkrahús,
- Jóna Freysdóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og vísindamaður við Ónæmisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahús,
- Karl Ægir Karlsson, dósent við Háskólann í Reykjavík,
- Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, ónæmisfræðingur við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum,
- Þórarinn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands.

Stjórnin hittist á mánaðarlegum fundum og fundargerðir eru vistaðar á Uglu-síðum Lífvísindaseturs. Almennir fundir með hópstjórum setursins eru haldnir til að ákvarða áherslur varðandi uppbyggingu innviða setursins, einkum hvað varðar tækjakaup og kjarnastarfsemi.

Rekstrarstjóri Lífvísindaseturs er Sigríður Klara Böðvarsdóttir.

Nýir hópstjórar sem gengu til liðs við setrið á árinu voru eftirtaldir:

- Árni Kristmundsson, deildarstjóri á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum,
- Kristinn P. Magnússon, prófessor við Háskólann á Akureyri,
- Martha Á. Hjálmarsdóttir, lektor við Læknadeild Háskóla Íslands,
- Vilhjálmur Svansson, dýralæknir á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

## Rannsóknir

Lífvísindasetur Háskóla Íslands hefur það meginmarkmið að efla rannsóknir á sviði grunnvísinda í sameindalíffræði. Það felst m.a. í uppbyggingu kjarnaeininga en þær auka hagræðingu og efla samvinnu milli rannsóknahópa setursins.

**Aukin gæði vísinda**

Gæði þeirra rannsókna sem starfsmenn Lífvísindaseturs stunda hafa aukist til muna á undanförnum árum og greinum sem hafa birtst eftir þá hefur bæði fjölgað og þær birst í virtari tímaritum en áður. Sú þekkingarsköpun sem á sér stað og yfirfærsla þekkingar milli rannsóknahópa hefur eflt Lífvísindasetrið mun hraðar en búist var við í upphafi. Rannsóknahóparnir hafa stækkað, sumir hafa sameinast um verkefni og rekstur og nokkrir hópar hafa náð þeim faglega styrk sem gerir starfsemina samkeppnishæfa við erlenda rannsóknahópa. Þessu til sönnunar er aukinn áhrifaþáttur vísindagreina sem koma frá Lífvísindasetri og hratt vaxandi fjöldi tilvitnana í greinar frá setrinu.

**Kjarnaeiningar**

Uppbygging kjarnaeininga er eitt af lykilmarkmiðum Lífvísindaseturs. Settar hafa verið á laggirnar fimm kjarnaeiningar:

1) Smásjár- og myndgreiningareining. Hér er að finna tvær glænýjar smásjár, annars vegar rafeindasmásjá og hins vegar lagsjá (confocal microscopy), auk eldri lagsjár og annarra minni smásjáa.
2) CRISPR/Cas9-stökkbreyti- og genaleiðréttingareining.
3) Tilraunadýraeining með áherslu á sebrafiska.
4) Frumuræktunareiningar.
5) Frumuflæðisjáreining.

Þessar einingar eru í stöðugri notkun enda eru þær opnar öllum þeim sem taka þátt í starfi Lífvísindaseturs. Eðli málsins samkvæmt höfum við þurft að þjálfa upp starfsfólk til að sinna þjónustu í kringum þessar einingar. Árið 2013 fékkst styrkur frá rektor Háskóla Íslands til þess að ráða í tvö stöðugildi til tveggja ára til þessarar þjónustu. Tobias Richter var ráðinn í fullt starf til að setja upp CRISPR-eininguna, Sævar Ingþórsson var ráðinn í hálft starf til að sjá um smásjáreininguna og Valerie Meier var ráðin í hálft starf til að setja upp sebrafiskaeininguna. Þetta hefur skilað sér í frábærri þjónustu við þá rannsóknahópa sem hafa nýtt sér þessa aðstöðu. Þetta má sjá annars vegar á því að nú þegar hafa yfir 10 rannsóknahópar tekið í notkun CRISPR/Cas9-tæknina í rannsóknum sínum með aðstoð Tobíasar. Einnig hefur fjöldi hópa nýtt sér lagsjána og notið þar leiðsagnar Sævars sem mikil ánægja ríkir um. Í mars skrifuðu rektorar Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík undir samstarfssamning um sebrafiskaaðstöðuna í Háskólanum í Reykjavík. Í árslok fékkst síðan leyfi frá Umhverfisstofnun fyrir starfsemi með erfðabreytta sebrafiska. Setrið er því á góðri leið með að byggja

upp aðstöðu sem er sambærileg því sem best gerist á Norðurlöndunum á þessum sviðum. Leitað hefur verið eftir áframhaldandi fjármögnun frá rektor Háskóla Íslands til að halda þessari starfsemi gangandi.

**Öflun styrkja til rannsókna og tækjakaupa**
Ef litið er til úthlutana úr Innviðasjóði, Tækniþróunarsjóði og Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs þá sést glögglega að vísindamenn Lífvísindaseturs hafa náð mjög góðum árangri. Þeir hafa verið öflugir að við að hljóta öndvegsstyrki Vísinda- og tækniráðs, auk þess sem flestir hópstjórar hafa verið duglegir að afla styrkja úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs auk annarra sjóða. Með aukinni samvinnu og uppbyggingu kjarnaeininga hefur sókn vísindamanna setursins í Innviðasjóð heppnast mjög vel. Uppbygging síðustu ára hefur leitt til þess að setrið er betur í stakk búið en áður til að sækja í stóra erlenda sjóði. Við munum á næstu misserum leggja áherslu á ERC-styrki (ERC Starting Grant, ERC Consolidator Grant og ERC Advanced Grant).

Á árinu var gengið frá kaupum á þremur tækjum fyrir tilstuðlan styrkja sem fengust frá Innviðasjóði Rannís. Þau eru:

1) Ný rafeindasmásjá af gerðinni JEM 1400Plus frá JEOL. Heildarverð tækisins var tæp 51 milljón ISK fyrir utan virðisaukaskatt. Í gegnum útboð á Evrópumarkaði fékkst góður afsláttur af listaverði sem var um 44% hærra en pakkaverð sem fékkst í útboði, 342.499 EUR. Auk alls viðbótarbúnaðar sem óskað var eftir og þjálfun starfsfólks fékkst auka ár í ábyrgð og 5 ára þjónustusamningur innifalið í verðinu. Rektor HÍ gangsetti rafeindasmásjána formlega með viðhöfn 8. september.
2) Nýr frumusorter af gerðinni SONY SH800 frá Sony Europe. Heildarverð tækisins var um 31 milljón ISK fyrir utan virðisaukskatt eða 219.000 EUR. Eins og með fyrra tækið var auka ár í ábyrgð og 5 ára þjónustusamningur innifalinn í verðinu auk alls viðbótarbúnaðar sem óskað var eftir, s.s. fjórði laserinn, og þjálfun starfsfólks.
3) Vitrobot frumufrystitæki frá FEI fyrir um 6,5 milljón ISK utan virðisaukaskatts eða 46.722 EUR. Þetta tæki var innan viðmiðunarmarka fyrir Evrópuútboð.

Útgefnar vísindagreinar á vegum vísindamanna setursins árið 2015 voru um 100.

Doktorsnemar sem tengdust setrinu og brautskráðust á árinu voru þrír og og samtals útskrifuðust 15 meistaranemar sem tengdust setrinu.

## Kynningarstarfsemi

Á vefsíðu Lífvísindaseturs eru reglulega birtar almennar fréttir, upplýsingar um nýbirtar vísindagreinar sem hópstjórar eru höfundar að og upplýsingar um fyrirlestra Lífvísindaseturs. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um alla hópstjóra setursins, rannsóknastarfsemi o.fl. Lífvísindasetur hefur til lengri tíma staðið fyrir reglulegri málstofu í Læknagarði sem stendur yfir allt skólaárið, að jafnaði einu sinni í viku, í hádeginu á fimmtudögum. Þar kynna sérfræðingar og framhaldsnemendur innan setursins rannsóknir sínar, auk þess sem mikil áhersla er lögð á að fá sérfræðinga utan setursins til að kynna sín verkefni. Málstofan fer fram á ensku. Auk þess eru vikulegir fræðslufundir á Ónæmisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss, á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Líffræðistofu Háskóla Íslands og eru allir þessir fyrirlestrar auglýstir á vefsíðunni.

Á meðal erlendra gestafyrirlesara á vormánuðum voru: Thomas Dickmeis, prófessor við Karlsruhe Institute of Technology í Þýskalandi, Alexander Aulehla, frá EMBL í Heidelberg í Þýskalandi, Maria Perander frá Háskólanum í Tromsö í Noregi og Suzanne Mashtoub frá Suður-Ástralíu. Fyrirlestraröð framúrskarandi vísindafólks á vegum framhaldsnámsprógrammsins GPMLS (Graduate Program in Molecular Life Sciences) hófst af fullum krafti síðasta haust með fyrirlesurunum Claire Mitchell frá Háskólanum í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, Minu Bissell frá Lawrence Berkeley National Laboratory

í Bandaríkjunum og Robert Hindges við King´s College í London. Þau tvö síðastnefndu voru á meðal öndvegisfyrirlesara á líffræðiráðstefnunni í nóvember.

Fyrirlestraröðin Vísindi á mannamáli sem hófst haustið 2014 að frumkvæði Lífvísindaseturs og Líffræðistofu Háskóla Íslands var keyrð af fullum þunga út vormisserið 2015. Markmið raðarinnar var að varpa ljósi á það hvernig vísindamenn háskólans reyna að afhjúpa leyndardóma náttúrunnar og hvaða þýðingu vísindarannsóknir hafa fyrir daglegt líf fólks. Rektor auglýsti fyrirlestrana í fjölmiðlum, auk þess sem þeir voru teknir upp og vistaðir á sérstöku vefsvæði. Fyrirlesarar vorið 2015 voru Halldór Þormar, prófessor emeritus, Ármann Höskuldsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun, Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir, kennslustjóri við Læknadeild, og Gunnar Þ. Hallgrímsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild. Markmið aðstandenda raðarinnar var að halda henni áfram haustið 2015 en af því varð því miður ekki.

Brugðið var frá árlegri spekigleði framhaldsnámsprógrammsins GPMLS og þess í stað var fenginn bandarískur fyrirlesari á vegum fyrirtækisins Cheeky Scientist til að halda eins og hálfs dags námskeið um möguleika nýdoktora til að tengjast atvinnulífinu. Almennt var góður rómur gerður að námskeiðinu og þessari tímabundnu breytingu á fyrirkomulagi spekigleðinnar.

Árlega koma nemendur í líffræðiáföngum í framhaldsskólum í heimsókn til að kynna sér starf vísindamanna á rannsóknastofum Lífvísindaseturs. Yfir vetrarmánuðina eru slíkar heimsóknir nánast í hverjum mánuði og hópstjórar skiptast á að vera með stuttar kynningar fyrir hópana, auk þess sem nemendurnir fá kynningu á rannsóknastofum. Þar á meðal kemur árlega hópur frá Danmörku. Auk þess er árlega tekið á móti vísindaferðum nemendafélaga líffræðinema (HAXI) og lífefna- og sameindalíffræðinema (HVARF).

Allar nánari upplýsingar um starfsemi Lífvísindaseturs má finna á vefsíðu setursins: http://lifvisindi.hi.is/.

# Lífefna- og sameindalíffræðistofa

## Almennt yfirlit og stjórn

Lífefna- og sameindalíffræðistofa er rannsóknavettvangur kennara Læknadeildar í fræðigreinunum lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði. Á fræðasviðinu eru stundaðar grunnrannsóknir og rannsóknir á hagnýtri notkun þessara fræðigreina í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum. Lífefna- og sameindalíffræðistofa tengist erfða- og sameindalæknisfræðideild og klínískri lífefnafræðideild við Landspítala – háskólasjúkrahús með samstarfssamningi Háskóla Íslands við sjúkrahúsið. Ýmsir aðilar á skyldum sviðum nota aðstöðu á stofunni. Forstöðumaður er Jón Jóhannes Jónsson prófessor. Aðrir háskólakennarar eru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Guðrún Valdimarsdóttir lektor, Ingibjörg Harðardóttir prófessor, Reynir Arngrímsson prófessor og Stefán Þ. Sigurðsson dósent. Óttar Rolfsson lektor er með aðalstarfsaðstöðu við Rannsóknarsetur í kerfislíffræði og Erna Magnúsdóttir er í stöðu rannsóknasérfræðings við Læknadeild. Umsjón með daglegum rekstri rannsóknastofunnar hefur Jónína Jóhannsdóttir yfirlífeindafræðingur. Á rannsóknastofunni starfar á annan tug nema í rannsóknatengdu námi. Auk framangreindra unnu nokkrir einstaklingar að ýmsum verkefnum við stofuna.

## Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið Lífefna- og sameindalíffræðistofu eru efnaskipti og eiginleikar kjarnsýra, líffræði erfðamengis mannsins, genatjáning, stofnfrumur og þroskunarlíffræði, næringarfræðitengd

ónæmisfræði, erfðarannsóknir á tilraunadýrum, rannsóknir á stofnfrumulínum úr músa- og mannafósturvísum og kerfislíffræði efnaskipta.

Á rannsóknastofunni er sérhæfður tækjabúnaður fyrir sameindalíffræðivinnu sem jafnframt er notaður við klínískar sameindaerfðarannsóknir í samstarfi við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Eftirfarandi meistaranemar, sem höfðu aðstöðu við rannsóknastofuna, luku námi á árinu: Ósk Anufori varði ritgerðina The Role of Natural Killer Cells in Resolution of Antigen-Induced Inflammation. Leiðbeinendur hennar voru Ingibjörg Harðardóttir og Jóna Freysdóttir. Stefán Þór Hermanowicz varði ritgerðina The Impact of BRCA2 on Homologous Recombination and PARP Inhibitor Sensitivity Examined in BRCA2 Heterozygous Cell Lines. Leiðbeinandi hans var Stefán Þ. Sigurðsson.

## Annað

Rannsóknir á rannsóknastofunni voru styrktar af ýmsum aðilum, m.a. Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði, Rannsóknanámssjóði, doktorsnemasjóði, Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, Vísindasjóði Landspítala – Háskólasjúkrahúss, Nýsköpunarsjóði námsmanna, Eggertssjóði og National Institute of Health í Bandaríkjunum.

Vísindamenn rannsóknastofunnar eru hluti Lífvísindaseturs Háskóla Íslands og þeir taka þátt í framhaldsnámsprógramminu GPMLS (Graduate Program in Molecular Life Sciences) við Háskóla Íslands. Eiríkur Steingrímsson var fulltrúi menntamálaráðuneytisins hjá European Molecular Biology Conference (EMBC) og European Molecular Biology Laboratory (EMBL) Council.

# Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum við Læknadeild Háskóla Íslands fæst við grunnrannsóknir á krabbameini. Stjórn rannsóknastofunnar er sem fyrr í höndum Helgu M. Ögmundsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð, sem báðar eru prófessorar við Læknadeild. Á rannsóknastofunni starfaði einn nýdoktor, Ólafur Andri Stefánsson, einn lífeindafræðingur og einn líffræðingur í hlutastörfum, auk þriggja doktorsnema og nokkurra meistaranema og nema í minni verkefnum.

## Helstu rannsóknaverkefni

Helstu rannsóknaverkefni á árinu voru:

- Áhrif BRCA2-kímlínustökkbreytingar á krabbameinsmyndun og sjúkdómsframvindu. Verkefnið var unnið undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við Rannsóknastofu í meinafræði, krabbameinslækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Serena Nik-Zainal og Michael Stratton við Sanger-stofnunina í Cambridge.
- Gallar í litningaendum í BRCA-tengdu brjóstakrabbameini og hlutverk BRCA2 við að viðhalda litningaendum og stöðugleika litninga. Verkefnið var unnið undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við Rannsóknastofu í meinafræði, krabbameinslækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Elizabeth Blackburn prófessor við Kaliforníuháskóla í San Francisco.
- Sviperfðagreining á brjósta- og eggjastokkakrabbameinum í tengslum við sjúkdómshorfur og lyfjanæmi. Verkefnið var unnið undir stjórn Ólafs Andra Stefánssonar og Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við Rannsóknastofu í meinafræði og krabbameinslækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

- Leit að DNA-viðgerðargenum. Verkefnið var unnið undir stjórn Ólafs Andra Stefánssonar í samstarfi við Stefán Þ. Sigurðsson dósent, Jórunni Erlu Eyfjörð, Þorkel Guðjónsson nýdoktor og Þórunni Rafnar hjá Íslenskri erfðagreiningu.
- Mergfrumuæxli og skyld afbrigði í starfsemi B-eitilfrumna. Verkefnið var unnið undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við blóðmeinafræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Sjálfsát í krabbameinum. Verkefnið var unnið undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við Margréti Helgu Ögmundsdóttur nýdoktor og Rannsóknastofu í meinafræði.
- Áhrif íslenskra fléttuefna á efnaskipti krabbameinsfrumna og samvirkni þeirra við lyf. Verkefnið var unnið undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Lípíðefnaskipti í krabbameinsfrumum. Verkefnið var unnið undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við Arctic Mass.
- Áhrif sýruvirkra lyfja og efna á svörun krabbameina við lyfjum og geislun. Verkefnið var unnið undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við Lyfjafræðideild HÍ, Margréti Helgu Ögmundsdóttur á geislaeðlisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss og Helgu Zoëga, dósent í lýðheilsuvísindum.

## Alþjóðlegt samstarf

Rannsóknastofan á í virku alþjóðlegu samstarfi. Má þar m.a. nefna samstarf við vísindamenn á Sanger Institute í Cambridge og þátttöku í The International Human Cancer Genome Consortium, (ICGC), samstarf við IDIBELL-stofnunina í Barcelona um rannsóknir á sviperfðum og samstarfi um rannsóknir á litningaendum (telomerum) með vísindamönnum við Kaliforníuháskóla í San Francisco. Birna Þorvaldsdóttir, doktorsnemi Jórunnar, dvaldi m.a. fyrri hluta vormisseris á rannsóknastofu sem Elizabeth Blackburn prófessor við Kaliforníuháskóla í San Francisco rekur. Verkefnið um mergfrumæxli og skylda sjúkdóma hefur gefið tilefni til samvinnu við Háskólann í Alberta í Kanada og National Institutes of Health í Bandaríkjunum.

## Kynningar

Ólafur Andri Stefánsson flutti fyrirlestra á ráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum í janúar, á NML-ráðstefnu í Reykjavík í júní og á líffræðiráðstefnu í nóvember. Jórunn Erla Eyfjörð og Birna Þorvaldsdóttir doktorsnemi kynntu rannsóknir sínar á telomerum á þingi American Association for Cancer Research um brjóstakrabbamein í Seattle í október. Starfsfólk kynnti verkefni rannsóknastofunnar á fundi Rannís á Hótel Sögu í mars og á afmælisþingi Samtaka um krabbameinsrannsóknir í Iðnó í nóvember en þar talaði Helga M. Ögmundsdóttir einnig um sögu samtakanna. Jórunn Erla fjallaði, ásamt Stefáni Þ. Sigurðssyni, á fundi hjá Vísindafélagi Íslendinga um Nóbelsverðlaun í efnafræði, sem veitt voru til rannsókna á DNA-viðgerð 2015. Helga M. Ögmundsdóttir var meðal fyrirlesara á þingi norræns samstarfshóps um sjálfsát (Nordic Autophagy Network) í Helsinki 5.–7. júní.

## Annað

Rannsóknastofan naut sem fyrr styrkja frá Rannís og Rannsóknasjóði háskólans. Ólafur Andri Stefánsson er með doktorsnemastyrk frá Rannís og fékk að auki verkefnisstyrk frá Rannís (ásamt Stefáni Þ. Sigurðssyni og Þorkeli Guðjónssyni). Jórunn Erla Eyfjörð er með tvo rannsóknastyrki frá Rannís og hún og Helga M. Ögmundsdóttir fengu einnig styrki frá Rannsóknasjóði háskólans á árinu. Háskóli Íslands styrkti tvo doktorsnema. Auk þessa fengust tveir rannsóknastyrkir frá Göngum saman. Rannsóknastofan fékk mikilvægan styrk frá Rannsóknasjóði háskólans til kaupa á tæki sem m.a. nýtist til greininga á telomere-lengd. Þá var rannsóknastofan í fararbroddi fyrir umsókn til Innviðasjóðs sem styrkti kaup á rafeindasmásjá. Tækið var tekið formlega í notkun í september og erlendir sérfræðingar komu til að þjálfa starfsmenn í notkun þess. Þegar eru komnar áhugaverðar niðurstöður og verður þetta tæki lyftistöng fyrir rannsóknir á ýmsum sviðum líf- og læknavísinda.

# Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði

## Stjórn og starfsfólk

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði heyrir undir Læknadeild Háskóla Íslands og forstöðumaður hennar er Magnús Karl Magnússon prófessor og skrifstofustjóri er Sigríður Ísafold Håkansson. Fastir starfsmenn eru 20, að meðtöldum kennurum með starfsaðstöðu á rannsóknastofunni og doktorsnemum. Auk þeirra eru Jakob Kristinsson og Magnús Jóhannsson, prófessorar emeriti, enn virkir við rannsóknastofuna. Fjórir nemar voru í rannsóknatengdu námi við rannsóknastofuna á árinu, þau Bjarni Sigurðsson og Arndís Sue Ching Löve í doktorsnámi og Ása Valgerður Eiríksdóttir og Sigurður Trausti Karvelsson í meistaranámi við Læknadeild. Auk þess stunduðu fjórir doktorsnemar, tveir meistaranemar og einn læknanemi (með BS-verkefni) nám við Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum, sem rekin er í Læknagarði í samstarfi Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði og líffærafræðideild Læknadeildar. Haraldur Halldórsson og Sigurður Trausti Karvelsson unnu rannsóknir sínar í Læknagarði í húsnæði Lífvísindaseturs.

## Kennsla

Starfsfólk Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sá um eða tók þátt í að kenna læknanemum, tannlæknanemum, hjúkrunarfræðinemum, geislafræðinemum, nemum í sjúkraþjálfun, líffræðinemum, lífefnafræðinemum og lyfjafræðinemum við Háskóla Íslands, auk þess sem starfsmenn hennar voru prófdómarar við meistaraverkefni við ýmsar deildir háskólans. Einnig kenndi starfsfólk rannsóknastofunnar á ýmsum öðrum námskeiðum m.a. við Lögregluskóla ríkisins, Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Sameiginleg málstofa Lyfjafræðideildar og Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði var haldin þrisvar sinnum á árinu með fyrirlestrum Aðalsteins Guðmundssonar öldrunarlæknis og doktorsnemanna Arndísar Löve og Guðrúnar Dóru Bjarnadóttur.

## Grunnrannsóknir

Unnið var að mörgum rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn og eru þær helstu eftirtaldar:

- Rannsóknir á stofnfrumum í þekjuvef með áherslu á brjóst- og lungnaþekju, unnið á Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum í samvinnu við líffærafræðideild Læknadeildar.
- Rannsóknir á boðkerfum í ræktuðum æðaþelsfrumum, sérstaklega þeim sem virkja eNOS- og NO-myndun og hlutverk AMP-kínasa í boðkerfunum.
- Rannsókn á þunglyndum karlmönnum og tengslum við kortisól og testósterón í munnvatni (með læknum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi; rannsóknin er hluti af doktorsverkefni Bjarna Sigurðssonar).
- Rannsókn á þrávirkum lífrænum efnum í blóði íslenskra mæðra. Rannsóknin er samstarfsverkefni átta þjóða sem liggja að norður-heimskautssvæðinu (AMAP).
- Rannsókn á þrávirkum lífrænum efnum og mótefnasvari í börnum (meistaraverkefni Ásu V. Eiríksdóttur) í samstarfi við ónæmisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss.
- Rannsókn á fíkniefnum í frárennslisvatni (doktorsverkefni Arndísar Löve). Verkefnið er unnið í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur, landlækni og evrópska samstarfsaðila í COST-verkefni.
- Rannsókn á tengslum þrávirkra lífrænna efna og viðkomu íslenska arnarstofnsins. Verkefnið er unnið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrufræðistofu Vesturlands.
- Rannsókn á þrávirkum efnum í lofti og úrkomu við Stórhöfða. Verkefnið er unnið í samvinnu við Veðurstofu Íslands.

- Rannsókn á þrávirkum lífrænum efnum í kræklingi og þorsklifur við Ísland. Verkefnið er unnið í samvinnu við Matís.
- Faraldsfræðilegar rannsóknir á eitrunum á Íslandi og dauðsföllum af völdum þeirra.
- Rannsókn á notkun ópíata og prótónupumpuhemla og tengsl þeirra við beinbrot.
- Rannsókn á misnotkun ávanabindandi lyfja í samstarfi við Guðrúnu Dóru Bjarnadóttur lækni.
- Rannsókn á viðhorfum Íslendinga til lyfja og lyfjameðferðar í samstarfi við Hlíf Vilhelmsdóttur lyfjafræðing.

### Þjónusturannsóknir

Við rannsóknastofuna voru stundaðar umfangsmiklar þjónusturannsóknir í réttarefnafræði í lífssýnadeild og efnissýnadeild. Rannsóknir þessar og matsgerðir þeim tengdar voru unnar fyrir dómsmála- og lögregluyfirvöld, félagsmálayfirvöld og meðferðarstofnanir, alls 3085 mál, þar af voru réttarkrufningar 133. Sérfræðingar Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði bera vitni fyrir dómi í um 100 málum á ári þessu tengdum. Aðrar þjónusturannsóknir snúa flestar að efnamengun fyrir aðila eins og heilbrigðiseftirlit, ÍSOR, Matís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og ýmis fyrirtæki. Þau mál voru um 40. Haldið er utan um öll gögn rannsóknastofunnar með sérhæfðu gagnagrunnskerfi (LIMS) og unnið er áfram við gæðahandbók fyrir rannsóknastofuna og stefnt er að vottun hennar skv. ISO9001 um áramótin 2016–2017.

### Alþjóðasamskipti

Starfsfólk Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er í góðu og stöðugu sambandi við kollega á sambærilegum rannsóknastofum á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Svava Þórðardóttir situr í stjórn NAFT (Nordic Association of Forensic Toxicology), Elísabet Sólbergsdóttir situr í stjórn Sambands íslenskra prófunarstofa og sækir árlega fundi Eurachem á þeirra vegum, Valþór Ásgeirsson sækir árlega samráðsfundi ENFSI (European Network of Forensic Science Institutes), Arndís Löve og Kristín Ólafsdóttir taka þátt í COST-verkefni á vegum Evrópusambandsins um greiningar á efnum í frárennsli til að meta heilsu samfélaga og Kristín Ólafsdóttir sækir árlega fundi AMAP Human Health hópsins, sem rannsakar áhrif mengunar á fólk á norðurslóðum. Andreja Stalcar, lyfjafræðinemi frá Slóveníu, vann stutt rannsóknaverkefni um lyf og akstur.

### Húsnæði og tækjakostur

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði er til húsa í Haga, Hofsvallagötu 53. Á þriðju hæð í nýrri hluta hússins eru 16 skrifstofur og fundarherbergi og á fyrstu hæð eru rannsóknastofur. Tækjakostur Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er umfangsmikill en nýr UPLC-MS/MS var tekinn í notkun á árinu.

# Matvæla- og næringarfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Matvæla- og næringarfræðideildar var Þórhallur Ingi Halldórsson, prófessor í næringarfræði, og varadeildarforseti Guðjón Þorkelsson, prófessor í matvælafræði. Í júlí tók Guðjón við sem deildarforseti og Þórhallur varð varadeildarforseti.

## Starfsfólk

Við Matvæla- og næringarfræðideild störfuðu tólf fastráðnir kennarar í mismunandi starfshlutföllum, sex í næringarfræði og sex í matvælafræði, auk nýdoktors á Rannsóknastofu í næringarfræði, sem kenndi næringarfræði. Starfandi fræðimenn hjá Matís ohf. og næringarráðgjafar á Næringarstofu Landspítala sinntu einnig stundakennslu við deildina. Haustið 2015 voru starfandi 39 stundakennarar og skráðir nemendur við deildina voru 131. Þrír gestaprófessorar eru við deildina. Auður Ingólfsdóttir er deildarstjóri Matvæla- og næringarfræðideildar í hálfu starfi.

Ráðið var í 50% stöðu dósents í næringarfræði. Kristjana Einarsdóttir var ráðin í starfið og jafnframt á Miðstöð í lýðheilsuvísindum. Þessi staða er fjármögnuð úr Aldarafmælissjóði.

Á árinu hlaut Guðjón Þorkelsson framgang í stöðu prófessors.

## Nám og kennsla

Deildin leitast við að vera í fremstu röð með vönduðum rannsóknum og kennslu sem stenst samanburð á alþjóðlegum vettvangi á sviði matvæla- og næringarfræði. Matvæla- og næringarfræðideild er öflug eining innan Háskóla Íslands hvað varðar rannsóknavirkni á hvert stöðugildi kennara og kemur um helmingur fjárframlags til deildarinnar til vegna rannsókna. Fylgst er með kennslukönnunum og tekið mið af þeim. Lögð er áhersla á sterkt fræðilegt og lausnamiðað nám.

Á árinu bauð Matvæla- og næringarfræðideild upp á nám til BS-, MS- og doktorsgráðu í báðum fræðigreinum deildarinnar, matvælafræði og næringarfræði. Á haustmisseri 2014 hófst kennsla í meistaranámi í klínískri næringarfræði á nýju kjörsviði innan næringarfræðinnar. Yfirumsjón með því námi hefur Ólöf Guðný Gestsdóttir, lektor í næringarfræði, og verður fyrsta útskrift vorið 2016.

Deildin leggur áherslu á rannsóknatengt framhaldsnám og fjallað er um umsóknir og framgang námsins á deildarfundum þar sem stuðst er við reglur deildarinnar þar að lútandi. Rannsóknatengt framhaldsnám stendur með miklum blóma við deildina og stunduðu 12 nemendur doktorsnám og 35 nemendur meistaranám við deildina á árinu.

## Húsnæði og aðstaða

Deildarskrifstofa er til húsa á Eiríksgötu 29 en aðstaða fyrir deildarforseta er hjá Matís. Meirihluti kennara í næringarfræði er til húsa að Eiríksgötu 29 þar sem þeir deila aðstöðu með Rannsóknastofu í næringarfræði og Næringarstofu Landspítala. Háskóli Íslands leigir aðstöðu fyrir kennara og kennslu í matvælafræði af Matís ohf. á Vínlandsleið 12. Auk þess eru kennarar með aðstöðu á Landakotsspítala og á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Skortur á sameiginlegu húsnæði stendur Matvæla- og næringarfræðideild fyrir þrifum og hefur húsnæðisvandinn valdið erfiðleikum við að halda starfsfólki saman og þannig komið niður á samstarfi og samvinnu kennara. Deildin hefur mikla samvinnu við Matís ohf., m.a. með samningi um kennslu í meistaranámi í matvælafræði, auk þess sem enn er unnið að stækkun húsnæðis Rannsóknastofu í næringarfræði á Landspítala. Einnig miðar samvinnan að því að auka nýliðun í fræðigreininni. Kennarar í næringarfræði hafa aðstöðu á Landspítala samkvæmt samstarfssamningi milli Háskóla Íslands og spítalans um rekstur Rannsóknastofu í næringarfæði.

## Doktorsvarnir

Einn doktorsnemi varði ritgerð sína á árinu:

- Cyprian Ogombe Odoli varði doktorsritgerð í matvælafræði 22. október. Ritgerðin nefndist: Drying and Smoking of Capelin (Mallotus villosus) and Sardine (Sardinella gibbosa): The Influence on Physicochemical Properties and Consumer Acceptance.

## Alþjóðasamskipti

Tveir erlendir nemendur voru í skiptinámi við deildina, annar frá Slóveníu og hinn frá Kína. Kennarar við deildina og nemendur í framhaldsnámi eru í erlendu samstarfi við fræðimenn við evrópskar og bandarískar stofnanir og skóla. Erlendir nemendur sækja nokkuð í nám við deildina og eru oftast á bilinu einn til þrír erlendir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við deildina í einu. Jafnframt eru tengsl milli deildarinnar og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-skólans) og nokkrir nemendur hafa komið til náms í deildinni eftir að hafa lokið námi við hann.

## Rannsóknir

Rannsóknir hafa verið mjög öflugar í deildinni og eru þær að stærstum hluta unnar í samstarfi við Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala, Matís ohf, Hjartavernd, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Embætti landlæknis og Rannsóknastofu í matvælaefnafræði. Nánari upplýsingar eru í kafla hér að neðan um Rannsóknastofu í næringarfræði auk ársskýrslu Matís ohf. http://www.matis.is/midlun/utgefid-efni/arsskyrslur/.

## Markaðs- og kynningarmál

Á háskóladeginum, 5. mars, kynntu nemendur og kennarar námið og rannsóknir við deildina og var gestum boðið upp á mælingu á líkamsfitu og að greina muninn á skyri eftir uppruna með blindprófi. . Kynningin tókst nokkuð vel og skilaði sér í fjölda nýnema í grunnnám við deildina. Í mars var nemendum sem áhuga höfðu á meistaranámi í matvælafræði, boðið að hitta kennara og skoða kennslu- og rannsóknaaðstöðu í matvælafræði í samvinnu við Matís ohf. Ávallt er leitast við að hafa upplýsingar um nám í deildinni sem nýjast og réttast og stöðug endurnýjun og uppfærsla fer fram á vef deildarinnar en stefnt er að nýju kynningarefni vegna framhaldsnáms á íslensku og ensku. Vefur deildarinnar tilheyrir Heilbrigðisvísindasviði og sér verkefnastjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði um að uppfæra hann og setja efni inn á hann ásamt upplýsinga- og vefstjóra sviðsins.

## Annað

Framhaldsnámsdagur Matvæla- og næringarfræðideildar var haldinn í annað sinn á Háskólatorgi 23. janúar 2015. Dagurinn er vettvangur fyrir meistara- og doktorsnema í matvæla- og næringarfræði til að hittast og kynna hver fyrir öðrum rannsóknir sínar. Nemendum á lokaári í BS námi er einnig boðið að mæta. Þarna gefst nemendum einnig tækifæri að hitta kennara og leiðbeinendur og ræða við þá. Flutt voru sex erindi, þrjú úr matvælafræði og þrjú úr næringarfræði. Tvö fjölluðu um doktorsverkefni og fjögur um meistaraverkefni. Síðan voru níu stuttar veggspjaldakynningar með öðrum rannsóknaverkefnum við deildina og kynning á framhaldsnemum.

# Rannsóknastofa í næringarfræði

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í næringarfræði tók til starfa 1997 og hefur starfað samkvæmt samningi milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands frá árinu 2005. Rannsóknastofan hefur aðstöðu á Landspítala þar sem stofan deilir aðstöðu með Næringarstofu spítalans að Eiríksgötu 29.

Í stjórn Rannsóknastofu í næringarfræði sátu á árinu: Ágústa Guðmundsdóttir prófessor, formaður stjórnar, Pálmi V. Jónsson, prófessor og yfirlæknir, Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, og Oddný Gunnarsdóttir, verkefnastjóri á

vísinda- og þróunarsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss, ritari stjórnar. Forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði er Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Í lok árs höfðu þrír prófessorar, einn dósent, lektor, fræðimaður og verkefnastjóri rannsókna- og starfsaðstöðu á rannsóknastofunni, auk doktors- og meistaranema.

Sex meistaranemendur sem unnið höfðu rannsóknaverkefni sín við RÍN útskrifuðust frá Matvæla- og næringarfræðideild á árinu.

## Rannsóknir

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu rannsóknaverkefni Rannsóknastofu í næringarfræði 2015.

- ProMeal (Skólamáltíðir á Norðurlöndum. Heilsuefling, frammisstaða og hegðun grunnskólanemenda. Prospects for Promoting Health and Performance by School Meals in Nordic Countries). Verkefnið er unnið í samstarfi við Önnu Sigríði Ólafsdóttur, dósent á Menntavísindasviði. Styrktaraðili: NordForsk. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- ARI (A Rye Intervention). Íhlutandi rannsókn meðal karla með sykursýki týpu II. Styrktaraðili: NordForsk. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Laufey Steingrímsdóttir.
- SENSEWELL (Sensory Food Satisfaction in Programming Healthy and Sustainable Eating Behaviour). Styrktaraðili: The Danish Council for Strategic Research. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Inga Þórsdóttir.
- MoodFood. Preventing Depression Through Food. Styrktaraðili: 7. rammaáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið er unnið í samstarfi við Vilmund Guðnason, prófessor í Læknadeild og forstöðulækni Hjartaverndar. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- Næringardrykkir eða orku- og próteinríkir millibitar í næringarmeðferð vannærðra sjúklinga með langvinna lungnateppu – Slembidreifð íhlutandi rannsókn. Styrkaraðilar: Rannís,Vísindasjóður Landspítala og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- Næring og þyngdaraukning á meðgöngu. Áhrif á heilsu móður og barns. Um er að ræða nokkur verkefni sem meðal annars eru unnin í samstarfi við CFP (Center for Fetal Programming) við Statens Serum Institut í Danmörku. Aðrir styrktaraðilar: Vísindasjóður Landspítala og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjórar á Rannsóknastofu í næringarfræði: Þórhallur Ingi Halldórsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- Áhrif nýrra aðferða við fræðslu um mataræði og lífsstíl á sjálfs umönnun einstaklinga með sykursýki 2. Styrktaraðili: Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjórar á Rannsóknastofu í næringarfræði: Bryndís Eva Birgisdóttir og Óla Kallý Magnúsdóttir.
- Lífaðgengi omega-3 fitusýra viðbættra í matvæli og í duftformi. Styrktaraðili: Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Alfons Ramel.
- Matarvenjur og næringarástand sjúklinga með bólgusjúkdóm í meltingarvegi. Styrkaraðili: Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjórar á Rannsóknastofu í næringarfræði: Alfons Ramel og Inga Þórsdóttir.
- Ný rannsókn á næringu ungbarna – Betri tækni og gagnasafn. Styrktaraðilar: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Inga Þórsdóttir.
- Styrktarþjálfun og vitræn geta meðal eldra fólks á Íslandi. Styrktaraðilar: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Alfons Ramel.

- Glycemic Index-Effect on Satiety and Cognitive Performance. Styrktaraðili: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjórar á Rannsóknastofu í næringarfræði: Laufey Steingrímsdóttir og Bryndís Eva Birgisdóttir
- Mataræði barna og heilsa – Inntaka á arseni og kvikasilfri. Styrktaraðili: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Bryndís Eva Birgisdóttir.
- Áhrif jafningjastuðnings á heilsutengda hegðun. Styrktaraðili: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ólöf Guðný Geirsdóttir.
- Áhrif mismunandi mataræðisíhlutana á einkenni ADHD hjá börnum - forrannsókn. Styrktaraðilar: Lýðheilsusjóður, Rannsóknasjóður BUGL, Rannsóknasjóður HÍ. Unnið með Barna- og Unglingageðdeild Landspítala, Bertrand Lauth og Ingibjörg Karlsdóttir. Verkefnisstjórar á Rannsóknastofu í næringarfræði: Bryndís Eva Birgisdóttir og Ólöf Guðný Geirsdóttir.
- Ójöfnuður í dreifingu velferðar og heilsu. Styrktaraðili: NordForsk. Íslenskir rannsakendur, Alfons Ramel, Ólöf Guðný Geirsdóttir, Sigurveig H. Sigurðardóttir og Milan Chang.
- Social Inequalities in Ageing (SIA); Health, Care and Institutional Reforms in the Nordic Welfare Model. Styrktaraðili: Innovation Centre fund. Íslenskir rannsakendur: Alfons Ramel, Ólöf Guðný Geirsdóttir og MATÍS ohf.
- Samband D-vítamíns búskapar við vitræna getu meðal eldra fólks á Íslandi. Samstarfsaðilar: Pálmi V. Jónsson yfirlæknir og prófessor, öldrunarlækningadeild, flæðissvið, Lárus St. Guðmundsson sérfræðingur hjá Landlækni og lektor við lyfjafræðideild HÍ, Þórhallur Ingi Halldórsson faraldsfræðingur og deildarforseti, Matvæla- og næringarfræðideild HÍ. Gunnar Sigurðsson, yfirlæknir og prófessor, Lenore J. Launer, National Institute on aging, Milan Chang Gudjonsson faraldsfræðingur á RHLÖ, Vilmundur Guðnasson prófessor, Hjartavernd og HÍ, Tamarra B. Harris, NIA. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Alfons Ramel næringarfræðingur.

Auk ofangreindra rannsókna fór fram vinna við úrvinnslu gagna úr þremur íhlutandi rannsóknum: IceProQualita (Inga Þórsdóttir, Alfons Ramel og Ólöf Guðný Geirsdóttir), IceAge (Inga Þórsdóttir) og SYSDIET (Inga Þórsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir), auk ýmissa samstarfsverkefna Rannsóknastofu í næringarfræði og Hjartaverndar, þar sem unnið er með gögn úr Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar og AGES (Laufey Steingrímsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Þórhallur Ingi Halldórsson, Bryndís Eva Birgisdóttir og Inga Þórsdóttir). Rannsóknastofa í næringarfræði á einnig í rannsóknasamstarfi við The Norwegian Mother and Child Cohort Study (Bryndís Eva Birgisdóttir) og Danish National Birth Cohort (Þórhallur Ingi Halldórsson).

## Verðlaun

Ellen Alma Tryggvadóttir, M.Sc. í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild, hlaut verðlaun velferðarráðuneytisins, til ungs og efnilegs vísindamanns fyrir verkefni á sviði forvarna eða heilsueflingar, fyrir verkefnið „Fæðuval íslenskra kvenna á meðgöngu og tengsl við meðgöngusykursýki“. Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytisstjóri velferðarráðuneytisins, flutti ávarp og afhenti verðlaunin.

## Samstarf og styrkir

Samstarfsaðilar í rannsóknastörfum Rannsóknastofu í næringarfræði eru fjölmargir og er virkt samstarf við u.þ.b. 30 alþjóðlegar stofnanir og háskóla, auk stofnana innanlands. Rannsóknastofa í næringarfræði hlaut á árinu nokkra erlenda styrki (sjá kafla um rannsóknir), auk minni innlendra styrkja.

## Markaðs- og kynningarstarf

Rannsóknastofa í næringarfræði sinnir margs konar þjónustu fyrir samfélagið, bæði hérlendis og erlendis. Töluvert er t.d. um að fjölmiðlar og stofnanir á borð við Heilsugæsluna, Embætti landlæknis og Matvælastofnun leiti til stofunnar eftir sérfræðiáliti.

Á heimasíðu Rannsóknastofu í næringarfræði (www.rin.hi.is) er að finna helstu upplýsingar um stofnunina, yfirlit yfir rannsóknir, birtar skýrslur og vísindagreinar. Eins er þar haldið utan um fréttir af starfseminni.

Starfsmenn Rannsóknastofu í næringarfræði birtu á árinu 2015 meira en 30 vísindagreinar í ritrýndum vísindatímaritum. Auk þess hefur starfsfólk rannsóknastofunnar haldið fjölda fyrirlestra og kynnt veggspjöld á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og þingum á árinu.

# Sálfræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Sigurður J. Grétarsson prófessor var deildarforseti og Ragna B. Garðarsdóttir dósent varadeildarforseti.

Deildarráð hélt fundi hálfsmánaðarlega. Á vormisseri var deildarráð þannig skipað: Deildarforseti og varadeildarforseti eru sjálfskipaðir en fjórir aðrir kennarar voru kosnir á deildarfundi, Daníel Þór Ólason dósent, Ragna B. Garðarsdóttir, dósent, Andri S. Björnsson dósent og Fanney Þórsdóttir dósent. Deildarráðsfundi sátu einnig Malena Írisar- og Þórisdóttir, trúnaðarmaður BS-nema, og Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, fulltrúi framhaldsnema. Á haustmisseri var deildarráð þannig skipað: Daníel Þór Ólason, dósent, Ragna B. Garðarsdóttir, dósent, Urður Njarðvík, dósent og Zuilma G. Sigurðardóttir, dósent. Fulltrúar nemenda voru Anika Sigtryggsdóttir, trúnaðarmaður BS-nema og Auður Gróa Valdimarsdóttir, fulltrúi framhaldsnema.

Kennarafundir voru haldnir einu sinni í mánuði, deildarráðsfundir að jafnaði hálfsmánaðarlega og deildarfundir einu sinni til tvisvar á misseri.

## Starfsfólk

Við Sálfræðideild störfuðu þrír prófessorar, níu dósentar, tveir lektorar og sex aðjúnktar, auk deildarstjóra og verkefnisstjóra á skrifstofu deildarinnar. Ragnar Pétur Ólafsson var ráðinn lektor 10. apríl. Kennarar í Sálfræðideild hafa skrifstofur í Odda og Aragötu 14. Deildarskrifstofan er í Odda.

## Nám og kennsla

Nemendur í Sálfræðideild voru 598 þann 20. október. Nýnemar í BS-námi voru u.þ.b. 250 talsins. Sálfræði er kennd til BS-prófs, MS-prófs (einstaklingsbundins rannsóknatengds meistaranáms), cand. psych.-prófs og doktorsprófs. Í cand. psych.-nám voru 20 nemendur teknir inn og fjórir nemendur í einstaklingsbundið rannsóknatengt meistaranám. Alls voru 62 nemendur í meistaranámi haustið 2015.

**Doktorsn**ám

Fimm doktorsnemar bættust við á árinu og voru þeir í árslok fjórtán talsins.

## Alþjóðasamskipti

- Árni Kristjánsson dósent er í rannsóknasamstarfi við háskólann í Utrecht í Hollandi, Kaliforníuháskóla í Davis í Bandaríkjunum, ríkisháskólann í Pétursborg í Rússlandi, háskólann í Padova á Ítalíu, University of New South Wales í Ástralíu, Möltuháskóla, Vrije Universeit í Hollandi og Kaupmannahafnarháskóla.
- Daníel Þór Ólason dósent á í norrænu samstarfi um rannsóknir og meðferð við spilafíkn. Hópurinn heitir Stiftelsen Nordiska Sälskabet för Upplystning om Spälberoende. Meginhlutverk hópsins er að halda ráðstefnu um peningaspil og spilavanda annað hvert ár á Norðurlöndum. Daníel er einnig í samstarfi um rannsóknir á spilun peningaspila og algengi spilavanda með Tobias Hayer, Gerhard Meyer og Tim Brosowski við sálfræðideild Háskólans í Bremen í Þýskalandi.Steinunn Gestsdóttir dósent var í samstarfi við New York University í Abu Dhabi og West Virginia University, Oregon State University og Tufts University í Bandaríkjunum.
- Ingunn Hansdóttir lektor er í rannsóknasamstarfi við Pennsylvania-háskóla í Bandaríkjunum um rannsóknina Extended Release Naltrexone for Treating Amphetamine Dependence in Iceland.
- Andri S. Björnsson dósent starfar með rannsóknahópum við McLean Hospital, Harvard Medical School og við Brown University.
- Ragna B. Garðarsdóttir dósent er í samstarfi við þrjá þverfaglega hópa rannsakenda. Tvö rannsóknavekefni fjalla um auðkennishvata (identity motives) og eru þau undir stjórn Viv Vignoles við Sussex-háskóla. Einnig starfar hún með Paul Bain við Tækniháskólann í Queensland og fleiri í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum um loftslagsmál.
- Ragnar P. Ólafsson er í samstarfi um rannsóknir og birtingu rannsóknargreina við Ívar Snorrason, University of Wisconsin-Milwaukee, Wisconsin í Bandaríkjunum og prófessor Paul M. G. Emmelkamp, Universiteit van Amsterdam í Hollandi.
- Zuilma Gabríela Sigurðardóttir dósent starfar að ritun fræðigreina með Ginu Green, stjórnarformanni Association of Professional Behavior Analysts við Florida Institute of Technology. Hún á einnig samstarf um ritun fræðigreina við fræðimenn við University of Massachusetts Medical School og er auk þess í rannsóknasamstarfi við Aksel Tjora við Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet (NTNU) í Þrándheimi í Noregi og Shahla Alais Rosales í University of Texas í Bandaríkjunum. Nýlega hóf Zuilma samstarf við Nancy Marchand-Martella og Ron Martella við Eastern Washington University og við Ieva Bitte í Háskólanum í Lettlandi í Riga og heldur áfram að vera í samstarfi við Erik Arntzen við Hojskolen í Oslo og Aakershus. Auk þess er hún forseti Evrópsku samtaka um atferlisgreiningu og starfar þar í stjórn með prófessorum við háskólum á Norður Írlandi, Helsinki, Aþenu, Oslo og í Þýskalandi.
- Steinunn Gestsdóttir er í samstarfi við G. John Geldhof, Oregon State University, USA.Richard M. Lerner, Tufts University, USA, Antje von Suchodoletz, NYU Abu Dhabi.Megan og McClelland, Oregon State University, USA.

## Rannsóknir

Rannsóknir kennara í Sálfræðideild fjalla um helstu svið sálfræðinnar.

- Andri S. Björnsson fékk 100 tíma flutta af kennsluskyldu yfir í rannsóknir í samræmi við reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta. Andri fékk styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til rannsókna á áráttu og þráhyggju.
- Árni Kristjánsson fékk 100 flutta af kennsluskyldu yfir í rannsóknir í samræmi við reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta. Hann fékk styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og styrk frá RANNÍS vegna rannsókna á sjónskynjun og athygli. Árni fékk jafnframt styrk frá ESB fyrir verkefnið Sound of Vision.
- Einar Guðmundsson fékk aðstoðarkennarastyrk fyrir Örnólf Thorlacius, doktorsnema.
- Ragna fékk styrk frá Rannsóknarsjóði HÍ og tvo styrki RANNÍS 2015 Icelandic Centre for Research, Project grant no.152601-051. The effect of income inequality and social capital on adolescent

psychological well-being (PI with Inga Dóra Sigfússdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Arna Hauksdóttir and Arndís Vilhjálmsdóttir). 2015 Icelandic Centre for Research, Project grant no. 152033-051. Reality of money (co-proposer with Eyja Brynjólfsdóttir (PI) and Guðmundur Jónsson). 2015 University of Iceland. Research fund. Project grant. The effect of income inequality and social capital on adolescent psychological well-being (with Arndís Vilhjálmsdóttir).
- Ragnar P. Ólafsson fékk styrk frá Rannsóknarsjóði HÍ.
- Urður Njarðvík fékk aðstoðarkennarastyrk fyrir Guðlaugu Marion Mitchisson, doktorsnema.
- Zuilma Gabríela Sigurðardóttir fékk styrki úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir DI- og PT-rannsókn og styrk frá Rannís til rannsóknar á snemmtækri íhlutun hjá dreifbýlisbörnum.

## Málstofur

## Markaðs- og kynningarmál

Sálfræðideild tók þátt í námskynningu á grunn- og framhaldsnámi á háskóladeginum 28. febrúar, auk þess tók deildin þátt í Heilsudeginum mikla 19. mars og Háskóla unga fólksins.

Fulltrúi sálfræðinemenda var viðstaddur fyrstu skóflustungu að nýju sjúkrahóteli 11. nóvember.

Deildin stóð fyrir sálfræðiþingi í samstarfi við Sálfræðingafélag Íslands 16. og 17. apríl.

# Tannlæknadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Tannlæknadeildar var Bjarni Elvar Pjetursson prófessor og varadeildarforseti Ellen Flosadóttir dósent. Í deildarráði voru, auk forseta og varaforseta, Björn Ragnarsson klínikstjóri og formaður fjármálanefndar, Sigurjón Arnlaugsson lektor fulltrúi kosinn af deildarfundi, Aðalheiður Svana Sigurðardóttir námsbrautarstjóri tannsmiða og tveir fulltrúar nemenda. Ellen Flosadóttir sat í deildarráði bæði sem varadeildarforseti og formaður kennslunefndar. Deildarfundur er æðsta vald deildarinnar og þar eiga sæti allir fastráðnir kennarar og þrír fulltrúar nemenda. Á árinu voru haldnir fimm deildarfundir og níu deildarráðsfundir.

## Starfsfólk

Við deildina störfuðu þrír prófessorar, fjórir dósentar, sex lektorar og einn aðjúnkt I , alls 14 kennarar í tæplega 12 stöðugildum, auk fjölda stundakennara. Aðrir starfsmenn deildarinnar eru verkefnisstjóri tannsmiðanáms, tannsmiður, tveir deildarstjórar og fjórir starfsmenn í móttöku og á sjúklingaklíník deildarinnar. Breytingar á starfsliði voru með minnsta móti.

Jón Viðar Arnórsson lektor í munn- og kjálkaskurðlækningum lét af störfum vegna aldurs að loknu vormisseri 2015. Stöðu hans var skipt upp í tvær 40% stöður og tóku Magnús J. Björnsson og Sævar Pétursson munn- og kjálkaskurðlæknir við keflinu af honum.

## Nám og kennsla

Vorið 2015 útskrifuðust fimm tannlæknanemar með kandidatspróf og tveir til viðbótar um haustið. Sjö nemendur eru í öllum árgöngum sem á eftir koma. Misvægi kynjanna birtist í því að af 35 nemendum á 2. til 6. ári í tannlæknanámi voru 25 konur og 10 karlar. Frá námsbraut tannsmiða voru

brautskráðir sex nemendur á vormisseri með BS-gráðu að loknu þriggja ára námi. Á árinu 2015 varð mikil fjölgun á nemendum í rannsóknatengdu framhaldsnámi og eru nú 17 nemendur skráðir í meistaranám og 1 í doktorsnám.

Umsjón meistara- og doktorsnáms við Tannlæknadeild er í höndum sameiginlegrar meistara- og doktorsnámsnefndar Lækna- og Tannlæknadeildar. Þrjár málstofur voru haldnar á árinu, ein á vormisseri og tvær á haustmisseri.

Árið 2015 skráðu 52 nemendur sig í tannlæknanám á fyrsta ári og var heildarfjöldi tannlæknanema á haustmisseri alls 94. Samkeppnispróf fyrsta árs nema voru að venju haldin í lok haustmisseris og að þeim loknum halda sjö nemendur áfram.

Tannsmiðanemar sem stunduðu nám til BS-prófs voru alls 24, þar af voru 14 nýnemar haustið 2015 og héldu fimm efstu úr þeim hópi áfram námi í tannsmíði eftir samkeppnispróf í lok fyrsta misseris. Kennsla fyrir tanntækna var með sama sniði og áður og stunduðu 12 nemendur nám í tanntækni við deildina í samvinnu við Fjölbrautarskólann í Ármúla. Inga B. Árnadóttir prófessor var umsjónarmaður tanntæknanámsins fyrir hönd Tannlæknadeildar og Kristrún Sigurðardóttir fyrir hönd Fjölbrautaskólans við Ármúla. Á vormisseri var einn skiptinemi frá Karolinska Institutet í Stokkhólmi við deildina. Á vormisseri fóru hins vegar tveir tannlæknanemar í skiptinám til Svíþjóðar og einn á haustmisseri.

Kennsla á fyrstu þremur árum tannlæknanámsins hefur verið færð æ meira yfir í lotuform til að gefa nemendum betri möguleika á að einbeita sér að einu fagi í einu og til að auðvelda samvinnu við aðrar deildir Heilbrigðisvísindasviðs sem kenna í lotum. Lyfjafræði á þriðja ári er nú meðal annars kennd í tveimur þriggja vikna lotum á haust- og vormisseri og líftölfræði er kennd á þremur vikum á vormisseri þriðja árs.

Tannlæknadeild hefur síðustu ár verið virkur þátttakandi í starfi ADEE (Association for Dental Education in Europe) og hún leggur ríka áherslu á að uppfylla skilyrði European Commission um 3000 klukkustunda klíníska þjálfun þannig að nemendur geti sótt um íslensk og evrópsk tannlækningaleyfi strax að loknu námi, án þess að þurfa að starfa undir handleiðslu eða á opinberum tannlæknastofum eftir að námi líkur til að öðlast klíniska reynslu eins og tíðkast víða í nágrannalöndunum.

## Rannsóknir

Tannlæknadeild er í samstarfi við einstaklinga, háskóladeildir hérlendis og erlendis, stofnanir, félög og fyrirtæki hvað varðar rannsóknir í tannlæknisfræðum. Innan háskólans er mikil áhersla lögð á rannsóknir og kröfur gerðar til kennara um að afla styrkja úr rannsóknasjóðum. Kennarar deildarinnar hafa í vaxandi mæli reynt að fjármagna rannsóknaverkefni með þessum hætti. Einnig hafa fengist styrkir frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Tannlæknafélags Íslands og fleiri aðilum.

Kennarar Tannlæknadeildar hafa verið í skipulögðu samstarfi við nokkra erlenda háskóla, m.a. í Genf, Zürich og Hong Kong, en einnig við Karolinska Institutet, NIOM og fleiri stofnanir. Aukið samstarf hefur tekist milli Íslenskrar erfðagreiningar og Tannlæknadeildar þar sem meðal annars er unnið að rannsókn á þróun krónískra verkjum sem geta komið upp í kjölfar aðgerða í munnholi.

Peter Holbrook prófessor var aðalritstjóri eins helsta tannlæknatímaritsins á Norðurlöndum, Acta Odontologica Scandinavica, og hann fékk einnig á árinu viðurkenninguna Diploma in Oral Medicine frá European Association of Oral Medicine. Bjarni Elvar Pjetursson prófessor er stjórnarmaður og formaður rannsóknarnefndar EAO (European Association for Osseointegration), sem eru stærstu óháðu samtök þeirra sem vinna með tannplanta í Evrópu.

## Markaðs- og kynningarmál

Tannlæknadeild tók þátt í sameiginlegum kynningum á starfsemi og námsframboði, meðal annars með þátttöku í Háskóla unga fólksins og háskóladeginum í mars. Ekki virðist þó mikil þörf á að vekja athygli á deildinni þar sem nýnemar undanfarin ár eru mun fleiri en hægt er að veita kennslu í klínískum greinum.

Tannlæknadeild gerði samstarfssamning við Tannlæknafélag Íslands um styrk frá félaginu til samkennslu námskeiðs í umsjón Sigurðar Rúnars Sæmundssonar dósents. Á móti fá félagar í Tannlæknafélagi Íslands að sitja fyrirlestrana sem símenntun sér að kostnaðarlausu.

## Rekstur Tannlæknadeildar

Nýlegur samningur Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands hefur haft jákvæð áhrif á hag deildarinnar þar sem greiðslur frá Sjúkratryggingum hafa hækkað hjá vissum aldurshópum barna sem meðhöndluð eru við deildina. Þegar samningurinn verður kominn að fullu til framkvæmda og öll börn að 18 ára aldri eiga kost á gjaldfrjálsri tannlæknaþjónustu hjá almennum tannlæknum gæti hins vegar dregið úr aðsókn barna að tannlæknaþjónustu við deildina. Nú býðst börnum, öryrkjum og ellilífeyrisþegum gjaldfrjáls tannlæknaþjónusta við deildina en aðrir greiða um það bil einn þriðja af hefðbundinni gjaldskrá almennra tannlækna.

Rekstur Tannlæknadeildar á árinu 2015 var réttu megin við núllið og er það í fyrsta skipti í meira en áratug sem deildin er ekki rekin með tapi. Stafar það af meiri innkomu á sjúklingaklínik deildarinnar, miklu aðhaldi í rekstri, niðurskurði í húsnæði og auknum fjölda nemenda í rannsóknatengdu námi. Fjárhagsstaða deildarinnar er þó enn slæm og uppsafnað tap síðustu ára er verulegt. Það er verulegt áhyggjuefni hvernig hægt verður að fjármagna allsherjarendurnýjun á tækjabúnaði á klíník og preklíník, sem er orðin afar brýn eftir rúmlega 30 ára starfsemi deildarinnar í Læknagarði, en kostnaðinn við þessa endurnýjun má lauslega áætla um hundrað milljónir króna.

Næsta stóra verkefni deildarinnar er að endurnýja tæki á preklínik deildarinnar þar sem nemendur æfa verkferla á sjúklingahermum áður en þeir takast á við að meðhöndla sjúklinga á klínik.

Þrátt fyrir halla síðustu ár hefur smám saman verið unnið að endurbótum á minni tækjabúnaði deildarinnar og hafa fjárveitingar úr Tækjakaupasjóði háskólans hjálpað mjög í þeim málum.

## Sjálfsmatsskýrsla

Árið 2015 fór Tannlæknadeild í gegn um sjálfsmatsferli eins og aðrar deildir Háskólans hafa gert. Við þessa vinnu var lögð mikil áhersla á að rödd nemenda kæmi skýrt fram. Niðurstaðan var mjög jákvæð og komu fram ýmsar tillögur, stórar og smáar, til betrumbóta. Stjórn deildarinnar leggur mikla áherslu á að koma þeim í framkvæmd eftir því sem tími og fjármagn leyfir. Erlendur ráðgjafi við þessa vinnu var prófessor Cecilia Christersson aðstoðarrektor Malmö-háskóla og var hennar framlag við sjálfsmatsferlið ómetanlegt.

# Rannsóknastofnun í tannlæknisfræði

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í tannlæknisfræði var sett á laggirnar árið 1984 í kringum rannsóknastarf í Tannlæknadeild. Hún veitir klíníska rannsóknaþjónustu m.a. á sviði greininga tengdri ýmsum munnsjúkdómum. Svo er eftirlit með dauðhreinsun aðallega á tannlæknastofum á landsbyggðinni og

fleiri stofum m.a. á heilsugæslum. Kennarar og meistaranemar vinna þar rannsóknaverkefni sín og það hefur verið talsverður áhugi undanfarin ár á orsakaþáttum sem tengjast glerungseyðingu. Það hefur verið gott samstarf við Lyfjafræðideild vegna rannsókna í rúmlega áratug. Starfsmenn eru tveir, í tæplega einu stöðugildi, og tekjur eru af þjónusturannsóknum og rannsóknastyrkjum.

Í stjórn stofunnar eru þeir Peter Holbrook, prófessor, Karl Örn Karlsson, lektor og Jónas Geirsson, lektor. Forstöðumaður er Peter Holbrook.

Rannsóknastofan fékk styrk á árinu úr Rannsóknasjóði HÍ og Nýsköpunarsjóði til að vinna verkefni sem felst í að þróa efni til að bera lyf beint á slímhúð í munni. Doktorsnemi við Lyfjafræðideild er að vinna það verkefni sem doktorsverkefni sitt.

# Tannlækningastofnun

## Almennt yfirlit og stjórn

Tannlækningastofnun er rannsókna-, fræðslu- og þjónustustofnun í tannlæknisfræði og skyldum greinum sem stundaðar eru við Tannlæknadeild. Stofnunin er til húsa í Læknagarði.

Stjórn Tannlækningastofnunar 2015 skipuðu Svend Richter dósent, formaður, Björn Ragnarsson lektor, Sigurjón Arnlaugsson lektor, Karl Örn Karlsson lektor, Sigfús Þór Elíasson prófessor emiritus. Fulltrúi nemenda var Íris Þórsdóttir.

Tannlækningastofnun tók til starfa 1997 og var reglugerð um hana samþykkt í háskólaráði á því sama ári. Reglur um Tannlækningastofnun Háskóla Íslands eru nr. 544/2010.

## Helstu þættir starfseminnar eru nú þessir:

- Rannsóknir sem starfsmenn Tannlæknadeildar stunda.
- Árlegir fundir um rannsóknir í tannlækningum þar sem kynntar eru rannsóknir og rannsóknaáætlanir starfsmanna stofnunarinnar, nema í rannsóknartengdu framhaldsnámi og annarra á sviði tannlæknisfræði.
- Símenntunarnámskeið og árleg röð fyrirlestra fyrir tannlækna.
- Álitsgerðir sem unnar eru af sérfræðingum stofnunarinnar fyrir opinbera aðila, einkum landlækni, Sjúkratryggingar Íslands, Úrskurðarnefnd almannatrygginga, Útlendingastofnun og lögreglu.
- Sérverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu, einkum í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús.
- Tekjum Tannlækningastofnunar er varið til að efla rannsóknir og kennslu við Tannlæknadeild.

## Kynningarstarfsemi

### Ráðstefnur og fundir

Tannlækningastofnun stóð fyrir tveimur fræðafundum um rannsóknir í tannlæknisfræði. Haustfundur TLS var haldinn 3. október í Læknagarði þar sem haldin voru 14 erindi. Vetrafundur stofnunarinnar var haldinn í Læknagarði 5. desember þar sem 12 erindi voru flutt og 2 veggspjöld kynnt. Fundir þessir eru opnir öllum, en markhópurinn eru tannlæknanemar, sérstaklega nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi, starfsfólk Tannlæknadeildar og útskrifaðir tannlæknar. Ágrip erinda og veggspjalda verða birt í Tannlæknablaðinu 1. tbl. 34. árg. 2016.

Tannlækningastofnun stóð fyrir fyrirlestraröð á vormisseri 2015 í samvinnu við Tannlæknadeild og Tannlæknafélag Íslands. Fyrirlestraröðin var ætluð tannlæknanemum og útskrifuðum tannlæknum.

Þar ræddu ýmsir heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sérfræðingar málefni sem tengjast tannlækningum beint eða óbeint og ætlað er að víkka sjónarhorn starfandi tannlækna og tannlæknanema. Fyrirlestrarnir voru haldnir í Læknagarði og hafði Sigurður Rúnar Sæmundson dósent umsjón með fyrirlestraröðinni.



# Hugvísindasvið

## Skipulag og stjórn

Á Hugvísindasviði eru fjórar deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekideild.

Forseti sviðsins var Ástráður Eysteinsson prófessor í almennri bókmenntafræði. Hann tilkynnti að hann ætlaði að láta af starfi forseta í lok ársins en hann hafði gegnt starfinu frá árinu 2008. Hann var endurráðinn 2013 til fimm ára og því gegndi hann starfinu út hálft seinna tímabilið. Starf sviðsforseta var því auglýst til umsóknar og var Guðmundur Hálfdanarson, Jóns Sigurðssonar prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, ráðinn. Hann tók við starfinu 1. janúar 2016.

- Deildarforseti Deildar erlendra tungumála var fyrri hluta árs Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor og varaforseti Geir Sigurðsson dósent. Frá 1. júlí var Geir Sigurðsson deildarforseti og Ingibjörg Ágústsdóttir lektor varadeildarforseti.
- Deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar fyrri hluta árs var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent og Pétur Pétursson prófessor varadeildarforseti. Frá 1. júlí var Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor deildarforseti og Hjalti Hugason prófessor varadeildarforseti.
- Deildarforseti Íslensku- og menningardeildar fyrri hluta árs var Guðni Elísson prófessor og Gauti Kristmannsson varadeildarforseti. Frá 1. júlí var Sveinn Yngvi Egilsson prófessor deildarforseti og Gunnþórunn Guðmundsdóttir varadeildarforseti.
- Deildarforseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Svavar Hrafn Svavarsson prófessor og varadeildarforseti Guðmundur Hálfdanarson prófessor. Guðmundur starfaði sem deildarforseti á haustmisseri þar eð Svavar Hrafn var í rannsóknarleyfi.

Stjórn Hugvísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn aðalfulltrúa og einn áheyrnarfulltrúa. Guðbjörg Þórisdóttir var aðalfulltrúi nemenda á vormisseri en Hildur Helga Sigurðardóttir á haustmisseri.

Á fræðasviðinu starfar heildstæður stjórnsýslu- og skrifstofukjarni fyrir allt sviðið. Þar eru m.a. starfandi verkefnastjórar einstakra deilda sem sinna erindum deildanna og tryggja tengsl þeirra við stjórnsýslu- og þjónustumiðstöð sviðsins, sem og miðlæga stjórnsýslu háskólans.

Á skrifstofunni eru tólf starfsmenn: sviðsforseti, rekstrarstjóri, rannsóknastjóri, kennslustjóri, kynningar- og vefstjóri, verkefnastjóri alþjóðamála og verkefnastjóri Hugvísindastofnunar, auk fjögurra annarra verkefnastjóra sem sinna málefnum deilda, framhaldsnáms, húsnæðismála, brautskráningar, móttöku- og samskiptamála, sem og annarri þjónustu við deildir, kennara og nemendur sviðsins.

## Markaðs- og kynningarmál

Á sviðinu var gefið út innanhússfréttabréf, Hugskeyti, sem var sent í tölvupósti til allra fastráðinna starfsmanna sviðsins og ýmissa tengiliða innan skólans. Í fréttabréfinu, sem kom út fjórum sinnum á árinu, var sagt frá helstu tíðindum af starfsmannamálum, viðburðum, viðurkenningum og öðru fréttnæmu í starfi sviðsins og fréttum af starfsmönnum.

Vefur sviðsins gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk þess sem greint er frá viðburðum og fréttir

birtar um það sem ber hæst hverju sinni. Á innri vef, Uglu, er að finna ýmsar upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar starfsmönnum, s.s. fundargerðir, sniðmát, eyðublöð o.fl.

Sviðið rekur vefritið Hugras.is þar sem birtar voru greinar og pistlar fræðimanna og nemenda í hugvísindum. Í október var vefritið opnað í endurbættri útgáfu í tilefni þess að fimm ár eru liðin frá því að vefurinn leit fyrst dagsins ljós. Útlit vefsins tók stakkaskiptum með meiri áherslu á myndræna framsetningu og fjölbreyttar leiðir til miðlunar. Auður Aðalsteinsdóttir var ráðin ritstjóri Hugrásar og Sóley Stefánsdóttir myndritstjóri.

Hugvísindasvið tók þátt í almennum kynningum á námi við Háskóla Íslands þar sem nemendur og kennarar lögðu gjörva hönd á plóg ásamt kynningarnefnd sviðsins. Hæst bar háskóladaginn 28. febrúar auk þess sem framhaldsskólar voru heimsóttir og tekið var á móti einstökum hópum.

## Rannsóknir

Starfsemi Hugvísindastofnunar hefur verið með hefðbundnu sviði. Stofnunin veitir akademískum starfsmönnum sínum þjónustu og stuðning við rannsóknaverkefni, ráðstefnuhald, útgáfu fræðirita og fleiri rannsóknatengda þætti. Fjallað er ítarlega um starfsemi stofnunarinnar í kaflanum um Hugvísindastofnun og undirstofnanir hennar.

Forseti sviðsins er jafnframt stjórnarformaður Hugvísindastofnunar og sú starfsemi sem lýtur sérstaklega að stjórnun og þjónustu rannsóknamála – þ.e. störf rannsóknastjóra og verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, auk ýmissa starfa sviðsforseta og rekstrarstjóra – eru þannig hluti af því heildstæða stjórnsýslustarfi sem sinnt er á skrifstofu sviðsins. Stjórn Hugvísindastofnunar er jafnframt vísindanefnd sviðsins. Hugvísindastofnun sinnir margvíslegri rannsóknaþjónustu á sviðinu og undir hana heyra sex fastar grunnstofnanir (Bókmennta- og listfræðastofnun, Guðfræðistofnun, Heimspekistofnun, Málvísindastofnun, Sagnfræðistofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum), sem og aðrar sjálfstæðar rannsóknastofnanir sem hafa heimilisfesti á Hugvísindasviði og eiga fulltrúa í stjórn Hugvísindastofnunar. Þrjár stofnanir hafa slíka aðild að Hugvísindastofnun, þ.e. Siðfræðistofnun, Edda – öndvegissetur og Rannsóknastofa í jafnréttisfræðum (RIKK, áður Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum). Þetta eru öflugar stofnanir sem standa fyrir þverfræðilegum rannsóknum og tengslum Hugvísindasviðs við önnur fræðasvið háskólans, sem og út fyrir skólann. Sjá nánar umfjöllun í köflum um stofnanirnar. Innan vébanda Hugvísindastofnunar og einstakra aðildarstofnana hennar starfa einnig sérhæfðar rannsóknastofur.

## Nefndir og ráð

Auk vísindanefndar, sem vikið er að hér að framan, starfa nokkrar fastanefndir á sviðinu: kennslunefnd, kynningarnefnd og jafnréttisnefnd.

## Stefna sviðsins

Hugvísindasvið vinnur eftir stefnu sem var samþykkt fyrir árin 2013–2018. Hana má lesa á heimasíðu sviðsins. Endurskoðuð jafnréttisáætlun Hugvísindasviðs var birt en henni var ætlað að árétta þá stefnu sem sett er fram í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og heimfæra á aðstæður á Hugvísindasviði.

Sagnfræði- og heimspekideild setti sér stefnu um eflingu siðferðilegrar dómgreindar og þjálfun í gagnrýninni hugsun, fyrst deilda Háskóla Íslands. Kveðið er á um það í stefnu háskólans fyrir árin 2011–2016 að öll fræðasvið og deildir skuli setja sér markmið og skilgreina leiðir til að flétta saman siðfræði og faglegt nám, efla siðferðilega dómgreind og þjálfa gagnrýna hugsun. Samkvæmt hinni nýju stefnu Sagnfræði- og heimspekideildar skal þess m.a. gætt að hæfniviðmið námskeiða í

grunnnámi taki mið af henni og að kennarar hafi samráð um hvaða námskeið séu best fallin til kennslu og þjálfunar einstakra þátta hennar.

## Starfsmannamál

Nánar er fjallað um starfsmannamál í köflum um einstakar deildir sviðsins og í kafla um ný og breytt störf.

## Heiðursdoktorar

Íslensku- og menningardeild veitti Carol J. Clover heiðursdoktorsnafnbót við hátíðlega athöfn í Hátíðasal skólans 2. október. Carol J. Clover er prófessor emerita við University of California í Berkeley. Hún hefur komið víða við í rannsóknum sínum og ritað um íslenskar miðaldabókmenntir, kynjafræði og kvikmyndir. Meðal helstu verka hennar í miðaldafræðum eru bækurnar Old Norse-Icelandic Literature: A Critical Guide (1985), sem hún ritstýrði ásamt John Lindow, og The Medieval Saga (1982). Síðarnefnda bókin er meðal áhrifamestu verka um íslenskar miðaldabókmenntir. Í nýjustu rannsóknum sínum hefur Carol J. Clover fengist við þátt laga og réttarfars í tilurð Íslendingasagna. Þekktasta verk hennar á sviði kvikmyndafræði er bókin Men, Women and Chain Saws: Gender in the Modern Horror Film (1992).

## Doktorsvarnir

- Katrín Axelsdóttir varði doktorsritgerð í íslenskri málfræði, Sögur af orðum: Sex athuganir á beygingarþróun í íslensku, við Íslensku- og menningardeild föstudaginn 16. janúar. Ritgerðin var lögð fram án undangengins doktorsnáms. Andmælendur voru Veturliði Óskarsson, prófessor í norrænum málum við Uppsalaháskóla, og Guðrún Þórhallsdóttir, dósent í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands. Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor og forseti Íslensku- og menningardeildar, stýrði athöfninni.
- Jón Ásgeir Kalmansson varði doktorsritgerð í heimspeki, Siðfræði athyglinnar: Rannsókn á þýðingu athygli og ímyndunarafls í siðferðilegu lífi, við Sagnfræði- og heimspekideild 13. febrúar. Andmælendur voru Sigrún Svavarsdóttir, dósent við Tuftsháskóla í Bandaríkjunum, og Sigurður Kristinsson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við Sagnfræði- og heimspekideild, var leiðbeinandi doktorsefnisins en í doktorsnefnd sátu auk hans Eyjólfur Kjalar Emilsson, prófessor við Oslóarháskóla, og Logi Gunnarsson, prófessor við Potsdamháskóla í Þýskalandi. Guðmundur Hálfdanarson, prófessor og forseti Sagnfræði- og heimspekideildar, stjórnaði athöfninni.
- Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir varði doktorsritgerð í heimspeki, Icelandic Landscapes: Beauty and the Aesthetic in Environmental Decision-Making, við Sagnfræði- og heimspekideild 20. febrúar. Andmælendur voru Arto Haapala, prófessor við Háskólann í Helsinki í Finnlandi, og Isis Brook við Writtle School of Design í Essex í Englandi. Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki við Sagnfræði- og heimspekideild, var leiðbeinandi Guðbjargar en í doktorsnefnd sátu auk hennar Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði, og Emily Brady, prófessor við Háskólann í Edinborg í Skotlandi.
- Jakob Guðmundur Rúnarsson varði doktorsritgerð í heimspeki, Einhyggja, þróun og framfarir: Heimspeki Ágústs H. Bjarnasonar, við Sagnfræði- og heimspekideild 20. apríl. Andmælendur voru Guðmundur Heiðar Frímannsson og Jörgen Pind. Gunnar Harðarson, prófessor í heimspeki við Sagnfræði- og heimspekideild, var leiðbeinandi doktorsefnisins en í doktorsnefnd sátu auk hans Guðmundur Hálfdanarson og Henry Alexander Henrysson.
- Róbert Jack varði doktorsritgerð sína í heimspeki við Sagnfræði- og heimspekideild, Becoming as Good as Possible: A Study of a Platonic Conception. Vörnin fór fram 24. apríl. Andmælendur voru Jakob Fink og Pauliina Remes. Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki við Sagnfræði- og

heimspekideild, var leiðbeinandi í doktorsverkefninu en í doktorsnefnd sátu auk hans Eyjólfur Kjalar Emilsson, prófessor við Háskólann í Osló, og Christoph Horn, prófessor við Háskólann í Bonn.

- Þröstur Helgason varði doktorsritgerð í almennri bókmenntafræði við Íslensku- og menningardeild 30. apríl. Ritgerðin nefnist Tímaritið Birtingur og íslenskur módernismi: Lítil tímarit, landfræði, menningarsaga. Andmælendur voru Birna Bjarnadóttir, dósent við Manitoba-háskóla, og Ólafur Rastrick, lektor við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Þrastar var Ástráður Eysteinsson, prófessor í almennri bókmenntafræði og forseti Hugvísindasviðs, en í doktorsnefnd voru auk hans Bergljót Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum, og Guðni Elísson, prófessor í almennri bókmenntafræði.
- Ásdís Sigmundsdóttir varði doktorsritgerð í almennri bókmenntafræði við Íslensku- og menningardeild 18. maí. Ritgerðin nefnist Building and Rebuilding the Palace of Pleasure: Translation and Rewriting in Early Modern England. Andmælendur voru Susan Bassnett, prófessor við University of Warwick, og Andrew Hadfield, prófessor við University of Sussex. Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði við Íslensku- og menningardeild, var leiðbeinandi doktorsefnisins en í doktorsnefnd sátu auk hans Gottskálk Jensson og Martin Regal.
- Andrew McGillivray varði doktorsritgerðina Preparing for the End: A Narrative Study of Vafþrúðnismál, við Íslensku- og menningardeild 23. nóvember. Andmælendur voru Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar, og Tim William Machan, prófessor við University of Notre Dame. Aðalleiðbeinandi Andrews var Ármann Jakobsson, prófessor í íslenskum bókmenntum, en í doktorsnefnd voru auk hans Gunnar Harðarson prófessor og Annette Lassen, dósent við Nordisk Forskningsinstitut við Kaupmannahafnarháskóla.
- Vilhelm Vilhelmsson varði doktorsritgerðina Sjálfstætt fólk? Vald og andóf á Íslandi á tímum vistarbands, við Sagnfræði- og heimspekideild 30. nóvember. Andmælendur voru Hrefna Róbertsdóttir, sérfræðingur við Þjóðskjalasafn Íslands, og Davíð Ólafsson, aðjunkt í menningarfræði við Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi Vilhelms var Guðmundur Hálfdanarson prófessor en í doktorsnefnd voru auk hans Sigurður Gylfi Magnússon prófessor og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði.

## Tungumálamiðstöð

Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, í samvinnu við Háskólann í Varsjá, efndu til námskeiða í pólsku á haustmisseri. Það var í fyrsta sinn sem pólskunám er í boði við Háskóla Íslands. Námið naut mikilla vinsælda og Anna Rabczuk, nýprófessor við Háskólann í Varsjá, kom hingað til lands til að kenna námskeiðin.

## Aðrir viðburðir

Hugvísindasvið og stofnanir þess standa fyrir fjölmörgum viðburðum í hverjum mánuði, ýmist í samstarfi við aðra eða á eigin vegum. Viðburðirnir eru af ýmsum toga, s.s. stakir fyrirlestrar, fyrirlestraraðir, málþing, menningarhátíðir, málstofur og innlendar sem alþjóðlegar ráðstefnur, auk hins árlega Hugvísindaþings. Hér að aftan er sagt frá stærstu viðburðum ársins.

## Hugvísindaþing

Um 150 fyrirlestar um réttlæti, spillingu, náttúruna, líkamann, máltöku, táknmál, íslenskukennslu, sauðaþjófa, listir og margt fleira voru í boði á Hugvísindaþingi 2015 dagana 13. og 14. mars í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Í tilefni af ári ljóssins á vegum Sameinuðu þjóðanna var þingið helgað ljósinu. Þingið var sett í Hátíðasal þar sem Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Höfn, flutti fyrirlesturinn Dýrðlegar sýnir: Nokkrar birtingarmyndir norðurljósanna í máli og myndum. Í tengslum við þingið fór að auki fram alþjóðleg ráðstefna um minni og gleymsku og

þar voru haldnir um tuttugu fyrirlestrar. Fresta þurfti dagskrá laugardagsins um tvo tíma vegna óveðurs en ágæt mæting var á þétta dagskrá síðdegis og þinginu lauk með laufléttu samkvæmi.

## Menningarhátíðir

Hin árlega Japanshátíð var haldin í níunda sinn 31. janúar en hún hefur öðlast fastan sess hjá mörgum enda er mjög vandað til hennar af hálfu nemenda og kennara í japönsku. Hátíðin er haldin í samstarfi við japanska sendiráðið. Efnt var til kínverskrar nýárshátíðar 21. febrúar með menningarveislu á Háskólatorgi. Hátíðin var skipulögð af Konfúsíusarstofnuninni Norðurljósum í samvinnu við Hugvísindasvið, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sendiráð Kína á Íslandi, Samtök Kínverja á Íslandi og Tehúsið. Hátíðirnar voru fjölsóttar að vanda og dagskrá þeirra beggja vegleg.

## Fyrsta skóflustungan að byggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra tungumála hjá UNESCO, og Kristín Ingólfsdóttir rektor tóku fyrstu skóflustungur að nýbyggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, á alþjóðadegi kvenna 8. mars. Byggingin mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu, næst gömlu Loftskeytastöðinni.

Framkvæmdir eru hafnar og á byggingin að verða tilbúin í október 2016. Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sagði við þetta tilefni að það væri stórkostlegt að finna, í kjölfar hrunsins, öflugan stuðning við stofnunina bæði erlendis og hérlendis frá einstaklingum, embættismönnum, fyrirtækjum, stofnunum, stjórnmálamönnum og yfirstjórn háskólans – allir hefðu verið tilbúnir til að leggja sitt af mörkum. Hún sagði: „Ofarlega í huga er rausnarskapur og vinarhugur Færeyinga í okkar garð, þar sem Lögþingið og fyrirtæki lögðust á árar. Miklu munaði einnig um framlag A.P. Möller sjóðsins, sem er það stærsta utan háskólans. Mér hefur oft verið hugsað til orða Thors Vilhjálmssonar í bók hans um Kjarval, þar sem segir að fólk sem geri ekkert í samtaki verði aldrei þjóð. Sá samhugur sem hefur ríkt um þetta verkefni er til marks um samstöðu Íslendinga um að láta metnaðarfullt verkefni verða að veruleika og láta muna um sig á alþjóðavísu.“ Byggingin nýtur einnig rausnarlegs stuðnings íslenskra stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og Happdrættis Háskóla Íslands. Miðstöðinni er ætlað að verða öflugt þekkingarsetur, sem mun í senn halda á lofti brautryðjandastörfum Vigdísar og verða lyftistöng fyrir menningu okkar og fræðastarf.

## Skipurit Hugvísindasviðs og stofnana þess




# Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

## Stjórn

Við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda eru kenndar 13 erlendar tungumálagreinar. Lögð er áhersla á að tungumálakunnátta nemenda og fræðileg innsýn í bókmenntir, málvísindi og menningu annarra þjóða veiti nemendunum þekkingu og færni til að takast á við störf t.d. við alþjóðasamskipti, menningartengd málefni, viðskipti, þýðingar, fjölmiðla, ferðaþjónustu, útgáfu, almannatengsl og stjórnsýslu.

Forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda var Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og varaforseti Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum.

## Ráð og nefndir

Deildinni er skipað í þrjár námsbrautir: námsbraut í ensku, námsbraut í rómönskum málum, grísku, latínu og japönsku og námsbraut í Norðurlandamálum, kínversku, rússnesku og þýsku. Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar til viðbótar, auk deildarfundar: deildarráð, framhaldsnámsnefnd og kennslunefnd.

## Námsgreinar

Við deildina voru eftirfarandi námsgreinar í boði: danska, enska, frönsk fræði, gríska, ítalska, japanskt mál og menning, kínversk fræði, Austur-Asíufræði, Ameríkufræði, latína, norska, Norðurlandafræði,

rússneska, spænska, sænska, þýska, þýska í ferðaþjónustu og miðlun og loks enska: bókmenntir, menning og miðlun.

### Starfsmannamál

Í starfsmannamálum deildarinnar bar þetta hæst:

- Gunnella Þorgeirsdóttir var ráðin í starf lektors í japönsku máli og menningu. Hún gegndi áður starfi aðjunkts og verkefnastjóra í sömu grein.
- Gísli Magnússon var ráðinn í starf lektors í dönskum bókmenntum.

## Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Markmið Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar er að bjóða upp á nám í guðfræði og trúarbragðafræðum sem stenst alþjóðlegan samanburð. Með því er stúdentum gert mögulegt að afla sér þekkingar sem sífellt skiptir meira máli á öllum sviðum samfélagsins. Deildin er helsta miðstöð guðfræði- og trúarbragðafræðirannsókna hérlendis.

### Stjórn

Forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar fyrri hluta árs var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent og Pétur Pétursson prófessor var varadeildarforseti. Þann 1. júlí varð Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor deildarforseti og Hjalti Hugason prófessor varadeildarforseti.

### Ráð og nefndir

Við deildina starfa eftirtaldar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: rannsóknanámsnefnd, stjórn Trúarbragðafræðistofu, stjórn Guðfræðistofnunar og ritnefnd Ritraðar Guðfræðistofnunar.

### Námsgreinar

Við deildina er boðið upp á eftirfarandi námsgreinar: trúarbragðafræði, djáknanám og guðfræði.

### Starfsfólk

Í starfsmannamálum deildarinnar bar þetta hæst:

- Rúnar Már Þorsteinsson fékk framgang í starf prófessors í nýjatestamentisfræðum. Hann var áður lektor í sömu grein.

## Íslensku- og menningardeild

Deildin hvílir á tveimur meginstoðum, annars vegar íslensku og tengdum greinum og hins vegar menningargreinum. Í deildinni eru nú kenndar á annan tug námsgreina, sumar bæði á grunn- og framhaldsstigi, aðrar eingöngu í grunnnámi og enn aðrar eingöngu í framhaldsnámi.

## Stjórn

Forseti Íslensku- og menningardeildar fyrri hluta árs var Guðni Elísson prófessor og varadeildarforseti var Gauti Kristmannsson prófessor. Þann 1. júlí varð Sveinn Yngvi Egilsson prófessor deildarforseti og Gunnþórunn Guðmundsdóttir varadeildarforseti.

## Ráð og nefndir

Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar: deildarfundur, deildarráð og framhaldsnámsnefnd.

## Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar í boði: almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, íslenska, íslenska sem annað mál, kvikmyndafræði, listfræði, ritlist, táknmálsfræði, þýðingafræði, nytjaþýðingar, hagnýt ritstjórn og útgáfa, menningarfræði, máltækni, íslensk miðaldafræði og norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum.

## Starfsmannamál

Í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Alda Björk Valdimarsdóttir var ráðin í starf lektors í almennri bókmenntafræði. Hún var áður aðjunkt í sömu grein.
- Benedikt Hjartarson fékk framgang í starf prófessors í almennri bókmennta- og menningarfræði. Hann var áður lektor í sömu grein.
- Jóhannes Gísli Jónsson fékk framgang í starf prófessors í íslenskri málfræði. Hann var áður lektor í sömu grein.
- Sigurður Pálsson, rithöfundur og þýðandi, var fyrstur ráðinn í starf Jónasar Hallgrímssonar. Starfið er ætlað rithöfundum sem taka að sér að vinna með nemum í ritlist eitt eða tvö misseri í senn. Tilgangurinn með stöðunni er að efla ritlistarnám við Háskóla Íslands, tengja það enn frekar við rithöfundasamfélagið og heiðra jafnframt minningu Jónasar Hallgrímssonar.

## Brautskráðir stúdentar frá Íslensku- og menningardeild 2015

# Sagnfræði- og heimspekideild

Í Sagnfræði- og heimspekideild er skapandi samstarf á milli nemenda og kennara, bæði í kennslu og rannsóknum. Í kennslunni, sem meðal annars fer fram í formi málstofa, er lögð áhersla á að virkja nemendur til rökræðu um viðfangsefnin. Í öflugu rannsóknanámi deildarinnar starfa nemendur og kennarar náið saman í því augnamiði að nemendur verði sem hæfastir á sínu sviði.

## Stjórn

Forseti Sagnfræði- og heimspekideildar á árinu var Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki, og varadeildarforseti Guðmundur Hálfdanarson, prófessor í sagnfræði. Guðmundur var starfandi forseti frá 1. júlí vegna rannsóknarleyfis Svavars Hrafns.

## Námsbrautir

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar í boði: sagnfræði, heimspeki, fornleifafræði, klassísk fræði, hagnýt menningarmiðlun og hagnýt siðfræði.

## Ráð og nefndir

Við deildina starfa tvær fastar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: framhaldsnámsnefnd og deildarráð.

## Starfsfólk

Í starfsmannamálum deildarinnar bar þetta hæst:

- Sigurður Gylfi Magnússon fékk framgang í starf prófessors í menningarsögu við Sagnfræði- og heimspekideild en starfið er skipulagt í samstarfi við Þjóðminjasafnið. Sigurður gegndi áður starfi dósents í sömu grein.
- Erla Hulda Halldórsdóttir var ráðin í starf sérfræðings í kvenna- og kynjasögu.

# Guðfræðistofnun

## Stjórn

Stjórn sem var kjörin á ársfundi stofnunarinnar 28. apríl 2014 gegndi áfram starfi á árinu. Stjórnina skipa: Rúnar M. Þorsteinsson prófessor, sem er formaður, Hjalti Hugason prófessor, meðstjórnandi og varaformaður, og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, sem er fulltrúi doktorsnema (skipuð 22. apríl 2015). Varamaður er Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor.

## Ritröð Guðfræðistofnunar

Ritstjórn Ritraðarinnar skipa núna: Rúnar M. Þorsteinsson (ritstjóri), Sólveig Anna Bóasdóttir og Gunnlaugur A. Jónsson.

Tvö hefti Ritraðarinnar, nr. 40 og 41, komu út á árinu en sú nýbreytni var tekin upp árið 2014 að útgáfa ritsins var færð á netið og kemur það nú einungis út sem veftímarit þar sem aðgangur er opinn öllum. Hlekkurinn er: ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar.

## Málstofur og málþing

Níu málstofur voru haldnar á vegum Guðfræðistofnunar á árinu þar sem fyrirlesarar voru bæði innlendir og erlendir fræðimenn:

- 19. janúar. Skúli S. Ólafsson, prestur í íslensku þjóðkirkjunni og doktor í guðfræði frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: Altarisganga og kirkjuagi á lærdómsöld.
- 9. febrúar. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og doktor í guðfræði frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: Úr djúpinu – Sálgæsla og líknarþjónusta.
- 2. mars. Ninna Edgardh, prestur í sænsku kirkjunni og prófessor í kirkjufræðum við Háskólann í Uppsölum: Serenity Prayer Services: A Swedish 21st Century Phenomenon in Ecclesiological Perspective.

- 23. mars. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og stundakennari við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: Frjálslyndi og rétttrúnaður.
- 13. apríl. Gunnar Kristjánsson, sóknarprestur í íslensku þjóðkirkjunni og doktor í guðfræði frá Ruhr-háskóla í Bochum í Þýskalandi: Bonhoeffer – Trúartúlkun í myndugum heimi.
- 7. september. Michaela Fritzges, sérfræðingur í búddisma, geðlæknir og ráðgjafi í Kiel: Death and Rebirth from a Practical Point of View.
- 21. september. Gunnþór Ingason, prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar við íslensku þjóðkirkjuna og MA í guðfræði frá Háskólanum í Wales í Lampeter: Stef í keltneskri kristni.
- 5. október. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor í guðfræði og ritskýringu við Háskóla Íslands: Við Babýlónsfljót þá og nú – Sálmur 137: Sálmur Saltarans í sögu og samtíð.
- 9. nóvember. Gordon Lathrop, prófessor emeritus í lítúrgíu og prestur við The Evangelical Lutheran Church in America: The Gospels and Liturgical Reform.

Málþing Guðfræðistofnunar var haldið 4. nóvember og bar yfirskriftina: Hvað er í deiglunni? Rannsóknir í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Fyrirlesarar, fastráðnir kennarar við deildina, voru sjö talsins og gerðu þeir grein fyrir rannsóknum sínum.

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindaþingi sem haldið var 13. og 14. mars. Að venju tóku félagsmenn stofnunarinnar virkan þátt í þinginu.

## Rannsóknir

**Rannsóknaverkefnið 2017.is**
Þverfræðilega rannsóknaverkefnið Siðaskipti í sögu og samtíð – Þverfaglegt rannsóknarverkefni um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu í 500 ár (2017.is) hélt áfram starfi sínu en til þess var stofnað á haustmisseri 2011. Stýrihópur: Arnfríður Guðmundsdóttir (formaður), Hjalti Hugason (framkvæmdastjóri), Auður Styrkársdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson.

Í undirbúningi er útgáfa greinasafns og hafa rúmlega tuttugu höfundar sent inn hugmyndir að greinum. Fyrirhugað er að greinasafnið komi út 2017. Á árinu var mikil vinna unnin við að koma ritgerðasafninu af stað, mynda ritstjórn, safna höfundum (um 25) og setja ýmiss konar ramma og reglur um verkið. Áætlaður útgáfudagur er 31. október 2017.

Ritstjórn greinasafns: Loftur Guttormsson (ritstjóri), Hjalti Hugason og Margrét Eggertsdóttir.

2017.is var á árinu boðin aðild að Refo500, sem er alþjóðlegur vettvangur fyrir þekkingu, sérhæfingu, hugmyndir og viðburði sem tengjast siðbótinni og 500 ára afmæli hennar (http://www.refo500.nl/en/pages/212/what-is-refo500.html ). Í maí á þessu ári mun 2017.is standa fyrir málstofu á ráðstefnu í Kaupmannahöfn á vegum RefoRC (sem er akademísk deild Refo500) og annarri málstofu á ráðstefnu í Wittenberg sumarið 2017, einnig á vegum RefoRC.

Á vegum rannsóknaverkefnisins var haldin ein málstofa á árinu 2015, með yfirskriftinni Siðbót og sálarangist, og tvö málþing, annað undir yfirskriftinni Erum við lúthersk? og hitt undir yfirskriftinni Hvenær urðum við lúthersk?

## Alþjóðlegt samstarf

Félagsmenn Guðfræðistofnunar eru virkir þátttakendur í mörgum norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

## Trúarbragðafræðistofa

Stjórn Trúarbragðafræðistofu skipuðu: Pétur Pétursson (formaður), Terry Gunnell og Sigríður Þorgeirsdóttir. Starfsmaður Trúarbragðafræðistofu (ólaunaður) var Bjarni Randver Sigurvinsson.

Nokkrar málstofur og málþing voru haldin á vegum Trúarbragðafræðistofu á tímabilinu, í sumum tilfellum í samvinnu við ýmsa aðra aðila á sviði trúarbragðafræða.

Málþingið Trú og vísindi – hönd í hönd var haldið í safnaðarheimili Neskirkju 19. febrúar 2015 í samvinnu við Samráðsvettvang trúfélaga. Fundarstjóri var Ævar Kjartansson guðfræðingur og útvarpsmaður hjá RÚV. Frummælendur voru þrír: Ingo Hofmann, prófessor emeritus í eðlisfræði við Háskólann í Frankfurt í Þýskalandi, Eyrún Ósk Jónsdóttir, rithöfundur og leikstjóri, og Svanur Sigurbjörnsson, læknir og athafnastjóri Siðmenntar.

Gerhard Schreiber, dósent við Goethe-háskóla í Frankfurt, hélt fyrirlesturinn Magnús Eiríksson (1806–1881) – From a “Scriptural Theologian” to “The Very First Icelandic Unitarian” í Aðalbyggingu háskólans 26. mars 2015.

Trúarbragðafræðistofa tekur einnig þátt í samnorrænu rannsóknaverkefni, NOREL, um stöðu trúmála á Norðurlöndunum en stefnt er að útgáfu fræðibókar á ensku með niðurstöðum þeirra rannsókna á árinu 2016. Þá hefur Trúarbragðafræðistofa sömuleiðis tekið virkan þátt í starfi Samráðsvettvangs trúfélaga en þar eru haldnir sex fundnir að jafnaði á hverju ári með forystumönnum helstu skráðra trúfélaga landsins eða fulltrúum þeirra. Fulltrúi Trúarbragðafræðistofu, Bjarni Randver Sigurvinsson, hefur jafnframt haldið marga fundi með fulltrúum ýmissa trúfélaga og hreyfinga af sérstaklega austrænum toga og íslömskum.

# Heimspekistofnun

## Stjórn

Stjórnarformaður Heimspekistofnunar árið 2015 var Björn Þorsteinsson lektor en aðrir í stjórn voru Gunnar Harðarson prófessor og Emma Björg Eyjólfsdóttir, fulltrúi doktorsnema. Varamaður var Erlendur Jónsson prófessor. Stjórnin var endurkjörin á ársfundi stofnunarinnar sem haldinn var 29. maí.

## Húsnæði

Stofnunin hefur aðsetur í Gimli þar sem hún hefur til afnota herbergi á þriðju hæð.

## Starfsmenn

Hrafn Ásgeirsson nýdoktor hefur aðstöðu í húsnæði Heimspekistofnunar. Auk hans starfar Eyja Margrét Brynjarsdóttir sem sérfræðingur við stofnunina.

## Kostuð rannsóknaverkefni

Heimspekistofnun vann rannsóknaverkefnið „Heimspekileg samræða í menntun“ í leik- og grunnskólum Garðabæjar skv. samningi við bæjarstjórn Garðabæjar. Henry Alexander Henrysson aðjunkt stýrði verkefninu af hálfu Heimspekistofnunar en Elsa Haraldsdóttir, doktorsnemi í

heimspeki, var starfsmaður verkefnisins. Verkefninu lauk í september 2015 er bæjarstjóranum í Garðabæ var afhent lokaskýrsla.

## Útgáfustarfsemi

Árið 2015 kom út ein bók í ritröð stofnunarinnar: Rabbað um veðrið og fleiri heimspekileg hugtök eftir Vilhjálm Árnason. Auk þess stóð stofnunin að útgáfu bókarinnar Hugsað með Vilhjálmi ásamt Siðfræðistofnun.

## Rannsóknasmiðja Heimspekistofnunar

Heimspekistofnun stóð fyrir rannsóknasmiðju þar sem væntanlegu áhugafólki um rannsóknaverkefni og styrkumsóknir var gefinn kostur á að fræðast um það sem í boði er hvað þetta snertir og leggja á ráðin um samstarf. Fundir í rannsóknasmiðjunni fóru fram 10. mars, 17. mars og 27. maí.

## Fyrirlestrar og málþing

- 15. janúar. Finnur Dellsén, University of North Carolina at Chapel Hill: Tvö viðhorf til vísindalegrar þekkingar – eða eitt?
- 17. febrúar. Philippe Urfalino, École des Hautes Études en Sciences Sociales í París: The Conditions for Majoritarian Obligation.
- 9. apríl. Elvio Baccarini, háskólanum í Rijeka í Króatíu: Public Reason and Religious Beliefs.
- 13. maí. Andrei Marmor, University of Southern California: Um handahófskennt endurskoðunarvald dómstóla (í samvinnu við Lagastofnun).
- 15. maí. Cressida Gaukroger, University College London: Empathy as Morality.
- 14.–16. maí. Alþjóðlega ráðstefnan The Comparative and Continental Philosophy Circle (ásamt Konfúsíusarstofnuninni Norðurljósum).
- 18. maí. Megan Mitchell, Stonehill College, Bandaríkjunum: Introducing Non-Western Philosophy – Do we have a responsibility to teach non-western philosophy?
- 26. maí. Mark Wells, The College of Wooster, Bandaríkjunum: The Easy Defense of the Feathered Apes (and the Hard Problems It Raises).
- 4. júní. Samverustund á sjötugsafmælisdegi Páls Skúlasonar (í samvinnu við Siðfræðistofnun).
- 29. júní. Wesley Buckwalter, University of Waterloo í Kanada: Inability and Obligation in Moral Judgment.
- 30. júní. Edward Witherspoon, Colgate University, Bandaríkjunum: Brains Do Not Think.
- 27. ágúst. David Boonin, University of Colorado: The Experience Machine – Debunking the Debunking Arguments.
- 2. september. Stephen Law, Heythrop College, University of London: The X-claim argument against religious belief.
- 4. september. Alþjóðlegt málþing um kínverska heimspeki (í samvinnu við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós).
- 16. september. Dmitri Nikulin, The New School for Social Research, New York: Collective Memory and Collective Recollection.
- 17. nóvember. Willow Verkerk, Háskólanum í Leuven í Belgíu: Nietzsche on Friendship and Self-Overcoming.
- 19. nóvember. Willem Styfhals, Kaþólska háskólanum í Leuven í Belgíu: The Dialectics of Religious Nihilism.
- 19. nóvember. Útgáfufagnaður í Hannesarholti vegna útgáfu ritsins Merking og tilgangur eftir Pál Skúlason.

- 10. desember. Útgáfufagnaður í Bóksölu stúdenta vegna útgáfu ritanna Rabbað um veðrið – og fleiri heimspekileg hugtök eftir Vilhjálm Árnason og Hugsað með Vilhjálmi, ritgerðir til heiðurs Vilhjámi Árnasyni sextugum (í samvinnu við Siðfræðistofnun).

# Málvísindastofnun

## Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Stjórn Málvísindastofnunar var kjörin til þriggja ára á aðalfundi 2014. Fulltrúar kennara eru Eiríkur Rögnvaldsson, stjórnarformaður, og Rannveig Sverrisdóttir en Sigríður Þorvaldsdóttir er varamaður. Bjarki M. Karlsson er fulltrúi framhaldsnema. Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, Margrétar Guðmundsdóttur. Stofnunin hafði aðstöðu á 3. hæð Árnagarðs. Fram á haust hafði stofnunin einnig aðstöðu í vinnuherbergi á 3. hæð Nýja-Garðs en þar hefur verið unnið við úrvinnslu framburðargagna. Þeim gögnum hefur nú verið komið fyrir í læstum skápum í opnu rými við enda gangs á 4. hæð í Árnagarði. Stofnunin hefur líka aðgang að geymslu í kjallara Árnagarðs og þar er bókalager hennar geymdur, fyrir utan þær útgáfubækur sem Háskólaútgáfan sér um dreifingu á. Ýmsir rannsóknamenn og gestir höfðu tímabundna vinnuaðstöðu í Árnagarði og Nýja-Garði. Félagar í Málvísindastofnun á starfsárinu voru 29, þar af níu doktorsnemar. Þá eru ótaldir rannsóknamenn í tímabundnum verkefnum og erlendir gistifræðimenn.

## Rannsóknir

**Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Málvísindastofnun**

Félagar í Málvísindastofnun stýra fjölmörgum rannsókna- og þróunarverkefnum eða taka þátt í þeim, ýmist íslenskum eða fjölþjóðlegum. Á árinu 2015 bættust m.a. þessi verkefni í þann hóp:

- Gríðarstór stafrænn gagnagrunnur. Styrkur frá Inniviðasjóði (Rannís). Verkefnisstjóri: Eiríkur Rögnvaldsson.
- Vélræn þáttun fornislensku: Samanburður aðferða. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Eiríkur Rögnvaldsson.
- L2 Learner Identity from a CA-SLA perspective. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Guðrún Theodórsdóttir.
- Íslenska heima og heiman. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Höskuldur Þráinsson.
- Þyngd liða og færslur í íslensku. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Jóhannes Gísli Jónsson.
- Dulin viðhorf til íslenskra málbrigða, mat á málnotkun. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Kristján Árnason.
- Tæmandi gotneskt-íslenskt orðasafn sem vísar í bækur Nýja testamentis. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Magnús Snædal.
- Syntactic Change in Icelandic: Documentation in Corpora. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Þórhallur Eyþórsson.

Þá var haldið áfram vinnu við eldri verkefni sem hafa notið ýmissa rannsóknarstyrkja, einkum frá Rannsóknasjóði Íslands (gegnum Rannís) og Rannsóknasjóði háskólans. Þetta eru t.d. verkefnin:

- Colour in Context – Comparing Icelandic and Icelandic Sign Language (Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, verkefnisstjóri: Matthew Whelpton).

- Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd (Rannís, verkefnisstjórar: Höskuldur Þráinsson og Birna Arnbjörnsdóttir (Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur), Kristján Árnason, Matthew J. Whelpton o.fl.).
- Samlíðan – Tungumál, bókmenntir, samfélag (Rannís, verkefnisstjóri: Bergljót S. Kristjánsdóttir (Bókmennta- og listfræðastofnun), Jóhannes Gísli Jónsson, Þórhallur Eyþórsson o.fl.).
- Stökkbreytingar í íslenskri setningagerð (Rannís, Þórhallur Eyþórsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Kristján Árnason o.fl.).
- Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld – Tilurð opinbers málstaðals (Rannís, Ásta Svavarsdóttir (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum), Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Þórhallsdóttir, Haraldur Bernharðsson o.fl.).
- Rannsókn á málfræði táknmála í Evrópu“ (COST-verkefni, Rannveig Sverrisdóttir og Jóhannes Gísli Jónsson).
- EVALISA: The Evolution of Case, Alignment and Argument Structure in Indo-European (ERC-styrkur, verkefnisstjóri: Jóhanna Barðdal, Gent; íslenskur þátttakandi: Þórhallur Eyþórsson).

Þá eru ótaldar allar þær rannsóknir sem félagar í stofnuninni vinna að í rannsóknatíma sínum án þess að hljóta til þess sérstaka styrki.

## Styrkir sem stofnunin veitti

Framhaldsnemar, bæði meistara- og doktorsnemar, geta sótt um styrki frá Málvísindastofnun til að sækja fræðileg námskeið, enda nýtist þau beint í námi þeirra. Þeir eiga líka kost á því að sækja um ferðastyrki vegna fyrirlestrahalds á ráðstefnum en doktorsnemar geta einnig sótt um ferðastyrki til Hugvísindastofnunar og Háskóla Íslands. Þá geta doktorsnemar sótt um styrki til þess að dveljast við fræðastofnanir. Á árinu veitti stofnunin einum framhaldsnema styrk til þess að sækja námskeið.

Stofnunin hefur einnig veitt félögum mótframlög til að greiða launatengd gjöld vegna styrkja frá Vinnumálastofnun. Á árinu fengu þrír félagar slíka styrki.

## Heimsóknir fræðimanna

Eitt af hlutverkum Málvísindastofnunar er að taka á móti málfræðingum sem vilja dveljast við Háskóla Íslands í tiltekinn tíma til að sinna rannsóknum sínum. Þetta gerir stofnunin oft í samvinnu við Hugvísindastofnun. Þessir gestir fá yfirleitt vinnuaðstöðu í herbergi stofnunarinnar á 3. hæð Árnagarðs. Anton Karl Ingason, doktorsnemi við University of Pennsylvania, fékk aðstöðu þar allt árið en hann sinnti einnig stundakennslu í námsbraut í íslensku og vann við verkefni sem styrkt var af Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur.

## Kynningarstarfsemi og útgáfa

### Ráðstefnur og málþing

Stofnunin átti aðild að eftirtöldum ráðstefnum, málþingum og vinnustofum á árinu:

- 29. Rask-ráðstefnan í samvinnu við Íslenska málfræðifélagið, haldin í Reykjavík 31. janúar 2015.
- Brain and Language, CNIC-vinnustofa á vegum National Science Foundation í Bandaríkjunum, haldin í Reykjavík 12.–14. maí 2015. Skipuleggjendur: Matthew Whelpton og Alan Beretta.
- FWAV 2 (Formal Ways of Analyzing Variation), vinnustofa í tengslum við DiGS 17, haldin í Reykjavík 28. maí 2015. Skipuleggjendur: Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Eiríkur Rögnvaldsson.
- DiGS 17 (Diachronic Generative Syntax Conference), haldin í Reykjavík 29.–31. maí 2015. Skipuleggjendur: Höskuldur Þráinsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Margrét Guðmundsdóttir, Matthew Whelpton, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eyþórsson.

- Málþing um málfar og handrit í Skagafirði og víðar, haldið í Kakalaskála í Skagafirði 29. ágúst 2015, í samvinnu við Kakalaskála, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, félagið Á Sturlungaslóð og Héraðsbókasafn Skagfirðinga. Skipuleggjendur: Eiríkur Rögnvaldsson og Guðrún Ingólfsdóttir.

Þá hafði stofnunin samvinnu við Íslenska málfræðifélagið um hið svokallaða Málvísindakaffi á föstudögum en Málfræðifélagið sá um skipulagninguna eins og undanfarin ár.

**Útgáfa**
Stofnunin átti aðild að útgáfu þriggja nýrra bóka á árinu:

- Tilbrigði í íslenskri setningagerð II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit. Ritstjórar: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson.
- Skrifaðu bæði skýrt og rétt, handbók og kennslubók um fræðileg skrif, ritrýni og ritstjórn eftir Höskuld Þráinsson. Gefin út í samvinnu við Háskólaútgáfuna.
- An Intimacy of Words/Innileiki orðanna. Essays in Honour of Pétur Knútsson/Afmælisrit til heiðurs Pétri Knútssyni. Gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni með liðsinni Málvísindastofnunar.

**Rannsóknastofur tengdar Málvísindastofnun**
Tvær rannsóknastofur starfa innan vébanda Málvísindastofnunar en í samvinnu við aðrar stofnanir samkvæmt sérstökum reglum. Þetta eru Máltæknisetur og Rannsóknastofa í táknmálsfræðum.

# Máltæknisetur

Máltæknisetur er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um rannsóknir, þróunarstarf og kennslu á sviði máltækni. Setrið er jafnframt stofa innan Málvísindastofnunar. Í stjórn þess sitja Eiríkur Rögnvaldsson (formaður), Hrafn Loftsson og Sigrún Helgadóttir.

Máltæknisetur stóð fyrir umsókn í Innviðasjóð um gerð gríðarstórs stafræns textagrunns fyrir íslensku. Til verkefnisins fékkst styrkur að upphæð tæpar fimm milljónir króna. Það verður unnið hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en verkefnisstjóri er Eiríkur Rögnvaldsson. Vinna við verkefnið hófst á árinu en verður aðallega unnið árið 2016.

Eiríkur Rögnvaldsson sótti um styrk úr nýstofnuðum Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur til að þróa námsefni og hugbúnað fyrir kennslu í íslenskri máltækni. Styrkur að upphæð fjórar milljónir króna fékkst til verksins. Anton Karl Ingason doktorsnemi vinnur verkið og hóf störf við það á árinu.

Auk þess var unnið áfram að tveimur verkefnum undir hatti setursins. Annars vegar er um að ræða yfirferð á talmálsgögnum sem safnað var við gerð íslensks talgreinis á árunum 2011–2012 (Málrómur). Til þessa verkefnis fékkst styrkur frá Vinnumálastofnun en Málvísindastofnun lagði til mótframlag (launatengd gjöld). Hins vegar var unnið við svonefndan Gullstaðal sem nýttur verður við áframhaldandi þróun markara fyrir íslensku. Stúdentar í íslensku unnu að báðum þessum verkefnum.



## Rannsóknastofa í táknmálsfræðum

### Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem stunda rannsóknir á táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnana eiga nokkrir utanaðkomandi aðilar aðild að rannsóknastofunni. Starfsmenn Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofunnar er skipuð til eins árs í senn og á ársfundi 2015 voru Júlía G. Hreinsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir endurkjörnar til ársins 2016.

### Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir

Félagar í rannsóknastofunni hafa undanfarið ár komið að nokkrum rannsóknaverkefnum, bæði innlendum sem fjölþjóðlegum. Á árinu 2015 lauk fjögurra ára verkefni styrktu af COST sem bar heitið Að varpa ljósi á málfræði evrópskra táknmála – Leiðir að fullri þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu og varðveisla á málarfleifð þeirra. Markmiðið með verkefninu var að skrifa leiðarvísi að mállýsingum evrópskra táknmála. Þá unnu nokkrir aðilar að rannsóknum á tengisögn í íslensku táknmáli og kynntu á ráðstefnum bæði hérlendis og erlendis. Á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra var haldið áfram vinnu við þróun matstækja og fól það m.a. í sér gagnasöfnun, greiningu og endurmat sem og þjálfun starfsmanna í umritun í ELAN.

### Kynningarstarfsemi og útgáfa

Nokkrar greinar eftir meðlimi rannsóknastofunnar komu út á þessu ári. Greinin Að tengja saman epli og appelsínur. Aðaltengingar í íslenska táknmálinu eftir Elísu G. Brynjólfsdóttur og Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur birtist í 36. árgangi tímaritsins Íslenskt mál og almenn málfræði, bókarkaflinn Icelandic Sign Language eftir Kristínu Lenu og Valgerði Stefánsdóttir birtist í Sign Languages of the World – A Comparative Handbook og greinin Variation in wh-questions in Icelandic Sign Language eftir Jóhannes G. Jónsson, Elísu G. Brynjólfsdóttur og Rannveigu Sverrisdóttur birtist í ráðstefnuritinu Language Variation – European Perspectives V.

# Rannsóknastofa í jafnréttisfræðum – RIKK

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (RIKK) er sjálfstæð og þverfagleg stofnun sem heyrir undir Hugvísindasvið. Rannsóknastofnunin miðlar þekkingu á sviði kynja- og jafnréttisfræða m.a. með því að sinna rannsóknum, styðja við bakið á rannsakendum og skipuleggja ráðstefnur og fundi. Stofnunin tekur þátt í evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. Þá birtir hún niðurstöður rannsókna á fræðasviðinu með bókaútgáfu og hefur frá upphafi staðið fyrir reglulegum fyrirlestrum og rabbfundum þar sem fræðimenn kynna rannsóknir sínar. Rannsóknastofnunin er rekin samhliða og í nánu samstarfi við Eddu – öndvegissetur og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST).

### Stjórn og starfslið

Í stjórn Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum sitja: Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, formaður, Jón Ólafsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild og Deild

erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, varaformaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, Gunnar Stefánsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild, og Halla Gunnarsdóttir, kennari og sérfræðingur í alþjóðasamskiptum.

Forstöðumaður Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum er Irma Erlingsdóttir, dósent við Hugvísindasvið, en hún hefur gegnt forstöðumannsstarfinu frá árinu 2000. Auk hennar starfar Kristín I. Pálsdóttir sem verkefnisstjóri stofnunarinnar.

## Kynningarstarfsemi

Á vormisseri 2015 stóð Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum fyrir metnaðarfullri fyrirlestradagskrá í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna undir heitinu Margar myndir ömmu. Voru fyrirlestrarnir haldnir í hádegi á föstudögum í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins til að byrja með en þar sem sjaldan eða aldrei hafa fyrirlestrar innan háskólans hlotið aðra eins aðsókn þurfti að færa fyrirlestrana í stærstu sali á háskólasvæðinu. Fyrirlestrarnir voru að jafnaði vikulega frá janúar til maí og urðu alls 14.

Á haustmisseri 2015 voru fyrirlestrar áfram í Þjóðminjasafni en voru fluttir til hádegis á fimmtudögum. Var sjónum beint að áhrifum samtímaþróunar í alþjóðamálum á réttindastöðu kynjanna og verður það áfram þema fyrirlestraraðar á vormisseri 2016.

Nokkrir af fyrirlestrunum í „ömmuröðinni“ voru svo fluttir úti á landi á haustmisseri í röðinni Ömmur á faraldsfæti.

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum stóð að þremur málþingum á árinu 2015:

- Föstudaginn 20. nóvember var málþingið Konur á ráðherrastóli haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands um reynslu íslenskra kvenna sem gegnt hafa embætti ráðherra, í sögulegu og alþjóðlegu samhengi. Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum skipulagði málþingið í samstarfi við Jafnréttisstofu og Háskólann á Akureyri. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, flutti ávarp, aðrir fyrrverandi kvenráðherrar fjölluðu um ráðherratíð sína og fræðimenn nálguðust efnið frá kynjapólitískum sjónarhóli.
- 16. maí stóð Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum fyrir málþingi við opnun sýningarinnar Vér heilsum glaðar framtíðinni í Landsbókasafni Íslands – háskólabókasafni (Þjóðarbókhlöðu). Sýningin og málþingið voru haldin í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.
- Laugardaginn 18. apríl var efnt til málþingsins Að stika sér spönn á kvennaslóðum í tengslum við sýninguna MENN í Hafnarborg. Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum skipulagði málþingið en þar komu fræðimenn og samfélagsrýnar saman til að ræða efni sýningarinnar frá sjónarhóli karla- og jafnréttisfræða.

Stofnunin sá einnig um framkvæmd tveggja alþjóðlegra ráðstefna á árinu. Hún hafði yfirumsjón með skipulagningu hátíðarráðstefnu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna í Hörpu dagana 22. og 23. október. Fyrri daginn var sjónum beint að baráttunni fyrir almennum kosningarétti og þróun borgaralegra réttinda kvenna á þeim hundrað árum sem liðin eru frá því að konur hlutu kjörgengi og kosningarétt á Norðurlöndum. Síðari daginn var leitast við að svara þeirri spurningu hvaða ógnir steðji að borgaralegum réttindum kvenna í dag. Ráðstefnan var bæði almenns og fræðilegs eðlis og sóttu hana á milli 500 og 600 manns.

Stofnunin skipulagði einnig ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð í samstarfi við Rótina, félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, 1. og 2. september, á Grand hóteli í Reykjavík. Á ráðstefnunni voru fyrirlesarar frá Bandaríkjunum, Svíþjóð, Grænlandi og Íslandi en tilgangur ráðstefnunnar var að auka skilning og þekkingu á kynjafræðilegu sjónarhorni á fíkn, áföll og meðferð

og nauðsyn kynjamiðaðrar meðferðar. Aðalfyrirlesari var Stephanie Covington, sálfræðingur og frumkvöðull í rannsóknum og vinnu með sérstakan vanda kvenna að því er varðar fíkn. Einnig var boðið upp á vinnustofur fyrir fagfólk sem vinnur með fólki með fíknivanda. Á ráðstefnuna komu 240 gestir.

## Rannsóknir

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum hlaut styrk úr Jafnréttissjóði hinn 24. október til rannsóknaverkefnisins Ráðstafanir gegn heimilisofbeldi á höfuðborgarsvæðinu. Árangur, samhæfing og sjónarhorn gerenda. Verkefnisstjóri er Kristín Ingibjörg Pálsdóttir, verkefnisstjóri hjá Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum. Rannsóknin er samvinnuverkefni stofnunarinnar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Viðtöl verða tekin við gerendur heimilisofbeldis, sem og lykilstarfsfólk og svokallaða haghafa og rýnt í samfélagslega umræðu, tölfræði og rannsóknir. Nýnæmi rannsóknarinnar felst í því að kastljósi er beint að reynslu og upplifun gerenda en slík rannsókn hefur ekki verið gerð áður í íslensku samhengi. Þá eru þolendur skoðaðir út frá samfélagsbreytum á borð við kyn, kynhneigð, þjóðerni, aldur o.s.frv. en mikil þörf er talin á að greina betur hópa þolenda.

Áfangamati á verkefninu Saman gegn ofbeldi, sem er samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar, var skilað í október. Borgarráð samþykkti 13. nóvember 2014 að Reykjavíkurborg beitti sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, skrifuðu þá undir samstarfsyfirlýsingu þess efnis. Lokaúttekt fer fram þegar verkefninu lýkur og verður skýrsla fullbúin í maí 2016.

## Önnur starfsemi

Í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því að konur öðluðust kosningarétt á Íslandi var ráðist í að safna frásögnum um ömmur hjá almenningi. Þeir sem að söfnuninni standa eru Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum, Sagnfræðistofnun og Þjóðminjasafn Íslands. Það efni sem safnast verður notað í rannsóknaverkefnið Konur á 20. öld, á vegum Sagnfræðistofnunar og Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum, um sögu kvenna á 20. öld og verður í framtíðinni uppspretta til enn frekari rannsókna.

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum sendi í september inn umsögn til nefndasviðs Alþingis umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

## Samstarfsnet

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum býr að víðtæku tengslaneti, innanlands og utan. Á árinu starfaði stofnunin með fjölda innlendra samstarfsaðila líkt og venja hefur verið. Stofnunin á m.a. fulltrúa í stjórn Kvennasögusafnsins og í Jafnréttisráði. Hún á að auki náið samstarf við Reykjavíkurborg á grundvelli samnings milli Háskóla Íslands og borgarinnar um rannsóknir á sviði kynja- og jafnréttisfræða.

## Heimasíður

Á heimasíðu Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum er þekkingu miðlað um kvenna- og kynjarannsóknir, sagt er frá rannsóknum, ráðstefnum og ólíkum möguleikum á rannsóknasviðinu, www.rikk.hi.is. Heimasíður Eddu – öndvegisseturs og UNU-GEST má nálgast hér: www.edda.hi.is og www.gest.unu.edu.

## Edda – öndvegissetur

Edda er þverfaglegt öndvegissetur í gagnrýnum samtímarannsóknum með áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Rannsóknir setursins eru m.a. á sviði stjórnmála, samfélags, menningar, öryggismála, sjálfbærni og þróunar. Edda hóf starfsemi sína árið 2009 á grundvelli öndvegisstyrks frá Rannís og er sjálfstæð og þverfagleg rannsóknastofnun með heimilisfesti á Hugvísindasviði. Stofnunin annast grunnrannsóknir, bæði með því að fjármagna þær og afla styrkja til þeirra, og leitast jafnframt við að hafa áhrif á opinbera stefnu og umræðu. Hún gengst fyrir ráðstefnum, námskeiðum, málstofum, fyrirlestrum, útgáfu og hvers konar annarri starfsemi sem stutt gæti rannsóknir á áherslusviðum setursins, eflt samband við alþjóðlegt háskólasamfélag og styrkt tengsl við opinberar og samfélagslegar stofnanir.

### Stjórn og starfslið

Á árinu sátu í stjórn Eddu Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði, formaður, Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, Anna Karlsdóttir, lektor í mannvistarlandfræði og ferðamálafræði, og Irma Erlingsdóttir, dósent í frönskum bókmenntum, sem er jafnframt framkvæmdastjóri. Marta Birna Baldursdóttir starfaði sem verkefnisstjóri við setrið.

### Viðburðir og útgáfa

Edda stóð fyrir ýmsum viðburðum á árinu. Setrið kom t.d. að alþjóðlegri ráðstefnu um 100 ára kosningarétt kvenna á Íslandi. Einnig voru haldin málþing og málstofur á vegum þess eða í samvinnu við það, eins og um valdboðshyggju og stjórnmálaþróun í Rússlandi; sjálfsmyndarhugtakið; stjórnmál og minni; friðargæslu Sameinuðu þjóðanna; kyn og efnahagsþróun í Afríku; og stjórnarskrármálið á Íslandi. Auk fjölda fræðilegra verka sem rannsakendur og styrkþegar Eddu birtu á árinu, kom setrið að útgáfu bókarinnar Nordic Cold War Cultures – Ideological Promotion, Public Reception, and East-West Interactions, en hún kom út hjá háskólaútgáfu Helsinki-háskóla í ritstjórn Vals Ingimundarsonar og Rósu Magnúsdóttur. Bókina má rekja til alþjóðaráðstefnunnar Nordic Cold War Cultures – Ideologies, Exchanges, Representations, sem Edda stóð fyrir árið 2011.

### Samstarfsaðilar og samstarfsnet

Edda starfar náið með Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (www.gest.unu.edu) og RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (www.rikk.hi.is). Setrið tekur þátt í samstarfi við evrópska og bandaríska háskóla og rannsóknastofnanir, norræn öndvegissetur á sviði velferðarmála og rannsóknastofnanir og háskóla í Asíu og Afríku.

Heimasíða setursins er www.edda.hi.is.

# Sagnfræðistofnun

### Stjórn og starfsmenn

Framan af árinu var stjórn Sagnfræðistofnunar þannig skipuð: Anna Agnarsdóttir prófessor, forstöðumaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir lektor og Margrét Gunnarsdóttir, fulltrúi doktorsnema. Á aðalfundi sem haldinn var 20. maí 2015 var kjörin ný stjórn, þannig skipuð: Ragnheiður Kristjánsdóttir dósent, forstöðumaður, Guðni Th. Jóhannesson dósent, Steinunn Kristjánsdóttir prófessor og Margrét Gunnarsdóttir, fulltrúi doktorsnema.

Forstöðumaður er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar. Starfsmaður stofnunarinnar sumarið 2015 (að hluta til með styrk frá Vinnumálastofnun) var Róbert Theodórsson.

Guðni Th. Jóhannesson situr fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagráði Miðstöðvar munnlegrar sögu. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands. Guðmundur Jónsson er fulltrúi stofnunarinnar í Sjóði Björns Þorsteinssonar.

Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga var endurvakin á árinu 2014 undir stjórn Sagnfræðistofnunar. Landsnefndin sér um samskipti við CISH, heimssamtök sagnfræðinga. Í landsnefndinni sátu (frá miðju ári 2015) tveir fulltrúar frá Sagnfræðistofnun, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Guðni Th. Jóhannesson, tveir fulltrúar Þjóðskjalasafns Íslands, Eiríkur Guðmundsson og Hrefna Róbertsdóttir, og tveir fulltrúar Sagnfræðingafélags Íslands, Vilhelm Vilhelmsson og Guðný Hallgrímsdóttir.

## Meðlimir

Eftirtaldir eru meðlimir Sagnfræðistofnunar:

Í fornleifafræði: Gavin Murray Lucas prófessor, Orri Vésteinsson prófessor og Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor.

Í sagnfræði: Anna Agnarsdóttir prófessor, Guðmundur Hálfdanarson prófessor, Guðmundur Jónsson prófessor, Guðni Th. Jóhannesson dósent, Helgi Þorláksson prófessor, Ingi Sigurðsson prófessor, Kristjana Kristinsdóttir lektor, Már Jónsson prófessor, Ragnheiður Kristjánsdóttir dósent, Sigurður Gylfi Magnússon prófessor, Sverrir Jakobsson prófessor, Valur Ingimundarson prófessor og Viðar Pálsson lektor.

Prófessorar emeriti í sagnfræði: Gísli Gunnarsson, Gunnar Karlsson, Sveinbjörn Rafnsson og Þór Whitehead.

Í hagnýtri menningarmiðlun: Halla Kristín Einarsdóttir aðjunkt og Ármann Gunnarsson verkefnastjóri.

Erla Hulda Halldórsdóttir starfaði sem sérfræðingur hjá Sagnfræðistofnun frá 1. janúar 2015.

Nýdoktorar á vegum Sagnfræðistofnunar voru þau Þórir Jónsson Hraundal og Dawn Elise Mooney.

## Ráðstefnur, málþing, fyrirlestrar og fundir

Á vegum Sagnfræðistofnunar voru haldnir eftirfarandi viðburðir á árinu:

- Vikuleg seminör um söguleg efni voru haldin á vegum námsbrautar í sagnfræði. Þátttakendur komu úr ýmsum greinum hugvísinda og á hvoru misseri voru fluttar á bilinu 12 til 15 framsögur með fjörugum umræðum. Umsjónarmaður var Sigurður Gylfi Magnússon.
- 23. janúar. Narek Mkrtchyan og Tigran Yepremyan frá ríkisháskólanum í Yerevan: Fyrirlestrar undir yfirskriftinni The Armenian Nation and Genocide (Armenska þjóðin og þjóðarmorð). Haldið í Lögbergi.
- 24. september. Málþingið Danir á Íslandi, haldið í tilefni af útkomu bókarinnar Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet. Haldið í fyrirlestrasal Landsbókasafns Íslands í Þjóðarbókhlöðu.
- 8. oktoróber. Minni, frásögn og munnleg saga, málþing Miðstöðvar munnlegrar sögu og Sagnfræðistofnunar. Haldið í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðu.
- 22. október. Gro Hagemann, prófessor emerita við Oslóarháskóla: Sjálfsforræði og borgararéttindi – Um almennan kosningarétt á Norðurlöndunum (Autonomy and Citizenship – Perspectives on Universal Suffrage in the Nordic Countries). Fyrirlesturinn var minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar

á opnunarmálstofu alþjóðlegrar ráðstefnu til að minnast 100 ára kosningaréttar kvenna sem haldin var í Hörpu 22.–23. október. Þann 21. október hélt hún auk þess semínar undir yfirskriftinni: Putting Housework into History.

## Rannsóknir

Hér er stiklað á stóru. Í ritaskrá Háskóla Íslands er gerð nánari grein fyrir rannsóknum meðlima Sagnfræðistofnunar.

Rannsóknaverkefni á vegum stofnunarinnar

- Saga íslenskrar utanlandsverslunar (Helgi Þorláksson, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir, Gísli Gunnarsson og Helgi Skúli Kjartansson).
- Reykholtsverkefnið (Helgi Þorláksson).
- Saga Breiðafjarðar (Sverrir Jakobsson og Helgi Þorláksson).

Rannsóknaverkefni sem einstakir meðlimir stýra

- Að skrifa líf – Rannsókn á bréfaskrifum og lífi Sigríðar Pálsdóttur (1809–1871). Styrkt af Rannís (Erla Hulda Halldórsdóttir).
- Assemblies in Iceland 850–1950. Styrkt af Rannís (Orri Vésteinsson).
- Austrænir víkingar í arabískum heimildum. Styrkt af Rannís (Þórir Jónsson Hraundal).
- Commodity Entanglement – The Archaeology of the Trade Monopoly. Styrkt af Rannís (Gavin Lucas).
- Dánarbú 1740–1900. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (Már Jónsson).
- Denmark and the New North Atlantic – Identity, Positions, Natrual Resources and Cultural Heritage. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (Guðmundur Hálfdanarson).
- Driftwood in the Medieval North Atlantic. Styrkt af Nýliðunarsjóði Háskóla Íslands (Dawn Elise Mooney).
- EDDA Center of Excellence (Valur Ingimundarson).
- Emotions, Material Culture and Everyday Life in Iceland in the Long 19th Century. Styrkt af Rannís, með aðild Þjóðminjasafns (Sigurður Gylfi Magnússon).
- Fátækt á Íslandi í kringum aldamótin 1900 – Þurfalingar og efnismenning hversdagsins. Styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands (Sigurður Gylfi Magnússon).
- Fornleifarannsóknir í Skálholti. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (Gavin Lucas).
- Í kjölfar kosningaréttar. Rannsóknaverkefni sem miðar að því að rannsaka og skrifa yfirlitsrit um sögu íslenskra kvenna á 20. öld (Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir).
- Kortlagning klaustra á Íslandi. Verkefnið miðar að því að skrá minjar og heimildir um íslensku miðaldaklaustrin. Styrkt af Rannís, Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Fornminjasjóði (Steinunn J. Kristjánsdóttir).
- Lífskjör á Íslandi 1100–1800 – Vitnisburður Stóruborgarrannsókna. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (Orri Vésteinsson).
- Maritime Preparedness and International Partnership in the High North. Styrkt af norskum stjórnvöldum og háskólastofnunum (Valur Ingimundarson).
- Stjórnmál norðursins – Utanríkisstefna Íslands, landfræði-pólitík og stjórnunarhættir á norðurslóðum. Styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands (Valur Ingimundarson).
- The Consolidation of Power in Iceland 1096–1281. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (Sverrir Jakobsson).
- The Untold Story – An Oral History of the Roma People in Romania. Styrkt af rannsóknasjóði EES (Guðmundur Hálfdanarson).
- Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins – Fjölskylda og heimilisbúskapur á Íslandi í byrjun 18. aldar. Þar nota sagnfræðingar og landfræðingar landupplýsingakerfi við rannsóknir á jörðum og kvaðakerfi bændasamfélagsins. Styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands (Guðmundur Jónsson).

- Þorskastríð, minni og vald – Þverfaglegt sjónarhorn. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (Guðni Th. Jóhannesson).

Önnur rannsóknarverkefni sem meðlimir stofnunarinnar taka þátt í:
- The Hakluyt Edition Project, sjá nánar http://www.hakluyt.org/. Fræðileg útgáfa af Richard Hakluyt: The Principal Navigations, Voyages, Traffiques, and Discoveries of the English Nation (second edition, 1598–1600). 14 binda verk sem kemur út hjá Oxford University Press á næstu árum (Anna Agnarsdóttir).
- History of Nordic Historiography beyond Methodological Nationalism – Comparative and Cross-national Perspectives, c 1850s onwards. Styrkt af NOS-HS (Ingi Sigurðsson).
- Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur. Að því standa fræðimenn úr ýmsum fræðigreinum Háskóla Íslands. Verkefni er styrkt af Rannís (Guðmundur Jónsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir).
- Norse Use of Marine Mammals in the Medieval North Atlantic. Styrkt af NSF (Orri Vésteinsson).

Fornleifarannsóknir
- Sveigarkot, Gásir og Eystribyggð í Grænlandi (Orri Vésteinsson).
- Skálholt, Móakot (Gavin Lucas).
- Mörðuvellir í Hörgárdal, Munkaþverá, Þingeyrar, Þykkvabæjarklaustur og Hítardalur (Steinunn J Kristjánsdóttir).

## Útgáfa

Bækur gefnar út af Sagnfræðistofnun (sjá neðar útgáfu á vegum Miðstöðvar einsögurannsókna):
- Sverrir Jakobsson: Saga Breiðfirðinga I – Fólk og rými frá landnámi til plágunnar miklu. Ritröð Sagnfræðistofnunar 22 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2015).
- Sumarliði R. Ísleifsson: Tvær Eyjar á jaðrinum – Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar nítjándu aldar (Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2015).

Aðrar bækur sem meðlimir stofnunarinnar komu að:
- Åsmund Egge og Svend Rybner (ritstj.): Red Star in the North – Communism in the Nordic Countries (Osló: Orkana Akademisk, 2015). (Ragnheiður Kristjánsdóttir).
- Auður Hauksdóttur, Guðmundur Jónsson og Erik Skyum-Nielsen (ritstj.): Gullfoss. Mødet melllem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet (Kaupmannahöfn: Forlaget Vandkunsten, 2015). (Guðmundur Jónsson).
- Bryndís Sverrisdóttir (ritstj.): Bláklædda konan – Ný rannsókn á fornu kumli. Rit Þjóðminjasafns Íslands 38 (Reykjavík: Þjóðminjasafns Íslands, 2015). (Steinunn J Kristjánsdóttir)
- L. Broderick, I. Grau og B. Jervis (ritstj.): Objects, Environment and Everyday Life in Medieval Europe (Turnhout: Brepols, 2015). (Dawn Elise Mooney).
- E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (ritstj.): Gambling Debt – Iceland's Rise and Fall in the Global Economy (Boulder, Colorado: University Press of Colorado, 2015). (Guðni Th. Jóhannesson).
- Jón Guðmundsson lærði: Spánverjavígin 1615 (Reykjavík: Mál og menning, 2015). (Már Jónsson).
- Leiðarminni – Greinar gefnar út í tilefni 70 ára afmælis Helga Þorlákssonar 8. ágúst 2015 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2015). (Helgi Þorláksson (höf.) og Sverrir Jakobsson o.fl. ritstj.).
- Kari H. Nordberg, Hege Roll-Hansen, Erling Sandmo og Hilde Sandvik (ritstj.): Myndighet og medborgerskap – Festskrift til Gro Hagemann på 70-årsdagen 3. september 2015 (Oslo: Novus Forlag, 2015). (Erla Hulda Halldórsdóttir).
- Valur Ingimundarson og Rósa Magnúsdóttir (ritstj.): Nordic Cold War Cultures – Ideological Promotion, Public Reception, and East-West Interactions (Helsinki: Aleksanteri Cold War Series, University of Helsinski, 2015). (Valur Ingimundarson og Guðni Th. Jóhannesson).

**Tímarit**
Guðmundur Hálfdanarson var aðalritstjóri tímaritsins Scandinavian Journal of History.

Már Jónsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir voru fulltrúar stofnunarinnar í ritnefnd tímaritsins Sögu.

Meðlimir stofnunarinnar áttu greinar og ritdóma í eftirfarandi tímaritum: Breiðfirðingur, Cultural and Social History, Hugrás, Journal of Archaeological Science, Journal of Archaeological Science, Journal of Monastic Medieval Studies, Journal of Social History, Life Writing, Norwegian Archaeological Review, Polar Journal, Safnablaðið Kvistur, Saga. Tímarit Sögufélags, Skírnir og Tabularia.

**Heimildaþættir, heimildamyndir og sýningar**
- Hjáverkin – Atvinnusköpun kvenna í heimahúsum 1900–1970. Sýning á Árbæjarsafni í umsjón Gerðar Róbertsdóttur. (Guðmundur Jónsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir).
- Hvað er svona merkilegt við það? (Halla Kristín Einarsdóttir).
- Öldin hennar – 52 örþættir. (Ragnheiður Kristjánsdóttir).

# Miðstöð einsögurannsókna

## Stjórn
Sigurður Gylfi Magnússon var formaður. Meðstjórnendur voru Már Jónsson og Davíð Ólafsson.

## Rannsóknaverkefni
Miðstöð einsögurannsókna tók þátt í alþjóðlegu rannsóknaverkefni á árinu með fræðimönnum frá Ungverjalandi og Noregi sem nefnist Working out the curriculum of a joint MA programme 'Microhistory'. Verkefnið er styrkt af Tempus Public Foundation (Eötvös University í Búdapest, Háskóla Íslands, Volda University College í Noregi og ReykjavíkurAkademíunni).

## Útgáfa
Eftirtaldar bækur komu út á vegum miðstöðvarinnar:
- Sterbúsins fémunir framtöldust þessir – Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tímabilinu 1722–1820. Már Jónsson tók saman og ritaði inngang. Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015).
- Sigurður Gylfi Magnússon og Pétur Bjarni Einarsson: Kyrrlátur heimur – Örsögur og ljóð. Nafnlausa ritröðin (Reykjavík: Miðstöð einsögurannsókna, 2015).

# Siðfræðistofnun

## Stjórn og starfslið
Stjórn Siðfræðistofnunar var endurskipuð á árinu og í henni sitja þau Vilhjálmur Árnason prófessor, tilnefndur af námsbraut í heimspeki, formaður, Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor, tilnefnd af Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, varaformaður, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands, og Haraldur Briem, dósent við Læknadeild, skipaður af háskólaráði án tilnefningar. Salvör Nordal var forstöðumaður í fullu starfi á fyrri hluta ársins. Þann 1. júlí var hún ráðin í 40% starf lektors við námsbraut í heimspeki

og þá minnkaði starfshlutfall hennar í 60%. Stofnunin starfar innan vébanda Hugvísindastofnunar og á stjórnarformaður sæti í stjórn Hugvísindastofnunar.

## Rannsóknir og erlent samstarf

Á vegum rannsóknaverkefnisins Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur, sem er þverfaglegt verkefni styrkt af Rannís 2013–2015, var haldin alþjóðleg ráðstefna í háskólanum 27.–29. maí. Simone Chambers, prófessor í stjórnspeki við Toronto-háskóla, var sérstakur gestur ráðstefnunnar en Einar Kr. Guðfinnsson, forseti Alþingis, setti ráðstefnuna. Þá hefur stofnunin tekið þátt í verkefninu Neuro-Enhancement – Responsible Research and Innovation (Nerri), sem er styrkt af 7. rammaáætlun Evrópusambandsins. Forstöðumaður sótti tvo fundi á vegum verkefnisins, annan í Róm og hinn í Vínarborg. Þá hélt hann erindi tengd verkefninu bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Stofnunin tekur að auki þátt í tveimur COST-verkefnum, annars vegar Disaster Bioethics – Addressing Ethical Issues Triggered by Disasters og hins vegar Citizen’s Health Through Public-Private Initiatives – Public Health, Market and Ethical Perspectives. Forstöðumaður er í stjórn þess síðarnefnda og sótti nokkra fundi á vegum þess á árinu. Þá voru haldnir tveir fundir í verkefninu POP-Gen, í Helsinki og Osló, en verkefnið er styrkt af NOS-HS og stjórnarformaður stofnunarinnar stýrir því.

Af öðru rannsóknartengdum verkefnum má nefna að stjórnarformaður er í stjórn International Association of Bioethics. Forstöðumaður á sæti í Norrænu lífsiðfræðinefndinni og sótti fjölmarga fundi og málþing á vegum á hennar. Þá hefur hann tekið þátt í Nordic Trial Alliances á vegum Nordforsk og situr í ráðgjafanefnd verkefnisins HUMAN, sem rannsakar öldrun. Stjórnarformaður er aðili að FinCris – Responsibilities, Ethics and the Financial Crisis, sem er þverfaglegt rannsóknaverkefni í samvinnu fræðimanna við háskólana í Birmingham, Warwick, Oxford og fleiri. FinCris er styrkt af Arts and Humanities Research Council (AHRC). Stjórnarformaður situr í ritnefndum tímaritanna Medicine, Health Care and Philosophy, Genomics and Society og Etikk i Praksis og hefur setið í ritstjórn Nordisk tidskrift frá 2007.

## Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmiss konar ráðgjöf, einkum um siðareglur. Unnið hefur verið að þróun vefsíðu stofnunarinnar og síðu á Facebook. Jón Bragi Pálsson hefur m.a. unnið efni á síðuna sem fengið hefur góðar viðtökur. Þá starfaði Henry Alexander Henrysson að samþættingarverkefni sem er ætlað að fylgja eftir því ákvæði í stefnu Háskóla Íslands að fræðasvið og deildir setji sér markmið og skilgreini leiðir til að flétta saman siðfræði og faglegt nám, efla siðferðilega dómgreind og þjálfa gagnrýna hugsun. Þriggja ára ráðningu Henrys í hálft starf til að sjá um verkefnið lauk á árinu. Í tengslum við verkefnið voru haldnir fundir með fulltrúum yfirstjórnar háskólans og Miðstöðvar framhaldsnáms um eflingu náms í siðfræði vísinda og rannsókna við Háskóla Íslands.

## Fyrirlestrar og útgáfa

Stofnandi Siðfræðistofnunar, Páll Skúlason prófessor, lést á árinu og tók stofnunin þátt í tveimur viðburðum, ásamt Heimspekistofnun, í minningu hans. Þá voru haldnir nokkrir fundir eða málþing um margvísleg efni, s.s. málþing um lýðræði og stjórnsýslu á vegum lýðræðisverkefnisins í Hannesarholti 19. október, hádegismálstofa um siðareglur þingmanna í Lögbergi 12. maí og málþing um tjáningarfrelsið í samvinnu við Fjölmiðlanefnd 20. janúar.

Ársfundur Siðfræðistofnunar fyrir árið 2015 var haldinn 6. janúar 2016 þar sem fjallað var um þá spurningu hvort stofna ætti sérstakt landssiðaráð. Í kjölfar framsögu stjórnarformanns um efnið stýrði forstöðumaður pallborðsumræðum þar sem þau Birgir Ármannsson þingmaður, Birgir

Jakobsson landlæknir, Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, ræddu málið.

Greinasafnið Hugsað með Vilhjálmi kom út hjá Háskólaútgáfunni á árinu.

# Konfúsíusarstofnunin Norðurljós

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hóf á árinu sitt áttunda starfsár. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban, undirstofnunar kínverska menntamálaráðuneytisins.

## Stjórn og starfsfólk

Í stjórn Konfúsíusarstofnunar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, sátu Xu Tiefeng, aðstoðarrektor Ningbo-háskóla, formaður, Chen Yujuan, forstöðukona alþjóðaskrifstofu Ningbo-háskóla, Ástráður Eysteinsson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, og Magnús Björnsson, sem jafnframt gegndi stöðu forstöðumanns stofnunarinnar. Ekki hefur enn verið ákveðið hver mun taka sæti Ingjalds Hannibalssonar í stjórn en hann féll frá árið 2014.

Á árinu störfuðu sendikennararnir Jia Yucheng, Liu Kailiang, Wang Xia og Fei Jie við stofnunina, þar eð þau kenndu kínversku við skólann. Aðrir starfsmenn, auk forstöðumanns, voru þau Stefán Ólafsson viðburðastjóri og Þorgerður Anna Björnsdóttir verkefnastjóri.

## Kennsla

Meginhlutverk stofnunarinnar er að styðja við kennslu í námsleið í kínverskum fræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Stofnunin vinnur aukinheldur að því að koma á kínverskukennslu víðar í íslensku samfélagi, m.a. í góðu samstarfi við grunn- og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta ári varð sprenging í fjölda nemenda í grunnskólum sem nýttu sér kínverskukennslu á vegum stofnunarinnar. Eins hefur stofnunin stutt við kennslu í kínversku í tómstundaskólum þótt það sé heldur á undanhaldi.

## Menningarviðburðir

Viðburðir sem Konfúsíusarstofnun stóð fyrir á árinu voru fjölmargir. Stofnunin hélt sína hefðbundnu nýárshátíð í febrúar í tengslum við kínverska nýárið. Hátíðin tókst afar vel í alla staði og var sem fyrr fjölsótt.

Dagur Konfúsíusarstofnunar var haldinn hátíðlegur í september í Háskólabíói. Þar fengum við m.a. góða gesti frá Shaolin-klaustrinu í Henan-héraði í Kína en þeir stóðu fyrir ekta kínverskri kongfu-sýningu. Tókst sýningin einstaklega vel, var fjölbreytt og framúrskarandi að gæðum. Fjöldi manns sótti sýninguna og var gerður góður rómur að henni og fékk hún töluverða fjölmiðlaathygli.

Á vordögum stóð stofnunin fyrir tónleikum þar sem spilað var á hin ævafornu kínversku hljóðfæri qin og xiao. Hljóðfæraleikararnir Deng Hong og Chen Shasha frá kínversku tónlistarakademíunni í Peking sáu um tónlistarflutninginn og sænski kínafræðingurinn Cecilia Lindqvist kynnti sögu hljóðfæranna og tónlistina sem boðið var upp á. Héldu þær tvenna tónleika, aðra í Iðnó og hina í Hofi á Akureyri.

### Málþing og fyrirlestrar

Málþingið What Can Be Learned from Chinese Philosophy var haldið í samstarfi við Heimspekistofnun í september. Þátttakendur á málþinginu voru Torbjorn Lodén, prófessor emeritus við Stokkhólmsháskóla, Karl-Heinz Pohl, prófessor emeritus við Trier-háskóla í Þýskalandi, Jyrki Kallio, fræðimaður við Alþjóðastofnun Finnlands, Bent Nielsen, lektor við Kaupmannahafnarháskóla, Yi Chen frá Toronto-háskóla í Kanada og Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands.

Fyrirlestrar um ýmis efni tengd Kína og kínverskri menningu og samfélagi voru haldnir á vegum stofnunarinnar. Á meðal fyrirlesara á árinu voru Kenneth Cohen sem hélt mjög áhugaverðan fyrirlestur um temenningu Kínverja. Í tilefni þess að þjóðir heims minntust þess að 70 ára voru frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar kom danski fræðimaðurinn Peter Harmsen í heimsókn og hélt fyrirlestur um Kína og seinni heimsstyrjöldina. Einnig má nefna fyrirlestur Mathieu Torck, lektors við háskólann í Ghent í Belgíu, um skyrbjúg og kínverska sæfarendur til forna.

## Tungumálamiðstöð

Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands starfar undir hatti Hugvísindasviðs en býður öllum nemendum og starfsfólki skólans upp á kennslu í erlendum tungumálum.

### Starfslið

Eyjólfur Már Sigurðsson var á árinu, sem fyrr, forstöðumaður miðstöðvarinnar og auk hans störfuðu eftirfarandi nemendur í tímavinnu á árinu: Vanessa Isenmann, Sabine Merlene Sennefelder, Stefanie Bade, Natalia Kovachkina, Ágúst Skorri Sigurðsson og Anita Rübberdt.

### Starfsemi

Sem fyrr bauð miðstöðin upp á tungumálanámskeið bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendum gafst kostur á að stunda nám í dönsku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku. Á haustmisseri bauð miðstöðin í fyrsta sinn upp á byrjendanámskeið í pólsku. Var það gert í samvinnu við Háskólann í Varsjá. Sótt var um styrk til að greiða ferðir og uppihald fyrir kennara frá Háskólanum í Varsjá. Kennari var Anna Rabczuk. Íslenskunámskeið voru haldin fyrir erlenda starfsmenn háskólans, bæði á vormisseri og á haustmisseri, og einnig var starfsmönnum boðið upp á enskunámskeið. Tungumálamiðstöðin hefur um árabil boðið upp á fjarkennslu í íslensku (Icelandic Online PLUS). Miðstöðin hélt að vanda alþjóðlegt stöðupróf í þýsku (TestDaF).

### Alþjóðlegt samstarf

Tungumálamiðstöðin á í margs konar samstarfi við erlenda aðila. Hún er meðlimur í CERCLES (Confédération Européenne des Centres de Langues de l'Enseignement Supérieur), sem eru Evrópusamtök tungumálamiðstöðva á háskólastigi.

Forstöðumaður Tungumálamiðstöðvarinnar situr í stjórn Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz í Austurríki (ECML, European Centre for Modern Languages). Hlutverk hennar er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu.


SCHOOL OF ICELAND

# Menntavísindasvið

## Nýdoktoraráðningar

Við Menntavísindasvið voru tveir nýdoktorar (post doc) sem tengjast ákveðnum verkefnum eða rannsóknahópum ráðnir til starfa á árinu:

- Steingerður Ólafsdóttir hóf störf sem nýdoktor 1. janúar 2015. Verkefni hennar verður þrískipt og snýr að heilsueflingu og fjölmiðla- og matarvenjum barna og unglinga. Steingerður er þátttakandi í tveimur rannsóknaverkefnum, Heilsueflandi framhaldsskóla og ProMeal, norrænni rannsókn á skólamáltíðum. Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Menntavísindasvið, er í forsvari fyrir bæði rannsóknaverkefnin en íslenski hluti ProMeal-verkefnisins er einnig unninn í samstarfi við Rannsóknastofu í næringarfræði og Ingibjörgu Gunnarsdóttur, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið. Þriðji hluti verkefnis Steingerðar er rannsókn á því hvernig matur og drykkur kemur fyrir í barnaefni í íslensku sjónvarpi en hluti doktorsverkefnis hennar frá Gautaborgarháskóla var slík rannsókn á sænsku sjónvarpi. Markmið verkefnanna er að afla þekkingar á heilsueflingu í framhaldsskólum, eðli fjölmiðlanotkunar framhaldsskólanema og tengslum við matarvenjur og holdafar, tengslum skólamáltíða og frammistöðu og framsetningu matar og drykkjar í barnaefni í íslensku sjónvarpi.
- Jón Ingvar Kjaran hóf störf sem nýdoktor 1. janúar 2015. Verkefni hans fjallar um stöðu hinsegin nemenda í íslenskum framhaldsskólum. Markmiðið er að vinna frekar úr þeim gögnum sem nýdoktorinn safnaði í doktorsrannsókn sinni. Samhliða því mun hann skrifa bók um efnið sem verður gefin út hjá Palgrave Macmillan í ritröðinni Queer Studies and Education. Mun hún bera heitið Constructing Sexualities and Gendered Bodies in School Spaces: Nordic Insights on Queer and Transgender Students. Rannsóknir Jóns Ingvars eru hluti af JustEd-rannsóknaverkefninu sem Ingólfur Ásgeir Jóhannesson leiðir við Menntavísindasvið en um er að ræða norrænt rannsóknasamstarf sem Háskólinn í Helsinki leiðir (sjá frekar http://blogs.helsinki.fi/just-ed/).

## Starfsþróun Menntavísindastofnunar

Árið 2014 hefur verið nokkið annasamt hjá starfsþróun Menntavísindastofnunar.

Vorið 2014 voru skipulögð 29 námskeið í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sem haldin voru í ágúst 2014. Flest námskeiðin voru styrkt af Endurmenntunasjóði grunnskóla sem ýmist SFS sótti um eða starfsþróun Menntavísindastofnunar. Vegna samstarfs MVS og SFS var hægt að bjóða kennurum úr fleiri sveitarfélögum að sækja námskeiðin. Rúmlega 200 kennarar sóttu þessi námskeið, flestir úr Reykjavík en fjórðungur kom frá öðrum sveitarfélögum.

Fjöldi stærðfræðimenntunarnámskeiða hafa verið haldin á vegum starfsþróunar Menntavísindastofnunar árið 2014. Þau voru haldin víðs vegar um land t.d. Selfossi, Egilstöðum og Akranesi svo eitthvað sé nefnt. Flest námskeiðin eru fyrir kennara á yngsta stigi grunnskólans en einnig hafa verið haldin námskeið fyrir kennara á miðstigi og unglingastigi. Kennarar á þessum námskeiðum eru allt starfandi kennarar sem hafa verið nemendur hjá kennurum MVS á stærðfræðikjörsviði. Námskeiðin eru að einhverju leyti skipulögð í samstarfi við kennara á MVS.

Nokkuð stórt námskeið um skapandi kennsluhætti var haldið á haustönninni og var það námskeið styrkt af Endurmenntunarsjóði grunnskóla.Nokkur hópur starfandi kennara sótti stök einingabær námskeið sem í boði voru í gegnum starfsþróun Menntavísindastofnunar bæði á vorönn 2014 og haustönn 2014. Í þeim hópi virðist fjölga jafnt og þétt.

Ráðgjafaverkefni við Ísaksskóla vegna vinnu við skólanámskrá hófst haustið 2014 og stendur yfir fram á vor undir stjórn forstöðumanns starfsþróunar Menntavísindastofnunar, hluti kennarahópsins mun

taka þátt í starfendarannsókn á vorönn 2015 sem styrkur fékkst fyrir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

## Framundan 2015

55 manns hafa skráð sig í stök einingabær námskeið á vorönn 2015.

Undirbúið hefur verið náttúrufræðinámskeið sem kennt verður í Garðabær á vorönn 2015. Garðabær býður öllum sínum kennurum að taka þátt og ljóst er að um 30 kennarar munu sækja þetta námskeið. Ester Ýr Jónsdóttir hefur umsjón með því námskeiði en það er unnið í samstarfi við Hrefnu Sigurjónsdóttur, prófessor, Helga Grímsson skólastjóra í Sjálandsskóla í Garðabæ og grunnskólaskrifstofu Garðabæjar.

Í samstarfi við Þóru Þórðardóttur, framhaldskólakennara og Mennta- og menningarmálaráðuneytið fer af stað stærðræðimenntunarnámskeið fyrir unglingastigskennara, á vorönn 2015 á fjórum stöðum á landinu. Kynning á tilboðinu hófst í desember 2014 og hefur henni verið vel tekið.

Í samstarfi við SFS var undirbúið viðamikið námskeið um fjölmenningarlegt skólastarf sem haldið verður á vorönn 2015. Fulltrúi frá SFS og starfsþróun Menntavísindastofnunar sjá um skipulag og kalla til sérfræðinga til að ákveða innihald og fyrirkomulag.

Starfsþróun Menntavísindastofnunar kom að umsókn um auglýstan styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna starfsþróunar í notkun uppýsingatækni sem Menntamiðja sótti um. Styrkurinn fékkst og var fjöldi námskeiða undir heitinu Samspil haldin um allt land, skipulagt af Menntamiðju.

Starfshópur um framtíðarskipan starfsþróunarmála á Menntavísindasviði hóf störf á sviðinu í október 2014 og í honum sitja fulltrúar deilda sviðsins en Árný Elíasdóttir, ráðgjafi hjá Attentus – mannauði og ráðgjöf, leiðir vinnuna og forstöðumaður starfsþróunar Menntavísindastofnunar er starfsmaður hópsins. Vinnu hópsins lauk í lok febrúar 2015 með skilum á Tillögum starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunar á Menntavísindasviði. Helstu áherslur í þeirri skýrslu eru þær að mikilvægt sé að starfsþróun þeirra fagstétta sem sviðið menntar verði ekki jaðarstarfsemi á sviðinu heldur eitt af meginverkefnum þess, aðkoma deilda sviðsins að því sem er í boði varðandi starfsþróun aukist, stofnuð verði starfsþróunarteymi deilda og samstarf við EHÍ verði skoðað.

## Skipulag og stjórn

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir: Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild.

- Forseti Menntavísindasviðs á árinu var Jóhanna Einarsdóttir prófessor.
- Forseti Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar var Ástríður Stefánsdóttir dósent og Erlingur Jóhann Sigurðsson varadeildarforseti.
- Forseti Kennaradeildar var Gunnhildur Óskarsdóttir dósent og varadeildarforseti Guðbjörg Pálsdóttir lektor en Freyja Hreinsdóttir dósent tók við sem varadeildarforseti 1. júlí.
- Forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar var Ólafur Páll Jónsson dósent og varadeildarforseti Börkur Hansen prófessor.

Stjórn Menntavísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn fulltrúa í stjórn. Andri Rafn Ottesen var fulltrúi nemenda á árinu.

Alls voru haldnir 24 stjórnarfundir á árinu. Rekstrarstjóri sviðsins er Björg Gísladóttir og situr hún stjórnarfundi.

## Þing Menntavísindasviðs

Haldin voru tvö sviðsþing á árinu, 27. maí og 8. október. Á þingunum var farið yfir starfsemi sviðsins á árinu hingað til og fram undan.

## Starfsfólk

Í lok árs 2015 voru 183 starfsmenn í 153 stöðugildum við Menntavísindasvið.

Í þessum tölum eru tveir aðstoðarmenn á rannsóknastofum í tímabundnum verkefnum.

Eftirtaldir akademískir starfsmenn fengu framgang á árinu:
• Kristín Björnsdóttir fékk framgang í starf dósents við Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
• Ólafur Páll Jónsson fékk framgang í starf prófessors við Uppeldis- og menntunarfræðideild.
• Svanborg Rannveig Jónsdóttir fékk framgang í starf dósents við Kennaradeild.

## Stjórnsýsla og stoðþjónusta

Stjórnsýsla og stoðþjónusta á Menntavísindasviði skiptist á árinu í skrifstofu, Menntasmiðju, bókasafn og Menntavísindastofnun.

## Skrifstofa

Í árslok skiptist skrifstofa Menntavísindasviðs í almenna skrifstofu, kennsluskrifstofu og Menntavísindastofnun. Almenna skrifstofan sinnir stjórnsýslulegum málefnum, málum sviðsforseta og stjórnar, kynningar- og vefmálum, fjármálum og rekstri, starfsmannamálum og skjalamálum. Kennsluskrifstofa annast verkefnastjórn fyrir deildir, vettvangsnám og alþjóðamál. Þar er einnig haldið utan um námsferla nemenda, unnið að kennsluskrá, inntökumálum, stundatöflugerð, stofubókunum, prófaumsýslu, brautskráningu o.fl. fyrir sviðið. Á Menntavísindastofnun er veitt stoðþjónusta við rannsóknir á sviðinu, rekstur rannsóknaverkefna, ráðstefnuhald sviðsins, endurmenntun o.fl.

## Menntasmiðja

Menntasmiðja veitir nærþjónustu á Menntavísindasviði til viðbótar við miðlæga þjónustu Reiknistofnunar, Kennslumiðstöðvar og reksturs fasteigna. Menntasmiðja sinnir einkum þjónustu við nemendur og starfsfólk í tengslum við eigin tölvur þeirra og tölvuver, námsumsjónarkerfi, vefþjónustu og önnur upplýsingatækniverkefni með sérstakri áherslu á sveigjanlega kennsluhætti og stuðning við nám, kennslu og rannsóknir. Starfsmenn voru þrír í tveimur stöðugildum.

## Ráð og nefndir

Á Menntavísindasviði starfar eitt starfsráð, doktorsráð, og fjórar nefndir: kennslunefnd, rannsóknanefnd, vettvangsnefnd og jafnréttisnefnd, auk fastanefndar um meistaranám.

### Doktorsráð

Doktorsráð Menntavísindasviðs hefur það meginhlutverk að þróa doktorsnám við sviðið og tryggja að það standist alþjóðlegar kröfur. Það starfar með deildum Menntavísindasviðs og hefur umsjón með

doktorsnáminu, námskeiðahaldi og þeirri stjórnsýslu sem námið krefst. Auk þess hefur ráðið samstarf við Miðstöð framhaldsnáms um doktorsnámið.

**Rannsóknanefnd**
Fram að miðju ári sátu eftirtaldir í rannsóknanefnd (áður rannsóknaráði) Menntavísindasviðs: Anna Kristín Sigurðardóttir dósent, formaður, Allyson Macdonald prófessor, Hafdís Guðjónsdóttir prófessor og Elsa Eiríksdóttir lektor. Fulltrúi framhaldsnema var Edda Óskarsdóttir doktorsnemi. Kristín Erla Harðardóttir, forstöðumaður Menntavísindastofnunar, starfar með nefndinni. Í september var skipuð ný rannsóknanefnd. Í henni voru: Anna Kristín Sigurðardóttir dósent, sem var áfram formaður, Hanna Ragnarsdóttir prófessor, Sigríður Lára Guðmundsdóttir dósent og Róbert Berman dósent. Fulltrúi framhaldsnema var áfram kosin Edda Óskarsdóttir doktorsnemi. Auk þess starfar Kristín Erla Harðardóttir áfram með nefndinni.

Rannsóknanefndin starfaði náið með Menntavísindastofnun og forstöðumaður stofnunarinnar starfar með nefndinni til að tryggja. Auk þess starfar nefndin með sviðsstjórn og doktorsráði. Samráð þessara aðila er mikilvægt til að tryggja upplýsingaflæði um rannsóknir innan sviðsins. Stærsta verkefni rannsóknanefndar sviðsins á árinu var að ljúka við að endurskoða og móta nýja rannsóknastefnu sviðsins, auk þess að ræða þróun rannsókna. Formaður rannsóknanefndarinnar er fulltrúi Menntavísindasviðs í vísindanefnd Háskóla Íslands. Rannsóknanefndin tók helstu viðfangsefni vísindanefndar háskólans til umfjöllunar.

**Vettvangsnefnd**
Vettvangsnefnd Menntavísindasviðs hóf fyrst störf í mars 2009 (og nefndist þá vettvangsráð). Henni er ætlað að efla samstarf við þann vettvang sem Menntavísindasvið þjónar, m.a. með því að hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem tengjast samstarfi við vettvanginn, beita sér fyrir kynningu á þessum verkefnum innan og utan sviðsins og setja fram hugmyndir um hvernig má sinna þeim betur. Nefndinni er einnig gert að setja fram hugmyndir að stefnu Menntavísindasviðs í einstökum málaflokkum, m.a. um vettvangsnám, starfsþróun, þróunarstarf, rannsóknir á vettvangi og samráð við hagsmunaaðila.

Nýtt vettvangsráð (eins og vettvangsnefnd nefndist þá) var skipað í september 2013 til tveggja ára. Formaður þess var Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor. Aðrir í ráðinu voru Anna Lind Pétursdóttir dósent, Bryndís Garðarsdóttir lektor, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, fulltrúi nemenda, Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður starfsþróunar Menntavísindastofnunar, Jóna Ingólfsdóttir aðjunkt og Karen Rut Gísladóttir lektor. Varamenn eru Börkur Hansen prófessor, Jakob F. Þorsteinsson aðjunkt og Gunnar Börkur Jónasson aðjunkt. Edda Kjartansdóttir gegndi formennsku í ráðinu á haustmisseri í fjarveru Guðnýjar sem var þá fjarverandi vegna rannsóknamisseris.

Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum sem lúta að samstarfi sviðsins við vettvang. Haldið var málþing þar sem fulltrúar rannsóknastofa og nokkrir aðrir starfsmenn fjölluðu um hvernig þeir hafa unnið í samstarfi við vettvang og ritað um það ritstýrðar og ritrýndar greinar, bækur, skýrslur og greinargerðir sem fengið hafa stig í matskerfinu. Markmið málþingsins var kynna og ræða mögulegar leiðir til að fá þau störf sem unnin eru í tengslum við vettvang sem best metin. Í samstarfi við Menntavísindastofnun var gerð könnun meðal starfsmanna á tengslum þeirra við vettvang og rætt var um hvernig gera mætti slík störf sýnilegri á vef háskólans.

Á vormánuðum fundaði vettvangsnefnd með þeim sem ráðnir voru til Menntavísindasviðs sem sérfræðingar af vettvangi til að heyra um þau verkefni sem þeir sinna og reynsluna af slíku ráðningarfyrirkomulagi. Þessir sérfræðingar voru Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir á tómstunda- og félagsmálabraut, Ingileif Ástvaldsdóttir í stjórnun (Börkur Hansen sagði frá verkefnum hennar þar sem hún var fjarverandi á fundinum) og Gunnar Börkur Jónasson í Kennaradeild.

Unnið var að stefnumörkun um fyrirkomulag starfsþróunar þeirra stétta sem sviðið menntar. Starfshópur um framtíðarskipan starfsþróunarmála á Menntavísindasviði var skipaður á haustmisseri og hóf hann störf í október. Edda Kjartansdóttir var ritari hans og vettvangsnefnd var bakhjarl Eddu m.a. við að fá yfirlit yfir vinnu Menntavísindasviðs við starfsþróun þeirra stétta sem sviðið menntar.

**Kennslunefnd**
Kennslunefnd Menntavísindasviðs er ætlað að móta stefnu í kennslumálum fyrir sviðið og stuðla að gæðum kennslu í samvinnu við kennara og annað starfsfólk. Nefndin er ráðgefandi um stefnu, nýbreytni, stuðning, eftirlit og almennt skipulag kennslu og kennslumála á Menntavísindasviði.

Í kennslunefnd voru fyrri hluta árs, Ingvar Sigurgeirsson prófessor, formaður, Ásdís Hrefna Haraldsdóttir kennslustjóri, Helgi Reyr Guðmundsson, fulltrúi nemenda, Hrönn Pálmadóttir lektor, Lilja Össurardóttir, Þórdís Þórðardóttir lektor og Þuríður Jóna Jóhannsdóttir dósent. Síðari hluta árs sátu í ráðinu: Kristín Jónsdóttir lektor, formaður, Elín Jóna Þórsdóttir deildarstjóri, Eyrún Fríða Árnadóttir, Hróbjartur Árnason lektor, Jón Yngvi Jóhannsson lektor og Kristín Lilliendahl aðjunkt. Nefndin hélt alls sautján fundi á árinu.

Á fyrri hluta ársins voru meginviðfangsefni kennslunefndar fjögur. Í fyrsta lagi var unnið að því að bæta kennslukönnun, m.a. með því að ýta undir að henni væri svarað. Viðhorf kennara á sviðinu var kannað og það leiddi í ljós að flestir kennaranna sem svöruðu tóku mark á niðurstöðum kennslukönnunarinnar og nýttu þær til að bæta námskeið sín. Þessar upplýsingar voru kynntar nemendum og kann það að hafa átt þátt í því að svörun við kennslukönnuninni batnaði mjög á árinu og var að hausti mest á Menntavísindasviði af öllum fræðasviðum háskólans. Þá hefur kennslunefnd lagt mikla áherslu á að fleiri aðferðir séu notaðar við mat á kennslu en kennslukönnunin ein og lagði til að mats- eða rýnihópafundir yrðu fastur liður í matskerfi skólans. Nefndin lagði til verklagsreglur fyrir matsfundi og sendi stjórn sviðsins.

Annað meginverkefni kennslunefndar var að búa til sniðmát fyrir kennsluáætlanir í því skyni að reyna að tryggja að allar helstu upplýsingar um námskeið kæmu þar fram þar eð greining á kennsluáætlunum sem gerð var haustið 2013 leiddi í ljós að svo var ekki. Nefndin hefur einnig lagt til að kennsluáætlanir verði aðgengilegar í kennsluskrá án tilllits til skráningar í viðkomandi námskeið.

Þriðja meginverkefni kennslunefndar, fyrri hluta ársins, var að vinna að því að fá aðgang að fjarkennslukerfinu Adobe Connect, sem gerir kennurum og nemendum kleift að eiga samskipti í rauntíma. Reiknistofnun háskólans útvegaði slíkan aðgang og hafa nokkrir kennarar á sviðinu nýtt sér hann í tengslum við námskeið sín. Hróbjartur Árnason lektor hefur leitt þessa innleiðingu og hefur meðal annars haldið kynningar og námskeið, auk þess sem hann hefur tekið saman leiðbeiningar sem eru aðgengilegar á heimasíðu sviðsins. Vonir stóðu til að markvissar tilraunir yrðu gerðar með þetta fjarkennslukerfi en af því varð ekki.

Loks beitti kennslunefnd sviðsins sér fyrir því á vettvangi kennslumálanefndar háskólans að hafist væri handa við að móta fjarnámsstefnu við skólann og var skipaður hópur á vegum nefndarinnar til að ljúka því máli.

Á seinni hluta ársins var meginverkefni kennslunefndar að ræða fyrirkomulag námskeiða á sviðinu en í ljós hefur komið að afar mikill munur er á því hvaða þjónusta er í boði eftir námskeiðum. Þá er ljóst að fjarkennsla hefur veikst mikið á undanförnum árum og hefur komið í ljós að sérstakur vandi tengist fyrirkomulagi og fjölda staðlota þar sem gerðar hafa verið miklar kröfur um tíða viðveru fjarnema. Mat kennslunefndar er að það sé forgangsverkefni að bæta fjarnámið. Einnig hefur nefndin lagt mikla áherslu á að þróa nám sem unnt sé að stunda með starfi.

Óskir kennara varðandi kennsluhúsnæði voru kannaðar í samstarfi við rekstrarstjóra sviðsins. Kennslunefnd hélt samráðsfundi með stjórnendum á sviðinu og kennurum í list- og verkgreinum og

það leiddi til þess að nefndin ályktaði um stöðu þessara greina á sviðinu. Þá hefur nefndin ályktað um mikilvægi þess að við sviðið starfi kennslustjóri og kennsluþróunarstjóri.

Fastir liðir í starfi kennslunefndar sviðsins eru að fara yfir umsóknir í Kennslumálasjóð og að efna til hádegisspjallfunda þar sem kennarar á sviðinu eða gestir deila reynslu sinni um fjölbreytt efni.

**Jafnréttisnefnd**
Jafnréttisnefnd Menntavísindasviðs hefur m.a. það hlutverk að semja nýja jafnréttisáætlun fyrir sviðið. Nefndin var áður kölluð jafnréttisráð Menntavísindasviðs en nafninu var breytt á árinu.

Í jafnréttisnefnd voru á vormisseri: Samuel Currey Lefever dósent, formaður, Sigríður Erla Jónsdóttir verkefnastjóri, Gunnar J. Gunnarsson prófessor, Jakob Frímann Þorsteinsson aðjunkt, og Hanna Þóra Hauksdóttir mannauðsstjóri og varamaður var Árni Guðmundsson aðjunkt.

Í jafnréttisnefnd voru á haustmisseri: Samuel Currey Lefever dósent, formaður, Brynja Halldórsdóttir lekor, Gunnar J. Gunnarsson prófessor, Ingibjörg Harðardóttir lektor og Hanna Þóra Hauksdóttir mannauðsstjóri og varamaður var Árni Guðmundsson aðjunkt.

Nefndin hittist á reglulegum fundum á skólaárinu og vann að gerð nýrrar jafnréttisáætlunar. Farið var yfir ótal atriði sem varða jafnréttismál í víðum skilningi, stöðu ólíkra hópa, samskipti og framkomu á vinnustaðnum og allar hugsanlegar aðstæður metnar, þar eð aðstæður á Menntavísindasviði eru um margt frábrugðnar öðrum vinnustöðum vegna ójafns kynjahlutfalls en á sviðinu eru konur í miklum meirihluta. Jafnréttisáætlanir annarra sviða voru þó hafðar til hliðsjónar varðandi margt, sem og jafnréttisáætlun háskólans í heild.

**Fastanefnd um meistaranám**
Hlutverk fastanefndar um meistaranám er að tryggja samráð deilda um málefni meistaranámsins og hafa eftirlit með framkvæmd þess. Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn Menntavísindasviðs. Helstu viðfangsefni nefndarinnar eru að stuðla að samstarfi um meistaranámið á milli deilda og eininga Menntavísindasviðs, fjalla um stöðu meistaranema á sviðinu, fyrirkomulag meistaraverkefna og almennt skipulag meistaranáms á sviðinu.

Fastanefnd um meistaranám á Menntavísindasviði er skipuð fulltrúum frá öllum deildum sviðsins, auk fulltrúa nemenda og stjórnsýslu.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (formaður fyrri hluta árs), Steingerður Ólafsdóttir (formaður seinni hluta árs), Anna María Hauksdóttir, Erla Ósk Sævarsdóttir (fyrri hluta árs), Gestur Guðmundsson (fyrri hluta árs), Hafdís Guðjónsdóttir (seinni hluta árs), Jónína Vala Kristinsdóttir (seinni hluta árs), Meyvant Þórólfsson (fyrri hluta árs), Páll Ásgeir Torfason (seinni hluta árs) og Steinunn Helga Lárusdóttir (seinni hluta árs). Nefndin hélt þrettán fundi á árinu.

Eftirtaldir sátu í nefndinni fyrri hluta árs:
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir formaður
- Anna María Hauksdóttir
- Erla Ósk Sævarsdóttir
- Gestur Guðmundsson
- Meyvant Þórólfsson

Eftirtaldir sátu í nefndinni seinni hluta árs:
- Steingerður Ólafsdóttir, formaður
- Anna María Hauksdóttir
- Hafdís Guðjónsdóttir
- Jónína Vala Kristinsdóttir
- Páll Ásgeir Torfason

• Steinunn Helga Lárusdóttir
Nefndin hélt þrettán fundi á árinu.

Fastanefnd um meistaranám kom að vinnu við tvær kannanir sem gerðar voru í febrúar á viðhorfum kennara og meistaranema til skipulags námsins. Formaður nefndarinnar tók þátt í starfshópi á vegum sviðsins um endurskoðun á staðlotum í meistaranámi. Leiðir til að lágmarka brottfall úr meistaranámi voru lagðar til. Nefndin mótaði jafnframt reglur um meistaraverkefni sem fela í sér að skil á vísindagrein verði meginhluti meistaraverkefnis. Þessar reglur voru síðan samþykktar af stjórn sviðsins. Auk þess tók nefndin þátt í að skipuleggja ráðstefnur meistaranema 29. maí og 5. október, þar sem samtals um 120 meistaranemar kynntu lokaverkefni sín.

## Húsnæðismál

Mestur hluti starfsemi Menntavísindasviðs og öll kennsla utan grunnnáms í íþrótta- og heilsufræði fer fram í höfuðstöðvum sviðsins við Stakkahlíð og í list- og verkgreinahúsi í Skipholti 37. Kennsla í grunnnámi í íþrótta- og heilsufræði fer fram í húsnæði skólans á Laugarvatni þar sem öll aðstaða til íþróttaiðkunar er til staðar. Skrifstofur kennara í Reykjavík eru í Stakkahlíð en einnig í leiguhúsnæði í Skipholti 37, Bolholti 6 og 8 og í Odda.

Búið er að samþykkja deiliskipulag á reit A-1 vestan Suðurgötu fyrir byggingu Menntavísindasviðs. Unnið er að gerð skýrslu um mikilvægi þess að byggja yfir sviðið á þeirri lóð.

## Markaðs- og kynningarmál

Menntavísindasvið tók þátt í háskóladeginum sem haldinn var 28. febrúar. Þar kynntu öll fræðasvið Háskóla Íslands grunnnám sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Gimli og Öskju. Kennarar og nemendur Menntavísindasviðs kynntu námsleiðir við sviðið, auk þess sem fjölmargir viðburðir og uppákomur voru í boði fyrir fólk á öllum aldri. Í tengslum við háskóladaginn var Tímarit Háskóla Íslands gefið út en þar var m.a. að finna greinar um rannsóknir vísindamanna við Menntavísindasvið. Í mars var grunnnám kynnt á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og Höfn. Kynningarstjóri sviðsins fór, ásamt nemendum, í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu eða tók á móti framhaldsskólanemum í húsakynnum Menntavísindasviðs og kynnti námið.

Framhaldsnám var kynnt 19. mars í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð. Nemendur og kennarar allra þriggja deilda sviðsins tóku á móti gestum og kynntu þær fjölmörgu námsleiðir sem í boði eru.

Áfram var unnið í kynningarnefnd vegna leik- og grunnskólakennaranáms í því augnamiði að fjölga umsóknum þar.

Ingunn Eyþórsdóttir tók við af Kolbeini Marteinssyni sem markaðs- og kynningarstjóri sviðsins þann 1. desember.

## Útgáfa

### Uppeldi og menntun

Á árinu 2015 komu út tvö hefti 24. árgangs tímaritsins Uppeldis og menntunar. Ritið var fyrst gefið út árið 1992 af Kennaraháskóla Íslands en hefur nú í nokkur ár verið gefið út af Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Tímaritið er fyrst og fremst vettvangur fræðilegrar umfjöllunar um uppeldi, skólastarf og málefni fatlaðs fólks. Einnig fara þar fram skoðanaskipti og umræða um álitaefni er varða starfshætti og stefnumótun fyrir mennta- og uppeldisstofnanir og þjónustu við fatlað fólk. Ritstjórar voru þau Guðrún V. Stefánsdóttir dósent og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor. Auk þeirra voru í ráðgefandi ritnefnd á árinu þau Amalía Björnsdóttir dósent, Freyja Birgisdóttir dósent,

Guðmundur Heiðar Frímannsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, Helga Rut Guðmundsdóttir dósent og Ólafur Páll Jónsson dósent (öll nema Guðmundur Heiðar starfa við Menntavísindasvið Háskóla Íslands). Ritstjórar og ráðgefandi ritnefnd tímaritsins vinna stöðugt að því að efla tímaritið og bæta það og tekur nú við handritum á ensku, auk íslensku, sem hefur í för með sér að hægt er að sækja ritrýni langt út fyrir landsteinana.

**Netla – veftímarit um uppeldi og menntun**
Á árinu komu út 16 greinar í tímaritinu Netla – veftímarit um uppeldi og menntun. Ritið var fyrst gefið út árið 2002 af Kennaraháskóla Íslands en hefur nú í nokkur ár verið gefið út af Menntavísindaviði. Tilgangurinn með útgáfu þess er að skapa vettvang fræðilegrar og faglegrar umræðu um uppeldis- og menntamál á Íslandi. Ritstjórar tímaritsins voru þau Þuríður Jóhannsdóttir dósent (fyrir íslenskar greinar), Róbert Berman dósent (fyrir enskar greinar) og Torfi Hjartarson lektor (fyrir faglegan frágang). Auk þeirra voru í ráðgefandi ritnefnd: Anna Björk Sverrisdóttir (ÞÞFÍ), Arndís Þorgeirsdóttir (KÍ), Guðrún Geirsdóttir dósent og Ólöf Garðarsdóttir prófessor, þær tvær síðarnefndu frá Menntavísindasviði. Alls bárust 34 greinar á árinu til tímaritsins, þar af voru 29 greinar færðar til afgreiðslu í ritstjórn og fimm færast milli ára. Birtar voru á árinu tíu ritrýndar greinar og sex ritstýrðar greinar en ritstjórn hafnaði ellefu greinum á árinu.

**Netla – veftímarit um uppeldi og menntun – sérrit**
Netla gaf út tvö sérrit, þemarit, á árinu. Annars vegar var það sérritið Hlutverk og menntun þroskaþjálfa. Í ritstjórn þess voru Hafdís Guðjónsdóttir (ritstjóri), Atli Vilhelm Harðarson og Anna Kristín Sigurðardóttir. Auk þess starfaði Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir, verkefnastjóri við Menntavísindastofnun, með ritstjórn. Greinar í því voru átta talsins, þar af sjö ritrýndar og ein ritstýrð. Hitt sérritið sem var gefið út á árinu var Um útinám. Kristín Björnsdóttir og Steingerður Ólafsdóttir ritstýrðu því. Sex greinar voru því, þar af fimm ritrýndar. Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir annaðist verkefnisstjórn með báðum útgáfunum og Torfi Hjartarson sá um uppsetningu og frágang greina. Alls voru fjórtán greinar sendar inn í bæði ritin samtals.

# Helstu þættir í starfsemi sviðsins á árinu

## Háskóladagurinn

Háskóli Íslands bauð landsmönnum í heimsókn þann 28. febrúar þar sem boðið var upp á ótal viðburði, kynningar og ýmsar uppákomur. Nemendur og kennarar Menntavísindasviðs tóku á móti gestum og kynntu námsframboð við sviðið. Kynningin fór fram á Háskólatorgi.

## Kynningarfyrirlestur

Þann 19. nóvember hélt Ólafur Páll Jónsson, nýskipaður prófessor í heimspeki við Menntavísindasvið, kynningarfyrirlesturinn Kúnstin að vera klofstuttur. Fyrirlesturinn var haldinn í Bratta.

## Lego-keppni grunnskólanemenda

Lego-keppni grunnskólanema, First Lego League hönnunarkeppnin, var haldin tvisvar árið 2015 vegna skipulagsbreytinga. Sú fyrri fór fram í Háskólabíói laugardaginn 31. janúar og sú seinni laugardaginn 12. nóvember. Hátt í 200 grunnskólanemar skráðu sig til leiks í báðum keppnunum sem voru í umsjá Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, Menntavísindasviðs og markaðs- og samskiptasviðs háskólans.

## Framadagar

Fulltrúar Menntavísindasviðs tóku þátt í framadögum háskólanna sem fóru fram í Háskólanum í Reykjavík 11. febrúar. Framadagar eru árlegur viðburður í háskólalífinu þar sem nokkur af helstu fyrirtækjum og stofnunum landsins kynna starfsemi sína fyrir háskólanemendum. Í hópi þeirra er Háskóli Íslands og kynntu fulltrúar hans bæði nám og störf við skólann. Stúdentasamtökin AIESEC skipuleggja framadaga á hverju ári.

## Tómstundadagurinn

Ráðstefnan Tómstundadagurinn var haldinn í fyrsta sinn þann 20. mars 2015 í húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð. Tómstundadeginum er ætlað að vekja athygli á því sem efst er á baugi hverju sinni í tómstundastarfi og óformlegu námi barna og unglinga.

Fagfólk sem vinnur á vettvangi frístundaheimila flutti erindi á tómstundadeginum. Auk Menntavísindasviðs tóku fulltrúar sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samfés og Félags fagfólks í frítímaþjónustu þátt í að móta ráðstefnuna.

## Nýnemakynning

Mánudaginn 24. ágúst var tekið á móti nýnemum í grunnnám við Menntavísindasvið. Dagskráin var í Skriðu og hófst með ávörpum forseta sviðsins og fulltrúa nemenda.

## Menntakvika – árleg ráðstefna Menntavísindasviðs

Árleg ráðstefna Menntavísindasviðs, Menntakvika, var haldin föstudaginn 2. október. Undirtitill ráðstefnunnar er ætíð Rannsóknir, nýbreytni, þróun. Lögð var áhersla á samræðu milli rannsakenda og vettvangs við undirbúning ráðstefnunnar, sem tókst afar vel. Fjölbreytt efni var til umræðu í 192 fyrirlestrum og þrettán veggspjaldaerindum í 51 málstofu, þar sem fjallað var um nýja tækni í kennslu, sjálfbærni, nýsköpun, námserfiðleika, orðaforða og læsi, núvitund, hreyfingu og heilsu, tungumálakennslu o.s.frv. Þátttakendur á ráðstefnunni komu frá öllum fræðasviðum Háskóla Íslands, auk Háskólans á Akureyri, Listaháskólans, Háskólans í Reykjavík og Bifrastar. Fjölbreytnin á ráðstefnunni sýnir hversu fræðasviðið er víðtækt og viðamikið. Ráðstefnan stækkar ár frá ári og hópurinn sem sótti ráðstefnuna 2015 var afar fjölmennur og margar stofur fylltust.

Megintilgangur Menntakviku er að skapa vettvang til að kynna nýbreytni í rannsóknum og þróunarstarfi innan fræðasviðsins, á tengdum fræðasviðum og í skólum landsins og að auka tengsl á milli þeirra sem tengjast fræðasviðum Menntavísindasviðs.

## Ritver Menntavísindasviðs sex ára

Ritver Menntavísindasviðs er miðstöð þekkingar, þjónustu og rannsókna á sviði fræðilegra skrifa, bæði fyrir stúdenta og kennara. Ritverið hélt upp á sex ára afmæli sitt 30. nóvember. Frá stofnun hefur ritverið dafnað jafnt og þétt en þó með vaxtarkippum.

## Viljayfirlýsing Menntavísindasviðs og Þroskaþjálfafélag Íslands

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands undirrituðu viljayfirlýsingu um faglegt samstarf í október. Í viljayfirlýsingunni er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskaþjálfa. Samstarfið skal sérstaklega taka til símenntunar og framhaldsmenntunar fagstéttarinnar.

## Samstarfssamningur Menntavísindasviðs og Endurmenntunar

Menntavísindasvið og Endurmenntun Háskóla Íslands gerðu með sér samstarfssamning um sameiginleg starfsþróunarnámskeið í október. Um er að ræða samning um óeiningarbær starfsþróunarnámskeið fyrir starfsfólk í uppeldis- og menntunarstörfum. Markmið samningsins er að auka framboð námskeiða og gera það sýnilegra.

## Doktorsvarnir

Átta doktorsvarnir fóru fram á Menntavísindasviði á árinu.

- Ásrún Matthíasdóttir varði doktorsritgerð sína Eftir að skjárinn er ræstur… 19. janúar við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Markmið rannsóknaverkefnisins er að öðlast skilning á áhrifum upplýsinga- og samskiptatækni á menntun í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar. Sjónum er beint að því hvernig kennarar nota upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu sinni og hvernig nemendur læra í umhverfi sem styður notkun á upplýsinga- og samskiptatækni. Í þeim tilgangi voru skoðuð áhrif upplýsinga- og samskiptatækni á viðhorf og skoðanir kennara og nemenda rannsökuð, svo og kennsluaðferðir. Útgangspunktur rannsóknarinnar var notkun upplýsinga- og samskiptatækni í styðjandi skólaumhverfi og dæmi um framsækna notkun upplýsinga- og samskiptatækni í hefðbundnu umhverfi. Um er að ræða tilviksrannsókn (e. case study research), þar sem tilvikið er einn íslenskur framhaldsskóli, Menntaskólinn í Kópavogi, sem hafði mótað sér metnaðarfulla stefnu í þessum málum. Rannsóknin sýndi afar fjölþætta notkun upplýsingatækninnar í kennslunni þótt hún væri almennt innan ramma hefðarinnar. Nemendur notuðu tölvurnar mikið og almennt eins og til stóð en notkunin var í sjálfu sér einföld. Höfundurinn dregur fram fjóra þætti, byggða á niðurstöðunum og fræðilegum bakgrunni verksins, sem kanna ætti frekar. Í fyrsta lagi ætti að draga betur fram og skoða menntunarþáttinn. Það felur í sér að gaumgæfa hin ýmsu rök fyrir notkun upplýsinga- og samskiptatækni og æskilegar skoðanir, viðhorf, gildi og kennslufræðilega þekkingu, sem eru grundvallaratriði í árangursríkri beitingu upplýsinga- og samskiptatækni í menntun. Í öðru lagi ætti að kanna notkunarþáttinn, en stöðug tækniþróun krefst hraðrar nýsköpunar og nýtingar nýrra möguleika. Í þriðja lagi er nauðsynlegt að rannsaka þjálfunarþáttinn og hvernig honum er sinnt, en tæki sem notuð eru við upplýsinga- og samskiptatækni bjóða stöðugt upp á nýja möguleika og tækifæri sem bæði kennarar og nemendur þurfa að vera þjálfaðir í að nýta í starfi sínu. Í fjórða lagi ætti að rannsaka þróunarþáttinn og hvernig honum er sinnt, en áhersla á upplýsinga- og samskiptatækni í menntun er viðvarandi ferli sem mun ekki þrífast án stöðugrar nýbreytni og stuðnings við hana. Andmælendur við vörnina voru Kristiina Kumpulainen, prófessor við Háskólann í Helsinki, og Gráinne Conole, prófessor við Háskólann í Leicester. Leiðbeinendur doktorsefnisins voru Jón Torfi Jónasson, prófessor við Háskóla Íslands, og Sólveig Jakobsdóttir, dósent við Háskóla Íslands. Auk þeirra sat Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, í doktorsnefndinni. Ólafur Páll Jónsson, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni.

- Birna María B. Svanbjörnsdóttir varði doktorsritgerð sína í menntavísindum, Forysta og teymisvinna í nýjum skóla: Þróun lærdómssamfélags, 26. mars við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Um er að ræða starfendarannsókn í nýjum grunnskóla í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins sem felur í sér samstarf bandavinar og tveggja skólastjórnenda í 3½ ár. Matshluti starfendarannsókna var notaður til að fylgjast með þróun mála. Meginrannsóknarspurningarnar voru: a) Hvaða merkingu hefur forysta til náms í þróun starfshátta í nýjum skóla? Og b) Hvað styður og hvetur til forystu til náms? Forysta til náms vísar til þess stuðnings sem stjórnendur keppast við að veita við þróun lærdómssamfélags í skólanum. Mismunandi stigum rannsóknarinnar var lýst og þau rædd í fjórum fræðigreinum. Meginmarkmið fyrstu greinarinnar var að draga fram og öðlast skilning á þeim viðfangsefnum sem taka þurfti á í upphafi starfs hins nýja skóla. Í annarri greininni beindist athyglin að einstaklingsmiðun sem markmiði í lærdómssamfélagi. Þriðja greinin rýnir í hvernig skólinn efldi

teymisvinnu sem tæki til samstarfs og starfsþróunar. Fjórða greinin varpar ljósi á og metur hvaða áhrif sá stuðningur sem skólastjórnendur veittu starfsfólki hafði á nemendur, foreldra, stuðningsfulltrúa og skólaliða. Ein mikilvæg niðurstaða er sú að skólinn tókst vel á við þá áskorun sem fólst í að „læra til að vera“ sem einn þeirra hornsteina náms sem UNESCO hefur skilgreint. Það var gert með teymisvinnu sem leiðandi afli samvinnu og starfsþróunar í skólanum. Skólinn stendur frammi fyrir þeirri áskorun að þurfa að finna leiðir til að efla nám, teymisvinnu og vöxt allra meðlima skólasamfélagsins. Ein helsta niðurstaða rannsóknarinnar, og hvað markverðasta framlag hennar, er að skólinn hefur mótað hjá sér samstarf og stuðning þar sem þátttakendum gafst tími og svigrúm til að efla fagmennsku sína á vinnustað sínum og á vinnutíma. Tvö ný og sterk einkenni lærdómssamfélags komu í ljós í hinum nýja skóla: annars vegar vel skipulögð teymisvinna og hins vegar formlegar samræður um ýmis trúnaðarmál á teymisfundum. Andmælendur voru Jorunn Møller, prófessor við Háskólann í Osló, og Ulf Blossing, dósent við Háskólann í Gautaborg. Leiðbeinendur voru Marey Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið, og Guðmundur Heiðar Frímannsson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Auk þeirra sat Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við Menntavísindasvið, í doktorsnefndinni. Ólafur Páll Jónsson, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni.

- Hrund Þórarins Ingudóttir varði doktorsritgerð sína, Uppeldissýn feðra: Fyrirbærafræðileg rannsókn, 19. maí við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Meginmarkmið ritgerðarinnar var að öðlast dýpri þekkingu og skilning á uppeldissýn feðra, gildum þeirra, markmiðum og leiðum. Auk þess var skoðað hvernig lífsreynsla þeirra tengist uppeldissýn þeirra. Annað markmið rannsóknarinar var að þróa nýtt greiningarlíkan byggt á líkani Sigrúnar Aðalbjarnardóttur af uppeldis- og menntunarsýn kennara og skólastjórnenda í því augnamiði að auka skilning okkar á uppeldissýn feðra. Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar var bæði sóttur til félagslegrar hugsmíðahyggju og vistfræðilegs sjónarhorns í anda vistfræðikenningar Bronfenbrenners. Við greiningu gagna var beitt fyrirbærafræðilegri nálgun. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að gildin sem feðurnir í rannsókninni hafa að leiðarljósi við uppeldi barna sinna séu: öryggi, ást og umhyggja, heiðarleiki, virðing, traust og gildi fjölskyldu. Velferð barnanna gengur eins og rauður þráður í gegnum markmið feðranna: Þeir vilja að börnin spjari sig vel, einkum að því er snertir hamingju og velgengni. Þeir vilja að börn þeirra séu sátt við sjálf sig og lífið, séu hæf í samskiptum, fylgi reglum og venjum, lifi heilbrigðu lífi og geti staðið á eigin fótum. Það að veita börnunum öryggi, ást og umhyggju er ráðandi þema í uppeldisleiðum feðranna. Þeir segjast vilja vera til staðar fyrir barnið, vera fyrirmynd, veita endurgjöf, upplýsa, veita frelsi og halda aga. Í stuttu máli leggja þeir mikla áherslu á ást og umhyggju og frelsi (frjálsræði, sjálfræði og sjálfstæði) og öryggi og mörk. Lífsreynsla feðranna tengist uppeldissýn þeirra og þeir þrá að standa sig betur en feður þeirra gerðu: Þeir vilja vera virkari við uppeldi barna sinna og hafa betra samband við þau. Þeir vilja verja meiri tíma með börnum sínum, vera tilfinningalega nánari þeim og eiga fleiri og innihaldsríkari samræður við þau en þeir sjálfir áttu með feðrum sínum. Algengast er að mæður (þ.e. þeirra eigin móðir og barnsmóðir þeirra) séu fyrirmyndir þeirra við uppeldið. Menning, félagslegar aðstæður og sögulegt samhengi, svo sem gildi samfélagsins, íslensk löggjöf, velferðarkerfið, fjölmiðlar, tíðarandi og hefðir tengjast einnig sýn þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að vera mikilvægt framlag til rannsókna á föðurhlutverkinu og uppeldissýn feðra. Einnig ættu niðurstöðurnar að vera gagnlegar við stefnumótun foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf og upplýsandi fyrir stjórnendur og aðra fagaðila á þessu sviði. Andmælendur voru Thomas Johansson, prófessor við Gautaborgarháskóla, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Menntavísindasvið. Aðrir í doktorsnefndinni voru Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið, og W. Andrew Collins, prófessor við Minnesota-háskóla í Bandaríkjunum. Ólafur Páll Jónsson, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni.

- Anh-Dao Katrín Tran varði doktorsritgerð sína, Námstækifæri barna í leikskóla. Óvirkjuð auðlind eða ófullkomnir ‘útlendingar’: Nemendur af víetnömskum uppruna í íslenskum framhaldsskólum, þann

26. ágúst við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Um leið og lýðfræðilegar rætur Íslendinga verða fjölbreyttari breytist samsetning nemendahópsins í framhaldsskólum landsins. Tilgangur þessarar rannsóknar, sem byggist einmitt á kenningum fjölmenningar-menntunarfræðinnar, er að leita skilnings á hugtakinu jafnrétti og athuga hversu vel íslenska skólakerfinu hefur tekist að tryggja jafnan rétt ungs fólks úr þjóðernisminnihlutahópum. Fjölmenningarmenntunarfræðin gengur út frá að allir séu teknir með, að gerð sé krafa um að fjölbreytileiki sé metinn að verðleikum og að allir njóti jafnra tækifæra án tillits til kyns, trúar, lífsskoðana, þjóðernis, kynþáttar, félagslegrar stöðu, fötlunar og fleiri þátta. Aðferðafræði rannsóknarinnar og rannsóknaráætlunin sjálf eru byggð á gagnrýninni þátttökuathugun, sem beitt er til að varpa ljósi á stefnumarkandi skjöl og greina viðtöl við stjórnendur, kennara og nemendur. Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru þrjár. Í fyrsta lagi eru færð rök fyrir því að þótt lög, reglugerðir og námskrá, sem mynda grunn fyrir kennslu og aðlögun nemenda úr hópi innflytjenda, geri að nokkru leyti ráð fyrir að Ísland sé orðið fjölmenningarsamfélag, þá sé með þessum þáttum einblínt í of ríkum mæli á vankunnáttu þessara nemenda í íslensku máli og vanþekkingu á íslenskri menningu í staðinn fyrir að viðurkenna eigin þekkingu þeirra og menningu og hvernig þessir þættir geta eflt þau og orðið þeim til framdráttar við námið. Í öðru lagi er sýnt fram á að kennarar hafi gert sitt besta með því að prófa sig áfram og læra af reynslunni enda þótt auðlindir séu af skornum skammti og þekking á kennslufræðilegum æfingum, mótuðum af heimspeki fjölmenningar-menntunarfræðinnar, lítil. Í þriðja lagi er lýst hvernig reynsla nemenda innan úr skólunum er mótuð með beinum hætti af þeirri stefnu og skólamálaumræðu sem ríkti á skólatíma þeirra; þrátt fyrir að þeir beri hlýjar tilfinningar til kennara sinna fyrir að gera sitt besta finna nemendurnir fyrir veikleikum sínum vegna lítillar tungumálakunnáttu og félagslegrar einangrunar frá innfæddum samnemendum sínum. Í rannsókninni er lagt til að hugtökin fjölmenning og fjölbreytni séu notuð með skýrum hætti í skjölum sem snerta stefnumótun stjórnvalda og umræður og orðfæri sem henni tengjast. Kennslufræði þurfi að ná til allra hópa í margbreytilegu samfélagi. Skýr og nákvæm markmið þurfi að setja og uppfylla með fjármagni og efla getu starfsfólks með þjálfun og stuðningi við stjórnendur og kennara. Á vettvangi skólans er þörf á breyttum skilningi. Nemendur úr hópi innflytjenda eru ekki undirmálsfólk heldur ráða þeir yfir ríkulegum auði, menntunarlegum, félagslegum og menningarlegum, sem getur orðið mikilsvert framlag þeirra í náminu. Andmælendur voru Nihad Bunar, prófessor við Háskólann í Stokkhólmi, og Vini Lander, prófessor við Edge Hill University í Englandi. Aðalleiðbeinandi doktorsefnisins var Hanna Ragnarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið, og meðleiðbeinandi Chris Gaine, prófessor við University of Chichester í Englandi. Auk þess sat Gestur Guðmundsson, prófessor við Menntavísindasvið, í doktorsnefndinni. Ólafur Páll Jónsson, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni.

- Sigríður Ólafsdóttir varði doktorsritgerð, sína Þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku, þann 11. september við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Markmið rannsóknarinnar var að kanna þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema með íslensku sem annað tungumál (ísl2), tengsl á milli þessara færniþátta og áhrif mikilvægra bakgrunnsbreyta. Tveir aldurshópar voru prófaðir þrisvar: yngri hópurinn (49 börn) í fjórða, fimmta og sjötta bekk og eldri hópurinn (41 barn) í sjötta, sjöunda og áttunda bekk. Samanburðarhópur jafnaldra með íslensku sem móðurmál (ísl1; 41 barn í yngri hópnum og 55 í þeim eldri) var prófaður samtímis. Vaxandi munur kom í ljós á orðaforða ísl1- og ísl2-barnanna. Yfirburðir ísl1-barnanna komu einnig fram í notkun þeirra á hærra stigs orðaforða, en fjöldi slíkra orða hækkaði með aukinni færni ísl2- og ísl1-barnanna í að setja fram hugmyndir sínar í rituðu máli og færa rök fyrir þeim. Lesskilningur beggja hópanna þróaðist hægt á tímabilinu en ísl1-hópurinn hélt jöfnu forskoti sínu. Íslenskur orðaforði ísl2- og ísl1-barna í fjórða bekk spáði fyrir um gengi í lesskilningi, þannig að þeir sem höfðu mestan orðaforða juku stigafjölda sinn á lesskilningsprófunum hraðar en þeir sem sem höfðu minnstan orðaforða. Því eldri sem ísl2-nemendurnir voru þegar þeir komu til landsins því hraðar juku þeir stigafjölda sinn á orðaforða- og lesskilningsprófum. Munur á ísl2-þátttakendum með evrópsk móðurmál og þeim sem eiga móðurmál sem ekki eru evrópsk kom fram á orðaforða- og lesskilningsprófum í öllum bekkjum,

fyrrnefndi hópurinn var alltaf hærri. Færni og lestrarkunnátta í móðurmáli, að mati foreldra, móðurmálskennsla og menntunarstig móður höfðu hvorki áhrif á orðaforða og lesskilning ísl2-barnanna, né á hversu hratt sú færni þróaðist. Andmælendur voru Anne R. Vermeer, prófessor við Tilburg-háskóla í Hollandi, og Jóhanna Thelma Einarsdóttir, dósent við Menntavísindasvið. Aðalleiðbeinandi doktorsefnisins var Freyja Birgisdóttir, dósent við Menntavísindasvið, og meðleiðbeinendur Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði, og Hetty Roessingh, prófessor við Háskólann í Calgary í Kanada. Auk þess sat Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun, í doktorsnefndinni. Ólafur Páll Jónsson, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni

- Kristín Norðdahl varði doktorsritgerð sína, Útiumhverfið í námi barna, þann 13. október við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Ritgerðin greinir frá rannsókn sem hafði að meginmarkmiði að rannsaka hlutverk útiumhverfis í námi barna. Í því skyni voru gerðar voru fjórar hlutarannsóknir. Í fyrstu hlutarannsókninni var athugað hvað einkenndi orðræðu um hlutverk útiumhverfis í námi barna í stefnuskjölum yfirvalda, bæði á landsvísu og í einstökum sveitarfélögum. Í annarri hlutarannsókninni voru hugmyndir kennara um hlutverk útiumhverfis athugaðar. Í þriðju hlutarannsókninni voru hugmyndir barna og óskir um hvað þau vildu gera úti athugaðar. Í fjórðu hlutarannsókninni var athugað hvernig kennarar notuðu útiumhverfið í námi barna. Niðurstöðurnar benda til að stefnumótendur, kennarar og börn meti útiumhverfi mikils sem námsumhverfi. Fjögur meginþemu um hlutverk útiumhverfis í námi barna mátti sjá í öllum hlutarannsóknunum. Útiumhverfið var álitið og notað sem staður til að: (a) ýta undir leik og nám barna, (b) efla líkamlega og andlega vellíðan barna, (c) taka áhættu og finna fyrir öryggi og (d) hafa áhrif á viðhorf barna til umhverfisins. Á óvart kom þögn um útiumhverfi sem námsumhverfi skóla í lögum og reglugerðum, svo og áhersla sveitarfélaga á að ýta undir stolt íbúa af umhverfinu. Einnig kom í ljós að umræðan um útiumhverfi tengdist ekki öllum þeim þáttum sem taldir eru mikilvægir í námi barna, svo sem kyngervi þeirra, mismunandi bakgrunni eða ólíkri getu þeirra. Andmælendur voru Margaret Kernan, forstöðumaður Tilburg International Child Development Initiatives í Leiden í Hollandi, og Tim Waller, prófessor við Anglia Ruskin háskólann í Bretlandi. Aðalleiðbeinandi doktorsefnisins var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor á Menntavísindasviði, og meðleiðbeinandi Jóhanna Einarsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði. Auk þeirra sat Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent við Menntavísindasvið, í doktorsnefndinni. Ólafur Páll Jónsson, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni.

- Hrönn Pálmadóttir varði doktorsritgerð sína, Samfélag í leik: Sjónarhorn ungra leikskólabarna á tengsl, gildi og hlutverk, 30. október við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Markmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á sjónarhorni leikskólabarna á samfélag sitt eins og það kemur fram í leik. Rannsóknin var í fjórum hlutum þar sem sjónum var beint að mikilvægum þáttum sem tengjast samfélagi barna í leik. Þátttakendur voru börn á tveimur deildum í einum leikskóla, eins til þriggja ára gömul. Í fyrsta hluta rannsóknarinnar var kannað hvernig börnin leituðu eftir samskiptum við félaga sína í leik. Annar hluti rannsóknarinnar fjallaði um tjáningu barnanna á gildum og hvernig þau leystu átök sem urðu í leiknum. Þriðji hlutinn beindist að því að skoða skilning barnanna á hlutverki starfsmanna í leik þeirra. Loks snerist fjórði hluti rannsóknarinnar um aðferðafræðilegar áskoranir í rannsóknarferlinu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að í augum barnanna væri þátttaka í leik mikilvæg en jafnframt gat hún verið erfið áskorun. Þegar börnin sköpuðu merkingu í leik var líkamleg tjáning þungamiðja samskiptanna. Þrjú lykilþemu, sem fólu í sér andstæð sjónarhorn, birtust í samskiptum barnanna. Samfélag barnanna í leik var vettvangur fyrir: (a) tengsl og höfnun, (b) skuldbindingu eða ójöfn valdatengsl, (c) nálægð og fjarlægð. Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta meðal annars að í umræðu um þróun leikskóla og hlutverk þeirra í samfélaginu þarf að taka mið af reynslu og sjónarhorni barna á daglegt líf sitt í leikskóla. Ekki er nóg að horfa aðeins til metnaðarfullra opinberra gagna um menntunarleg markmið eða viðhorfa leikskólakennara til samskipta barna í leik. Andmælendur við vörnina voru Alison Clark, prófessor við Institute of Education við Lundúnaháskóla, og Anette Sandberg, prófessor við

háskólann í Mälardalen í Svíþjóð. Leiðbeinandi doktorsefnisins var Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands meðleiðbeinandi Eva Marianne Johansson, prófessor við háskólann í Stavanger í Noregi. Auk þeirra sat Sue Dockett, prófessor við Charles Sturt University í Ástralíu í doktorsnefndinni. Ólafur Páll Jónsson, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni.

- Ingibjörg V. Kaldalóns varði doktorsritgerð sína, Stuðningur við sjálfræði nemenda í íslenskum grunnskólum, 27. nóvember við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Markmiðið með rannsókninni var að varpa ljósi á stuðning við sjálfræði nemenda í skólastarfi, öðlast skilning á starfsháttum sem styðja við sjálfræði nemenda og þeim þáttum í skólastarfi sem hindra slíkan stuðning. Sjálfræði er mikilvægur þáttur velfarnaðar samkvæmt jákvæðri sálfræði og sjálfsákvörðunarkenningum sem mynda fræðilegan grunn rannsóknarinnar. Sjónum er beint að starfsháttum í 7.–10. bekk í 20 grunnskólum. Notaðar eru spurningalistakannanir, vettvangsathuganir og hálfopin viðtöl við nemendur og kennara. Niðurstöður eru í meginatriðum þær að stuðningur við sjálfræði er víða lítill og ekki í samræmi við það sem Aðalnámskrá grunnskóla, grunnskólalög og alþjóðasamþykktir kveða á um. Á hinn bóginn er mikill munur milli skólanna á því hvernig stutt er við sjálfræði. Mikill munur reyndist bæði á kennslu- og starfsháttum og einnig á viðhorfum í skólum eftir því hversu ríkulega kennarar studdu við sjálfræði nemenda – sem endurspeglaðist í ólíkri skólamenningu og formgerð skólastarfsins. Rannsóknin staðfestir tengsl stuðnings við sjálfræði og velfarnaðar. Varpað er ljósi á ýmsa ytri þætti sem kennarar telja að hindri þá í því að styðja við sjálfræði nemenda, svo sem kerfislegar kröfur, takmarkaðar bjargir og ósveigjanlegt skipulag. Hugmyndalegar hindranir sem tengdust námi og skólastarfi vógu þó þyngra. Við þurfum að efla þekkingu með kennurum og nemendum á formgerð sem greiðir fyrir eflingu sjálfræðis nemenda. Skólamenning sem leggur megináherslu á fræðslu og getu nemenda heldur einnig aftur af breytingum og hindrar stuðning við sjálfræði. Fræðilegar niðurstöður ættu að vera mikilvægt framlag fyrir vettvanginn, gagnlegar fyrir starfandi kennara, skólastjórnendur og þá sem starfa við kennaramenntun. Andmælendur við vörnina voru Kristján Kristjánsson, prófessor við Háskólann í Birmingham á Englandi, og Jón Torfi Jónasson, prófessor við Menntavísindasvið. Aðalleiðbeinandi doktorsefnisins var Ragnhildur Bjarnadóttir, prófessor við Menntavísindasvið, og meðleiðbeinandi Gretar L. Marinósson, prófessor við Menntavísindasvið. Auk þeirra sat Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið, í doktorsnefndinni. Ólafur Páll Jónsson, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni.

## Alþjóðasamskipti

**Erlendir stúdentar og skiptistúdentar**
Á árinu stunduðu samtals 77 einstaklingar með erlent ríkisfang nám á Menntavísindasviði. Þar af voru 42 skiptistúdentar í eitt eða tvö misseri.

**Íslenskir skiptistúdentar**
Íslenskir nemendur af Menntavísindasviði sem stunduðu hefðbundið skiptinám erlendis á árinu voru 13 talsins.

**Starfsmannaskipti**
Nokkrir kennarar og aðrir starfsmenn sviðsins fóru í kennara- og starfsmannaskipti til erlendra samstarfsskóla Menntavísindasviðs á árinu. Starfsmenn nýttu sér aðallega Erasmus- og Nordplus-áætlanirnar í þessu sambandi.

**Erlendir gestir**
- Bharath Sriraman, prófessor í stærðfræði við University of Montana í Bandaríkunum, var gistiprófessor á tímabilinu 23.–29. maí. Tengiliður hennar á sviðinu var Guðbjörg Pálsdóttir dósent.

- Pat Thomson, prófessor í uppeldisfræði við Nottingham-háskóla, var gistiprófessor á tímabilinu 1.–12. febrúar. Tengiliður hennar á sviðinu var Ólöf Garðarsdóttir prófessor.
- Anna-Lena Östern, prófessor við Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet (NTNU) í Þrándheimi, var gistiprófessor á tímabilinu 23.–28. febrúar. Tengiliður hennar á sviðinu var Ása Helga Ragnarsdóttir aðjunkt.
- Susan Walker, dósent við Minnisota-háskóla, var gistiprófessor á tímabilinu 8.–14. mars. Tengiliður hennar á sviðinu var Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor.
- Kari Smith, prófessor við Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet (NTNU) í Bergen, var gistiprófessor á tímabilinu 26.–29. apríl. Tengiliður hennar á sviðinu var Anna Kristín Sigurðardóttir dósent. Síðan kom hún aftur og dvaldi annað tímabil 1.–4. nóvember við sviðið. Þá voru tengiliðir hennar á sviðinu voru Gunnhildur Óskarsdóttir dósent og Lilja Jónsdóttir lektor.
- Sue Docket, prófessor við Charles Sturt University í Ástralíu, var gistiprófessor á tímabilinu 11.–23. maí og aftur frá 18.–31. október. Tengiliður hennar á sviðinu var Jóhanna Einarsdóttir prófessor.

**Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum**
Á kjörsviðinu erlend mál í kennaranámi við Kennaradeild fara námskeið almennt fram á dönsku og ensku. Skiptinemar sækja einnig þessi námskeið, þar með taldir skiptinemar af öðrum fræðasviðum. Einnig var boðið upp á sérsniðið námskeið á ensku fyrir skiptinema, sem og vettvangsnám í skólum.

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er boðið upp á nám sem kennt er alfarið á ensku til BA- og MA-prófs í alþjóðlegu námi í menntunarfræði og eru stúdentar teknir inn í það nám annað hvert ár.

## Rannsóknir

Á Menntavísindasviði eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á sviði menntunar, uppeldis og þjálfunar í þeim tilgangi að skapa nýja þekkingu íslensku samfélagi til hagsbóta. Markmiðið er að efla rannsóknir og leitast við að tryggja að skipulag og þróun íslenskra fræðslu- og menntamála sé byggð á bestu fáanlegu þekkingu hverju sinni.

Menntavísindastofnun er rannsóknastofnun Menntavísindasviðs og eru starfræktar tuttugu og tvær rannsóknastofur undir hatti hennar.

Markmið rannsóknastofanna er að auka og efla rannsóknir á sínu fræðasviði, m.a. með því að auka samvinnu rannsakenda, ekki síst þverfaglega og alþjóðlega, og miðla fenginni þekkingu út í samfélagið, t.d. með ráðstefnum og málþingum. Hér aftar í kaflanum er sérstaklega fjallað um Menntavísindastofnun og einstakar rannsóknastofur.

**Styrkir til rannsókna**
Til rannsókna á árinu hlutu 32 rannsakendur á Menntavísindasviði styrki úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, auk þess sem tveir hlutu styrki úr doktorsjóði Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands, annar eftir svokallaðri b-leið og hinn eftir a-leið.

- Eringur Sigurður Jóhannsson prófessor hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Langtímarannsókn á stöðu heilbrigðisþátta ungra Íslendinga (fæddra 1999): Tengsl við svefn og námsárangur.
- Erla Svansdóttir hlaut nýdoktorastyrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Óskilgreindir brjóstverkir sem ekki eru vegna kransæðasjúkdóma: Algengi og mögulegt meðferðarinngrip.
- Jóhanna Telma Einarsdóttir dósent hlaut framhaldsstyrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Virkni stammeðferðar á eldri börn sem stama: Meðferð stjórnuð af foreldrum með skilyrtri svörun – klínísk rannsókn (II. stig).

- Steinunn Gestdóttir dósent og Freyja Birgisdóttir dósent fengu framhaldsstyrki úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Þróun sjálfstjórnunar við upphaf unglingsára og tengsl við æskilegan þroska og námsgengi.
- Ólafur Páll Jónsson dósent hlaut framhaldsstyrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Gildi í sjálfbærnismenntun.
- Anna-Lind Pétursdóttir dósent o.fl. hlutu framhaldsstyrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Er hægt að auka færni íslenskra nemenda í lestri og stærðfræði með stýrðri kennslu og hnitmiðaðri færniþjálfun? sem er undir stjórn Zuilmu Gabríelu Sigurðardóttur dósents.
- Hanna Ragnarsdóttir prófessor hlaut framhaldsstyrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Námsumhverfi menntunar án aðgreiningar og félagslegs réttlætis: Sögur um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á Íslandi.
- Hópur fræðimanna á sviði undir stjórn Tryggva Thayer verkefnastjóra hlaut sérstyrk frá Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið Samspil 2015.
- Elsa Eiríksdóttir lektor og Jón Torfi Jónasson prófessor hlutu framhalsstyrki frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins Nám í skóla og á vinustað: Hver eru séreinkenni námsferils starfsnámsnemenda i framhaldsskóla?
- Jón Torfi Jónasson prófessor og Kristjana Stella Blöndal, lektor á Félagsvísindasviði, hlutu styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins Hver eru séreinkenni námsferlis starfnámsnemenda í framhaldskóla?
- Erlingur Sigurður Jóhannsson hlaut styrk úr Íþróttasjóði til verkefnisins Heilsuhegðun ungra Íslendinga.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent o.fl. hlutu styrk frá embætti landlæknis til verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskólar.
- Kristján Jóhann Jónsson hlaut styrk úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur fyrir verkefnið Íslenska sem námsgrein og kennslutunga.

Erlendir styrkir fengust til nokkurra rannsóknaverkefna á árinu.

- Jóhanna Einarsdóttir fékk framhaldsstyrk frá Marie Curie Action – International Research Staff Exchange Scheme (IRSES) (FP7-People-2012-IRSES) til verkefnisins POET – Pedagogies of Educational Transitions. Verkefnið er samstarfsverkefni rannsakenda frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Skotlandi, Svíþjóð og Íslandi.
- Framhaldsstyrkur fékkst úr NordForsk-rannsóknaáætluninni Education for Tomorrow til verkefnisins Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Noridic Countries. Hanna Ragnarsdóttir prófessor stýrir verkefninu en um er að ræða samstarfsverkefni milli rannsakenda í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, auk Íslands.
- Framhaldsstyrkur fékkst úr NordForsk-rannsóknaáætluninni Education for Tomorrow til verkefnisins Values Education in Nordic Preschools: Basis of Education for Tomorrow, sem er samstarfsverkefni milli rannsakenda í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og á Íslandi. Jóhanna Einarsdóttir prófessor er hluti af rannsóknahópnum.
- Framhaldsöndvegisstyrkur fékkst úr NordForsk-rannsóknaáætluninni Education for Tomorrow til verkefnisins Justice Through Education (JUSTED). Verkefnið er samstarfsverkefni milli rannsakenda alls staðar á Norðurlöndum. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor stýrir íslenska hluta verkefnisins.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent fékk framhaldsstyrk ásamt Ingu Þórsdóttur, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði, úr NordForsk-rannsóknaáætluninni Education for Tomorrow til verkefnisins ProMeal: Prospects for Promoting Health and Performance by School Meals in Nordic Countries.
- Hafþór Birgir Guðmundsson lektor o.fl. hlutu framhaldsstyrk frá FSS (EFTA) fyrir verkefnið Adapted Physical Activity: Theory and Practice. Samstarfsaðilar við verkefnið eru í Póllandi.
- Freyja Hreinsdóttir dósent hlut framhaldsstyrk frá FSS (EFTA) fyrir verkefnið Improving Quality of Higher Education Based on Development of Multilateral Institutional Cooperation. Samstarfsaðilar við verkefnið eru í Noregi og Slóvakíu.

- Árni Guðmundsson aðjunkt hlaut styrk úr Erasmus+ áætluninni til verkefnisins European Network of Youth Work Research TRI Network. Samstarfsaðilar við verkefnið eru í Englandi, Svíþjóð, Austurríki og Noregi.
- Jakob Frímann Þorsteinsson aðjunkt hlaut styrk úr Erasmus+ áætluninni til verkefnisins Reflection as Core Transferable. Samstarfsaðilar við verkefnið eru í Belgíu, á Ítalíu og í Litháen.
- Tryggvi Thayer verkefnastjóri hlaut styrk úr Erasmus+ áætluninni til verkefnisins Flipped Learning in Praxis. Samstarfsaðilar við verkefnið eru í Englandi, Þýskalandi, Ítalíu, Slóveníu og Noregi.
- Allyson Macdonald prófessor fékk framhaldsstyrk frá Nordplus-áætluninni til verkefnisins Action for Sustainability in Higher Education in the Nordic Region (ActSHEN).
- Menntavísindastofnun, undir stjórn Kristínar E. Harðardóttur forstöðumanns, var hluti af samstarfshóp, ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem var styrktur úr Erasmus+ áætluninni til alþjóðlega verkefnisins Guidance and Orientation for Adult Learners (GOAL). Aðrir í samstarfshópnum um verkefnið eru í Englandi, Belgíu, Hollandi, Slóveníu, Tékklandi og Litháen.
- Michael Dal lektor fékk framhaldsstyrki úr ýmsum áttum til verkefnisins Læsi og lestur í dönskunámi. Auk þess hlaut hann styrk frá danska menntamálaráðuneytinu til verkefnisins Danskir farkennarar.
- Freyja Hreinsdóttir dósent fékk framhaldsstyrk úr Comeniusar-áætluninni til verkefnisins Dynamical and Creative Mathematics Using ICT.

**Rannsóknamisseri**
Á árinu voru 20 akademískir starfsmenn Menntavísindasviðs í rannsóknamisseri, tólf á vormisseri og átta á haustmisseri. Fjórir þeirra sem fengu úthlutað rannsóknamisseri á haustmisseri fengu úthlutað tveimur misserum, þ.e. einnig vormisseri 2016.

## Bókasafn

Bókasafn Menntavísindasviðs er sérhæft safn á sviði uppeldis, kennslu, umönnunar og þjálfunar. Bókasafnið er til húsa í Hamri við Stakkahlíð en einnig er safndeild við Íþróttafræðasetrið á Laugarvatni. Helstu viðfangsefni safnsins eru að byggja upp og miðla safnkosti sem styður við nám, kennslu og rannsóknir, og kennsla og þjálfun í upplýsingalæsi.

Starfsmenn safnsins eru átta í 6,24 stöðugildum. Forstöðumaður bókasafnsins er Gunnhildur Björnsdóttir.

**Safnkostur**
Safnkostur bókasafns Menntavísindasviðs er fjölbreyttur og telur rúmlega 93 þúsund skráð eintök í Gegni. Innlend og erlend fræðirit, kennslubækur og handbækur vega þyngst en safnið hefur einnig að geyma fagurbókmenntir og fræðirit á flestöllum fræðasviðum. Sérstök áhersla er lögð á varðveislu og aðgengi að ritum um íslensk uppeldis- og menntamál. Bókasafnið býður aðgang að margvíslegu rafrænu efni, svo sem gagnasöfnum, rafrænum tímaritum og bókum, bæði með séráskriftum og í gegnum landsaðgang. Ný aðföng á árinu teljast vera 1769. Þar af eru um 339 lokaverkefni nemenda og 102 tímarit í áskrift.

**Skemman**
Skemman er rafrænt gagnasafn fyrir lokaverkefni og rannsóknarrit kennara og fræðimanna háskólanna. Frá árinu 2007 til ársloka 2015 hafa 2864 lokaverkefni nemenda á Menntavísindasviði verið vistuð þar og er aðgangur opinn að þeim flestum. Þar hafa einnig verið vistaðar 368 greinar eftir kennara sviðsins, í tímaritum og ráðstefnuritum.

**Kennslugagnasafn**
Bókasafnið á og lánar út allt námsefni grunnskóla og boðið er upp á kynningar á kennsluefni fyrir vettvangsnám í samvinnu við kennara. Í kennslugagnasafni er uppi sýning á námsefni sem notað er í grunnskólum landsins.

**Útlán**
Heildarfjöldi útlána á árinu samkvæmt Gegni var 13.309. Inn í þá tölu vantar notkun á rafrænum bókum og handbókum á Háskólanetinu. Endurnýjanir bókaútlána voru 22.262. Einnig voru sóttar 1.388 greinar úr 14 tímaritum sem einungis eru keypt rafræn í séráskrift. Þá eru ótaldar aðrar greinar sem fást gegnum landsaðgang eða eru aðgengilegar með öðrum hætti rafrænt.

**Þjónusta**
Starfsfólk bókasafnsins veitir aðstoð og leiðbeinir um heimildaleit í gagnasöfnum og handbókum. Kennurum, fræðimönnum og rannsóknastofum við skólann er boðin margþætt þjónusta sem styður við menntarannsóknir. Má þar nefna árvekniþjónustu úr rafrænum tímaritum og gagnagrunnum. Lögð er áhersla á að fjarnemar, búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, njóti sambærilegrar þjónustu og aðrir nemendur.

Bókasafn Menntavísindasviðs útvegar notendum sínum í millisafnaláni ljósrit af greinum sem ekki eru til í safninu og/eða rit frá erlendum bókasöfnum og söfnum utan höfuðborgarsvæðisins. Safnið fékk á árinu 425 rit að láni og lánaði 128.

**Notendafræðsla**
Eitt af meginmarkmiðum safnsins er að efla upplýsingalæsi notenda. Kynningar og fræðsla um öflun og skráningu heimilda er því mikilvægur þáttur starfseminnar, oft í samvinnu við ritver Menntavísindasviðs.

Safnið stendur fyrir notendafræðslu á mismunandi námskeiðum ýmist í samvinnu við kennara, í samstarfi við ritver eða upp á eigin spýtur. Þá er boðið upp á námskeið og kynningar ætlaðar afmörkuðum hópum, t.d. framhaldsnemum og kennurum, vegna lokaverkefna, auk einkakennslu. Alls nutu um 1350 nemendur notendafræðslu í einhverri mynd á árinu. Leiðbeiningar um heimildaleit og heimildaskráningu eru einnig á vef safnsins, bokasafn.hi.is.

**Samstarf**
Bókasafnið á gott samstarf við önnur bókasöfn Háskóla Íslands og ritver Menntavísindasviðs. Starfsmenn safnsins taka þátt í ýmsu samstarfi meðal bókasafna. Safnið á fulltrúa í vinnuhópi um upplýsingalæsi meðal háskólabókasafna, verkefnisstjórn Skemmunnar og bókasafnshópi NUAS (Det nordiska universitetsadministratorssamarbetet). Þá er starfsmaður safnsins fulltrúi Upplýsingar – Félags bókasafns- og upplýsingafræða – í Íslenskri málnefnd.

Góð samvinna er við Menntavísindastofnun (áður Námsgagnastofnun) og í samvinnu við hana eru í safninu settar upp kynningar á námsefni einstakra námsgreina, auk standandi sýningar á öllu námsefni grunnskóla.

## Menntamiðja

Menntamiðja er samstarfsvettvangur sem ætlaður er að styðja við starfssamfélög skólafólks. Menntamiðja var formlega stofnuð í október 2012 með undirritun viljayfirlýsingar samstarfsaðila: mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Menntamiðja starfar náið með sjálfsprottnum grasrótarsamfélögum skólafólks, svokölluðum torgum, og er tengiliður milli þeirra og fræðasamfélags háskólanna.

Í lok árs 2015 endurnýjuðu samstarfsaðilar viljayfirlýsingu um Menntamiðju en án aðkomu Háskólans á Akureyri. Nýja viljayfirlýsingin er til þriggja ára og hafa samstarfsaðilar skuldbundið sig til að koma með beinum hætti að starfsemi Menntamiðju og tryggja þannig áframhaldandi rekstur hennar til næstu þriggja ára.

Á árinu 2016 lauk tveimur stórum verkefnum, annars vegar fræðsluátakið Samspil 2015 um notkun upplýsingatækni í námi og kennslu og hins vegar Erasmus+ verkefni um vendinám, sem Keilir stýrði. Á sama tíma hafa bæst við ný verkefni og er þar helst að nefna tvö Erasmus+ verkefni sem Menntamiðja er samstarfsaðili í; Building a Culture of Social Innovation in Higher Education, sem Collegium Civitas í Póllandi stýrir, og Practical Entrepreneurial Assessment for Teachers, sem Menntavísindasvið HÍ stýrir. Í báðum verkefnunum er framlag Menntamiðju helst í formi sérþekkingar á notkun upplýsingatækni í tengslum við nám, kennslu og samstarf á netmiðlum.

Auk nýrra verkefna heldur Menntamiðja áfram að styðja við starfsþróun kennara á netmiðlum með ýmsum hætti. Má nefna reglulegar umræður um menntamál á Twitter undir umræðumerkinu #menntaspjall og rekstur fjölda vefsvæða fyrir svokölluð torg sem eru vettvangar fyrir starfssamfélög kennara á ýmsum sviðum. Meðal vefsvæða sem hafa bæst í flóruna á árinu eru Framtíðartorg, um framtíð menntunar og Skólaþræðir, vefrit Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Þessi verkefni, eins og flest verkefni Menntamiðju, eru unnin í nánu samstarfi við skólafólk um allt land.

Nánari upplýsingar á www.menntamidja.is

## Ritver

**Stjórn og starfsfólk**
Ritverið er staðsett í opnu rými innst á bókasafni Menntavísindasviðs – Hamri, og hefur þar til umráða skrifborð, tölvu, síma og bókahillu. Ritverið er í náinni samvinnu við bókasafnið.

Forstöðumaður ritvers er Baldur Sigurðsson dósent. Formaður stjórnar er Hafþór Guðjónsson dósent en aðrir í stjórn eru: Gunnhildur K. Björnsdóttir forstöðumaður bókasafns, Anna María Hauksdóttir verkefnisstjóri, Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent og Karen Rut Gísladóttir lektor. Stjórnin kemur saman einu sinni til tvisvar á misseri en forstöðumaður er í nánu sambandi við formann stjórnar.

Á árinu voru sjö fastir starfsmenn, Baldur Sigurðsson forstöðumaður, og jafningjaráðgjafarnir Hólmfríður Helga Thoroddsen, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Jóhanna G. Ólafsson, Magnea Þ. Ingvarsdóttir, Randi Stebbins og Sigrún Tómasdóttir. Jóhanna G. Ólafsson var forstöðumanni til aðstoðar um daglegan rekstur og skipulag.

Árið 2015 störfuðu við Menntavísindasvið 125 fastráðnir kennarar á breiðu sviði fræða, listsköpunar og starfsgreina. Samkvæmt tölum frá 20.10.2015 voru stúdentar 1966 talsins. Þeir skiptast á þrjár deildir: kennaradeild (977), íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild (436) og uppeldis- og menntunarfræðideild (550). Í hverri deild eru nokkrar námsbrautir. Námið skiptist á tvö stig, grunnnám á bakkalárstigi (1086) og framhaldsnám á meistarastigi (662). Auk þess voru 170 stúdentar í starfs – og viðbótarnámi og 48 í doktorsnámi.

**Regluleg starfsemi**
Meginstarfsemi ritvers er fimmþætt:
- Vefur
- Viðtalsfundir
- Námskeið og vinnustofur
- Verkefnavaka

• Málþing og fyrirlestrar

**Vefur**
Á vegum ritvers eru tveir vefir: Hi-stofnunarvefur með undirsíðum og sérstakur leiðbeiningavefur um meðferð heimilda skv. útgáfureglum APA. Auk þess rekur ritverið sérstaka fésbókarsíðu. Stofnunarvefur ritvers með undirsíðum er miðill hvers kyns upplýsinga, leiðbeininga og fróðleiks um ritun á háskólastigi. Vefurinn er jafnframt andlit ritversins, og vettvangur þar sem hægt er að hafa samband og bóka tíma. Þar og gegnum fésbókarsíðu ritvers eru samskipti við notendur, nýjustu upplýsingar um starfið og fyrirspurnum er svarað. Í upphafi haustmisseris var stofnunarvefurinn uppfærður í Drupal 7, fékk sérstakt lén (http://ritver.hi.is/), og leysti eldri vef af hólmi. Um leið var opnaður nýr og fullkominn tímabókunarvefur (simply.book.me) sem kemur í stað Doodle-bókunarkerfisins.

**Viðtalsfundir**
Skráðar komur á viðtalsfundi árið 2015 voru 946 en auk þess svöruðu starfsmenn ritvers fjölmörgum óskráðum erindum og fyrirspurnum þeirra sem lögðu leið sína á bókasafnið, hringdu eða sendu tölvupóst. Á vormisseri var aðstoð við stúdenta með lokaverkefni í smíðum að vanda kjölfestan í starfseminni en á haustmisseri var aðstoð við námskeiðsverkefni meginverkefnið. Náin samvinna er við kennara á námskeiðunum Talað mál og ritað (10e) og Vinnulag í háskólanámi (5e) þar sem fjallað er um fræðileg skrif og notkun tungumáls á breiðum grundvelli.

Á árinu kom 31 gestur frá öðrum sviðum innan Háskóla Íslands. Þeir voru frá: Félagsvísindadeild (17), Heilbrigðisvísindasviði (4), Hugvísindasviði (4), Verkfræði (3). Auk þess komu tveir stúdentar frá Listaháskóla Íslands og einn frá Háskólanum á Akureyri.

Meginþungi þess stuðnings sem ritverið veitir stúdentum er í tengslum við lokaverkefni á bakkalár- og meistarastigi og í tengslum við námskeið þar sem áhersla er á skrifleg verkefni. Auk þess kappkostar ritverið að vera kennurum innan handar en þeir hafa notfært sér ráðgjöf Randi Stebbins við skrif á ensku.

**Námskeið og vinnustofur**
Í samvinnu við Bókasafn Menntavísindasviðs og ritver Hugvísindasviðs voru haldin örnámskeið um ýmsa þætti fræðilegra skrifa, bæði vor og haust. Margrét Guðmundsdóttir sá um námskeið af hálfu bókasafns en af hálfu ritvers sáu þær Arndís Jónasdóttir, Jóhanna G. Ólafsson og Sigrún Tómasdóttir um námskeiðin auk forstöðumanns. Meyvant Þórólfsson var sérstaklega fenginn til að tala um gerð rannsóknar¬áætlana fyrir meistaranema í október. Flest almenn námskeið um skipulag fræðilegra skrifa, málfar og frágang, voru haldin á Háskólatorgi eða í Þjóðarbókhlöðu þar sem aðsókn hefur verið mun betri þar en í Stakkahlíð.

Veturinn 2014 2015 voru skipulagðar vinnustofur fyrir stúdenta sem voru að vinna að lokaverkefni á Menntavísindasviði. Leiðbeinendur voru Baldur Sigurðsson og Jóhanna G. Ólafsson. Á póstlista skráðu sig 38 nemendur en 22 á lokaða fésbókarsíðu, auk leiðbeinenda. Sá hópur var virkastur. Haldnar voru sjö vinnustofur yfir veturinn og þegar leið á mætti kjarni 8 til 10 stúdenta. Reynt var að fylgja vinnuferlinu eftir eins og kostur var með því að taka fyrir þau atriði sem nemendur voru að glíma við hverju sinni. Í skoðanakönnun að loknum vinnustofunum létu þeir sem mættu í ljós mikla ánægju með framtakið svo ákveðið var að halda verkefninu áfram veturinn 2015 2015. Jóhanna G. Ólafsson tók að sér að skipuleggja og kynna vinnustofurnar.

**Verkefnavaka**
Verkefnavaka, opið hús fyrir alla stúdenta í Háskóla Íslands, var haldin í Stakkahlíð 26. mars í samvinnu við bókasafn Menntavísindasviðs. Starfsmenn og ráðgjafar buðu upp á ráðgjöf og vinnustofur um ýmsa þætti sem tengjast fræðilegum skrifum fram eftir kvöldi líkt og skapandi skrif, samtal höfundar og heimilda og útgáfureglur APA.

**Málþing og fyrirlestrar**
Ritver Mvs skipulagði ekki sérstök málþing á þessu ári.

**Kennsla**
Ráðgjafar hafa undan farin ár tekið að sér kennslu um fræðileg skrif á ýmsum námskeiðinum á Menntavísindasviði og námsbraut í sjúkraþjálfun (á Heilbrigðisvísindasviði) í samvinnu við Sólveigu Ásu Árnadóttur dósent. Sú starfsemi hélt áfram á árinu.

**Heimsókn frá ritveri í Vancouver**
Meghan Aube, forstöðumaður ritvers háskólans í Bresku Kólumbíu (UBC) heimsótti ritverið 31. mars 2015 og átti góðan fund með forstöðumanni, stjórnarformanni og jafningjaráðgjöfum. Einnig tók hún þátt í kennslustund í ritun. Jóhanna hefur haldið góðu sambandi við ritver UBC og miðlað upplýsingum.

**Ritver á Hugvísindasviði**
Ritver Hugvísindasvið í Nýja Garði dafnar vel undir stjórn Jóhannesar Gísla Jónssonar prófessors. Gott samstarf hefur verið milli ritveranna um námskeiðahald, sameiginlegt framboð námskeiða var auglýst á heimasíðum beggja ritvera og samvinna var um verkefnavöku.

**Styrkur frá Vinnumálastofnun**
Ritverið fékk framlag frá Vinnumálastofnun til að ráða starfsmann í tvo mánuði. Sigrún Tómasdóttir var ráðin til að uppfæra vefsíðu ritvers og setja upp nýtt tímabókunarkerfi.

**Þróunarverkefni í Salaskóla**
Salaskóli fékk styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla til að þróa jafningjaráðgjöf við ritun í samráði við forstöðumann ritvers. Verkefnið fólst í að nemendur 9. bekkjar aðstoðuðu nem¬endur í 5. bekk við skrif. Verkefnið fór af stað á vormisseri 2015. Forstöðumaður ritvers tók saman leiðbeiningar handa hinum ungu ráðgjöfum, hitti kennara á fundum, heimsótti vettvang og fékk að kenna nemendum tíunda bekkjar um ritun. Áfangaskýrsla var gerð um vorið en verkefninu lýkur á vormisseri 2016.

**Námskeið fyrir verðandi jafningjaráðgjafa**
Á haustmisseri var í boði námskeið fyrir verðandi jafningjaráðgjafa, Jafningjaráðgjöf og fræðileg skrif. Í upphafi haustmisseris höfðu sex stúdentar skráð sig, tveir hófu námskeiðið en einn lauk því. Leyfi fékkst til að endurtaka námskeiðið á vormisseri 2016.

## Málþing og fyrirlestrar á vegum ritversins

**Málþing um leiðsögn**
Eitt málþing var haldið á vormisseri og var það jafnframt nestisspjall á vegum kennslunefndar. Fjallað var um bakkalárverkefni. Þrír kennarar leiddu spjallið, Baldur Sigurðsson kynnti vefsíðu ritvers og lagði áherslu á þætti sem tengdust kennurum, Kristján Jóhann Jónsson ræddi um verkaskiptingu kennara og nemanda/nemenda og Halla Jónsdóttir fjallaði um rannsóknarspurninguna og afmörkun viðfangsefna.

**Málstofa á Menntakviku**
Ritverið hélt sérstaka málstofu á Menntakviku undir heitinu Stúdentar skrifa. Forstöðumaður greindi frá rannsókn sinni á ágripum í bakkalárverkefnum, Jóhanna G. Ólafsson fjallaði um hvernig heimsóknir í ritverið gera stúdenta að betri höfundum, Hanna Óladóttir fjallaði um málfræði og málnotkun og Rúnar Helgi Vignisson lauk málstofunni með umfjöllun um ritlist í skólastarfi.

**Verkefnavaka**
Verkefnavaka, opið hús fyrir alla stúdenta í Háskóla Íslands var haldin á Háskólatorgi 20. mars. Ritver Menntavísindasviðs tók þátt í verkefninu í samstarfi við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands,

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og ritver Hugvísindasviðs. Fyrirmynd að verkefnavöku er sótt til ritvera í Þýskalandi sem héldu fyrstu vökuna vorið 2010 undir nafninu Lange Nacht der aufgeschobenen Hausarbeiten (e. Long night against procrastination).

**Kerfisviðbót í EndNote á íslensku**
Sigrún Tómasdóttir jafningjaráðgjafi þróaði í samvinnu við Sólveigu Jakobsdóttur dósent kerfisviðbót fyrir EndNote sem skilar tilvísunum og heimildaskrá í samræmi við leiðbeiningar ritvers um útgáfureglur APA á íslensku. Þessi viðbót var samþykkt af Thomson Reuters, framleiðanda EndNote, og er aðgengileg á vef fyrirtækisins (http://endnote.com/downloads/style/apa-6th-icelandic).

**Eyðibýli á Íslandi**
Samstarf við verkefnið Eyðibýli á Íslandi, sem hófst 2013, hélt áfram á árinu. Sumarið 2014 var unnið að skráningu býla í Múlasýslum (6. bindi) og á Suður- og Suðvesturlandi (7. bindi). Þar með er verkefninu lokið. Haldinn var fræðslufundur með stúdentum um gerð texta í júní og þær Arndís Jónasdóttir og Jóhanna G. Ólafsson unnu með stúdentum við skrifin í júní og júlí. Viðtalsfundirnir voru haldnir í ritveri Menntavísindasviðs og á arkitektastofunni Glámu-Kími við Laugaveg.

**Kennsla og yfirlestur handrita**
Ráðgjafar hafa áður tekið að sér kennslu um fræðileg skrif á ýmsum námskeiðinum á sviðinu og á haustmisseri bættist við kennsla á námsbraut í sjúkraþjálfun (á Heilbrigðisvísindasviði) í samvinnu við Sólveigu Ásu Árnadóttur.

Í upphafi árs unnu jafningjaráðgjafar við að lesa yfir greinar til birtingar í ráðstefnuriti Netlu.

**Ráðstefnur erlendis**
Forstöðumaður sótti tvær ráðstefnur á vormisseri, WRAB-2014 (Writing Research Across Borders) í febrúar og CCCC-þingið (Conference on College Composition and Communication) í mars. Þar fjallaði hann um hvernig ágrip nemendaritgerða endurspegla vitund höfunda um sjálfa sig, efnið, fyrirmyndirnar og stofnanamenningu í skólanum.

Sigrún Björk Cortes jafningjaráðgjafi og grunnskólakennari sótti ráðstefnu Samtaka evrópskra ritvera (EWCA, European Writing Center Association), sem haldin var í Frankfurt við Oder í júlí.

**Heimsókn í ritver erlendis**
Jóhanna G. Ólafsson heimsótti ritver við University of British Columbia í desember. Ritverið hefur verið starfrækt í 20 ár og tilheyrir enskudeild skólans. Jóhanna hitti stjórnendur ritversins, þær Meghan Aubé og Bryannie Kirk, sem tóku við í september 2012. Ákveðið var að ritverin tvö myndu koma á sambandi, deila reynslu og segja frá því helsta sem er á döfinni. Meghan ráðgerir að koma til Íslands vorið 2015 og mun þá heimsækja ritver Menntavísindasviðs.

**Annað**
Á árinu hefur ritverið hefur veitt jafningjaráðgjöfum tækifæri til að glíma við fjölbreytt verkefni á sviði ráðgjafar, kennslu og ritunar. Flest verkefnin eru hluti af starfi ritversins en önnur tengjast hlutverki þess þótt þau séu á vegum annarra.

# Deildir fræðasviðsins

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, uppeldis- og menntunarfræðinga, náms- og kennslufræðinga, íþrótta- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfa. Í öllu námi við Menntavísindasvið er lögð áhersla á sterk tengsl við þær stéttir sem sviðið menntar og starfsvettvang þeirra, s.s. skóla og aðrar stofnanir samfélagsins.

Á Menntavísindasviði eru starfandi þrjár deildir: Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild. Auk þess er boðið upp á doktorsnám þvert á deildir.

### Doktorsnám

Doktorsnám á Menntavísindasviði hefur sérstöðu meðal fræðasviða háskólans að því leyti að námið er skipulagt þvert á deildir sviðsins. Námið er í örri þróun og koma margir að uppbyggingu þess undir forystu doktorsráðs.

Hægt er að ljúka doktorsnámi á sviðinu með tvennum hætti:

- • Ph.D.-nám í menntunarfræði, 180–240 e
- • Ed.D.-nám í menntunarfræði, 180 e

Á vegum doktorsráðs voru skipulagðar innlendar og alþjóðlegar málstofur. Málstofurnar voru haldnar reglulega í samvinnu við rannsóknastofur og fræðimenn á Menntavísindasviði þar sem doktorsnemar, ásamt leiðbeinendum, kynntu verkefni sín og rannsóknir. Doktorsnemar skipulögðu enn fremur vorráðstefnu. Fjórir doktorsnemar fóru í áfangamat á árinu. Þeir kynntu rannsóknaverkefni sín á opnum kynningum áður en þau voru metin á lokuðum fundum með matsnefnd.

Vefsíða doktorsnámsins er http://vefsetur.hi.is/mvsdoktorsnam.

### Skipurit Menntavísindasviðs og stofnana þess




# Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

### Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild eru þrjár námsbrautir: Íþrótta- og heilsufræði, tómstunda- og félagsmálafræði, þroskaþjálfafræðibraut.

Íþrótta- og heilsufræði

Formaður námsbrautarinnar í grunnnámi Hafþór B. Guðmundsson lektor og varaformaður Örn Ólafsson lektor. Formaður námsbrautarinnar í framhaldsnámi Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent og varaformaður Guðmundur Sæmundsson aðjunkt. Á haustmisseri tók Guðmundur Sæmundsson stöðu formanns vegna rannsóknamisseris Önnur Sigríðar Ólafsdóttur.

Tómstunda- og félagsmálafræði

Formaður námsbrautarinnar í grunnnámi var Jakob Frímann Þorsteinsson aðjúnkt og varaformaður Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor. Á vormisseri 2015 var formaður námsbrautarinnar í framhaldsnámi Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir lektor og varaformaður Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir. Á haustmisseri 2015 var formaður námsbrautarinnar í framhaldsnámi Steingerður Ólafsdóttir lektor og varaformaður Vanda Sigurgeirsdóttir lektor.

Þroskaþjálfafræði

Á vormisseri 2015 var formaður námsbrautarinnar í grunnnámi Lilja Össurardóttir aðjúnkt og formaður námsbrautinnar í framhaldsnámi var Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir lektor. Á haustmisseri var formaður námsbrautarinnar í grunnnáminu Margrét Ólafsdóttir aðjúnkt og varaformaður var Kristín Lilliendahl aðjúnkt. Í framhaldsnáminu var formaður námsbrautar Guðrún Valgerður Stefánsdóttir dósent.

## Deildarforseti og deildarráð

Ástríður Stefánsdóttir dósent var deildarforseti og Erlingur Sigurður Jóhannsson prófessor var varadeildarforseti.

Deildarráð Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar skipa deildarforseti, varadeildarforseti, formenn og varaformenn námsbrauta, sem og fulltrúar nemenda. Fulltrúar nemenda á vormisseri: íþrótta- og heilsufræði: Salóme Rut Harðardóttir, tómstunda- og félagsmálafræði: Skarphéðinn Magnússon og þroskaþjálfafræði: Óli Freyr Axelsson. Á haustmisseri tókst nemendum ekki að skipa fulltrúa.

## Starfsfólk

Í Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild eru 2 prófessorar, 4 dósentar, 8 lektorar og 14 aðjúnktar, 28 kennarar í 23,68 stöðugildum. Sjö kennarar við deildina stunda doktorsnám.

Kennarar Íþrótta, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

## Nám og kennsla

Deildin brautskráir fagfólk til starfa á ýmsum sviðum samfélagsins eftir þriggja ára grunnnám. Jafnframt því bjóða allar deildir upp á framhaldsnám á sérsviði sínu. Nemendur í íþrótta- og heilsufræði sem hyggjast verða kennarar fá leyfisbréf til kennslu að loknu tveggja ára meistaranámi. Námsbrautir deildarinnar byggja á þverfaglegum grunni og hafa mikið samstarf við aðrar deildir á Menntavísindasviði og önnur fræðasvið Háskóla Íslands. Í því námi sem boðið er upp á hefur ávallt verið áhersla á sterka samfélagsvitund og náið samstarf við vettvang. Atvinnumöguleikar á námi

loknu eru miklir og starfsvettvangurinn fjölbreyttur. Deildin menntar fólk til dæmis til starfa á sviði æskulýðsmála, félagsþjónustu sveitarfélaga, kennslu og skólamála ásamt heilsueflingu og þjálfunar á öllum aldursskeiðum.

Í íþrótta- og heilsufræði er boðið 180e grunnnám til BS-gráðu, 120e framhaldsnám til M.Ed.- eða MS-gráðu og 30 eininga viðbótardiplómu Heilbrigði og heilsuuppeldi. Einnig er íþróttakennurum sem brautskráðust frá Íþróttakennaraskóla Íslands fyrir 1998 boðið 60e viðbótarnám til að ljúka BS-gráðu. Í grunnnámi sérhæfa nemendur sig á öðru tveggja kjörsviðanna Kennari eða Þjálfari. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Kennari ljúka 80e í uppeldis- og kennslufræði og 100e í faggreinum. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Þjálfari ljúka 50e í uppeldis- og kennslufræði og 130e í faggreinum. Lögð er áhersla á að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði íþróttakennslu, heilsuræktar og þjálfunar, m.a. við þjálfun íþróttafólks, þjálfun á heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldraðra og við æskulýðs- og félagsmálastörf.

Meistaranám í íþrótta- og heilsufræði er samstarfsverkefni námsbrautar í Íþrótta- og heilsufræði á Menntavísindasviði og Heilbrigðisvísindasviðs.

Í tómstunda- og félagsmálafræði er boðið 180e grunnnám til BA-gráðu og 120e framhaldsnám til M.Ed.-gráðu. Einnig er hægt að ljúka tómstunda- og félagsmálafræði sem 120e aðalgrein með 60e aukagrein. Lögð er áhersla á að nemendur fái heildarsýn yfir þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og kynnist menningar- og uppeldishlutverki tómstundastarfs. Nám í tómstunda- og félagsmálafræði felur m.a. í sér að nemendur öðlast víðtæka þekkingu og kunnáttu í að skipuleggja, stjórna, framkvæma og meta tómstundastarf fyrir fólk á öllum aldri. Í lok námsins fá nemendur tækifæri til að sérhæfa sig á einu af sérsviðum tómstunda- og félagsmálafræðanna.

Í þroskaþjálfafræði er boðið 180e grunnám til BA-gráðu, 120e framhaldsnám til MA-gráðu og 30e viðbótardiplóma í þroskaþjálfafræði. Einnig er þroskaþjálfum sem luku prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands fyrir 1998 boðið að bæta við sig 30 einingum til að ljúka BA-prófi í þroskaþjálfafræði. Nám í þroskaþjálfafræði felur í sér víðtæka og þverfaglega þekkingu sem endurspeglar kunnáttu í að skapa fötluðu fólki eðlilegt og sjálfstætt líf í samfélagi fyrir alla.

Í MA-námi í þroskaþjálfafræði er hægt að velja á milli rannsóknatengds og starfstengds náms. Í rannsóknartengdu námi er nemendum er gefinn kostur á að sérhæfa sig í rannsóknum á vettvangi fatlaðs fólks. Í starfstengdu námi gefst nemendum færi á að dýpka þekkingu sína á sviðinu til að vera leiðandi í þjónustu við fatlað fólk.

Við deildina er einnig starfrækt starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Á árinu stunduðu 14 nemendur nám á þessari námsleið. Um er að ræða tveggja ára starfstengt nám sem lýkur með grunndiplómu.

## Tengsl við vettvang

Umtalsvert vettvangsnám er á öllum námsbrautum, þróunarverkefni unnin og haldnar eru ráðstefnur, fræðsluerindi og fundir í samstarfi við vettvang. Tveir sérfræðingar frá vettvangi eru starfandi í hlutastarfi á námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði og unnið hefur verið markvisst að þróun vettvangsnáms og lokaverkefna með áherslu á þessa tengingu. Rannsóknar- og þróunarverkefni sem eru framkvæmd af nemendum eða fræðimönnum deildarinnar tengjast mörg hver beint eða óbeint því starfi sem fer fram á vettvangi. Má þar meðal annars nefna rannsóknir á heilsufari fólks í skólum, verkefni sem tengjast tómstunda- og félagsmálum sem og rannsóknum á vettvangi fatlaðs fólks.

## Rannsóknir

Helstu viðfangsefni rannsókna kennara við deildina eru á sviði í íþrótta- og heilsufræða, næringarfræði, barna- og æskulýðsfræða, tómstundafræða, stjórnsýslu og félagsvísinda, þroskaþjálfafræða, fötlunarfræða, sálfræði og hagnýtrar siðfræði.

Í tengslum við Íþróttafræðasetur á Laugarvatni er starfandi öflug rannsóknastofa í íþrótta- og heilsufræði þar sem unnið er að fjölda rannsóknaverkefna, sjá nánar kafla um rannsóknastofur. Fjölmargir styrkir til ýmis konar rannsóknaverkefna fengust á árinu, og nokkrar alþjóðlegar ritrýndar vísindagreinar voru birtar í erlendum vísindatímaritum auk fleiri birtinga í innlend tímarit.

Rannsóknir og þróunarverkefni í tómstunda- og félagsmálafræði eru einkum á sviði félags- og uppeldisfræði. Sem dæmi um verkefni má nefna fagmennsku og starfsaðferðir í æskulýðsstarfi, uppeldisgildi viðburða, einelti í ýmsum myndum, börn og náttúru, útinám, skilgreiningu hugtaka og rannsóknir sem tengjast náminu sjálfu; gildi þess og gæðum. Einnig hefur verið lögð áhersla á aðkomu að stefnumótun á sviði æskulýðsmála hjá ríki og sveitarfélögum með beinni þátttöku í gerð stefnu í æskulýðsmálum fyrir ríkið og gerð viðmiða fyrir innra og ytra mat á frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg. Námsbraut í tómstundafræði er hluti af BÆR – Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsrannsóknum sem starfar á Menntavísindasviði og leggur stund á rannsóknir er varða málefni barna og unglinga í víðu samhengi.

Í þroskaþjálfafræði hefur áherslan m.a. verið á rannsóknir í samvinnu við fatlað fólk. Má þar nefna lífssögurannsóknir, rannsóknir sem beinast að notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk og þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Auk þess hefur verið lögð áhersla á greiningu á siðferðilegum álitamálum fagstétta og störfum þroskaþjálfa. Rannsóknastofa í þroskaþjálfafræði er starfrækt. Markmið hennar er meðal annars að stuðla að auknum rannsóknum, ráðgjöf og þróunarstarfi í málaflokkum fatlaðs fólks og á störfum þroskaþjálfa. Á vegum rannsóknastofu voru skipulagðir fræðslufyrirlestrar og unnið að rannsóknaverkefni sem ber heitið Sjálfræði og fullorðinsár. Hafa rannsóknir á vegum starfsfólks brautarinnar birst í ritrýndum tímaritum hvorutveggja innlendum og erlendum.

## Gæðamál

Á árinu 2013 vann deildin að innra gæðamati. Vinnan var undirbúin á vormisseri 2013 en unnið að sjálfu matinu og skýrsla skrifuð á haustmisseri 2013. Deildin tók þátt í árlegri kennslukönnun HÍ. Matsfundir hafa verið haldnir með nemendum á öllum námsbrautum, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og niðurstöður þeirra notaðar til að meta stöðu náms og kennslu og efla og styrkja faglegt starf deildarinnar enn frekar. Á árinu 2015 hefur verið unnið eftir aðgerðarmarkmiðum sem sett voru fram í matinu. Framhaldsskýrslu þar sem farið var yfir aðgerðamarkmið gæðamatsins og útlistað hvernig þeirri vinnu miðaði var skilað að vori 2015.

## Viðburðir

Deildin tók þátt í kynningardegi háskólans á Háskólatorgi og var hann vel sóttur.

# Kennaradeild

## Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Kennaradeild voru á vormisseri 2015 fjórar námsbrautir: menntun ungra barna í leik- og grunnskóla, grunnskólakennsla, faggreinakennsla í grunnskóla og kennslufræði framhaldsskóla og háskóla. 1. júlí

2015 fækkaði brautunum í þrjár: leikskólakennarafræði, grunnskólakennarafræði og kennsla framhaldsskóla og háskóla.

Vormisseri 2015:

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla

Formaður námsbrautarinnar var Arna H. Jónsdóttir lektor.

Grunnskólakennsla

Formaður námsbrautarinnar var Meyvant Þórólfsson dósent.

Faggreinakennsla í grunnskóla

Formaður námsbrautarinnar var Freyja Hreinsdóttir dósent.

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Formaður námsbrautarinnar var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor.

1. júlí 2015 tóku eftirtaldar brautir til starfa:

Leikskólakennarafræði

Formaður námsbrautarinnar var Arna H. Jónsdóttir lektor.

Grunnskólakennarafræði

Formaður námsbrautarinnar var Auður Pálsdóttir lektor.

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Formaður námsbrautarinnar var Þuríður Jóhannsdóttir dósent.

Á öllum námsbrautunum er bæði grunn- og framhaldsnám.

## Deildarforseti og deildarráð

Deildarforseti var Gunnhildur Óskarsdóttir dósent og Guðbjörg Pálsdóttir dósent var varadeildarforseti á vormisseri en Freyja Hreinsdóttir tók við sem varadeildarforseti 1. júlí 2015. Deildarráð skipuðu, auk deildarforseta, varadeildarforseta og formanna námsbrauta, eftirtaldir fulltrúar kennara: Þuríður Jóhannsdóttir dósent, Kristín Karlsdóttir lektor, Baldur Sigurðsson dósent og Ólöf Garðarsdóttir prófessor. Varamenn voru Lilja M. Jónsdóttir lektor, Kristján Jóhann Jónsson dósent, Amalía Björnsdóttir dósent og Kristín Jónsdóttir lektor.

Fulltrúar nemenda í deildarráði voru Bæring Jón Guðmundsson og Bryngeir Valdimarsson á vormisseri og Birna Friðgeirsdóttir og Elín Melgar á haustmisseri.

Deildarstjóri Kennaradeildar á kennsluskrifstofu var Sigríður Pétursdóttir.

## Starfsfólk

Samtals voru í Kennaradeild 77 kennarar, prófessorar, dósentar, lektorar og aðjunktar. Stjórnsýslustarfsfólk deildarinnar tilheyrir kennsluskrifstofu.

## Stefna Kennaradeildar

Stefna Kennaradeildar

Meginhlutverk Kennaradeildar er að hafa forystu um vandaða menntun fyrir kennara á öllum skólastigum. Kennaradeild menntar, í samstarfi við þá sem starfa á vettvangi, öflugt fagfólk til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum landsins og leiða faglega þróun þess. Deildin leggur því áherslu á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólastarfs.

Í Kennaradeild er lögð alúð við fólk og fræði. Það felur í sér að starfshættir deildarinnar byggjast á lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og virðingu fyrir einstaklingum og margbreytileika mannlífsins. Lögð er áhersla á vísindaleg vinnubrögð, siðferðilega ábyrgð, gagnrýna hugsun og skapandi starf.

Í Kennaradeild er litið á kennaramenntun sem ævimenntun og starfsþróun sem mikilvægan þátt í starfi hvers kennara.

## Nám og kennsla

Nám og kennsla

Nám til B.Ed.-gráðu var í boði á öllum námsbrautum deildarinnar:

- Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla.
- Grunnskólakennsla. Þar sérhæfa nemar sig í kennslu tveggja námsgreina.
- Faggreinakennsla. Þar sérhæfa nemar sig í einni kennslugrein grunnskólans.

Frá hausti 2015 var framangreint nám í boði á tveimur brautum, Leikskólakennarafræði, B.Ed. og Grunnskólakennarafræði, B.Ed.

- Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla. Þar sérhæfa nemar sig í verk- og starfsmenntun.

Einnig var í boði 60 eininga grunndiplóma í kennslufræði fyrir iðnmeistara og í fyrsta skipti var í boði 120 e grunndiplóma í leikskólafræði.

Í framhaldsnámi voru sömu námsbrautir og í grunnnámi í boði til M.Ed.-gráðu fyrir verðandi leik- og grunnskólakennara:

- Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla.
- Grunnskólakennsla.
- Faggreinakennsla.

Ofangreindar brautir sameinuðust í tvær brautir 1. júlí 2015 samanber það sem áður kemur fram. Í boði er 120e meistaranám sem veitir starfsleyfi í leik- eða grunnskólum bæði fyrir þá sem lokið hafa B.Ed. gráðu í leik- og grunnskólakennarafræði og þá sem lokið hafa BA eða BS gráðu í kennslugreinum grunnskóla eða námssviðum leikskóla.

Innan þessara námsbrauta er Náms- og kennslufræði, MA, M.Ed., og viðbótardiplóma sem er framhaldsnám fyrir starfandi kennara og aðra sem starfa við uppeldi og menntun.

- Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Á námsbrautinni Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla er boðið upp á þverfræðilegt nám til MA-, MS- og M.Ed.-gráðu og viðbótardiplóma (sem nefnist Menntun framhaldsskólakennara). Þverfræðilegt framhaldsnám hefur þá sérstöðu að það heyrir ekki faglega undir eina tiltekna deild þar sem margar deildir skólans eiga aðild að því. Stjórnsýsla námsbrautarinnar er í Kennaradeild en fagleg umsjá þess er í höndum sjö manna námsstjórnar sem í eiga sæti fulltrúar allra fræðasviða háskólans, fulltrúi frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og formaður, sem skipaður er af rektor.

Viðbótardiplóman, Menntun framhaldsskólakennara, er nám til 60 e fyrir þá sem þegar hafa lokið meistaragráðu sem felur í sér 180 e í kennslugrein framhaldsskóla. Kennslufræði háskóla er 30 e diplóma fyrir þá sem kenna á háskólastigi.

Lögð er áhersla á fjölbreytt nám sem býr kennara á öllum skólastigum undir að móta námsumhverfi við hæfi fjölbreytts nemendahóps og undir leiðtogastörf í skólum landsins. Nánar er greint frá námsleiðum á hverri námsbraut hér að neðan.

Grunnnám vorið 2015:

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla

Námsleiðir:

- Kennsla ungra barna í grunnskóla, B.Ed., 180 e
- Leikskólakennarafræði, B.Ed., 180 e
- Leikskólafræði, diplóma, 120 e
- Leikskólakennarafræði, aukagrein, 60 e
- Leikskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

Grunnskólakennsla (tvö kjörsvið, nemendur velja tvö af 12 kjörsviðum)

Námsleiðir:

- Grunnskólakennsla, tvö kjörsvið, B.Ed., 180 e
- Grunnskólakennarafræði, aukagrein, 60 e
- Grunnskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

Faggreinakennsla í grunnskóla (eitt kjörsvið, val á milli 12 kjörsviða)

Námsleið:

- Faggreinakennsla í grunnskóla, eitt kjörsvið, B.Ed., 180 e

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Námsleiðir:

- Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma, 60 e

- Kennslufræði verk- og starfsmenntunar, B.Ed., 120 e aðalgrein (og 60 e aukagrein að eigin vali)

Meistaranám vorið 2015:

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla

Námsleiðir:

- Kennsla ungra barna í grunnskóla, M.Ed., 120 e
- Leikskólakennarafræði, M.Ed., 120 e
- Menntunarfræði leikskóla, M.Ed., 120 e
- Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120 e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna
- Náms- og kennslufræði, MA, 120 e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna
- Náms- og kennslufræði – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna, viðbótardiplóma, 60 e

Grunnskólakennsla

Námsleið:

- Grunnskólakennsla, M.Ed., 120 e

Faggreinakennsla í grunnskóla

Námsleiðir:

- Faggreinakennsla í grunnskóla, M.Ed., 120 e
- Kennslufræði grunnskóla, M.Ed., 120 e

Náms- og kennslufræði fyrir kennara með leyfisbréf

Námsleiðir:

- Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120 e – mörg kjörsvið
- Náms- og kennslufræði, MA, 120 e – mörg kjörsvið
- Náms- og kennslufræði, viðbótardiplóma, 60 e – mörg kjörsvið

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

- Menntun framhaldsskólakennara, M.Ed., 120 e
- Menntun framhaldsskólakennara, viðbótardiplóma, 60 e
- Menntun framhaldsskólakennara, MA, 120 e þverfaglegt nám
- Menntun framhaldsskólakennara, MS, 120 e þverfaglegt nám

- Kennslufræði háskóla, viðbótardiplóma, 30 e

Grunnnám haustið 2015:

Leikskólakennarafræði

Námsleiðir:

- Leikskólakennarafræði, B.Ed., 180 e
- Leikskólakennarafræði, aukagrein, 60 e
- Leikskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e
- Leikskólafræði, diplóma, 120 e

Grunnskólakennarafræði

Námsleiðir:

- Grunnskólakennarafræði, B.Ed., 180 e
- Grunnskólakennarafræði, aukagrein, 60e
- Grunnskólakennarafræði, viðbótarnám, 30e

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Námsleiðir:

- Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma, 60 e
- Kennslufræði verk- og starfsmenntunar, B.Ed., 120 e aðalgrein (og 60 e aukagrein að eigin vali)

Meistaranám haustið 2015:

Leikskólakennarafræði

Námsleiðir:

- Leikskólakennarafræði, M.Ed., 120 e
- Menntunarfræði leikskóla, M.Ed., 120 e
- Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120 e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna
- Náms- og kennslufræði, MA, 120 e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna

- Náms- og kennslufræði – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna, viðbótardiplóma, 60 e

Grunnskólakennarafræði

Námsleiðir:

- Grunnskólakennarafræði, M.Ed., 120 e
- Kennslufræði grunnskóla, M.Ed., 120 e

Náms- og kennslufræði fyrir kennara með leyfisbréf

Námsleiðir:

- Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120 e – mörg kjörsvið
- Náms- og kennslufræði, MA, 120 e – mörg kjörsvið
- Náms- og kennslufræði, viðbótardiplóma, 60 e – mörg kjörsvið

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

- Menntun framhaldsskólakennara, M.Ed., 120 e
- Menntun framhaldsskólakennara, viðbótardiplóma, 60 e
- Menntun framhaldsskólakennara, MA, 120 e þverfaglegt nám
- Menntun framhaldsskólakennara, MS, 120 e þverfaglegt nám
- Kennslufræði háskóla, viðbótardiplóma, 30 e

Vettvangsnám og tengsl við vettvang

Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við starfsvettvanginn sem deildin menntar til. Vettvangsnám kennaranema í leik-, grunn- og framhaldsskólum er stór þáttur í starfi deildarinnar og hafa verið gerðir samstarfssamningar við fjölmarga skóla í landinu. Samstarfsskólarnir taka þátt í að mennta kennara með því að veita kennaranemum leiðsögn í vettvangsnámi og opna þeim dyr að skólasamfélaginu. Allir kennaranemar fara í vettvangsnám á hverju ári í mislangan tíma í einu og auk þess eru vettvangstengingar í mörgum námskeiðum. Eins og fram kemur í kaflanum um stefnu deildarinnar er áhersla lögð á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólastarfs og er vettvangsnám kennaraefna dæmi um farveg fyrir slíkt starf.

Ný lög og reglugerð um inntak kennaramenntunar tóku gildi 1. júlí 2011. Í fyrsta skipti var þá kveðið á um inntak kennaramenntunar í lögum frá Alþingi og í reglugerð. Samkvæmt reglugerðinni skulu kennarar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi hafa lokið ákveðnum einingafjölda í námi sínu, annars vegar í uppeldis- og kennslufræði og hins vegar í kennslugrein eða námssviði sem þeir sérhæfa sig í. Frá því að lögin og reglugerðin tóku gildi þurfa allir kennarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum að hafa lokið meistaraprófi til að fá starfsleyfi sem kennarar. Fyrsti nemendahópurinn í fimm ára kennaranámi hóf nám á meistarastigi haustið 2012 og útskrifaðist með meistaragráðu árið 2014.

Samstarf var aukið við innlenda og erlenda háskóla, sér í lagi með það að markmiði að auka möguleika nemenda til sérhæfingar. Einnig er aukin áhersla á að kennaranemar fari í vettvangsnám til annarra landa, einkum Norðurlanda. Sex gistiprófessorar voru ráðnir að sviðinu á árinu og leggur deildin mikið upp úr því að nýta þá og sérþekkingu þeirra sem best. Einn þeirra, Kari Smith prófessor við Háskólann í Bergen, er sérfræðingur í starfstengdri leiðsögn, sem deildin leggur sérstaka áherslu á að efla.

Töluverðar breytingar hafa orðið á starfi Kennaradeildar þar sem allir verðandi kennarar þurfa nú að ljúka meistaraprófi. Það hefur þau áhrif að stærri hluti nemenda en áður stundar nám á meistarastigi. Unnið var að því að styrkja umgjörð meistaraverkefna í nýju kennaranámi í ljósi þess að mun fleiri nemar þurfa nú leiðsögn við meistaraprófsverkefni en áður. Meistaraprófskrafan felur einnig í sér þá nýbreytni að kennaraefni munu stunda vettvangsnám á meistarastigi og er vonast til að það skapi jarðveg fyrir aukna skólaþróun í samstarfsskólum Menntavísindasviðs.

## Rannsóknir

Kennarar í deildinni leggja áherslu á rannsóknir á sviði náms og kennslu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og fullorðinsfræðslu. Þær beinast m.a. að námi og kennslu einstakra námsgreina eða námssviða eða að almennari atriðum skólastarfs, s.s. kennslu barna með sérþarfir, lýðræði í skólastarfi, líðan og námsárangri og samstarfi við foreldra. Rannsóknir tengjast nokkrum rannsóknastofum á sviðinu, m.a. um menntunarfræði ungra barna, upplýsingatækni og skólastarf, um skóla án aðgreiningar, mál og læsi og um kennslufræði og starfshætti í skólum. Kennarar deildarinnar taka einnig þátt í þróunarstörfum í skólum, ýmist sem rannsakendur eða sem ráðgjafar. Samstarf um rannsóknir er við aðra háskóla, t.d. við Háskólann á Akureyri.

## Gæðamál

Samkvæmt rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2011/2012 til 2015/2016 verði allar faglegar einingar á öllum námsstigum í öllum íslenskum háskólum metnar og var komið að Kennaradeild að gera gæðaúttekt á skólaárinu 2014–2015. Skipaður var sjálfsmatshópur sem samanstóð af deildarforseta, varadeildarforseta, brautarformönnum og fulltrúum nemenda, ásamt einum innlendum utanaðkomandi aðila og einum erlendum sérfræðingi, auk ritara. Haldnir voru rýnihópafundir með nemendum, spurningalisti sendur til kennara og rýnt í skýrslur og viðeigandi gögn, auk þess sem erlendi sérfræðingurinn tók viðtöl við stjórnendur, kennara og nemendur. Skýrsla sjálfsmatshópsins var kynnt á árinu og er unnið að aðgerðaáætlun til að bregðast við ábendingum í henni.

# Uppeldis- og menntunarfræðideild

## Deildarforseti og deildarráð

Ólafur Páll Jónsson var deildarforseti og Börkur Hansen varadeildarforseti. Deildarráð skipa deildarforseti, formenn námsbrauta og fulltrúar nemenda. Fulltrúar nemenda í deildarráði voru: Grunnnám: Sólveig Sigurðardóttir á vormisseri og Jón Vilberg Jónsson á haustmisseri. Framhaldsnám: Júlíana Vilhjálmsdóttir á vormisseri og Laura Carolina Acosta Gomez á haustmisseri.

Deildarstjóri á kennsluskrifstofu var Ásdís Hrefna Haraldsdóttir á vormisseri og Jóhanna Karitas Traustadóttir á haustmisseri.

Meginstefna deildarinnar er að stunda rannsóknir á ýmsum viðfangsefnum uppeldis og menntunar og skapa námsumhverfi á grunn-, meistara- og doktorsstigi fyrir þá sem vilja efla sig sem fagmenn á sviði kennslu, rannsókna, stjórnunar eða í öðru starfi á vettvangi uppeldis og menntunar.

## Starfsfólk

Í deildinni störfuðu samtals 22 kennarar, 10 prófessorar, 3 dósentar, 6 lektorar og 3 aðjunktar. Fjórtán eru í fullu starfi en átta í hlutastarfi. Auk þess störfuðu nokkrir stundakennarar við deildina.

## Nám og kennsla

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er boðið upp á fjölbreytt nám í uppeldis- og menntunarfræði, bæði með innlendum og alþjóðlegum áherslum. Nemendum gefst kostur á að læra um nám, þroska, uppeldi, menntun og stjórnun, m.a. frá sjónarhóli menntunarfræði, sálfræði, félagsfræði, heimspeki og siðfræði. Jafnframt er lögð rík áhersla á undirbúning fyrir frekari rannsóknir og tengsl við væntanlegan starfsvettvang.
Á tveimur námsleiðum í deildinni fer öll kennsla fram á ensku. Það eru BA- og MA-námsleiðir í alþjóðlegu námi í menntunarfræði, International Studies in Education, og tekið er inn í þær námsleiðir annað hvert ár, síðast fyrir skólaárið 2015–2016 á BA-leiðina.

## Grunnnám

Í grunnnámi geta nemendur valið um tvenns konar nám á námsbrautinni menntunarfræði og margbreytileiki:

- Uppeldis- og menntunarfræði, BA, 180 e eða 120 e
- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði – International Studies in Education, BA, 180 e

## Framhaldsnám

Í framhaldsnámi er fjölbreytt starfs- og rannsóknatengt nám á meistara- og doktorsstigi í boði bæði fyrir þá sem hafa nýlokið grunnnámi og fyrir fólk á vettvangi, meðal annars starfandi kennara og stjórnendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Á haustmisseri 2015 var byrjað að kenna á nýrri námsleið, Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, sem hafði verið í undirbúningi í nokkurn tíma. Námsleiðin er í samstarfi við Minnesota-háskóla í Bandaríkjunum.

Innan námsbrautanna þriggja ljúka nemendur 120 eininga M.Ed.- eða MA-námi í uppeldis- og menntunarfræði þar sem lögð er áhersla á ólík viðfangsefni:

- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði, MA
- Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn, MA
- Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, M.Ed, MA (ný námsleið á haustmisseri)
- Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.Ed., MA
- Lífsleikni, sjálfsmyndir og farsæld, M.Ed., MA
- Lýðræði, jafnrétti og fjölmenning, M.Ed. MA

- Matsfræði, MA
- Nám fullorðinna, M.Ed., MA
- Sérkennslufræði, M.Ed., MA
- Stjórnunarfræði menntastofnana, M.Ed., MA
- Uppeldis- og menntunarfræði, M.Ed., MA
- Þroski, mál og læsi, MA

## Viðbótardiplóma

Skipulagi á diplóma námi á meistarastigi var breytt á árinu. Um haustið var hægt að sækja um sérstaka 60e námsleið, Viðbótardiplómu í uppeldis- og menntunarfræði. Eftirfarandi kjörsvið eru í boði á námsleiðinni:

- Heilbrigði og velferð
- Lestrarfræði
- Nám fullorðinna
- Sérkennslufræði
- Stjórnun

## Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið kennara deildarinnar eru í heimspeki, fjölmenningarfræðum, menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi, námi fullorðinna, kynja- og jafnréttisfræðum, uppeldis- og þroskasálfræði, barna- og æskulýðsfræðum, sérkennslufræðum og skóla án aðgreiningar og á sviði þroska, máls og læsis. Þeir taka m.a. þátt í eða stýra rannsóknum eftirtalinna rannsóknastofa: Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum, Rannsóknastofu í fjölmenningarfræðum, Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar, Rannsóknastofu um þroska, mál og læsi barna og unglinga, Rannsóknastofu um skólastarf, Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi og Rannsóknastofu um lífshætti barna og ungmenna.

Sem dæmi um samstarfsverkefni sem kennarar deildarinnar stýra eða eru þátttakendur í má nefna verkefni um fjölbreytta kennarahópa og fjölbreytta nemendahópa, jafnréttismál kynja í skólum og kennaramenntun, borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi, félagsþroski og siðferðiskennd barna og ungmenna, áhættuhegðun og seigla ungs fólks, lífsviðhorf og gildismat ungs fólks í fjölmenningarsamfélagi, uppeldissýn foreldra og kennara, hvað einkenni íslenskt lýðræði, félagslegt réttlæti í skólastarfi og einkavæðingu í menntakerfinu (PoPE).

## Tengsl við vettvang

Auk hefðbundinna rannsókna sinna kennarar margvíslegri þjónustu við vettvang. Kennarar deildarinnar hafa t.a.m. farið í fjölmargar heimsóknir í leik-, grunn- og framhaldsskóla í tengslum við

innleiðingu nýrra aðalnámskráa. Einnig hafa kennarar deildarinnar tekið þátt í endurmenntun kennara og sinnt margvíslegu þróunarstarfi í skólum, svo að eitthvað sé nefnt.

## Gæðamál

Það fékkst styrkur úr kennslumálasjóði til þess að skoða skipulag og kröfur í grunnámi í Uppeldis- og menntunarfræði auk þess sem verklag í tengslum við lokaverkefni var endurskoðað. Árleg kennslukönnun var gerð vorið 2015 og kennarar gerðu einnig óformlegar athuganir meðal nemenda um skipulag og þróun tiltekinna námskeiða og voru niðurstöður ræddar á deildarráðs- og deildarfundum.

## Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar, ásamt fulltrúum nemenda, tók þátt í sameiginlegum kynningum Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi, auk þess sem haldnir voru sérstakir kynningarfundir fyrir nýnema deildarinnar í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð.



# Menntavísindastofnun

Hlutverk Menntavísindastofnunar er að efla rannsóknir og rannsóknaumhverfi í menntavísindum, stuðla að sýnileika rannsókna og vinna að starfsþróun á vettvangi menntamála. Innan vébanda Menntavísindastofnunar starfa 22 rannsóknastofur, sem allar sinna fjölbreyttum rannsóknum á sviði menntunar, uppeldis og þjálfunar. Þetta er gert með því að veita starfsmönnum Menntavísindasviðs, rannsóknastofum, stofnunum, opinberum aðilum og félagasamtökum þjónustu m.a:

- Styðja við sókn í innlenda og erlenda styrki,
- Styðja við reksturs stærri rannsóknaverkefna
- Styðja rannsakendur við úrvinnslu gagna og skipulag rannsókna,
- styðja við útgáfu sérrita á vegum Netlu,
- aðstoða við að skipuleggja ráðstefnur á Menntavísindasviði,
- veita aðstoð vegna starfsþróunar.

## Stjórn og starfsfólk

Stjórn stofnunar er stjórn Menntavísindasviðs. Starfsmenn stofnunarinnar voru á árinu 2015: Kristín Erla Harðardóttir forstöðumaður og rannsóknastjóri sviðs, Edda Kjartansdóttir starfsþróunarstjóri, Sigrún Sif Jóelsdóttir, verkefnisstjóri við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu rannsókna o.fl., Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri við eigindlegar rannsóknir, útgáfu, ráðstefnur o.fl. og Lára Rún Sigurvinsdóttir, verkefnisstjóri við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu rannsókna o.fl.

## Menntavísindastofnun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Menntavísindastofnun hóf samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FRÆ) við framkvæmd rannsóknahluta vegna mats á þróun og niðurstöðum Evrópuverkefnisins „Ráðgjöf og leiðsögn fyrir fullorðna námsmenn" (Guidance and Orientation for Adult Learners – GOAL). Rannsóknin er þriggja ára verkefni sem fellur í sér mikið samstarf við fræðslumiðstövarnar MÍMIR og MMS, samstarfaðila erlendis í rannsókn, Mennta- og menningamálaráðuneyti auk FRÆ. Verkefnastjóri verkefnis er Lára Rún Sigurðardóttir auk Kristínar Erla Harðardóttur. Rannsókna hluta verkefnis snýr að safna gögnum bæði megindleg og eigindleg, í gegnum tvo rannsóknaferla þar sem verið er að prófa að nálgast mjög viðkvæma og erfiða hópa sem ekki hefur áður verið reynt að fá inn í fullorðinsfræðsluna. Fullorðinsfræðsla hefur þróast mikið hérlendis á síðustu árum, er í stöðugri mótun og tekur sífelldum breytingum. Krafa um menntun og formleg réttindi hefur aukist í samfélaginu á undanförnum árum og mikilvægt er því að fólk hafi tækifæri til að sækja sér frekari menntun og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Í ljósi þess er mikilvægt að greina þau tæki og nálganir sem beit er við til að hvetja fólk og styðja inn í nám aftur. Auk þess að skoða samspila ólýkra stofnana innan kerfisins. Þessir þættir eru skoðaðir í samanburði við önnur lönd í Evrópu og hvaða lærdóm við getum lært frá öðrum kerfum.

## Barnaheill og Menntavísindastofnun

Menntavísindastofnun tók að sér áframhaldandi vinnu upp úr gögnum sem Barnaheil safnaði í annari lotu gagnaöflunar þeirra um verkefnið Vinátta, átak gegn einelti (e. Free of Bullying). Verkefnið er keyrt í nokkrum nærliggjandi sveitafélögum Reykjavíkur og er gögnum safnað í leikskólum. Stofnunin skilaði skýrslu á ensku til þeirra. Upphaflega var verkefnið þróað í Danmörku og heitir Fri for mobberi

en fyrirmyndin er ástralska verkefnið Better Buddies. Margar þjóðir hafa sýnt áhuga á þátttöku í verkefninu en fyrir utan Dani og Íslendinga hefur forkönnun (e. pilot study) átt sér stað á Grænlandi og í Eistlandi. Skýrsluna unnu Lára Rún Sigurvinsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Kristín E. Harðardóttir.

Markmið verkefnisins er að koma í veg fyrir einelti í leikskólum með árangursríkum samskiptavenjum og jákvæðu viðhorfi í garð allra í leikskólanum. Þátttaka allra barna, starfsmanna og foreldra barnanna er nauðsynleg til þess að tryggja velgengni verkefnisins og sérstök áhersla er lögð á að ná til barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því. Einkunnarorð verkefnisins eru umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Verkefnið er framkvæmt þannig að þrír spurningalistar, sem öllum er ætlað að meta og aðlaga verkefnið, eru lagðir fyrir og úr þeim er unnið. Tilgangur fyrsta spurningalistans er að meta aðstæður og væntingar starfsmanna til verkefnisins, hinir spurningalistarnir eru lagðir fyrir á síðari stigum og er ætlað að meta reynslu af verkefninu.

## Ýmis verkefni fyrir svið

Menntavísindastofnun tók að sér ýmis verkefni fyrir svið eins og að senda út könnun til að skoða áhuga starfandi kennara fyrir að bæta við sig námi. Skoða ákveðan starfshópa sem sviðið mennta o.s.frv.

## Ráðstefnur

Ráðstefna SNÚ (Samtaka náttúru- og útiskóla) var haldin að Laugum í Sælingsdal þar sem um 100 manns og þar af 70 erlendir gestir fræddust um fræðin og reynslu á sviði útináms. Ráðstefnan var hin fyrsta af sínu tagi á Íslandi og unnin í samstarfi við EOE. Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, starfsmaður Menntavísindastofnunar, tók þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Tilgangur ráðstefnunnar var að fá fólk til að fara úr hefðbundnum ramma og nýta náttúruna og umhverfið til að ná árangri að sögn Jakobs Frímanns Þorsteinssonar eins af skipuleggjendum hennar.

Í undirbúningi nú eru tvær ráðstefnur sem Sigríður vinnur einnig að. Sú fyrri er ráðstefna um rannsóknir og þróunarstarf í framhaldsskólum sem verður haldin þann 25. september 2015 og síðan verður ráðstefnan Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Education in Multicultural Societies sem verður haldin dagana 15.–17. október 2015.

European Institute for Outdoor Adventure Education and Experiential Learning (EOE)

## Rannsóknastofur

Á Menntavísindasviði eru starfræktar nítján rannsóknastofur sem heyra undir Menntavísindastofnun.

- Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum
- Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum
- Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu
- Rannsóknastofa í íþrótta- og heilsufræði
- Rannsóknastofa í kennslufræði
- Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi
- Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna
- Rannsóknastofa í tónlistarfræðum

- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun
- Rannsóknastofa í þroskaþjálfafræðum
- Rannsóknastofa námsgagna
- Rannsóknastofa um háskóla
- Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun
- Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls
- Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar
- Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun
- Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga
- Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

# Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknarsetrið Lífshættir barna og ungmenna heyrir undir Menntavísindastofnun.

Í stjórn setursins sitja: Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor, forstöðumaður, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur.

Á árinu tóku eftirtaldar þátt í verkefnum á vegum setursins: Eyrún María Rúnarsdóttir, doktorsnemi í uppeldissálfræði við Háskólann í Leiden í Hollandi og aðjunkt við Menntavísindasvið, Hiroe Terada, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið, Hrund Þórarins- Ingudóttir, aðjunkt við Menntavísindasvið, Ragný Þóra Guðjohnsen, lögfræðingur, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði og stundakennari við Menntavísindasvið, og Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor.

## Rannsóknir og samstarf

Unnið var að fjórum meginrannsóknaverkefnum á árinu. Tilteknir þættir rannsóknanna eru unnir í samstarfi við fræðimenn við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og Háskólann í Leiden í Hollandi, sem og fræðimenn bæði við Félagsvísindasvið og Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Vísindasjóður Rannís, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands hafa styrkt rannsóknirnar.

- Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi
  Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar og skilnings á borgaravitund ungs fólks til sjávar og sveita (11, 14 og 18 ára; um 1500 talsins). Leitað er m.a. eftir hugmyndum þátttakenda um lýðræði, mannréttindi, þau áhrif sem þau telja sig hafa á samfélag sitt, hvaða áhrif þau vildu hafa og hvert gildismat þeirra er. Gögnum var safnað með spurningalistum og viðtölum, bæði við ungmennin (24 talsins) og foreldra þeirra. Tilteknir þættir rannsóknarinnar um sjálfstjórnun ungmenna eru unnir í samstarfi við Steinunni Gestsdóttur, prófessor við Sálfræðideild, og var grein með niðurstöðum úr rannsókninni birt í erlendu tímariti á því sviði (International Journal of Behavioral Development).
  Starfsfólk stofunnar hélt fyrirlestra um viðfangsefnið á ráðstefnum bæði hér á landi og erlendis: á þverfaglegu ráðstefnunni Heilbrigði unglinga, Menntakviku, norrænu ráðstefnunni Learning

Spaces for Inclusion and Social Justice: Education in Multicultural Societies, sem haldin var í húsakynnum Menntavísindasviðs, og ráðstefnunni Inequity, Social Justice and Moral Education á vegum Association of Moral Education í Santos í Brasilíu.

Jafnframt var unnið að ritun efnis til birtingar.

Ragný Þóra Guðjohnsen vann á árinu að doktorsritgerð um efni rannsóknarinnar.

- Uppeldis- og menntasýn foreldra og kennara
  Einn þáttur rannsóknarinnar Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi er áhersla á uppeldissýn foreldra. Hrund Þórarins- Ingudóttir lauk doktorsprófi í maí 2015 í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasviði með áherslu á uppeldissýn feðra. Ritgerð hennar ber heitið: Fathers' Pedagogical Vision: A Phenomenological Study. Fyrirlestrar um efnið voru haldnir á ráðstefnunum Menntakviku og Þjóðarspegli.

  Fyrirlestur var fluttur um uppeldis- og menntasýn kennara í samvinnu við Robert L. Selman, prófessor við Harvard-háskóla, á ráðstefnunni Inequity, Social Justice and Moral Education á vegum Association of Moral Education í Santos í Brasilíu.

  Einnig birti Sigrún Aðalbjarnardóttir greinina Ákall og áskoranir: Vegsemd og virðing í skólastarfi í Netlu – Veftímariti um uppeldi og menntun um efni rannsóknarinnar er sneri að kennurum og skólastarf.

- Aðlögun ungmenna af erlendum uppruna að íslensku samfélagi: Þáttur vina og félaga
  Rannsóknaverkefnið er doktorsverkefni Eyrúnar Maríu Rúnarsdóttur og er hér um sameiginlega doktorsgráðu Háskóla Íslands og Háskólans í Leiden í Hollandi að ræða. Markmið rannsóknarinnar er að skoða vina- og félagatengsl barna og unglinga af sama þjóðerni og vina- og félagatengsl þvert á þjóðerni. Kannað verður hvernig þessi tengsl hafa áhrif á menningaraðlögun innflytjendabarna og sálræna og félagsmenningarlega aðlögun þeirra ásamt fordómum, fjölmenningarhæfni og fjölmenningarkvíða, bæði meðal innflytjenda og innlendra ungmenna.

  Á árinu voru haldin erindi um efnið á ráðstefnum Heilbrigðisvísindasviðs, Íslenskra æskulýðsrannsókna og á aðalfundi samtaka sálfræðikennara. Grein um lífsánægju og vanlíðan barna af erlendum uppruna var birt í Scandinavian Journal of Public Health.

- Icelandic and Japanese Preschoolers' Theory of Mind Patterns in Social Interactions Involving Child's Moral Transgression and Teacher's Expressed Blame
  Rannsóknaverkefni þetta er doktorsverkefni Hiroe Terada og er innan fræða um Theory of Mind. Markmið rannsóknarinnar er að bera saman hugsun íslenskra og japanskra leikskólabarna um samskipti í siðferðilegum aðstæðum í leikskólastarfi þar sem barn gerir eða gerir ekki á hlut annars barns. Skoðað er hvernig leikskólabörnin túlka aðstæðurnar frá sjónarmiði þessa barns: hvað finnst kennaranum (gagnrýnir eða ekki), hver eru tilfinningaviðbrögð barnsins og hvernig bregst barnið við/hvað gerir það. Hugsun barnanna er könnuð eftir aldri, aðstæðum og menningu.

- Áhættuhegðun og seigla ungs fólks: Langtímarannsókn
  Á árinu var áfram unnið að ritun bókar sem byggist á langtímagögnum (bæði spurningalistum og viðtölum) á ýmsum félagslegum, sálfræðilegum og uppeldis- og menntunarfræðilegum þáttum í tengslum við gengi ungs fólks (14–33 ára).

  Í tengslum við rannsóknina voru fluttir fyrirlestrar á þverfaglegu ráðstefnunni: Heilbrigði unglinga, þar á meðal ásamt Kristjönu Stellu Blöndal, dósent við Félags- og mannvísindadeild á Félagsvísindasviði. Í framhaldi af því var unnið að ritun efnis úr rannsókninni til birtingar.

## Tengsl við vettvang

Á vegum rannsóknasetursins var unnið að eftirfarandi verkefnum í samstarfi við aðila utan háskólasamfélagsins:

- Verkefnið Allir saman nú er samstarfsverkefni rannsóknarsetursins, sjálfboðaliða, félagasamtaka og stofnana. Meginmarkmið verkefnisins er að efla borgaravitund ungmenna með því að tengja nám nemenda vettvangi.
- Rannsóknaverkefnið Viðhorf ungs fólks til borgaralegrar þátttöku og eigin reynsla af sjálfboðaliðstarfi er sjálfboðaliðastarfsverkefni nemenda í Garðaskóla í Garðabæ (langtímasnið). Markmiðið er að virkja og leiða saman aðila í samfélaginu til að láta gott af sér leiða: ungmenni, foreldra, starfsmenn, rannsóknaraðila og sjálfboðaliðasamtök. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á Menntakviku.

### Opinberir fyrirlestrar á vegum setursins

13. mars: Susan Walker, dósent við University of Minnesota og gestaprófessor við Menntavísindasvið, flutti fyrirlesturinn New Ways to Reach Parents: Integrating Technology in Nonformal Education.

## Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum

### Almennt yfirlit

Aðalmarkmið Rannsóknastofu í fjölmenningarfræðum er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmenningarfræða og leitast við að skapa samstarfsvettvang fyrir rannsóknir á því sviði. Stofan veitir fræðimönnum og rannsóknarhópum á þessu sviði tækifæri til að starfa á sínum vegum. Jafnframt hvetur hún meistara- og doktorsnema til rannsókna á sviði fjölmenningarfræða. Rannsóknastofan birtir afrakstur rannsókna sinna opinberlega, meðal annars með því að miðla niðurstöðum í fræðigreinum, fræðiritum, fyrirlestrum og á málþingum og ráðstefnum hérlendis og erlendis.

### Stjórn og starfsmenn

Stjórn stofunnar er nú þannig skipuð: Gunnar J. Gunnarsson formaður, Anna Katarzyna Wozniczka, Brynja E. Halldórsdóttir, Fríða B. Jónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. Rannsóknastofan hefur enga starfsmenn á launum en nýtur ýmiss konar aðstoðar Menntavísinda-stofnunar.

### Rannsóknir

Helstu rannsóknaverkefni á vegum stofunnar og styrkir sem hún hlaut á árinu:

- Lífsviðhorf og lífsgildi ungmenna í fjölmenningarsamfélagi (2011-2015)
  Að rannsókninni unnu Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. Hana styrktu Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Menntavísindasvið. Þegar hafa birst sex ritrýndar greinar og fleiri eru á leiðinni. Þá hefur verkefnið verið kynnt á nokkrum ráðstefnum hérlendis og erlendis.
- Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries (2013-2015)
  Verkefnið er norrænt rannsóknaverkefni, styrkt af NordForsk og Rannís. Þátttakendur eru frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Verkefnið hefur verið kynnt á ýmsum ráðstefnum hérlendis og erlendis. Haustið 2015 var haldin alþjóðleg lokaráðstefna verkefnisins hér á landi undir yfirskriftinni Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Education in multicultural societies. Nánar má sjá umfjöllun um ráðstefnuna og verkefnið á vef verkefnisins: http://lsp2015.hi.is/.
- Staða og reynsla ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi (frá 2005)

Að rannsókninni hafa Elsa S. Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir unnið. Verkefnið er langtímaverkefni og er enn í gangi en Elsa S. Jónsdóttir hefur látið af störfum sem lektor við Menntavísindasvið fyrir aldurssakir.

### Viðburðir

- Á árinu stóð rannsóknastofan fyrir málþingi undir yfirskriftinni Samtal um samfélag – mitt, þitt eða okkar? Málþingið var haldið í samstarfi við verkefnið Menntun núna í Breiðholti og Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, með stuðningi Akureyrarbæjar, Reykjavíkurborgar og Háskólans á Akureyri. Málþingið var haldið 20. mars í Menningarhúsinu Gerðubergi í Breiðholti og var sjónum beint að því með hvaða hætti væri hægt að auka samræðu og samtal þvert á menningu og tungumál í íslensku samfélagi.
- Þá átti rannsóknastofan aðild að málstofunni Atgervissóun / Brainwaste – Málstofa um möguleika innflytjenda á Íslandi til menntunar og atvinnu. Málstofan var á dagskrá á jafnréttisdögum Háskóla Íslands 8. október. Auk þess hafa niðurstöður rannsókna sem tengjast málstofunni verið kynntar á ráðstefnum og málþingum, m.a. á Menntakviku 2. október.
- Þá áttu fræðimenn sem tengjast rannsóknastofunni aðild að ráðstefnunni Learning Spaces for Inclusion and Social Justice, sem haldin var á Menntavísindasviði dagana 15.–17. október, þótt rannsóknastofan væri ekki formlegur aðili að henni.

### Samstarf

Rannsóknastofan hefur leitast við að eiga samstarf við ýmsa aðila á vettvangi, svo sem Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, ýmsa leik-, grunn- og framhaldsskóla, Samtökin Móðurmál, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, verkefnið Menntun núna o.fl. Það endurspeglast m.a. í því að í stjórn stofunnar eiga m.a. sæti verkefnastjóri vegna fjölmenningar á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og sérfræðingar í fjölmenningarmálum, m.a. á sviði menntunar, trúarbragða og tungumála.

### Útgáfur og vefsíða

Engar bækur komu út á vegum rannsóknastofunnar á árinu en niðurstöður ýmissa rannsóknaverkefna hafa verið kynntar í vísindagreinum og á ráðstefnum. Vefsíða rannsóknastofunnar er vistuð á vef Menntavísindastofnunar.

## Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu (Íslenskustofa)

### Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar var þannig skipuð á árinu: Kristján Jóhann Jónsson, formaður, Sigurður Konráðsson, Hanna Óladóttir og Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir.

Næsti aðalfundur verður haldinn í maí 2015 og þá verður kosin ný stjórn. Stofan og rannsóknavinna á hennar vegum hafa goldið mannfæðar á Menntavísindasviði en nú hafa tveir nýir íslenskulektorar tekið til starfa og horfir rannsóknastofan fram á betri tíð.

## Rannsóknir

Rannsóknastofan hefur um skeið unnið að rannsóknaverkefninu Íslenska sem námsgrein og kennslutunga, sem er langstærsta viðfangsefni stofunnar hingað til. Rannsóknin snýst um að kanna hvaða þekkingu er miðlað og hvaða færni er byggð upp í námsgreininni íslensku í grunn- og framhaldsskólum. Kristján Jóhann Jónsson, formaður stofunnar, fer fyrir sjö manna rannsóknahópi sem stýrir verkefninu. Í hópnum eru, auk Kristjáns: Ásgrímur Angantýsson, Jón Yngvi Jóhannsson og Sigurður Konráðsson frá Menntavísindasviði, Dagný Kristjánsdóttir frá Hugvísindasviði og Brynhildur Þórarinsdóttir og Finnur Friðriksson frá Hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri.

Formaður stofunnar sótti um styrk til ofangreinds verkefnis sótti á árinu úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur og þar voru tvær milljónir lagðar til verkefnisins sem gera stofunni kleift að ljúka rannsókninni og koma mynd á alþjóðlega samræðu um móðurmál í rafrænni veröld.

Í rannsókninni er fyrst og fremst leitað svara við því hvað börn og unglingar læra um móðurmálið og hvernig íslensk hugsun og tunga dugir til þess að kenna og útskýra nýja og síbreytilega heimsmynd þar eð tungumálið mótar hugsun okkar og þekkingu. Skólastarf verður árangursríkt ef móðurmálið er öflugt og gerir okkur kleift að skilja og útskýra þær upplýsingar sem til okkar berast. Kennarar á öllum skólastigum þurfa að nota íslensku sem kennslutungu til að miðla þekkingu í vaxandi alþjóðavæðingu og endurspeglar rannsóknin það.

Í rannsókninni er höfð hliðsjón af þrískiptingu Aristótelesar í þekkingu, hæfni og gagnrýna hugsun. Söfnun og úrvinnsla gagna tekur mið af þessari skiptingu. Heimsóttir eru skólar sem valdir eru með slembiúrtaki, fylgst með því sem fram fer í kennslustundum og byggt er á vettvangslýsingum og viðtölum. Rannsóknin er vistuð við ofangreinda rannsóknastofu á Menntavísindasviði.

Fræðimenn á Norðurlöndum (í Noregi, Svíþjóð og Færeyjum), sem fást við lík verkefni og Íslenskustofa, hafa sýnt áhuga á að tengjast verkefninu og stofna til hliðstæðra athugana í sínum löndum. Slíkt samstarf hefur strandað á fjármagni.

## Kynningarstarfsemi

Rannsóknastofan og hópurinn sem stendur að rannsókninni kynnti rannsóknina m.a. með málstofum bæði á Menntakviku og Hugvísindaþingi þar sem rætt var um drög að niðurstöðum og uppgötvunum sem eru í sjónmáli. Ásgrímur Angantýsson stýrði báðum málstofunum.

# Rannsóknastofa í íþrótta- og heilsufræðum

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í íþrótta- og heilsufræðum var stofnuð 2008. Við rannsóknastofuna eru stundaðar rannsóknir í íþrótta- og heilsufræðum, m.a. í þverfræðilegu samstarfi fræðimanna í öðrum deildum Háskóla Íslands, aðra háskóla og stofnanir hérlendis og erlendis. Þar fá meistara- og doktorsnemar tækifæri til að vinna innan rannsóknateyma við rannsóknir sínar. Starfsemin er mjög virk og eru nokkur stór rannsóknaverkefni í gangi sem hafa fengið styrki úr innlendum og alþjóðlegum rannsóknasjóðum. Á árinu fékk rannsóknastofan veglegan þriggja ára verkefnisstyrk frá Rannsókna-sjóði Rannís til rannsóknaverkefnisins Heilsuhegðun ungra Íslendinga. Þetta rannsóknaverkefni er framhaldsverkefni rannsóknarinnar Lífsstíll 7 til 9 ára barna – íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu. Erlingur Jóhannsson prófessor er í forsvari fyrir Rannsóknastofu í íþrótta- og heilsufræðum eins ogr undanfarin ár.

## Rannsóknir

Unnið er að nokkrum langtímarannsóknaverkefnum við Rannsóknastofu í íþrótta- og heilsufræðum og eru þau bæði margbreytileg og þverfagleg. Á árinu voru m.a. eftirfarandi verkefni í gangi:

- Heilsuhegðun ungra Íslendinga
  Á síðasta ári var fór fram fyrri hluti gagnasöfnunar í rannsóknaverkefninu en þátttakendur í rannsókninni eru allir nemendur í 10. bekk (fæddir 1999) í sex skólum í Reykjavík. Markmið rannsóknarinnar er að skoða stöðu og langtímabreytingar á heilsufari, hreyfingu, þreki, svefni, námsárangri og lifnaðarháttum þessara ungmenna í 10. bekk og síðan aftur að tveim árum liðnum. Þátttaka í rannsókninni var mjög góð, 75% ungmenna í þessum skólum tóku þátt í henni. Fjórir doktorsnemar og fimm meistaranemar unnu að gagnasöfnun og með niðurstöður verkefnisins.
- Atgervi ungra Íslendinga
  Markmiðið er að rannsaka langtímabreytingar og aldurshópabreytingar á holdafari, hreyfingu og þreki, sem og andlega og félagslega þætti, í tveimur hópum unglinga (17 ára) og ungmenna (23 ára). Til rannsóknaverkefnisins fékkst þriggja ára verkefnisstyrk frá Rannís. Tveir doktorsnemar unnu með niðurstöður verkefnisins.
- Hreyfing, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa íslenskra barna með þroskhömlun
  Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka mun á hreyfingu, þreki, holdafari og efnaskiptaheilsu barna með þroskahömlun og barna án þroskahömlunar. Einn dotkorsnemi vann með niðurstöður verkefnisins.
- Heilsuefling í framhaldsskólum
  Rannsóknin er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í íþrótta- og heilsufræðum, Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Barnaspítalans. Markmiðið er að kanna heilsufarsleg áhrif af innleiðingu heilsueflandi framhaldsskóla á vegum Lýðheilsustöðvar og fylgja þátttakendum eftir í fjögur ár. Tveir doktorsnemar unnu með niðurstöður verkefnisins.

Fjölmörg önnur minni rannsóknaverkefni voru unnin við rannsóknastofuna á árinu, bæði nemenda-verkefni og verkefni á vegum starfsmanna.

## Meistara- og doktorsverkefni

Alls voru átta meistaranemar sem tengdust Rannsóknastofu í íþrótta- og heilsufræðum brautskráðir á árinu.

## Annað

Rannsóknastofa í íþrótta- og heilsufræðum á í samstarfi við nokkrar deildir innan Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, nokkra erlenda háskóla, Hjartavernd og The National Institute of Health í Bandaríkjunum. Stofan er hluti af European Youth Heart Study, sem er samstarf átta rannsóknastofa frá jafnmörgum háskólum. Rannsóknastofa í íþrótta- og heilsufræðum er einnig í góðu samstarfi við íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar á Íslandi.

# Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi

## Almennt yfirlit, stjórn og starfsemi

Í stjórn Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi voru árið 2015: Anna Kristín Sigurðardóttir, Arna H. Jónsdóttir, Börkur Hansen, Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, formaður. Formaður var i rannsóknarorlofi fyrri hluta árs 2015.

Á árinu voru haldnir tveir formlegir stjórnarfundir, annar í janúar og hinn í júní. Að öðru leyti fóru samskipti stjórnar og samráð fram um tölvu. Meginviðfangsefni stjórnar á árinu var frágangur síðari greinar um áhrif efnahagskreppunnar á skólastarf (sjá undir næsta lið).

Á stjórnarfundi 5. febrúar á þessu ári var ákveðið að leggja stofuna niður fyrir lok ársins. Steinunn Helga Lárusdóttir gaf ekki kost á sér til formennsku áfram og enginn stjórnarmanna gaf kost á sér í hennar stað. Lýkur þar með sjö ára starfi stofunnar sem stofnuð var árið 2009. Fyrsti formaður stofunnar var Ólafur H. Jóhannsson og tók núverandi formaður við af honum. Stjórnarmenn eru allir í öðrum rannsóknastofum og ætla má að innan þeirra muni þeir að einhverju leyti áfram sinna málefnum sem áður voru unnin í nafni Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi.

## Rannsóknir

Frá árinu 2011 hefur meginviðfangsefni rannsóknastofunnar verið rannsókn um áhrif efnahags-kreppunnar á skólastarf í þrem sveitarfélögum. Árið 2012 var birt grein um fyrri áfanga rannsóknarinnr. Á síðasta ári var birt grein um annan áfangann. Hér fyrir neðan er sú grein og aðrar sem einstakir stjórnarmenn birtu á árinu nefndar:

- Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir skrifuðu kafla 13 í ritinu Gambling Debt: Iceland's Rise and Fall in the Global economy, sem Paul Durrenberger og Gísli Pálsson ritstýrðu.
- Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir birtu grein í Scandinavian Journal of Eduational Research.
- Arna H. Jónsdóttir ritaði grein í ráðstefnuritið Conference Report: The 3rd Nordic ECEC Conference in Oslo. Approaches in Nordic ECEC Research: Current Research and New Perspectives.
- Steinunn Helga Lárusdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arna H. Jónsdóttir, Börkur Hansen og Guðný Guðbjörnsdóttir rituðu greinina Efnahagshrunið og skólastarf í Reykjavík í Netlu – veftímarit um uppeldi og menntun.

## Málstofur

Rannsóknastofan hélt stóð fyrir tveimur málstofum á Menntakviku. Þær voru eftirfarandi:

- Forysta og kyngervi. Áskoranir og úrræði fyrr og nú
  Eftirtalin fluttu erindi: Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir leikskólastjóri, Arna H. Jónsdóttir lektor; Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir leikskólastjóri, Steinunn Helga Lárusdóttir dósent; Sigríður Ingadóttir, verkefnisstjóri grunnskóla, Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor emerita; og Steinunn Helga Lárusdóttir dósent.
- Stjórnunarhættir í grunnskólum á nýrri öld
  Eftirtalin fluttu erindi: G. Eygló Friðriksdóttir skólastjóri, Börkur Hansen prófessor; Jóhann Geirdal Gíslason skólastjóri, Almar M. Halldórsson, sérfræðingur Námsmatsstofnunar, Börkur Hansen prófessor; Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri, Börkur Hansen prófessor; Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastýra og Steinunn Helga Lárusdóttir dósent.

# Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna

Rannsóknastofan skilaði ekki gögnum fyrir árið.

# Rannsóknastofa í tónlistarfræðum

## Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í tónlistarfræðum sitja Helga Rut Guðmundsdóttir, formaður, Rósa Þorsteinsdóttir, Sigrún Lilja Einarsdóttir og Jón Hrólfur Sigurjónsson.

## Viðburðir

Viðburðir sem rannsóknastofan tók þátt í á árinu

- The Universality of Music. Pushing the Borders of Music Education: Nordic-Baltic Perspectives
  Námskeiðið var norrænt námskeið fyrir meistaranema í tónlistarmenntunarfræðum, haldið 26.– 30. október í samstarfi við Nordic Network for Music Education sem fékk styrk til námskeiðahaldsins frá Nordplus. Þátttakendur voru 30 nemendur og kennarar frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Finlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen.
- Þjóðlistahátíðin Vaka
  Aðalskipuleggjandi Vöku Þjóðlistahátíðarinnar Vöku, sem haldin var á Akureyri 10.–13. júní, var Guðrún Ingimundardóttir, sem einnig er fulltrúi Þjóðlagasetursins á Siglufirði í ráðgjafaráði Rannsóknastofu í tónlistarfræðum.
- Inherited Culture
  Helga Rut Guðmundsdóttir hélt fyrirlesturinn Music Education in Iceland Today á málþinginu Inherited Culture og fjallaði hann um tónlistarmenntun á Íslandi.

## Samstarfsverkefni

Á vegum Rannsóknastofu í tónlistarfræðum var unnið að eftirfarandi samstarfsverkefnum á árinu

- Culture Through Music
  Rannsóknastofa í tónlistarfræðum tók þátt í að sækja um styrk, sem fékkst, í EEA Fund for Bilateral Relations at National Level til að efla tónlistarmenntun í Rúmeníu. Verkefnið nefnist Culture Through Music – Kodaly, Dalcroze and Orff – Three Music Education Methods that Help You Understand Music Differently. Mennta- og menningardeild Búkarestborgar átti frumkvæði að styrkumsókninni og aðilar í Rúmeníu tóku þátt í henni (mennta- og menningardeild Búkarestborgar, Ferenc Liszt Academy of Music – Kodaly Institute, National Music University of Bucharest og Dalcroze Association Romania). Formaður rannsóknastofunnar fór til Búkarest í október á upphafsfundi verkefnisins og hélt þar erindi á blaðamannafundi. Einn þáttur verkefnisins er að Kristín Valsdóttir, sérfræðingur í Orff-kennslufræðum, fer til að kenna rúmönskum tónlistarkennurum á námskeiði sem haldið verður á árinu 2016.
- Advancing Interdiciplinary Research in Singing (AIRS)
  Rannsóknastofa í tónlistarfræðum tekur þátt í verkefninu Advancing Interdiciplinary Research in Singing, sem samhæfir vinnu 70 rannsakenda frá 15 þjóðlöndum í sjö ára samstarfsverkefni sem kanadíska rannsóknarráðið styrkir (2009–2016). Í verkefninu eru íslenskir nemendur styrktir til að safna gögnum í tengslum við söngrannsóknir og vinna úr þeim. Unnið er að því að skrifa bók í þremur bindum um niðurstöður verkefnisins.

## Gestafyrirlestur

Sandra Trehub, prófessor við Toronto-háskóla, flutti opinn fyrirlestur um rannsóknir sínar á tónlistarhæfni ungbarna og hvernig þær varpa ljósi á fyrirbærið tónlist. Rannsóknastofa í tónlistarfræðum hafði milligöngu um að fá Söndru hingað til lands og Menntavísindasvið veitti ferðastyrk til heimsóknarinnar. Í tengslum við fyrirlesturinn birtist viðtal við Söndru í Morgunblaðinu.

# Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun

## Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun voru fyrri hluta árs Sólveig Jakobsdóttir dósent, formaður, Þuríður Jóhannsdóttir dósent, Ágústa Pálsdóttir prófessor, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir (fulltrúar framhaldsnema) og fulltrúar stuðningsaðila stofunnar, Hlíf Böðvarsdóttir (Heimili og skóli) og Elínborg Anna Siggeirsdóttir (3f – félag um upplýsingatækni og menntun).

Á aðalfundi 13. október var skipuð ný stjórn til þriggja ára. Í henni eiga sæti: Sólveig Jakobsdóttir dósent, formaður, Þuríður Jóhannsdóttir dósent, Salvör Gissurardóttir lektor og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir (fulltrúi framhaldsnema). Stuðningsaðilar stofunnar eru 3f – félag um upplýsingatækni og menntun, Heimili og skóli og Menntamiðja og tilnefndu þeir eftirfarandi áheyrnarfulltrúa í stjórn: Elínborg Siggeirsdóttir, Guðberg K. Jónsson og Tryggva B. Thayer.

Aðild að stofunni áttu um 40 manns á árinu. Þrír stjórnarfundir voru haldnir á árinu og aðalfundur í október.

## Rannsóknir, þróunarstarf og samstarfsverkefni

Þeir sem eiga aðild að Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum, samstarfsverkefnum og/eða þróunarverkefnum.

Nokkur þau helstu verkefnin eru eftirfarandi:

- Learning Across Contexts (NordLac)
  Rannsókna- og samstarfsnetið Learning Across Contexts (NordLac) á vegum NordForsk – Researcher Networks 2011–2014 lauk samstarfinu með útgáfu á safnritinu: Learning across contexts in the knowledge society hjá Sense Publishers (sem kemur út í ársbyrjun 2016). Aðilar að Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun tóku virkan þátt í útgáfunni, bæði í ritstjórn og með kaflaskrifum.
- Fartækni og -nám
  Lokaskýrsla um spjaldtölvuverkefnið Fartækni og -nám í Norðlingaskóla kom út á árinu og er hún birt á vef rannsóknastofunnar.
- Símenntun kennara á sviði upplýsingatækni og opið netnám
  Um þetta verkefni átti rannsóknastofan mikið samstarf var við Menntamiðju og tengd torg. Áfram var staðið að menntabúðum á skólaárinu 2015 til 2016 en þær voru haldnar með góðum árangri skólaárin 2012–2015 með styrk úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands. Í menntabúðunum hafa framhaldsnemar, kennarar á vettvangi og kennarar við Menntavísindasvið getað komið saman og skipst á að kenna og deila reynslu um nýtingu upplýsingatækni í námi og kennslu. Unnið er að fræðilegum skrifum og rannsókn á þessari þróunarstarfsemi, lokaskýrslu var skilað til Kennslumálasjóðs á árinu og verkefnið kynnt á alþjóðlegri ráðstefnu í Barcelona í júní.
- Samspil 2015
  Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun átti samstarf við Menntamiðju um umsókn (um samkeppnisstyrk) til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna átaksverkefnis um símenntun í upplýsingatækni fyrir kennara. Hlaut Menntamiðja styrkinn fyrir símenntunar- og þróunarverkefnið Samspil 2015 sem var í gangi árið 2015 með samstarfi fjölmargra aðila. Fólst verkefnið í námskeiði sem gekk afar vel og má líta á það sem vísi að íslensku opnu netnámskeiði (MOOC) og góða fyrirmynd að sambærilegu þróunarstarfi. Í tengslum við verkefnið kynnti Sólveig Jakobsdóttir stöðu og þróun opins netnáms og nýtingu opinna netnámskeiða við Háskóla Íslands á ráðstefnu í Róm í nóvember á vegum European Association of Distance Teaching Universities (EADTU) með erindi og fræðilegum skrifum.

- Global Learning Services – Local Lifelong Learners
  Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun átti einnig samstarf við þátttakendur í NordPlus-verkefni um opin netnámskeið: Global Learning Services – Local Lifelong Learners. Þátttakendur í verkefninu hafa verið að prófa og skoða opin netnámskeið (MOOC – Massive Open Online Courses) og stóðu fyrir málstofu hér á landi í samvinnu við Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun þann 15. október þar sem Sólveig Jakobsdóttir var meðal fyrirlesara.

Margt fleira hefur verið í gangi meðal félaga og stuðningsaðila stofunnar. Sumir eru að vinna að doktorsverkefnum, aðrir að meistaraverkefnum og einnig hafa háskólakennarar í hópnum stundað rannsóknir og/eða veitt nemendum í hópnum leiðsögn. Ásrún Matthíasdóttir lauk doktorsverkefni sínu í janúar. Skúlína Kjartansdóttir doktorsnemi fékk styrk úr Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands og einnig Erasmus+ styrk til að fara til Háskólans í Helsinki í eitt misseri (vor 2016). Skúlína og Svava Pétursdóttir eru einnig í tengslum við hóp sem stendur fyrir Biophilia-verkefninu í samþættu námi í skólum.

Þá taka margir félagar í rannsóknastofunni þátt í áhugaverðum þróunarverkefnum. Menntamiðja hefur verið þátttakandi í Erasmus+ verkefninu Flipped Learning in Praxis (FLiP), sem Keilir stýrir. Þá er Menntamiðja einnig þátttakandi í nýju Erasmus+ verkefni sem nefnist Building the Culture of Social Innovation in Higher Education (BCSI) og Collegium Civitas í Póllandi stýrir. Salvör Gissurardóttir fékk Nordplus-styrk í verkefni um tölvuleiki (Computer Games in Education, Game Culture and Gamification) og tekur Skúlína Kjartansdóttir einnig þátt í því verkefni. Þá tóku Torfi Hjartarson, Svava Pétursdóttir og fleiri þátt í Nordplus-verkefni um tölvunotkun í leikskólum sem sænskir aðilar stýra. Hjá samtökunum Heimili og skóli stendur SAFT-verkefnið mjög vel, Evrópustyrkur til netöryggis-verkefnis fékkst endurnýjaður (50% fjármögnun) og Elínborg Siggeirsdóttir, formaður 3f, hlaut sérstaka viðurkenningu Kópavogsbæjar fyrir þátttöku Hörðuvallaskóla í forritunarvikunni Hour of Code. Þá stóð félagið 3f fyrir stóru verkefni í Hörðuvallaskóla í samstarfi við SAFT og fólst það í tveggja daga þema um borgaravitund og netöryggi. Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir hefur verið í forsvari fyrir úttekt Reykjavíkurborgar á stöðu upplýsingatækni í skólum borgarinnar og leitt starfshóp um símenntun kennara í upplýsingatækni.

## Kynningarstarfsemi, málþing og erindi

Niðurstöður samstarfsverkefnisins Starfshættir í grunnskólum (2009–2011), sem Rannís og fleiri aðilar styrktu, voru kynntar á fjölsóttu málþingi í Ingunnarskóla í febrúar og var þá meðal annars fjallað um niðurstöður varðandi upplýsingatækni í skólastarfi (þáttur Rannsóknastofu í upplýsinga-tækni og miðlun). Einnig var haldið erindi um sama verkefni í nóvemver á sameiginlegri málstofu Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun og Rannsóknastofu um þróun skólastarfs.

Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun þátt í undirbúningi Menntakviku í byrjun október og skipulagði þrjár málstofur með 12 erindum. Áhersla var þar lögð á starfsþróun kennara í upplýsinga-tækni, þróun náms með nýrri tækni og nýsköpun. Málstofurnar voru vel sóttar og má sjá nánari upplýsingar með aðgengi að glærum og upptökum á vef stofunnar.

Tengslanet á vegum rannsóknastofunnar, á Ning (http://utmidlun.ning.com), sem sett var upp árið 2009, er ennþá virkt og eru þar nú skráðir um 267 meðlimir. Jafnframt heldur rannsóknastofan úti vef fyrir stofuna.

# Rannsóknastofa í þroskaþjálfafræðum

Rannsóknastofan skilaði ekki gögnum fyrir árið.

# Rannsóknastofa námsgagna

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa námsgagna var stofnuð í október 2009 og er ætlað að vera samráðsvettvangur fyrir rannsakendur, fagaðila og annað áhugafólk um rannsóknir á hvers kyns námsgögnum. Í stjórn rannsóknastofunnar sitja fulltrúar rannsakenda á þessum vettvangi í Háskóla Íslands, frá Námsgagnastofnun, öðrum útgefendum og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Formaður er Michael Dal, dósent á Menntavísindasviði. Stofunnar bíður að tengja saman þær rannsóknir sem félagar hennar stunda þegar og styðja og stuðla að nýjum og samræmdum rannsóknum.

## Rannsóknir og önnur verkefni

Unnið hefur verið að nokkrum rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknahópa og eru þau helstu eftirtalin:

- Rannsókn um námsefni í nágrannamálunum á Norðurlöndum
  Verkefnið snýst um skráningu og greiningu á námsefni sem notað er við að kenna Norðurlandamál sem nágrannamál. Verkefnið er unnið í samstarfi við aðila í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og það er styrkt af NordPlus Sprog.
- Rannsókn um notkun stafræns námsefnis
- Fræðsla fyrir námsefnishöfunda
- Rannsókn um notkun námsefni í ýmsum faggreinum

## Kynningarstarfsemi og greinaskrif

Félagar í rannsóknastofunni birtu fimm útdrætti á árinu í tengslum við ráðstefnur og tvær greinar í ráðstefnuriti. Niðurstöður rannsókna voru kynntar á ráðstefnum erlendis og á fyrirlestrum og málstofum innanlands.

# Rannsóknastofa um háskóla

Rannsóknastofan skilaði ekki gögnum fyrir árið.

# Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun

## Almennt yfirlit

Aðalmarkmið rannsóknarstofunnar er að stunda rannsóknir á sviði kynjafræði og jafnréttis í skólum og í kennaramenntun. Stofan stuðlar að fræðslu og þróunarstarfi á sínu sviði.

## Stjórn

Stjórn Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun var skipuð til tveggja ára árið 2014. Í henni eru: Þórdís Þórðardóttir, formaður, Guðný Guðbjörnsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir og Brynja Elísabeth Halldórsdóttir, allar af Menntavísindasviði, Auður Magndís Auðardóttir, frá Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar en hún lét af störfum fyrir Jafnréttisskólann á árinu

og í hennar stað tók Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir sæti, Jóna Pálsdóttir, frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, og Þórður Kristinsson, frá Kvennaskólanum í Reykjavík.

**Ráðgjafarráð**
Við rannsóknastofuna starfar einnig ráðgjafaráð. Í því voru á árinu: Auður Magndís Auðardóttir, framkvæmdastjóri samtakanna 78, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, frá Borgarholtsskóla, Kristín Ástgeirsdóttir, frá Jafnréttisstofu, Maríanna Einarsdóttir, frá leikskólanum Smárahvammi, Nanna Kristín Christiansen, frá Grunnskólum Reykjavíkur, og Þorgerður Einarsdóttir, Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

## Stjórnar- og vinnufundir

Á árinu voru haldnir fjórir stjórnarfundir. Fundargerðir þeirra eru birtar á heimasíðu stofunnar. Auk stjórnarfundanna hélt stjórnin þrjá vinnufundi vegna þátttöku rannsóknastofunnar í GEA-ráðstefnunni Feminisms, Power and Pedagogy: 10th Biennial Conference of the Gender and Education Association, sem var haldin 24.–26. júní í London, og árlegrar þátttöku rannsóknastofnunnar í Menntakviku.

## Rannsókn

Eftirtaldar rannsóknir og greinar voru unnar á vegum rannsóknastofunnar á árinu:

- Kynjajafnrétti í skólum og kennaramenntun
  Rannsókn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur á kynjajafnrétti í skólum og kennaramenntun, sem hún fékk þriggja ára styrk til úr Rannsóknasjóði háskólans, var fram haldið á árinu. Fyrsti hluti rannsóknarinnar sneri að kennaramenntuninni en Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir birtu grein um þann hluta árið 2013. Annar hluti rannsóknarinnar sneri að nemum á Menntavísindasviði og er nú unnið að greinarskrifum um þann hluta rannsóknarinnar. Þriðji hluti rannsóknarinnar snýr að stjórnendum og kennurum í leik-, grunn- og framhaldsskólum og vinna við hann hefst 2016.
- The Day the Gender System Collapses Will Be a Good Day: Students' Memories of Being Girls or Boys
  Þórdís Þórðardóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir unnu þessa rannsókn sem snýr að fyrstu minningum kennaranema af því að vera telpur eða drengir. Grein um hana kemur til með að birtast í Tímariti um uppeldi og menntun.

## Fyrirlestrar, ráðstefnur, málþing

Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun hélt tvær málstofur á árinu:

- Önnur málstofan var á GEA-ráðstefnunni Feminisms, Power and Pedagogy: 10th Biennial Conference of the Gender and Education Association, sem haldin var 24.–26. júní við University of Roehampton í London. Þar héldu eftirtaldar erindi: Auður Magndís Auðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Þórdís Þórðardóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Brynja Elísabeth Halldórsdóttir og Annadís Gréta Rúdólfsdóttir.
- Hin málstofan var haldin á Menntakviku og nefndist Menntun og kyngervi í fortíð og samtíð. Eftirtaldir héltu erindi í málstofunni: Þórdís Þórðardóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Jón Ingvar Kjaran.

Fyrirlestrar erlendra gesta á vegum Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun:

- Jo-Anne Dillabough, dósent í félagsfræði við Cambridge-háskóla, heimsótti Menntavísindasvið á vegum rannsóknastofunnar og Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna á Félagsvísindasviði og hélt erindið Generating 'Good' Ideas, Writing Good Papers and Reviewing Journal Articles in a

Climate of Work Intensification þann 24. apríl og vinnustofu um sjónrænar aðferðir í eigindlegum etnógrafískum rannsóknum.(Visual Methods) þann 27. apríl.
- Tod Sloan, prófessor í ráðgefandi sálfræði við Lewis og Clark háskólann í Bandaríkjunum, hélt erindi og hringborðsumræður á Menntavísindasviði þann 8. júní þar sem hann kynnti ritverk sín og rannsóknir m.a. um það hvers vegna almennir þegnar bregðast ekki við misrétti og félagslegu óréttlæti og hvaða breytingar þurfi að eiga sér stað til að virkja grasrótina. Hann gagnrýndi einstaklingshyggju hinnar „almennu“ (mainstream) sálfræði og kallaði eftir siðferðilega ábyrgri og virkri sálarfræði sem berðist fyrir félagslegu réttlæti.

### Annað

Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun barst beiðni frá Borgarholtsskóla um stuðning við gera kynjafræði að skyldunámsgrein í framhaldsskólum. Rannsóknastofan svaraði með stuðningsyfirlýsingu frá starfandi kennurum við Menntavísindasvið og Félagsvísindasvið sem höfðu látið kynjafræði til sín taka.

Ákveðið var á árinu að víkka viðfangsefni stofunnar og sjónarhorn á jafnrétti en þó með kyngervi og menntun í forgrunni. Sjónum verður í auknum mæli beint að kynjuðum málefnum innflytjenda, sem eru orðnir 10% þjóðarinnar, stétt og almennum viðhorfum um hæfni (ableism). Menntun þessara hópa verður jafnframt í brennidepli.

## Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls

### Almennt yfirlit

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls var formlega stofnuð í júní 2008. Markmið rannsóknastofunnar er að efla og leggja stund á rannsóknir á námi og kennslu erlendra tungumála og íslensku sem annars máls. Rannsóknastofan er samstarfsvettvangur fræðimanna á sviðinu og mun stuðla að tengslum við önnur fræðasvið og hafa samstarf við innlenda og erlenda aðila um rannsóknir og önnur samskipti.

Rannsóknastofan miðlar þekkingu og kynnir niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu skýrslna, handbóka og fræðigreina, auk ráðstefnu- og fyrirlestrahalds.

### Stjórn

Forstöðumaður rannsóknastofunnar er Michael Dal dósent og aðrir starfsmenn eru Samúel Lefever dósent og Erna Jessen.

### Rannsóknir

Unnið hefur verið að nokkrum rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknahópa og eru þau helstu eftirtalin:

- Myndbandagerð nemenda í tungumálakennslu (Digital Videostreaming and Multilingualism) Verkefnið er evrópskt samstarfsverkefni unnið undir Comeniusar-áætluninni. Verkefnið er til þriggja ára og er unnið í samstarfi við Autonomous University of Barcelona, Kulturring Berlin,

Talenacademie in Maastricht, Christ Church University í Canterbury í Bretlandi, University of Pitesti í Rúmeníu og katalónskan grunnskóla.

- Kennslugögn til að kenna nágrannamál (dönsku, norsku og sænsku) og norræn mál sem erlent mál
  Verkefnið er samnorrænt rannsóknaverkefni unnið undir NordPlus Sprog áætlunni. Það er til þriggja ára í samstarfi við háskólanum í Karlstad í Svíþjóð, Professionshøjskolen (UCC) í Kaupmannahöfn og Høgskolen i Østfold í Noregi.
- Dýslexía og tungumálakennsla
  Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Árósum og Kennaraháskólann í Salzburg.
- Læsi og lesskilningur nemenda í dönsku sem erlendu mál í grunn- og framhaldskóla
  Verkefnið er norrænt samstarfsverkefni um nýsköpun í m.a. tungumálakennslu (d. Kreativitet, innovation og entreprenørskab i de nordiske uddannelser). Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bodø í Noregi, háskólann í Umeå í Svíþjóð, háskólann í Tammerfors í Finnlandi og háskólann í Álaborg í Danmörku.
- E-nordisk
  Verkefnið er samnorrænt rannsóknar- og þróunarverkefni um stöðu norrænna tungumála í Eystrasaltslöndunum. Það er unnið í samstarfi við háskólann í Bergen í Noregi, háskólann í Riga í Lettlandi, háskólann í Tartu og Estnorlink í Eistlandi og háskólann Vagtataus Magnus og háskólann í Vilnius í Litháen.
- Staða enskukennslu í íslenska skólakerfinu
- Staða dönskukennslu í íslenska skólakerfinu

### Útgáfa og kynningarstarfsemi

Á vegum rannsóknastofunnar var kaflinn Neighbor Languages in Scandinavia in a Multilingual World birtur í bókinni Multilingualism, Literacy and Dyslexia: Breaking Down Barriers for Educators, sem Lindsay Peer og Gavin Reid ritstýrðu. Þá voru birtir á vegum stofunnar fjórir útdrættir vegna ráðstefna og þrjár greinar í ráðstefnuriti. Niðurstöður rannsókna hafa enn fremur verið kynntar á ráðstefnum erlendis og á fyrirlestrum og málstofum sem haldnar voru á Menntavísindasviði.

## Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag

### Almennt yfirlit og stjórn

Í samræmi við reglur um rannsóknastofur við Menntavísindasvið leggur Rannsóknastofa áherslu á rannsóknir á sínu sviði, að miðla þekkingu, stuðla að starfsþróun er tengist sviðinu, m.a. við námskrárþróun og námsmat, og skapa bæði verðandi og starfandi fræðimönnum vettvang fyrir þátttöku í rannsóknum. Rannsóknastofan hefur einnig lagt sig fram um að örva umræðu um námskrár, námsmat og annað námsskipulag.

Stjórn hennar skipa Gunnar E. Finnbogason prófessor, Jóhanna Karlsdóttir lektor og Meyvant Þórólfsson dósent.

### Starfsemi

Starf rannsóknastofunnar var í lágmarki á árinu. Þó tók hún áfram þátt í norrænu samstarfsverkefni um útgáfu nýs rafræns tímarits, Nordisk Tidskrift för Allmän Didaktik (NOAD), sem hefur það að markmiði að fjalla um námskrárleg málefni, námsmat og námsskipulag. Rannsóknastofan átti jafnframt þátt í mótun námskrárfræða, námsmats og námsskipulags í kennaramenntun.

## Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun

Rannsóknastofan skilaði ekki gögnum fyrir árið.

## Rannsóknastofa um skapandi skólastarf

### Almennt yfirlit og stjórn

Að Rannsóknastofu um skapandi skólastarf standa Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólinn á Akureyri. Hlutverk stofunnar er að rannsaka skapandi skólastarf á öllum stigum skólakerfisins, standa fyrir viðburðum og taka þátt í ráðstefnum og fundum til að miðla þekkingu á sviði stofunnar. Stofan er vettvangur fyrir um skapandi skólastarf, tekur þátt í umræðu það og tekur að sér verkefni sem til hennar er beint. Stofan stefnir er að því að skapa vettvang fyrir meistara- og doktorsnema til að taka þátt í rannsóknum og taka að sér rannsóknaverkefni sem til stofunnar er beint.

### Stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu um skapandi skólastarf sitja Svanborg R. Jónsdóttir, dósent á Menntavísindasviði, formaður, Edda Kjartansdóttir, starfsmenntunarstjóri á Menntavísindasviði, Kristín Dýrfjörð, frá Háskólanum á Akureyri, Brynhildur Þórarinsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri, og Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjunkt á Menntavísindasviði. Í varastjórn eru Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla, Ólöf Stefánsdóttir grunnskólakennari og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, doktorsnemi við Menntavísindasvið.

### Erindi og fyrirlestrar

11. maí: Hádegisfyrirlestur Seiju Ulkuniemi frá Háskólanum í Lapplandi um finnska menntakerfið og tengsl við listkennslu. Menntavísindasvið stóð fyrir fyrirlestrinum í samstarfi við Rannsóknastofu um skapandi skólastarf.

7. maí: Málþingið Skapandi – kæfandi: Að næra sköpun í skólastarfi. Málþingið var haldið í Háteigsskóla og þar voru kynntar rannsóknir á sköpun í skólastarfi á leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigi. Spurningar og umræður fóru fram á eftir hverju erindi. Erindi héldu: Micelle Sonia Horne, verkefnisstjóri skapandi starfs í leikskólanum Stekkjarási, Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjunkt á Menntavísindasviði og Rannveig Björk Þorkelsdóttir doktorsnemi, Alda Arnardóttir, grunnskólakennari og leikkona hjá Möguleikhúsinu, Sverrir Árnason, íslenskukennari í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, og Þórunn Blöndal dósent, dósent á Menntavísindasviði. Málþinginu lauk með „heita stólnum“, skoðanaskiptum um sköpun í skólastarfi. Þátttakendur í þeim voru Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla, Rannveig Gylfadóttir, kennari í Hamraskóla, Ólöf Stefánsdóttir, textílkennari í Langholtsskóla, og Kristín Dýrfjörð, dósent í leikskólafræðum. Svanborg R. Jónsdóttir stýrði umræðum.

Rannsóknastofa um skapandi skólastarf stóð fyrir þremur málstofum á Menntakviku:

- Það sem hangir á snúrunni – sköpunarþráður grunnþátta menntunar.
- Sköpun, starfendarannsóknir og flutningur hreyfihamlaðra milli skólastiga (í samvinnu við Rannsóknastofu um starfendarannsóknir og SvaKaHafs-hópinn).
- Málstofa um skapandi skólastarf í eigin nafni stofunnar þar sem fjallað var um skapandi skólastarf út frá ýmsu sjónarhorni.

# Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar

## Almennt yfirlit

Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar / skóla margbreytileikans var stofnuð sumarið 2008. Hlutverk hennar og markmið eru að efla og stunda rannsóknir og þróunarstarf á sviði skóla án aðgreiningar, aðmiðla þekkingu og veita ráðgjöf á sviðinu til skóla, stofnana og stefnumótenda, að efla og treysta innlend og erlend tengsl og taka þátt í alþjóðlegri þekkingarsköpun á fræðasviðinu, að hvetja háskólanemendur í rannsóknar- og þróunarverkefnum á framhaldsstigi og skapa þeim aðstöðu til að stunda rannsóknir á sviðinu og að standa fyrir málþingum og stuðla að útgáfu fræðilegs efnis á sviðinu

## Stjórn

Stjórn Rannsóknastofunnar skipuðu á árinu sem fyrr Dóra S. Bjarnason prófessor, Ólafur Páll Jónsson prófessor, Anna Kristín Sigurðardóttir dósent, Berglind Rós Magnúsdóttir dósent, Brynja Halldórsdóttir lektor (öll við Háskóla Íslands) og Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri.

## Starfsemi

Starfsemi rannsóknastofunnar þetta ár einkenndist af undirbúningi greinasafns á íslensku um skóla án aðgreiningar. Tilefni bókarinnar er að nú eru liðlega 20 ár liðin frá því að hin fræga Salamanca-ályktun var samþykkt. Bókin er ritrýnd, ber titilinn Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca og kemur út á vegum Háskólaútgáfunnar á haustmisseri 2016. Höfundar greinanna eru meðal helstu fræðimanna landsins á sviði rannsókna á hinum ýmsu þáttum stefnunnar og framkvæmdar hennar í íslenskum skólum og samfélagi.

## Málþing

Föstudaginn 1. apríl 2016 hélt Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar málþing sem bar yfirskriftina Skóli margbreytileikans og íslensk skólastefna. Málþingið, sem upphaflega var hugsað sem seminar fyrir 30 til 40 manns, sprengdi allt utan af sér. Hátt á annað hundrað manns komu og þurfti að færa málþingið í Skriðu, stærsta fyrirlestrasal á Menntavísindasviði. Málþingið þótti takast vel. Erindi héldu Dóra S. Bjarnason, Guðni Olgeirsson, Kristín Erla Harðardóttur, Berglind Rós Magnúsdóttir, Kristín Björnsdóttir og Haukur Guðmundsson. Tengingar á glærur þessa fólks má finna á Facebook-síðu rannsóknastofunnar. Miklar umræður sköpuðust við lok ráðstefnunnar. Verið er að undirbúa tvö viðlíka málþing annars vegar vegna útgáfu fyrrnefnds greinasafns og hins vegar málþing á vormisseri 2017.

# Rannsóknastofa um starfendarannsóknir

Rannsóknastofan skilaði ekki gögnum fyrir árið.

# Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun stendur fyrir málþingum, ráðstefnum og samskiptum við erlenda aðila um stærðfræðimenntun. Stjórn hennar skipa nú Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor, formaður, Freyja Hreinsdóttir dósent og Kristín Bjarnadóttir, prófessor emerita.

## Rannsóknir

Rannsóknir aðstandenda stofunnar fjalla í aðalatriðum um stærðfræðinám og -kennslu, um notkun tölvuforrita í kennslu og kennslubóka í stærðfræði fyrr og síðar, og um viðhorf nemenda og áhugahvöt. Á árinu kynntu liðsmenn rannsóknastofunnar rannsóknir sínar á ýmsum ráðstefnum. Sem dæmi má nefna Menntakviku, Framhaldsskóli á krossgötum, Mathematics Education and Society – MES 8 í Oregon, CERME 9, sem haldin var í Tékklandi, NORSMA, sem haldin var í Svíþjóð, sjöttu ráðstefnu Nordic GeoGebra Network, sem haldin var í Svíþjóð, 13th Mathematical Conference í Nitra í Slóvakíu og ráðstefnu samtaka stærðfræðikennara í sunnanverðri Afríku, sem haldin var í Mósambík.

## Starfsemi stofunnar

Á vegum stofunnar eru Edda Óskarsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir í stjórn Nordic Research Network on Special Needs Education in Mathematics, sem eru norræn samtök fræðimanna innan tveggja fagsviða, stærðfræði og sérkennslu. Samtökin halda ráðstefnur annað hvert ár á Norðurlöndunum um kennslu nemenda sem eiga í erfiðleikum við stærðfræðinám þar sem kynntar eru rannsóknir á sviðinu. Næsta ráðstefna samtakanna verður haldin í Vaasa í Finnlandi vorið 2018.

Freyja Hreinsdóttir stjórnar norrænu samstarfsneti fyrir hönd stofunnar, Nordic GeoGebra Network, sem samanstendur af samstarfsaðilum frá Norðurlöndum, Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Samstarfsnetinu er ætlað að auka og bæta notkun hugbúnaðarins GeoGebra við stærðfræðikennslu og samstarf og samskipti kennara í þeim efnum. Samstarfsnetið skipulagði ráðstefnuna Sixth Nordic GeoGebra Conference í Karlstad í Svíþjóð 23.-25. október. Freyja Hreinsdóttir sat í dagskrárnefnd ráðstefnunnar.

Friðrik Diego hefur á árinu unnið að verkefnum sem tengjast keppnishaldi í stærðfræði, verkefnavali og samningu dæma fyrir forkeppni og lokakeppni innanlands og jafnframt undirbúningi fyrir Eystrasaltskeppni í stærðfræði og skipulagningu þjálfunar keppenda fyrir Ólympíuleika í stærðfræði.

Guðný Helga Gunnarsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir rituðu í samstarfi við Linda Ahl og Tuula Koljonen grein um stærðfræðikennslu í norræna tímaritið Nomad, auk greina í ráðstefnurit.

Jónína Vala Kristinsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir rituðu kafla í bókina Mathematics and Transition to School: International Perspectives, í ritstjórn B. Perry, A. Gervasoni og A. MacDonald, auk greina í ráðstefnurit.

Kristín Bjarnadóttir sat í stjórn þriðju ráðstefnunnar um sögu stærðfræðimenntunar sem haldin var í Tórinó á Ítalíu í september. Ráðstefnurit henni tengt kemur út haustið 2016. Kristín ritaði grein í norræna tímaritið Nomad og aðra í Skírni, auk greina í ráðstefnurit.

Rannsóknastofan gekkst fyrir málstofum og menntabúðum fyrir starfandi kennara í samstarfi við Flöt – samtök stærðfræðikennara og Stærðfræðitorg. Einnig hélt hún kynningarfund um ICME 13 – alþjóðlega ráðstefnu um stærðfræðimenntun – sem haldin er fjórða hvert ár. Að þessu sinni verður

ráðstefnan í Hamborg í lok júlí 2016 og munu um 30 kennarar sækja ráðstefnuna. Meðlimir rannsóknastofunnar kynna þar rannsóknir sínar.

# Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga

Rannsóknastofan skilaði ekki gögnum fyrir árið.

# Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

## Almennt yfirlit

Hlutverk Rannsóknastofu um þróun skólastarfs er að vera vettvangur rannsókna sem varða þróun skólastarfs, einkum í grunnskólum og framhaldsskólum, miðla þekkingu um þessar rannsóknir og styðja við þær með ráðgjöf og þjónustu.

Markmið stofunnar er skapa þekkingu og yfirsýn yfir þróun skólastarfs, þ.m.t. þróun starfshátta í skólum og ákveðinna námssviða eða námsgreina.

Stofan var starfsvettvangur um fjörutíu fræðimanna og um tíu doktors- og meistaranemar unnu að lokaverkefnum tengdum verkefnum á vegum stofunnar.

## Stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu um þróun skólastarfs sitja Anna Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður, Ingólfur Á. Jóhannesson, Berglind Rós Magnúsdóttir, Kristín A. Ólafsdóttir, Steinn Jóhannsson og Svandís Ingimundardóttir.

## Rannsóknaverkefni

Eftirtaldar rannsóknir fóru fram á vegum Rannsóknastofu um þróun skólastarfs á árinu:

- Starfshættir í grunnskólum
  Rannsóknin spannar vítt svið og niðurstöður birtust í bók sem kom út í lok árs 2014. Rannsóknin hlaut m.a. styrki úr Rannsóknasjóði og rannsóknasjóðum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Niðurstöður voru kynntar á árinu í ræðu og riti, auk þess sem áfram er unnið úr umfangsmiklum gagnabanka sem varð til.
- Hugmyndir nemenda um lýðræði og viðhorf þeirra til lýðræðis í skólastarfi
  Rannsóknin felst í opnum spurningum sem lagðar voru fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í einum grunnskóla á árunum 2006 og 2014. Fyrstu niðurstöður hafa verið kynntar í fræðilegum erindum.
- Starfshættir í framhaldsskólum
  Þátttakendur í rannsókninni eru sjö fræðimenn af Menntavísindasviði og Félagsvísindasviði, fimm meistaranemar og sjö doktorsnemar. Gagna var aflað með fjölbreyttum hætti.
  Þegar hefur birst grein um efni rannsóknarinnar og bókarkafli og fyrirlestrar verið haldnir á alþjóðlegum ráðstefnum og tveimur málstofum á Menntakviku. Verkefnið Nám í skóla og á vinnustað: Kennsla og þjálfun í tvískiptu kerfi starfsmenntunar á framhaldsskólastigi tengist rannsóknaverkefninu. Rannsóknirnar eru hluti af rannsóknanetinu Réttlæti í menntun – norrænt öndvegissetur í menntarannsóknum (Justice in Education, JustEd), sem er alþjóðlegt samstarfsverkefni um 130 rannsakenda. Rannsóknin á starfsháttum í framhaldsskólum myndar eitt af sjö teymum rannsóknarsetursins. JustEd hlaut styrk úr NordForsk (Education for Tomorrow – Nordic Centre of Excellence). Styrkir til verkefnisins hafa fengist úr Rannsóknasjóði og JustEd.

- Reglubreytingar á framhaldsskólavali
  Í rannsókninni er rýnt í stefnuskjöl og tölfræðigögn og viðtöl tekin við nemendur í tilteknum framhaldsskóla.
- Reynsla nemenda sem hafa skipt um framhaldsskóla
  Tekin voru viðtöl við 12 nemendur í samstarfi við ástralska fræðimenn. Ein grein hefur birst í alþjóðlegu riti í tengslum við rannsóknina.
- Skil skólastiga – Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla
  Í rannsókninni er skoðuð þróun fimm árum eftir síðustu gagnasöfnun. Sendir voru spurningalistar til skólastjóra grunnskóla, leikskólastjóra, deildarstjóra elstu deilda leikskóla og kennara í 1. bekk grunnskóla.
- Að bera meira úr býtum
  Verkefnið er bæði rannsókn og þróunarverkefni sem tekur til heiltækra breytinga á skólastarfi. Styrkur fékkst til þess úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Mótun nýs framhaldsskóla í dreifbýli
  Verkefnið er etnógrafískt og fjallar um hvernig sýn á menntun mætir staðbundnum aðstæðum með tækni og nýja námskrá að vopni.

**Ráðgjöf**
Grunnaskólakennarar og stjórnendur frá Tartu í Eistlandi komu í tvær námsferðir og tveir fræðimenn tóku þátt í sérstakri menntahátíð í Tartu í október. Unnið var að endurskoðun á matstæki um einstaklingsmiðað nám í samstarfi við Reykjavíkurborg. Endurskoðunin var gerð á grundvelli niðurstaðana í rannsókninni Starfshættir í grunnskólum.

## Ráðstefnur og málstofur

Kynningar á niðurstöðum rannsókna

Þrjár ráðstefnur voru haldnar á vegum Rannsóknastofu um þróun skólastarfs á árinu:
Ráðstefnan um starfshætti í grunnskólum (6. febrúar), ráðstefnan Framhaldsskóli á krossgötum (25. september) og ráðstefna um skólabyggingar og kennsluhætti (21. maí). Þær voru allar skipulagðar með helstu hagsmunaaðilum í skólakerfinu og voru vel sóttar. Rannsóknastofan stóð fyrir þremur opnum málstofum í málstofuröðinni um skólakerfið í alþjóðlegu samhengi. Að auki fóru fram þrjár málstofuraðir á vegum stofunnar: Málstofuröðin Og hvað svo? (átta málstofur) en þar var fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar um Starfshætti í grunnskólum, málstofuröð um skólakerfið í alþjóðlegu samhengi og málstofuröð um málefni framhaldsskólans (sjö málstofur). Stofan stóð einnig fyrir tveimur málstofum á Menntakviku um málefni framhaldsskólans þar sem megináhersla var lögð á starfsháttarannsóknina.


Member of
ÍSAGA
MED

# Verkfræði- og náttúruvísindasvið

## Stjórn og skipulag

Sviðsforseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs var Hilmar Bragi Janusson. Í stjórn sviðsins voru:

- Hafliði Pétur Gíslason, forseti Raunvísindadeildar (varaforseti Oddur Ingólfsson),
- Kristinn Andersen, forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar (varaforseti Anna Soffía Hauksdóttir),
- Þorvaldur Þórðarson, forseti Jarðvísindadeildar (varaforseti Áslaug Geirsdóttir),
- Ólafur Pétur Pálsson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar (varaforseti Kristján Jónasson),
- Guðmundur Freyr Úlfarsson, forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar (varaforseti Sigurður M. Garðarson),
- Eva Benediktsdóttir, forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar (varaforseti Anna Dóra Sæþórsdóttir).

Auk sviðs- og deildarforseta eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti í stjórn sviðsins en þeir fara sameiginlega með eitt atkvæði. Starfsmaður stjórnar er Íris Davíðsdóttir verkefnastjóri. Stjórnin hélt 23 fundi á tímabilinu.

## Fulltrúar sviðsins í ráðum og nefndum

- Kristján Jónasson og Valentina G. M. Puletti (varamaður) voru skipuð í stjórn Reiknistofnunar Háskóla Íslands.
- Anna Soffía Hauksdóttir var skipuð í framgangsnefnd háskólans og Guðmundur G. Haraldsson til vara.
- Sigurður Erlingsson og Árný Erla Sveinbjörnsdóttir voru skipuð í vísindasiðanefnd háskólans.
- Rannveig Ólafsdóttir var skipuð í sjálfbærni- og umhverfisnefnd háskólans.
- Guðmundur Freyr Úlfarsson og Valentina G. M. Puletti (varamaður) voru skipuð í stjórn Nýliðunarsjóðs háskólans.

## Nefndir

Nefndir sviðsins á árinu vor sex talsins: gæðanefnd, húsnæðisnefnd, jafnréttisnefnd, kennslunefnd og vísindanefnd. Allar nefndirnar hafa starfsmann sem undirbýr fundi og ritar fundargerðir. Nefndirnar taka til umfjöllunar mál sem undir þær heyra og stjórn vísar til þeirra. Þær senda stjórn sviðsins fundargerðir og álit sem stjórnin tekur til afgreiðslu.

## Starfsfólk

Á árinu 2015 hófu eftirtaldir starfsmenn störf við stjórnsýslu sviðsins: Sigvaldi Egill Lárusson, sem verkefnisstjóri fjármála, Guðný Benediktsdóttir, sem verkefnastjóri framhaldsnáms, og Sigurður Ólafsson, á verkefnisstofu. Hafdís Eyjólfsdóttir verkefnisstjóri lét af störfum.

## Kennslumál

Frá Verkfræði- og náttúruvísindadeild brautskráðust 519 kandídatar, 322 karlar og 197 konur. Af 519 kandídötum brautskráðust 403 með BS-próf, 86 með MS-próf og 30 með doktorspróf.

Á sviðinu var stofnað nýtt kjörsvið: Í Rafmagns- og tölvuverkfræði var stofnað kjörsvið í læknisfræðilegri verkfræði.

## Kynningar og viðburðir

Sviðsþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var haldið föstudaginn 20. ágúst 2015 í Öskju. Deildir sviðsins gerðu grein fyrir stöðu sinni og stefnuviðmiðum. Vinnustofur voru haldnar þar sem lögð var áhersla á kennslu, rannsóknir, innviði, mannauð og hagnýtingu, ásamt skírskotun til samfélags. Lögð var áhersla á mótun framtíðar og fulltrúar vinnustofanna kynntu niðurstöður hópanna og sýn þeirra á framtíðina.

Tvær FIRST LEGO League keppnir voru haldnar árið 2015 í Háskólabíói, önnur 31. janúar og seinni 14. nóvember. Markmið keppninnar er að vekja áhuga ungs fólks á vísindum og tækni, sem og að efla sjálfstraust, leiðtogahæfni og lífsleikni þess. Um 220 grunnskólanemar tóku þátt í keppninni í hvort skipti. Sigurliðin öðluðust þátttökurétt á heimsmeistarakeppni FIRST LEGO League sem fór fram tvisvar á árinu í St. Louis í Missouri í Bandaríkjunum. Helsti bakhjarl keppninnar var Nýherji, sem styrkti sigurvegara til fararinnar.

Nám við Verkfræði- og náttúruvísindasvið var kynnt í framhaldsskólum landsins í febrúar, mars og apríl. Háskóladagurinn var haldinn 28. febrúar. Sviðið hafði Öskju til umráða og þótti kynningin þar takast með afbrigðum vel. Stúdentar og starfsfólk sviðsins létu mikið að sér kveða í öllu kynningarstarfinu. Í mars kynnti sviðið námsframboð sitt í framhaldsskólum á landsbyggðinni.

Meistaradagur Verkfræðistofnunar var haldinn 31. maí. Á meistaradeginum voru kynnt verkefni meistaranema í verkfræði og tölvunarfræði, bæði með veggspjöldum og fyrirlestrum.

Móttaka nýnema var haldin í byrjun skólaárs og tókst með miklum ágætum. Eftir hefðbundna athöfn var haldinn ratleikur um háskólasvæðið í samstarfi við nemendafélögin.

Vísindadagur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands var haldinn 31. október og tókst með eindæmum vel. Lögð var áhersla á fjölskylduvænan dag og að kynna „vísindi á mannamáli“ bæði á ensku og íslensku. Vísindadagurinn var haldinn á sama tíma og hrekkjavaka og af því tilefni var þema henni tengt nýtt, meðal annars til þess að sýna dýrarannsóknastofuna í nýju ljósi. Um 3000 manns mættu á þennan viðburð. Ara Ólafssyni og Guðrúnu Bachmann voru veittar viðurkenningar fyrir starf í þágu vísindamiðlunar í tengslum við viðburðinn.

Ársfundur Verkfræðistofnunar var haldinn þriðjudaginn 11. desember á Hótel Sögu Radisson Blu.

## Styrkir og viðurkenningar

Verkfræði- og náttúruvísindasvið nýtur velvildar í samfélaginu, fáum dylst hvað kennarar sviðsins og vísindamenn hafa unnið landi og þjóð til hagsbóta. Velvild og skilningur á nauðsyn kennslu og rannsóknum í verkfræði og náttúruvísindum kemur fram með ýmsum hætti, meðal annars með styrkjum og viðurkenningum. Hér verður nefnt það helsta.

Þann 22. desember ár hvert er veittur styrkur úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar. Styrkveitingin fer fram við hátíðlega athöfn á Háskólatorgi. Styrkinn hlýtur sá stúdent sem náð hefur bestum árangri við upphaf síðasta námsárs í grunnnámi í verkfræði. Styrkinn hlaut þetta árið Snorri Tómasson, BS-nemi í iðnaðarverkfræði.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið á fulltrúa í stýrihópi fyrir UT-messu, sem haldin er af Skýrslutæknifélagi Íslands. Ráðstefnan stendur í tvo daga og er annar dagurinn helgaður ráðstefnu og hinn kynningum. Ráðstefnuhluti UT-messunnar fór fram á föstudegi og að þessu sinni var ráðstefnan tileinkuð almenningi. Fimm fyrirlesarar voru úr Háskóla Íslands á ráðstefnunni á föstudeginum og nemendur skólans voru með kynningu á laugardeginum. Háskólinn var einnig með kynningu í Silfurbergi á laugardeginum þar sem ýmis atriði voru kynnt fyrir almenningi.

## Skipurit Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stofnana þess




# Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar var Ólafur Pétur Pálsson prófessor og varadeildarforseti Kristján Jónasson prófessor. Formenn námsbrauta voru Tómas Philip Rúnarsson prófessor (iðnaðarverkfræði), Kristján Jónasson prófessor (tölvunarfræði) og Fjóla Jónsdóttir prófessor (vélaverkfræði). Deildarráð skipuðu þessi fjögur, auk tveggja fulltrúa nemenda.

## Starfsmenn

Á árinu hóf einn nýr starfsmaður störf við deildina, Esa Hyytiä, sem hóf störf í október sem lektor í tölvunarfræði. Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 196 kandídatar frá deildinni, þar af 171 með BS-próf, 22 með meistarapróf og þrír með doktorspróf.

**Doktorsvarnir**

Aldrei hafa fleiri varið doktorsritgerðir við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, þrír doktorar:

- Fimmtudaginn 19. nóvember varði María Sigríður Guðjónsdóttir varði ritgerð sína, Mat á hlutlektum í jarðhitakerfum út frá fræðilegum líkönum, niðurstöðum úr tilraunum og gögnum frá jarðhitasvæðum, í vélaverkfræði. Þetta var sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Andmælendur við vörn Maríu voru þeir Stephan Finsterle, vísindamaður við Lawrence Berkeley National Laboratory, og Ronny Pini, lektor við Imperial Collage í London. Leiðbeinandi Maríu við Háskóla Íslands var Halldór Pálsson, dósent við deildina.
- Þriðjudaginn 24. nóvember varði Oddgeir Guðmundsson ritgerð sína, Greining útfellinga í varmaskiptum með samanburði á líkönum, í iðnaðarverkfræði. Andmælendur við vörn Oddgeirs voru Reza Malayeri, prófessor við Háskólann í Stuttgart í Þýskalandi, og Ian Wilson, prófessor við Háskólann í Cambridge í Bretlandi. Leiðbeinendur hans voru þeir Ólafur Pétur Pálsson, prófessor við

deildina, og Halldór Pálsson, dósent við deildina, en auk þeirra voru Sylvain Lalot, prófessor við háskólann í Valenciennes í Frakklandi, og Guðmundur R. Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands, í doktorsnefndinni.
- Fimmtudaginn 10. desember varði Reynir Smári Atlason ritgerð sína, Skipulegar umbætur viðhaldsstjórnunar – Dæmi úr íslenskum jarðvarmaiðnaði. Um var að ræða fyrstu doktorsvörn í umhverfis- og auðlindafræðum frá deildinni. Andmælendur við vörn Reynis voru þau Maryann P. Feldman, prófessor við Háskólann í North Carolina í Bandaríkjunum, og Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Leiðbeinendur doktorsefnisins voru Rúnar Unnþórsson dósent og Guðmundur Valur Oddsson lektor, báðir við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild. Einnig sat Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræðum við Líf- og umhverfisvísindadeild og Hagfræðideild, í doktorsnefndinni.

## Rannsóknir

Rannsóknum sem fóru fram á árinu við deildina er lýst í kafla Verkfræðistofnunar.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu 27 nemar við deildina utan í skiptinám og 29 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina.

## Gæðamál

Deildin vinnur sífellt að gæðamálum og má þar nefna eitt dæmi í kjölfar sjálfsmatsskýrslu sem gerð var 2014. Verklag sem tekið var upp í kjölfar skýrslunnar lýtur að kennslukönnunum. Nú fer forseti deildarinnar yfir kennslukannanir með kennurum og fulltrúum nemenda og er sú yfirferð hluti af reglulegu gæðaeftirliti. Jafnframt hefur í kjölfar sjálfsmatsskýrslunnar verið unnið að því að halda þéttar utanum framhaldsnema en áður.

# Jarðvísindadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Þorvaldur Þórðarson prófessor var forseti Jarðvísindadeildar á árinu og Áslaug Geirsdóttir prófessor varadeildarforseti og formaður námsbrautar. Stjórn deildarinnar og Jarðvísindastofnunar er samtvinnuð, þ.e. akademískir fulltrúar í deildarráði skipa jafnframt stjórn Jarðvísindastofnunar og deildarfundi með fullum réttindum sitja allir kennarar og akademískir sérfræðingar.

Á árinu sátu í deildarráði Jarðvísindadeildar, auk deildarforseta og varadeildarforseta, Andri Stefánsson prófessor, Freysteinn Sigmundsson vísindamaður, Kristín Vala Ragnarsdóttir prófessor og Sigurður Jakobsson vísindamaður. Fulltrúar nemenda voru Paavo Nikkola, Deirdre Clark og Katrín Steinþórsdóttir.

## Starfsmenn

Á árinu lét Friðgeir Grímsson lektor af störfum ásamt Sigrúnu Hreinsdóttur dósent. Eniko Bali lektor, Esther Ruth Guðmundsdóttir aðjunkt og Steffen Mischke prófessor hófu störf á árinu. Hreggviður Norðdahl fræðimaður var fluttur tímabundið (til tveggja ára) frá Jarðvísindastofnun til Jarðvísindadeildar í stöðu dósents.

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðist 41 kandíadat frá deildinni, þar af 26 með BS-próf, 13 með MS-próf og tveir með doktorspróf.

**Doktorsvarnir**

Tveir doktorar brautskráðust frá Jarðvísindadeild á árinu:

- Fimmtudaginn 17. september varði Helgi Arnar Alfreðsson doktorsritgerð sína í jarðfræði (með jarðefnafræði sem kjörsvið) við deildina. Ritgerðin ber heitið: Efnaskipti vatns og bergs við bindingu kolefnis í berg og veðrun eldfjallaösku (Water-Rock Interaction During Mineral Carbonation and Volcanic Ash Weathering). Andmælendur voru Per Aagaard, prófessor í jarðefnafræði við Háskólann í Osló, og Pierre Delmelle, prófessor í eldfjallafræði við Université catholique de Louvain í Belgíu. Leiðbeinandi var Sigurður R. Gíslason, vísindamaður við Jarðvísindastofnun. Auk hans sátu í doktorsnefndinni Stefán Arnórsson, prófessor emeritus við Jarðvísindadeild, Andri Stefánsson, prófessor við Jarðvísindadeild, Björn S. Harðarson, sérfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknum, Domenik Wolff-Boenisch, sérfræðingur við Curtin University í Perth í Ástralíu, og Eric H. Oelkers, prófessor við University College í London. Verkefnið var styrkt af Evrópusambandinu, Umhverfissjóði Orkuveitu Reykjavíkur, Orkuveitu Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Almannavörnum.
- Föstudaginn 19. júní varði Birgir Vilhelm Óskarsson doktorsritgerð sína í jarðfræði við deildina. Ritgerðin ber heitið: Eldfjallafræði flæðibasaltsyrpa frá míósen á Austfjörðum (Volcanological Studies of Neogene Flood Basalt Groups in Eastern Iceland). Andmælendur voru Sonia Calvari, rannsóknastjóri við Istituto Nazionale di Geofisica e Vulcanologia á Ítalíu, og Simon R. Passey, sérfræðingur við Cambridge Arctic Shelf Programme hjá Research Trust við Cambridge University í Bretlandi. Leiðbeinandi doktorsefnisins var Morten S. Riishuus, sérfræðingur við Norræna eldfjallasetrið. Auk hans sátu í doktorsnefndinni Þorvaldur Þórðarson, prófessor við Jarðvísindadeild, og Christian Tegner, prófessor við jarðvísindadeild Háskólans í Árósum.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu þrír nemar við deildina utan í skiptinám en 97 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina á árinu.

## Gæðamál

Deildin hélt áfram að framfylgja þeirri aðgerðaáætlun sem sett var 2014. Á árinu var lokið við endurnýjun kennsluaðstöðu: keyptar voru átta nýjar smásjár fyrir deildina sem nýtast í kennslu í steinda-, berg- og setlagafræði, sem og í rannsóknaverkefnum grunn- og framhaldsnemenda. Nýr kennslubúnaður var keyptur fyrir verklegt nám í almennri jarðefnafræði. Sett var upp nýtt reiknilíkan fyrir vinnustundir í námskeiðum og birt á vefsíðu deildarinnar. Jafnframt var nýju námsfyrirkomulagi í grunnnámi í jarðfræði komið á á þessu ári. Nýju fyrirkomulagi námsbrauta í meistaranáminu var komið á ásamt hvatningarstyrkjum til meistaranema fyrir meistaraverkefni og nýjar starfsreglur voru settar fyrir doktors- og meistaranám. Jafnframt voru gerðar verulegar úrbætur á öryggismálum og nýtingu húsnæðisins í Öskju í samvinnu við Jarðvísindastofnun.

# Líf- og umhverfisvísindadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar var Eva Benediktsdóttir dósent og varadeildarforseti Anna Dóra Sæþórsdóttir dósent.

Í deildinni störfuðu þrjár námsbrautir, námsbraut í líffræði, námsbraut í land- og ferðamálafræði og námsbraut í lífefnafræði og sameindalíffræði, en sú síðastnefnda var rekin í samvinnu við Raunvísindadeild. Námsbrautarformaður í líffræði var Snæbjörn Pálsson prófessor, í land- og ferðamálafræði Karl Benediktsson prófessor og í lífefna- og sameindalíffræði Zophonías O. Jónsson prófessor.

## Starfslið

Á árinu færðist Edda Ruth Hlín Waage úr aðjunktsstöðu í stöðu lektors, sem og Sigríður Rut Franzdóttir. Anna Karlsdóttir fór í leyfi. Egill Erlendsson var ráðinn lektor, Ian Stuart Jenkins var ráðinn dósent, Steven Campana var ráðinn prófessor og Magnús Haukur Ásgeirsson og Þorsteinn Sæmundsson voru ráðnir í stöðu aðjunkts við deildina.

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 147 kandíadatar frá deildinni, þar af 111 með BS-próf, 24 með MS-próf, 12 með doktorspróf.

**Doktorsvarnir**

Ellefu doktorar brautskráðust frá Líf- og umhverfisvísindadeild á árinu:

- Mánudaginn 21. desember varði Martin A. Mörsdorf doktorsritgerð sína í líffræði, sem ber heitið Áhrif stað- og svæðisbundinna mótunarþátta á tegundafjölbreytni plantna í túndrulandslagi (Effects of Local and Regional Drivers on Plant Diversity Within Tundra Landscapes). Þetta er sameiginleg doktorsgráða Háskóla Íslands og Háskólans í Tromsø. Andmælendur voru Martin Zobel, prófessor í plöntuvistfræði og yfirmaður rannsóknastofu um plöntuvistfræði í Tartu í Eistlandi, og Gunnar Austrheim, prófessor við Náttúruminjastofnun NTNU í Þrándheimi. Doktorsgráðan var sameiginleg Háskóla Íslands og Háskólanum í Tromsø. Leiðbeinandi doktorsefnisins var Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild. Einnig sátu í doktorsnefndinni Kari Anne Bråthen, dósent við Heimskauta- og sjávarlíffræðideild Háskólans í Tromsø, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, Virve T. Ravolainen, fræðimaður við norsku heimskautastofnunina í Tromsø, og Nigel G. Yoccoz, prófessor við Heimskauta- og sjávarlíffræðideild Háskólans í Tromsø.
- Mánudaginn 9. nóvember varði Chiara G. Bertulli doktorsritgerð sína sem ber heitið Hagnýting náttúrulegra líkamseinkenna við rannsóknir á stofnfræði og félagskerfi hrefnu (Balaenoptera acutorostrata) og hnýðings (Lagenorhynchus albirostris) (The Use of Natural Markings to Study the Demography and Social Structure of Common Minke Whale (Balaenoptera Acutorostrata) and White-Beaked Dolphin (Lagenorhynchus Albirostris)). Andmælendur voru Simon Berrow, vísindamaður og lektor við Galway-Mayo Institute of Technology í Galway á Írlandi, og Peter Evans, Honorary Senior Lecturer við University of Bangor í Bretlandi. Leiðbeinandi var Marianne Helene Rasmussen, forstöðumaður Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Húsavík. Auk hennar sátu í doktorsnefnd Árni Einarsson, gestaprófessor við Háskóla Íslands og forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, og Gunnar Stefánsson, prófessor í tölfræði við Raunvísindadeild.
- Föstudaginn 23. október varði Julien Amouret doktorsritgerð sína sem ber heitið Þróunarleg sérstaða þriggja undirtegunda á Íslandi: auðnutittlings, sendlings og músarrindils (Evaluation of Three Subspecies of Birds in Iceland: Acanthis Flammea Islandica, Troglodytes Troglodytes Islandicus and Calidris Maritima Littoralis). Andmælendur voru Jacob Höglund, prófessor við Uppsalaháskóla, og Ralph Tiedemann, prófessor við Háskólann í Potsdam í Þýskalandi. Leiðbeinandi var Snæbjörn Pálsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild. Auk hans sátu í doktorsnefnd Gunnar Þór Hallgrímsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Tómas Grétar Gunnarsson, vísindamaður og forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi.

- Föstudaginn 2. október varði Guðni Magnús Eiríksson doktorsritgerð sína í líffræði sem ber heitið Stofngerð þorskfiska með áherslu á þorsk Gadus morhua (Population Genetic Structure in Gadoid Fish with Focus on Atlantic Cod Gadus morhua). Andmælendur voru Dorte Bekkevold, vísindamaður við Danmarks Tekniske Universitet, og William Stewart Grant, yfirmaður rannsókna við Commercial Fisheries Division í Alaska Department of Fish and Game. Leiðbeinandi var Einar Árnason, prófessor í Líf- og umhverfisvísindadeild. Auk hans sátu í doktorsnefndinni Jarle Mork, prófessor við Líffræðideild NTNU í Þrándheimi, og Kristinn Pétur Magnússon, prófessor við auðlindadeild Háskólans á Akureyri.
- Mánudaginn 28. september varði Olga Kolbrún Vilmundardóttir doktorsritgerð sína í landfræði sem ber heitið Jarðvegsmyndun við hörfandi jökla á Suðausturlandi (Soil Development Within Glacier Forelands, Southeast Iceland). Andmælendur voru Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, og Markus Egli, prófessor við Háskólann í Zürich í Sviss. Leiðbeinandi var Guðrún Gísladóttir, prófessor í landfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild. Meðleiðbeinandi var Rattan Lal, prófessor við School of Environment and Natural Resources í Ohio State University í Bandaríkjunum. Auk þeirra sat Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, í doktorsnefndinni.
- Fimmtudaginn 3. september varði Hlynur Bárðarson doktorsritgerð sína í líffræði sem ber heitið Aðgreining vistgerða þorsks við Ísland (Identifying Cod Ecotypes in Icelandic Waters). Andmælendur voru Jonathan Grabowski, dósent við Marine and Environmental Sciences í Northeastern University í Bandaríkjunum, og Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands. Leiðbeinandi var Guðrún Marteinsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild. Auk hennar sátu í doktorsnefndinni Christophe Pampoulie, sérfræðingur á Hafrannsóknastofnun, og Bruce J. McAdam, lektor við Institute of Aquaculture í University of Stirling í Bretlandi.
- Þriðjudaginn 25. ágúst varði Ruth Shortall ver doktorsritgerð sína í umhverfis- og auðlindafræðum og ber hún heitið Sjálfbærnivísar fyrir jarðvarmavirkjanir (A Sustainability Assessment Framework for Geothermal Energy Developments). Andmælendur voru Ladislaus Rybach, prófessor emeritus við Institute of Geophysics í ETH Zürich í Sviss, og Ernst Worrell, prófessor við Utrecht-háskóla í Hollandi og vísindaleiðtogi við Copernicus Institute of Sustainable Development við Utrecht-háskóla. Leiðbeinandi var Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræðum við Líf- og umhverfisvísindadeild og Hagfræðideild. Auk hennar sátu í doktorsnefndinni Guðni Axelsson, sviðsstjóri kennslu og þróunar hjá Íslenskum orkurannsóknum (ISOR), og Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor við Jarðvísindadeild.
- Föstudaginn 14. ágúst varði Almut Katrin Heinken doktorsritgerð sína í líffræði sem heitið Skorðað líkan af efnaskiptasamspili milli hýsils og örveruflóru í þörmum (Constraint-Based Modeling of Host-Microbe and Microbe-Microbe Metabolic Interactions in the Human Gut). Andmælendur voru Albert V. Smith, sérfræðingur hjá Hjartavernd, og Adam Godzik, prófessor við Sanford Burnham Prebys Medical Discovery Institute í Bandaríkjunum. Leiðbeinandi var Ines Thiele, prófessor við Luxembourg Centre for Systems Biomedicine við Háskólann í Lúxemborg. Auk hennar sátu í doktorsnefnd Ronan M.T. Fleming, vísindamaður við Luxembourg Centre for Systems Biomedicine, og Ólafur Sigmar Andrésson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.
- Þriðjudaginn 9. júní varði Óskar Sindri Gíslason doktorsritgerð sína í líffræði sem ber heitið Landnám grjótkrabba (Cancer irroratus) við Ísland (Invasion of the Atlantic Rock Crab (Cancer Irroratus) in Icelandic Waters). Andmælendur voru Erik Bonsdorff, prófessor við Åbo-háskóla í Turku í Finnlandi, og Bernd Hänfling, vísindamaður við Háskólann í Hull í Bretlandi. Leiðbeinandi var Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild. Auk hans sátu í doktorsnefnd Snæbjörn Pálsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum.
- Föstudaginn 5. júní varði Lísa Anne Libungan doktorsritgerð sína sem ber heitið Aðgreining síldarstofna (Identification of Herring Populations). Andmælendur voru Albert K. Imsland, prófessor við Háskólann í Bergen og sviðsstjóri fiskeldissviðs hjá Akvaplan Niva í Noregi, og Henrik Mosegaard, prófessor við Tækniháskólann í Danmörku (DTU) og sviðsstjóri sjávarnytjadeildar DTU Aqua. Leiðbeinandi var Snæbjörn Pálsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, en einnig sátu í

doktorsnefnd Guðmundur J. Óskarsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, og Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild.
- Mánudaginn 5. janúar varði Sara Sigurbjörnsdóttir doktorsritgerð sína í líffræði sem ber heitið Flókin frumuform – Sameindir og kerfi sem móta þroskun endafruma í loftæðakerfi Drosophila melanogaster (Complex Cell Shape – Molecular Mechanisms of Tracheal Terminal Cell Development in Drosophila Melanogaster). Andmælendur voru Stefan Ernst Luschnig, vísindamaður við Institute of Molecular Life Sciences við Háskólann í Zürich í Sviss, og Þórarinn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild. Leiðbeinandi var María Leptin, forstöðumaður við European Molecular Biology Laboratory (EMBL) í Heidelberg, Þýskalandi. Í doktorsnefnd sátu Arnar Pálsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Marko Kaksonen og Stefano De Renzis, báðir vísindamenn við European Molecular Biology Laboratory í Heidelberg.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu 4 nemar við deildinna utan í skiptinám, þar af 2 í umhverfis- og auðlindafræðum. Á árinu komu 31 skiptinemar frá erlendum skólum, þar af 13 sem stunduðu nám við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum.

## Gæðamál

Unnið var að stefnumótun fyrir deildina en vinnu við hana er ekki enn lokið. Kennslukannanir voru gerðar bæði misserin, um mitt misserið og í lok þeirra, og voru kennarar hvattir sérstaklega til þess að ræða niðurstöður miðmisseriskannananna við nemendur.

# Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar var óbreytt frá fyrra ári, þar sem Kristinn Andersen gegndi starfi deildarforseta og Anna Soffía Hauksdóttir starfi varadeildarforseta. Magnús Örn Úlfarsson er áfram námsbrautarstjóri í rafmagnsverkfræði og Helgi Þorbergsson námsbrautarstjóri í tölvuverkfræði.

Þrír deildarfundir voru haldnir á árinu, í janúar, júní og október.

## Starfsmenn

Í upphafi árs var Karl Sölvi Guðmundsson ráðinn tímabundið dósent við deildina og Sæmundur E. Þorsteinsson var ráðinn lektor við deildina á árinu. Jón Atli Benediktsson, prófessor við deildina, var kjörinn rektor Háskóla Íslands á árinu og dró sig því út úr störfum við deildina.

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu var samþykkt að hefja kennslu við deildina á nýju kjörsviði, læknisfræðilegri verkfræði, en fyrir voru innan deildarinnar kjörsviðin rafmagnsverkfræði og tölvuverkfræði. Nýnemar gátu skráð sig til náms á nýja kjörsviðinu frá hausti 2015.

Við lok umsóknarfrests um að hefja BS-nám að hausti lágu fyrir 64 umsóknir og voru 17 þeirra (27%) frá konum. Umsóknir nýnemanna skiptust þannig á kjörsvið að 33 völdu rafmagnsverkfræði, 14

tölvuverkfræði, 14 læknisfræðilega verkfræði og 3 höfðu ekki tiltekið kjörsvið. Athygli vekur að umsóknir nýnema voru um tvöfalt fleiri en árið áður og hlutfall kvenna í umsækjendahópnum var mun hærra en fyrri ár. Konur voru 6 (18%) í hópi umsækjenda í rafmagnsverkfræði, 2 (14%) í tölvuverkfræði og 9 (64%) í læknisfræðilegri verkfræði.

Árið 2015 útskrifuðust 39 frá deildinni, þar af 17 með BS-próf í verkfræði og 18 með BS-próf í tæknifræði (mekatróník hátæknifræði og orku- og umhverfistæknifræði).

**Doktorsvarnir**
Þrír luku doktorsprófi frá Rafmagns- og tölvuverkfræðideild á árinu:
- Föstudaginn 8. maí varði Pedram Ghamisi doktorsritgerð sína í rafmagns- og tölvuverkfræði. Ritgerðin ber heitið Flokkun gagna af afar hárri vídd með róf- og rúmupplýsingum (Spectral and Spatial Classification of Hyperspectral Data). Andmælendur voru Melba M. Crawford, prófessor við Purdue University í West Lafayette í Bandaríkjunum, og David W. Messinger, dósent við Rochester Institute of Technology í Bandaríkjunum. Leiðbeinandi var Jón Atli Benediktsson, prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild. Auk hans sátu í doktorsnefnd Magnús Örn Úlfarsson, prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, og Antonio J. Plaza, dósent við Department of Technology of Computers and Communications við Extremadura-háskóla í Caceres á Spáni.
- Föstudaginn 28. maí varði Jakob Sigurðsson doktorsritgerð sína, Aðgreining fjölrása fjarkönnunarmynda með rýrum og þjálum aðferðum (Hyperspectral Unmixing Using Total Variation and Sparse Methods), í rafmagns- og tölvuverkfræði. Andmælendur voru José M. Bioucas Dias, dósent við Instituto Superior Técnico í Lissabon í Portúgal, og Mario Parente, lektor við University of Massachusetts í Amherst í Bandaríkjunum. Leiðbeinendur voru Jóhannes R. Sveinsson og Magnús Örn Úlfarsson, prófessorar við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild. Auk þeirra sat Jocelyn Chanussot, prófessor við Grenoble Institute of Technology í Frakklandi, í doktorsnefndinni.
- Þriðjudaginn 2. júní kynnti Nicola Falco doktorsritgerð sína í rafmagns- og tölvuverkfræði, Framsæknar aðferðir sem byggja á upplýsingum í rófi og rúmi fyrir greiningu og flokkun mynda af mjög hárri vídd (Advanced Spectral and Spatial Techniques for Hyperspectral Image Analysis and Classification). Um var að ræða fyrstu sameiginlegu prófgráðu frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Trento á Ítalíu. Doktorsvörnin fór fram í Trento 18. febrúar. Andmælendur voru þrír, José Manuel Bioucas Dias, dósent við Instituto de Telecomunicacoes við Instituto Superior Tecnico í Portúgal, Gustau Camps-Valls, dósent við Image Processing Laboratory (IPL) við Universitat de València á Spáni, og Enrico Magli, dósent við Politecnico di Torino á Ítalíu. Leiðbeinendur voru Lorenzo Bruzzone, prófessor við Háskólann í Trento, og Jón Atli Benediktsson, prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild.

## Alþjóðasamskipti
Á árinu héldu tveir nemar við deildinna utan í skiptinám.

## Gæðamál
Vinnu við sjálfsmat deildarinnar lauk á árinu og sjálfsmatsskýrsla lá fyrir í júlí. Áhersla var lögð á að greina stöðu kennslu við deildina og tækifæri til frekari þróunar og úrbóta. Auk starfsmanna deildarinnar og þátttakenda utan hennar og háskólans í sjálfsmatshópnum var lögð áhersla á að viðhorf og ábendingar nemenda kæmu vel fram í skýrslunni.

Stefnumótun fyrir deildina fór fram á árinu og lá stefna deildarinnar fyrir í lok október.

# Raunvísindadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Raunvísindadeild er vettvangur kennslu í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands og skiptist deildin í samsvarandi þrjár námsbrautir. Auk þess stendur deildin að námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði ásamt Líf- og umhverfisvísindadeild og er sú námsbraut vistuð í Raunvísindadeild.

Forseti deildarinnar var Hafliði Pétur Gíslason og varaforseti deildarinnar var Oddur Ingólfsson.

## Starfsmenn

Á árinu voru ráðnir tveir aðjunktar að deildinni, þær Anna Helga Jónsdóttir og Katrín Lilja Sigurðardóttir.

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 54 kandídatar frá deildinni, 36 með BS-próf, 8 útskrifuðust með MS-próf og 10 með doktorspróf.

**Doktorsvarnir**

Tíu doktorar brautskráðust frá Raunvísindadeild á árinu:

- Laugardaginn 28. mars varði Seyedmohammad Shayestehaminzade doktorsritgerð sína, Ræktun þunnra húða, eiginleikar og hagnýting þeirra (Growth of Functional Thin Films by HiPIMS – Fundamentals, Challenges, and Applications) í eðlisfræði. Andmælendur voru Andre Anders, vísindamaður við Lawrence Berkeley National Laboratory í Bandaríkjunum og ritstjóri Journal of Applied Physics, og Jochen M. Schneider, prófessor í efnisvísindum við Aachen University í Þýskalandi. Leiðbeinendur voru Sveinn Ólafsson, vísindamaður við Raunvísindastofnun, og Hafliði P. Gíslason, prófessor við Raunvísindadeild, en auk þeirra sat í doktorsnefnd Kristján Leósson, forstöðumaður Nýköpunarmiðstöðvar Íslands.
- Föstudaginn 17. apríl varði Anna Helga Jónsdóttir doktorsritgerð sína, Þróun og prófun á opnu vefkennslukerfi í stærðfræði og tölfræði (Development and Testing of an Open Learning Environment to Enhance Statistics and Mathematics Education), í tölfræði. Andmælendur voru Per B. Brockhoff, prófessor við Danmarks Tekniske Universitet, og Robert C. delMas, dósent við University of Minnesota. Leiðbeinandi var Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild, og í doktorsnefnd voru Freyja Hreinsdóttir, dósent á Menntavísindasviði, og Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar við Háskólann á Akureyri.
- Föstudaginn 8. maí varði Erla Sturludóttir doktorsritgerð sína, Þróun tölfræðiaðferða til að finna breytingar í vöktunarmælingum (Statistical Analysis of Trends in Data from Ecological Monitoring), í tölfræði. Andmælendur voru Thor Aspelund, dósent við Miðstöð lýðheilsuvísinda við Háskóla Íslands og tölfræðingur hjá Hjartavernd, og Anders Bignert, prófessor við Náttúruminjasafn Svíþjóðar. Leiðbeinandi var Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild, og aðrir í doktorsnefnd voru Helga Gunnlaugsdóttir, fagstjóri hjá Matís, Ólafur K. Nielsen, vistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, og Kristín Ólafsdóttir, dósent við Læknadeild.
- Laugardaginn 9. maí varði Nzar Rauf Abdullah doktorsritgerð sína, Holljóseindastýrð rafeindaleiðni um kerfi skammtapunkta og bylgjuleiðara (Cavity-Photon Controlled Electron Transport Through Quantum Dots and Waveguide Systems), í eðlisfræði. Andmælendur voru Michael Thorwart, prófessor við Háskólann í Hamborg í Þýskalandi, og Einar Örn Sveinbjörnsson, prófessor við Raunvísindadeild. Leiðbeinandi var Viðar Guðmundsson, prófessor við Raunvísindadeild, og aðrir í doktorsnefnd voru Andrei Manolescu, prófessor við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík, og Chi-Shung Tang, prófessor við National United University í Miaoli á Tævan.

- Þriðjudaginn 19. maí varði Bjarki Þór Elvarsson doktorsritgerð sína, Tölfræðileg líkön af fjölstofna sjávarvistkerfum (Statistical Models of Marine Multispecies Ecosystems), í tölfræði. Andmælendur voru Carmen Fernandez, varaformaður ráðgjafarnefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins, og Tore Schweder, prófessor emeritus við Háskólann í Osló. Leiðbeinandi var Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild, en auk hans sátu í doktorsnefndinni Gísli A. Víkingsson, sérfræðingur í sjávarspendýrum við Hafrannsóknastofnun, og Eva Plaganyi-Lloyd, vísindamaður við The Commonwealth Scientific and Industrial Research Organisation (CSIRO) í Ástralíu.
- Föstudaginn 12. júní varði Warsha Singh doktorsritgerð sína, Bættar aðferðir við stofnmat sjávarbotndýra með notkun djúpfars (Towards Efficient Benthic Survey Design with the Use of Autonomous Underwater Vehicles) í vistfræðilíkönum. Andmælendur voru Michael Fogarty, forstöðumaður rannsóknaáætlunar við Northeast Fisheries Science Center í Bandaríkjunum, og Arthur Trembanis, dósent í haffræði og jarðvísindum við University of Delaware í Bandaríkjunum. Leiðbeinandi var Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild, og ásamt honum voru í doktorsnefndinni Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum, Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Tómas Philip Rúnarsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.
- Föstudaginn 28. ágúst varði Óli Páll Geirsson doktorsritgerð sína í tölfræði sem ber heitið Skilvirk bayesísk líkanagerð og ályktunartölfræði fyrir stigskipt gaussísk líkön ásamt greiningu á staðsetningarháðum útgildum (Computationally Efficient Bayesian Statistical Modeling and Inference for Latent Gaussian Models with an Application to Spatial Extremes). Andmælendur voru Þórdís Linda Þórarinsdóttir, sérfræðingur við Norwegian Computing Center í Osló, og Alex Lenkoski, sérfræðingur við Norsk Regnesentral (Norwegian Computing Center, NR) í Osló. Leiðbeinandi var Birgir Hrafnkelsson, dósent við Raunvísindadeild, en auk hans sátu Gunnar Stefánsson og Haraldur Ólafsson, báðir prófessorar við Raunvísindadeild, í doktorsnefndinni.
- Föstudaginn 25. september varði Hálfdán Ágústsson doktorsrigerð sína sem nefndist Þættir á millikvarða í vindasviði yfir fjöllóttu landi (Mesoscale Aspects of Atmospheric Flow in Complex Orography) í eðlisfræði. Andmælendur voru Peter Sheridan, vísindamaður við Bresku veðurstofuna í Exeter, og Andreas Dörnbrack, vísindamaður við DLR, stofnun í eðlisfræði lofthjúpsins, í Þýskalandi. Leiðbeinandi var Haraldur Ólafsson, prófessor við Raunvísindadeild, en auk hans sátu í doktorsnefndinni Guðrún Nína Petersen, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, og Joan Cuxart, prófessor í veðurfræði við Háskólann á Balear-eyjum á Spáni.
- Föstudaginn 20. nóvember varði Manuel Plasencia Gutierrez doktorsritgerð sína sem ber heitið Leitað að söðulpunktum og lægstu lágmörkum (Searching for Saddle Points and Global Minima). Andmælendur voru Tejs Vegge, prófessor við Tækniháskóla Danmerkur (DTU), og Halldór Pálsson, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild. Leiðbeinandi doktorsefnisins var Hannes Jónsson, prófessor við Raunvísindadeild. Auk hans voru Egill Skúlason, dósent við Raunvísindadeild og Andreas Pedersen, sérfræðingur við ETH í Zürich í Sviss, í doktorsnefndinni.
- Laugardaginn 5. desember varði Mette Friis doktorsritgerð sína, Gammablossar, þeirra nánasta umhverfi og hýsilvetrarbrautir (Exploring Gamma-Ray Bursts, Their Immediate Environment and Host Galaxies), í eðlisfræði. Andmælendur voru Sandra Savaglio, prófessor við eðlisfræðideild Háskólans í Calabria á Ítalíu, og Stefano Covino, sérfræðingur við INAF/Brera Astronomical Observatory á Ítalíu. Leiðbeinandi var Páll Jakobsson, prófessor við Raunvísindadeild, en auk hans sátu í doktorsnefndinni Páll Jakobsson, prófessor við Raunvísindadeild, Gunnlaugur Björnsson, vísindamaður við Raunvísindastofnun, og Einar H. Guðmundsson, prófessor við Raunvísindadeild.

## Rannsóknir

Fjallað er um rannsóknirnar sem fóru fram á árinu í deildinni í kafla Raunvísindastofnunar.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu sex nemar við deildina utan í skiptinám og fjórir skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina á árinu.

## Gæðamál

Raunvísindadeild lauk stefnumótun fyrir árið 2016 á haustmisseri 2015. Áhersla var lögð á hagnýt fræði að þessu sinni. Rektor Háskóla Íslands fjármagnaði stöðu í hagnýttri stærðfræði til þriggja ára og samvinna tókst við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild um námsleið í efnaverkfræði. Deildarfundur samþykkti að setja störf í verkfræðilegri eðlisfræði og efnagreiningu á oddinn. Þá var starfsmannasamtölum við kennara deildarinnar lokið og stofustjórum Eðlisvísindastofnunar falið að taka viðtöl við sérfræðinga hennar.

# Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor var forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar á árinu og Sigurður Magnús Garðarsson prófessor varadeildarforseti. Auk þeirra sátu Hrund Ólöf Andradóttir dósent og Olgeir Guðbergur Valdimarsson, fulltrúi nemenda, í deildarráði. Formaður framhaldsnámsnefndar deildarinnar var Sigurður Erlingsson prófessor.

## Starfsmenn

Á árinu urðu ekki breytingar á starfsmannahópi deildarinnar.

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 40 kandídatar frá deildinni, þar af 22 með BS-gráðu, 17 með meistarapróf og 1 með doktorsgráðu.

### Doktorsvarnir

Einn doktor brautskráðist frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild á árinu:

- Miðvikudaginn 23. september flutti Eeva-Sofia Säynäjoki fyrirlestur um doktorsverkefni sitt í umhverfisfræði. Verkefnið bar heitið Vannýttir möguleikar í borgarskipulagi – Að ná meiri árangri í umhverfissjálfbærni (The Untapped Potential of Urban Planning – Achieving Greater Success in Environmental Sustainability). Um var að ræða sameiginlega prófgráðu frá Háskóla Íslands og Aalto-háskóla í Finnlandi og fór doktorsvörnin fram í Helsinki 4. september. Andmælandi við doktorsvörnina var Jyri Seppälä, prófessor við Umhverfisstofnun Finnlands. Leiðbeinandi Eevu í verkefninu var Jukka Heinonen, dósent við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, og auk hans sátu í doktorsnefndinni Seppo Junnila, prófessor við Aalto-háskóla í Finnlandi, og Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu þrír nemar við deildina utan í skiptinám og 19 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina.

## Gæðamál

Deildin vann að aðgerðaáætlun í kjölfar sjálfsmatsskýrslu deildarinnar. Einnig var unnið að því að meta hvernig BS-námskeið uppfylla ný hæfniviðmið námsbrautar í umhverfis- og byggingarverkfræði til BS-prófs. Deildin fór yfir kennslukannanir með fulltrúum nemenda sem hluta af gæðaeftirliti deildarinnar. Deildin vann að endurnýjun á kennslu- og tilraunatækjum til að bæta kennslu. Í samstarfi við námsbraut í vélaverkfræði í Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild voru tæki frá Armfield fyrir tilraunir í straumfræði endurnýjuð, m.a. vindgöng (þar sem mæla má vindmótstöðu hluta), pípubekkur (þar sem mæla má viðnám pípuveggja við rennsli) og Reynoldstæki (þar sem lagstreymi og iðustreymi verða sýnileg. Í jarðtækni var nýlega keyptur sjálfvirkur sigprófsmælir (ödometer), sem notaður er til að kanna sigeiginleika jarðvegs, og er hann sá fullkomnasti á landinu. Á árinu var búnaður til rannsókna á burðarþoli uppfærður og endurnýjaður í samstarfi við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild. Búnaðurinn er frá breska fyrirtækinu Instron og samanstendur af færanlegum 100 kN tjakki og stóru brotþolstæki sem er 500 kN tjakkur í sérstökum ramma. Einnig endurnýjaði deildin búnað til að herma jarðskjálftahreyfingar.

# Líf- og umhverfisvísindastofnun

## Almennt yfirlit og stjórn

Líf- og umhverfisvísindastofnun leiðir saman greinarnar líffræði, landfræði og ferðamálafræði og er rannsóknarvettvangur starfsmanna Líf- og umhverfisvísindadeildar. Hún býður upp á samstarfsmöguleika í rannsóknum og nýsköpun innan skólans og utan. Meginmarkmið Líf- og umhverfisvísindastofnunar er að efla rannsóknir á sviði líf- og umhverfisvísinda og leggja sitt af mörkum til að Háskóli Íslands nái langtímamarkmiðum sínum um að vera samkeppnishæfur gagnvart bestu rannsóknarháskólum heims.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu á árinu:
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, formaður,
- Ólafur S. Andrésson prófessor,
- Gísli Már Gíslason prófessor,
- Egill Erlendsson lektor,
- Gunnar Þór Jóhannesson dósent.

Líf- og umhverfisvísindastofnun skiptist í tvær rannsóknastofur:
- Líffræðistofu,
- Land- og ferðamálafræðistofu.

Í árslok hafði 31 fastráðinn kennari aðstöðu við stofnunina. Auk þess störfuðu þar tveir verkefnisstjórar, fimm nýdoktorar og níu doktorsnemar, að ótöldum meistaranemum í rannsóknaverkefnum.

## Líffræðistofa

Til Líffræðistofu teljast þeir kennarar og starfsmenn sem stunda rannsóknir á líffræði og náskyldum greinum. Flestir vísindamenn stofunnar eru fastráðnir kennarar við Líf og umhverfisvísindadeild en nokkrir eru lausráðnir eða gestavísindamenn.

## Starfsmenn

Í árslok 2014 störfuðu við stofuna einn verkefnastjóri, sex nýdoktorar og sjö doktorsnemar, auk fastra kennara.

## Rannsóknir

Sértekjur Líffræðistofu voru 218 m.kr. á árinu.

Innan stofunnar eru stundaðar rannsóknir á mörgum sérsviðum líffræði, allt frá eiginleikum stórsameinda og frumna upp í samsetningu stofna og eiginleika vistkerfa. Vísindamennirnir fást við spurningar sem spanna vítt svið og beita til þess margs konar aðferðum, m.a. lífefnafræði, tölfræði, lífupplýsingafræði og sameindalíffræði. Verkefni stofunnar eru oft unnin í samstarfi við utanaðkomandi aðila innanlands sem utan. Dæmi um rannsóknir á árinu má nefna verkefnin Orsakir útlitsbreytileika beitukóngs, sem var unnið í samstarfi við Háskólann á Hólum, og Uppbygging samfélaga í frumframvindu – Vistfræðilegir og starfrænir eiginleikar plantna.

# Land- og ferðamálafræðistofa

Land- og ferðamálafræðistofa er rannsóknavettvangur kennara og annarra starfsmanna í landfræði og ferðamálafræði.

## Starfsmenn

Í árslok störfuðu við stofuna, auk fastra starfsmanna, einn verkefnastjóri, tveir nýdoktorar og þrír doktorsnemar.

## Rannsóknir

Sértekjur Land- og ferðamálafræðistofu voru 125 m.kr. á árinu.

Mikil fagleg breidd þessara tveggja greina, landfræði og ferðamálafræði, endurspeglast í þeim rannsóknaverkefnum sem unnið er að við stofuna. Sem dæmi má nefna rannsóknir í náttúrulandfræði á jarðvegsferlum og eðli og umfangi umhverfisbreytinga tengdum loftslagsbreytingum, landnotkun og eldvirkni í fortíð og nútíð. Þar var jafnframt unnið að rannsóknum á viðhorfi fólks til náttúruvár sem býr við slíkar aðstæður og samskiptaleiðum við aðstæður náttúruvár. Í mannvistarlandfræði fóru fram rannsóknir á náttúruvernd og hugmyndum um hana, meðal annars á forsendum fuglaverndar á Íslandi og hagsmunaárekstrum sem henni tengjast. Þá voru rannsökuð áhrif af skipulagningu fiskveiða á samfélög og hvernig samfélagslegar breytingar á landsbyggðinni horfa við þeim sem þar búa, sér í lagi konum og innflytjendum. Meðal rannsókna sem unnið var að í ferðamálafræði má nefna rannsóknir á vetrarferðamennsku, t.d. tengdri norðurljósum og ferðamennsku á norðurslóðum í víðu samhengi. Víðerni Íslands voru rannsökuð á breiðum grundvelli, m.a. með tilliti til framkvæmda á hálendinu. Einnig voru rannsökuð þolmörk ferðamanna á fjölförnum áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi og áhrif vindmylla á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu á samfélag og upplifun ferðamanna.

# Raunvísindastofnun

Raunvísindastofnun háskólans er fjárhagslega sjálfstæð rannsóknastofnun innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og starfar í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Stofnunin er vettvangur grunnrannsókna og nytjarannsókna í raunvísindum. Meginmarkmið starfseminnar er að afla nýrrar

þekkingar og stuðla að hagnýtingu hennar fyrir íslenskt samfélag, þjálfa nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, veita sérfræðiaðstoð og annast fræðslustarfsemi. Stofnunin heldur utan um tilraunastarfsemi á sviði eðlisfræði, efna- og lífefnafræði, stærð- og reiknifræði og jarðvísinda í víðtæku samstarfi við aðrar innlendar og erlendar rannsóknastofnanir. Niðurstöður rannsókna eru birtar í alþjóðlegum tímaritsgreinum, bókarköflum og skýrslum, sem og á ráðstefnum.

Í árslok störfuðu 29 akademískir sérfræðingar, ásamt 33 verkefnaráðnum starfsmönnum, við rannsóknir, auk 12 tæknimanna og aðstoðarmanna. Níu manna starfslið vinnur á aðalskrifstofu og annast rekstur fasteigna. Raunvísindastofnun er rannsóknavettvangur kennara við raunvísinda- og jarðvísindadeildir Háskóla Íslands, kennarar voru 46 í árslok. Einnig höfðu fjölmargir nemar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands starfsaðstöðu á stofnuninni í lengri eða skemmri tíma.

Árið 2015 nam velta stofnunarinnar 1.341,8 m.kr., sem er lækkun um 102,2 m.kr. frá fyrra ári. Af veltu ársins komu 457,6 m.kr. af fjárlögum. Framlag Norrænu ráðherranefndarinnar nam 93,6 m.kr. til reksturs Norræna eldfjallasetursins. Sjálfsaflafé til reksturs rannsóknaverkefna var 789,4 m.kr. á árinu. Rekstur rannsóknaverkefna grundvallast á sjálfsaflafé frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og frá fyrirtækjum. Á undanförnum árum hefur hlutur erlendra rannsóknasjóða farið vaxandi.

Raunvísindastofnun skiptist í Eðlisvísindastofnun og Jarðvísindastofnun og er þeim lýst hér að neðan í sérstökum köflum, auk yfirlits yfir stofur og setur innan þeirra.

# Eðlisvísindastofnun

Eðlisvísindastofnun skiptist í þrjár rannsóknastofur, Stærðfræðistofu, Eðlisfræðistofu og Efnafræðistofu. Stofurnar þrjár hafa síðan innan sinna vébanda tiltölulega sjálfstæðar deildir.

Í árslok störfuðu 33 kennarar Raunvísindadeildar við Eðlisvísindastofa, auk tveggja kennara úr öðrum deildum sem höfðu rannsóknaaðstöðu á stofnuninni. Einnig voru við stofnunina tólf akademískir sérfræðingar en þeir stunduðu sjálfstæðar rannsóknir, verkefnaráðnir sérfræðingar voru tíu, nýdoktorar átta og tæknimenn þrír. Nemendur í framhaldsnámi eru samtals 80 og þar af eru 43 doktorsnemar. Sértekjur bókfærðar á stofnunina námu 330,1 m.kr. á árinu og nam fjárveiting úr ríkissjóði 149,9 m.kr.

## Eðlisfræðistofa

### Almennt yfirlit

Á Eðlisfræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í tilraunaeðlisfræði, kennilegri eðlisfræði þéttefnis og stjarneðlisfræði. Á stofunni eru þrír hópar fyrirferðarmestir. Einn þeirra sinnir rannsóknum á sviði tilraunaeðlisfræði með áherslu á hátæknieðlisfræði og örtækni. Annar hópur stundar kennilegar rannsóknir og líkanagerð af eiginleikum rafeindakerfa á nanókvarða í hálfleiðurum og sameindum. Þriðji hópurinn leggur stund á rannsóknir í stjarneðlisfræði með megináherslu á gammablossa og heimsfræði. Auk þessara hópa stunda einstakir kennarar og sérfræðingar á stofunni rannsóknir sem ekki falla undir framangreind svið. Unnu þeir meðal annars við mælingar á radoni í grunnvatni og endurbætta mælitækni aldursgreininga með geislakoli.

## Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur Eðlisfræðistofu námu um 77,8 m.kr. á árinu og fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 32,7 m.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís voru fjórir talsins og námu 33,8 m.kr. á árinu en voru sex árið á undan og námu þá alls 43,4 m.kr. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig níu verkefni stofumanna á árinu um samtals 10,5 m.kr.

**Nýir styrkir**

- Hafliði Pétur Gíslason hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Eiginleikar manganíbætts (Al, Ga)N og seglandi manganblenda. Styrkurinn nam 1,3 m.kr.
- Ivan Shelykh hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Polariton Transport. Styrkurinn nam 0,7 m.kr.

**Framhaldsstyrkir**

- Einar Örn Sveinbjörnsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Rafeiginleikar grafíns sem ræktað er á SIC. Styrkurinn nam 1,0 m.kr.
- Gunnlaugur Björnsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Lýsifall hýsilsvetrarbrauta gammablossa. Styrkurinn nam 0,7 m.kr.
- Ivan Shelykh hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Bose- og Fermi-kerfi fyrir spintronics. Styrkurinn nam tæpum 11,0 m.kr.
- Jón Tómas Guðmundsson hlaut styrk úrR annsóknasjóði Rannís til verkefnisins Hvarfaspætun með háaflspúlsaðri segulspætu. Styrkurinn nam 5,9 m.kr.
- Jón Tómas Guðmundsson hlaut styrk úrR annsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins The Ion Velocities near the Presheath-Sheath Boundaries in a Plasma with Multiple Positive Ions. Styrkurinn nam 1,7 m.kr.
- Kjartan Þór Wikfeldt hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Amorf-ís. Styrkurinn nam 9,9 m.kr.
- Páll Jakobsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Target of Opportunity Observations of Gamma-Ray Bursts. Styrkurinn nam 1,7 m.kr.
- Snorri Þorgeir Ingvarsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Micro- and Nanowires as Thermal Infrared Light Sources and Bolometric Sensors. Styrkurinn nam 1,0 m.kr.
- Sveinn Ólafsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Leiðni og myndun Rydbergs-vetnisfasa á yfirborðum. Styrkurinn nam 0,7 m.kr.
- Unnar Bjarni Arnalds hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Uppröðun og hreyfifræði í varmavirkum nanómynstruðum segulkerfum. Styrkurinn nam tæpum 7,0 m.kr.
- Viðar Guðmundsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Tímaháð segul-ljósleiðni í nanókerfum. Styrkurinn nam 1,7 m.kr.

# Efnafræðistofa

## Almennt yfirlit

Á Efnafræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í efnasmíðum lífrænna og ólífrænna efna, efnagreiningu og eðlisefnafræði, bæði með tilraunum og kennilegum rannsóknum. Stofan rekur Efnagreiningasetur Háskóla Íslands en þar er boðið upp á ýmsar hátæknigreiningar, svo sem NMR- og massagreiningar. Við Lífefnafræðideild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

## Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Efnafræðistofu, að Lífefnafræðideild meðtalinni, námu um 185,0 m.kr. árið 2015, fjárveiting úr ríkissjóði var 48,0 m.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís voru 11 talsins og námu þeir 155,1 m.kr. á árinu, þar af var eitt verkefni undir Lífefnafræðideild um 10,8 m.kr. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig tíu verkefni stofumanna á árinu, samtals að fjárhæð 11,5 m.kr., þar af eitt verkefni undir Lífefnafræðideild að fjárhæð 1,0 m.kr. og eitt verkefni undir Háloftadeild að fjárhæð 1,3 m.kr.

**Nýir styrkir**

- Egill Skúlason hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Áburður frá lofti og vatni – Frá reikningum til tilrauna. Styrkurinn nam tæplega 41,8 m.kr.
- Guðmundur G. Haraldsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Efnasmíðar á eterlípíðum með háu hlutfalli n-3 fjölómettaðra fitusýra. Styrkurinn nam 0,7 m.kr.
- Hannes Jónsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Segulkerfi á ýmsum lengdar- og tímaskölum – Frá atómum til spunaíss. Styrkurinn nam 12,0 m.kr.
- Hannes Jónsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Reikniaðferðir til að ákvarða gang og hraða hvarfa. Styrkurinn nam 1,7 m.kr.
- Sigríður Guðrún Suman hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Kóbaltstýrð virkjun á koldíoxíði. Styrkurinn nam 10,1 m.kr.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Kjarnsýruspunamerking á samgildra tengja. Styrkurinn nam 1,7 m.kr.

**Framhaldsstyrkir**

- Ágúst Kvaran hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Photodissociation and Fragment Analysis by Two Color REMPI. Styrkurinn nam 1,0 m.kr.
- Ágúst Kvaran hlaut styrk, ásamt Victor Huasheng Wang, úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Háorkuljóssundrun sameinda, rannsóknir og þróun. Styrkurinn nam rúmlega 6,6 m.kr.
- Egill Skúlason hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Þróun efnahvata fyrir rafala og sólhlöður. Styrkurinn nam 0,7 m.kr.
- Guðmundur G. Haraldsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið Hlutvetnun poly-yna og efnasmíðar á stöðubundnum metoxyluðum eterlípíðum. Styrkurinn nam rúmlega 9,9 m.kr.
- Hannes Jónsson hlaut styrk, ásamt Valery M. Uzdin, úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Reikniaðferðir til að spá fyrir um hraða hitaháðra breytinga. Styrkurinn nam tæplega 6,4 m.kr.
- Krishna Kumar Damodaran hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Novel and Efficient Metal Organic Frameworks for Catalysis and Energy Storage. Styrkurinn nam 1,3 m.kr.
- Oddur Ingólfsson hlaut styrk, ásamt D. Howard Fairbrother, Ivo Utke og Cornelis W. Hagen, úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Hlutverk lágorkurafeinda í yfirborðs prentun með skörpum rafeindageisla. Styrkurinn nam rúmlega 6,9 m.kr.
- Oddur Ingólfsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið The Role of Electron Scattering Processes in Plasmas and in Focused Electron Beam Induced Processing (FEBIP)“. Styrkurinn nam 1,7 m.kr.
- Ragnar Björnsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Virkjun köfnunarefnis í einsleitri og misleitri efnahvötun. Styrkurinn nam 7,2 m.kr.
  Sigríður Guðrún Suman hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Rannsóknir á hvataðri myndun þíósíanats. Styrkurinn nam um 10,2 m.kr.
- Sigríður Suman Jónasdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Catalytic Approach to Treatment of Cyanide Poisoning. Styrkurinn nam 0,4 m.kr.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið Stöðugar stakeindir fyrir lífeðlisfræðilegar rannsóknir. Styrkurinn nam rúmlega 32,9 m.kr.

## Háloftadeild

Við Háloftadeild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir á segulsviði jarðar, bæði skammtíma-breytingar af völdum rafagnastrauma frá sólu og hægfara breytingar sem stafa af hræringum í kjarna jarðar. Háloftadeildin sér einnig um rekstur tveggja stöðva til norðurljósarannsókna en stöðvarnar eru í eigu Pólrannsóknastofnunar Japans. Þá sér Háloftadeildin um rekstur tveggja ratsjárstöðva til rannsókna á rafhvolfi jarðar. Önnur þeirra er við Stokkseyri en hin við Þykkvabæ. Þessar stöðvar eru mikilvægur hlekkur í keðju slíkra stöðva sem nær bæði til norður- og suðurhvels jarðar. Markmiðið með keðjunni er að kortleggja áhrif sólar á rafhvolfið.

Almanak Háskóla Íslands er reiknað og búið til prentunar við Háloftadeild.

Bókfærðar sértekjur Háloftadeildar árið 2015 námu 20,0 m.kr. en fjárveiting úr ríkissjóði var 16,6 m.kr.

**Rannsóknastyrkir**

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti eitt verkefni starfsmanns á árinu um 1,3 m.kr.

**Nýr styrkur**

Guðlaugur Jóhannesson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins „Estimating HISA Contribution Using Fermi-LAT Data. Styrkurinn nam 1,3 m.kr.

## Lífefnafræðideild

Við Lífefnafræðideild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

**Rannsóknastyrkir**

Á árinu styrkti Rannsóknasjóður Rannís eitt verkefni starfsmanns um 10,8 m.kr. og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands annað um 1,0 m.kr.

**Framhaldsstyrkir**

- Bjarni Ásgeirsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Kvikar hreyfingar og fjölfærni í kuldavirku ensími – Tvenndargerð alkalísks fosfatasa. Styrkurinn nam 10,8 m.kr..
- Magnús Már Kristjánsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Hönnun á ensímfræðilegum eiginleikum subtílasa með markvissum stökkbreytingum. Styrkurinn nam 1,0 m.kr.

# Stærðfræðistofa

## Almennt yfirlit og starfsmenn

Stærðfræðistofa er vettvangur rannsókna í stærðfræði, stærðfræðilegri eðlisfræði, reiknifræði og tölfræði. Þar af heyra reiknifræði og tölfræði undir reiknifræðideild stofunnar.

## Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur Stærðfræðistofu, að Reiknifræðideild meðtalinni, námu um 44,6 m.kr. árið 2015 en fjárveiting úr ríkissjóði var 43,9 m.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís námu 31,3 m.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig sjö verkefni stofumanna á árinu um samtals 6,4 m.kr., þar af 2,3 m.kr. á Reiknifræðideild.

**Nýir styrkir**

- Benedikt Steinar Magnússon hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Plurisubharmonicity. Styrkurinn nam 0,4 m.kr.
- Ragnar Sigurðsson og Benedikt Steinar Magnússon hlutu styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Rannsóknir á tvinnfallagreiningu með áherslu á fjölmættisfræði. Styrkurinn nam um 7,7 m.kr.
- Ragnar Sigurðsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Research in Complex Analysis. Styrkurinn nam 0,4 m.kr.
- Sigurður Örn Stefánsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Percolation on Infinite Random Planar Maps. Styrkurinn nam 0,7 m.kr.
- Valentina Giangreco Marotta hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Holography and Quantum Hall Physics. Styrkurinn nam 1,3 m.kr.

**Framhaldsstyrkir**

- Lárus Thorlacius hlaut styrki til verkefnisins Þyngdarfræðilíkön fyrir sterkt víxlverkandi skammtakerfi. Styrkirnir námu 6,2 m.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1,3 m.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

## Reiknifræðideild

Á Reiknifræðideild eru stundaðar rannsóknir sem tengjast reiknifræði, tölfræði og líkindafræði undir samheitinu hagnýtt stærðfræði og tölfræði. Undir Reiknifræðideild heyrir Tölfræðimiðstöð Háskóla Íslands, sem veitir ráðgjöf í tölfræði við skólann og er jafnframt starfsvettvangur doktorsnema í tölfræði. Við miðstöðina starfa nemendur í framhaldsnámi í tölfræði og nemendur langt komnir í BS-námi sem ráðgjafar undir stjórn forstöðumannsins, Gunnars Stefánssonar prófessors. Tölfræðimiðstöð heldur einnig úti málstofu í tölfræði. Helstu viðfangsefni deildarinnar eru á sviði tölfræði, líkindafræði, bestunarfræði og tölulegrar greiningar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á líkanagerð fyrir ýmsar greinar vísinda.

**Rannsóknastyrkir**

Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís námu 17,7 m.kr. á árinu. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti tvö verkefni deildarmanna á árinu um samtals 2,3 m.kr.

**Nýir styrkir**

- Birgir Hrafnkelsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Tölfræðilíkön fyrir jöklafræðigögn. Styrkurinn nam tæplega 7,3 m.kr.
- Gunnar Stefánsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Þróun nýtingar Íslandsmiða með vistkerfislíkönum. Styrkurinn nam rúmlega 10,4 m.kr.
- Gunnar Stefánsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Pískurinn og gulrótin – Notkun umbunar og frádráttar til að bæta stærðfræðikennslu. Styrkurinn nam 1,3 m.kr.

**Framhaldsstyrkur**

- Birgir Hrafnkelsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Statistical Modeling for Maximum 24 Hour Precipitation. Styrkurinn nam 1,0 m.kr.

# Jarðvísindastofnun

## Almennt yfirlit og stjórn

Jarðvísindastofnun er önnur tveggja sjálfstæðra stofnana Raunvísindastofnunar. Hún er til húsa í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Meginhlutverk Jarðvísindastofnunar er að afla nýrrar þekkingar með grunnrannsóknum og nytjarannsóknum í jarðvísindum og byggja upp og veita aðstöðu

fyrir viðamiklar tilraunir og mælingar í jarðvísindum. Auk þess rekur stofnunin norrænt rannsóknasetur í eldfjallafræðum, Norræna eldfallasetrið (Nordvulk), þar sem ungir norrænir jarðvísindamenn eru menntaðir og þjálfaðir. Starfsmenn stofnunarinnar starfa með innlendum og erlendum háskólum, rannsóknastofnunum og öðrum aðilum með gagnkvæma miðlun á þekkingu í huga og til þekkingaröflunar fyrir íslenskt samfélag. Starfsmenn veita ráðgjöf um náttúruvá, nýtingu auðlinda og umhverfismál og stunda þjónusturannsóknir á verksviðum sem krefjast grunnrannsókna þar sem ekki er um að ræða samkeppni við aðrar stofnanir eða fyrirtæki. Stofnunin veitir nemendum í framhaldsnámi við Jarðvísindadeild aðstöðu og aðgang að búnaði. Á vegum stofnunarinnar er lögð sérstök áhersla á að efla kennslu með því að byggja upp frjótt rannsóknaumhverfi fyrir nemendur og þjálfa þá í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum í jarðvísindum.

## Rannsóknir

**Rannsóknastyrkir**

Bókfærðar sértekjur á Jarðvísindastofnun námu um 475,0 m.kr. árið 2015 en fjárveiting úr ríkissjóði var 202,0 m.kr. Framlag Norrænu ráðherranefndarinnar nam 93,6 m.kr. til reksturs Norræna eldfjallasetursins. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís námu kr. 148,2 m.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig 16 verkefni stofumanna árið 2013 um samtals 21.100 þús.kr.

**Nýir styrkir**

- Andri Stefánsson hlaut styrk, ásamt Jens Fiebig, David R. Hilton, Sæmundi Ara Halldórssyni, úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Hydrocarbons in Volcanic Hydrothermal Fluids. Styrkurinn nam tæplega 9,6 m.kr.
- Andri Stefánsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Hydrocarbons in Hydrothermal Fluids. Styrkurinn nam 1,3 m.kr.
- Árný Erla Sveinbjörnsdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Notkun stöðugra samsætna til aukins skilnings á eðlisfræðilegum ferlum í vatnshringrás andrúmsloftsins. Styrkurinn nam 10,0 m.kr.
- Áslaug Geirsdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Identifying the Arrival of Humans and Livestock in Iceland from Diagnostic Organic Molecules Preserved in Lake Sediments. Styrkurinn nam 1,3 m.kr.
- Esther Ruth Guðmundsdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Tíðni sprengigosa frá miðju jökulskeiði til hlýskeiðs samkvæmt gjóskulögum í sjávarseti – Áhrif jökulfargs á gostíðni og kvikuframleiðni fyrir 60.000 til 10.000 árum. Styrkurinn nam tæplega 9,7 m.kr.
- Ingi Þorleifur Bjarnason hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Fjórvíð greining skjálftavirkni á Suðurlandi – Aðferð til að segja fyrir um stóra skjálfta. Styrkurinn nam tæplega 21,8 m.kr.
- Kristín Vala Ragnarsdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Systems Analysis of the UN Substainable Development Goals. Styrkurinn nam 1,3 m.kr.
- Maren Kahl hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins MagmaTag – Rekja feril kviku í tíma og rúmi upp í gegnum skorpuna undir Íslandi. Styrkurinn nam tæplega 8,4 m.kr.
- Ólafur Ingólfsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Linking Drumlin Formation to the Structural Architecture of a Surging Glacier – Múlajökull, Iceland. Styrkurinn nam 1,7 m.kr.
- Páll Einarsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Notkun GPS-mælinga til að kanna jarðskorpuhreyfingar. Styrkurinn nam 1,3 m.kr.
- Þröstur Þorsteinsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Sources of Particulate Matter in the Capital Area. Styrkurinn nam 1,0 m.kr.

**Framhaldsstyrkir**

- Alexander H. Jarosch hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Ice Dynamics of Breiðamerkurjökull. Styrkurinn nam 0,7 m.kr.

- Árný Sveinbjörnsdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Samsætur í vatnshringrás andrúmsloftsins. Styrkurinn nam 0,7 m.kr.
- Áslaug Geirsdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Samþætting fornveðurvísa og loftslagslíkana til skilnings á snöggum loftslagsbreytingum í norðurhluta Norður-Atlantshafs. Styrkurinn nam tæplega 35,5 m.kr.
- Áslaug Geirsdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Snöggar breytingar í átt að kólnun á Norður-Atlantshafinu á síðari hluta nútíma – Þáttur sjávarstrauma, andrúmslofts og hafíss. Styrkurinn nam 3,5 m.kr.
- Bergrún Arna Óladóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Tíðni og stærð sprengigosa í kjölfar afjöklunar á Íslandi með sérstakri áherslu á aukna tíðni í Grímsvötnum á tímabilinu frá því fyrir 10,4–9,9 þúsund árum (hið svokallaða Saksunarvatns-gjóskulag). Styrkurinn nam tæplega 11,3 m.kr.
- Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Spálíkan fyrir jöklaleysingu byggt á gögnum frá sjálfvirkum veðurstöðvum og veðurfarslíkani fyrir stutt og löng tímabil. Styrkurinn nam 7,5 m.kr.
- Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Jöklabreytingar á Íslandi á 20. öld. Styrkurinn nam 1,0 m.kr.
- Hanna Sisko Kaasalaien hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Efnasambönd og framboð fyrir örverur í jarðhitavatni. Styrkurinn nam 6,2 m.kr.
- Ívar Örn Benediktsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Framrásir jökla í neðri hluta Borgarfjarðar á síðjökultíma (Bølling-Allerød) – Rannsóknir á jökulhöggun og myndun setlaga og landforma. Styrkurinn nam tæplega 4,5 m.kr.
- Magnús Tumi Guðmundsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Eðlisfræði eldgosa í jöklum. Styrkurinn nam 1,7 m.kr.
- Olgeir Sigmarsson hlaut styrki úr Rannsóknasjóði Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Nær Jan Mayen hryggurinn inn undir Austfirði? Styrkirnir námu 6,7 m.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1,0 m.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Páll Einarsson hlaut styrk, ásamt Ástu Rut Hjartardóttur og Sigrúnu Hreinsdóttur, úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Sprungur og aflögun innan Vesturgosbeltisins á Íslandi. Styrkurinn nam tæplega 5,9 m.kr.
- Þóra Árnadóttir hlaut styrk, ásamt Sigrúnu Hreinsdóttur, Ara Tryggvasyni, Birni Lund, Andrew Hooper, Benedikt Gunnari Ófeigssyni og Kristínu S. Vogfjörð, úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Kortlagning á ferlum í jarðskorpunni með smáskjálftum og aflögun á Suðvesturlandi. Styrkurinn nam tæplega 7,6 m.kr.

# Verkfræðistofnun

## Almennt yfirlit og stjórn

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Verkfræði- og náttúruvísindasvið skólans og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í verkfræði og tölvunarfræði.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu á árinu:
- Gunnar Stefánsson prófessor, formaður stjórnar
- Ásdís Helgadóttir lektor, rannsóknastjóri Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna
- Helgi Þorbergsson dósent, rannsóknastjóri Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna
- Jukka Heinonen dósent, rannsóknastjóri Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna
- Magnús Úlfarsson prófessor, fulltrúi fastra starfsmanna Verkfræðistofnunar

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands skiptist í þrjá rannsóknakjarna, einn fyrir hverja deild sem stendur að stofnuninni:
• Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni
• Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni
• Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni

# Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni skiptist í þrjár stofur:
• Véla- og iðnaðarverkfræðistofu
• Tölvunarfræðistofu
• Kerfislíffræðisetur

## Starfsmenn

Í árslok störfuðu 23 kennarar við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni. Einnig starfa þar þrír verkefnastjórar, tveir aðstoðarmenn, tveir nýdoktorar og fimm doktorsnemar.

## Rannsóknir

Ofangreindir starfsmenn vinna að fjölda alþjóðlegra verkefna, m.a. eftirtöldum verkefnum: Target, SmartFish, eSTICC, Sound of Vision og SEAS. Starfsmenn vinna einnig að samnorrænum verkefnum á sviði vindorku, ICEWIND og OSRNordic, auk verkefnisins InTerAct, sem fjallar um samstarf sjávarútvegs og fræðasamfélagsins. Einnig er unnið er að þróun og rannsóknum á reikniritum fyrir raðgreiningu gena, auk fjölbreyttra verkefna á sviði jarðvarmaorku.

# Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni skiptist í þrjár stofur:
• Rafmagnsverkfræðistofu
• Upplýsinga- og merkjafræðistofu
• Kerfisfræðistofu

## Starfsmenn

Í árslok störfuðu átta kennarar við Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna. Þar starfaði einnig einn verkefnastjóri og fimm doktorsnemar.

## Rannsóknir

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni aflaði samtals 47,7 milljóna kr. í styrki á árinu.

Starfsmenn vinna meðal annars að rannsóknum á sambræðslu tvenns konar fjarkönnunarmynda, annars vegar víðbandsmyndar sem hefur háa greingarhæfni og hins vegar fjölrásamyndar sem hefur lága greiningarhæfni. Einnig er unnið að flokkun á MRI-myndgögnum en markmið verkefnisins er að búa til sjálfvirkan flokkara sem flokkar segulómsmyndir eftir mismunandi arfgerðum.

# Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni skiptist í þrjár stofur:

• Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði
• Umhverfis- og byggingarverkfræðistofa
• Vatnaverkfræðistofa

## Starfsmenn

Í árslok störfuðu ellefu kennarar við Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna. Einnig störfuðu þar þrír verkefnastjórar, tveir vísindamenn, einn sérfræðingur, einn verkfræðingur og þrír nemar, þar af tveir doktorsnemar.

## Rannsóknir

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni aflaði samtals 206 milljóna kr. í styrki á árinu.

Rannsóknir á sviði umhverfis- og byggingarverkfræði snerta fjölmörg svið innan greinarinnar og eru unnar í samstarfi við innlenda og erlenda fræðimenn, fyrirtæki og stofnanir. Rannsóknirnar eru styrktar af samkeppnissjóðum og taka starfsmenn þátt í fjölda alþjóðlegra rannsóknaverkefna og leggja doktorsnemar fram drjúgan skerf af rannsóknarvinnunni. Sem dæmi um alþjóðleg rannsóknaverkefni má nefna að starfsmenn Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar taka þátt í Norræna öndvegissetrinu NORDRESS (nordress.hi.is, Nordic Centre of Excellence on Resilience and Societal Security), sem styrkt er af NordForsk; Evrópuverkefnunum ENHANCE (Enhancing Risk Management Partnerships for Catastrophic Natural Disasters in Europe, enhanceproject.eu); AQUAVALENS (Protecting the Health of Europeans by Improving Methods for the Detection of Pathogens in Drinking Water and Water Used in Food Preparation, aquavalens.org); Aquaponics (The EU Aquaponics Hub – Realising Sustainable Integrated Fish and Vegetable Production for the EU, www.aquaponics.is); Norræna netverkefninu VIWAF (Viable Water Management and Governance for Futures); og alþjóðlega verkefninu GEORG (GEOtermal Research Group, georg.hi.is). Niðurstöður rannsóknanna eru birtar í alþjóðlegum vísindatímaritum og á innlendum vettvangi og má finna lista af greinum á vefsíðu deildarinnar (www.hi.is/ub) og á vefsíðum einstakra starfsmanna.


TALMEINAFRÆÐI

# Þverfræðilegt nám

Kynfræði

Lýðheilsuvísindi

Menntun framhaldskólakennara

Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum

Talmeinafræði

Umhverfis- og auðlindafræði

Viking and Medieval Norse Studies

## Kynfræði

Diplómanám í kynfræði (sexology) er þverfræðilegt nám sem veitir fræðilega menntun er byggist á gagnreyndri þekkingu en jafnframt hagnýta þekkingu til að stuðla að kynheilbrigði mannsins. Náminu er ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins um þekkingu á sviði kynfræða og undirbúa nemendur til starfa á sviðinu. Tilgangur náms í kynfræði er að efla þekkingu og skilning á manneskjunni sem kynveru í heildrænum skilningi, þ.e. líkamlega, andlega og félagslega.

### Skipulag

Þverfræðilegt diplómanám á meistarastigi í kynfræði (30e) er frá því í janúar 2015 í samvinnu tveggja deilda Háskóla Íslands, þ.e. Hjúkrunarfræðideildar (sem hefur umsjón með náminu) og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar. Námið er skipulagt í samræmi við samkomulag um skipan þverfræðilegs diplómanáms í kynfræði við Háskóla Íslands frá 10. desember 2014. Þrjú námskeið eru í boði, hvert þeirra 10 einingar og eru þau öll kennd í lotum. Nemendur hafa einnig möguleika á því að taka stök námskeið sem kennd eru í diplómanáminu.

### Stjórn

Námsstjórn diplómanáms í kynfræði er skipuð tveimur fulltrúum, frá hvorri aðildardeild. Það eru Sóley S. Bender og Sólveig Anna Bóasdótttir. Verkefnisstjóri er Margrét Gunnarsdóttir.

Á árinu fór fram endurskoðun á náminu og var þróað nýtt námskeið, Kynhregðun mannsins, sem kennt verður í fyrsta skipti á vormisseri 2016.

### Stúdentar og forkröfur

Inntökuskilyrði í námið er BS-, BA-, B.Ed.-próf (með fyrstu einkunn) eða annað háskólanám sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi. Á árinu 2015 voru 9 nemar í díplómanáminu og 6 nemar útskrifuðust það ár. Meðalfjöldi nemenda í námskeiunum frá upphafi námsins eru um 19 nemendur. Nemendur hafa aðllega bakgrunn í félagsráðgjöf, hjúkrunarfræði, kennslufræði, kynjafræði, sálfræði og trúarbragða- og guðfræði.

## Lýðheilsuvísindi

Kennsla í lýðheilsuvísindum hófst við Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Læknadeild Háskóla Íslands í september árið 2007. Að náminu standa jafnframt deildir á Heilbrigðis- og Félagsvísindasviði og, eftir atvikum, deildir annarra fræðasviða skólans. Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Læknadeild háskólans (á Heilbrigðisvísindasviði skólans frá 2008) hefur umsjón með náminu og skipuleggur það.. Um námið gilda reglur um meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, nr. 213/2011.

Meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands er þverfræðilegt framhaldsnám sem miðar að því að að veita fræðilega menntun á ýmsum sviðum er snerta lýðheilsu í víðum skilningi, og auka þekkingu á heilsu, rannsóknum á heilsu og heilsueflandi aðgerðum. Með náminu er komið til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, kennslu, þróun, þjónustu og stefnumótun í tengslum við lýðheilsu og efla þekkingu á því sviði.

Námið skal vera vettvangur hágæðarannsókna á heilsufari og áhrifavöldum þess, þar sem fólk með fjölbreyttan fræðabakgrunn leitar svara við spurningum úr lífi sínu og starfi, með fyrsta flokks aðferðum. Nemendur hafa kost á að taka hluta af námi sínu við erlenda samstarfsháskóla og stunda rannsóknir á eigin vinnustöðum eða við innlendar samstarfsstofnanir. Markmið lýðheilsuvísinda við Háskóla Íslands er að tengja saman vandað framhaldsnám og rannsóknir á sviði lýðheilsu og birta niðurstöður í viðurkenndum vísindatímaritum á alþjóðavettvangi.

Meistara- og doktorsgráðurnar eru alþjóðlega viðurkenndar gráður í lýðheilsuvísindum og námið veitir hagnýta þekkingu á útfærslu rannsókna og hæfni til að meta rannsóknaniðurstöður. Það er góður undirbúningur fyrir þá sem vilja helga sig rannsóknum á sviðum lýðheilsu, vilja leiða heilsueflingarstarf á eigin starfsvettvangi eða ætla sér leiðtogahlutverk á fjölmörgum sviðum heilbrigðismála.

## Námsstjórn

Rektor skipar námsstjórn í lýðheilsuvísindum til þriggja ára í senn. Stjórnin er skipuð fimm fulltrúum og er hún jafnframt stjórn Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum . Í henni eru: einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Félagsvísindasviðs, tveir samkvæmt tilnefningu Heilbrigðisvísindasviðs og skal annar þeirra vera frá Læknadeild, fastur umsjónarkennari námsbrautarinnar samkvæmt ákvörðun rektors og fulltrúi sem rektor tilnefnir og er hann formaður námsstjórnar. Varamenn eru tilnefndir fyrir hvern fulltrúa. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor í faraldsfræði, hefur verið fastur umsjónarkennari námsbrautarinnar og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum frá upphafi. Dóra R. Ólafsdóttir er verkefnisstjóri við Miðstöð í lýðheilsuvísindum.

## Skipulag

Nemendur eru skráðir við þverfræðilegt nám í lýðheilsuvísindum en brautskráningardeild meistara- og doktorsnema er sú deild þar sem leiðbeinandi í rannsóknaverkefni situr. Nemendur í Viðbótardiplóma brautskrást frá Læknadeild.
Námsleiðir
Þrjár námsleiðir eru á námsbrautinni: meistaranám í lýðheilsuvísindum, diplómanám í lýðheilsuvísindum, og doktorsnám í lýðheilsuvísindum.

## Samstarf

Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands skipuleggur rannsóknir og nám í lýðheilsuvísindum í náinni samvinnu við erlendar menntastofnanir á heimsmælikvarða. Harvard School of Public Health, Karolinska Institutet, University of Minnesota og Norræni lýðheilsuháskólinn hafa undirritað viljayfirlýsingar um að taka þátt í að þróa nám við Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum. Gestaprófessorar frá þessum stofnunum halda styttri námskeið við skólann og eru stundum meðleiðbeinendur nemenda við rannsóknaverkefni. Með samstarfinu eiga nemendur enn fremur kost á að stunda rannsóknavinnu erlendis og taka námskeið við erlenda háskóla. Hér heima liggja fyrir samstarfssamingar eða viljayfirlýsingar um samstarf við Bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss, Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands, Embætti landlæknis en allar þessar stofnanir gegna veigamiklu hlutverki í forvörnum og gagnasöfnun heilbrigðisupplýsinga á Íslandi. Þessi gögn eru dýrmætur efniviður rannsókna. Sérfræðingar frá ofantöldum stofnunum taka jafnframt þátt í að kenna og leiðbeina nemendum sem eiga þess kost að vinna rannsóknaverkefni sín í samstarfi við þessar og aðrar innlendar stofnanir .

# Menntun framhaldsskólakennara

Menntun framhaldsskólakennara er þverfræðilegt samvinnuverkefni allra sviða Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara. Námið er skipulagt í samræmi við lög nr. 87/2008 um menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, reglugerð nr. 872/2009 um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara og samkomulag fræðasviða og deilda Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara frá 5. mars 2012.

## Stjórn og skipulag

Í sjö manna námsstjórn, sem rektor skipar, eiga sæti fulltrúar allra fræðasviða háskólans, fulltrúi frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og formaður, tilnefndur af rektor. Starfsmaður námsstjórnarinnar er Jóhanna Karitas Traustadóttir og formaður námsstjórnar Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Kennaradeild. Nýir fulltrúar ásamt varafulltrúum tóku sæti 30. apríl 2015 og sitja til þriggja ára.

Stjórnsýsla námsins er í Kennaradeild á Menntavísindasviði en fagleg umsjá þess er í höndum námsstjórnarinnar. Fjórar námsleiðir eru í boði: MA (120e), MS (120e), M.Ed. (120e) og viðbótardiplóma (60e). Nemendur brautskrást frá þeirri deild skólans (heimadeild) þar sem sérhæfing þeirra liggur.

## Meistarapróf

Meistarapróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstitilsins MA, M.Ed. eða MS í menntun framhaldsskólakennara eftir því hvar sérhæfing nemandans liggur og frá hvaða deild hann brautskráist (heimadeild).

Kjarnanámskeið í kennslufræði (40e) eru skipulögð sem staðbundið nám sem verður að taka á sama háskólaárinu. Þetta eru námskeiðin Inngangur að kennslufræði (haustmisseri), Námskrá og skólaþróun í framhaldsskólum (vormisseri), Kennslufræðigreinar (haust- og vormisseri, val milli námskeiða) og Kennsla á vettvangi (haust- og vormisseri). Gert er ráð fyrir að nemendur mæti vikulega í kennslustundir í þessum námskeiðum, auk viðveru í vettvangsnámi.

Meistaranámsleiðunum er skipt upp í kjörsvið þannig að kennslufræði er sérstakur hluti námsins (40 einingar í kjarnanámskeiðum, 20 einingar í valnámskeiðum eða sem hluti af meistararitgerð ef hún uppfyllir ákveðin skilyrði) og faghluti sem er 60 einingar. Nemandi telst vera nemandi í deild faghlutans (heimadeild) og gerir meistaraprófsverkefni á ábyrgð hennar. Í MA-náminu eru 15 kjörsvið í samvinnu Kennaradeildar við átta deildir á þremur fræðasviðum háskólans, þ.e. Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði og Menntavísindasviði. Í MS-náminu voru 12 kjörsvið í samvinnu við átta deildir á þremur fræðasviðum, þ.e. Félagsvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Kjörsviðum fækkaði um eitt frá síðasta ári.

## Kjörsvið í MA-námi

- dönskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- enskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- félagsfræðikennsla (Félags- og mannvísindadeild)
- frönskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- heimspekikennsla (Sagnfræði- og heimspekideild)
- íslenskukennsla (Íslensku- og menningardeild)
- mannfræðikennsla (Félags- og mannvísindadeild)
- spænskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- stjórnmálafræðikennsla (Stjórnmálafræðideild)
- sögukennsla (Sagnfræði- og heimspekideild)
- tómstunda- og félagsmálafræðikennsla (Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild)
- trúarbragðafræðikennsla (Guðfræði- og trúarbragðafræðideild)
- uppeldis- og menntunarfræðikennsla (Uppeldis- og menntunarfræðideild)
- þjóðfræðikennsla (Félags- og mannvísindadeild)
- þýskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)

## Kjörsvið í MS-námi

- eðlisfræðikennsla (Raunvísindadeild)
- efnafræðikennsla (Raunvísindadeild)
- ferðamálafræðikennsla (Líf- og umhverfisvísindadeild)
- hagfræðikennsla (Hagfræðideild)
- jarðvísindakennsla (Jarðvísindadeild)
- landfræðikennsla (Líf- og umhverfisvísindadeild)
- líffræðikennsla (Líf- og umhverfisvísindadeild)
- næringarfræðikennsla (Matvæla- og næringarfræðideild)
- sálfræðikennsla (Sálfræðideild)
- stærðfræðikennsla (Raunvísindadeild)
- tölvunarfræðikennsla (Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild)
- viðskiptafræðikennsla (Viðskiptafræðideild)

## Kjörsvið í M.Ed.-námi

- grunnþættir og gildi: sjálfbærni – jafnrétti – lífsleikni
- nám og kennsla í skóla án aðgreiningar í fjölmenningarsamfélagi
- námskrárþróun, námsmat og námsefnisgerð
- skólaþróun og mat á skólastarfi
- upplýsingatækni í skólastarfi

Kjörsvið í M.Ed.-náminu felast í sérhæfingu í ákveðnum viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig. Leiðin er eingöngu opin þeim sem hafa a.m.k. 180 einingar í einni og sömu kennslugrein, yfirleitt úr bakkalárnámi. Þessi kjörsvið (námssvið) eru nú fimm og eru annaðhvort eingöngu í Kennaradeild eða í samvinnu við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

### Viðbótardiplóma

Viðbótardiplóma í kennslufræði er 60 eininga nám, sérstaklega skipulagt fyrir þá sem hafa þegar lokið meistara- eða doktorsnámi og vilja afla sér kennsluréttinda í grein sinni samkvæmt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Námið er skipulagt sem eins árs staðbundið nám en hægt er að skipta því á tvö ár og þá skulu valnámskeið tekin seinna árið. Viðbótardiplóman er á ábyrgð Kennaradeildar en rekin undir sömu einkennisstöfum og aðrar námsleiðir fyrir verðandi framhaldsskólakennara í bóknámsgreinum.

## Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG)

Samnorrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG) er 120 eininga þverfræðilegt nám sem er skipulagt sameiginlega af fjórum norrænum háskólum: Háskóla Íslands, Lundarháskóla og Háskólanum í Jönköping í Svíþjóð og Háskólanum í Gjøvik í Noregi. Í Háskóla Íslands er námið vistað sem sérstök námsbraut í Félagsráðgjafardeild og umsjón með náminu fyrir hönd Háskóla Íslands hefur Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild.

Skv. samningi milli skólanna heldur Háskóli Íslands NordMaG-námskeiðið Öldrunarfræði: Stefnumótun og þjónusta (Gerontology: Policymaking and Services) annað hvert ár og komið var að Háskóla Íslands haustið 2015 að halda námskeiðið.

## Talmeinafræði

Meistaranám í talmeinafræði er þverfræðilegt nám sem miðar að því að veita vísindalega menntun og þjálfun í talmeinafræði, búa nemendur undir störf talmeinafræðinga og vísindastörf sem tengjast greininni. Náminu er ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist talmeinafræði og efla þekkingu á því sviði.

### Skipulag

Meistaranámi í talmeinafræði var komið á fót við Háskóla Íslands haustið 2010. Það er skipulagt sameiginlega af Menntavísindasviði, Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði og Læknadeild og Sálfræðideild á Heilbrigðsvísindasviði. Læknadeild hefur umsjón með náminu og brautskráist nemendur þaðan. Hún annast enn fremur umsýslu námsins, s.s. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, frágang kennsluskrár og slík atriði. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands hefur styrkt námsbrautina með stöðu stundakennara og hefur auk þess yfirumsjón með starfsþjálfun nemenda.

Nýir nemendur, 15 manns í senn að hámarki, eru teknir inn í námið annað hvert ár, síðast haustið 2014. Um námið gilda reglur um meistaranám við Háskóla Íslands í talmeinafræði, nr. 972/2009 með síðari breytingum.

Námið er 120 einingar og skiptist í 30 eininga lokaverkefni, námskeið á framhaldsnámsstigi, málstofur og starfsþjálfun og lýkur með MS-prófi í talmeinafræði. Að náminu loknu, og í kjölfar þess sex mánaða verklegri þjálfun í talmeinafræði undir leiðsögn talmeinafræðings, geta nemendur sótt um starfsleyfi til landlæknis.

## Námsstjórn

Rektor skipar stjórn meistaranáms í talmeinafræði til þriggja ára í senn. Stjórnin er skipuð sex fulltrúum samkvæmt tilnefningum Íslensku- og menningardeildar, Menntavísindasviðs, Sálfræðideildar og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, einum föstum kennara greinarinnar og fulltrúa úr Læknadeild, sem rektor tilnefnir og er hann formaður námsstjórnar. Námsstjórnina skipa nú Sigríður Magnúsdóttir, dósent við Læknadeild, Jóhanna T. Einarsdóttir, dósent við Læknadeild, Þóra Másdóttir, fulltrúi Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í Íslensku- og menningardeild, Zuilma Gabríela Sigurðardóttir, dósent við Sálfræðideild, og Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild, og er hann jafnframt formaður stjórnar.

## Stúdentar og forkröfur

Nemendur sem hefja meistaranám í talmeinafræði skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Hafa lokið BA-, B.Ed.- eða BS-prófi að jafnaði með fyrstu einkunn.
b. Hafa lokið ákveðnum tilteknum námskeiðum í málfræði (40 einingum) og sálfræði (34 einingum) eða námskeiðum sem metin eru sambærileg af viðkomandi deild Háskóla Íslands.

## Aðsókn

Allar götur síðan nám í talmeinafræði hófst hefur aðsókn í námið verið mun meiri en unnt hefur verið að sinna. Sem fyrr segir eru einungis 15 nemendur teknir inn annað hvert ár vegna skorts á starfsnámsstöðum. Alls hafa nemendur verið teknir inn þrisvar sinnum, haustið 2010, 2012 og 2014. Árið 2012 brautskráðust fyrstu átta nemendurnir með MS-próf í talmeinafræði frá Háskóla Íslands, árið 2013 brautskráðust þrír nemendur og árið 2014 voru þeir 14. Auk þess brautskráðust tveir nemendur vorið 2015 og þá voru jafnframt flestir þeirra sem hófu námið haustið 2014 hálfnaðir með það. Atvinnuhorfur talmeinafræðinga að námi loknu eru góðar og hafa þeir almennt fljótlega hafið störf í faginu eftir brautskráningu.

# Víkinga- og miðaldafræði – Viking and Medieval Norse Studies

Námsleiðin Viking and Medieval Norse Studies er samnorrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum sem Háskóli Íslands starfrækir í samstarfi við Óslóarháskóla, Árósaháskóla, Kaupmannahafnarháskóla og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Námsleiðinni var komið á fót með Nordic Master styrk frá Norrænu ráðherranefndinni haustið 2012. Hugvísindasvið Háskóla Íslands stýrir námsleiðinni og er hún hýst í Íslensku- og menningardeild.

## Námsstjórn

Yfir brautinni er fagráð skipað Torfa H. Tulinius og Haraldi Bernharðssyni frá Háskóla Íslands, en Karl-Gunnar Johansson er frá Óslóarháskóla, Pernille Hermann frá Árósaháskóla, Anne Mette Hansen frá Kaupmannahafnarháskóla og Gísli Sigurðsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Fagráðið skipuleggur námið og annast inntöku nýnema. Svavar Steinarr Guðmundsson, verkefnisstjóri á skrifstofu Hugvísindasviðs, vinnur með fagráðinu.

## Skipulag

Viking and Medieval Norse Studies er tveggja ára (120 eininga) alþjóðleg námsleið þar sem nemendum býðst vandað og fjölbreytt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum. Þar sem námsleiðin er einkum ætluð nemendum utan Norðurlandanna fer kennsla fram á ensku.

Námið er ætlað stúdentum sem hafa lokið grunnnámi í háskóla (BA-prófi) á sviði miðaldafræða eða með miðaldaívafi, einkum í eftirtöldum greinum: bókmenntum, sagnfræði, trúarbragðafræði, málvísindum, mannfræði, fornleifafræði, listasögu eða þjóðfræði. Ekki er gerð krafa um forkunnáttu í (forn)íslensku en áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér tungumálið í náminu sjálfu.

Allt fyrsta árið í meistaranáminu fer fram við Háskóla Íslands en á þriðja misseri stunda nemendur nám við einn af samstarfsháskólunum. Lokaverkefni skrifa þeir við Háskóla Íslands eða Óslóarháskóla. Námið er opið nemendum alls staðar að úr heiminum. Um er að ræða þverfaglegt nám þar sem saman koma sagnfræðingar, bókmenntafræðingar, málfræðingar, fornleifafræðingar, þjóðfræðingar og trúarbragðafræðingar við fimm ólíkar stofnanir. Haustið 2015 hóf nám 31 nemandi frá þrettán löndum, Bandaríkjunum, Bretlandi, Finnlandi, Ísrael, Ítalíu, Japan, Kanada, Kína, Rússlandi, Sviss, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi. Fyrstu nemendurnir af brautinni útskrifuðust 2014, ellefu talsins, og þrettán útskrifuðust árið 2015.

## Medieval Icelandic Studies

Við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs er einnig í boði önnur meistaranámsleið í miðaldafræðum með þverfaglegu ívafi, Íslensk miðaldafræði, Medieval Icelandic Studies. Sú námsleið er þriggja missera nám (90 einingar), sem starfrækt hefur verið síðan haustið 2005 í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Námsleiðin er einnig ætluð erlendum stúdentum og þar er því á sama hátt kennt á ensku, og er námið að flestu leyti eins og í Viking and Medieval Studies, að því undanskildu að námsleiðin er ekki rekin í samstarfi við erlenda skóla og er því styttri en hún sem náminu erlendis nemur.

## Námsstjórn

Fagráð Medieval Icelandic Studies er skipað Torfa H. Tulinius, Haraldi Bernharðssyni og Aðalheiði Guðmundsdóttur frá Íslensku- og menningardeild, Viðari Pálssyni frá Sagnfræði- og heimspekideild og Emily Lethbridge frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

## Tíu ára afmæli

Fyrstu nemendurnir hófu nám í Medieval Icelandic Studies haustið 2005, eins og áður sagði. Í lok afmælisársins 2015 höfðu alls 74 nemendur hvaðanæva úr heiminum útskrifast af brautinni. Haustið 2015 hófu nám sex nemendur frá fimm löndum, Bandaríkjunum, Bretlandi, Ítalíu, Suður-Kóreu og Þýskalandi.

Umsjónarmenn og aðalkennarar í báðum þessum meistaranámsbrautum í norrænum fræðum eru Torfi H. Tulinius prófessor og Haraldur Bernharðsson dósent, báðir við Íslensku- og menningardeild, og Viðar Pálsson, lektor við Sagnfræði- og heimspekideild.


2°C
6°C

# Rannsóknastofnanir í tengslum við háskólann

## Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn (RAMÝ) er vísindastofnun á vegum Umhverfisráðuneytisins, byggð á lögum um verndun Mývatns og Laxár og hefur verið starfrækt síðan 1974. Hún fæst við rannsóknir á náttúru og sögu Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það höfuðmarkmið að skilja náttúrufarsbreytingar og sjá þær fyrir og stuðla þannig að verndun svæðisins. Stöðin er í gamla prestseturshúsinu á Skútustöðum.

Mývatn og Laxá og vatnasvið þeirra er lífríkt og fjölbreytt vatnakerfi á eldvirku rekbelti á mörkum tveggja jarðskorpufleka og á sér enga hliðstæðu á jörðinni. Svæðið nýtur sérstakrar verndar með lögum og alþjóðasamningi. Það laðar að sér fjölda ferðamanna og fóstrar jafnframt mikið mannlíf sem nýtir náttúruauðlindir þess. Náttúra svæðisins tekur umtalsverðum breytingum, m.a. vegna jarðfoks, eldvirkni, námuvinnslu, jarðhitanýtingar, ræktunar, breytinga á búfjárbeit, samgöngumannvirkja og annarrar mannvirkjagerðar.

Náttúrurannsóknastöðin leitast við að standa í fremstu röð í rannsóknum á vistfræði vatns og lífríki vatna og vöktun þeirra. Hún stefnir að því að rannsóknir á hennar vegum standist alþjóðlegar kröfur og rannsóknaniðurstöður birtist í viðurkenndum vísindaritum. Vegna þess gildis sem langtímagögn um ástand vatns og lífríkis þess hefur fyrir rannsóknir og ráðgjöf safnar stöðin og heldur til haga slíkum gögnum. Gagnasafn stöðvarinnar nær nú aftur til ársins 1975 og er með þeim lengstu í heiminum um ástand lífríkis í stöðuvatni.

Stöðin birtir skrá um rannsóknir sem gerðar hafa verið á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðsins alls. Hún leitast við að laða til sín sérfræðiþekkingu með samvinnu við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og veita starfsfólki þeirra og nemendum í náttúrufræðum aðstöðu til rannsókna og hlutdeild í gagnasafni stöðvarinnar.

Stöðin miðlar þekkingu á náttúru svæðisins til almennings og skóla í ræðu og riti og styður við sýningarhald og aðra fræðslu. Einnig er stöðin stjórnvöldum til ráðuneytis um hvaðeina er lýtur að fræðslu um svæðið, verndun þess og nýtingu. Stöðin leitast við að safna og miðla gögnum um sögu og menningu svæðisins og leggur sérstaka rækt við að styðja skólastarf á starfssvæði sínu.
Við rannsóknir sínar leitast stöðin við að raska ekki náttúrunni eða trufla dýralíf, og að vinna í samráði við landeigendur og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

# Rannsóknamiðstöð ferðamála

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Samtökum ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. Markmið miðstöðvarinnar eru að efla rannsóknir á sviði ferðamála, styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs og auka þekkingu um ferðamál gegnum innlent og erlent samstarf.

Stefna Rannsóknamiðstöðvar ferðamála er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Þetta gerir miðstöðin með samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila, atvinnulíf, með útgáfu fræðirita, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og með því að gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum.

Í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála árið 2015 áttu sæti:

- Rögnvaldur Ólafsson (Háskóla Íslands), formaður stjórnar
- Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólanum á Akureyri), varaformaður
- Ögmundur Knútsson (Háskólanum á Akureyri)
- Rannveig Ólafsdóttir (Háskóla Íslands)
- Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtökum ferðaþjónustunnar)
- Georgette Leah Burns (Háskólanum á Hólum)
- Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofu)

Stjórnarfundir á árinu voru þrír. Formaður og varaformaður stjórnar unnu þétt við hlið forstöðumanns allt árið.

## Starfsmenn

Starfsfólk Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á árinu 2015 voru:

Í Borgum á Akureyri:

- Edward H. Huijbens, sérfræðingur
- Iris Homan, skiptinemi í starfsþjálfun frá Háskólanum í Wageningen í Hollandi
- Gyða Þórhallsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
- Kristinn Berg Gunnarsson, sérfræðingur
- Kristín Sóley Björnsdóttir, forstöðumaður
- Mareike Scheller, skiptinemi í starfsþjálfun frá Háskólanum í Greifswald í Þýskalandi
- Þórný Barðadóttir, sérfræðingur

Í Öskju í Reykjavík:

- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur
- Cristi Frenţ, sérfræðingur

Auk þess unnu eftirtaldin að verkefnum fyrir Rannsóknamiðstöð ferðamála:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (Háskólanum á Hólum), Johannes T. Welling (Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði) og Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík).

## Starfsemi

Árið 2015 fór í það að efla og styrkja innra starf miðstöðvarinnar auk þess að sinna rannsóknum. Fyrri hluta árs 2015 veitti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Háskólanum á Akureyri 30 m.kr. framlag til eins árs til rannsókna á ferðamálum. Háskólinn á Akureyri óskaði eftir aðstoð Rannsóknamiðstöðvar ferðamála við val og undirbúning áætlana fyrir rannsókna- og nýsköpunarverkefni í ferðamálum. Fjögur verkefni urðu fyrir valinu. Áhersla var lögð á verkefni sem hægt væri að hefja strax og voru brýn. Yfirverkefnastjórn verkefnanna er í höndum starfsfólks Rannsóknamiðstöðvar ferðamála en þau eru öll unnin í samstarfi við aðrar stofnanir og hagsmunaaðila.

Rannsóknamiðstöðin stóð fyrir 24. norrænu ferðamálaráðstefnunni, sem haldin var í Reykjavík, en hún er einn stærsti og umfangsmesti viðburður sem Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur skipulagt fram til þessa. Í tengslum við hana var haldið sérstakt námskeið fyrir doktorsnema. Auk þess stóð Rannsóknamiðstöð ferðamála á árinu fyrir örráðstefnu og málstofum, m.a. í samvinnu við viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri, Ferðamálastofu, Landgræðslu ríkisins, Markaðsstofu Norðurlands og Norræna húsið vegna Fundar fólksins.

## Rannsóknaverkefni

Á árinu var bæði unnið að verkefnum beint við Rannsóknamiðstöð ferðamála og að verkefnum annars staðar sem fjármögnuð voru í gegnum miðstöðina.

**Verkefni sem unnið var að á Rannsóknamiðstöð ferðamála**

- Viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu. Tengiliðir: Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir
- Rýning á forsendum hliðarreikninga ferðaþjónustu á Íslandi: Hvaða gögn liggja fyrir til að greina hagræn áhrif ferðaþjónustu? Hversu skýr eru gögnin með tilliti til einstakra landshluta eða svæða? Tengiliður: Cristi Frenţ.
- Ferðamennska, jarðminjar og skart (NordMin) – forverkefni. Tengiliðir: Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir
- Áhrif Hvalárvirkjunar á ferðamennsku og útivist. Tengiliðir: Hjalti Jóhannsson og Kristín Sóley Björnsdóttir
- Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL): Að tengja saman rannsóknir á heilsutengdri þjónustu og athuga hvernig þær nýtast í ferðamennsku, þ.e. framboði á afþreyingu og útivist. Bætt heilsa og vellíðan með samlífi við auðlindir náttúru og sjálfbæra nýtingu vistkerfa. Tengiliður: Edward H. Huijbens
- Slow adventure tourism og SAINT 2015: Að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „yndis-ævintýri" (e. slow adventure) á norðurslóðum og hvað það er sem einkennir þessar ferðir. Tengiliður: Edward H. Huijbens
- Norðurslóðasamstarf: Rannsóknamiðstöð ferðamála er virkur þátttakandi í norðurslóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í International Polar Tourism Research Network – IPTRN. Tengiliður: Edward H. Huijbens

**Verkefni sem unnin voru fyrir fjárframlag frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu**

- Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustu – Mývatnssveit, Höfn, Siglufjörður. Tengiliðir: Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Kristín Sóley Björnsdóttir

- Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu – Húsavík, Mývatnssveit, Höfn, Siglufjörður. Tengiliðir: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir og Kristín Sóley Björnsdóttir
- Markhópagreining – gerð markhópalíkans. Tengiliðir: Kristín Sóley Björnsdóttir, Edward H. Huijbens og þórný Barðadóttir
- Dreifing ferðamanna um landið. Tengiliðir: Rögnvaldur Ólafsson, Gyða Þórhallsdóttir og Kristín Sóley Björnsdóttir

**Verkefni sem fjármögnuð voru í gegnum Rannsóknamiðstöð ferðamála en unnin annars staðar**
- Umbreytingar: ferðaþjónusta, staður og sjálfsemd. Tengiliður: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Háskólanum á Hólum
- Þróun ferðamannastaða og þolmörk ferðamanna. Tengiliður: Anna Dóra Sæþórsdóttir, Háskóla Íslands.
- Ferðamennska, landslag og loftslagsbreytingar á Íslandi. Tengiliður: Johannes T. Welling, Háskóla Íslands
- Ferðaþjónusta í byggðum landsins. Tengiliður: Lilja B. Rögnvaldsdóttir, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík

Nánari lýsingu á verkefnum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála er að finna í ársskýrslu á vef miðstöðvarinnar (www.rmf.is). Þar er enn fremur ítarlegt yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing og vinnufundi.

# Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði

Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði við Háskóla Íslands var stofnuð árið 2000 með sérstökum samningi milli Háskóla Íslands, menntamálaráðuneytisins, dómsmálaráðuneytið, Árborgarborg og varnarmálaráðuneytið.

Helstu viðfangsefni starfsmanna stofnunarinnar eru:

-Grunnrannsóknir

-Samningsrannsóknir

-Þjálfun nemenda til rannsókna og að efla aðstöðu í byggingarverkfræði

## Rannsóknir

-Landsnet hröðunarmæla

-ICEARRAY-rannsóknaverkefnin

-Áhættu- og viðbragðstýring vegna náttúruhamfara

-Áhrif eldgosa á flugumferð

-Hönnun bygginga á upptakasvæðum jarðskjálfta

-Rannsóknir sem tengjast íslensku atvinnulífi

-Rannsóknasamvinna og kynningarstarfsemi

-Rannsóknatengt framhaldsnám

## Rannsóknasetur í kerfislíffræði

Rannsóknasetur í kerfislíffræði er þverfræðilegt samstarf milli Heilbrigðisvísinda- og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Kerfislíffræði (systems biology) er nýtt og ört vaxandi fræðasvið sem felur í sér kerfisbundnar rannsóknir á flóknum líffræðilegum ferlum, oftast með því að tengja saman ólíkar upplýsingar með notkun stærðfræðilíkana. Kerfislíffræði tengir saman rannsóknir í verkfræði, læknisfræði og náttúruvísindum.

## Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum hefur þann megin tilgang að stunda grunnrannsóknir á krabbameinum. Rannsóknastofa Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði var stofnuð í ársbyrjun 1987 og opnuð formlega í mars 1988. Í árslok 2006 hætti Krabbameinsfélagið rekstri rannsóknastofunnar og færðist hann til Læknadeildar Háskóla Íslands undir nýju nafni. Með flutningi rannsóknastofunnar til Háskólans hafa skapast ný tækifæri og er rannsóknastofan stofnaðili að Lífvísindasetri Háskóla Íslands.

## Rannsóknastofa í sýklafræði

Rannsóknastofa í sýklafræði eða Sýklafræðideild Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) er hluti af Rannsóknastofnun LSH. ásamt rannsóknastofum í blóðmeinafræði, meinefnafræði, ónæmisfræði og veirufræði.

## Rannsóknastofa í veirufræði

Rannsóknastofa og tilvísunarrannsóknastofa fyrir Ísland á sviði bakteríufræði, veirufræði, sveppafræði og sníkjudýrafræði. Deildin vinnur með sóttvarnarlækni og öðrum heilbrigðisyfirvöldum að bættri lýðheilsu með rannsóknum og skráningu á smitsjúkdómum, orsökum þeirra og útbreiðslu. Þau gögn nýtast jafnframt til fyrirbyggjandi aðgerða, svo sem sýkingavarna og bólusetninga.

## Rannsóknastofa í ónæmisfræði (Ónæmisfræðideild Landspítala)

Ónæmisfræðideild tilheyrir Rannsóknarsviði Landspítalans. Yfirlæknir er Björn Rúnar Lúðvíksson, prófessor. Við árslok störfuðu við deildina læknar, lífeindafræðingar, náttúrufræðingar, hjúkrunarfræðingar og skrifstofufólk. Af þeim höfðu fjórir stöðu eða klínískar nafnbætur, 3 prófessorar og 1 dósent. Alls störfuðu 33 einstaklingar á deildinni, þar af 7 doktorsnemar og 5 meistaranemar. Þrír meistaranemar luku námi á árinu.

Meginstarfsemi deildarinnar er að veita alhliða þjónustu við einstaklinga sem hafa eða eru grunaðir um gigtsjúkdóma, astma- og ofnæmissjúkdóma eða hafa galla eða truflun í starfsemi ónæmiskerfisins. Til að ná fram markmiðum sínum er starfseminni skipt upp í þrjú megin svið.

- Alhliða þjónusturannsóknir á sviði ónæmis-, ofnæmis-, sjálfsofnæmis- og gigtarsjúkdóma.
- Klínísk ráðgjöf, greining, meðferð og eftirlit ofnæmis- og ónæmissjúkdóma.

• Fræðsla og vísindi. Veita fræðilega og hagnýta kennslu og þjálfun í ónæmisfræði auk þess að stunda klíniskar- og grunnrannsóknir í ónæmisfræði, auk þróunarvinnu.

**Helstu áherslur í rannsóknum**
Rannsóknir á IgA mótefnaskorti, áhrifum ósértæka ónæmiskerfisins á sérhæfingu og virkni T eitilfruma, meingerð iktsýki og sóra, áhrifum erfða og leit meingena í sjálfsofnæmissjúkdómum, algengi og afleiðingu skorts í lektinferli magnakerfisins. Auk þess er í gangi samstarfsverkefni á þróun forrits til áhættumats og greiningar sjúkdóma með aðstoð gervigreindar við sprotafyrirtækið eXpeda ehf.

Rannsóknir á ónæmiskerfi nýbura, ónæmissvörum nýburamúsa við bólusetningum gegn pneumókokkum, meningókokkum og inflúensu, áhrifum ónæmisglæða og skaðlegum áhrifum hreinna fjölsykra á ónæmissvör gegn próteintengdum fjölsykrubóluefnum í mönnum og músum. Langtíma ónæmisminni barna og fullorðinna gegn próteinum og fjölsykrum hjúpaðra baktería og gegn kúabóluveirunni.

Rannsóknir á bólgu og bólguhjöðnun, á áhrifum náttúruefna, s.s. ómega-3 fitusýra, efna úr Bláa Lóninu, efna unnum úr sjávarlífverum, á sérhæfingu ónæmissvars, á áhrifum ómega-3 fitusýra á myndun og hjöðnun bólgu, áhrifum lágskammta aspiríns á liðagigt í rottum.

Rannsóknir á algengi fæðuofnæmis hjá börnum, tengsl við fæðu, umhverfisþætti og erfðir, og áhrif endurbólusetninga með fjölsykrum á minnissvar við 7 ára aldur.

**Kynningarstarfsemi og kennsla**
Starfsmenn deildarinnar birtu 10 greinar í ritrýndum erlendum tímaritum. Starfsmenn fluttu tugi fyrirlestra auk veggspjaldakynninga á ýmsum innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og fundum. Þrír starfsmenn deildarinnar starfa í ritstjórn tveggja ritrýndra fagrita. Starfsmenn deildarinnar kenna ónæmisfræði við heilbrigðisvísindasvið HÍ fyrir nemendur í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lífeindafræði, lyfjafræði, líffræði, lífefnafræði, sameindaerfðafræði og næringarfræði, auk ónæmisfræðinámskeiða fyrir nemendur í framhaldsnámi. Að jafnaði koma 2 til 5 læknanemar í verkefni á deildina ár hvert, auk líffræðinema í BS námi, lífeindafræðinema í diplóma- og MS námi og lyfjafræðinema í MS námi. Almennir fræðslufundir eru haldnir vikulega á vegum deildarinnar auk vikulegra tímaritafunda. Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í viku.

**Annað**
Ónæmisfræðideild ásamt samstarfsaðilum hlaut yfir sextíu og fimm milljónir króna í styrki og rannsóknarsamninga á árinu. Styrkirnir voru meðal annars frá Vísindasjóði LSH, þar af Hvatningarstyrkur Vísindasjóðs LSH, Rannsóknasjóði Rannís, Rannsóknasjóði HÍ fyrir doktorsnema, Rannsóknarsjóði HÍ, Tækniþróunarsjóði Rannís, AVS sjóði, Vísindasjóði Félags íslenskra gigtlækna, Nýsköpunarsjóði Námsmanna, EC 7th Framework Program, ásamt erlendum ferðastyrkjum. Á árinu fékk deildin frumusorter sem mun auðvelda alla vinnu við vísindarannsóknir á frumum ónæmiskerfisins. Unnið er að því að fá alþjóðlega faggildingu á allri starfssemi deildarinnar og er stefnt að því að henni ljúki innan tveggja ára.

## Rannsóknastofa um mannlegt atferli

Rannsóknastofnun um mannlegt atferli (RMA) , H.Í.

(Human Behavior Laboratory, HBL, hbl.hi.is)

Almennt yfirlit og stjórnun

Sem fyrr er forstöðumaður Magnús S. Magnússon (MSM) rannsóknaprófessor við Háskóla Íslands. Guðberg K. Jónsson (GKJ) er rannsóknasérfræðingur við RMA, en hann er einnig framkvæmdastjóri Atferlisgreiningar ehf. (hjáheiti PatternVision Ltd., www.patternvision.com).

Atferlisgreining ehf. var stofnuð með aðstoð Rannsóknaþjónustu H.Í. í beinu framhaldi af starfsemi RMA er GKJ sigraði í hugmyndasamkeppninni „Upp úr skúffunum“ við H.Í. þar sem hann beitti THEME hugbúnaðinum þ.e. atferlisgreiningar aðferðum MSM við greiningu á knattspyrnu.

Rannsóknir og kynning

RMA var áfram þungamiðjan í hinu formlega samstarfsneti „Methodology for the Analysis of Social Interaction“ (MASI), stofnað 1995 á Sorbonne í París, þar sem MSM áður gegndi prófessorsstöðu, en greiningarlíkan MSM hefur frá upphafi verið hin sameiginlegi grundvöllur MASI. Tuttugu og fjórir háskólar taka nú þátt í MASI, en fjórir háskólar óskuðu formlega eftir þátttöku á árinu og bætast við formlega við næstu endurnýjun, þ.e. 2016.

J. Neuroscience Methods birti ýtarlega umfjöllun (comprehensive review) um greiningarlíkan MSM og beitingu þess (T-Pattern Detection and Analysis, TPA) með tilsvarandi hugbúnaði MSM í margvíslengum rannsóknum: „T-pattern analysis for the study of temporal structure of animal and human behavior: A comprehensive review” (Casarrubea, Jonsson, Magnusson et al, 2015): http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/25280983

Sama tímirit birti niðurstöður beittingar TPA með THEME í langtíma samstarfi MSM við rannsóknaaðila á The University of Cambridge (UK): „Complex spike patterns in olfactory bulb neuronal networks” (Nicol, Segonds-Pichon, Magnusson et al, 2015): http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/?term=nicol+magnusson+2015

MSM var heiðursgestur við alþjóðlegu Proteomics ráðstefnuna 2015 í Valencia á Spáni: http://www.conferenceseries.com/Past_Reports/proteomics-2015-past og hélt keynote fyrirlestur: Similarity of patterning in behavioural interactions and on DNA: T-Patterns and structured hierarchical clustering in time and space

Einnig hélt MSM fyrirlestur á alþjóðlegri ráðstefnu Society for Chaos Theory in Psychology and Life Sciences í Florida http://www.societyforchaostheory.org/conf/2015/

Unnið var áfram að safnriti um niðurstöður beitingar greiningarlíkans og THEME hugbúnaðar MSM. Bókin kom út hjá Springer í janúar 2016: “Discovering Hidden Temporal Patterns in Behavior and Interaction: T-Pattern Detection and Analysis with THEME™. Magnusson, Magnus S., Burgoon, Judee K., Casarrubea, Maurizio (Eds.). Each chapter describes a different research application of T-Pattern Detection and Analysis with THEME (TM)”. http://www.springer.com/gp/book/9781493932481

Guðberg K. Jónsson vann að innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi á vegum RMA þar sem ofangreindu greiningarlíkani er beitt, m.a. verkefni um greiningu fjármálagagna í samstarfi við Fjármálaeftirlitið, DataMarket og NetInternals, styrkt af RANNÍS, og í samstarfi við Gervigreindarsetur HR og aðra Evrópska háskóla viðamikið verkefni á sviði gervigreindar, styrkt af 7. Rammaáætlun ESB. Að auki sat Guðberg í vinnuhópi Netöryggisáætlunar ESB um öruggara og betra internet fyrir ung fólk. Guðberg kenndi einnig námskeið á árinu fyrir hönd RMA, m.a. við háskóla í Ungverjalandi og á Spáni, sótti rástefnur og birti ritrýndar greinar á nokkrum fræðasviðum.

Rannsóknastofa um mannlegt atferli (Human Behavior Laboratory, HBL) hefur aðsetur í Tæknigarði, Dunhaga 5, IS-107 Reykjavík. Sími: 5254585. Heimasíða: hbl.hi.is

# Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin sitt af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Undir hatti Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands voru starfrækt á árinu 2015 rannsóknasetur á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Á Austurlandi var sett á fót starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra í kringum rannsóknaverkefnið Maður og náttúra með ráðningu Unnar Birnu Karlsdóttur sagnfræðings í starf akademísks sérfræðings.

Setrin voru því eftirtalin á árinu:

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Starfsemi á Austurlandi á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Sem fyrr voru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á vettvangi rannsóknasetranna en rannsóknir eru meginverkefni rannsóknasetra háskólans víðs vegar um landið. Viðfangsefnin eru margvísleg en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði og fornleifafræði. Í starfi rannsóknasetranna, rétt eins og í öllu rannsóknastarfi Háskóla Íslands, er tekið mið af alþjóðlega viðurkenndum birtingarvenjum, mælikvörðum og gæðaviðmiðum. Jafnframt er lögð rík áhersla á árangur, áhrif og gæði rannsókna og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Rannsóknasetrin eru hluti af starfsemi Háskóla Íslands og eiga í víðtæku samstarfi við náttúrustofur, þekkingarsetur, aðrar þekkingarstofnanir, háskólafyrirtæki, stofnanir og sveitarstjórnir, svo að dæmi séu nefnd og er samstarfið rannsóknasetrunum afar mikilvægt. Alþjóðlegt samstarf er rannsóknasetrunum ekki síður mikilvægt og fer það sífellt vaxandi.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2015 var Sæunn Stefánsdóttir. Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild háskólans, var formaður ráðgefandi nefndar Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og með honum unnu í nefndinni Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, Jón Einar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Guðrún Á. Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna við Austurbrú, og Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands. Birna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, annaðist stjórnsýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina. Fundaði ráðgefandi nefndin sjö sinnum á árinu og fór einn fundanna fram í Rannsóknasetri Háskóla Íslands í Stykkishólmi.

Tuttugu og sjö starfsmenn voru hjá Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2015, þar af þrettán í fullu starfi. Alls voru ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra tæplega 19 samanborið við 17 árið 2014. Að

venju nýtti fjöldi meistara- og doktorsnema aðstöðu á setrunum. Þá fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setranna til skemmri tíma. Á árinu var ráðið í starf akademísks sérfræðings, eins og fyrr sagði, við starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Egilsstöðum, og í starf verkefnisstjóra við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi og tók Böðvar Þórisson líffræðingur við því starfi.

Akademískir starfsmenn setranna koma flestir að kennslu, einkum við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, einnig við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum, sem og námsbraut í fornleifafræði við Sagnfræði- og heimspekideild. Enn fremur er fyrirhugað að þeir kenni við námsbraut í sagnfræði. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið á meistarastigi við þrjú rannsóknasetranna. Á árinu fóru fram samningaviðræður við fyrrnefndar deildir um nánara samstarf rannsóknasetranna og deildanna og er vonast til að samningar klárist 2016. Rannsóknasetrin eru kjörinn vettvangur rannsóknavinnu framhaldsnema við deildir skólans enda staðsett í öllum landshlutum þar sem lífríki, náttúrufar, atvinnulíf, samfélagsgerð og menningararfur eru með margvíslegum hætti. Akademískir starfsmenn rannsóknasetranna leiðbein framhaldsnemum og eins og fyrri ár unnu allmargir nemendur að lokaverkefnum sínum við rannsóknasetrin.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands var haldinn á Húsavík 9. apríl 2015 og setti Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra fundinn. Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, flutti ávarp og fundarstjóri var Jörundur Svavarsson, prófessor og formaður ráðgefandi nefndar Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Um 80 manns sátu ársfundinn sem haldinn var í Hvalasafninu á Húsavík. Glærukynningar með erindum sem flutt voru á fundinum má nálgast á vefsíðu Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, www.rannsoknasetur.hi.is. Þar eru einnig krækjur á vefsíður rannsóknasetranna.

Stefna Stofnunar rannsóknasetra Hákóla Íslands var kynnt á ársfundinum en vinna við stefnumótunina hófst í september 2014. Stýrihópur skipaður forstöðumanni stofnunarinnar, fulltrúum forstöðumanna rannsóknasetra og ráðgefandi nefndar, sem og verkefnisstjóra Stofnunar rannsóknasetra, vann stefnuna í víðtæku samráði. Stefna Stofnunar rannsóknasetranna skiptist í fjóra þætti, rannsóknir, nám og kennslu, mannauð og samfélagslega ábyrgð. Stefnan tekur mið af stefnu Háskóla Íslands og er ætlað að verða starfsemi rannsóknasetranna leiðarvísir inn í framtíðina. Að loknum ársfundi var unnið áfram að endanlegri útgáfu stefnunnar og áætlanir gerðar um útfærslu hennar og eftirfylgd. Í kjölfar ársfundarins og frekari umfjöllunar staðfesti ráðgefandi nefnd Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands stefnuna til næstu þriggja ára og var hún kynnt í háskólaráði Háskóla Íslands á fundi ráðsins í júní 2015. Unnið hefur verið að framgangi hennar á árinu.

Í desember sökk rannsóknabáturinn Sæmundur fróði RE sem Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum hefur notað í rannsóknum sínum. Var það mikil áfall. Unnið er að því að fá tjónið bætt svo að hægt verði að festa kaup á nýjum báti sem er forsenda fyrir áframhaldandi rekstri rannsóknaverkefna setursins.

Með samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið var Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands falið að greina tækifærin sem liggja í Þjóðfræðistofu á Ströndum undir merkjum rannsóknasetra háskólans. Er unnið að tillögum um framhald þeirrar starfsemi sem eiga að liggja fyrir vorið 2016.

Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Sértekjur hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var einnig svo árið 2015. Stofnunin fékk aukafjárveitingu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem gerði henni kleift að fjölga starfsfólki, bæði með ótímabundnum og tímabundnum störfum. Þá var það stofnuninni mikils virði að fleiri sveitarfélög styrktu starfsemi einstakra rannsóknasetra. Stuðningur sem þessi er starfsemi rannsóknasetranna afar mikilvægur. Vöxtur hefur verið í starfseminni á síðastliðnum misserum en mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetranna og gera þeim kleift að ná markmiðum sínum um að á hverju setri verði tveir fastir

starfsmenn. Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um rekstur rannsóknasetra háskólans hefur reynst starfsemi rannsóknasetranna heilladrjúgt skref. Fyrir höndum er endurnýjun samningsins og verður áframhaldandi samningur nauðsynlegur til að stíga næstu skref í þróun rannsóknasetranna um leið og hann rennir styrkari stoðum undir starfsemi þeirra.

Starfsemi rannsóknasetranna hefur styrkst á undanförnum árum og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Rannsóknasetur Háskóla Íslands eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju þekkingar- og verðmætasköpunar sem Háskóli Íslands vill stuðla að, ekki síst nú á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Starfsmenn setursins voru þrír í ársbyrjun, Jón Einar Jónsson forstöðumaður og Árni Ásgeirsson náttúrufræðingur, báðir í fullu starfi, auk Thomasar Holm Carlsen sem var í 30% starfi fram í júní en þá hélt hann heim til Noregs eftir tveggja ára dvöl í Stykkishólmi. Thomas starfar nú í Noregi en vinnur áfram með setrinu að verkefni um eiginleika æðardúns. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur kom í tveggja mánaða vinnu í maí og júní. Starfsmennirnir fjórir merktu 200 æðarkollur í sjö eyjum við sunnanverðan Breiðafjörð sumarið 2015.

Árið 2014 hófust merkingar á æðarkollum í Landey í samstarfi við norska SEATRACK-verkefnið og náðust alls 37 kollur fyrsta sumarið. Tuttugu og ein þeirra náðist lifandi meðal hinna 200 sem merktar voru sumarið 2015, auk þess sem ein kolla fannst dauð í grásleppuneti. Þrjátíu og níu æðarkollur (20% merktra kollna 2015) fengu nýja dægurrita sem ætlunin er að endurheimta næstu sumur, ásamt því að setja út 40 nýja SEATRACK-dægurrita 2016. Dægurritar skrá staðsetningu fuglanna út frá breytileika í daglengd.

Árleg verkefni um æðarfugl og dílaskarf héldu áfram, sem og talningar á æðarungum, álftum, ritu og vatnafuglum. Nú hillir undir verklok í skarfatalningunni, a.m.k. í bili. Fjöldi dílaskarfshreiðra stóð nokkuð í stað og ungaframleiðsla var með lakara móti. Æðarungar voru taldir við Breiðafjörð í 9. sinn og var fjöldi þeirra undir meðallagi, eða 0,4 ungar á hverja kollu. Þá vakti athygli að ungar í lok júlí voru dúnungar en ekki stálpaðir ungar. Það hjálpaði ekki æðarvarpi að meðaltímasetning varps var níu dögum síðar 2015 en 2014. Talið er að stormasamur vetur og vor skýri að hluta seinkunina, sem varð vart víða um land.

Rituvarp gekk skár en mörg undanfarin ár og sáust nú hreiður með fleygum ungum á flestum talningarstöðum, stundum tveir eða þrír ungar í hreiðri. Flest björgin litu mun betur út í ár en mörg undanfarin ár og sama má segja um varp lunda og kríu. Álftir voru taldar í Álftafirði fram á mitt sumar en dreifing álfta um Snæfellsnes hefur aukist síðan talningar hófust 2008 og verða álftatalningar því endurskoðaðar á næsta ári.

Meistaraneminn Valtýr Sigurðsson varði ritgerð sína um áhrif síldardauða á lífríki Breiðafjarðar og útskrifaðist á árinu. Aldís Erna Pálsdóttir vann að verkefni sínu um afrán á æðarkolluhreiður í eyjunum við Stykkishólm. Bæði meistaraverkefnin eru unnin í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands, sem og og rituvöktunin. Gagnasöfnun fyrir endurkomu lífríkis í botni Kolgrafafjarðar var endurtekin þriðja árið í röð, styrkt af Vegagerðinni.

Þórður Örn Kristjánsson doktorsnemi hefur að mestu lokið skrifum á doktorsritgerð sinni um varpvistfræði æðarfugls og stefnir á að verja ritgerðina árið 2016.

Fimm greinar voru birtar í alþjóðlegum ritum: um afskipti æðarkollna af hreiðrum hverrar annarrar í Rifi, ógnir sem steðja að norrænum andastofnum, inflúensuveirur í sjóöndum, varpárangur grágæsa á Íslandi og vetrarendurheimtur snjógæsa í Bandaríkjunum. Veigamikil grein um stofnbreytingar

æðarfugls á Íslandi var birt í Náttúrufræðingnum og var hún í árslok send með þökkum til æðarbændanna sem tóku þátt í rannsókninni.

Sem fyrr tók Jón Einar Jónsson þátt í kennslu í fuglafræði og dýrafræði við Háskóla Íslands. Á Líffræðiráðstefnunni 5.–7. nóvember voru haldin þrjú erindi og sýnd þrjú veggspjöld frá Rannsóknasetrinu. Á ársfundi Æðarræktarfélags Íslands 7. nóvember héldu Jón Einar og Árni báðir erindi.

# Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Við setrið störfuðu á árinu tveir sérfræðingar í fullu starfi, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Helstu rannsóknarefni setursins tengjast náttúru og samfélagi strandsvæða með áherslu á Vestfirði. Eins og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á líf- og fornleifafræðilegar rannsóknir á sjávarnytjum, einkum hvalveiðum og fiskistofnum. Við setrið unnu tveir meistaranemar að lokaverkefnum sínum undir leiðsögn Guðbjargar og Ragnars. Verkefni Alexöndru Tyas nefnist Managing Coastal Heritage in the Westfjords: Case Study of 19th Century Norwegian Whaling Stations og Anja Nickel vann að rannsókn sem nefnist Identifying the Vulnerability of Juvenile Atlantic Cod (Gadus morhua) and Saithe (Pollachius virens) to Climate Change. Þá unnu háskólanemarnir Gylfi Björn Helgason og Marion Durand sumarstörf við setrið.

Rannsóknaverkefni ársins voru flest framhaldsverkefni. Styrkir fengust m.a. frá Rannís fyrir verkefnið Söguleg samsetning þorskstofnsins (CodStory), frá Fornminjasjóði og Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefnið Hvalveiðar Norðmanna á 19. öld og frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða til uppbyggingar aðstöðu til rannsókna á sjávarlífverum. Verkefnið Söguleg samsetning þorskstofnsins miðar að því að skilja breytingar í þorskstofninum á sögulegum tíma með erfðafræðilegum og efnafræðilegum greiningum á þorskbeinum sem fengin eru með fornleifauppgrefti. Meðal áfanga á árinu voru fornleifauppgröftur í verstöðinni í Breiðavík, tegundagreining beina og þróun arfgerðagreininga. Hvalveiðar Norðmanna á Vestfjörðum á 19. öld eru hluti af stærri rannsókn á minjum um erlenda hvalveiðimenn á Íslandi á tímabilinu 1600–1915. Verkefnið miðar að því að fá yfirlit yfir umfang hvalveiða erlendra manna á tímabilinu en sérstök áhersla er lögð á samskipti þeirra við Íslendinga og leitast er við að fá svör við þeirri spurningu af hverju Íslendingar tóku hvorki upp hvalveiðar á 17. öld né í lok þeirrar 19. Á árinu voru kannaðar, bæði neðan- og ofansjávar, hvalveiðistöðvar Norðmanna við Dvergastein í Álftafirði, Uppsalaeyri í Seyðisfirði og Höfðaodda í Dýrafirði. Önnur rannsóknaverkefni á árinu voru m.a. vistfræði þorskfiskseiða á uppeldisstöðvum, sem miðar að því að skilja þá vistfræðilegu þætti sem hafa áhrif á viðkomu og vöxt þorsk- og ufsaseiða, og fornleifarannsóknir á neðansjávarminjum þar sem reynt er að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika.

Verkefni setursins vöktu talsverða athygli á árinu og voru umfjöllunarefni fjölmiðla, m.a. í Morgunblaðinu og Bæjarins besta. Þá voru rannsóknir setursins kynntar með átta fyrirlestrum á árinu, m.a. á opnum málstofum við Deutsches Schiffahrtsmuseum í Bremerhaven í nóvember og á Þjóðminjasafni Íslands til heiðurs Kristjáni Eldjárn í desember.

# Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd. Í setrinu er lögð stund á sagnfræðirannsóknir og er Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur forstöðumaður og eini fasti starfsmaður setursins í fullu starfi allt árið. Tveir sagnfræðingar störfuðu við setrið um skemmri tíma á árinu. Nanna Þorbjörg Lárusdóttir var ráðin til tveggja og hálfs mánaðar

til að vinna að útgáfu heimildalista um andleg mál og Vilhelm Vilhelmsson vann að rannsóknum sínum við setrið um tveggja mánaða skeið.

Í setrinu er Bókasafn Halldórs Bjarnasonar, sem og lestrar- og vinnuaðstaða. Ljósmyndasafn sveitarfélagsins er til húsa í Kaupfélagshúsinu samkvæmt samningi sem einnig felur í sér samnýtingu á námsstofu sveitarfélagsins í húsinu. Rannsóknasetrið er enn fremur með samning við Listamiðstöðina Nes um vinnuaðstöðu fyrir rithöfunda sem dvelja í þorpinu til lengri eða skemmri tíma á vegum Ness.

Starf setursins felst í megindráttum i sagnfræðirannsóknum, starfsemi Bókasafns Halldórs Bjarnasonar og viðburðahaldi, s.s. opinberum fyrirlestrum og ráðstefnum.

Lára vann áfram að rannsóknum sínum á aðferðafræði við greiningu réttarfarsheimilda og að greina flokk sagnfræðiheimilda um andleg mál á hendi ríkisins á tímabilinu frá 1271–1874. Bók um efnið er í undirbúningi og stefnt að því að hún verði tilbúin til útgáfu árið 2016. Þá vann hún ásamt Nönnu Þorbjörgu Lárusdóttur að bók sem inniheldur lista yfir lög er varða andlegar sakir og heimildir um málaferli sem af þeim leiddu frá upphafi kristni á Íslandi til 1874.

Lára flutti fyrirlestra um rannsóknir sínar á Nordiske rettshistorikermøtet í Osló í apríl og alþjóðlegu ráðstefnunni Innocent III and his Time. From Absolute Papal Monarchy to the Fourth Lateran Council í Murcia á Spáni í desember. Fræðiritgerð Láru, Iceland as a Western Country. How to classify Medieval Church Law in the vernacular, var samþykkt til útgáfu í tímaritinu Vergentis. Þá hélt Lára erindi á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri í apríl. Lára er meðleiðbeinandi Seans Lawing, doktorsnema við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, og Jennifer Mclellan, doktorsnema við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands.

Opnir fyrirlestradagar voru haldnir í setrinu í september. Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum, RIKK, stóð fyrir fyrirlestraröðinni Ömmur á faraldsfæti víðs vegar um landið í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og fluttu Súsanna Margrét Gestsdóttir og Annadís Gréta Rúdolfsdóttir fyrirlestra á vegum RIKK 12. og 19. september. Síðari daginn sögðu Páll Sigurðsson, Nanna Þorbjörg Lárusdóttir og Vilhelm Vilhelmsson einnig frá rannsóknum sínum.

Opin málstofa um byggð og samfélag í Húnavatnssýslu á 18. öld var haldin í setrinu í nóvember. Þar gerðu sjö nemendur í sagnfræði við Háskóla Íslands grein fyrir rannsóknum sínum um efnið. Málstofan var á vegum Sagnfræði- og heimspekideildar Háskóla Íslands og rannsóknasetursins.

Þá var nemendum 10. bekkjar grunnskólans á Skagaströnd boðið í setrið með kennara sínum til að fræðast um sagnfræði og sagnfræðilegar heimildir.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík er Marianne Helene Rasmussen. Auk hennar voru tveir starfsmenn í hlutastörfum allt árið: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir vann að rannsóknaverkefni um hagræn áhrif ferðaþjónustu og Huld Hafliðadóttir hélt utan um rannsóknavinnu á Húsavík.

Helstu rannsóknir á vegum setursins tengjast hvölum og öðrum sjávarspendýrum. Unnið var að rannsóknum á hljóði og hegðun hvala, m.a. við upptökur á hljóðum steypireyða í Skjálfanda í samstarfi við TiHo, Dýralækningaháskólann í Hannover í Þýskalandi. Þrír seglbátar frá Danmörku, Belgíu og Íslandi voru notaðir til verkefnisins, auk íslensks hraðbáts, en búnaður til hljóðupptöku neðansjávar var fenginn að láni frá Aarhus Universitet í Danmörku. Vísindafólk frá Þýskalandi og Danmörku tók þátt í verkefninu, auk þess sem um 30 nemar og sjálfboðaliðar aðstoðuðu við framkvæmd þess. Verkefnið var styrkt af Umweltbundesamt, Umhverfisstofnun Þýskalands. Þá voru tekin upp hljóð blettahnýða í Skjálfanda með þýska vísindamanninum Jens Koblitz, sem tók með sér

sextán raða sjávarupptökutæki til landsins. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti verkefnið. Marianne tók þátt í hvalatalningu úr lofti við Grænland, eins og mörg undanfarin ár, í samvinnu við Auðlindastofnun Grænlands, Greenlandic Institute of Natural resources. Fimm doktorsnemar vinna að rannsóknum undir leiðsögn forstöðumanns, auk þess sem hún leiðbeindi þremur meistaranemum og einum BS-nema árið 2015. Þá kenndi hún í námskeiðinu Vistfræði B við Líf- og umhverfisvísindadeild á haustmisseri. Chiara Bertulli, doktorsnemi Marianne, varði doktorsritgerð sína við Líf- og umhverfisvísindadeild en ritgerðin ber heitið Hagnýting náttúrulegra líkamseinkenna við rannsóknir á stofnfræði og félagskerfi hrefnu (Balenoptera acutorostrata) og hnýðings (Lagenorhynchus albirostris).

Lilja B. Rögnvaldsdóttir vann áfram að rannsóknaverkefninu Ferðaþjónusta í byggðum landsins, sem er samstarfsverkefni með Rannsóknamiðstöð ferðamála og Þekkingarnet Þingeyinga. Meginmarkmið rannsóknarinnar er tvíþætt: annars vegar að meta hvernig hægt er að vega bein efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga og hins vegar að meta óbein og afleidd efnahagsleg áhrif greinarinnar. Rannsóknin er unnin samhliða rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á þjóðhagslegum áhrifum ferðaþjónustu og verða niðurstöðurnar notaðar til samanburðar og staðfestingar á því hvað mögulegt er að heimfæra af þjóðhagslegum stærðum upp á einstök svæði.

Rannsóknasetrið á náið samstarf við Hvalasafnið á Húsavík. Á árinu unnu stofnanirnar m.a. að söfnun upplýsinga með greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsnemar og sjálfboðaliðar hafa tekið í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík og Reykjavík. Þá tók setrið þátt í Hvalaskólanum, árlegu fræðslustarfi safnsins, með því að leggja til efni og veita faglega ráðgjöf.

Rannsóknasetrið og Hvalasafnið héldu sumarið 2015 sameiginlega ráðstefnu um hvali þar sem kynntar voru rannsóknir í Skjálfandaflóa. Meðal frummælenda voru nokkrir útskrifaðir nemendur Marianne við Rannsóknasetrið, auk vísindamanna sem tóku þátt í hljóðupptökum í flóanum. Þetta er annað sumarið sem setrið og Hvalasafnið standa sameiginlega að slíkri ráðstefnu og var hún afar vel sótt. Árlegt sumarnámskeið um rannsóknir á sjávarspendýrum, Studying Marine Mammals in the Wild, var haldið á Húsavík í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild í júní. Tuttugu og tveir nemendur frá níu þjóðlöndum voru skráðir á námskeiðið. Þá var ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands haldinn á Húsavík 9. apríl og fór hann fram í Hvalasafninu.

## Starfsemi á Austurlandi á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

Einn starfsmaður starfaði á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Austurlandi á árinu. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur var ráðin til tveggja ára rannsóknaverkefnis undir yfirskriftinni Maður og náttúra og kom hún til starfa við starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Egilsstöðum 1. apríl. Fyrstu tvo mánuðina var Unnur í hálfu starfi hjá Stofnun rannsóknasetra og hálfu starfi í stöðu forstöðumanns Minjasafns Austurlands en í fullu starfi frá 1. júní.

Viðfangsefni Unnar er sess hreindýra í íslenskri náttúrusýn. Það felur í sér rannsókn á viðhorfum til hreindýranna síðan þau voru flutt til Íslands á seinni hluta 18. aldar og fram til ársins 2015 og helstu þáttum sem hafa haft áhrif í þessari tilteknu hlið á sambúð manns og náttúru hér á landi.

Rannsóknin á marghliða sögu sambúðar manna og hreindýra á Íslandi hófst af fullum krafti vorið 2015 og í árslok lá fyrir mikið heimildasafn og drög að rannsóknartexta sem nýttur verður á árinu 2016 við miðlun efnisins á fræðilegum vettvangi, í greinum og fyrirlestrum.

Unnur Birna hefur skrifstofu hjá Austurbrú, í húsakynnum að Tjarnarbraut 39A, í nánum tengslum við fjölbreytt starfs- og vísindasamfélag þar sem Náttúrustofa Austurlands og Umhverfisstofnun, auk fleiri stofnana, eru með starfsemi á sömu slóðum.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Fastir starfsmenn rannsóknasetursins voru Þorvarður Árnason forstöðumaður og Soffía Auður Birgisdóttir, sérfræðingur í menningarmálum. Johannes T. Welling, doktorsnemi í ferðamálafræði, var í hlutastarfi á vegum setursins. Auk ofangreindra störfuðu um tíu manns, flestir starfsmenn eða nemendur við Háskóla Íslands, að rannsóknum á landslagi og víðernum sem Þorvarður stýrði fyrir hönd Áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlunar).

Meginverkefni setursins eru rannsóknir á umhverfis- og menningarmálum en það sinnir einnig margvíslegum hagnýtum verkefnum, einkum á sviði ferðamála. Soffía Auður lauk við ítarlega rannsókn sína á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar með útgáfu bókarinnar Ég skapa – Þess vegna er ég. Johannes T. Welling hélt áfram doktorsrannsóknum sínum á tengslum loftslagsbreytinga og ferðaþjónustu, m.a. með styrk frá Vinum Vatnajökuls. Johannes og Þorvarður birtu tímaritsgrein um rannsóknirnar, auk þess að ganga frá bókarkafla í fræðilegu greinasafni. Starf Þorvarðar beindist að stærstum hluta að undirbúningi og umsjón með fjölda nýrra rannsókna á landslagi og víðernum fyrir rammaáætlun sem hófust um mitt sumar. Hann tók einnig þátt í undirbúningsrannsóknum vegna verkefnisins Líf og land á Breiðamerkursandi en það er þverfræðilegt verkefni um landnám lífvera og þróun vistkerfa og landslags á svæðum sem hafa komið undan Breiðamerkurjökli á síðustu 110–120 árum. Þorvarður hóf einnig vinnu á árinu við nýtt þriggja ára fjölþjóðlegt verkefni, Slow Adventure in Northern Territories (SAINT), sem miðar að rannsóknum, nýsköpun og markaðssetningu á yndis-ævintýraferðum, þ.e. ferðaþjónustu sem leitast við að tvinna saman upplifun af náttúru og menningu, samhliða fræðslu, með útiveru og hreyfingu í stórbrotnu umhverfi. Hann kynnti einnig yfirstandandi rannsóknir sínar á norðurljósum með tveimur fyrirlestrum á árinu. Soffía Auður og Þorvarður hófu á árinu undirbúning að nokkrum nýjum rannsóknaverkefnum. Verkefni Soffíu Auðar ber vinnutitilinn Hver var Guðrún Sveinbjarnardóttir? og er rannsókn á sviði kynjafræði. Þorvarður undirbjó umsókn í Tækniþróunarsjóð (hagnýt rannsóknaverkefni) vegna verkefnisins Efling ferðaþjónustu utan háannar á Íslandi og vann einnig að umsókn til Rannsóknasjóðs um áðurnefndar rannsóknir á Breiðamerkursandi.

Þorvarður og Soffía Auður leiðbeindu að vanda töluverðum fjölda rannsóknanema og luku þrír þeirra prófi á árinu: doktorsneminn Guðbjörg R. Jóhannesdóttir heimspekingur og meistaranemarnir Ingibjörg Sigurðardóttir bókmenntafræðingur og Guðrún S. Sigurðardóttir ferðamálafræðingur. Vettvangsnámskeiðið Management of Protected Areas var kennt níunda árið í röð í samstarfi við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands. Þorvarður tók einnig þátt í tíu daga þverfræðilegu doktorsnámskeiði sem haldið var á vegum Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies (NIES) og flutti þar tvo fyrirlestra. Rannsóknasetrið sá einnig um vettvangsnámskeiðið Kyngervi og loftslagsbreytingar fyrir Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) og tók á móti tveimur öðrum erlendum skólahópum. Þá tóku Soffía Auður og Þorvarður bæði þátt í umsjón verkefnavinnu á vísindadögum Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (FAS). Dagný Kristjánsdóttir og Erla Hulda Halldórsdóttir fluttu erindi í fyrirlestraröð Rannsóknastofu í jafnréttisfræðum, RIKK, Ömmur á faraldsfæti, í Nýheimum í september í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Soffía Auður var varamaður í háskólaráði Háskóla Íslands. Þorvarður var meðlimur í faghópi 1 (náttúru- og menningarminjar) í rammaáætlun. Hann sat í stjórn Þekkingarsetursins Nýheima og Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies og í skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Rannsóknasetrið tók þátt í skipulagningu Náttúrustofuþings 2015 sem haldið var á Höfn.

# Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi hefur aðsetur í Fjölheimum á Selfossi og í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Forstöðumaður setursins er Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. Böðvar Þórisson líffræðingur og verkefnisstjóri hóf störf haustið 2015. Þar með eru fastir starfsmenn setursins orðnir tveir sem er mikil lyftistöng fyrir setrið. Nýdoktorarnir José Alves, Veronica Mendez og Rebecca Laidlaw og doktorsnemarnir Lilja Jóhannesdóttir og Camilo Carneiro störfuðu við setrið á árinu en Camilo er einnig í námi við háskólann í Aveiro. Adam Wentworth, meistaranemi frá Nottingham Trent háskóla í Bretlandi, stundaði rannsóknir við setrið um sumarið. Forstöðumaður tók einnig þátt í að leiðbeina meistara- og doktorsnemum sem hafa aðalaðsetur annars staðar.

José Alves stundar fjölbreyttar rannsóknir á farfuglastofnum í öndvegisverkefni sem fjármagnað er af Rannís. Verkefnið snýst um að tengja landnotkun landbúnaðar við lýðfræði fuglastofna sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á, svo að hægt sé að stýra landnotkun í sem mestri sátt við umhverfið. Lilja Jóhannesdóttir doktorsnemi vinnur einnig að verkefninu en hún lauk vettvangsvinnu á árinu. Verkefni hennar felst í að greina mynstur við landnotkun bænda og búsvæðavali mófugla á landbúnaðarsvæðum og tengja þetta tvennt saman til að geta spáð fyrir um áhrif landbúnaðar á mófuglastofna. Veronica Mendez og Rebecca Laidlaw nýdoktorar stunda rannsóknir á stofnvistfræði tjalds og á afföllum hreiðra hjá íslenskum mófuglum. Tjaldur er bæði farfugl og staðfugl og með rannsóknum á honum er vonast til að hægt verði að skýra betur hvað ræður því að farflug hefur þróast hjá flestum norrænum fuglum. Lýðfræði fuglastofna ræðst að stórum hluta af afkomu hreiðra. Munur á afkomu hreiðra milli tegunda og búsvæða er lítt þekktur hérlendis en bættur skilningur á þeim mynstrum auðveldar spádóma um áhrif landbreytinga á fuglastofna. Rannsóknastyrkir fengust frá Rannís og Breska rannsóknaráðinu á árinu til að sinna þessum verkefnum. Adam Wentworth, meistaranemi frá Nottingham Trent háskóla í Bretlandi, vann að rannsóknum á lýðfræði hrossagauks í Gunnarsholti og lauk námi sínu um haustið.

Unnið hefur verið að því frá stofnun setursins 2009 að koma af stað langtímarannsóknum á lykilþáttum í landvistkerfum og samspili milli umhverfis og dýrastofna. Fléttað er saman rannsóknum á einstökum fuglastofnum þar sem fylgst er með merktum einstaklingum, vöktun á þéttleika og framleiðslu mófugla á stórum svæðum, mælingum á fæðuframboði og á tímasetningu farflugs og varps. Vistkerfarannsóknir af þessu tagi eru fágætar hérlendis en geta varpað ljósi á stjórnun stofna, byggingu fæðuvefja og áhrif landnotkunar og loftslagsbreytinga á náttúrufar þegar fram í sækir. Böðvar Þórisson heldur utan um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins og þess er vænst að fyrstu afurðir þess fari að líta dagsins ljós.

Ráðstefnur voru fyrirferðarmiklar á árinu. Forstöðumaður sat í undirbúningsnefndum fyrir árlega ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands sem haldin var í Stykkishólmi í mars og fyrir 13. alþjóðlegu orrafuglaráðstefnuna sem haldin var í Reykjavík í september. Þá höfðu starfsmenn setursins leiðandi hlutverk í að skipuleggja og halda ráðstefnu alþjóðlegra samtaka vaðfuglasérfræðinga (International Wader Study Group), sem haldin var á Reykjanesi í október. Ráðstefnan tókst afar vel og sóttu hana um 130 manns frá 22 þjóðlöndum.

Forstöðumaður situr í faghópi 1 fyrir rammaáætlun sem fundaði stíft á árinu og er einnig í stjórnum Vistfræðifélags Íslands og Kirkjubæjarstofu. Hann á einnig sæti í ritstjórnum tveggja fagtímarita og er fulltrúi Íslands í alþjóðafuglafræðiráðinu IOC.

# Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Forstöðumaður setursins er Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur. Óskar Sindri Gíslason var í 20% starfi fram á mitt árið samhliða doktorsnámi en í júní varði hann doktorsritgerð sína við Háskóla Íslands um landnám grjótkrabbans. Hermann Dreki Guls hóf störf við setrið 1. apríl í fullu starfi. Rannsóknasetrið deilir húsnæði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri

Suðurnesja, sem eru nánir samstarfsaðilar setursins. Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlífverur.

Helstu verkefni á árinu voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum þar sem m.a. uppruni og útbreiðsla grjótkrabbans er rannsökuð. Samhliða þessum rannsóknum var lögð áhersla á ný verkefni sem tengjast krabbadýrum þar sem meðal annars eru notaðir ýmsir líffræðilegir mælikvarðar í dýrunum í tengslum við mengun, s.s. ensímavirkni, DNA-skemmdir, frumubreytingar og öndun. Þessir mælikvarðar eru liður í þróun mengunarmiðstöðvar þar sem áhersla er lögð á eiturefnavistfræði á víðum grunni og er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Aldursgreining á kröbbum í samstarfi við Náttúrustofu Suðvesturlands og Hafrannsóknastofnun hófst á árinu. Hingað til hefur ekki verið talið gerlegt að aldursgreina krabbadýr með neinni vissu en með nýrri aðferð sem gengur út á að greina árhringi í magakvörnum og augnstilkum hefur slík aldursgreining reynst möguleg. Rannsóknir á evrópska humrinum, með áherslu á mögulegt eldi hér á landi, héldu áfram ásamt rannsóknum á heilsu fugla þar sem markmiðið er að meta heilbrigði þeirra með líffræðilegum mælikvörðum í tengslum við fuglaflensu, mengun og líkamsástand fuglanna. Verkefnið er unnið í samvinnu við Gunnar Þór Hallgrímsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, Náttúrustofu Suðvesturlands, Þekkingarsetur Suðurnesja og vísindamenn frá National Wildlife Health Center – US Geological Survey í Bandaríkjunum.

Haldið var áfram rannsóknum á lífríki fjara á Reykjanesi og verkefninu Sjálfvirk greining átusýna, sem styrkt var af AVS-sjóðnum og er unnið í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja og Hafrannsóknastofnun. Verkefnið Vaxtarrými Evrópuhumars við breytilegar eldisaðstæður var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnið við setrið.

Setrið tók við umsjón á Gavia, sjálfvirkum kafbáti í eigu Háskóla Íslands, og hefur Hermann Dreki verið þjálfaður í að nota hann og forrita. Kafbáturinn nýtist m.a. við rannsóknir á botndýrum (ljósmyndir og botnsjá), bæði í rannsóknaverkefnum setursins og í samstarfs- og þjónustuverkefnum.

Setrið tók þátt í viðamiklu þjónustuverkefni á árinu sem lýtur að rannsóknum á lífríki fjöru og sjávar vegna fyrirhugaðrar fráveitu HS Orku á affallsvökva í Arfadalsvík vestan Grindavíkur. Af smærri þjónustuverkefnum má nefna botnsýnatökur fyrir Faxaflóahafnir og ýmsar sýnatökur vegna plast- og skólpmengunar í Faxaflóa.

Sæmundur fróði RE, rannsóknabátur Háskóla Íslands, sökk í Reykjavíkurhöfn í miklu óveðri í desember. Halldór Pálmar hafði séð um bátinn frá því að háskólinn eignaðist hann fyrir 13 árum og var báturinn mikið nýttur til ýmissa rannsóknaverkefna, bæði á vegum setursins og annarra. Óvíst er með áframhaldandi rannsóknaverkefni af þessum sökum en vonir standa til að Háskóli Íslands eignist annan bát í nánustu framtíð.

# Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menningar- og viðskiptaráðherra. Hlutverk hennar er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem stofnuninni eru falin eða hún á.

# Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir

Meginhlutverk Stofnunar Sæmundar fróða er að stuðla að þverfræðilegum rannsóknum háskólakennara, sérfræðinga og framhaldsnema á sviði sjálfbærrar þróunar. Stofnunin eflir slíkar rannsóknir með samvinnu við deildir og aðrar stofnanir Háskóla Íslands og aðila utan hans, innanlands og utan. Stofnunin starfar í náinni samvinnu við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum og á fulltrúa á stjórnarfundum hennar.

## Almennt yfirlit og stjórn

Stofnun Sæmundar fróða heyrir undir öll fræðasvið Háskóla Íslands og tilnefna forsetar fræðasviða stjórnarmenn til þriggja ára í senn. Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs skipar stjórnina samkvæmt þessum tilnefningum og tilnefnir stjórnarmann Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar.

Stjórn Stofnunar Sæmundar fróða árið 2015 skipa:

- Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, sérfræðingur á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, formaður. Varamaður hennar er Birgir Hrafnkelsson, tölfræðingur og dósent við Raunvísindadeild.
- Gísli Pálsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild. Varamaður hans er Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við Lagadeild.
- Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarlögmaður. Varamaður hennar er Laura Scheving Thorsteinson, hjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu.
- Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki. Varamaður hans er Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið og Háskólann á Akureyri. Varamaður hans er Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið.

## Starfsmenn

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar árið 2015 var Guðrún Pétursdóttir. Í lok árs 2015 störfuðu þar sjö sérfræðingar og doktorsnemar, ásamt fimm meistaranemum.

## Rannsóknastyrkir

Styrkir til rannsókna á vegum Stofnunar Sæmundar fróða eru ýmist færðir til bókar hjá stofnuninni eða innan umhverfis- og auðlindafræða. Hér er aðeins gerð grein fyrir þeim styrkjum sem Stofnun Sæmundar fróða hefur beina umsjón með. Árið 2015 fékk stofnunin 1.050 þús.kr. styrk frá Skipulagsstofnun til rannsókna á hækkun sjávarborðs í þremur sveitarfélögum, 1.081 þús. kr. frá rannsóknasjóði EFTA til verkefnisins UrbanAdapt um áhrif loftslagsbreytinga í stórborgum, 8.420 þús.kr. frá Norrænu ráðherranefndinni til verkefnisins KONNECT, 2.856 þús.kr. frá NORA til rannsókna á nýju eldsneyti fyrir fiskiskip, 4.968 þús.kr. frá NordForsk til WelfAir, sem er öndvegissetur um loftgæði og heilsu, og 37.601 þús.kr. til öndvegissetursins NORDRESS, þar sem fjallað er um öryggi og viðnámsþrótt samfélaga gegn náttúruhamförum. Loks má telja styrk að upphæð 10.931 þús.kr. frá FP7-áætlun ESB til verkefnisis ENHANCE, sem deilt er með Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

## Rannsóknaverkefni

Árið 2015 vann Stofnun Sæmundar fróða að eftirtöldum rannsóknaverkefnum:

- NORDRESS
  Um mitt ár 2014 tilkynnti NordForsk að Stofnun Sæmundar fróða hefði verið veittur 5 ára styrkur til að standa fyrir norrænu öndvegissetri um öryggi samfélaga. Styrkurinn nemur 23 milljónum norskra króna, sem nam um 430 milljónum íslenskra króna um mitt ár 2014. Mikil vinna fór í að undirbúa formlega opnun verkefnisins, ganga frá innbyrðis samningum og skipuleggja alla verkþætti í þaula. Til verkefnisins voru ráðnar þær Harpa Dís Jónsdóttir verkefnisstjóri og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir fjármálastjóri en þær sitja báðar í verkefnisstjórn ásamt Guðrúnu Pétursdóttur og Guðrúnu Gísladóttur, prófessor í landfræði.

- ENHANCE
  FP7 verkefni til fjögurra ára, www.enhanceproject.eu sem fjallar um hvernig auka má skilvirkni viðbragðsaðila og hagsmunaðila við nátttúruhamförum. Þátttakendur eru 24 frá 11 löndum. Tíu tilfelli (case studies) eru rannsökuð, þ.á m. um viðbrögð við eldgosinu í Eyjafjallajökli 2010 og áhrif þess á flugsamgöngur í Evrópu. Þessum verkþætti er stýra Guðrún Pétursdóttir og Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor við umhverfis og byggingarverkfæðideild en rannsóknin er uppistaðan í doktorsverkefni Uta Reichardt sem hóf störf í mars 2014.

- Eldgos og heilsa
  Verkefnið er framhaldsrannsókn og var viðamikill þáttur í rannsóknum Stofnunar Sæmundar fróða árið 2015 og var unnið í samvinnu við Miðstöð í lýðheilsuvísindum. Fylgst er með áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu íbúa í nágrenni eldstöðvanna þremur árum eftir eldgosið og niðurstöðurnar bornar saman við fyrri rannsókn sem gerð var um 6 mánuðum eftir gosið árið 2010. Meistaranemarnir Heiðrún Hlöðversdóttir og Ólöf Sunna Gissurardóttir luku báðar námi sínu á árinu.

- KONNECT
  Norræna ráðherranefndin styður þetta verkefni, sem miðar að því að tengja listamenn og umhverfisfræðinga í þeim tilgangi að miðla með listum mikilvægum skilaboðum til almennings og ráðamanna um ástand og horfur í umhverfismálum. Í september 2015 var haldin fjögurra daga listasmiðja að Kolstöðum í Hvítársíðu, þar sem 20 nemendur við Listaháskóla Íslands og í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands unnu með átta kennurum. Listasmiðjan tókst með eindæmum vel og hlutu fjórir hópar nemenda styrk til að fylgja eftir hugmyndum sínum sem urðu til í listasmiðjunni. Stefnt er að því að verk nemenda frá öllum Norðurlöndum verði sýnd sameiginlega þegar verkefninu lýkur árið 2018.

- URBANADAPT
  Verkefnið er unnið í samvinnu Stofnunar Sæmundar fróða og Global Change Research Centre í Brno í Tékklandi og er tilgangurinn með því að kanna leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum hnattrænnar hlýnunar á borgarsamfélög. Íslenski verkþátturinn snýst um fjárhagslegan skaða sem vænta má í Reykjavík ef spár Intergovernmental Panel on Climate Change (IPCC) um hækkun sjávarborðs ganga eftir. Nancy Janeth Guarderas Hurtado vinnur að meistaraverkefni um þetta efni.

- SEAS
  Verkefnið fjallar um bætta umgengni um hafið og auðlindir þess og er unnið í samvinnu við Hafið – öndvegissetur. Sótt var um öndvegisstyrk í heimskautaáætlun NordForsk í samstarfi við fjölda stofnana á Norðurlöndum en hann fékkst því miður ekki. Hins vegar veitti Norræna Atlantssamstarfið (NORA) styrk til vestnorrænnar samvinnu um rannsóknir á umhverfisvænum valkostum eldsneytis fyrir fiskiskip. Unnið er að þeirri rannsókn í samvinnu við Fróðskaparsetrið í Færeyjum.

- WelfAir

WelfAir er nýtt norrænt öndvegissetur sem Stofnun Sæmundar fróða á aðild að. Markmiðið er að kanna hvort aðgangur að hreinu lofti er á einhvern hátt tengdur félagslegri stöðu fólks – t.d. hvort ákveðnir hópar búi frekar en aðrir á svæðum þar sem loftmengun er mikil, t.d. nálægt verksmiðjum eða hraðbrautum. Íslenski verkþátturinn snýst um viðbrögð við óvæntri loftmengun og er byggður á rannsóknum á hinni víðtæku gasmengun sem varð við gosið í Bárðarbungu 2014–2015. Þröstur Þorsteinsson stýrir íslenska verkþættinum, sem Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir vinnur einnig, að ásamt fleiri samstarfskonum við Háskóla Íslands.

- POST-DISASTER MANGEMENT
  Herdís Sigurjónsdóttir, sem vinnur á vegum Stofnunar Sæmundar fróða að doktorsverkefni sínu á viðbrögðum við náttúruhamförum, var í veikindaleyfi árið 2015.

- SOILTREC
  Verkefnið felst í mati á þjónustu vistkerfa jarðvegs og sjálfbærnivísum. Jón Örvar Geirsson Jónsson doktorsnemi vinnur verkefnið. Markmiðið með því er að setja upp ramma til að skilgreina og meta þjónustu vistkerfa jarðvegs í því skyni að gera mikilvægi jarðvegs sýnilegt og setja fram sjálfbærnivísa fyrir jarðveg.

- GEOVÍSAR
  Verkefnið felst í að setja fram sjálfbærnivísa fyrir notkun jarðvarma svo að hægt sé að setja fram markmið um sjálfbæra nýtingu jarðvarma og sjálfbærnivísa sem sýna hvort tiltekin verkefni uppfylla þessi markmið. Vísarnir og markmiðin þurfa að hafa alþjóðlega skírskotun og uppfylla skilyrði Bellagio-viðmiðananna. Ruth Shortall doktorsnemi lauk verkefninu og varði doktorsritgerð sína á árinu.

- NORD-STAR (Nordic Strategic Adaptation to Climate Change)
  Að verkefninu vinna Ehsan Shafiei, Reza Fazeli og Helga Ögmundardóttir nýdoktorar og Bryndis Woods doktorsnemi. Markmiðið með því er að þróa aðferðafræði og hagnýt tæki fyrir Norðurlönd, sem geta leitt til betur upplýstrar ákvarðanatöku um aðlögun að loftslagsbreytingum og mótvægisaðgerðir sem draga eiga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

## Viðburðir

Árið 2015 stóð Stofnun Sæmundar fróða fyrir eða tók þátt í eftirtöldum viðburðum:

- 6. janúar. Fyrirlestur um langtímaáhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu manna. Þing Heilbrigðisvísindasviðs.
- 28.–30. janúar. Upphafsfundur öndvegissetursins NORDRESS.
- 19. febrúar. Málþing um vistorku í samgöngum í samvinnu við Grænu orkuna, Hafið – öndvegissetur og Nordic Marina.
- 26. febrúar til 1. mars. EARTH 101 – Þingið Knowldege and Climate Change í samvinnu við Guðna Elísson prófessor.
- 6. mars. Veggspjald um langtímaafleiðingar á heilsufar eftir eldgosið í Eyjafjallajökli. Vísindaráðstefna Félags lýðheilsufræðinga.
- 8.–11. mars. Fundur í dómnefnd fyrir Nordic Best Practice Challenge. Stokkhólmi.
- 6.–8. maí. Vinnufundur rektora norrænna listaháskóla í verkefninu KONNECT í samstarfi við Listaháskóla Íslands.
- Maí. Málþingið Social Services in Times of Disaster í samstarfi við Nordic Welfare Watch.
- 8.–11. júní. Ársfundur verkefnisins ENHANCE.
- 19.–21. júlí. Vinnufundur í verkefninu ENHANCE með hagsmunaaðilum úr fluggeiranum. Reykjavík.
- 26.–28. ágúst. Vinnufundur um aðlögun að loftslagsbreytingum og þjónustu vistkerfa í samstarfi við Global Change Research Centre í Brno í Tékklandi.

• 16.–20. september. Listasmiðja verkefnisins KONNECT að Kolstöðum í Hvítársíðu.
• 8. október. Gestafyrirlestur Guðrúnar Pétursdóttur á 10 ára afmæli NordForsk. Osló.
• Október. Fundur Science of Disaster Management – fyrirlesarar: Robin Grimes og Magnús Tumi Guðmundsson. Norræna húsið.

# Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

## Almennt yfirlit, stjórn og starfsmenn

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er eini vettvangurinn í landinu þar sem stundaðar eru rannsóknir á dýrasjúkdómum á mörgum fræðasviðum. Stofnunin tengist Læknadeild Háskóla Íslands og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Í stjórn Tilraunastöðvarinnar voru á árinu: Þórarinn Guðjónsson prófessor, formaður, Zophonías Oddur Jónsson prófessor, Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir, Ólöf G. Sigurðardóttir dýralæknir og Stefanía Þorgeirsdóttir frumulíffræðingur. Forstöðumaður var Sigurður Ingvarsson prófessor og framkvæmdastjóri var Helgi S. Helgason viðskiptafræðingur. Starfseminni er skipt í þrjár fagdeildir: 1) Veiru- og sameindalíffræðideild, yfirmaður hennar var Valgerður Andrésdóttir; 2) Bakteríu- og sníkjudýradeild, yfirmaður hennar var Vala Friðriksdóttir; og 3) Rannsóknadeild fisksjúkdóma, yfirmaður hennar var Árni Kristmundsson. Alls inntu 50 manns um 42 ársverk af hendi á starfsárinu. Fimm starfsmenn unnu við stjórnsýslu, á skrifstofu og við afgreiðslu. Sérfræðingar voru alls 15 og þeim til aðstoðar tveir tugir háskólamenntaðs, sérmenntaðs og ófaglærðs starfsfólks. Sigurður Helgason, sérfræðingur í fisksjúkdómum, og Steinunn Árnadóttir lífeindafræðingur létu af störfum við Tilraunastöðina vegna aldurs. Jóna Aðalheiður Aðólfsdóttir lífeindafræðingur og Hrafnhildur Steinarsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu, létu einnig af störfum. Ásthildur Erlingsdóttir líffræðingur, Katrín Þóra Guðmundsdóttir líffræðingur og Reynir Baldursson, verkefnastjóri á skrifstofu, voru ráðin til starfa.

## Rannsóknir

Tilraunastöðin er rótgróin og framsækin háskólastofnun með margvíslega starfsemi og starfar fyrst og fremst sem rannsóknastofa. Rannsakaðir eru sjúkdómar í flestum spendýrategundum Íslands og allmörgum fugla- og fisktegundum. Tilgangur rannsóknanna er að efla skilning á eðli sjúkdóma og skapa nýja þekkingu. Heilbrigð dýr eru forsenda arðvænlegs landbúnaðar og fiskeldis. Einnig er mikilvægi heilbrigðra dýra sem bera ekki sjúkdóma í menn hvati að hagnýtingu rannsóknanna. Mikilvægt er að stofnunin geti brugðist sem skjótast við nýjum og aðkallandi vandamálum á sviði sjúkdómagreininga. Áherslan innan fræðasviða beinist að fjölbreyttu vísindastarfi og þjónustu og að hún haldist í hendur við atvinnulífið og þá vaxtarbrodda sem þar er að finna. Helstu fræðasviðin eru príonfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði og sameindalíffræði. Efniviður rannsóknanna er sérstaklega mikilvægur vegna þess hve staða dýrasjúkdóma er sérstök hér á landi, en vegna einangrunar landsins hefur ónæmiskerfi dýra á Íslandi ekki verið útsett fyrir ýmsum smitefnum og mismunandi stofnum þeirra í sama mæli og víðast erlendis. Á Íslandi eru því vel skilgreindir dýrastofnar sem hafa annað næmi fyrir ýmsum sjúkdómum en gengur og gerist í heiminum. Rannsóknir á slíkum efnivið gefa Tilraunastöðinni sérstöðu.

Tilraunastöðin á í víðtæku samstarfi við erlendar alþjóðlegar stofnanir og háskóla. Innanlands eru ákveðin verkefni unnin í samstarfi við stofnanir og háskóla og aðstaða og tæki eru samnýtt. Einnig á stöðin samstarf við stjórnsýslustofnanir innanlands, s.s. MAST. Samhliða þessu er fjölbreytt og gefandi samstarf við atvinnulífið og má þar nefna landbúnað, fiskeldi, matvælaframleiðslu og líftækniiðnað.

Vegna rannsóknaumhverfisins á Keldum er mjög hentugt að skilgreina þar ramma um rannsóknanám á ýmsum stigum, allt upp í doktorsnám, og þetta starf hefur verið að byggjast upp. Nemendur í rannsóknaverkefnum fá því gjarna aðstöðu á Keldum og handleiðslu við verkefni sín. Fjórtán líffræði-, dýralækna-, lífeindafræði- og lífefnafræðinemar unnu að rannsóknaverkefnum sínum á Keldum á árinu. Fjórir þeirra voru í doktorsnámi og sex í meistaranámi.

Rannsóknaverkefni á árinu voru m.a. á sviði ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, sníkjudýra- og bakteríufræði, sem og veiru- og bakteríurannsóknir í sauðfé og hestum, riða og skyldir sjúkdómar og sumarexem í hestum. Allmargir áfangar í rannsóknaniðurstöðum náðust og voru þeir kynntir á fjölmörgum ráðstefnum hérlendis og erlendis. Í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum birtust m.a. niðurstöður rannsókna í bakteríu-, sníkjudýra- og ónæmisfræðum. Þar af voru birtar 14 greinar í ISI-tímaritum, sem er undir meðaltali sl. ára.

Tilraunastöðin hefur þjónustuskyldur varðandi greiningar á dýrasjúkdómum, en greiningarnar eru unnar í nánum tengslum við rannsóknirnar til að samlegðaráhrif verði sem mest. Starfið á Keldum er gott dæmi um hvernig tengsl atvinnulífs og vísindastarfs geta verið. Þetta er einkar mikilvægt í okkar litla landi þar sem rannsóknavinnan sem fram fer á Keldum nýtist þörfum atvinnulífs til vísindarannsókna og sú vinna skilar áfram nýrri þekkingu og greiningaraðferðum út í atvinnulífið.

Tilraunastöðin starfar sem innlend tilvísunarrannsóknastofa á nokkrum sviðum. Á stofnuninni er unnið eftir gæðakerfi og hefur hún faggildingu á völdum prófunaraðferðum samkvæmt alþjóðlegum faggildingarstaðli. Áfram er unnið að faggildingu allra helstu greiningaraðferða Tilraunastöðvarinnar.

Framleidd voru bóluefni og mótefnablóðvökvar gegn bakteríusjúkdómum í sauðfé. Safnað var blóði úr hrossum, kindum og naggrísum til að nota á rannsóknastofum. Smádýr voru notuð við tilraunir, bæði fyrir Tilraunastöðina og aðrar rannsóknastofnanir.

## Kynningarstarfsemi

Tilraunastöðin miðlar þekkingu og upplýsingum til alþjóðlega vísindasamfélagsins, sem og innanlands í þeim tilgangi að styrkja innlent atvinnulíf.

Tilraunastöðin tók þátt í útgáfu tímaritsins Icelandic Agricultural Sciences, birtar voru greinar í vísindatímaritum og ársskýrslu var dreift víða. Fræðslufundir voru haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega. Þeir voru öllum opnir og kynntir víða, m.a. öllum háskólaborgurum og dýralæknum. Störf stofnunarinnar voru kynnt víða erlendis og innanlands á ráðstefnum og fundum.

Tíu af sérfræðingum Keldna eru meðlimir í Lífvísindasetri (Biomedical Center, BMC). Lífvísindasetur er samvinnuflétta rannsóknarhópa sem vinna að sameindalífvísindum við Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahús og Háskólann í Reykjavík. Samvinnan felst aðallega í að miðla sérþekkingu og aðferðafræði, samnýta tæki, halda sameiginlegar ráðstefnur og fundi og útvega erlenda gestafyrirlesara.

Ítarlegar upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.keldur.is.

## Annað

Framlög á fjárlögum til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum voru um 239 m.kr., sértekjur um 191 m.kr. og styrkir um 55 m.kr. Auk erlendra styrkja vegna samstarfsverkefna fengust styrkir fyrir ýmis önnur verkefni frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, AVS-rannsóknasjóði í sjávarútvegi, Framleiðnisjóði landbúnaðarins og fleiri styrkveitendum. Sértekjur fengust fyrir útselda sérfræðivinnu, m.a. vegna sjúkdómagreininga. Þrátt fyrir fjárhagslegar

hremmingar eru enn þá öflugir innviðir að Keldum sem hlúa þarf að. Mörg verkefni ganga vel en að ýmsu er að huga í framtíðinni. Mörgum áleitnum rannsóknaspurningum er ósvarað.



# Þjónustustofnanir

## Endurmenntun Háskóla Íslands

### Almennt

Hlutverk Endurmenntunar Háskóla Íslands er að efla hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi með öflugri nýsköpun í námsframboði og þjónustu.

### Stjórn og starfsfólk

Stjórn Endurmenntunar er skipuð fulltrúum allra fræðasviða HÍ auk fulltrúa rektors. Í henni sitja:

-Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Formaður stjórnar, tilnefnd af rektor
-Bjarni Bessason, prófessor á verkfræði- og náttúruvísindasviði
-Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor á félagsvísindasviði
-Janus Guðlaugsson, lektor á menntavísindasviði
-Oddný Sverrisdóttir, prófessor á hugvísindasviði
-Vilborg Lofts, rekstrarstjóri á heilbrigðisvísindasviði

### Starfsfólk

Þrettán starfsmenn voru í fullum stöðugildum í árslok.

-Elín Júlíana Sveinsdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi
-Erna G. Agnarsdóttir, námsstjóri og aðstoðarendurmenntunarstjóri
-Hafdís Ósk Kolbeinsdóttir, fjármálastjóri
-Helga Sólveig Ormsdóttir, gjaldkeri og verkefnastjóri
-Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri
-Íris Dröfn Magnúsdóttir, verkefnastjóri
-Jóhanna Rútsdóttir, þróunarstjóri styttri námskeiða
-Kristín Jónsdóttir Njarðvík, endurmenntunarstjóri
-Magnea Guðmundsdóttir, þjónustustjóri
-Hugrún Geirsdóttir, verkefnastjóri
-Sólveig Stefánsdóttir, þjónustufulltrúi
-Thelma Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri

Ungir háskólanemar störfuðu sem verktakar í þjónustu á kvöldin og á laugardögum. Starfsmannakannanir eru framkvæmdar árlega. Niðurstöður ársins 2015 voru betri en árið á undan og mældist ánægja í starfi 4,40 af 5 mögulegum.

### Starfsemi

- Rekstrarhagnaður hefur ekki verið meiri um langt árabil.
- Forystuhlutverk Endurmenntunar var enn á ný staðfest í könnun Félagsvísindastofnunar HÍ.

- Rúmlega þrefalt fleiri sækja námskeið Endurmenntunar en hjá öðrum sambærilegum fræðsluaðilum.
- Skv. könnun meðal viðskiptavina Endurmenntunar voru 97,4% ánægðir með námskeiðin,96,2% ánægðir með gæði námskeiða auk þess mæla 91,5% með námskeiðum okkar við aðra.
- Stefnumarkandi viðfangsefni voru endurskoðuð í upphafi árs.
- Sérhæfður starfsmaður, viðskiptastjóri, var ráðinn í sölu námskeiða og námsbrauta.
- Nýtt skipulag var innleitt sem veitti mun meira svigrúm í þróun styttri námskeiða.
- Sérstakur bæklingur var gefinn út um námskeið með erlendum sérfræðingum.
- Átak var gert í fjölgun einstaklinga á póstlista. Fjölgunin var um 20%.
- Gerð voru kynningarmyndbönd fyrir valdar námsbrautir.
- Umfangsmikil vinna við nýjan vef hófst á árinu 2015. Nýr vefur verður skalanlegur.
- Nemendur námsbrauta fengu aðgang að námslánum hjá Framtíðinni námslánasjóði.
- Nýtt símkerfi var tekið í notkun á árinu.

## Rekstur

Skv. rekstrarreikningi var tekjuaukning frá árinu 2014 23% eða úr kr. 318.817.000 í kr. 392.477.000. Heildarútgjöld hækkuðu um 17%, úr kr. 302.919.000 í kr. 355.270.000. Tekjuafgangur er því kr. 37.207.000 en á árinu 2014 var tekjuafgangur kr. 15.898.000. Reksturinn hefur smám saman verið að þróast í rétta átt eftir hrun.

**Námskeið**
Tekjur vegna styttri námskeiða jukust um 22,9 milljónir króna, úr kr. 141.881.000 í kr. 164.763.000. Aukningin nemur 16%. Haustmisserið skilaði 15% meiri tekjum en vormisserið. Fjöldi þátttakenda á styttri námskeiðum var 6466 en árið 2014 var fjöldinn 6510. Þessi fjöldi hefur verið nokkuð stöðugur en dreifist nú á færri námskeið en fjöldi námskeiða á árinu var 372 en 412 árið 2014. Námskeiðum sem voru felld fækkaði hlutfallslega milli ára. Helstu breytingar sem varða styttri námskeiðin voru tekjur vegna námskeiða með erlendum sérfræðingum sem jukust um 92% eða úr 17,7 milljónum í 33,9 milljónir króna. Þau námskeið dreifðust á nokkur fagsvið en mestu munar um tekjur á sviði stjórnunar og starfstengdrar hæfni.

**Námsbrautir**

- Tekjur vegna námsbrauta jukust um 56%, úr kr. 114.570.000 í kr. 178.938.000 eða um 64,4 milljónir króna. Þar af voru 42,8 milljónir króna bókaðar vegna námsbrauta sem hófust á árunum 2013 og 2014. Til samanburðar bókuðust 18,4 milljóna króna tekjur vegna eldri námsbrauta inn á árið 2014.
- Fjöldi námsbrauta sem hófust á árinu var sá sami og árið áður en nemendum fjölgaði um 22%.
- Tekjur sem bókast inn á árin 2016 og 2017 vegna námsbrauta eru nú kr. 57.616.000.

**Eininganámskeið**
Tekjur vegna eininganámskeiða á vegum deilda HÍ lækkuðu um 36% frá árinu 2014. Fóru úr kr.11.720.000 í kr. 7.472.000.

**Sérlausnir**
Tekjur vegna sérlausna til fyrirtækja og stofnana lækkuðu úr kr. 25.719.000 árið 2014 í kr. 15.289.000 eða um 41%. Tekjurnar 2015 voru þó hærri en árið 2013 en árið 2014 var óvenju drjúgt. Mestu munar um námsbrautir á vegum Starfsmenntar.

**Umsjónarnám**
Tekjur vegna umsjónarnáms voru heldur lægri en árið á undan, fóru úr kr. 9.063.000 í kr. 7.711.000.

**Framhaldsskólakennarar**
Tekjur vegna námskeiða fyrir framhaldsskólakennara hækkuðu úr kr. 8.311.000 í kr. 15.143.000 eða um 82%. Útgjöld vegna þessa liðar hækkuðu í sama hlutfalli.

**Útgjöld**
- Heildarútgjöld ársins hækkuðu um kr. 52.351.000, eða um 17%. Mesta breytingin frá fyrra ári var liðurinn „viðskipti við HÍ...“ en hann hækkaði úr kr. 20.944.000 í kr. 34.894.000. Meginskýringin er sú að útgjöld til deilda HÍ vegna eininganámskeiða sem hefðu átt að bókast á árið 2014 fóru inn á árið 2015.
- Launakostnaður starfsfólks og kennara hækkaði um 13% og skýrist að mestu af hækkunum á kjarasamningum.
- Almennur rekstrarkostnaður hækkaði um 8%. Hann er þó enn lægri en árið 2013.

# Happdrætti Háskóla Íslands

## Almennt
Happdrætti Háskóla Ísland var stofnað með lögum árið 1933. Starfsemin hófst í byrjun janúar 1934 og fyrsti útdráttur fór fram 10. mars það ár. Tilgangur happdrættisins er að afla fjár til húsbygginga háskólans, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. Háskóli Íslands var fyrst til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll en fjölgun nemenda leiddi til að þröng varð á þingi. Á árinu 1932 voru samþykkt lög sem heimiluðu að reist yrði háskólabygging. Heimildin var reyndar háð þeim fyrirvara að fé fengist til framkvæmdanna á fjárlögum. Það gekk ekki eftir enda heimskreppan í algleymingi. Þá var unnið að því að Háskóli Íslands fengi að nýta happdrættisleyfi sem stofnað var til með lögum árið 1926. Hin glæsilega háskólabygging, Aðalbygging háskólans, var tekin í notkun árið 1940. Síðan þá hafa yfir 20 háskólabyggingar verið fjármagnaðar með happdrættisfé.

## Starfsfólk, stjórn og húsnæði
Háskólaráð kýs stjórn Happdrætti Háskóla Íslands. Stjórnin var óbreytt frá árinu 2014 en hana skipuðu Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, stjórnarformaður, Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, og Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri.

Forstjóri happdrættisins var Bryndís Hrafnkelsdóttir og hóf hún störf í ágúst 2010. Tekjusvið happdrættisins eru þrjú og er rekstrarstjóri yfir hverju tekjusviði. Úlfar Gauti Haraldsson tók á árinu við stöðu rekstrarstjóra flokkahappdrættis af Hans Júlíusi Þórðarsyni. Rekstrarstjórinn gegnir einnig stöðu verkefnastjóra ábyrgrar spilunar. Róbert Sverrisson var rekstrarstjóri Gullnámu og Steinunn

Björnsdóttir var rekstrarstjóri Happaþrennu. Alma Jónsdóttir var fjármálastjóri og yfirmaður stoðdeilda. Stöðugildi í árslok 2015 voru 21.

Höfuðstöðvar Happdrættis Háskóla Íslands eru á Tjarnargötu 4 í Reykjavík en utan þeirra starfar fjöldi umboðsmanna víðs vegar um landið. Húseignin að Tjarnargötu 4 hefur verið í eigu happdrættisins frá árinu 2007. Húsið var að mestu tekið í gegn á árunum 2012 til 2013. Starfsemi happdrættisins er á fyrstu og annarri hæð en efri hæðir hússins er leigðar út og eru nú fimm traustir leigjendur í húsinu. Lóðin að Tjarnargötu 8 er einnig í eigu happdrættisins, svo og Bíldshöfði 16, þar sem viðgerðarverkstæði happdrættisins er til húsa.

## Rekstrarafkoma og greiðslur til Háskóla Íslands

Rekstur ársins var í heild með ágætum. Velta jókst í öllum deildum og jukust hreinar happdrættistekjur um 6,7% og hagnaður fyrir fjármagnslíði um 14,4%. Í fyrsta sinn frá árinu 2008 var batnaði afkoma Gullnámunnar en fram að þeim tíma var uppsafnaður samdráttur orðinn 21%. Miðagildi í flokkahappdrættinu hafa hægt og bítandi verið að aukast og taka að jafnaði um 42.000 Íslendingar þátt í happdrættinu á hverjum tíma. Markaðsherferðinni með auglýsingum með Ilmi Kristjánsdóttur leikkonu í aðalhlutverki var haldið áfram og var áhersla í þeim lögð á „Stóra daginn“ og „Milljónaveltuna“.

Happdrættið hefur barist ötullega fyrir því síðustu ár að fá að bjóða upp á íslenskt peningaspil á Netinu, með leikjum sambærilegum þeim sem eru í Gullnámunni og skafmiðunum í Happaþrennunni en ekki haft erindi sem erfiði hjá stjórnvöldum. Niðurstöður eru ekki í sjónmáli og því er alls óvíst hvort og hvenær af slíkjum leikum verður.

Lögum samkvæmt skal hagnaði happdrættisins, að frádregnu leyfisgjaldi, sem greitt er til ríkisins, nánar tiltekið til Rannís, allt að 150 m.kr., varið til uppbyggingar Háskóla Íslands. Hagnaðurinn, að frádregnu leyfisgjaldi, rennur til nýbygginga, viðhalds fasteigna og lóða og til tækjakaupa. Á árinu 2015 voru greiddar 730 m.kr. til Háskóla Íslands.

## Afraksturinn

Allar byggingar háskólans hafa nær eingöngu verið kostaðar af happdrættisfé. Þær eru eftirfarandi og er tilgreint það ár sem þær voru teknar í notkun:

Atvinnudeildarhús (Jarðfræðahús) 1937
Aðalbygging Háskóla Íslands 1940
Íþróttahús Háskóla Íslands 1948
Háskólabíó 1961
Aragata 9 (keypt) 1963
Árnagarður 1969
Lögberg 1972
VR-I 1972
Aragata 14 (keypt) 1973
VR-II 1975
Læknagarður 2.–3. hæð, Tannlæknadeild 1983
Oddi (fyrri hluti) 1985
VR-III 1987
Læknagarður 4.–5. hæð, Læknadeild 1988
Tæknigarður 1988
Háskólabíó (stækkun, viðbótarsalir) 1990
Oddi (síðari hluti) 1990

Hagi við Hofsvallagötu (keyptur) 1991
VR-III (verkstæði) 1992
Nýi-Garður (keyptur) 1996
Askja (Náttúrufræðahús) 2003
Háskólatorg 2007

Auk þess sem ofangreind hús hafa að nær öllu leyti verið reist fyrir happdrættisfé hefur happdrættið einnig kostað viðhald þeirra og háskólalóðarinnar. Þá hefur happdrættisfé verið notað til kaupa á rannsóknatækjum og nemur sú upphæð hundruðum milljóna króna.

### Lagalegt umhverfi

Samkvæmt lögum er óheimilt að reka happdrætti hér á landi nema með leyfi innanríkisráðherra. Tilgangurinn með ákvæðinu er að hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning og að halda uppi allsherjarreglu (e. public order). Í Evrópu hafa orðið málaferli m.a. vegna þess að ýmis einkafyrirtæki á happdrættismarkaði vilja ekki láta sér nægja heimamarkað sinn heldur vilja þau einnig geta starfað á erlendum mörkuðum. Íslenski happdrættismarkaðurinn hefur orðið fyrir barðinu á ásókn erlendra einkafyrirtækja. Þar er einkum um að ræða fyrirtæki sem bjóða þjónustu sína á vefnum. Hinn 4. maí 2007 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra fastanefnd á sviði happdrættismála. Nefndin er nú skipuð fulltrúum happdrættanna og innanríkisráðuneytisins. Stjórnarformaður Happdrættis Háskóla Íslands, Eyvindur G. Gunnarsson, er formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með Evrópurétti á sviði happdrættismála, gera tillögur til innanríkisráðherra um framkvæmd vísindarannsókna um spilafíkn og ólögleg fjárhættuspil og gera tillögur um réttarbætur á sviði happdrættismála. Í því sambandi má nefna að tvær lagabreytingar sem máli skipta fyrir happdrætti hafa orðið að lögum. Annars vegar er það lagabreyting árið 2010 sem bannar auglýsingar happdrætta sem eru rekin erlendis og hafa ekki leyfi samkvæmt íslenskum lögum um happdrætti. Hins vegar hefur fjölmiðlanefnd nú stjórnsýslueftirlit með auglýsingum á happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem áður var í höndum lögreglu, samkvæmt fjölmiðlalögum sem tóku gildi árið 2011.

### Eftirlit

Eftirlit með útdrætti og vinningum í Happdrætti Háskóla Íslands er í höndum sérstaks happdrættisráðs sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipar. Í því áttu sæti árið 2015 Rósa Dögg Flosadóttir lögfræðingur, formaður ráðsins, Teitur Skúlason lögfræðingur og Þorleifur Pálsson, fyrrverandi sýslumaður. Eftirlit með happdrættisvélum er hjá sýslumannsembættinu á Hvolsvelli en eftirlitið var flutt þangað frá innanríkisráðuneytinu árið 2007. Ársreikningar happdrættisins eru endurskoðaðir í umboði Ríkisendurskoðunar og birtast þeir í ríkisreikningi.

## Háskólaútgáfan

### Stjórn og starfsfólk

Stjórn útgáfunnar var þannig skipuð 2015: Guðmundur Hálfdánarson, formaður, Björg Thorarensen ritari og Jenný Bára Jensdóttir meðstjórnandi.

Starfslið útgáfunnar var þannig skipað: Sigríður Harðardóttir ritstjóri, Styrmir Goðason skrifstofustjóri, Egill Arnarson ritstjóri og Jörundur Guðmundsson forstöðumaður.

## Útgáfustarf

Ritstjórn og ritrýning handrita eykst með hverju ári og afköst umtalsvert jafnframt í þeim efnum. Kappkostað hefur verið að stytta forvinnslutíma svo sem unnt er og hefur þónokkuð áunnist þar. Útgefnir nýir titlar voru tæplega fimmtíu talsins auk endurprentana og bóka sem teknar voru í dreifingu fyrir ýmsa aðila.

## Viðurkenningar

Eftirfarandi rit hlutu viðurkenningar á árinu:

Bókin Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu eftir Guðnýju Hallgrímsdóttur var tilnefnd til Fjöruverðlaunanna fyrir árið 2014 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis og þau hlaut hún. Til Fjöruverðlaunanna var einnig tilnefnt annað útgáfurit Háskólaútgáfunnar:

- Jarþrúður Þórhallsdóttir. Önnur skynjun – ólík veröld.

Tilnefning til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræða og rita almenns efnis

Bókabörn: Íslenskar barnabókmenntir verða til

Höfundur: Dagný Kristjánsdóttir

Tilnefning til Þýðingarverðlauna

Rangan og Réttan – Brúðkaup – Sumar

Höfundur: Albert Camus - Þýðandi: Ásdís R. Magnúsdóttir

Tilnefning til Fjöruverðlauna í flokki fræðibóka og almenns efnis

Rof – Frásagnir kvenna af fóstureyðingum

Höfundar: Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir

Heiður og huggun: Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld

Höfundur: Þórunn Sigurðardóttir

Aðrar helstu bækur ársins:

Almanak HÍ 2015 Almanakssjóður

Almanak hins íslenska þjóðvinafélags 2015

Lifandi þekking - Páll Skúlason

Veftímarit 2014. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

Hugur 26 - Félag áhugamanna um heimspeki.

TUM 2014 Félag um menntarannsóknir

Manuscripts from the Arnamagnæan Collection - SÁM

Kyrrlátur heimur - Sigurður G. Magnússon

Saga Breiðafjarðar I. Sagnfræðistofnun

Sterbúsins fémunir framtöldust þessir. Sýnisbækur íslenskrar alþýðumenningar

Pælingar III, Páll Skúlason

Handbók í lyflæknisfræði. Runólfur Pálsson & Ari Jóhannesson

Skrifaðu bæði skýrt og rétt. Höskuldur Þráinsson

Frú ráðherra. Edda Jónsdóttir/Sigrún Stefánsdóttir/UNAK

Ritið 1/2015. Hugvísindastofnun

Sagnalíf - SÁM

Starfstengd leiðsögn. Ragnhildur Bjarnadóttir

Intimacy of Words. SVF

Líðan framhaldsskólanema. Sigrún Harðardóttir

Af lífi - Andri Steinþór Björnsson

Gullfoss - SVF og Sagnfræðistofnun

Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og

Rof-Frásagnir kvenna af fóstureyðingum - Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir

Rabbað um veðrið. Heimspekistofnun

Menningararfur - Valdimar Hafstein

Ritið 2 2015 - Ábm.:Hugvísindastofnun

Evrópubókin - Alþjóðamálastofnun

Tvær eyjar á jaðrinum. Sumarliði Ísleifsson

hug/raun - Ábm.:Bókmenntafræðistofnun

Merking og tilgangur - Auður Birgisdóttir

Eyrbyggja - Bókmennta- og listfræðastofnun.

Andvari 2015 - Hið íslenska þjóðvinafélag.

Dagbók 2016 - Sigríður Þorgeirsdóttir

Tilbrigði í íslenskri setningagerð - Málvísindastofnun

Gripla 26. Stofnun Árna Magnússonar

Ritið 3 2015 - Hugvísindasvið

The Icelandic Fisheries - Hannes Hólmsteinn Gissurarson/RNH

# Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er sjálfstæð háskólastofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samkvæmt lögum hefur safnið margþætt hlutverk en það er þjóðbókasafn, bókasafn Háskóla Íslands, rannsóknabókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Það sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu, atvinnulífs og lista- og menningarmála. Landsbókavörður er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Í samstarfsnefnd eru Halldór Jónsson og Jenný Bára Jensdóttir frá Háskóla Íslands og Áslaug Agnarsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir frá safninu. Velta safnsins árið 2015 var um 1.102 m.kr. og ársverk í árslok 70,16. Hér verður einkum fjallað um helstu samstarfsfleti háskólans og safnsins en nánari upplýsingar um starfsemina er að finna í ársskýrslu á vefnum www.landsbokasafn.is.

## Háskólabókasafn

### Aðstaða

Sem bókasafn Háskóla Íslands sinnir safnið þörfum kennslu og rannsóknastarfsemi skólans með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun. Í safninu eru um milljón einingar en auk þess er veittur aðgangur að fjölbreyttu stafrænu efni. Þar er lesaðstaða, um 40 notendatölvur, þráðlaust net og háskólanetið, lesherbergi fyrir einstaklinga, hópvinnuherbergi og hægt er að leigja geymsluskápa. Auk þess er aðstaða fyrir prentun, ljósritun og skönnun.

### Gagnakaup

Lög um skylduskil til safna eiga að tryggja að safnið fái allt útgefið íslenskt efni að frátöldu útvarps- og sjónvarpsefni. Aðföng vegna Háskóla Íslands felast einkum í innkaupum á erlendu fræðiefni. Kennarar ákveða innkaup, sem miðast við það fé sem fræðasvið og deildir skólans setja í gagnakaup. Árið 2015 var keypt prentað efni og diskar fyrir 20,8 m.kr. og aðgangur að stafrænum séráskriftum fyrir 31,5 m.kr. Þá var miðlægt framlag vegna hvar.is – Landsaðgangs að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum 39,1 m.kr. Þar fyrir utan er nokkuð keypt fyrir háskólann af því ritakaupafé sem safnið fær á fjárlögum.

### Stafræn gögn

Safnið leggur áherslu á að auka aðgang að stafrænum gagnasöfnum, bókum og tímaritum. Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, hvar.is, hefur verið verkefni safnsins frá 2011. Fimm manna stjórnarnefnd starfar við hlið landsbókavarðar og hlutverk hennar er m.a. stefnumótun og ákvarðanir um samninga og greiðsluskiptingu en bókasöfn, stofnanir og einkaaðilar greiða fyrir aðganginn. Fulltrúi háskólans í stjórnarnefndinni er Baldvin Zarioh og varamaður Jenný Bára Jensdóttir. Í gegnum hvar.is er nú hægt að nálgast 15 gagnasöfn og þar af einn rafbókapakka og heildartexta um 20.000 tímarita, auk útdrátta úr greinum 10.000 tímarita. Tekist hefur að halda efni í

landsaðgangi að mestu óbreyttu undanfarin ár. Heildarkostnaður á árinu var 248,4 m.kr. Framlag ríkisins var tæplega 125 m.kr. en Háskóli Íslands er langstærsti einstaki greiðandinn.

Með séráskriftum háskólans, sem eru aðgengilegar á háskólanetinu, bætast við um 2.800 rafræn tímarit og önnur útgáfurit, auk 28 gagnasafna, s.s. ASCE, Encyclopaedia of Perception, Palgrave Dictionary of Economics, Women and Social Movements og Communication and Mass Media Complete.

**Skemman.is**
Safnið sér um rekstur Skemmunnar sem er geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanema og rannsóknarit háskólakennara. Skemman er samstarfsverkefni allra háskólanna. Háskólaráð Háskóla Íslands samþykkti árið 2008 rafræn skil og varðveislu lokaritgerða nemenda. Um áramót voru um 24.000 verk frá Háskóla Íslands aðgengileg í Skemmunni en lögð er áhersla á að aðgangur að þeim sé öllum opinn. Um er að ræða lokaritgerðir nemenda og skýrslur, ritraðir, ráðstefnurit og greinar frá kennurum og starfsmönnum skólans.

**Áttavitinn – Fræðigreinin þín**
Ný þjónusta á vefnum landsbokasafn.is er Áttavitinn, sem vísar á hjálpargögn við heimildaleit, tengla við gagnasöfn og margvíslegt fræðsluefni fyrir ýmsar fræðigreinar og efnisflokka. Í árslok 2015 voru 39 leiðarvísar aðgengilegir.

**Upplýsingaþjónusta**
Veitt er almenn upplýsingaþjónusta og boðið upp á heimildaleitir. Almennar fyrirspurnir má senda upplýsingaþjónustu með tölvupósti á upplys@landsbokasafn.is og markmið safnsins er að svara fyrirspurnum innan sólarhrings á virkum dögum. Þá er aðstoðað við millisafnalán og greinaþjónustu.

**Safnkynningar**
Nemendum og kennurum er boðið upp á safnkennslu og á árinu kom 91 hópur í safnið í formlega kynningu eða um 2.900 manns. Þar fyrir utan er einstaklingum boðið upp á leiðbeiningar. Nýjum kennurum er einnig boðið í stutta kynningu í upphafi missera. Hægt er panta safnkynningar á vef safnsins.

## Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem tekið er frá í tengslum við tiltekin námskeið. Gögnin eru ýmist til notkunar á staðnum eða lánuð í styttri lánum. Þjónustan var notuð fyrir 110 námskeið á vormisseri og 120 á haustmisseri.

**Útlán í tölvupósti**
Til að auðvelda samskipti vegna útlána og pantana fá lánþegar sendar upplýsingar í tölvupósti. Þeir geta sjálfir pantað rit sem eru í útláni í Gegni og fá tilkynningu í tölvupósti þegar ritið er komið í safnið, en þar er það tekið frá í viku. Lánþegar fá einnig viðvörun þegar lánstími er að renna út og geta sjálfir endurnýjað lánið í Gegni þrisvar sinnum. Ef annar notandi hefur pantað ritið fá þeir upplýsingar um það í tölvupósti.

**Lengdur afgreiðslutími í prófum**
Afgreiðslutími er auglýstur á vef safnsins og miðast við kennslualmanak Háskóla Íslands. Hann er lengdur á prófatíma og er það auglýst sérstaklega.

## Þjóðbókasafn

**Skylduskil**

Safnað er öllu prentuðu útgefnu íslensku efni, auk tón- og myndefnis. Einnig er handritum og einkaskjalasöfnum safnað en í handritasafni og Kvennasögusafni eru varðveitt um 16.000 handrit, allt frá einstökum skinnblöðum frá 13. öld fram til dagbóka og bréfa frá 20. öld. Til útgefins efnis telst einnig það efni sem er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet. Því er safnað af íslenskum vefsíðum á þjóðarléninu .is. Í vefsafninu eru nú um 3,4 milljarðar skjala eða 71 terabæt. Þá er hafin móttaka á skilaskyldu efni sem verður til stafrænt. Efnið er vistað í geymslusafninu rafhlaðan.is sem var opnað árið 2011. Þar eru nú um 9.000 verk.

**Stafræn endurgerð íslensks efnis**
Markvisst er unnið að stafrænni endurgerð íslensks efnis og aðgangur veittur um vefi safnsins. Í árslok var aðgangur að tæplega 5,8 milljónum blaðsíðna úr íslenskum ritum á timarit.is, bækur.is, handrit.is og islandskort.is. Boðið er upp á textaleit í öllu efninu.

**Skrár yfir sérefni**
Sífellt er unnið að því að auka aðgang um vefinn að skrám safnsins. Sem dæmi um slíkar skrár eru Íslensk útgáfuskrá, utgafuskra.is, sem er skrá um prentefni, hljóðrit og myndbönd útgefin á Íslandi og Skrá um doktorsritgerðir Íslendinga, doktor.landsbokasafn.is. Þá bætist sífellt í Skrá um þýðingar íslenskra miðaldabókmennta, sagas.landsbokasafn.is, og Bókaskrá 1534–1844, sem er ítarleg bókfræðileg skrá yfir allar prentaðar íslenskar bækur á léninu bokaskra.landsbokasafn.is. Einnig má nefna skrá yfir handritaefni á einkaskjol.is og Lykilskrá með stöðluðum efnisorðum og mannanöfnum.

## Ýmis samstarfsverkefni

Safnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og erlendu samstarfi. Markmiðið er meðal annars að sækja nýja þekkingu til að miðla safnkostinum til notenda, auk þess að bæta þjónustu safnsins. Sem dæmi um þessa þjónustu má nefna:

**Opinn aðgangur – Opin vísindi**
Safnið hefur frá árinu 2006 tekið þátt í verkefnum um opinn aðgang að vísindaupplýsingum og rannsóknaniðurstöðum (OA – Open Access). Fulltrúar safnsins tóku þátt í að móta stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang og í lok ársins hófst samstarf vegna varðveislusafns fyrir ritrýndar fræðigreinar og annað vísindaefni.

**Ritver**
Í lok ársins fór af stað samstarf við ritver Hugvísindasviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Stefnt er að því að ritverin hafi opið sameiginlegt þjónustuborð í Bókhlöðunni.

**Miðstöð munnlegrar sögu**
Miðstöð munnlegrar sögu, sem var stofnuð 2007, sameinaðist safninu og varð sérstök eining á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna, skrá og varðveita heimildir í munnlegri geymd. Í fagráði eiga sæti hagsmunaaðilar á sviði munnlegrar sögu. Upplýsingar um starfsemi og safnkost er að finna á munnlegsaga.is.

**Handritavefur**
Vefurinn handrit.is var opnaður 2010. Hann er samstarfsverkefni safnsins og Árnastofnana í Reykjavík og Kaupmannahöfn um gerð samskrár og stafrænnar endurgerðar íslenskra handrita.

**Evrópuverkefni**
Safnið tekur þátt í Evrópubókasafninu (The European Library – TEL) og fjölmenningargáttinni europeana.eu. Safnið tekur auk þess þátt í verkefnum á sviði stafrænnar endurgerðar, sem ýmist er stjórnað af Evrópubókasafninu eða er nátengd því. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við TEL og Europeana.

**IIPC**
Safnið er stofnaðili alþjóðlegra samtaka um söfnun og varðveislu veraldarvefsins, International Internet Preservation Consortium (IIPC). Safnið á sæti í stjórn samtakanna og vinnuhópum. Vefur samtakanna er netpreserve.org.

# Listasafn Háskóla Íslands

## Stjórn

Ný stjórn Listasafns Háskóla Íslands var skipuð í september 2015 til fjögurra ára. Hana skipa Æsa Sigurjónsdóttir, dósent í listfræði, formaður, Kristján Steingrímur Jónsson, myndlistarmaður og fráfarandi deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, og Arndís Vilhjálmsdóttir, doktorsnemi í sálfræði, og er hún jafnframt fulltrúi stofnenda Listasafns Háskóla Íslands. Stjórn Listasafns Háskóla Íslands hefur með höndum innkaup nýrra verka til safnsins og mótun starfs og stefnu safnsins.

Auður A. Ólafsdóttir er áfram safnstjóri í umboði stjórnar og var hún eini fasti starfsmaður safnsins í 50% stöðu frá 1. janúar til 30. nóvember 2015. Síðari hluta árs samþykkti stjórn safnsins beiðni Auðar um lækkun starfshlutfalls í 33% frá 1. desember 2015 að telja og jafnframt heimild til að ráða aðstoðarmann í tímabundin verkefni.

## Helstu verkefni og starfsemi

Helstu verkefni safnstjóra og stjórnar Listasafns Háskóla Íslands er að varðveita, byggja upp og kynna listaverkaeign safnsins, svo sem með sýningum á safneign, en einnig með mótun stefnu í innkaupum nýrra verka. Sérstaða safnsins felst í því að sýna verk í opinberu rými með þeim hætti að hundruð listaverka séu hluti af vinnu- og kennsluumhverfi 14.000 nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands. Safnið stefnir einnig að því að eignast skilgreint sýningarhúsnæði í náinni framtíð, svo sem fjallað er um í stofnskrá safnsins frá árinu 1980.

Samkvæmt stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands er það einnig hlutverk safnsins að sinna þeim sem stunda rannsóknir á íslenskri myndlistarsögu. Safnið hefur á árinu 2015 unnið að því að efla tengingu safnsins við rannsóknar- og kennsluumhverfi Háskóla Íslands, m.a. við nám í listfræði við Íslensku- og menningardeild. Þá veitir safnið rannsóknarstyrki til rannsókna á íslenskri myndlist úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands.

## Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands var stofnaður af Sverri Sigurðssyni árið 1999 og hefur sjóðurinn það sérstaka hlutverk að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka, svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna (eins og segir í stofnskrá). Ekki var veitt úr sjóðnum árið 2015.

# Reiknistofnun Háskóla Íslands

## Almennt yfirlit og stjórn

Reiknistofnun Háskóla Íslands sér um uppbyggingu og rekstur upplýsingakerfa og símnets Háskóla Íslands. Rekstur stofnunarinnar gekk vel á árinu 2015. Fjárhagsleg afkoma var viðunandi miðað við mikil umsvif á árinu.

Talsverðar breytingar urðu á stjórn Reiknistofnun Háskóla Íslands 2015. Í stjórn stofnunarinnar voru tilnefndir: Helgi Þorbergsson, dósent við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, stjórnarformaður ( tilnefndur af rektor), Ásta Thoroddsen, prófessor í Hjúkrunarfræðideild (tilnefnd af Heilbrigðisvísindasviði), Matthew Welpton, dósent í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (tilnefndur af Hugvísindasviði), Sólveig Jakobsdóttir, dósent í Kennaradeild (tilnefnd af Menntavísindasviði), Valentína Giangreco M. Puletti, dósent í Raunvísindadeild (tilnefnd af Verkfræði- og náttúruvísindasviði), og Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor í Viðskiptafræðideild (tilnefndur af Félagasvísindasviði). Öll nema stjórnarformaður voru voru ný í stjórninni.

Stjórnin er skipuð til þriggja ára frá 1. október 2015 að telja. Forstöðumaður Reiknistofnunar var Sæþór L. Jónsson rafmagnsverkfræðingur og áheyrnarfulltrúi starfsmanna í stjórn stofnunarinnar var Magnús Gíslason, deildarstjóri kerfisdeildar.

## Starfsemin

Starfsemi Reiknistofnunar var flutt frá Sturlugötu 8 að Neshaga 16 á árinu. Klárað var endanlega að rýma vélasalinn á Sturlugötu fyrir lok maí og allir starfsmenn voru fluttir á þriðju hæð í húsinu að Neshaga fyrir lok október þó að húsnæðið væri alls ekki tilbúið. Húsnæðið var síðan komið í nokkuð gott lag fyrir lok nóvember og önnur hæð tekin í notkun. Útikælir og vararaflstöð var tekin í notkun um miðjan júní. Nokkurn tíma tók að koma mötuneytismálum í gott horf en það tókst ágætlega að endingu.

Breytingar urðu á starfsmannahópi Reiknistofnunar á árinu 2015. MattHáskóla Íslandsas Karl Karlsson hóf störf í byrjun janúar, Evindur Örn Barðason í byrjun maí og Sigsteinn Snær Albertsson í tímavinnu frá byrjun október.

Stofnunin skiptist í nokkur viðföng: almennan rekstur (3 stöðugildi), hugbúnaðarþróun (9 stöðugildi), kerfisþjónustu (6 stöðugildi), net- og símadeild (3 stöðugildi), notendaþjónustu (12 stöðugildi) og ytri vef (vefverksmiðju) (2½ stöðugildi). Reiknistofnun hefur, þrátt fyrir sveiflur, verið einstaklega lánsöm með starfsfólk og byggir starfsemi sína á sterkum kjarna sem hefur þjónað háskólanum dyggilega á liðnum árum. Hjá Reiknistofnun störfuðu 35,5 starfsmenn í fullu starfi um áramót.

Starfsmenn Reiknistofnunar koma einnig að rekstri RH-nets hf. (rannsókna- og háskólanets Íslands) og situr forstöðumaður í stjórn þess sem varaformaður, í stjórn FS-nets (nets framhaldsskóla og símenntunarstöðva) og í stjórn NORDU-nets A/S (samtenginets Norðurlanda) fyrir hönd Háskóla Íslands.

Rekstur ofurtölvuvers Norðurlanda (NHPC, Nordic High Performance Computing) gekk í alla staði vel á árinu. Yfirstjórn reksturs og kerfisstjórnar var eins og áður í höndum Reiknistofnunar. Gert var ráð fyrir að verkefnið standi út 4. árið eða til ársloka 2015 þegar Reiknistofnun tók alfarið yfir reksturinn í þágu innlendra notenda.

## Tölvuþjónusta

Frá því í ágúst 2009 hefur Reiknistofnun Háskóla Íslands starfrækt tölvuþjónustu á Háskólatorgi og frá árinu 2012 einnig í Stakkahlíð. Þar er rekin þjónusta miðsvæðis fyrir alla notendur háskólans sem þurfa að leita eftir ráðgjöf, leiðbeiningum eða aðstoð vegna tölvutengdra mála auk þess sem starfsmenn þar svara einnig símtölum tölvupósti fyrir Reiknistofnun.

Hægt er að hafa samband við tölvuþjónustu Reiknistofnunar Háskóla Íslands með því að koma á staðinn, senda tölvupóst á help@hi.is eða hringja í síma 525 4222. Tölvuþjónusta Reiknistofnunar Háskóla Íslands er opin alla virka daga frá 8:00 til 16:00.

**Windows-kerfisþjónusta**
Helsta vinnan við kerfisþjónustu fólst í uppfærslum og viðhaldi á núverandi kerfum og grunnur var lagður að uppfærslum og nýjungum á næsta ári.

**Tölvuver Reiknistofnunar**
Reiknistofnun Háskóla Íslands rekur nú 19 tölvuver í 14 byggingum háskólans, með samtals 346 tölvum og 19 prenturum. Auk þess sér Reiknistofnun um uppsetningu og viðhald tölva í kennslustofum og fyrirlestrasölum háskólans. Þær tölvur eru nú um 150 talsins.

Tölvur voru endurnýjaðar í fimm tölvuverum: í Árnagarði, Gimli (stofu 101), Haga, Háskólatorgi (stofum 204 og 302), og voru samtals 100 tölvur endurnýjaðar.

## Hugbúnaðarþróun

Á hverju ári vinnur hugbúnaðarþróunardeild að því að uppfæra, betrumbæta og viðhalda Uglunni. Starfið er oft unnið í samvinnu við aðrar deildir og stofnanir skólans, allt eftir því hverjum viðkomandi kerfi er ætlað. Á árinu voru verkefnin ótal mörg eins og fyrri ár. Hér á eftir eru taldar upp nokkrar þeirra nýjunga sem litu dagsins ljós.

- Útliti Uglunnar var breytt á árinu. Efsti borðinn var uppfærður og vefurinn gerður enn aðgengilegri en áður í símum og spjaldtölvum.
- Sá hluti þar sem notendur uppfæra upplýsingar um sjálfa sig var einnig tekinn í gegn. Þar má nefna reitina „Um mig“ og „Ferilskrá“. Nú er mun þægilegra en áður að setja inn ferilskrá og uppfæra hana og þessar upplýsingar birtast nú bæði í símaskrá Uglunnar og á ytri vef Háskóla Íslands.
- Kennsluskrá var tekin alveg endurskoðuð og hún fékk nýtt útlit. Kerfið var í heild betrumbætt og þar má nefna að leit í henni hefur verið endurbætt.
- Hvert fræðasvið á sína forsíðu og var útlit og virkni þessara forsíðna uppfærð.
- Námskeiðasýsl var endurbætt. Nú er m.a. er hægt að velja mörg námskeið og setja í og taka úr kennslukönnun. Hægt er að fjöldaskrá ferilviðbót á nemendur og breyta deild á mörgum námskeiðum í einu. Stillingar á niðurstöðum í námskeiðasýsli voru endurbættar og forkröfuleit var lagfærð.
- Skráning námskeiða var endurbætt á árinu. Leit að námskeiðum var endurbætt í afritun námskeiða og hægt er nú að velja hvaða kennarar fylgja með þegar afritað er.
- Prófasafnið í Uglu var endurskrifað. Gagnagrunnurinn er núna algerlega í Uglu en ekki á sameiginlegu skráasvæði.
- Ný vefþjónusta var búin til fyrir ytri vefi skólanna. Nú er hægt í ytri vefjum að kalla eftir upplýsingum úr kennsluskrá og birta þær.
- Töluverðar breytingar voru gerðar á kennsluvef námskeiða. Þar má nefna að nú er hægt að sjá forkröfur og námsbækur í námsætlun. Hægt er að velja margar skrár í verkefnakerfi og fá þær út. Kennarar geta nú séð á hvaða áherslulínu/kjörsviði viðkomandi nemandi er. Kennarar geta nú einnig sjálfir stofnað Moodle-vef og nýjar Turnitin-aukaskýrslur eru aðgengilegar. Lagfæringar og

viðbætur voru gerðar á mætingarkerfi Landbúnaðarháskóla Íslands, skýrslum bætt við og fleiri lagfæringar gerðar.

- Kennslumiðstöð tók í notkun nýtt upptökukerfi, Panopto. Það var tengt við Uglu og kennsluvef námskeiða og þannig er kennurum og nemendum gert auðvelt fyrir að nálgast upptökur í Uglu.
- Neyðarhnappur, sem ýmsir þjónustuaðilar hjá Háskóla Íslands nota, var uppfærður og gerður skilvirkari.
- SmáUglan (Uglu-appið) var þróuð áfram og nú er til dæmis hægt að nálgast þjóðskrá í appinu.
- Nú er hægt að gefa út doktorsskírteini og leyfisbréf kennara í Uglu og það auðveldar talsvert vinnu þeirra sem gefa þau út. Þar er meðal annars stuðningur við sameiginlegar gráður.
- Nýtt ráðningakerfi var klárað á árinu. Hægt er að búa til auglýsingar sem fara sjálfkrafa inn á ytri vef háskólans. Umsóknir eru rafrænar og renna beint inn í umsjónarhluta kerfisins. Hægt er að veita yfirmönnum og dómnefndum aðgang að umsóknum um tiltekin störf. Með kerfinu er hægt að hafa samskipti við umsækjendur og sjá sögu þeirra samskipta.
- Nýtt umsjónarkerfi fyrir stúdentakort var einnig tekið í notkun á árinu.
- Rektorskosningarnar fóru fram á árinu og var kosið rafrænt í Uglu. Kosningakerfi Uglunnar var lagað að þeim kosningum og gengu þær mjög vel.
- Kerfi var þróað fyrir inntökupróf sem kallast A-próf. Það innifelur í sér meðal annars umsóknir um inntökupróf, úrvinnslu téðra umsókna og síðu til að birta hverjum og einum próftaka niðurstöðurnar. Þar geta próftakar skráð sig inn með veflykli til að skoða niðurstöður sínar.
- Nýtt greiðslukerfi fyrir bókhald, þar sem nú er hægt að birta allar færslur, var tekið í notkun. Hægt er að fá niðurstöður í Excel og endurgreiða eða ógilda kortagreiðslur. Einnig var útbúinn aðgangur til að leita í Valitor log.
- Nýtt kerfi fyrir notendaumsjón var tekið í notkun. Umsóknir um vefhýsingu og skammtíma- og langtímaaðgang að Eduroam var einnig tekið í notkun.
- Tól fyrir nemendur og starfsmenn við Háskóla Íslands vegna skiptináms í öðrum skólum var tekið í notkun. Þar er meðal annars að finna leit að umsóknum um skiptinám eftir skólum og úrvinnsla skiptinámsumsókna. Þar er einnig búnaður fyrir nemendur háskólans sem hafa farið í skiptinám til að skila inn skýrslum um námsdvölina þar sem fram koma allmargar spurningar um ýmislegt er varðar námsdvölina. Skýrslan tengist svo umsókn viðkomandi skiptinema um skiptinámið.
- Sett var upp kerfi fyrir nemendur til að sækja um breytingu á prófstað fyrir hvert og eitt námskeið og prófmisseri. Nú geta nemendur skráð sig í lokaverkefni í árlegri skráningu. Ný stundatafla var tekin í notkun og ný síða til að stilla lokun stundatöflu nemenda og kennara. Sett var upp aðgangsstýring á bókanir í stofubókunarkerfinu.
- Tekið var í notkun nýtt kerfi fyrir skrifstofu alþjóðasamskipta til að sjá um samninga við útlenda háskóla og tengiliði, sem og nýtt kerfi fyrir Félagsstofnun stúdenta til að fá beint upplýsingar um nemendur sem áður þurfti að fá hjá nemendaskrá. Unnið var að tengingu við hollvinakerfið Mira. Unnið var að gerð umsókna fyrir sumarnám og starfsnám hjá Háskóla Íslands. Sett var upp eyðublað fyrir fjármálasvið vegna millifærslna.

## Kerfisþjónusta

Miðlægar þjónustuvélar voru fluttar úr Sturlugötu 8 í nýjan vélasal Reiknistofnunar í Neshaga 16. Undirbúningsvinna hófst 2014 og flutningum lauk í lok maí 2015. Flutningarnir tókust með ágætum og án teljandi truflana fyrir notendur. Flutt var í mörgum skrefum og oftast var hægt að flytja þjónustu af gömlum vélum á gamla staðnum á nýjar vélar í Neshaga án þess að þjónustan rofnaði.

Kerfisdeild tók upp nýtt bakvaktakerfi í apríl. Nú er kerfisstjóri á bakvakt allan sólarhringinn alla daga ársins. Í eftirlitskerfi kerfisdeildar er fylgst með flestum þjónustueiningum og SMS er sent til vakthafandi kerfisstjóra ef eitthvað fer úrskeiðis. Hann getur þá brugðist við strax, jafnvel um miðja nótt. Þetta fyrirkomulag hefur þegar sannað sig og þjónusta sem hefur brugðist að nóttu til hefur verið komin í lag áður en skóladagur hófst. Þetta bætir þjónustu kerfisdeildar til muna.

Tekin var í nokun ný skráaþjónusta, geymsla.hi.is. Hún er aðgengileg á vefnum á slóðinni https://geymsla.hi.is en einnig er hægt að setja upp sérstakt forrit á tölvu eða síma sem tengist þjónustunni beint. Mjög auðvelt er að deila skjölum með öðrum, skilgreina hópa sem hafa sameiginlegan aðgang að tilteknum skjölum, setja upp sjálfvirka samstillingu o.fl.

Að öðru leyti var starfsemi kerfisdeildar með hefðbundnum hætti. Markmið hennar er að veita fyrsta flokks miðlæga tölvuþjónustu og að ófyrirséð rof á þjónustunni sé ekki meira en 0,01% og tókst það fyrir flestar þjónustueiningar á árinu.

## Net- og símadeild

Árið var viðburðaríkt í rekstri deildarinnar og bar þar hæst flutninga Reiknistofnunar frá Sturlugötu 8 að Neshaga 16. Flutningarnir snertu alla fleti starfseminnar og var í mörg horn að líta við þessa framkvæmd. Mikil vinna var í kringum nýja vélasalinn á Neshaga, sem verður aðalvélasalur Háskóla Íslands. Þar þurfti að koma á tengingum fyrir ljósleiðara og leggja nýja heimtaug fyrir rafmagn frá bæjarveitu og varaaflstöð. Einnig var kælikerfi og varaafli UPS komið fyrir.

Þessi verkefni voru unnin undir stjórn Sæþór L. Jónssonar, forstöðumanns Reiknistofnunnar, og komu margir þjónustuaðilar utan Reiknistofnunar að þessum verkum og þurfti Sæþór oft að vera þeim til aðstoðar vegna tenginga og aðgangs að búnaði Reiknistofnunar.

Húsið Neshagi 16 var að mestu endurinnréttað og þurfti að endurnýja allar netlagnir fyrir vinnustöðvar starfsmanna og einnig koma fyrir lögnum fyrir þráðlausa senda og prentara.

Tvær nýjar vararafstöðvar (dísilstöðvar) voru settar upp á árinu, önnur við Neshaga og hinn skammt frá Tæknigarði. Þær tryggja að báðir vélasalir Reiknistofnunar hafi varaafl um lengri tíma ef bæjarrafmagn rofnar og þær auka rekstraröryggið verulega.

Vegna flutninga Reiknistofununar í Neshaga 16 þurfti sú háskólastarfsemi sem þar var fyrir að mestu leyti að flytja á brott, að undanskildu þýðingarsetri á fyrstu hæð. Þessi starfsemi var flutt að Laugavegi 13 og var það nokkuð mikið verk. Bæði þurfti ljósleiðaratengingu á staðinn og gera þurfti einnig margvíslegar breytingar á því staðarneti sem fyrir var í húsnæðinu. Einnig var nauðsynlegt að endurnýja öll símtæki þeirra stofnana sem fluttu og koma fyrir búnaði til aðgangsstýringar, en það var gert í gegnum símkerfi háskólans. Síðan voru nokkrir þráðlausir sendar settir upp á báðum hæðunum þar sem starfsemin fer fram á Laugavegi 13.

Nokkuð var um tilfærslur á deildum innan háskólans á árinu. Mest var um þetta á Menntavísindasviði þar sem flutt var úr hluta af því húsnæði sem sviðið hafði haft til umráða og starfsemin flutt í Stakkahlíð. Þetta kallaði á talsverða vinnu hjá Reiknistofnun.

Þráðlausa netkerfið í Aðalbyggingu var endurnýjað vegna fyrirhugaðs fundar forsætisráðherra norðurslóða, NFF 2015, sem átti að fara þar fram en var síðan fluttur annað vegna yfirvofandi verkfalls. Búnaður var engu að síður settur upp til frambúðar og bætir hann mikið netsamband í Aðalbyggingu þó það sé ekki enn þá orðið nægjanlega gott og er verið að vinna í því máli.

Rekstur símkerfis háskólans gekk að mestu leyti vel á árinu en þó eru bilanir í útstöðvum (hillu) nokkuð tíðar og er nauðsynlegt að huga að endurnýjun á þeim búnaði innan tíðar.

Enn fjölgar þráðlausum sendum víða um háskólasvæðið og krafan um öruggt og hraðvirkt samband eykst stöðugt. Einnig hafa komið fram óskir um að notendur eigi kost á að nota fleiri en tvö tæki samtímis en nú er það hámarkið vegna skort á IP-tölum.

## Vefverksmiðja (ytri vefir)

Vefverksmiðja festi sig enn í sessi sem þjónustuveita á árinu bæði hvað varðar tækni og mannskap. Fyrst skal nefna að í hópinn bættist góður liðsmaður, Sigurður Högni Jónsson, sem er hagur á tækni, efnistök og útlitshönnun. Aðrir starfsmenn leituðust við að safna að sér þekkingu innan lands og utan.

Áfram var haldið að uppfæra og endurnýja þjóna sem keyra þjónustueiningar og náðust nokkur stór skref sem auka rekstraröryggi og hraða. Þrátt fyrir að vel mannað hafi verið á árinu var ákveðið að skerpa fókusinn og leggja niður lítt nýttar þjónustueiningar og þær sem hagkvæmara er að sækja annað, svo sem blogg.hi.is og streymi.hi.is.

Einnig var hafið átak í að hreinsa til í vefhýsingum með því að uppfæra virka vefi og loka öðrum. Sem hluti af því átaki, ásamt því að gerð er krafa á Reiknistofnun um að hún afli sér sértekna, var ákveðið að taka gjald fyrir vefhýsingar og var sú gjaldtaka kynnt í lok árs. Aukinn kraftur var settur í hýsingarkerfi fyrir rafræn tímarit og hefur sú þjónusta mælst vel fyrir. Rekstur á þeirri þjónustu (sem flestum öðrum) er í kröftugu og góðu samstarfi við kerfisdeild.

Samvinna vefverksmiðju við hugbúnaðarþróunardeild var líka mikil og gat af sér Smáuglu, app sem gerir helstu upplýsingar úr Uglu og ytri vef aðgengilegar í android- og iOS-smátækjum. Smáuglan og ný útgáfa af student.is voru stærstu stöku verkefnin á árinu en annars var lögð áhersla á lipran og öruggan rekstur vefhýsingarþjónustu.


ISLANDIAE

# Brautskráningarræður háskólarektors

## Ræða Kristínar Ingólfsdóttur við brautskráningu kandídata í Háskólabíói 21. febrúar 2015

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, frú Vigdís Finnbogadóttir, fræðasviðsforsetar, deildarforsetar, kandídatar og aðrir góðir gestir.

Ég óska ykkur, kæru kandídatar, hjartanlega til hamingju með daginn og þann áfanga sem hann markar í lífi ykkar. Ég vona að dvölin í Háskóla Íslands reynist ykkur gott veganesti á lífsleiðinni. Þekkingin sem þið farið með héðan er *afl*, og ég vona að þið berið gæfu til að beita því ávallt til góðs.

Um aldir hefur vorkoman verið okkur Íslendingum tilhlökkunarefni – að sjá lífið kvikna á ný eftir erfiðan vetur. Á eilífri hringferð sinni um sólina breytir jörðin nú möndulhalla sínum og hallar okkur sem búum á norðurhveli í átt að sólinni. Það vorar senn, og maríuerlan er að búa sig til ferðar frá Vestur-Afríku. Hún verður komin í hlaðvarpann til mín í Borgarfirði upp úr miðjum apríl og verður þá búin að fljúga 5.500 kílómetra vegalengd frá vetrarstöðvum sínum. Síðsumars flýgur hún svo aftur suður á bóginn. Hvað í ósköpunum knýr lífveru sem vegur 30 grömm, sem er jafnmikið og tvær matskeiðar af vatni, til að fljúga samtals 11 þúsund kílómetra vegalengd á hverju ári? Til að skilja þetta til hlítar þyrfti að leita til sérfræðinga í fjölmörgum fræðigreinum – líffræðinga til að skilja lífsferilinn, eðlisfræðinga til að skilja ratvísina, efnafræðinga til að skilja orkubúskapinn, verkfræðinga til að skilja vænghönnun fuglsins og veðurfræðinga til að skilja hvernig maríuerlan nýtir sér vindafar til að létta ferðalagið. Og síðast en ekki síst þyrftum við að leita til stærðfræðinga því að stærðfræðin er sá grunnur sem allar hinar greinarnar nýta. Ráðgátan um flug maríuerlunnar er kannski ekki brýnasta tilvistarspurning sem við stöndum frammi fyrir, en ég gríp til þessa dæmis af smáfugli sem er mér kær gleðigjafi til að varpa ljósi á hvernig samvinna fræðigreina hjálpar okkur að leysa úr flóknum viðfangsefnum.

Þið hafið tekið við prófskírteinum hér í dag úr ótalmörgum greinum. Það sýnir skýrt hina miklu breidd í starfi skólans. Hún sést líka í nýútkomnu *Tímariti Háskóla Íslands* sem var lagt í sæti ykkar. Breiddin skapar stórkostleg tækifæri til sóknar og til sköpunar nýrra verðmæta.

Í öllum greinum fræða og vísinda hefur verið lögð áhersla á sérhæfingu, þannig að þekkingarleitin verði dýpri og markvissari. Stundum er sagt í gríni að vegna þessarar sérhæfingar viti háskólafólk sífellt meira og meira – um minna og minna – og muni að lokum vita allt um ekkert! En dýpri skilningur á þröngum sérsviðum skapar ný tækifæri og getur leitt af sér nýja tegund af breidd í háskólastarfinu þegar fólk með djúpa þekkingu af ólíkum fagsviðum kemur saman.

Stærðfræði og heimspeki eru greinar sem við fyrstu sýn virðast ekki eiga mikið sameiginlegt en byggjast þó báðar á rökfræði. Í hefðbundnu háskólaskipulagi eru afar fáir snertifletir milli kennara og nemenda í stærðfræði og heimspeki. Þetta hefur verið að breytast. Í Oxford-háskólanum í Bretlandi höfðu heimspekistúdentar frumkvæði að því að boðið var upp á nýjar námsleiðir þar sem aðferðum stærðfræðinnar er beitt í heimspekinámi til að brjóta til mergjar spurningar um eðli mannsins og vísinda. Þeir sem útskrifast úr slíku námi hafa haldið til margvíslegra starfa þar sem stærðfræðikunnáttan nýtist við greiningu og gagnavinnu og eykur skilning á tækni, og heimspekiþekkingin til að skilgreina og leysa erfið verkefni og kryfja ágreiningsmál.

Hér við Háskóla Íslands hefur verið byggður upp slíkur vettvangur rannsókna og kennslu í kringum norðurslóðir. Þar koma saman vísindamenn og stúdentar úr umhverfis- og auðlindafræðum, jarðfræði, landfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, hagfræði, lögfræði, líffræði, sagnfræði, lýðheilsuvísindum og fleiri greinum. Með sama hætti hefur verið skapaður vettvangur til samstarfs um orkuvísindi, sjávarútveg, fjarkönnun, miðaldafræði, ferðamál, þróunarsamvinnu og lífvísindi. Með því að auka þannig innbyrðis tengsl fólks úr ólíkum greinum innan skólans hér í Reykjavík og rannsóknasetrum hans víða um land, verður til frjótt umhverfi fyrir samvinnu og nýja nálgun og úrlausn viðfangsefna.

Gott dæmi um mikilvægi samvinnu vísindamanna og doktorsnema úr mörgum ólíkum greinum eru verkefni tengd eldgosinu í Holuhrauni. Þarna er jafnframt stórkostlegt dæmi um samspil vísinda og samfélagslegt framlag. Vísindamennirnir hafa náð framúrskarandi árangri í rannsóknum á alþjóðavísu en sinna af jafnmikilli alvöru samfélagslegum skyldum – samstarfi við stjórnvöld, Almannavarnir og lögreglu, ráðgjöf við íbúa í grennd gossins, miðlun til erlendra vísindamanna, miðlun til almennings um Netið og í fyrirlestrum, og viðtölum við innlenda og erlenda fjölmiðla.

Ég nefndi hér að framan námsleiðir þar sem tvinnað er saman stærðfræði og heimspeki. Það verður æ ljósara hversu víða þræðir stærðfræðinnar liggja og hversu mikilvægir þeir eru til að þræða saman aðrar greinar. Stærðfræði er augljóslega undirstöðugrein í tæknigreinum, raunvísindum og heilbrigðisvísindum. En mikilvægi hennar eykst sífellt í mörgum greinum félagsvísinda, hugvísinda og menntavísinda. Með aukinni nýtingu tölvutækni verður gagnavinnsla og reiknigeta sífellt mikilvægari í þessum greinum, auk þess sem hugbúnaðarþróun er orðinn mikilvægur liður í greinum eins og tungumálakennslu og rannsóknum í tungutækni.

Þrátt fyrir að vera slík undirstöðugrein, eru margir hræddir við stærðfræðina. Því verðum við að breyta og það verk verður að byrja á yngri skólastigum.

Það er sérstakt áhersluverkefni háskólans að efla menntun stærðfræðikennara á öllum skólastigum, bjóða starfandi kennurum endurmenntun, þróa stærðfræðina til samstarfs við aðrar greinar innan háskólans og auka vitund um mikilvægi stærðfræði í samfélaginu.

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði hafa Gunnar Stefánsson prófessor og Anna Helga Jónsdóttir doktorsnemi ásamt samstarfsaðilum þróað hugbúnað til vefstuddrar kennslu í stærðfræði og tölfræði sem auðveldar þetta starf. Kerfið heitir Tutor-web og er notað til að kenna ólíkum nemendahópum innan skólans, auk þess sem samstarf er hafið við nokkra framhaldsskóla. Það hefur jafnframt verið notað við kennslu í Kenía, Gana og Suður-Afríku. Kerfið er mjög hvetjandi – nemendur fá verkefni til að leysa og fá strax endurgjöf ásamt útskýringum. Tutor-web er öllum opið án endurgjalds. Það getur nýtst starfsfólki og stúdentum af ólíkum fræðasviðum sem þurfa á sífellt meiri stærðfræðiþekkingu að halda. Það er aðgengilegt fyrir almenning sem vill styrkja þekkingu sína í þessari grundvallargrein.

Ég nefndi hér að framan að háskólinn ynni nú sérstaklega að því að styrkja og bæta menntun stærðfræðikennara. Það er aðeins einn liður í stærri áætlun Menntavísindasviðs, í samvinnu við önnur fræðasvið skólans, um breytingar á kennaramenntun sem margar taka gildi þegar í upphafi næsta skólaárs.

Kennarar gegna án efa einhverju mikilvægasta starfi í landinu og það er afar brýnt að vekja áhuga ungs fólks á kennaranámi. Kennarar geta haft afgerandi og mótandi áhrif á framtíð einstaklinga og þeir leggja grunn að getu nýrra kynslóða til að fást við og fóta sig í veruleika sem verður sífellt flóknari.

Samfélagsbreytingar undanfarinna ára hafa óhjákvæmilega leitt til breytinga á kennarastarfinu. Upplýsingatækniþróun vegur þar sennilega þyngst, með öllum þeim gríðarlegu tækifærum, en

jafnframt hættum, sem henni fylgja. Hluti af þessari þróun er að orðið hefur til ósýnileg gjá milli kynslóða, þar sem unga fólkið hefur upp á eigin spýtur öðlast getu á sviði sem foreldrum þeirra og kennurum er mörgum lokuð bók. Á hinn bóginn hafa breytingarnar líka leitt af sér að getu nemenda hefur hrakað á öðrum sviðum, og við því þarf að bregðast. Við þurfum alveg sérstaklega að hafa í huga stöðu og þróun íslenskrar tungu á þessari hraðfleygu tækniöld. Það er viðeigandi að við brýnum okkur til átaka á því sviði hér í dag, á alþjóðlegum degi móðurmálsins.

Aðrar samfélagsbreytingar sem hafa áhrif á kennarastarfið eru breytt fjölskyldumynstur og fjölbreyttari samsetning nemendahópa. Það er brýnt að kennarar séu í stakk búnir að leiða saman í samhentan hóp nemendur af ólíkum uppruna, úr ólíkri menningu og trúarbrögðum. Það er gott til þess að vita að í rannsókn Menntavísindasviðs á lífsviðhorfum framhaldsskólanema kom fram að stór hluti þeirra taldi jákvætt og lærdómsríkt að eiga vini af ólíkum uppruna. Þetta unga fólk tekur mjög ákveðna afstöðu gegn kynþáttafordómum og er jákvætt gagnvart trúarlegum margbreytileika. Í aðalnámsskrá allra skólastiga eru grunnþættir sem eru lykilforsendur í fjölmenningarfræðum. Þessu er fylgt eftir í kennaranáminu og rannsóknum, bæði á Menntavísindasviði og Félagsvísindasviði.

Kæru kandídatar.

Sá grunnur sem þið hafið lagt með náminu gefur ykkur færi á að færa sífellt út mörk eigin þekkingar og finna svör við þeim spurningum sem á ykkur leita. Til þess þurfið þið að gera tvennt, annars vegar öðlast þekkingu sem enginn annar hefur – þekkingu á ykkur sjálfum, getu ykkar og takmörkunum. Hins vegar þurfið þið að setja ykkur markmið og hafa vilja til að fylgja þeim eftir. Ef örlitla maríuerlan, sem ég vék að í upphafi, getur náð sínum markmiðum með mörg þúsund kílómetra flugi, hljóta ykkur að vera allir vegir færir! Ég vona að námið hafi gefið ykkur vængi og að þeir beri ykkur í rétta átt.

Ég þakka ykkur samfylgdina og vona að ykkur farnist öllum vel á þeirri vegferð sem þið eigið fyrir höndum.

## Ræða Kristínar Ingólfsdóttur við brautskráningu kandídata í Laugardalshöll 20. júní 2015

Forseti Íslands. Fyrrum forseti Íslands. Nýkjörinn rektor Háskóla Íslands, fyrrverandi rektorar. Kandídatar. Góðir gestir.

Ég óska ykkur, kæru kandídatar, og fjölskyldum ykkar, hjartanlega til hamingju með daginn! Ég vona sannarlega að hvert sem leið ykkar liggur í lífi og starfi reynist námið við Háskóla Íslands ykkur gott veganesti. Ég veit að í ykkur blundar brennandi löngun til að bæta samfélagið, bæta heiminn. Ég vona að námið geri ykkur það betur fært, og ég hvet ykkur til dáða!

Þegar reynt er að leggja mat á getu okkar til að bæta og styrkja samfélagið er oft vísað til hugtaksins samkeppnishæfni. Það er notað til að meta getu okkar í samanburði við aðrar þjóðir til að tryggja aukin lífsgæði. Meðal þess sem lagt er mat á er árangur í menntun, vísindum og nýsköpun. Með öðrum orðum er reynt að meta framlag velmenntaðra einstaklinga til samfélagsins og þá verðmætasköpun sem verður til í krafti rannsókna. Það er því mikil ábyrgð sem hvílir á háskólum og skólakerfinu öllu.

Hlutverk háskóla er að skapa umhverfi sem laðar fram ögrandi spurningar, hvetur til þróunar nýrra hugmynda og þenur út mörk þekkingarinnar. Umfram allt eiga háskólar að næra forvitni. Enginn veit hvert vísindin leiða á endanum, þau eru veröld án endimarka en það er það sem gerir vísindin svo spennandi!

Oft getur verið erfitt að átta sig á gildi vísinda fyrir fram eða hvað ræður forgangi. Af hverju fór maðurinn til að mynda til tunglsins áður en hann setti hjól undir ferðatöskur? Af hverju hannar maðurinn bíla sem aka mannlausir áður en hann útrýmir hungri í heiminum?

Í vísindastarfi höfum við tvennt að leiðarljósi, annars vegar að auka þekkingu sem gæti bætt hlutskipti mannsins í víðum skilningi og búið hann undir framtíðarviðfangsefni, hins vegar að leggja okkar af mörkum til að leysa verkefni sem við blasa í dag, annaðhvort í nærsamfélaginu eingöngu eða við verkefni sem snerta alla heimsbyggðina, svo sem fátækt, loftslagsbreytingar, fæðuöryggi, átök menningarheima og trúarhópa, þjóðflutninga, heilsufarsógnir og skort á hreinu vatni.

Oft næst mesti árangurinn þegar fólk úr ólíkum greinum, með ólíkan bakgrunn, kemur saman til að leita þess sem kallað er þverfræðilegar lausnir. Við höfum einmitt mörg dæmi um það hvernig breiddin í starfi Háskóla Íslands skapar stórkostleg tækifæri við úrlausn verkefna þegar ólíkar greinar vinna saman.

Ég nefni nýlegt dæmi. Vísindamenn í iðnaðarverkfræði og taugasálfræði leiða nú þróun hátæknibúnaðar til að gera blindum og sjónskertum kleift að skynja umhverfi sitt í þrívídd með hljóði og snertingu. Verkefnið, sem nýlega hlaut 600 milljóna króna styrk frá Evrópusambandinu, gæti haft áhrif á lífsskilyrði þeirra þrjú hundruð milljóna manna sem eru sjónskertar í heiminum. Af þeim eru 40 milljónir blindar.

Að undanförnu hefur þverfræðilegum námsleiðum við Háskóla Íslands fjölgað en nemendur hafa jafnframt aukið breidd í námi sínu með því að taka aukagreinar úr öðrum deildum en sinni eigin, t.d. stærðfræði með heimspeki, japönsku með læknisfræði, vélaverkfræði með ljósmóðurfræði, kínversku með viðskiptafræði. Mörg ykkar stundið tónlist eða aðrar listgreinar með fram námi og þetta eykur líka breidd og skapar tækifæri.

Það hefur verið gaman að sjá frumkvæði stúdenta í nýsköpun. Það á meðal annars við um hóp kandídata sem útskrifast í dag úr vélaverkfræði, iðnaðarverkfræði, rafmagnsverkfræði, tölvunarfræði, íslensku, blaða- og fréttamennsku, auk nemenda úr Listaháskóla Íslands, sem hafa unnið hafa saman að smíði og kynningu rafknúins kappakstursbíls. Það er vert að þakka fjölmörgum bakhjörlum í atvinnulífinu sem hafa stutt dyggilega við við þetta verkefni. Kappakstursbíllinn keppir í sumar á Silverstone Formula 1 brautinni.

Í tímaritinu Nature var því nýlega haldið fram að mestur árangur í nýsköpun verði þegar vísindamenn, stúdentar og atvinnulíf eru í nábýli. Vísindagarðar Háskóla Íslands í Vatnsmýri eru hugsaðir sem slíkur vettvangur. Íslensk erfðagreining var fyrst fyrirtækja til að byggja aðsetur á svæði Vísindagarða. Þar er nú að rísa þróunarkjarni lyfjafyrirtækisins Alvogen sem tekur til starfa síðar á árinu. Í vikunni skrifuðum við undir samning við leikjafyrirtækið CCP um að byggja upp aðsetur á Vísindagarðalóðinni. Í sama húsi verður jafnframt rými fyrir fjölmörg sprotafyrirtæki og starfsemi á sviði upplýsingatækni og tölvuvísinda. Glæsilegir stúdentagarðar voru vígðir á Vísindagarðalóðinni árið 2013. Samfélag af þessu tagi hefur aðdráttarafl sem nauðsynlegt er í samkeppni þjóða um hæfileikaríkasta fólkið. Þetta svæði er að verða segull fyrir kröftuga nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og gaman er að sjá að þekkingarfyrirtækin skynja og vilja nýta breidd í starfi skólans sem uppsprettu spennandi tækifæra. Lykillinn að árangursríkri uppbyggingu á þessu sviði er traust samstarf Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar.

Háskóli Íslands hefur frá stofnun átt sér marga velgjörðarmenn. Hugur einstaklinga, fyrirtækja og stofnana sem hafa lagt skólanum lið skiptir verulegu máli og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir ómetanlegan rausnarskap og vinsemd í garð skólans. Tekið hefur verið saman yfirlit um allar gjafir sem skólanum hafa borist frá stofnárinu 1911 og markmið skólans er að gera þær sýnilegri og um leið votta velgjörðarmönnum virðingu og þakklæti. Fyrsta skrefið eru stuttir yfirlitskaflar á forsíðu á vef skólans um framlag hvers og eins og söguna á bak við hverja gjöf.

Ef háskólar hér á landi eiga að leggja sitt af mörkum til að treysta velsæld, samfélagslegt réttlæti og samkeppnishæfni landsins verður samfélagið að fjárfesta í starfseminni. Sú fjárfesting mun skila sér margfalt.

Háskóli Íslands aflar sjálfur um 5 milljarða króna sértekna á hverju ári, mest í harðri samkeppni um alþjóðlega rannsóknastyrki. Þessir fjármunir koma inn í þjóðarbúið í formi gjaldeyristekna. Einnig skipta sértekjur vegna stuðnings velgjörðarmanna verulegu og vaxandi máli. Framlag ríkisins til Háskóla Íslands í fjárlögum er liðlega 12 milljarðar króna. Þetta eru miklir fjármunir fyrir samfélagið. En setjum þá í samhengi við önnur útgjöld okkar skattgreiðenda. Við Íslendingar kaupum á hverju ári nammi og gos fyrir um 16 milljarða króna, þ.e.a.s. þriðjungi meira en við leggjum til allrar þeirra verðmætaskapandi starfsemi sem fram fer í Háskóla Íslands. Við kaupum kartöfluflögur og skrúfur fyrir tvisvar sinnum hærri fjárhæð en við verjum til Læknadeildar. Ekki misskilja – ég er alls ekki að leggja til að við hættum að borða súkkulaði og lakkrís. Mér finnst fátt betra. En gæti ekki verið skynsamlegt að setja hlutfallslega meira í menntun og minna í magann?

Það er Háskóla Íslands mikilvægt að halda tengslum við byggðir landsins. Rannsóknasetur Háskóla Íslands starfa nú á níu stöðum á landinu í nánu sambandi við háskólann í höfuðborginni. Á rannsóknasetrunum eru m.a. stundaðar rannsóknir á auðlindum – sjávarfangi, fuglum, hvölum og hreindýrum. Einstakar aðstæður á hverjum stað eru nýttar til rannsókna sem í sumum tilfellum eru leiðandi á heimsvísu. Fyrir vikið skapast ný vídd í starfsemi Háskóla Íslands, tækifæri fyrir stúdenta og kennara, og ný tækifæri fyrir viðkomandi byggðarlög þar sem til verður þekkingarkjarni og ný tegund starfa. Haldin eru námskeið fyrir nemendur og vísindamenn hvaðanæva úr heiminum í samvinnu við deildir skólans. Innlendum og erlendum gestum fjölgar og gestirnir auðga mannlífið og styrkja. Rannsóknasetrin eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju þekkingar- og verðmætasköpunar sem skólinn vill treysta, ekki síst nú á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum. Ég nefni þetta sem dæmi um árangur sem náðst hefur með samstilltu átaki háskóla, sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga án þeirrar togstreitu sem stundum gætir í samskiptum höfuðborgar og landsbyggðar. Allir njóta góðs af.

Kæru kandídatar.

Þið eruð einstök kynslóð. Þið eruð kynslóðin sem fæddist með Internetinu. Þessi ótrúlega tækni hefur vaxið, þróast og orðið alltumlykjandi á ykkar líftíma. Það gefur ykkur einstaka stöðu, ótrúlegan aðgang að upplýsingum og magnaða möguleika til samskipta sem engin kynslóð hefur áður haft. Það gefur ykkur einstakt færi til að nýta þekkingu og þjálfun sem þið hafið öðlast. Ég vona að þið berið gæfu til að þið nýta þessa möguleika, þessi tækifæri til samskipta og þessa þekkingu, til góðra verka til þess að bæta samfélagið sem þið fáið í arf.

Í dag er stund til að fagna mikilvægum áfanga en þegar fagnaðarlátunum linnir og þið hafið glaðst í faðmi fjölskyldu og vina vil ég hvetja ykkur til að huga að markmiðum í næsta kafla lífsins og hafa þá hugfast að það skiptir ekki bara máli hvert þið náið í lífinu heldur ekki síður hvernig þið gerið það.

Af augljósum ástæðum munuð þið sem brautskráist hér í dag ætíð hafa sérstaka stöðu í mínum huga. Ég kveð ykkur, þakka ykkur fyrir samfylgdina og óska þess að þið lifið lífi ykkar vel.

# Brautskráðir kandídatar

Árið 2015 fór brautskráning fram 21. febrúar, 20. júní og 24. október.

## Brautskráning kandídata 21. febrúar 2015

Hinn 21. febrúar 2015 voru eftirtaldir 476 kandídatar brautskráðir frá Háskóla Íslands með 477 próf.

## Félagsvísindasvið (207)

**Félags- og mannvísindadeild (42)**

*MA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (1)*
Erna Ásta Guðmundsdóttir

*MLIS-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (1)*
Eyrún Sigurðardóttir

*MA-próf í félagsfræði (1)*
Anna Lilja Karelsdóttir

*MA-próf í fötlunarfræði (2)*
Ásdís Sigurjónsdóttir
Dagmar Guðrún Gunnarsdóttir

*MA-próf í hagnýtri þjóðfræði (1)*
Elsa Guðný Björgvinsdóttir

*MA-próf í hnattrænum tengslum (1)*
Guðrún Magnúsdóttir

*MA-próf í mannfræði (1)*
Guðrún Veiga Guðmundsdóttir

*MA-próf í náms- og starfsráðgjöf (2)*
Halla Karen Jónsdóttir
Rakel Sif Níelsdóttir

*MA-próf í norrænni trú (1)*
Anna Louise Millward

*MA-próf í þjóðfræði (2)*
Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir
Sigrún Gylfadóttir

*MA-próf í þjóðfræði með sérhæfingu í efnismenningu (1)*
Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir

*MA-próf í þróunarfræði (1)*
Selma Sif Ísfeld Óskarsdóttir

*MPH-próf í lýðheilsuvísindum (1)*
Lilja Ingvarsson

*Viðbótardiplóma í bókasafns- og upplýsingafræði með sérhæfingu í upplýsinga- og skjalastjórn og rafrænum samskiptum hjá skipulagsheildum (1)*

Magnhildur Magnúsdóttir

*Viðbótardiplóma í félagsfræði með sérhæfingu í afbrotafræði (1)*
Fannar Kristmannsson

*Viðbótardiplóma í fötlunarfræði (2)*
Anna Sigrún Ingimarsdóttir
Margrét Valdimarsdóttir Richter

*Viðbótardiplóma í hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningarfræði (2)*
Selma Ruth Iqbal
Valgerður Júlíusdóttir

*Viðbótardiplóma í safnafræði (2)*
Irene Ósk Bermudez
Sigríður Júlía Sighvatsdóttir

*BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (2)*
Anna Eyberg Hauksdóttir
Ásta Björk Birgisdóttir

*BA-próf í félagsfræði (5)*
Helgi Eiríkur Eyjólfsson
Hreiðar Már Árnason
Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir
Jara Dögg Sigurðardóttir
Svavar Helgi Jakobsson

*BA-próf í mannfræði (9)*
Anna Margrét Ásbjarnardóttir
Björgvin Agnarsson
Elín Vigdís Guðmundsdóttir
Eva Sigrún Guðjónsdóttir
Gunnar Friðrik Eðvarðsson
Ingveldur Marion Hannesdóttir
Laufey Bjarnadóttir
Mónika Elísabet Kjartansdóttir
Sanna Magdalena Mörtudóttir

*BA-próf í þjóðfræði (2)*
Sigríður Ásgeirsdóttir
Snjólaug Guðrún Jóhannesdóttir

**Félagsráðgjafardeild (15)**

*BA-próf í félagsráðgjöf (15)*
Agnes Ferro
Eðna Hallfríður Huldarsdóttir
Elínborg Hulda Gunnarsdóttir
Eva Grétarsdóttir
Helga Rún Jónsdóttir
Jón Hjalti Brynjólfsson
Lovísa María Emilsdóttir
Lórey Rán Rafnsdóttir
Salbjörg Tinna Isaksen
Salvör Sæmundsdóttir

Sigrún Birgisdóttir
Sigrún Lilja Traustadóttir
Solveig Silfá Sveinsdóttir
Sveinbjörg María Dagbjartsdóttir
Tinna Birgisdóttir

**Hagfræðideild (17)**

*MS-próf í fjármálahagfræði (2)*
Andri Geir Guðjónsson
Hjalti Þór Skaftason

*MS-próf í heilsuhagfræði (2)*
Guðjón Hauksson
Inga Lára Karlsdóttir

*BS-próf í hagfræði (5)*
Atli Rúnar Kristinsson
Hallveig Ólafsdóttir
Klara Dögg Jónsdóttir
Matthías Leifsson
Sigurður Páll Ólafsson

*BA-próf í hagfræði (8)*
Ásdís Karen H. Friðbjörnsdóttir
Brynjar Benediktsson
Haraldur Pálsson
Jóna Kristín Hauksdóttir
Nanna Lára Sigurjónsdóttir
Pétur Mikael Guðmundsson
Ragnheiður Benediktsdóttir
Þröstur Þráinsson

**Lagadeild (32)**

*MA-próf í lögfræði (19)*
Anna Katrín Sigfúsdóttir
Dagbjört Jónsdóttir
Edda María Sveinsdóttir
Eik Mohini Aradóttir
Fanney Magnadóttir
Gísli Logi Logason
Guðrún Inga Guðmundsdóttir
Hödd Vilhjálmsdóttir
Iðunn Guðjónsdóttir
Magnús Dige Baldursson
Maríanna Said
Ragnhildur Anna Gunnarsdóttir
Soffía Dóra Jóhannsdóttir
Steinlaug Högnadóttir
Steinunn Pálmadóttir
Sunna Sigurjónsdóttir
Védís Eva Guðmundsdóttir
Þorsteinn Júlíus Árnason

Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

*LL.M.-próf í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti (2)*
Eva Balounová
Britta Uhlmann

*BA-próf í lögfræði (11)*
Aron Högni Georgsson
Ásdís Sigríður Ásgeirsdóttir
Ásdís Rósa Hafliðadóttir
Hrafnhildur Ómarsdóttir
Hreiðar Ingi Eðvarðsson
Kristbjörg Fjóla Hrólfsdóttir
Kristján Oddur Guðmundsson
Magnús Heimir Jónasson
Nanna Elísa Snædal Jakobsdóttir
Ragnheiður Erla Stefánsdóttir
Þórdís Valsdóttir

**Stjórnmálafræðideild (52)**

*MA-próf í alþjóðasamskiptum (3)*
Claudia Heynen
Guðrún Aðalbjörg Sigurðardóttir
Örvar Þorri Rafnsson

*MPA-próf í opinberri stjórnsýslu (1)*
Jón Júlíus Karlsson

*Viðbótardiplóma í alþjóðasamskiptum (3)*
Jóhann Örvarsson
Lára Hilmarsdóttir
Nína Björk Valdimarsdóttir

*Viðbótardiplóma í hagnýtri jafnréttisfræði (3)*
Anna Lilja Björnsdóttir
Ragnheiður Ragnarsdóttir
Rakel Hildardóttir

*Viðbótarplóma í opinberri stjórnsýslu (17)*
Anna Guðrún Árnadóttir
Árni Svanur Daníelsson
Björk Birkisdóttir
Embla Uggadóttir
Erla Friðbjörnsdóttir
Gréta Mar Jósepsdóttir
Guðrún Edda Finnbogadóttir
Guðrún Áslaug Jósepsdóttir
Herdís Sigurgrímsdóttir
Hjalti Brynjar Árnason
Kolbeinn Atli Björnsson
Kolbrún Kristjana Halldórsdóttir
Marta Sigurðardóttir
Stefán Guðnason
Sylvía Ingibergsdóttir

Vigdís Birna Hólmgeirsdóttir
Þóra Ester Bragadóttir

*Viðbótardiplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri (2)*
Gunnar Þorkelsson
Margrét Hallgrímsdóttir

*Viðbótardiplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu (2)*
Eva Ágústsdóttir
Hafdís Jóna Stefánsdóttir

*Viðbótardiplóma í smáríkjafræðum (11)*
Alastair Steven Bayens Mackie
Beáta Jablonická
Brandur Leivsson Hansen
Eric Torrell Demiquels
Evelien Westert
Francisco Roberto De Freitas
Isidora Glisic
Oriol Nierga Llandrich
Sabine Eismann
Sean Michael Brennan
Sidney Tawfik Nor Eldin P. Bakar

*BA-próf í stjórnmálafræði (10)*
Boði Logason
Einar Valur Sverrisson
Finnbjörn Benónýsson
Helene Inga Stankiewicz
Hörður Vídalín Magnússon
Jóhanna Ósk Jónasdóttir
Karen Kristine Pye
María Björt Guðbrandsdóttir
María Björk Lárusdóttir
Rósanna Andrésdóttir

**Viðskiptafræðideild (49)**

*MS-próf í fjármálum fyrirtækja (2)*
Björg Baldursdóttir
Svava Hildur Steinarsdóttir

*MS-próf í mannauðsstjórnun (12)*
Arna Kristín Harðardóttir
Auður Inga Ísleifsdóttir
Árný Ósk Árnadóttir
Erik Robert Qvick
Erna Oddný Gísladóttir
Guðfinna Erla Jörundsdóttir
Hermann Hermannsson
Hlynur Stefánsson
Linda Margrét Lundbergsdóttir
Salvör Valbjörnsdóttir
Sandra Kristín Jónsdóttir
Sandra Björg Stefánsdóttir

*MS-próf í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum (8)*
Ásgerður Ágústsdóttir
Birgir Már Daníelsson
Brynja Björk Garðarsdóttir
Garðar Karlsson
Halldór Orri Björnsson
Hermann Þór Þráinsson
Lára Sigríður Lýðsdóttir
Tinna Ósk Þorvaldsdóttir
Þór Sigþórsson

## Heilbrigðisvísindasvið (66)

### Hjúkrunarfræðideild (23)

*MS-próf í hjúkrunarfræði (2)*
Ingibjörg Kristín Eiríksdóttir
Ingibjörg Fjölnisdóttir

*Viðbótar- og starfsréttindanám í kynfræði (6)*
Guðrún Halla Jónsdóttir
Heiður Ýr Guðjónsdóttir
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
Svanhildur Ósk Sigurfinnsdóttir
Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir
Sylvía Dögg Gunnarsdóttir

*Viðbótar- og starfsréttindanám – sérsvið hjúkrunar (13)*
Árdís Rut Ámundadóttir
Erla Svanhvít Guðmundsdóttir
Erla Rúna Þórðardóttir
Heiða Jónsdóttir
Hildur Lív Helgadóttir
Jóhann Kristján Eyfells
Lena Margrét Kristjánsdóttir
Marika Sochorová
Salbjörg Þóra Jónsdóttir
Sigríður Karlsdóttir
Sigurbjörg María Ingólfsdóttir
Soffía Hauksdóttir
Þórey Erna Guðmannsdóttir

*BS-próf í hjúkrunarfræði (2)*
Aðalbjörg Sigurjónsdóttir
Soffía Arna Ómarsdóttir

### Lyfjafræðideild (5)

*MS-próf í lyfjafræði (3)*
Karen Birna Guðjónsdóttir
Sonja Ósk Sverrisdóttir
Sólveig Óskarsdóttir

*BS-próf í lyfjafræði (2)*
Bylgja Dögg Sigmarsdóttir
Guðmundur Þorlákur Guðmundsson

**Læknadeild (14)**

*MS-próf í líf- og læknavísindum (2)*
Ásta Dögg Jónasdóttir
Margrét Jóna Einarsdóttir

*MS-próf í heilbrigðisvísindum (1)*
Freyja Hálfdanardóttir

*MS-próf í lífeindafræði (1)*
Helga Sigrún Sigurjónsdóttir

*MPH-próf í lýðheilsuvísindum (2)*
Hrafnhildur Halldórsdóttir
Bryndís Kristjánsdóttir

*Kandídatspróf í læknisfræði (2)*
Kristín Pétursdóttir
Svanborg Gísladóttir

*Viðbótardiplóma í lýðheilsuvísindum (5)*
Björk Bragadóttir
Harpa Júlía Sævarsdóttir
Sonja Lind Ísfeld Víðisdóttir
Sólveig Ragna Jónsdóttir
Þórdís Guðnadóttir

*BS-próf í lífeindafræði (1)*
Snædís Vala Kristleifsdóttir

**Matvæla- og næringarfræðideild (5)**

*MS-próf í matvælafræði (3)*
Berglind Heiður Andrésdóttir
Ildikó Olajos
Sesselja María Sveinsdóttir

*BS-próf í matvælafræði (1)*
Reynir Björgvinsson

*BS-próf í næringarfræði (1)*
Íris Thordersen

**Sálfræðideild (19)**

*Cand. psych. próf í sálfræði (1)*
Jóhann Baldur Arngrímsson

*BS-próf í sálfræði (18)*
Arnrún Sæby Þórarinsdóttir
Atli Már Þorvarðarson
Árni Birgir Guðmundsson
Ásgeir Kári Ásgeirsson

Ásta Einarsdóttir
Birgir Lúðvíksson
Dagný Björk Arnljótsdóttir
Eygló Höskuldsdóttir Viborg
Guðlaug Helga Ellertsdóttir
Guðmundur Ingi Björnsson
Hulda Magnúsdóttir
Jóhanna Sif Jóhannsdóttir
Júlíana Garðarsdóttir
Nataly Sæunn Valencia
Reynir Örn Reynisson
Sonja Dögg Jónsdóttir
Svava Björk Hákonardóttir
Þórunn Þórðardóttir

## Hugvísindasvið (78)

### Deild erlendra tungumála (28)

*MA-próf í ensku (1)*
Sigurlaug Sturlaugsdóttir

*MA-próf í enskukennslu (1)*
Jóna Guðrún Guðmundsdóttir

*MA-próf í evrópskum tungumálum, sögu og menningu (1)*
Óðinn Melsteð

*MA-próf í spænskukennslu (1)*
María de Lourdes Pérez Mateos

*MA-próf í þýsku (1)*
Branislav Bédi

*BA-próf í ensku (15)*
Andri Páll Guðmundsson
Anton Sturla Antonsson
Atli Dungal Sigurðsson
Bryndís Samúelsdóttir
Chen Liu
Dagmar Magnadóttir
Emma Havin Sardarsdóttir
Guðný Eygló Ólafsdóttir
Heiða Lind Sigurbjörnsdóttir
Hildur Guðbergsdóttir
Iðunn Arna Björgvinsdóttir
Irena Björk Filimonova
Sigríður Gyða Héðinsdóttir
Sonja Bjarnadóttir
Veronika Marvalova

*BA-próf í ítölsku (1)*
Eva Þorbjörg Schram

*BA-próf í japönsku máli og menningu (2)*

Nökkvi Jarl Bjarnason
Sólrún Svava Skúladóttir

*BA-próf í kínverskum fræðum (1)*
Tung Phuong Vu

*BA-próf í rússnesku (1)*
Freyja Melsteð

*BA-próf í spænsku (1)*
Rakel Sara Hjartardóttir

*BA-próf í þýsku (2)*
Helga Guðrún Vang Lárusdóttir
Lilja Margrét Riedel

**Guðfræði- og trúarbragðafræðideild (6)**

*MA-próf í guðfræði (2)*
Díana Ósk Óskarsdóttir
Fritz Már Berndsen Jörgensson

*Embættispróf í guðfræði, mag. theol. (3)*
Hildur Björk Hörpudóttir
Jóhanna Gísladóttir
María Rut Baldursdóttir

*BA-próf í guðfræði (1)*
Steinunn Anna Baldvinsdóttir

**Íslensku- og menningardeild (25)**

*MA-próf í almennri bókmenntafræði (1)*
Gunnar Þorri Pétursson

*MA-próf í hagnýtri ritstjórn og útgáfu (2)*
Eygló Árnadóttir
Ragnhildur K. Birna Birgisdóttir

*MA-próf í íslenskum bókmenntum (1)*
Védís Ragnheiðardóttir

*MA-próf í íslenskri málfræði (1)*
Atli Jóhannsson

*MA-próf í íslenskri miðaldafræði (1)*
Zuzana Stankovitsová

*MA-próf í ritlist (2)*
Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir
Þóra Karitas Árnadóttir

*MA-próf í þýðingafræði (2)*
Hrafnhildur Guðmundsdóttir
Sólrún Svandal

*Viðbótardiplóma í ráðstefnutúlkun (1)*
Sunna Jónína Sigurðardóttir

*BA-próf í almennri bókmenntafræði (6)*

Anna Marsibil Clausen
Berglind Gréta Kristjánsdóttir
Fjóla Helgadóttir
Hallfríður Þóra Tryggvadóttir
Regína Björk Sigurðardóttir
Svanhvít Sif Th. Sigurðardóttir

*BA-próf í íslensku (1)*
Tinna Kristín Finnbogadóttir

*BA-próf í kvikmyndafræði (4)*
Hrund Ölmudóttir
Kristín H. Moritz Grétarsdóttir
Ólafur Ingvi Ólason
Sverrir Sigfússon

*BA-póf í listfræði (2)*
Kristín Bridde
Þórey Sif Brink

*Grunndiplóma í íslensku sem öðru máli (1)*
Karen Kuylen

**Sagnfræði- og heimspekideild (19)**

*MA-próf í fornleifafræði (2)*
Alina Wacke
Þuríður Elísa Harðardóttir

*MA-próf í hagnýtri menningarmiðlun (4)*
Eyrún Hrefna Helgadóttir
Hallfríður S. Þorgeirsdóttir
Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir
Ragnhildur Ásvaldsdóttir

*MA-próf í hagnýtri siðfræði (3)*
Aðalheiður D. MattHáskóla Íslandsasdóttir
Herdís Ósk Helgadóttir
Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal

*VIðbótardiplóma í hagnýtri menningarmiðlun (1)*
Ragnheiður Vignisdóttir

*BA-próf í heimspeki (1)*
Sindri Freyr Steinsson

*BA-próf í sagnfræði (8)*
Erna Sif Bjarnadóttir
Hjalti Björn Valþórsson
Inga Rut Gunnarsdóttir
Pontus Erik Gunnar Jaervstad
Sigríður Agnes Sigurðardóttir
Sigrún Halla Tryggvadóttir
Tryggvi Rúnar Brynjarsson
Þorvarður Pálsson

## Menntavísindasvið (50)

### Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild (5)

*MS-próf í íþrótta- og heilsufræði (1)*
Margrét H. Indriðadóttir

*Viðbótardiplóma í þroskaþjálfafræði (1)*
Rakel Þorsteinsdóttir

*BS-próf í íþrótta- og heilsufræði (2)*
Helga Guðrún Gunnarsdóttir
Kristín Sesselja Róbertsdóttir

*BA-próf í tómstunda- og félagsmálafræði (1)*
Sandra Dís Káradóttir

### Kennaradeild (23)

*M.Ed.-próf í faggreinakennslu í grunnskóla (1)*
Heiða Lind Heimisdóttir

*M.Ed.-próf í kennslu ungra barna í grunnskóla (2)*
Guðrún Erla Magnúsdóttir
Hjördís Pétursdóttir

*M.Ed.-próf í kennslufræði framhaldsskóla (1)*
Egill Andrésson

*M.Ed.-próf í leikskólakennarafræði (1)*
Katrín Þorvaldsdóttir

*M.Ed.-próf í náms- og kennslufræði (3)*
Guðný Sigurjónsdóttir
Jóhanna Kristín Gísladóttir
Michelle Sonia Horne

*Viðbótardiplóma í kennslufræði framhaldsskóla (1)*
Ingibjörg Birna Kjartansdóttir

*B.Ed.-próf í faggreinakennslu í grunnskóla (4)*
Angela Árnadóttir
Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir
Oddný Sturludóttir
Ósk Kristinsdóttir

*B.Ed.-próf í grunnskólakennslu (3)*
Grímur Bjarnason
Júlíana Alda Óskarsdóttir
Þórunn Guðgeirsdóttir

*B.Ed.-próf í leikskólakennarafræði (2)*
Kristín Sigríður Evertsdóttir
Lísabet Ósk Jónsdóttir

*Diplómapróf í kennslufræði fyrir iðnmeistara (5)*
Ellert Danelíusson
Lárus Gestsson
Sigurður Daði Friðriksson

Sigurjón Geirsson Arnarson
Þyrnir Hálfdanarson

**Uppeldis- og menntunarfræðideild (22)**

*MA-próf í alþjóðlegu námi í menntunarfræði (1)*
Cynthia Trililani

*MA-próf í uppeldis- og menntunarfræði (3)*
Garðar Páll Vignisson
Nói Kristinsson
Sigríður Geirsdóttir

*M.Ed.-próf í uppeldis- og menntunarfræði (3)*
Arna Bender Erlendsdóttir
Margrét Björk Björgvinsdóttir
Sigríður Ingadóttir

*M.Ed.-próf í sérkennslufræði (1)*
Kristín G. Friðbjörnsdóttir

*M.Ed.-próf í stjórnunarfræði menntastofnana (2)*
Anna María Skúladóttir
Páll Sveinsson

*Viðbótardiplóma í sérkennslufræði (2)*
Sigríður Jóna Gunnarsdóttir
Ýr Harris Einarsdóttir

*Viðbótardiplóma í stjórnun menntastofnana (2)*
Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir
Sandra Borg Gunnarsdóttir

*Viðbótardiplóma í uppeldis- og menntunarfræði (1)*
Hrafnhildur Inga Halldórsdóttir

*BA-próf í uppeldis- og menntunarfræði (7)*
Anna María Sanders
Elmar Orri Gunnarsson
Karen Sif Sverrisdóttir
Kristinn Arnar Benjamínsson
Kristín Kara Collins
Ragnheiður Dóra Brynjólfsdóttir
Steinunn Bára Ægisdóttir

## Verkfræði- og náttúruvísindasvið (76)

**Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild (28)**

*MS-próf í iðnaðarverkfræði (4)*
Áshildur Jóna Böðvarsdóttir
Hildur Gylfadóttir
Klemenz Hrafn Kristjánsson*
Ragnheiður Björnsdóttir

*MS-próf í vélaverkfræði (1)*
Thomas Miyora Ong´au

*BS-próf í efnaverkfræði (1)*
Rúnar Grímsson

*BS-próf í hugbúnaðarverkfræði (1)*
María Karlsdóttir

*BS-próf í iðnaðarverkfræði (5)*
Ármann Óskarsson
Einar Halldórsson
Friðrik Karlsson
Jóhann Reynir Gunnlaugsson
Marvin Ingi Einarsson

*BS-próf í tölvunarfræði (9)*
Daniel Eduardo Pinedo Quintero
Daníel Brynjólfsson
Eyjólfur Kári Friðþjófsson
Gestur Hvannberg
Guðmundur Magnússon
Guðrún Anna Atladóttir
Haukur Hannesson
Klemenz Hrafn Kristjánsson*
Reynir Þorgeir Þorsteinsson

*BS-próf í vélaverkfræði (7)*
Auður Anna Jónsdóttir
Gísli Guðlaugsson
Kolbrún Bjargmundsdóttir
Kristinn Steinar Kristinsson
Lúðvík Viktorsson
Sigrún Halldórsdóttir
Sigurður Örn Ragnarsson

**Jarðvísindadeild (9)**

*MS-próf í jarðfræði (4)*
Agnes Ösp Magnúsdóttir
Edda Sóley Þorsteinsdóttir
Jóhann Gunnarsson Robin
Tinna Jónsdóttir

*BS-próf í jarðfræði (5)*
Ásgeir Guðmundsson
Guðmundur Sverrisson
Magnús Freyr Sigurkarlsson
Nína Aradóttir
Vigdís Bjarnadóttir

**Líf- og umhverfisvísindadeild (29)**

*MS-próf í umhverfis- og auðlindafræði (1)*
Louise Eileen Emslie

*BS-próf í ferðamálafræði (17)*
Bryndís Bjarnadóttir

Egill Ólafsson
Ester Valgerður Brynjólfsdóttir
Gerða Kristinsdóttir
Guðný Sigurðardóttir
Heiðar Hrafn Halldórsson
Katrín Helga Árnadóttir
Kristján Karl Karlsson
Margrét Björk K. Kristinsdóttir
Nína Jónsdóttir
Ragnar Freyr Olsen
Rakel Ósk Reynisdóttir
Reynir Grétar Jónsson
Sandra Björk Sigþórsdóttir
Silja Gunnarsdóttir
Unnur Silfá Eyfells
Þóra Margrét Ólafsdóttir

*BS-próf í landfræði (4)*
Ásta Margrét Jónsdóttir
Bjarki Þór Hauksson
Kári Úlfsson
Sara Sigurðardóttir

*BS-próf í líffræði (7)*
Bryndís Ösp Birgisdóttir
Hildur Sæmundsdóttir
Jón Þórir Óskarsson
Ragnheiður Ásta Karlsdóttir
Sandra Tryggvadóttir
Svala Jónsdóttir
Tómas Karl Guðsteinsson

**Rafmagns- og tölvuverkfræðideild (1)**

*MS-próf í rafmagns- og tölvuverkfræði (1)*
Abdul Rehman Arshad

**Raunvísindadeild (4)**

*MS-próf í lífefnafræði (1)*
Lilja Björk Jónsdóttir

*MS-próf í stærðfræði (1)*
Ólafur Birgir Davíðsson

*BS-próf í efnafræði (1)*
Jana Salóme I. Jósepsdóttir

*BS-próf í verkfræðilegri eðlisfræði (1)*
Davíð Isebarn Ágústsson

**Umhverfis- og byggingarverkfræðideild (5)**

*MS-próf í byggingarverkfræði (2)*
Sigurbjörn Bárðarson

Steinar Berg Bjarnason

*BS-próf í umhverfis- og byggingarverkfræði (3)*
Bragi Magnússon
Jakob Jóhann Sveinsson
Sturla Sigurðarson

* Brautskráist með tvö próf

## Brautskráning kandídata 20. júní 2015

Vorbrautskráning kandídata frá Háskóla Íslands fór fram í Laugardalshöll laugardaginn 20. júní 2015 og voru brautskráðir 2.090 kandídatar með 2.109 próf. Brautskráningarathöfnin var tvískipt og voru framhaldsnemar brautskráðir fyrir hádegi en grunnnemar eftir hádegi.

**Kl. 10.30 fyrir hádegi, alls 776 kandídatar (783 próf):**

## Félagsvísindasvið (345)

**Félags- og mannvísindadeild (68)**

*MLIS-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (3)*
Ásta Sirrí Jónasdóttir
Elsa Ingibjargardóttir
Sandra Karen Ragnarsdóttir

*MA-próf í félagsfræði (1)*
Hildur Hlöðversdóttir

*MA-próf í fötlunarfræði (1)*
Rahel More

*MA-próf í hnattrænum tengslum (2)*
Inga Gerða Pétursdóttir
Karólína Helga Símonardóttir

*MA-próf í mannfræði (1)*
Vala Hrönn Isabel Pétursdóttir

*MA-próf í náms- og starfsráðgjöf (18)*
Anna Jóna Guðmundsdóttir
Anna Katrín Ragnarsdóttir
Arna Pétursdóttir
Ágústa Ruth Ahrens Georgsdóttir
Ásdís Eyrún Sigurgeirsdóttir
Elín Rut Ólafsdóttir
Guðrún Svava Þrastardóttir
Helga Tryggvadóttir
Hjördís Bára Gestsdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir
Jónas Hörður Árnason
Laufey Guðný Kristinsdóttir

Lísa María Kristjánsdóttir
Nanna Halldóra Imsland
Ragnhildur L. Guðmundsdóttir
Sandra Hlín Guðmundsdóttir
Sigrún Helga Björgvinsdóttir
Sigrún Fjeldsted Sveinsdóttir

*MA-próf í norrænni trú (1)*
John Julian Molin

*MA-próf í safnafræði (2)*
Eydís Einarsdóttir
Hulda Bryndís Sverrisdóttir

*MA-próf í þjóðfræði (2)*
Arndís Hulda Auðunsdóttir
Benný Sif Ísleifsdóttir

*Viðbótardiplóma í félagsfræði með sérhæfingu í afbrotafræði (11)*
Anna Barbara Andradóttir
Hafdís Svava Níelsdóttir
Henrietta Ósk Gunnarsdóttir
Lilja Rut Geirdal Jóhannsdóttir
Nína Jacqueline Becker
Rebekka Ásmundsdóttir
Sara Mjöll Skjaldardóttir
Silja Runólfsdóttir
Sædís Ösp Valdemarsdóttir
Þorbjörg Jónsdóttir
Þórunn Bergdís Heimisdóttir
Viðbótardiplóma í félagsfræði með

*sérhæfingu í fjölmiðlafræði (1)*
Sandra Guðrún Guðmundsdóttir

*Viðbótardiplóma í fötlunarfræði (6)*
Anna Margrét Ingólfsdóttir
Benedikt Freyr Einarsson
Eva Rós Birnudóttir
Hanna Kristín Hannesdóttir
Kristín Ósk Bergsdóttir
Sæunn Þóra Þórarinsdóttir

*Viðbótardiplóma í fötlunarfræði með sérhæfingu í fötlunarfræði og opinberri stjórnsýslu (2)*
Ásdís Bergþórsdóttir
Elva Hjálmarsdóttir

*Viðbótardiplóma í hnattrænum tengslum (2)*
Guðrún Rós Árnadóttir
Hjálmar Karlsson

*Viðbótardiplóma í safnafræði (3)*
Arndís Reynisdóttir
Hörn Kristbjörnsdóttir
Linda Salbjörg Guðmundsdóttir

*Viðbótardiplóma í upplýsingafræði með sérhæfingu í upplýsinga- og skjalastjórn og rafrænum samskiptum hjá skipulagsheildum (5)*

Aðalheiður Ragnarsdóttir
Andrea Jensdóttir
Pedro Bote Casado
Sigríður Margrét Hlöðversdóttir
Valgerður Björg Gunnarsdóttir

*Viðbótardiplóma í upplýsingafræði með sérhæfingu í upplýsingafræði og þekkingarmiðlun (3)*

Bryndís Jónsdóttir
Hrönn Björgvinsdóttir
Katrín Níelsdóttir

*Viðbótardiplóma í upplýsingafræði með sérhæfingu í stjórnun og stefnumótun (1)*

Brynja Dís Guðmundsdóttir

*Viðbótardiplóma í þróunarfræði (3)*

Auður Örlygsdóttir
Bragi Jóhann Ingibergsson
Katla Gunnarsdóttir

**Félagsráðgjafardeild (37)**

*MA-próf í fjölskyldumeðferð (1)*

Olga Ásrún Stefánsdóttir

*MA-próf í félagsráðgjöf (2)*

Dagný María Sigurðardóttir
Kolbrún Ögmundsdóttir

*MA-próf til starfsréttinda í félagsráðgjöf (34)*

Agnes Þorsteinsdóttir
Anna Elísa Gunnarsdóttir
Arna Arinbjarnardóttir
Ása Margrét Helgadóttir
Ástríður Halldórsdóttir
Bjarndís Hrönn Hönnudóttir
Björgvin Heiðarr Björgvinsson
Dagný Jóhanna Friðriksdóttir
Elísabet Bjarnadóttir
Freyja Þöll Smáradóttir
Guðbjörg Björnsdóttir
Guðbjörg Garðarsdóttir
Guðrún Svala Gísladóttir
Gunnar Þór Gunnarsson
Hafdís Inga Hinriksdóttir
Halla Dröfn Jónsdóttir
Heimir Hilmarsson
Hildur Aðalsteinsdóttir
Ísabella Theodórsdóttir
Karitas Hrund Harðardóttir
Karólína Markúsdóttir
Kolbrún Ýr Guðmundsdóttir
Oddný Jónsdóttir
Ólafía Helgadóttir

Ragnar Þór Risten Friðjónsson
Sigrún Heiða Birgisdóttir
Sigurbjörg Sigurðardóttir
Sirrý Sif Sigurlaugardóttir
Sóley Dögg Hafbergsdóttir
Svanhildur Inga Ólafsdóttir
Særún Ómarsdóttir
Thelma Björk Guðmundsdóttir
Theodór Francis Birgisson
Unnur Ósk Pálsdóttir

**Hagfræðideild (2)**

*MS-próf í fjármálahagfræði (2)*
Sandra Björk Ævarsdóttir
Þórir Gunnarsson

**Lagadeild (55)**

*MA-próf í lögfræði (51)*
Andrea Guðmundsdóttir
Arnar Kári Axelsson
Arngrímur Eiríksson
Áslaug Lára Lárusdóttir
Ásmundur Jónsson
Ásta Margrét Sigurðardóttir
Baldvin Einarsson
Birgitta Arngrímsdóttir
Birna Ketilsdóttir
Bjarki Þór Runólfsson
Björn Þór Karlsson
Davíð Ingi Magnússon
Edda Bergsveinsdóttir
Edda Hreinsdóttir
Elísa Björg Sveinsdóttir
Elísabet Ingólfsdóttir
Elísabet Pétursdóttir
Gerður Guðmundsdóttir
Gunnar Atli Gunnarsson
Gunnar Dofri Ólafsson
Halldór Hrannar Halldórsson
Halldór Heiðar Hallsson
Halldór Kristján Þorsteinsson
Helgi Þorsteinsson
Hildur Margrét Hjaltested
Hjalti Ragnarsson
Hrannar Már Gunnarsson
Jóhann Örn Helgason
Jóna Margrét Harðardóttir
Karl Óli Lúðvíksson
Katla Lovísa Gunnarsdóttir
Kristín Jónsdóttir

Kristín Sólnes
Kristjana Fenger
Kristjana Pálsdóttir
Margrét Berg Sverrisdóttir
Oddur Ástráðsson
Oddur Þórir Þórarinsson*
Ragna Sigrún Kristjónsdóttir
Sara Rakel S. Hinriksdóttir
Sif Sigþórsdóttir
Stefán Björn Stefánsson
Sveinbjörn Rosén Guðlaugsson
Unnur Ásta Bergsteinsdóttir
Unnur Elfa Hallsteinsdóttir
Vaka Hafþórsdóttir
Viktor Hrafn Hólmgeirsson
Viktoría Guðmundsdóttir
Þorkell Bjarnason
Þorsteinn Svanur Jónsson
Þorvaldur Hauksson

*LL.M.-próf í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti (3)*
Sébastien Duyck
Vuong The Pham
William Freyr Huntingdon-Williams

*MA-próf í skattarétti og reikningsskilum (1)*
Guðrún Inga Torfadóttir

**Stjórnmálafræðideild (77)**

*MA-próf í alþjóðasamskiptum (9)*
Arnhildur R. Árnadóttir
Ármann Snævarr
Árni Þór Sigurðsson
Guðjón Ingi Guðmundsson
Hólmfríður Magnúsdóttir
Pollý Hilmarsdóttir
Sigurður Skúlason*
Sverrir Steinsson
Úlfur Sturluson

*MA-próf í blaða- og fréttamennsku (3)*
Anna Guðrún Andersen
Ásdís Ásgeirsdóttir
Hrefna Rós MattHáskóla Íslandsasdóttir

*MA-próf í kynjafræði (4)*
Karen Ásta Kristjánsdóttir*
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
Lára Rúnarsdóttir
Rakel Magnúsdóttir

*MPA-próf í opinberri stjórnsýslu (11)*
Anna Jóhannsdóttir
Baldur Hrafn Björnsson

Gunnar Kristinn Þórðarson
Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jenssen
Kristbjörg Theodórs Jónsdóttir
Kristín Ólafsdóttir
Kristján H. Johannessen
